

Þorbjörn Ásgeirsson

Sér grefur gröf þótt grafi

Ritverk fyrir hugsandi fólk

Spennusaga með heimspekilegu ívafi

Þorbjörn Ásgeirsson

Sér grefur gröf þótt grafi

Ritverk fyrir hugsandi fólk

Spennusaga með heimspekilegu ívafi

LÍFEINDAÚTGÁFAN

Útgefandi:

Lífeindaútgáfan

© 2023

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
höfundar og útgefanda.

Þessa bók tileinka ég börnunum mínum, barnabörnum og mökum þeirra, ásamt vinum og vandamönnum. Einnig vil ég koma góðum ráðum á framfæri til unglínganna sem eru á fermíngaraldri, sem vilja leggja það á sig að lesa þessa bók: Á þessu tímaskeiði þegar þið eruð á fermíngarárinu, er tími komin til að hugsa ráð sitt af skynsemi um framtíðina. Hvernig þið viljið upplífa unglíngaskeiðið svo þið getið með stolti lítið til baka á fullorðinsárum svo hver ykkar geti borið virðíngu fyrir sjálfum sér, horft fram á við bein í baki með sjálfstöryggi og haft kærleikann að leiðarljósi.

Þegar maðurinn telur sig hafa einhvern boðskap að flytja sem varðar mannkynið er það hans að rökstyðja það með skynsamlegri framsetningu og vera alltaf sjálfum sér samkvæmur. Ef hugmyndin er nálægt sanni eru alltaf nokkrar líkur á að honum takist að sýna fram á það. Ef annað sannara reynist ber hinum sama boðbera skylda til að viðurkenna að honum hafi orðið á mistök.

Þessi bók er skrifuð til að opinbera fyrir lesendum það sem höfundur er hugljúft. Hann telur það mun betri kost að bera það á borð fyrir almenning, en hafa það með sjálfum sér í þögninni. Ef þessi bók verður til þess að bjarga einhverri sál frá glapstígum þá hefur hún þjónað tilgangi sínum. Það getur varla verið réttlæt看legt að fara fram á meira en það sem samviska einstaklingsins, skilningur og skynsemi hans segir til um.

FORMÁLI

Ljóst er að helstu einkenni Íslendinga orsakast af blöndun germanskra og keltneskra þjóða.

Við blóðrannsóknir hefur komið í ljós að Íslendingar eru í sama blóðflokki og Írar, en beinabyggingin af norskum stofni. Svo kom nokkuð merkilegt í ljós við genarannsókn. Íslenskir karlmenn eru samkvæmt henni ættaðir frá Svartahafi og þar í kring en íslenskar konur frá Englandi og Norðurlöndum. Landinn er því trúlega að nokkru leyti frábrugðinn frændum sínum og nágrönnum á norðurlöndunum. Það má einnig sjá sterkari þýsk einkenni hjá Íslendingum en flestum öðrum Norðurlandabúum og jafnframt ber ágrískum einkennum hjá þeim.

Talið er að landnám Íslendinga hafi byrjað árið 974 með komu Ingólfs Arnarsonar landnámsmanns ásamt fjölskyldu hans og vinum. Það er talið að þá þegar hafi verið fyrir írskir munkar sem nefndir voru papar og einnig kallaðir skrælingjar, eins og landnámsmenn nefndu þá. Sennilega komu þeir einnig frá Írlandi og voru trúlega af keltneskum stofni. Á þessum tíma var sama tungumál talað í Danmörku, Svíþjóð og Noregi sem menn fluttu með sér og hafa haldið því alla daga síðan næstum óbreyttu.

Álitið er að flestir landnámsmanna hafi komið frá Norðurlöndunum, Írlandi og Englandi. Einnig þykir sennileg tilgáta að þessi norsk-íslenski stofn hafi haldið sig að einhverju leyti utan við norska samfélagið. Höfðu þeir þá siði að jarðsetja hina dáu. En meðal Norðmanna virðist líkbrennsla hafa verið ríkjandi en einnig heygðu Norðmenn hina dáu í öllum herklæðum og stundum fylgdi mikið af eignum þeirra með, en Íslendingar virðast ekki hafa stundað slíka líkbrennslu.

Líkt samfélag og það norsk-íslenska, telja þessir sömu fræðimenn að hafi verið í Danmörku á Jótlandi, sunnan Limafjarðar. Þetta samfélag átti það sannmerkt eins og það norsk-íslenska að stunda ekki líkbrennslu. Þeir héldu sig einnig eitthvað utan við danskt samfélag, en komust ekki hjá kynblöndun. Það sama gerðist með norsk-íslenska stofninn. Kenning dr. Bárðar Guðmundssonar hljóðar um að Íslendingar eigi ætt sína að rekja til Herúlfa sem voru herskáir og grimmir

hermenn og börðust meðals annars með Rómverjum. Dr. Bárður telur að það sé þjóðflokkur sem bjó í Danmörku og Noregi og hélt sig frekar utan viðþjóðfélagið.

Norðurlandabúar eru af germönskum stofni frá Þýskalandi. Uppruni þeirra er kynkvísl í norður Evrópu sem Keltar blönduðust við þegar þeir fóru þar um. Sumir fræðimenn álíta að íslenski kynstofninn hafi blandast að einhverju leyti Forn-Grikkjum fyrir árbúsundum og hafi getað haldið ákveðnum einkennum sem er sammerkt þeim til leiðarloka. Það er hinn dulræni þáttur þeirra. Það er talið að tveir þriðju hlutar Íslendinga hafi slíka hæfileika sem er kannski óvenju hátt hlutfall miðað við aðra Norðurlandabúa og jafnvel aðrar þjóðir.

Ef þessi tilgáta er rétt að íslenski kynstofninn geti rakið ætt sína til Forn-Grikkja er hugsanlegt að þeir hafi verið leiddir til Íslands af æðri máttarvöldum með einhverjum hætti. Þau hafi reynt að fá þá til að gegna því hlutverki sem Forn-Grikkjum mistókst að leiða mannkynið á jörðu hér til ljóssins. Slík tilgáta er ekki úr lausu lofti gripin þar sem margir spádómar úr gömlum fræðum benda á að ljósið muni koma frá Íslandi.

Þá má til að mynda nefna spádóma pýramídans mikla, sem vísar okkur á Reykjavík. Einnig spádóm Nostradamusar um þátt Íslendinga fyrir heimsbyggðina, Rutherford's hins enska um mikilvægi hins útvalda Íslands, einnig spá frá þýskri völvu sem segir að náttúrufræðingur í norðri muni koma með kenningu sem verði boðuð í öllum kirkjum á jörðinni.

Kannski er einnig eitthvað til í þeirri hugmynd að það megi rekja ættkvísl Íslendinga eftir sögu skjaldamerka þjóðanna alla leið til forn-Grikklands og langt aftur í fornöld til semískra þjóðfélaga að hinni tíndu ættkvísl Benjamíns sem Biblían talar um.

Það er einnig sagt í gömlum austurlenskum dulfræðum að orkan umhverfis Ísland sé ein af þeim mögnuðustu á jörðinni, sérstaklega er minnst á þann kynjakraft sem Snæfellsjökull hefur. Það eru til margar gamlar kínverskar sagnir og einnig indverskar um að Íslendingar séu með elstu sálum sem búa á þessari jörð. Á vissan hátt má líta á þetta sem viðurkenningu á gáfnafari og fróðleiksfýsn Íslendinga en þá vil ég að sjálfsögðu undantaka endurfæðingakenninguna. Þessi

kenning er upprunnin frá gömlum austrænum fræðum. Hún segir að maðurinn muni fæðast aftur hér á jörðu eftir dauða sinn og það margsinnis.

Það er athyglisvert þegar slíkar frásagnir og spádómar koma um eitt land, en það er eftir sem áður er alltaf skynsamlegt ef rétt er lesið úr gögnum að gera ráð fyrir að spádómar séu ekki alltaf það sem koma skal heldur það sem mun koma ef ekkert verður að gert. Þess vegna skal ávallt hafa spádóma sér til hliðsjónar en ekki sem staðreyndir eins og aðrar dulskynjanir.

Vegna þess að margsinnis hefur skynjandinn upplifað þá reynslu að skilja ekki til fullnustu þau boð sem hann fær og jafnvel misskilur sumt vegna vanþekkingar á efninu. Stundum gerist eitthvað sem breytir atburðarásinni. Bæði vegna þess að við eigum rétt á að velja og hafna, skírskota til skynseminnar, læra að hlusta á aðra og kunna að nota innsæið. Einnig eitthvað annað utanaðkomandi sem skynjandinn sá ekki fyrir eða skildi ekki.

Svo er eitt mikilvægt atriði sem gerir spádóminn oftlega marklausan, það er ef vilji hugans sem spád er fyrir, sé það magnaður um eitthvað áhugavert og hugljúft fyrir viðkomandi, að það komi fram í spádómnum vegna óskhyggju hans. Þá sýna spilin að sjálfsögðu rangan spádóm. Það er eftir sem áður engin afgerandi vitneskja sem staðfestir slíkar sagnir vísindalega.

Það má leika sér að því og gera ráð fyrir að það sé sannleikur að Íslendingar hafi verið leiddir frá Grikklandi til Íslands gegnum árpúsundin af guðlegum máttarvöldum. Þeim hafi þá tekist að halda þeim eiginleikum sem Forn-gríski stofninn hafði að bera til að geta framfylgt þessum spádómum, það er innsæi, skynsemi og ríkur hæfileiki til að uppgötva nýja vitneskju, hvort heldur sem það er á andlega sviðinu eða með vísindalegri heimsspeki.

Þá er ekki síður athyglisvert hvernig og með hvaða hætti forníslensku landnemahöfðingjarnir völdu sér landrými á íslenskri grundu. Þeir virðast hafa þekkt heimsspeki og reiknislist Pýþagórasar frá Krótónu um að tölur séu grundvallarþáttur allra hluta, að niðurröðun hringa og þríhyrninga sem mynda ákveðna ferhyrninga eftir settum reglum hafi dulmögnum falda í sér. Það mun þá auka líkurnar á velgengni búgarðseigenda ef þeir staðsettu jarðir sínar í sameiningu eftir þessum reglum.

Samkvæmt kenningum dr. Einars Pálssonar hafa fundist línur og mynstur sem benda til að forníslenskir landnemar hafi farið eftir þessum reglum Pýþagórasar, metið þær meir ef valið var á milli þeirra og landgæða. Það er næsta víst samkvæmt þessu að þeir hafi talið að kraftur Pýþagórasar-mynstursins hafi meiri og betri áhrif á lífsafkomuna en að fara einungis eftir landgæðum.

Gamlar bækur segja að meginástæðan fyrir þessum kynjakrafti sé að þegar sjór, jökull og eldur renna saman myndist nýir eiginleikar sem magna upp kraftana þrjá. Þar kemur líka fram hversu lítið hefur verið um stríðandi fylkingar gegnum tíðina á Íslandi frá landnámsöld. En krafturinn væri enn meiri ef ró friður og kærleikur hefði alltaf fylgt þessu landi.

Slíkt land og framangreind ættstofn ætti þess vegna að hafa, samkvæmt hugmyndun austrænar menningar meiri möguleika til að auka skilning þegnanna, en annars hefði orðið, að þessu setta marki. Kannski heppnast þetta ef það er rétt athugað að Íslendingarnir séu rétta fólkið í rétta landinu. Þá má einnig álykta sem svo að ekkert sé skapað hvort heldur er það sé á andlega sviðinu né því verklega án þess að skynnæmi komi þar einnig við sögu.

Þessi bók er skrifuð með það í huga að framangreindar tilgátur séu réttar og að hugmyndafræðin sem leiðir mannkynið til ljóssins séu kenningar dr. Helga , náttúrufræðings og jarðfræðings. Undirstaða kenninga hans eru draumarannsóknir. Þar segir hann að uppgötvun sín byggist á jarðfræðilegu lögmáli, teygi sig síðan til stjörnulífsjarðfræðinnar með draumgjafanum sem er sendandinn en dreymandinn móttakandi. Draumgjafinn er oftast frá öðrum hnöttum. Það tákna að ástand eins heila og taugakerfis getur komið fram sig í öðrum heila og taugakerfi. Ef svo er getur alveg eins flust frá einu heila til annars það ástand sem samsvarar meðvitund þess sem heilann á. Eða að einn maður getur séð með augum annars. Það segir að dreymandi upplifi í draumi gegnum draumgjafann það sem gerist á framlífsjörðum og frumlífsjörðum.

Hann taldi að heilinn geti ekki búið til myndir sem hann sér ekki; því til staðfestingar segir hann að það sé öðruvísi að sjá hest en að hugsa sér hest, þegar manninn dreymir hest þá gerist það á sama hátt og hann sjái hest.

Í þessu felst magnfræðin, sem er lífmögnun. Það er stillilögmálið, íleiðslulögmálið og víxlaíleiðing manna á milli (afmagnan eða örmagnan). Maðurinn geislar frá sér og leitast við að hlaða allan heiminn og með þessari geislun vinnur hann að framhaldi lífs síns og endursköpun líkamans. Lífandi vera leitast við með lífgeislanum að fá stjórn á hinu líflausa efni breyta því í sig og gera lífandi efni úr líflausu. Draumar, miðilsástand og dáleiðsla er þess vegna sambandsástand og tengt íleiðslulögmálinu.

Dr. Helgi Pjeturss skrifaði sex bækur um þetta efni. Þær heita Nýall, Ennýall, Framnýall, Viðnýall, Sannýall, Þónýall. Einnig skrifaði hann fjöldann allan af ýmsum ritgerðum.

Þess skal getið að höfundur þessarar bókar hefur tekið sér það skáldaleyfi að láta Gunnlaug, eina af sögupersónum bókarinnar, vera höfund af framlífskenningum dr. Helga Pjeturss. Höfundur tekur sér einnig það skáldaleyfi að skýra kenninguna eftir öðrum leiðum og blanda hugmyndafræði sinni inn í sem viðbót.

Það er mikil samsvörun á hreyfingu himingeimsins, náttúrunni og orkumögnun hennar við mannlíkamann. Hún felst í mörgu, svo sem að pláneturnar snúast um sólu réttisælis. Á sama hátt snúast elektrónurnar um kjarnann í mannlíkamanum sem öðrum efnum. Samsvörunin er einnig á sólinni og sálinni og bæði geisla frá sér ljósi. Það fyrst nefnda er ljósgeislinn en það annað er lífgeislinn og bæði hafa það sameiginlegt að hafa í sér geymdir, upplýsingarflæði. Það fyrra nefnist ljóseindir og það síðara lífeindir. Gasið umhverfis sólina getur samsvarað árunni umhverfis lífveruna þó hún sé hluti af lífgeislanum og orka ólífrænna efna sameinast orku lífrænna efna svo vel að líf getur ekki myndast án þeirra.

Þegar teknar eru Kirlian-ljósmyndir af lífverum sést breyting á litarafti árunnar sem er á mannveru eða blaði á blómi og allt þar á milli, þegar borinn er saman sjúkur vefur eða heilbrigður. Einnig gerist það ef maður missir handlegg og sárið er myndað með Kirlian-ljósmynd kemur fram á filmunni, þar sem handlegginn vantar, orkusvæði sem er í lögun eins og handleggurinn. Þá er ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að sálin afmarkist af útlínum lífverunnar og þar er skærasta ljósið. Útgeislun hennar myndar árunna sem er ekki eins björt og lífgeislinn, sem ber með sér lífeindir er sendiboði sálarinnar og kemur einnig með upplýsingar til

hennar, á samsvarandi hátt og ljóseindin flytur upplýsingar til augans. Á þennan hátt er maðurinn í virkum tengslum við alheiminn, þar sem lífgeislinn fer með óendanlegum hraða út um himingeiminn. Með sama hætti berst útgeislun ólífrænna efna út í óendaleikann. Þetta er allt í samhengi tengt hvert öðru og ein hreyfing skapar alltaf aðra.

INNGANGUR

Austurbæjarskóli er á hornlóð sunnan við Bergþórugötu og austan við Vitastíg en skammt þar fyrir vestan er Skólavörðuholt. Útlínur skólans mynda U-lögun og álmurnar tvær liggja í austur samsíða Bergþórugötu. Inni í þessari geil er upphækkað leikpláss, á þriðja metra, sem er malbikað og kanturinn er steypdur. Til endanna innanvert eru tveir langir og nokkuð breiðir, steypdir skálar. Þeir eru opnir inn á leikvöllinn.

Á milli skálanna er þægilega breitt bil inn á völlinn nokkra metra í austur samsíða skálaendum og hallast síðan niður á við til beggja handa. Handrið er á kantinum. Upp þessar brekkur geta bílar auðveldlega ekið inn á leikvanginn þegar nauðsyn krefur. Á milli skálanna og skólans eru tröppur beggja vegna upp á leikplanið.

Austan við skólann og neðan við leikvanginn er harður sand-jarðvegur, síðan tekur við grasengi, trjágróður og leikvangur fyrir boltaleiki. Þetta svæði er um það bil einn hektari og endar á rúmlega metra háum kanti við Barónsstíg. Sunnan við Austurbæjarskóla er Gagnfræðaskólinn og vestan við Vitastíg er Iðnskólinn.

Loftið er skýjað og rakt en nær þó ekki að rigna þennan eftirmiðdag snemma vors. Allir skólakrakkarnir, sem eru á aldrinum frá sex ára upp að þrettánda ári, eru í frímínútum. Þau eru flest að leika sér á skólaplaninu eða á túninu fyrir neðan. En sumir eru áreiðanlega í sælgætisversluninni sem er handan við Bergþórugötuna.

Þarna á skólaplaninu er Kjartan Ólafsson, tólf ára. Á þessum árum er hann lávaxinn og grannur en samsvarar sér vel. Hann er áræðinn, lipur og sprettharður og einnig lungna- og vöðvapólinn. Hann er fríður sýnum og geðþekkur með dökkt hár og augnabryrnar mjóar og dökkar. Augun blá-grá, greindarleg og blíðleg.

Fyrstu skólaárin kom hann sér alltaf undan átökum og flýði stundum heim til sín handan við götuna þar sem hann bjó hjá foreldrum sínum. Skólafélagar hans töldu hann vesalmenni en vissu samt að hann var bestur í fimleikum í þessum skóla, þar af leiðandi létu nokkrir drengir hann sjaldan í friði. Þegar frá leið sá Kjartan að við svo búið var ekki hægt að una. Hann ákvað næsta leik þegar skólabróðir hans, miðlungsdrengur að burðum, fór að angra hann og færa sig upp á skaftið bara til að sýna honum og félögum sínum mátt sinn og megin.

Skyndilega stökk Kjartan óvænt og öllum til furðu á drenginn og reyndi að skella honum. En það mislukkaðist og hann sleit sig lausan og hopaði snögg undan því hann vissi að drengurinn var bæði þyngri og sterkari. Þá byrjaði hinn að slá til Kjartans með hnefunum og ætlaði að gera út um þetta á fáeinum mínútum. Kjartan vék sér undan höggunum eða setti hendurnar fyrir sig og beið tækifæris. Þegar hann taldi drenginn í minnsta jafnvægi eftir eitt vindhöggið stökk Kjartan skyndilega á hann, felldi hann og hélt honum föstum á haustaki. Eftir þetta vildu allir reyna sig við Kjartan og ósjaldan kom hann rifinn, tættur og blóðugur heim en oftast hafði hann þá undir. Ástæðan fyrir óvildinni var einnig að Kjartan er þrár og vildi aldrei gefa eftir ef hann taldi sig fara með rétt mál. En þegar andstæðingur hans vildi leysa málið með hnefaréttinum þá tók hann á móti í staðinn fyrir að flýja eins og áður en lét líkamleg átök ráða, fyrst hinn vildi það þannig kláraði hann málið sem hann byrjaði á. En aldrei beitti hann hnefunum eða bolabrögðum.

Kjartan hafði ekki áhuga á að umgangast skólafélaga sína utan skólans. Skólinn og það samfélag átti engan veginn við hann. Samt sem áður var hann mjög bókhneigður. Vinir hans og félagar voru í heimahögum hans; þar var hann foringinn. Þennan fyrrgreinda dag er Kjartan að leika sér við skólafélaga sína þegar Stefán skólabróðir hans kom hlaupandi til hans og segir óðamála, veistu það að Sverrir velti sér yfir grindverkið og lét sig falla niður! Í sömu svifum komu tveir aðrir skólabræður hans með öndina í hálsinum og tilkynntu honum það sama. Þannig var að Kjartan hafði hingað til verið sá eini í skólanum sem þorði að velta sér yfir grindverkið með hendurnar á efri slá og með hinni hendinni hélt hann utan um neðstu slána og slengdi sér yfir hana með beina fætur og lét sig falla á fjórða metra niður. Það eru þrjár röraslár á þessu grindverki. Hann var oft undrandi að enginn skyldi treysta sér til að gera þetta. Eftir sem áður virðist hann hafa reiknað með að það kæmi að því. Kjartan var löngu búinn að ákveða hvað hann ætlaði að gera ef einhver léki þetta eftir honum. Kjartan sagði ekkert í stutta stund en renndi augunum sitt og hvað til drengjanna þriggja, eins og hann væri að fullvissa sig um að þeir væru að segja satt. En þeir biðu spenntir eftir því hvað hann gerði eða segði. Þið eruð að segja satt, sagði hann frekar en spurði. Já, sögðu þeir og nikkudu höfði með ákafa.

Kjartan snéri sér snöggt frá þeim og gekk inn á mitt planið og sagði öllum að fara frá. Allir viku til hliðanna og mynduðu braut að grindverkinu. Skólakrakkarnir vissu að Kjartan ætlaði að gera eitthvað sem vert væri að sjá og biðu spennt. Kjartan hljóp af stað að grindverkinu, greip með báðum höndum utan um efri slána, sveiflaði fótunum beint upp í loftið og stóð á höndunum á efri slánni augnablik og lét sig síðan falla aftur á bak. Sleppti á réttu augnabliki, snéri sér í loftinu og kom niður á fjóra fætur ómeiddur. Krakkarnir hlupu að grindverkinu til að gá hvernig honum hefði farnast.

Hálfum mánuði seinna var bankað á hurðina þar sem Kjartan var í stærðfræðitíma og Haraldur skólastjóri birtist í dyrunum. Hann horfði til kennarans og sagði við hann ég þarf að tala við nemendurna nokkur orð. Kennarinn vék frá púltinu fyrir Haraldi sem horfði yfir hópinn litla stund. Það mátti heyra saumnál detta, svo hljótt var í skólastofunni. Krakkarnir báru virðingu fyrir honum, þeim fannst hann yfirleitt veraréttlátur. Haraldur brosti yfir hópinn og sagði: Ég er ekki kominn til að skamma ykkur, heldur að tilkynna ykkur að Þjóðleikhúsið ætlar að bjóða tólf ára krökkum í öllum skólum Reykjavíkur aðkoma og hlusta og sjá Sinfóníuhljómsveit Íslands leika í Þjóðleikhúsinu næstkomandi föstudag, það er eftir fjóra daga og allir sem vilja eiga að mæta klukkan hálf fjögur, hver í sinni skólastofu. Síðan verður lagt af stað frá skólalóðinni klukkan fjögur um eftirmiðdaginn í beinni röð og hver bekkur heldur hópinn. Kjartan hafði ekki mikinn áhuga á að hlusta á eitthvað sinfóníugarg. Hann hafði allt annað við tímann að gera. Þegar strákur leit í kringum sig sá hann að stúlkurnar gáfu frá sér einhvers konar ánægjuhljóð en drengirnir þögðu. Skömmu síðar fór skólastjórinn.

Kjartan var latur að læra og óstilltur í tímum á þessum árum og sérstaklega hjá Katli hann var skárri hjá aðalkennaranum henni Önnu, hún kunní lagið á honum. Það gerðist þó nokkrum sinnum að Ketill henti Kjartani út að ósekju því hann sagði aldrei til skólabræðra sinna. Það var þegjandi samkomulag í þessum bekk að segja aldrei til hins við Ketil. En það var allt annað upp á teningnum þegar Anna kenndi. Kjartan svaraði þá Katli þannig: Ég gerði það ekki. Í þau skipti spyrinti hann á móti þegar honum var hent út.

Stundum var Ketill svo reiður út í Kjartan að hann tók í hálsmál hans og buxnastreng, sveiflaði honum til og sparkaði í afturendann á honum í leiðinni; sennilega til að flugið yrði lengra út ganginn þar sem Kjartan var svo léttur. Það var einkennilega oft sem Ketill taldi Kjartan vera sökudólginn. Ef honum var hent út að ósekju bankaði Kjartan á kennslustofuhurðina næstum látlaust þangað til Ketill gafst upp og opnaði fyrir honum eða þar til kennslunni lauk.

Föstudagurinn rann upp og Kjartan fór upp í skólann klukkan hálf fjögur í sínum venjulegu hversdagsfötum eins og svo oft áður, til að bíða eftir Hauki vini sínum, sem var einu ári yngri en hann. Haukur byrjar þess vegna seinna á daginn í skólanum og síðustu kennslustund líkur klukkan fjögur. Kjartan beið í ganginum fyrir utan kennslustofuna litla stund en hún er næsta stofa við hliðina á kennslustofu Kjartans. Þá datt honum í hug að líta inn í sína stofu og forvitnast um hvað margir ætluðu að fara og hlusta á þetta garg. Hann opnaði hurðina og kíkti inn. Allar stelpurnar sátu fínklæddar við sín borð og Ketill sat við kennaraborðið. Þegar hann sá Kjartan stóð kennarinn upp og gekk til drengsins. Kjartan átti sér einskis ills von og beið því eftir honum.

Þegar Ketill kennari kom til Kjartans þreif hann í höndina á Kjartani og sagði: Þú kemur með okkur í Þjóðleikhúsið með góðu eða illu. Kjartan hélt nú ekki og ætlaði að rífa sig lausan. En Ketill hélt fast um úlnið hans og sagði þú kemur með mér til skólastjórans og þar fáum við leikhúsmiða handa þér. Kjartan gat ekki losað sig og sagði: Ég er til í það og ég ætla líka að spyrja hann hvort ég þurfi að fara með. Ketill kennari svaraði þessu engu en sagði við stúlkurnar þið farið út og raðið ykkur aftast í röðinni. Ég kem með Kjartan á eftir. Síðan leiddi hann drenginn með sér niður á næstu hæð að skrifstofa skólastjórans. En Kjartan glotti, honum var farið að þykja gaman að þessum uppákomum.

Þegar þeir komu til skólastjórans bað Ketill Harald skólastjóra um einn miða handa Kjartani, því hann ætlaði með. Þegar skólastjórinn rétti miðann til Ketils sagði Kjartan: Ég hef engan áhuga á að hlusta á sinfóníu og vil ekki fara. Ketill getur ekki þínt mig til þess er það? Nei, auðvitað ekki, sagði þá skólastjórinn og hætti við að rétta Katli miðann. En Ketill lét engan bilbug á sér sjá og sagði hvasst: Kjartan fer víst með okkur, honum veitir ekki af að hlusta á góða músík.

Láttu mig hafa þennan miða. Kjartan glotti en skólastjórinn rétti Katli miðann með hálfum huga þó en horfði á Kjartan. Síðan fóru þeir út og aftast í röðina, en bekkjasystur Kjartans voru fyrir framan þá.

Skömmu síðar lagði fylkingin af stað. En Kjartan var óvenju þungur í drætti. Ketill, þessi litli feiti búlduleiti náungi, þrekinn og sterkur þurfti að spyrna vel í og hafa sig allan við en samt drógust þeir aftur úr. Þegar um það bil eitt hundrað metrar voru á milli þeirra og skólasystra Kjartans, gerðist það að Kjartan virtist skyndilega fá orku og löngun til að hlaupa. Aumingja karlinn hann Ketill kennari með sveittan skallann og hvínandi blæstri trítlaði ört með sínum smáu fótum á eftir Kjartani. Þegar þeir komu aftast í röðina virtist Kjartan vera yfirmáta þreyttur og varð jafn þungur í drætti sem fyrr þangað til bilið var jafn langt sem fyrr. Þannig gekk þetta alla leiðina að Þjóðleikhúsinu. Kjartan blés ekki úr nös en Ketill kennari var eins og físelgur.

Það var þröngt við inngöngudyrnar svo Ketill var á undan Kjartani að fara inn fyrir og togaði í handlegginn á Kjartani. Það var engu líkara en dyravörslumaðurinn ætlaði að stoppa Kjartan af vegna þess hvernig hann var klæddur. Það var ekki samkvæmt áætlun Ketils. Hann kippti snöggt í Kjartan, þeygandi og hljóðalaust, svo hann hálf flaug inn um Þjóðleikhúsdyrnar og gekk snúðugt frá með Kjartan í eftirdragi. En dyravörðurinn horfði undrandi á eftir þeim.

Skólabeckurinn hans Ketills kennara átti miða á efstu svölum, það var á þriðju hæð. Þegar þeir komu að fyrstu tröppunni var Kjartan enn einu sinni svo afskaplega þreyttur og varð um leið einkennilega stífur. Þannig varð aumingja Ketill að draga Kjartan upp allar tröppurnar að þriðju hæð.

Bekkjasystrur Kjartans voru sestar í sín sæti. Ketill settist við hliðina á þeirri sem var næst honum og sagði Kjartani að setjast við hliðina á sér sem hann gerði strax. Eftir örskamma dvöl í sætinu stóð piltur upp og hljóp niður alla stigana og stoppaði hjá dyraverðinum og sagði við þennan undrandi mann: Ég ætla að sjá hvort kennarinn minn eltir mig niður.

Viti menn, kemur ekki karl á sínum stuttum fótum hlaupandi með ótrúlegum hraða niður stigana. Þegar hann sá að Kjartan beið eftir honum hægði hann á sér

og gekk greitt til Kjartans, þreif í úlnið hans og dró Kjartan upp alla stigana með sama hætti og áður. Skipaði honum síðan að setjast á milli sín og skólasystkina sinna sem hann gerði eins og þægt barn.

Nú byrjaði þessi unaðslega stremmandi tónlist að fylla salinn með hljómfögnum mismunandi tónhæðum frá fínlegum lágum stefnum í drungalegan hrollvekjandi og yfirþyrmandi tóna á köflum. Kjartan fylgdist lítið með tónverkinu. Hann var að fylgjast með Katli, alla vega með öðru auganu. Blessaður karlinn hann Ketill gat ekki notið þessara fögru tónflóða sem skyldi. Þar sem líkamleg og ekki síður andleg þörf hans var mikilvægari á þessu augnabliki, eftir hina miklu baráttu og þrautseigju við að uppfylla og næra þennan ótuktardreng af flæðandi og gefandi tönnum sem kannski mundu betrubæta hann og gefa þá í leiðinni þessum góða kennara betra og þægilegra líf við kennsluna. Því ekki hefur það verið Katli að kenna hvernig Kjartan var í tíma hjá honum, eða hvað? Blessaður karlinn svaf af sér þessa yndisfögru, dúnmjúku tóna og bætti um betur með hrotum sínum, hrökk svo upp með andfælum þess á milli sem tónarnir náðu hæstu stefnumum.

Í skólanum daginn eftir áttu þeir sem fóru á tónleikana að skrifa ritgerð um ferðina en hinir um eitthvað annað. Kjartan skrifaði náttúrlega um þessa skemmtiferð og sagði meðal annars að sér hefði aldrei dottið í hug að það væri svona gaman að fara á tónleika með Katli og hann væri alveg til í að fara aðra eins ferð. Skólastjórinn las þessa ritgerð upphátt á kennarastofunni við mikla hrifningu allra viðstaddra að einum undanteknum; Ketill hló ekki.

Kjartan var alltaf í sveit á sumrin, frá sex ára aldri þar til hann var sextán ára. Hann naut sveitalífsins og hafði sérlega gaman af hestum. Eitt sinn sem oftár á haustin var hann í hestaréttinni í Þverárhlið í Borgarfirði. Þetta árið varð hann sextán ára og Kjartan hjálpaði til við að koma Garðastaðahrossunum í sinn dilk úr réttinni. Hann þótti óvenju duglegur og snarráður, þó lítill væri, við að koma folöldum og hrossum í dilkinn.

Einn bóndinn úr sveitinni fékk húsbónda Kjartans til að stríða drengnum með vafasömum hætti þó ekki sé meira sagt. Húsbóndinn sagði Kjartani að ná í ákveðna hryssu sem hann sagði honum að væri tamin og hann skyldi bara setjast á bak henni og ríða henni inn í dilkinn. Ég nenni ekki að eiga við einhvern húðajálk,

láttu einhvern óvanan strák sækja hana. Nei, gerðu þetta sjálfur sagði þá bóndinn. Kjartan var honum alltaf hlýðinn og gerði þetta. En þessir tveir bændur hefðu aldrei látið sér detta þetta til hugar ófullir því húsbóndi hans laug að Kjartani. Hryssan var tíu vetra og hefði aldrei séð beisli hvað þá heldur að nokkur hefði sest á bak henni.

Það tók Kjartan svolítinn tíma að höndla hryssuna. Þegar hann náði henni greip Kjartan um háls hennar og sveiflaði sér á bak. Um leið og strákurinn settist á bakhluta hennar jós hryssan snögglega og Kjartan hentist af baki en missti ekki af hálstakinu. Drengurinn reyndi nokkrum sinnum en alltaf fór á sömu leið. Fyrst hann var byrjaður á þessu vildi hann ekki gefast upp fyrir hryssunni og bölvaði henni óspart í hugarum. Í síðasta sinnið sem hann reyndi að sitja hestinn og hentist af baki missti hann af hálsinum en náði taki á faxinu. Þá tók ekki betra við. Hesturinn snéri sér í hringi um leið og Kjartan greip um faxið. Hann sveiflaðist eins og spýta út í loftið í vinkil út frá hestinum.

Kjartan sá út undan sér að hryssan nálgast smám saman innganginn að almenningnum sem er hátt hlið en réttin er sporöskjulöguð. Þá var ekki að spyrja að leikslukum, Kjartan varð að sleppa á réttu augnabliki. Öll hrossin hrökkludust út í hinn endann á réttinni svo stórt autt svæði myndaðist umhverfis hryssuna og unglínginn. Enginn gerði sig líklegan til að bjarga drengnum. Hesturinn snéri sér réttisælis svo Kjartan valdi þann kostinn að sleppa takinu á faxinu þegar hann var samsíða veggnum vinstra megin við hann. Drengurinn kastaðist inn í réttina eins og hann ætlaðist til. Flaug eins og flugvanur örn í gegnum loftið blátt og töluvert út fyrir miðja rétt. Lendingin var á milli tveggja hesta sem voru á iði í kósinni og þaðan datt hann niður á jörðina. Setti sig strax í kryppu og hendur og handleggi fyrir höfuðið. Hann vissi að hestar stíga næstum aldrei ofan á upphækkanir ef þeir komast hjá því. Pilturinn sá út undan sér fætur á fleygiferð allt í kringum sig en beið rólegur því hann vissi að á meðan hann væri í þessari stelling yrði öllu óhætt. Þegar ró kom á hrossin stóð hann upp ómeiddur.

Nú eru liðin tvö ár síðan Kjartan flaug án vængja í réttinni forðum. Hann er nítján ára gamall og orðinn myndarpiltur, í meðallagi hár, þrekinn og vel limaður. Pilturinn á að taka sólópróf í flugi eftir nokkra daga. Þetta kvöld er Kjartan

staddur í Austurbæjarbíói ásamt Þórhalli vini sínum og kærustu hans. Þau sitja á fimmta bekk. Þau eru að horfa á sirkus sem kom frá Þýskalandi. Það er nokkuð áliðið á sýninguna. Næsta atriði er múlasni sem einhverjir tveir sjálfboðliðar hafa leyfi til að reyna að sitja.

Ljóshærð miðaldra kona gekk inn á mitt sviðið og múlasninn elti hana. Hún talaði til fjöldans og bað einhverja tvo að bjóða sig fram til að reyna hæfni sína á múlasnanum. Margar hendur voru á lofti og hún valdi strax einn dreng sem var innan við tvítugt hann gekk upp á sviðið að beiðni konunnar. Þá fyrst lyfti Kjartan handleggnum því hann vildi sjá hvernig asninn hagaði sér. Einhvern veginn tókst Kjartani að vekja athygli konunnar á sér og hún valdi hann. Síðan sagði hún þeim að þeir mættu ekki grípa um hálsinn á múlasnanum. En þeir máttu halda í plastólina sem var um háls hans.

Kjartan stóð í tröppunum sem lágu upp á sýningarsviðið og hann fylgdist með þegar drengurinn reyndi hvað hann gat að nálgast múlasnann til að komast á bak. En asninn snéri rassinum alltaf í drenginn og sparkaði með báðum afturfótunum í áttina til hans. Kjartan sá að konan stjórnaði múlasnanum með handahreyfingum. Svo hann var næstaum viss um að þjálfun múlasnans byggðist m.a. á því að sparka ekki fast. Drengurinn var auðsjáanlega hræddur við asnann. Á endanum sagði konan við piltinum að hætta þessu og fara í sætið sitt aftur, sem hann gerði.

Tamningakonan sagði Kjartani að reyna næst. Hann gekk að múlasnanum og snéri mjöðminni að honum og gaf asnanum tækifæri á að sparka í hann til að finna hvað höggið yrði fast. Það var eins og hann bjóst við höggið sem asninn gaf með báðum fótum var ekki afgerandi. Þá tók hann sénsinn á því að asninn myndi ekki sparka í andlitið. Það yrði of mikil fjárútlát fyrir tamningakonuna ef hann gerði það.

Með þessa vissu í huga gekk hann óhræddur að múlasnanum og leyfði honum að sparka í skrokk sinn eins og hann vildi. Kjartan kastaðist öðru hverju til þegar asninn sparkaði í hann, en varð ekki meint af og missti aldrei fótanna. Áhorfendur öskruðu upp eftir hvert högg sem Kjartan fékk. Hann fór sitt á hvað umhverfis dýrið til að leita færís, en asninn snéri rassinum alltaf í hann og sparkaði í Kjartan þegar tækifæri gafst. Kjartan fylgdist með hverri hreyfingu asnans og beið rólegur og reyndi að komast á bak.

Allt í einu gafst smuga og Kjartan stökk að múlasnanum og náði taki um háls hans og sveiflaði sér á bak og greip um plastólina. Það líkaði asnanum ekki. Á næstum sama augnabliki jós hann (setti upp rassinn), beygði um leið vinstri framfótinn svo hnéð snerti gólfið, þannig stóð asninn á öðrum framfætinum og hallaðist um leið yfir á vinstra hnéð. Þá gerðist hvort tveggja að framendinn hallaðist til vinstri en afturendinn á múlasnanum stóð hátt upp í loftið. Kjartan ætlaði þá að standa á höndunum á plastólinni, liggjandi á baki asnans. En ólin var ónýtt og slitnaði því strax. Kjartan hélt á ólinni í vinstri hendi, kastaði henni frá sér og greip í staðinn um hálsinn á asnanum, sem hann mátti ekki gera. En Kjartan taldi sig hafa fullt leyfi til þess undir þessum kringumstæðum.

Hann rann til vinstri af asnanum, hékk á hálsi hans en snerti ekki gólfið. Síðan renndi Kjartan vinstri fæti upp með hægri síðu múlasnans og yfir á bak hans, dró sig síðan upp og sat á baki asnans aftur. Allt varð vitlaust í salnum. Einnig hafði sýningarfólkið komið inn á sviðið og raðað sér í þrefalda röð meðfram sýningartjaldinu. Múlasninn lék þráfaldlega sama leikinn til að losa sig við Kjartan en hann fór alltaf sama hringinn án þess að snerta gólfið. Þannig gekk þetta nokkra stund, þar til konan stoppaði leikinn. Þýska konan lét sem hún sæi ekki Kjartan leit aðeins til áhorfenda út í salinn. Það var engu líkara í hennar huga að Kjartan væri ekki þarna til staðar svo hann ypti aðeins öxlum og fór til sætis.

1. KAFLI

Á þessu sama herrans ári þegar Kjartan snérist í hring um hálsinn á asnanum, vikur sögunni til Teheran rétt utan við höfuðborg Írans. Sólin skein hátt á lofti, fuglarnir flugu um á milli trjátoppanna, sem er í afgirtri girðingu um tíu hektara svæði, syngjandi hver með sínu nefi.

Tveir menn eru á gangi á þessu fagra víðáttumikla garði og vel hirtum víðáttumiklum garði, báðir eru hugsandi. Þessi yndislegi garður er afgirtur með hárrí rafmagnsgirðingu og stóru hliði. Þarna var varðskýli með hliðarverði á vöktum allan sólarhringinn.

Þetta eru höfuðstöðvar félagsskapar sem heitir SAMTÖKIN TREYSTUM SATAN og æðsta deildin innan þessara samtaka er þarna til húsa: SJÖUNDA TAKMARK SAMHERJA sem er hinn komandi eldur: ANDKRISTUR. Yfirmaður samtakanna á meðan Andkristur er ókominn nefnist forseti, næstur að völdum er biskupinn svo koma fjórir æðstuprestar. Þegar forseti fellur frá tekur biskup sæti hans og nýr biskup er valinn úr hópi æðstupresta. Það er ekki sjálfgefið að velja fyrsta æðstaprest sem biskup, það gæti alveg eins verið sá fjórði sem yrði orðið fyrir valinu.

Þegar þessir tveir menn höfðu gengið í garðinum góðan spöl settust þeir á bekk undir skugga trjána. Sá eldri er forseti Sjöunda Takmark Samherja (STS) Hann er meðalmaður á hæð, þrekinn, magamikill og þunnhærður, ekkert að flýta sér að lægja forvitni Humer Steiner sem tók prestvígslun fyrir þremur dögum. Hann er hár, grannur og vöðvastæltur. Nú bíður hann með dulinni óþreyju eftir að forsetinn segi sér frá þessu dularfulla starfi sem hann hafði verið kjörinn til að taka að sér.

Fyrir einu ári var Steiner höfðingi í heimalandi sínu, Austurríki og stjórnaði þar einni deildinni í S.T.S. Þá leit hann út eins og hippi með sítt hár og alskegg og hugsaði lítið um klæðnað sinn. Steiner hafði stjórnað þessari deild í rúm tvö ár með ágætum. Hann beitti þeim lögum og reglum sem tíðkast innan samtakanna hjá yfirmönnum þeirra og undirforingjum; að nota þrýsting, hótanir og morð við þá aðila sem ekki þóknust gerðir þeirra. Flestir af undirmönnum samtakanna

vissu ekkert um óþrifaverkin, en þó voru nokkrir óbreyttir útsendarar sem unnu þessi verk í kyrrþey að skipun yfirboðara sinna og sumir hverjir með sannri ánægju en aðrir voru þröngvaðir til þess. Þessi handarvik voru vel borguð úr sjóðum sem deildarstjórnir höfðu umráð yfir og sáu um að slík óþverraverk voru unnin af þessum völdu mönnum, bæði af konum og körlum.

Ef svo vildi til að óbreyttir félagsmenn komust óvart að þessum myrkraverkum, þar sem tilgangurinn helgaði meðalið hjá þessum samtökum, neyddi Steiner og aðrir höfðingjar þá til að leiða það hjá sér og hafa hljótt um sig. Flestir töldu það betri kost að vera áfram í STS og láta sér að kenningu verða þær hótanir sem dundu á þeim öðru hverju, annars yrðu þeir að fylgja fyrrum félögum sínum sem létu ekki segjast og sögðu sig úr félaginu. Þeir voru einfaldlega þurrkaður út af jarðkringlunni.

Presturinn sem stjórnaði samtökunum í Austurríki hafði kallað hann inn á skrifstofu sína. Steiner sem átti erfitt með að sýna nokkrum manni lotningu, varð að fylgja ákveðnum reglum og síðum sem samtökin höfðu tileinkað sér, annars yrði hann lækkaður í tign. Hann kraup því fyrir presti, sem sat fyrir framan stórt og völdugt skrifborð og kyssti öfugan kross sem prestur rétti að honum. Síðan sagði hann skipandi, Steiner sestu og benti á stólinn hinum megin við skrifborðið, sem hann og gerði.

Þú átt að fara til Teheran, höfuðborgar Írans, til höfuðstöðva okkar næsta miðvikudag. Það eru fimm dagar þangað til. Ég og foringjar mínir verðum að velja höfðingja í þinn stað á þessum stutta tíma. Það verður þinn höfuðverkur. Ég hef engar áhyggjur af því, svaraði Steiner snögg. Presturinn lét sem hann heyrði þetta ekki, því hann vissi að hann mátti ekki víta Steiner, vegna þess að hann var ekki lengur undir hans stjórn. Hann sagði því aðeins þú gengur frá þínum málum áður en þú ferð í kyrrþey. Það má enginn vita af þessari ferð þinni nema við tveir og höfðingjarnir tólf.

Þú ferð í leynilegum erindum og átt að hafa samband við forseta samtakanna. Hvaða erindi á ég þangað spurði Steiner og lét engin svipbrigði á sér sjá þó hjartað í honum hafi hoppaði af gleði. Hann átti greinilega von á hækkun í tign því enginn var kallaður af forseta samtakanna nema prestar og þeir foringjar sem eiga

að fá þann titil. Við vitum báðir að þú átt von á því að fá inngöngu í prestaskólann fyrst þú varst kallaður þangað.

Hvers vegna þarf þessa launung?, spurði Steiner. Ástæðan er fyrst og fremst að þú varst ekki á umsóknarlistanum um þetta nýja prestsembætti sem er nú þegar til boða. Því það voru aðeins prestar sem áttu upphaflega að sækja um. Og þar að auki taldi ég þig sístan af mínum höfðingjum sem líklegt prestsefni þegar forsetinn nefndi þig við mig. Síðan horfði presturinn á hann litla stund áður en hann sagði: Það undrar mig mest hvers vegna þú varst valinn fram fyrir þessa úrvalsmenn. Það hefur aldrei komið fyrir áður að höfðingi hafi fengið slíkt tækifæri, sem þér er rétt upp í hendurnar. Ég reyndi svo sannarlega að hafa áhrif á að þú yrðir ekki valinn, maður sem ekki er hægt að stjórna getur ekki tekið að sér svo mikilvægt verkefni eins og allt virðist benda til. Því miður var ekki farið að mínum ráðum.

Það er auðskilið að þú sért undrandi og hneykslaður, maður sem aldrei hefur kunnað að meta hæfileika mína, svaraði Steiner um hæl. Presturinn svaraði þessu engu, horfði á hann með stillingu og fyrirlitningarsvip. Veistu hvaða verkefni þetta er sem mér er ætlað eftir að ég hef lokið við skólann og náð prófi? Nei, það veit ég ekki, en það er greinilega sérstakt og mikið áriðandi þar sem launungin er það óvenjuleg að prestar fá þar ekki innangengt.

Eins og þú veist hafa samtök okkar náð fótfestu í eitt hundrað sjötíu og tveimur löndum og stjórnarfulltrúarnir eru þrettán í hverju landi og tilheyra sérstakri deild sem nefnist Samtökin Treystum Satan; þar eru einn prestur og tólf höfðingjar.

Eins og þú veist fær enginn prestsembættið nema hann hafi háskólapróf í einhverjum fræðum. Þegar höfðingjarnir hafa gengið í gegnum þann skóla með þrýði segir það ekki endilega að eftir það séu þeir sjálfvaldir í prestsembættið. Þeir verða einnig að ganga í tíu mánaða skóla hjá STS og ná yfir átta í öllum fögum. Meðal annars verða þeir að hafa ákveðna skapgerð, víðsýni og mikla stjórnunarhæfileika.

Þess vegna endurtek ég það aftur að það er mér hulin ráðgáta, af hverju þú ert valinn í þetta greinilega mikilvæga hlutverk, þar sem þú ert númer fjögur í okkar deild og örugglega aftarlega á merinni í þessum eitt hundrað sjötíu og tveimur

deildum sem eru í samtökunum. Steiner sagði ekkert og glotti. Hann vissi sem var að þessum presti hefur aldrei verið mikið um hann og þar að auki er hann ekki hátt skrifaður innan prestastéttanna.

Viku síðar var hann kominn til höfuðstöðva Sjöunda Takmarks Samherja, sem var tuttugu kílómetra fyrir utan höfuðborgina. Steiner fannst mikið til um þessar fögru byggingar sem samtökin hafa reist þarna á hæðinni en hún gnæfir hátt og er áberandi séð frá Teheran.

Stjórnendur hennar eru í hinni æðstu reglu sem nefnist, Komandi eldur. Hún er táknræn fyrir það að þeir vænta Andkrists í trú sinni og vissu. Enda ná þeir oft beinu sambandi við myrkrahöfðingja sinn. Þeir bíða í ofvæni eftir Andkristi en fæstir í samtökunum hafa nokkra trú á komu hans né hafa í sér glæpahneigð en hugsa eftir sem áður mest um að mata krókinn með mætti hins sterka.

Forsetinn hafði sagt Steiner að honum væri ætlað að ganga í prestaskólann og að hann yrði að ljúka honum á einum vetri í stað tveggja og leggja áherslu að læra íslenskuna eins og innfæddur. Síðan kallað hann á einn æðsta prestinn og skipað honum að sýna Steiner höllina. Hann fór með Steiner í húsin fjögur og sýndi honum margar vistarverur sem voru fagurlega gerðar með dýrum húsgögnum og málverkum.

Skólastofurnar tvær sem tóku aðeins fimmtán nemendur hvor voru ekki síður ríkmannlegar og með fullkomnum tilraunastofum. Einnig fræddi æðsti presturinn hann um ýmislegt sem hann reyndar vissi að mestu leyti. Aðalfundarsalurinn í þessari tilkomumiklu höll er hár til loftsins og vítt til veggja. Þarna er þingheimur og ráðstefnusalur samtakanna. Þingfundir eru haldnir þrisvar á ári. Þessi salur er málaður dökkrauðum lit. Gólfid sem hallast töluvert upp á við er lagt með brúnu teppi og þrjú hundruð grænum bólstruðum stólum raðað út við vegginn og í miðjunni. Tveir gangar eru á milli eftir endilangri bekkjaröðinni. Nokkrum metrum fyrir framan stólana er breiður og djúpur upphækkaður pallur um einn metra frá gólfi.

Innst á pallinum fyrir miðju er tveggja metra kvenmanns líkneski með geithöfuð í lóttus stöðu, á eins og hálfis metra stalli. Hún er berbrjósta með rautt klæði um lendar sér. Kvenlíkneskið endar á hálfu hjóli við lendarnar en boginn nær upp

fyrir nafla og stöng er frá nára með kúlu á endanum upp fyrir hjálið. Tvær nöðrur mynda töluna átta utan um stöngina og nasir þeirra nema við miðju kúlunnar beggja megin. Á baki kvenlíkneskisins eru svartir stórir vængir í þeirri stöðu eins og hún sé að blaka þeim. Vinstri höndin vísar fjörutíu og fimm gráður niður og þumalfingur er gleiður út frá vísifingri. Vísifingur og baugfingur vísa í beinu framhaldi niður á við en hinir tveir krepptir í lófa. Þumalfingur, vísifingur og baugfingur vísa upp eins og hægri framhandleggurinn sem er boginn um olnboga niður fyrir brjóst en hinir tveir fingurnir vísa inn í lófann. Á geitarhöfði eru tvö stór hálfboginn horn. Á milli hornanna er 20 millimetra bein á þykkt en 60 sentimetra hátt í enda þess er eins og híði sé flett af í fjórum blöðum og hringlaga stutt rúnnað bein myndar píramída í miðjunni.

Þegar fundir eru settir er alltaf kveikt á líkneskinu og augasteinarnir verða rauðir en hvítan glóir sem ljós. Eldur spýtist á milla berkjar og beins og logar þar meðan á fundi stendur. Framan við stöpulinn er fórnaraltari jafn langt honum og er einn og hálfur metri á breidd. Um einum metra fyrir framan altarið er stóll með háu baki og stendur á þrjátíu sentimetra palli. Stóllinn er frá sautjándu öld með rauðu áklæði, háu baki gullskreyttum örmum með gapandi koparslönguhaus beggja megin vegna við. Slönguskrokkarnir teygja sig upp eftir bakinu meðfram kantinum á stólbakinu og báðir ranarnir mætast efst á stólbrúninni og vefja sig utan um hvor annan og mynda þar einskonar kórónu. Það er hægt að snúa hásætinu að altarinu þegar svo ber undir. Þetta hásæti er ætlað „Andkristi“ þegar hann kemur til að stjórna þessari jörðu í anda Satans. Forsetinn má aðeins nota þennan stól undir vissum kringumstæðum.

Sitt hvoru megin við líkneskið og með jöfnu millibili eru tveir svartir krossar. Þeir eru með stóra hnúða á hverjum enda. Stytttri endinn að þverslánni á krossinum snýr niður. Til beggja hliða við líkneskið eru þrír stólar við sitt hvorn vegginn. Þeir eru í sama stíl og hásæti forsetans að öðru leyti en því að bökin eru lægri og ekki á upphækkuðum palli. Áklæðin á fimm stólum eru græn en sjötti stóllinn er með rautt áklæði. Í honum á biskupinn að sitja þegar og ef andikristur kemur.

Fyrir ofan líkneskið og lítið eitt aftan við það er skrifað í bogadregni línu með rauðum upphafsstöfum á vegginn: „SATAN ER TRÚ OKKAR OG TRAUST“.

Hæðin sem höllin stendur á er skammt utan við höfuðborgina Teheran. Garðurinn sem er innan girðingarinnar er sannarlega mikill og fagur skrúðgarður, glæsilega hannaður með fögrum og mismunandi stórum gosbrunnum.

Þarna var einnig fimmtíu metra sundlaug og skammt þar frá er önnur laug sem er tuttugu og fimm metra löng. Fjórar fagrar byggingar standa á þessari hæð með fögrum gördum og stígum á milli. Ein þeirra er stærst og fegurst. Í þeirri byggingu búa biskupinn og æðstu prestarnir fimm í stórfenglegum íbúðum. Fundasalurinn stóri og nokkrir aðrir minni eru einnig í þessu sama húsi, ásamt skrifstofum. Íþróttahúsið er staðsett rétt við sundlaugarnar, það er stórt og mikið um sig á tveimur hæðum, meðíþróttasölum, búningaklefum, sturtum, sána og herbergi með hvíldarbekkjum.

Við þetta hús er lágrest bygging. Í henni er meðal annars eitt stórt herbergi með þægilegum mjúkum dýnumá gólfinu til að liggja á. Þetta herbergi er aðeins notað einu sinni í mánuði. Þar fer fram sérstök trúarathöfn þrettánda hvers mánaðar með söng, kyrjun og ákalli til Satans eftir blóðfórni einhverra dýra. Það hefur komið fyrir oft en einu sinn að mönnum hefur verið fórnað á þessu altari ef mikið hefur legið við. Þá kannski helst þegar mikið lá við að láta einhvern hverfa af þessari jörðu.

Inni í þessum sal sem venjulega er kallaður hvíldar og skemmtiherbergi er stallur með líkneski S.T.S. Eftir ofangreinda athöfn hefst aðalsambandstæknin til að ná sem bestu sambandi við Satan. Það er hópkylníf og að vera með sem flestum og því betra sem skyldleikinn er mestur. Það er trú þeirra og vissa að kynorkan sé frumkrafturinn og magnist því til muna sambandsskynjunin við myrkrahöfðingjann. Það er skylda hveurrar fjölskyldu innan þessara samtaka að fremja sem mest og flest sifjaspell, því skyldara sem fólkið er því betra. Ef þau ekki vilja það er þeim þröngvað til þess. Því oftast sem það er gert því meiri metum verða þau hjá myrkrahöfðingjanum og samtökin verða sterkari.

Meginreglan er að utan heimila samtakanna eiga félagsmenn ekki að hafa samneyti eða láta á því bera að þeir þekkist. Nema því aðeins að þeir hafi þekkt áður en þeir gengu í Samtökin Treystum Satan. Ef þessi regla er brotin einu sinni,

kemst viðkomandi aðili ekki lengra í metorðastiganum en að verða flokksforingi eða verða sviptur titlum ef viðkomandi hefur verið hærra settur.

Í stefnuskrá samtakanna er ákvæði um að ná yfirtökum á jarðkringlunni. Það er gert með því að styrkja og styðja með öllum ráðum hverskonar hryðjuverkasamtök, vopnasmyglara, eiturfjähringi og önnur glæpasamtöku, ásamt einræðisherra og alla þá sem valda sem mestri úlfúð og hatri í þjóðfélögum þessarar jarðar.

Einnig telja þeir sig gera sitt til að auka slysatíðni með blóti og mikilli kyrjun á réttan hátt og láta galdrafólk dansa andsælis við sólargang. Það á að leysa öld ofbeldis og merkingarleysi úr viðjum. Litlu síðar byrja allir fundarmenn að dansa líka. Þá hefjast sjálfspyntingar, kynsvall, sífjaspell og blót á dýrum eða mönnum sem á að leiða til hugvikkun og sambandsskynjunar. Þessi sáttmáli var gerður við djöfulinn.

Svo leitast þeir við að auka óeiningu trúarbragðanna og sérlega að ná tengslum við það fólk sem er að missa trúna, vegna alls konar áfalla sem það hefur orðið fyrir og telja þeim trú um að með því að gera Satan góða verði hann hliðhollur þeim og allt muni ganga betur ef þeir verði líka trúir samtökunum. Þá mega þeir gera það sem hugur einstaklingsins gírnist og óskir þeirra muni þá rætast.

Samtök Treystum Satan er með háskóla um allan heim undir öðrum merkjum sem gerir þeim auðveldara að finna fólk og velja inn í samtökin. Þeir styrkja þá efnilegustu til að stofna fyrirtæki og hjálpa þeim með rekstrarfé til að koma undir sig fótunum. Allir sem eru í STS og hafa lágar tekjur verða að greiða tíu prósent af brúttótekjum sínum til samtakanna. En fyrirtækjaeigendur sem ná ákveðnum tekjum eiga að greiða tuttugu prósent. Ef þeim verður á að draga eitthvað undan fá þeir eftir fyrsta brot að greiða til samtakanna það sem verður hverjum einstaklingi minnisstætt. Þess vegna er sjaldgæft að þeir brjóti oft af sér en einu sinni. Ef það gerist hafa þeir um tvo kosti að velja. Það er að fara inn í eilífðina eða taka að sér undirheimaverk, þegar þess þarf með fyrir samtökin. En þeir verða að standa fyrir því upp á sitt eindæmi. Svik kosta líf allrar fjölskyldunnar. Í þessari hreyfingu er mikið af fólki sem tilheyra Ku Klux Klan og nasistum.

Ári eftir að hann kom á þennan stað og hóf nám, náði Steiner prófi og var hæstur í skólanum. Með tilkomumikilli athöfn var hann vígður prestur í stóra ráðstefnusalnum. Nokkru síðar í blíðum andvara, kæfandi hita og þurru lofti, sitja tveir menn á bekknum undir skugga trjáa í þessum fagra garði skammt utan við höllina. Annar þeirra, sá eldri, er svartklæddur í síðum kufli vafflöguðum við hálsmálið og í rauðri þunnri kragalausri skyrtu. Að framanverðu á kyrtlinum er merki eldtáknins en á bakhlutanum er hann merktur með stórum rauðum krossi og styttri endinn snýr niður. Hann er með dökkt alskegg. Hann er forseti höfuðreglu djöflatrúarmanna þessarar jarðar Sjöunda Takmark Samherja. En æðstúbiskuparnir fimm sjá um alla prestana sem stjórnasinni reglu, sem nefnist í hverju landi fyrir sig Samherjar Treystum Satan. En Steiner er í svörtum síðum kuli með krossinn öfugan á bakinu.

Þeir hafa setið þarna langa stund í þögninni. Steiner var löngu búinn að skynja að presturinn hans heima hafði rétt fyrir sér. Það var eitthvað mikilvægt verkefni sem honum var ætlað. Hann væri ekki eigingjarn, ef fiðringur færi ekki um líkama hans og sálu, af metnaðarfullu stolti, sjálfsánægju og óþreyjufullri forvitni um að fá að vita meira.

Þegar þögnin var orðin óþolandi fyrir Steiner, sagði forsetinn hægt: Það sem hér verður sagt má með engum hætti fara lengra og þegar þú hefur tekið að þér þetta verkefni sem þér er ætlað, gefur þú undirmönnum þínum skipanir án skýringar. Er það ljóst? Já.

Það er einn íslenskur maður að verða okkur skeinuhættur. Hann heitir Gunnlaugur Valgarðsson og er prófessor í líffræði. Hann er kominn með nýjar kenningar sem munu sameina allt mannkynið ef hann fær að stunda rannsóknir sínar í friði og að breiða þær út. Herra forseti, hvað veldur að þið álítið að einhver Íslendingur sem á heima norður á reginhafi á eyju þar sem fámenn þjóð býr verði einhver örlagavaldur?, spurði Steiner. Hefurðu ekki heyrt um alla spádómana að ljósið komi úr norðri? Herra forseti, ég hef bæði heyrt og lesið um það en aðeins tekið því sem gamanmáli, því að sá sterkari og vondi hlýtur alltaf að sigra. Því það vita allir skynsamir og heilbrigðir menn að þetta ljós sem mikið er um skrifað í þessum spádómum og á að komi frá einhverjum guði er ímyndun ein hjá mönnum sem

verða undir í lífinu. Við þurfum ekki annað en að líta á frumkraftinn meðal dýranna til að sjá að sá skynsamari, sterkari og grimmari sigrar alltaf.

Þetta er rétt hugsað hjá þér, að Satan er sá eini sem stjórnar heiminum. En því miður eru margir gáfaðir menn ekki sömu skoðunar og telja sér trú um að það borgi sig að vera góður. En það er okkar speki og trú að mesta ánægjan sé fólgin í því að neita sér ekki um neitt taka það sem hugur okkar og líkami girnist þar sem verknaðurinn helgar meðalið, það skapar þessa innri hlýju máttinn og valdið. Þú átt við að því fleiri sem maðurinn undirokar því sterkari verði hann, sigurvegarinn nánast sjúgi orkuna úr andstæðingnum og magni sjálfan sig margfalt upp. En gleymdu því samt ekki að það er okkar hagur að hafa hér á jörðu sem mest af trúarbrögðum og að fá menn til að berjast á banaspjótum, á því nærast myrkrhöfðinginn, það gerum við foringjar samtakanna STS einnig og það er í hans þágu.

Enda líður mér mun betur núna því þessi heimskulega samviska nær ekki lengur tókum á mér sagði Steiner. Fyrir alla muni haltu þér við samviskuleysið annars missir þú alla orku og tengsl við Satan. Þá fara aðrir að trampa á þér og þú hrapar djúpt að mannvirðingu og verður þræll annarra. Því miður er þekking flestra manna á svo lágu stigi að þeir skilja ekki að sagan um þúkann og fjósamann Sæmundar fróða er sannarlega raunveruleiki og hversu mikilvægt það er að næra Satan og gera allt það sem hann vill til að hægt sé að lifa frjálsligu og skemmtilegu lífi.

Þá komum við að þínum málum sem tengjast þessu, því þér er ætlað sérstakt verkefni sem er það þýðingarmesta sem komið hefur á borð hjá okkur og má á engan hátt mistakast, sagði forsetinn með festu. Hver er ástæðan að ég er valinn í þetta hlutverk?, spurði Steiner með kæruleysislegri röddu. Við teljum þig hæfan til að taka þetta verkefni að þér, vegna þess að þú að ert mjög vel gefinn, stjórnsamur, fljótur að taka ákvarðanir þegar þess þarf með og venjulega eru þær réttar þó álagið sé mikið. Þú ert sérlega gætinn, útsjónarsamur og drepur aldrei af hatri, fljótfærni eða að óþörfu og ef það skapar hættu fyrir flokkinn. Þú hefur alltaf klárað verkefni þín með sóma, það er því miður ekki hægt að segja um alla höfðingjana okkar. Slíkan stjórnanda höfum við not fyrir á Íslandi. Og svo varst

þú líka sá eini af nokkrum líklegum sem ekki var í áriðandi verkefnum þessa stundina.

Er eitt af mínum verkefnum að láta fjarlægja þennan doktor Gunnlaug af jarðkringlunni? Ekki fyrir en þú og þínir menn hafa komið ykkur upp húsakynnum og fjölgað hefur í samtökunum. En slíkan verknað megið þið aldrei framkvæma með hefðbundnum hætti á Íslandi nema undir sérstökum kringumstæðum og þá verður þú að tryggja að samtökin liggi ekki undir grun. Þið megið ekki undir nokkrum kringumstæðum koma ásifjaspelli innan samtakanna á Íslandi. Fólkið er fátt í þessu landi og hver undan öðrum svo slík mál verða aldrei hulin til lengdar og samtökin yrðu þá bönnuð þar í landi. Málum okkar verður þar með lokið og andstæðingar okkar sigra. Nú veistu hversu mikil ábyrgð hvílir á þér.

Hafa samtökin sterkan kjarna á Íslandi?, spurði Steiner. Það má kannski segja það, en þau eru um allt land og það eru góðir menn innan um. Þitt fyrsta verkefni verður að styrkja þau og sameina, síðan að fjölga hópnum með tryggum stuðningsmönnum. Þú verður að mynda eina samheldna deild í Reykjavík með tólf stjórnarfulltrúum til að hafa lagalega stjórn innan samtakanna. En þar fær enginn inngöngu nema höfðingjar eða deildarstjórar með höfðingjagraðu eins og þú veist. Hefur þá einhver á Íslandi slíka gráðu? Nei, þú færð að velja fimm menn úr hópi höfðingja sem tiltækir eru. Þeir koma á eftir þér til Reykjavíkur með vissu millibili.

Þegar þeir eru allir komnir til landsins stofnar þú deildina S.T.S. En hina sex verður þú að velja úr íslensku deildinni og senda þá hingað í skóla. Þegar við sendum þá til baka fullnuma þá hefur þú fullgilda höfðingja. Eftir tvö ár verður þú búinn að stofna þessa deild. Þú færð frjálsar hendur í nokkur ár og bíður eftir skipunum. Þú verður að fylgja lögum okkar og reglum í einu og öllu að undanteknum þessum tveimur reglum sem ég nefndi við þig áðan. Síðan stóðu þeir upp og gengu í átt að höllinni.

2. KAFLI

Kjartan Ólafsson er núna tuttugu og átta ára gamall. Meðalmaður á hæð, dökkhærður, grannur, herðabreiður, niðurmjór og fríður sínum. Hann hefur aldrei neytt nautnalyfja.

Kjartan lauk námi sem einkaflugmaður tuttugu og þriggja ára gamall. Tuttugu og fimm ára gamall stofnsetti hann sitt eigið flugfélag sem hann nefndi Friðarfugl. Félagið á tíu sæta Piper Chieftain, átta ára gamla flugvél. Hann keypti þessa vél fyrir arf sem hann fékk eftir foreldra sína. Kjartan var ekki með fasta áætlun, tók að sér hvers kyns verkefni fyrir vélina sem bauðst í hvert sinnið og hafði yfirhöfuð nóg að gera fyrir sig og aðstoðarkaftein sinn.

Fyrirtækið státar af einni skrifstofustúlku sem heitir Selma Ásmundsdóttir, hún ber heitið ritari og fer í flestöll störf sem tilheyra á þessari skrifstofu. Selma er rauðhærð, lítil, hnellin og vinsamleg. Þrjátíu og níu ára gömul gift kona. Aðstoðarflugstjóri er Sigrún Hrafnisdóttir, mjög fær flugmaður. Hún er há, þéttvaxin, ljóshærð, stuttklippt og búlduleit. Hún er hæg og sein til reiði, sterk með afbrigðum, en hefur innri fegurð sem geislar út frá henni. Sigrún er á þrítugasta aldursári.

Sigrún sér að mestu leyti um flugið þar sem Kjartan þarf æði oft að vera á skrifstofunni, en stundum flugu þau vélinni sitt hvorn daginn þegar Kjartan taldi það í lagi að hvíla sig frá skrifstofustörfunum, sem hann var síst hrifinn af. Vildi heldur fljúga vél sinni um loftin blá. Það kom einnig fyrir, en mjög sjaldan, að þau voru bæði í vélinni.

Þegar Sigrún var ung að árum vann hún í frystihúsi úti á landi yfir sumartímann. Þá gerðist það eitt sinn að vinkona hennar var að fara í mat þegar vinnufélagi hennar króaði hana af í einu skotinu og fór að káfa á henni. Hann sleppti stúlkunni vegna þess að hún hrópaði á hjálp; hann reyndi að þagga niður í henni en gafst að lokum upp.

Stúlkan sagði Sigrúnu frá þessu og varð hún ill fyrir hönd vinkonu sinnar og sagði við hana: Ég ætla að launa þessu manntetri lambið gráa svo hann gleymi aldrei þeirri niðurlægingu sem þú varðst fyrir. Já, og ég skal svo sannarlega hjálpa þér

við það, sagði vinkona hennar. En hvað eigum við að gera? Það færðu að sjá á eftir og ég verð ein um þetta en þú horfir á.

Sigrún beið með aðgerðir sínar fram á miðjan kaffitíma þá stóð hún upp frá borðinu og gekk til pilsins þar sem hann sat við eitt borðið. Hún spurði hann hvort hann vildi ekki káfa á sér í einhverju skotinu. Hann glápti fyrst á Sigrúnu undrandi og sagði síðan: Ert þú eitthvað rugluð, skessa?, ég mundi ekki vilja snerta á þér þó mér væri borgað fyrir það. Það var einmitt svona svar sem hún hafði búist við frá honum. Sigrún rétti fram hendurnar greip um axlir hans og kippti honum upp úr sætinu og skellti piltinum með sniðglímu á gólfið. Hann vissi ekki sitt rjúkandi ráð fyrr en hann lá kylliflatur með bakhlutann á gólfinu og Sigrúnu klofvega ofan á sér og snéri bakinu í hann. Hann áttaði sig ekki fyrr en hún var að hneppa niður um hann. Hann spyrnti á móti eins og hann gat en til einskis. Skyndilega lá hann berstrípaður að neðan með lafandi tippi, hún snéri honum við og rasskelti hann nokkrum sinnum. Þegar hann loksins slapp frá henni dreif þessi piltur sig í buxurnar og hljóp úr húsinu með tárin í augunum, tók poka sinn og lét ekki sjá sig meira í þessu plássi.

Klukkan var átta að morgni þennan fimmtudag í yndisfögurum og óvenju blíðum septembermánuði. Kjartan var hress sem venjulega þegar hann kom inn í fyrirtæki sitt og gekk að afgreiðsluborðinu þar sem Selma Skúladóttir sat fyrir innan. Góðan daginn. Já, sömuleiðis, en finnst þér ekki veðrið búið að vera dásamlegt?, ég lá í sólbaði á svölunum eftir vinnu í gær og það á þessum tíma, sagði Selma. Kannski eru veðurguðirnir að bæta okkur upp alla þá rigningu sem dundi yfir okkur fyrri part sumars, sagði Kjartan. Eigum við þá ekki að vona að þeir haldi því áfram, sagði Selma brosandi.

Hvað verkefni liggur fyrir í dag?, spurði Kjartan og leit í áttina að tölvunni. Það var einhver Steiner sem pantaði vélina fyrir þremur dögum og vildi fá hana leigða næstkomandi miðvikudag, það var í gær, og sækja nokkra pakka til Akureyrar. Þegar ég sagði honum að vélin væri upptekin á miðvikudaginn lagði hann bara á. Kurteis maður það, sagði Kjartan. Já, eða hitt þó heldur, en hann hringdi aftur nokkru seinna og vildi fá vélina á fimmtudaginn, sem sagt í dag, sagði Selma á meðan tölvan var að leita að viðskiptavininum. Já, hérna er hann. Þessi maður er

austurrískur og heitir Hupert Steiner, fimmtíu og tveggja ára gamall, talar ótrúlega góða íslensku. Hann sagðist þurfa að sækja nokkra mikilvæga kassa til Akureyrar og færi þess vegna með vélinni til öryggis.

Steiner sagðist þurfa að stansa í þrjá til fjóra tíma á Akureyri. Þá sagði ég honum að flugvélin væri aðeins leigð í fjóra, átta eða tólf klukkutíma í senn yfir daginn. Svo sagði ég honum að hann yrði að greiða einn þriðja af leigunni til staðfestingar. Hann valdi þá þann kostinn að leigja flugvélina í átta klukkutíma. Steiner kom samdægurs og greiddi leigugjaldið. Strákarnir byrjuðu strax klukkan hálf átta í morgun að taka sætin úr vélinni. Þeir skilja eftir fjögur sæti. Ég hringdi í verkstjórnann rétt áður en þú komst og kannaði hvort þeir væru byrjaðir.

Það er mjög gott mál. Er Sigrún mætt á staðinn? Já, hún er inni í kaffistofu. Segðu henni að ég ætli að fara með í þessa ferð, en ég þarf fyrst að ganga frá nokkrum pappírnum. Ég verð inni á skrifstofunni þangað til ég fer. Og þú passar upp á tímann ef ég gleymi mér yfir þessum pappírnum.

Kjartan og Sigrún voru mætt klukkan hálf tíu til að gera flugvélina klára. Rétt fyrir tíu kom farþeginn gangandi upp tröppurnar og settist inn í vélina. Áður en flugvélin undirbjó sig til flugtaks fór Sigrún úr stjórnklefanum inn í farþegarýmið með bros á vör eins og til að hafa þetta persónulegra en venjulega, þar sem hann var eini farþeginn.

Góðan daginn, Hupert Steiner og vertu velkominn um borð, við vonum að það fari vel um þig á leiðinni. Steiner leit upp úr skjalabúntinu, sem hann var rétt byrjaður að lesa. Hann var með bros á vörum sem náði ekki til augnanna. Hann svaraði, ég á ekki von á öðru. Þegar Sigrún horfði á hann sá hún í djúp dökk köld augu. Hún reyndi ekki að tala meira við hann. Svo hún fór með þessa venjulega rullu um talkerfið fyrir hann sem flugstjórinn er vanur að fara með og yfirmönnum er skylt að gegna fyrir flugtak.

Hupert Steiner er hár grannur, fögur í andliti og mjósleginn, langleitur, með snyrtilega klippt yfirvaraskegg og hökutopp sem huldi mjóslegna hökuna. Augun dökkbrún, djúp og hvöss. Stuttklipptur og svarthærður með kónganef, munnurinn lítill og þunnar varir, röddin dimm og sterk. Hann kunni að klæða sig því fötin fóru honum mjög vel. Brúnar buxur, grá-yrjóttur sportjakki, hvít skyrta og svartir

skór. Steiner hefur þjálfað sig í aga. Þeir sem þekkja hann, hræðast hann vegna skarpskyggni hans á mannlega þætti, hversu vel hann les atferli og hugsanir manna og hvernig hann notar sér þessa glöggskyggni sér til hagsbóta.

Steiner er furðu forspár og valdið geislar frá honum. Hann vill ekki að fólk skyggnist inn í hugarfylgni sitt, felur sig þess vegna á bakvið andlitsgrímuna sem hann hefur tamið sér gegnum árin og gengur dags daglega með. Steiner er siðlaus maður slóttugur og framgjarn og hefur mörg morð á samviskunni sem hann lætur undirmenn sína fremja.

Sigrún fór aftur inn í flugstjórnarklefan lokaði á eftir sér og settist í sætið sitt. Þá var flugvélin kominn að enda brautarinnar og Kjartan var að snúa henni til flugtaks. Síðan þuldi Kjartan upphátt það sem þurfti að gera jafnóðum og hann hreyfði takkana. Sigrún hélt á listanum og staðfesti það rétt sem hann sagði og gerði. Síðan brunaði flugvélin af stað og lyftist frá vellinum og klifraði nokkuð bratt upp í gegnum loftið blátt í vesturátt. Hún tók stóran sveig og smá hækkaði sig upp í sex þúsund fet og stefndi í norður yfir Hvalfjörð, flaug síðan yfir Skarðsheiði og tók stefnuna á Akureyri.

Skömmu eftir að Sigrún var sest sagði hún: Ég verð nú að segja að þessi farþegi okkar er ekki ræðinn. Í raun efast ég um að hann hafi viljað hlusta á það sem ég sagði þar sem hann taldi greinilega að ég væri að trufla hann. Kjartan leit brosandi til Sigrúnar og sagði það er engu líkara en Hupert Steiner fari eitthvað í taugarnar á þér.

Maðurinn leit upp úr skjölunum sem hann var að lesa um leið og ég yrti á hann og varð mér hverft við. Ég held ég hafi aldrei séð svona sviplaust andlit fyrr eða þá svona hvössu augu sem hreinlega stungust í gegnum mig og virtust segja mér að fara sem skjótast í burtu. Ég mundi segja að hann væri sérlega fráhrindandi maður, sagði Kjartan glettinn.

Eftir eðlilegan tíma flaug Kjartan vélinni norður fyrir land út og yfir Eyjafjörðinn sem er langur fjörður og fagur en fjallshlíðarnar eru frekar gróskulitlar. Eyjarfjarðaráin rennir í norður gegnum miðjan dalinn, meðalbreið og lygn. Þetta er gróskumikið landbúnaðarsvæði fyrir nautgriparækt. Akureyrabær er á fögru bæjarstæði. Hann er fjölmennasti bær norðurlands og nokkurskonar höfuðbær

norðan fjalla. Þessi bær er sérlega snyrtilegur, eins og ein þýsk ferðakona sagði við einn blaðamann hjá fréttablaðinu Degi: bærinn er eins og nýþveginn með sápu.

Kjartan flaug hálfan hring um fjörðinn norður fyrir flugvöllinn og beindi vélinni til lendingar. Eftir litla stund voru þau lent. Eins og jafnan yfir sumartímam er mun hlýrra á Norður- og Austurlandi en á suð-vesturkjálkanum. Þessi dagur var óvenju hlýr.

Kjartan fór út úr flugstjórnarklefanum og sagði við Steiner þegar hann gekk fram hjá honum: Jæja, nú erum við lent á Akureyrarflugvelli. Hann gekk að útgöngudyrnum og opnaði þær, þegar stiginn var kominn upp að. Kjartan var sammála Sigrúnu um að þessi maður vær ekki sérlega viðkunnanlegur. Þegar Steiner hafði sett allar arkirnar í skjalatöskuna gekk hann að útgöngudyrnum, framhjá Kjartani. Þá stoppaði hann á stigapallinum, snéri sér að honum og sagði: Það eru fimm trékassar merktir STS fjallvegur Reykjavík. Þú sérð vonandi til þess að það séu réttu kassarnir sem fara með þessari flugvél. Það verður örugglega gert og við munum sjá til þess, svaraði Kjartan kurteislega.

Þú bíður hér þar til ég kem aftur eftir um það bil þrjá til fjóra klukkutíma. Það verður ekkert mál en við munum bíða í kaffistofunni sem starfsfólk hefur. Það væri gott ef þú gætir látið okkur vita á einhvern hátt nokkru áður en þú vilt leggja af stað.

Nokkru seinna komu fimm trékassar á vagni sem dreginn var af litlum bíl og tveir menn með. Kristján sem er bílstjóri og Óskar báðir rúmlega tvítugir, snaggaralegir drengir, báru kassana upp stigann og inn í flugvélina. En Kjartan og Sigrún sáu um að kassarnir væru settir á réttan stað vegna hleðslunnar. Einnig athuguðu þau hvort kassarnir væru rétt merktir. Þegar annar kassinn kom inn í vélina sagði Sigrún svolítið undrandi: Þessi kassi hefur komið með flugi frá Austurríki hingað til Akureyrar. Er það ekki svolítið sérkennilegt, fyrst hann á að fara til Reykjavíkur? Jú ég mundi segja það, sagði Kjartan.

Fyrstu fjóra kassana gekk vel með, en þegar drengirnir voru að bera fimmta kassann upp stigann og Kristján var að stíga á efsta pallinn, lyfti hann vinstri fætinum ekki nægilega hátt og steig þess vegna á kantinn á pallinum og rann aftur

á næsta þrep. Þetta varð til þess að Kristján missti hægri hendi af efri brún kassans, þá hallaðist kassinn til hægri og lagðist á handriðið og datt síðan fram af og niður á malbikaðan völlinn.

Kjartan og Sigrún litu hvort á annað þegar þau heyrðu skellinn. Hvað var nú þetta?, spurði Sigrún Ætli strákarnir hafi ekki misst kassann niður. Þau fóru í dyragættina og sáu að kassinn lá fyrir neðan stigan. Eitt hornið á kassanum hafði lent á malbikinu í fallinu og við það brotnuðu nokkrar fjalir. En strákarnir stóðu stjarfir í stiganum. Þegar Óskar sá Kjartan spurði hann hvort innvolsið væri brotið. Veit það ekki, en trúlega hefur ekkert skemmst. Þetta er einangrað með þykku harðplasti eins og þú getur séð, þar sem spýturnar eru brotnar. Við verðum samt að athuga það. Svo sagði hann við Kristján með mildri röddu þar sem pilturinn var greinilega miður sín: Farðu inn á lager og náðu í kassajárn, hamar, nokkra þriggja og hálf tómmu nagla, 3/4 tómmu fjalir og lista sem er ein og hálf tómma á kant.

Á meðan þau biðu eftir bílstjóranum sá Kjartan að kassinn sem brotnaði kom einnig frá Austurríki eins og kassinn sem komin var inn í flugvélina. Þá sagði hann við þau tvö sem biðu: Það þurfti svo sem auðvitað að vera þessi kassi, það gæti ekki verra verið ef eitthvað er brotið í kassanum.

Eftir stutta bið kom bílstjórinn með verkfærin og spýturnar sem Kjartan bað um. Kassinn var rúmur metri á kant og um fimmtíu sentimetrar á þykkt. Kjartan losaði allar brotnu spýturnar. Einnig losaði hann frá eina þverslána sem hafði brotnað.

Hvaða fyrirbæri er nú þetta?, spurðu drengirnir þegar þeir horfðu ofan í kassann og sáu mjög fallega stytta en sérkennilega. Kjartan var ekki síður undrandi, þar sem hann hafði litla þekkingu á trúarbrögðum almennt. Hann var ekki trúhneigður. Þetta er líkan af goði djöflatrúarmanna, sagði Sigrún og var ekki síður undrandi en þeir að sjá þetta í kassanum og hugsaði margt.

Styttan var gyllt og Kjartan taldi að væri brennd með gulli. Styttan var ekki létt í meðförum þegar hann hreyfði hana til. Höfuðið var af geithafri með tvö stór hálfbogin horn með kvenmannslíkama niður fyrir brjóstin.

Styttan var skorinn í sundur rétt neðan við brjóstin og fimm holur með jöfnu millibili voru boraðar í kantinn undir styttni. Þessar holur eru greinilega stýringar fyrir neðri helminginn sem er ábyggilega í hinum kassanum, sagði

Kjartan krjúpandi yfir líkneskjunni, meira við sjálfan sig en hin þrjú sem stóðu yfir honum furðulostin. Á meðan var Kjartan að athuga hvort hún væri óskemmd. Er allt í lagi með hana spurði Kristján kvíðinn. Já, goðið hefur ekkert skemmst, þið getið andað rólega drengir en þið verðið að passa ykkur framvegis sagði hann með ströngum rómi. Hálf tíma síðar var kassinn kominn í sitt fyrra horf og inn í flugvélinu. Fimm klukkutímum og fjörutíu mínútum síðar var flugvélinni lent á flugvellinum í Reykjavík með Steiner innanborðs. Skömmu síðar voru kassarnir fluttir inn á flugvallalager. Skömmu eftir að hleðslumennirnir höfðu komið tröppunni fyrir fast við útgöngudyrnar á flugvélinni og Sigrún hafði opnað þær gekk Steiner út úr vélinni og beinustu leið inn í flugstöðina.

Þráinn Illugason, félagsbróðir Steiner stóð inni í biðstofu flugstöðvarinnar rétt við dyrnar og hvorugur þóttist þekkja hinn þegar Steiner gekk fram hjá honum og þvert í gegnum salinn og út að norðanverðu. Hann gekk í áttina að bifreið sinni sem var á bílplaninu fyrir utan flugstöðina. Hann hafði lagt honum þar fyrir um daginn. Þá sá hann að sendiferðabílinn var fyrir utan lagerinn, eins og hann hafði búist við, fyrst að Þráinn var kominn. Bílstjórinn stóð fyrir aftan opinn kassann á bifreiðinni.

Steiner settist inn í bílinn sinn, sem er nýlegur Volvó og startaði honum í gang. Hann beið litla stund þar til hann sá að lyftarinn hafði komið út af lagernum með alla kassanna fimm á sitt hverju brettinu og setti þau inn í skápinn á bílnum. Þráinn tók á móti kössunum og settist síðan inn í sendiferðabílinn. Þá keyrði Steiner af stað.

3. KAFLI

Tveimur dögum síðar og sumarið er að líða hjá. Það hefur verið með eindæmum gott, hlýtt og milt veður nema í ágústmánuði, þá rigndi mikið. Margir frestuðu sólarlandaferðum sínum til haustsins þar sem sumarið lengdist þá sem því nam og var mun skemmtilegra hjá þeim flestum. En skammdegið verður þá líklegast ekki eins langt og þreytandi.

Það er tuttugasti september og haustið hefur til þessa byrjað vel. Trjágróðurinn er enn í fullum skróða og grasbalar í borginni víðast hvar grænir með gulum sleikjum inn á milli.

Sólin er að setjast til viðar á bak við Snæfellsjökullinn og sólroðinn verður eins og rauðbleikur eldur á himninum við sjóndeildarhringinn. Hann lýsir upp skýjabólstrana og gerir himininn fagurlitaðan og spegilsléttur Faxaflóinn speglar fjöllin umhverfis hann. En mengandi ljóshafið í borginni myndar ljósboga á himninum í myrkri skammdegisins. Þessi birta skyggir það mikið á ljóma stjarnanna að flestar sjást ekki úr borginni. En þetta kvöld sýnir Reykjavík sitt fegursta andlit með mildu og hlýju veðri.

Þó að kvöldin séu mild og fögur í Reykjavík fer það ekki alltaf saman við lífsfyllingu borgarbúa eins og annars staðar á þessum frumlífshnetti sem ekki hefur náð lengra í lífstefnuátt en raun ber vitni, þó tækifærin hafi oftlega gefist. Kannski var Pýþagóras hinn forni einn af þeim fyrstu sem leitaðist við að beina mannkyninu í rétta átt þegar hann hélt því fram að lífið kæmi frá stjörnunum og að jörðin væri hnöttur.

Einnig þeir aðrir spekingar til forna og seinni tíma menn sem komu með nýjar frumlegar og réttar hugmyndir en voru deyddir vegna þessarar þekkingar sinnar og vegna illmennsku og vanþekkingar þeirra manna sem stjórnðu landi og lýð hverju sinni. En það voru trúarofstækismenn sem komu þessum framfarasinnum á bálið, höggstokkinn, eða neyddu þá til inntöku á eitri. Ástæðan fyrir þessari ógæfu var trúarkreddan, fáviskan og illskan sem oft vill fylgja allskonar ofstækismönnum. Þess vegna skapast enn á vorum dögum skin og skúrir á þessum hnetti, sem er tákn um helstefnu.

Það stendur óhaggað sem Sókrates sagði forðum. Eftir því sem maðurinn er skynsamari og veit meira því betri verður hann, ef hann bætir sig ekki er það vegna þess að hann veit ekki nógu mikið.

Starfsmenn á Borgarspítalanum og öðrum slíkum stofnunum hafa margar sorgarsögur að segja, en sem betur fer eru gleðidagar þar fleiri. Því lækna og annað starfslið sem þar vinna óeigingjarnt starf hafa gegnum tíðina staðið sig frábærlega vel.

Þetta umrædda sjúkrahús stendur ofarlega í norðurhlíð Fossvogsdalsins sem er skammt austan við Öskjuhlíðina og kirkjugarðinn sem er sunnan og neðan við hlíðina. En Kringlumýrabrautin liggur samsíða kirkjugarðinum og skammt austan við hann, síðan áfram í gegnum Kópavog og vestur Reykjanesskaga.

Á lyfjalækningadeild, stofu númer átta, er aðeins gert ráð fyrir einu sjúkrarúmi. Í þessu rúmi og stutt frá glugganum sem snýr að Fossvogsdalnum liggur fullorðinn maður um sextugt, fársjúkur og bíður þess að skilja við hrörnandi líkama sinn. Bráðakrabbi hefur dreift sér frá hvirfli og víða um líkamann, sem talin er afleiðing af höfuðhöggi vegna slyss.

Hann barðist fyrst gegn sjúkdóminum með þrautseigju og þolinmæði. Eftir sem áður dreifðist sjúkdómurinn víðar um eitlana í líkama hans og hann hrörnaði jafnt og þétt. Að lokum varð hann að viðurkenna að maðurinn með ljáinn hefði sigrað. Þá tók hann því með sama jafnaðargeði og honum er eiginlegt. Hann fór þess í stað að hlakka til framlífsins; vissan um það var óyggjandi hjá honum.

Gunnlaugur Valgarðsson heitir þessi mektarmaður. Hann er doktor í líffræði og kenndi hana við Háskóla Íslands í mörg ár. Í hjáverkum stundaði hann draumarannsóknir í fjöldamörg ár. Gunnlaugur hélt marga fyrirlestra bæði hérlendis og víða erlendis.

Undirstöðulögmál þessarar kenningar er sambandsskynjun á milli hnatta vegna íleiðslu- og stillulögmálsins sem hann fann gegnum draumarannsóknir. Hann segir að draumar, miðilssambönd, dáleiðsla, hugsunarflutningur, tilfinningaflutningur, sjónflutningur og aðrar sambandsskynjanir falli undir þessi lögmál. Það þýðir að ástand eins heila geti haft þau áhrif á annan heila að sama ástand verði þar. Ef svo er þá getur alveg eins flust frá einum heila til annars það ástand sem samsvarar

mynd í meðvitund þess sem heilann á. Hann hafði skrifað fjórar þykkar bækur sem hann nefnir Framlíf er á öðrum stjörnum og heilmikið af ritgerðum um þetta efni.

Gunnlaugur átti von á Sóldísi dóttur sinni í heimsókn þetta kvöld og meðan hann beið eftir henni leiddi hann hugann sex mánuði aftur í tímann. Það var þremur vikum áður en óhappið varð. Hann var á leiðinni út ganginn eftir kennslu þegar hann mætti Ólafi Höskuldssyni efnafræðingi og myndlistaráhugamanni. Hann hafði heyrt ávinning af dýrmætu málverki sem franskur greifi ætti og kæmi kannski til greina að hann seldi. Þá á hærra verði en talið væri að fengist á uppboði, annars seldi hann það ekki.

Ólafur vissi að sjálfsögðu að Gunnlaugur var málverkasafnari og hafði sagt honum frá þessu málverki til að gefa honum möguleika á að fá þetta málverk ef áhugi hans væri fyrir hendi. Þegar Ólafur hitti vin sinn þarna á ganginum spurði hann Gunnlaug, hefurðu enn áhuga á málverkinu eftir Picasso sem ég sagði þér frá? Ég gæti hugsanlega komið því svo fyrir að þú fengir það ef þú vildir. Já, auðvitað, svaraði Gunnlaugur. Skrifaðu þá ávísun fyrir upphæðinni sem ég sagði þér frá og ég skal sjá til þess að málverkið verður komið heim til þín eftir tvær til þrjár vikur. Ég læt þig strax vita þegar það er komið í hendur mínar, sagði Ólafur. Þú ert alltaf sami snillingurinn. Ég skil ekki hvernig þú ferð að þessu, ég þakka þér kærlega fyrir, sagði Gunnlaugur á meðan hann var að skrifa ávísunina. Þá brosti Ólafur og sagði um leið og hann tók við ávísunni, þú myndir ekki segja þetta ef þú vissir hvað ég tek í umboðslaun. Þá kímndi Gunnlaugur og svaraði, ég er ekki svo mikill rati í þessum málum að ég hafi ekki einhverja nasasjón um það efni. Síðan fóru þeir út í góða veðrið og Ólafur settist inn í bílinn sinn og ók heim á leið. En Gunnlaugur gekk þennan stutta spotta sem var að heimili hans. Hann átti von á nokkrum nemendum sem voru í aukatíma hjá honum.

Það voru liðnar rúmar þrjá vikur þegar hann heimsótti vin sinn til að sækja málverkið. Hann opnaði hurðina á bifreið sinni og sá þá öryggisfallurinn náði upp að þakskeggi. Ólafur hafði sagt honum fyrir tæpum tveimur mánuðum að hann hafi fengið mann til að gera við þakið hjá sér. Hann sá að verktakinn var að vinna upp á vinnupallinum. Gunnlaugur opnaði garðshliðið og gekk í átt að útidyrnum.

Í þann mund sem hann ætlaði að ganga undir pallinn sá hann eina stóra ljósblá stjörnu og vissi ekki meira af sér fyrr en hann vaknaði í rúminu á sjúkrahúsinu með höfuðkúpubrot og brákað viðbein á vinstri öxl. Sóldís dóttir hans sem sat við rúmið þegar hann vaknaði sagði honum að trésmiðurinn sem var að vinna eitthvað við þakið hafi óvart sparkað sleggju fram af pallinum í sama mund og hann kom þarna að.

Hún sagði honum að hann hefði verið heppinn að því leyti að sjónarvottur að slysinu kom strax til að hlynna að honum þar til sjúkrabifreiðin kom. Það hafði ekki liðið nema rúmur mánuður frá slysinu þegar jafnvægisskynið fór úr skorðum. Við rannsókn kom í ljós krabbamein í eitlum á háu stigi. Læknar sögðu honum að samkvæmt rannsókn væri líklegt að upptökin væru frá sárinu sem myndaðist við höfuðhöggið, en þeir skildu ekki hvernig það mætti vera.

Á meðan hann var að hugsa þetta kom að rúmi hans Rósa Beinsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hún var hress og brosti uppörvandi til hans þegar hún sagði, góða kvöldið Gunnlaugur minn, ég er kominn til að mæla blóðþrýstinginn hjá þér. Hann tók undir kveðju hennar og rétti henni handlegginn. Hvernig hefur heilsan verið í dag?, spurði hún um leið og hún dró upp skyrtuermina. Ég hef það bærilegt miðað við allt. En samt leggst það stundum þungt á mig að þurfa að yfirgefa dóttur mína vitandi það að ég fæ ekki að sjá hana næstu áratuginna því hún er mér svo kær. Að öðru leyti er ég sáttur við að yfirgefa þessa ömurlegu jörð þar sem stríð og hatur ræður ríkjum.

Við sem höfum hjúkrað þér á þessu sjúkrahúsi erum undrandi yfir hvað þú varst fljótur að sætta þig við örlög þín, ef við miðum við þá miklu baráttu og þann lífsvilja sem kom fram í öllu þínu atferli og þeirri einkennilegu vissu að þú farir til annarra stjarna eftir dauðann.

Það er ekkert furðulegt frá rökhyggju séð því annað er óskiljanlegt. Fyrst og fremst er öllum lífverum það eiginlegt að berjast fyrir lífi sínu því uppgjöf dregur úr þroska þeirra. Maðurinn er ekki undanþeginn, því hann á að berjast fyrir sér og sínum svo lengi sem honum er mögulegt ef einhver von er til. En þegar maðurinn með ljáinn sigrar þá verður hann að taka því. Það er ekki erfitt þegar maður veit hvað tekur við og hefur lifað sómasamlegu lífi sem flestir hafa gert sem búa hér á

jörðu og fara til betri og ánægjulegri jarðneskra hnatta. Þetta á við sérhvern einstakling.

En hinir sem sækja inn á glæpabrautina fara á mun verri staði en þá sem mannfólkið hér á jörðu hefur skapað sér og sumir hverjir geta lent á hryllilegum stöðum. Að því undateknu að þeir hafi séð sig um hönd og bætt líf sitt af innri sannfæringu áður en en þeir deyja þessum jarðneska dauða. Þá er bara tilhlökkunarefni að takast á við nýtt líf í öðrum og betri líkama, glaður og ánægður á öðrum og betri hnetti.

Hvernig geturðu verið svona viss um þetta? Það mælir gegn viðteknum skoðunum. Ég skal svara þessu með annarri spurningu ef ég má. Já gerðu það endilega.

Ef þú ættir heima í sjávarþorpi og eitt barna þinna vildi verða sveitabóndi, hvernig myndir þú undirbúa hann undir þetta líf? Með því að senda hann til Reykjavíkur? Til Reykjavíkur?, hváði hún undrandi. Nei, auðvitað ekki. Ef hann færi eftir mínum ráðum þá myndi ég senda hann í Búnaðarskólann.

Segðu mér þá hvers vegna erum við að fæðast á jörðu í líkama með þyngd hold blóð og þær álögur sem því fylgir og stendur ekki lengur yfir en í mesta lagi um það bil eitt hundrað ár þegar framlífið varir í þúsund milljónir ára í einhverjum andaheimi sem er andstætt jarðlífinu. Er einhver vitglóra í þessu? Þar að auki er þessi jörð það ófullkomin að ekkert þroskað foreldri, ef það fengi að ráða, mundi vilja börnum sínum svo illt að alast upp á jörðu sem þessari, þar sem helstefnan ræður ríkjum. Svo til viðbótar finnst þér það trúlegt að himnaríki sé svo ófullkominn staður að það geti ekki alið sín börn sjálf, heldur verði að senda þau til mjög óþroskaðar jarðar svo að þau geti lært eitthvað. Mér er spurn: Er þetta skynsamleg trú?

Þér finnst þetta kannski óskynsamlegt. En það er margt sem bendir til þess. Eins og til dæmis þeir sem segjast hafa lifað áður og hafa sannað tilveru sína á þessum tiltekna tíma með staðreyndum sem ekki var hægt að vefengja. Þessar staðreyndir eða upplýsingar sem þú getur um fást eftir öðrum leiðum. Þá á ég við með hugsana-, tilfinninga- og sjónflutningi á milli stjarna. Það er engu líkara en fólk

geri sér ekki grein fyrir þessum hæfileikum lífverunnar að geta haft samband við verur á öðrum stjörnum bæði í vökulífi og draumi.

Mér sýnist, Gunnlaugur minn, þú vera orðin þreyttur á þessu tali, sagði Rósa og klappaði á sængina. Já, ég er það en ég vil samt fara með eina vísu fyrir þig, ef þú vilt? Já, það vil ég endilega. Hvað heitir hún? Heimsljós, svaraði Gunnlaugur.

Á himninum er hnöttur sá (Guða-hnettir)

sem heimsljósið og orkan á
þá gæfuljósið fylgjum vér
ef hann beinist til oss hér.

Og maðurinn vildi ljósið þiggja
svo áþján ekki á hann skyggja
þá dauðinn dynur aldrei á
og dimmur þungi hopar frá.

Þá mun viljinn ávallt veita þér
úr þeim viskubrunni sem orkan sér
og örlög þín þá skráum vér
um ódauðleikann sem verður hér.

Mér finnst þetta skrítið en fallett ljóð þó ég skilji það ekki almennilega. En núna verður þú að hvíla þig svo þú verðir ekki þreyttur þegar dóttir þín kemur. Ég verð að fara. Gunnlaugur lokaði augunum og svaf þó nokkra stund áður en dóttir hans kom.

Þegar Sóldís var sjö ári dó móðir hennar María Pétursdóttir nokkrum mánuðum eftir að hún hafði misst þriggja mánaða gamalt fóstur. Hún forkelaðist, fékk lungnabólgu og röng meðul í meðferð sem leiddi til dauða. Faðir hennar, Gunnlaugur Valgarðsson, sem saknaði móður hennar mikið lét dóttir sína aldrei finna fyrir því og ól hana upp af mikilli alúð og væntumþykju. Hún var honum gleðigjafi enda mat hún föður sinn mikils og fann ekki svo mikið fyrir móðurmissi sínum þegar frá leið.

Sóldís var frá barnsaldri í eðli sínu sjálfstæð, glaðvær, skörp og skynsöm kona. Hún fékk oft sínu framgengt, sem faðir hennar var ekki samþykkur, með þessum hrífandi mætti sem er henni eðlisborin. Hún vissi snemma af þessari hæfni og lærði fljótt að nota hana. En stundum varð faðir hennar að taka af skarið og neita henni. Sóldís vissi að neitun frá föður sínum stóð óhöggud. Þar sem hún bar virðingu fyrir föður sínum tók hún það gott og gilt en átti þó stundum erfitt með það. Faðir hennar hjálpaði henni að þroska sjálfstæði sitt, sjálfsvirðingu og dulræna hæfileika hennar. Hann kenndi henni að meta góðar bækur og góða músík og einnig að spila á píanó einungis sér til dægrastyttingar. Hann sýndi henni fram á að enginn gæti verið sjálfstæður ef það væri á kostnað annarra. Hann reyndist henni mildur og góður faðir þó hún færi oft sínu fram.

Dauði móðir hennar hafði í raun ekki komið henni á óvart því ári áður hafði hún sterkan grun um að móðir hennar ætti stutt eftir. Hún sagði eitt kvöldið við mömmu sína þegar hún átti að fara að sofa: Mamma, þú deyrð þegar ég verð sjö ára. En ekki gera það mamma mín, lofaðu mér því að deyja ekki frá okkur pabba. Svo hjúfraði hún sér að móður sinni og grét. En vissan var yfirsterkari og kannski þess vegna tók hún fráfall móður sinnar svo vel sem raun bar vitni.

Þegar Sóldís var tólf ára gömul var sagt við hana af verndarmönnum hennar: Sálin þín er í líkama sem er musteri þitt. Þér ber að rækta hvoru tveggja betur en fagurskreyttan blómagarð það er þitt að velja og hafna.

Sóldís reyndi að lifa samkvæmt þessu en gekk að sjálfsögðu misjafnlega vel. Hún tók snemma þá afstöðu að neyta aldrei nautnalyfja. Með þeim hætti taldi hún sig lifa betra og öruggara lífi, minna af áhættunni. Einnig yrði hún síður leikfang óráðvendnina manna og mundi síður stunda kynlíf af kæruleysi sem venjulega gerist hjá konum og körlum undir þeim kringumstæðum og skilur aðeins eftir sig særindi eða einhverskonar niðurlægingu. Sóldís vissi sem var að konan lendir oft í þeirri aðstöðu að vera með mikla eftirsjá eftir einnar nætur gaman og mun frekar en karlmaðurinn. Hún taldi ástæðuna vera að konan bæri meiri virðingu fyrir sálu sinni og líkama en karlkynið og það væri í raun ekki eðli konunnar að eðla sig strax eftir fyrstu kynni aðeins fyrir eina nótt. Því oftast sem það gerist, þeim mun kærulausari verður hún og auðveldari að komast yfir hana þegar frá líður.

Þetta taldi hún meðal annars vera ástæðuna fyrir þessari léttúð kvenna ásamt þeirri áráttu að vilja líkjast karlmanninum og fá að vera eins frjáls og karlmaðurinn að þessu leyti. En því miður gefur það konunni ekki sama sálarfrið og karlmanninum vegna þess að það er búið að telja karlmanninum trú um í árþúsundir hvað það sé karlmannlegt að leyfa sér án hafta að lifa með sem flestum konum.

Sóldís taldi einnig að ef það væri svona mikill heiður fyrir karlmanninn, sem hún taldi ekki vera, þá ætti fagra kynið einnig að hljóta þennan heiðursess fyrir það sama, en svo er ekki í reynd, það er eitthvað bogið við slíkt siðferði. Hún taldi jafnvel að konan dæmdi kynsystur sínar til muna meir fyrir slíkt lauslæti en karlmaðurinn gerði að meðaltali. Það finnst henni athyglisvert og segja henni margt um hug kvenna til sjálfra síns að þessu leyti þó að það sé málum blandið.

Ástin og kærleikurinn varð að vera með í hennar huga til að gott og ánægjulegt ástalíf gæti skapast á milli karls og konu. Þá magnast lífkrafturinn hjá þeim báðum og það skilar sér í því að þau verða ánægð og endurnærð í lokin. En hitt er annað mál að það geta komið upp það sterkir kynferðislegir straumar á milli kynja að þau ráða ekki við löngun sína og hefja ástarlífið svo fljótt sem auðið er. Við því er ekkert að gera.

Litlu seinna var aftur sagt við hana. Mundu alltaf að gera aldrei neitt sem þér finnst ekki vera rétt. Þar sem Sóldís tileinkaði sér þessa heimspeki tímanlega var mun auðveldara að fylgja henni en annars hefði verið, þó misbrestir kæmu stundum þar á.

Sóldís skildi það snemma með hjálp föður síns að hún yrði að mennta sig, tileinka sérábyrgðartilfinningu og að bera virðingu fyrir sjálfri sér. Þá fyrst gæti hún orðið frjáls með skýra, sjálfstæða hugsun. Þá ætti hún mun auðveldara með að hafna og velja það rétta. Það vildi stundum brenna við þegar hún var ung að skemmta sér með félögum sínum og vinkonum á dansleik að einhver aðkomumanneskja sem kom í hópinn sagði við hana með hæðnistón og stundum fyrirlitningu: Þú ert bæði félagsskítur og fanatísk.

Í þetta sinn var það stúlka, jafnaldri Sóldísar, sem Ólöf heitir. Þá var Sóldís sautján ára að aldri að skemmta sér á balli nokkuð snemma kvölds. Annars er hún

ekki vön að svara slíkum hnityrðum. En Sóldís geðjaðist ekki að þessari stúlku og sjálfsagt hefur það verið gagnkvæmt.

Mér er nú nokkuð sama þó að þú teljir mig félagsskít og fanatíska. En ég vil líka segja þér annað; sá maður er talin vera fanatískur sem er gegn meirihlutanum burtséð frá því hvort það er rétt eða rangt. Þannig er mál með vexti góða mín að ég tel það mun happadrygra og vitlegra að skemmta sér án vímuefna. Hvað þykist þú eiginlega vera?, sagði þá Ólöf. Þá sagði Sóldís það er eitt víst á meðan ég smakka ekki slíka ólyfjan er miklu síður hætta á að ég lendi í einhverju sem ég síðan iðrast daginn eftir. Hvað, ertu ekki sterkari á svellinu en þetta?, hefurðu svona mikið vantraust á sjálfri þér?, sagði Ólöf hlējandi með hæðnissvip. Sóldís gaut augunum til hennar glottandi. Og sagði það þarf að fræða þig svolítið greyið mitt. Allir sem eru undir áhrifum nautnalyfja missa dómgreindina að meira eða minna leyti. Svo gerist það einnig æði oft að vissar vintegundir hafa áhrif á kynfrumur konunnar, þær örvast og dómgreindin skerðist. Þá ræður meira ríkjum frumeðli konunnar en skynsemin. Það sama er með karlmanninn en kyngetan minnkar oftlega við það og hann verður árásgjarnari frekar en konan. Það gerist einnig æði oft að menn fara frekar út í afbrot undir þeim kringumstæðum en annars. Þú ert bara merkikerti sem þykist vera eitthvað, sagði Ólöf hvasst. Sóldís svaraði henni engu og forðaðist hana allt kvöldið.

Sóldís gerði það einu sinni að gamni sínu að spyrja foreldra sem neyttu áfengis, það voru tíu manns. Hvort mundið þið velja, ef þið gætuð stjórnað börnunum ykkar góðlátlega, að þau drykkju vín eða ei? En vissu að sjálfsögðu ekki hvernig þau myndu meðhöndla það. Átta svöruðu strax að þau myndu beina barni sínu frá því að drekka vín. Tveir sögðust myndu kenna þeim að drekka vín. Klukkutíma seinna kom annar af þessum tveimur og sagði við Sóldísi: Ég tek þetta til baka sem ég sagði áðan, auðvitað vildi ég að börnin mín drykkju ekki vín eða neyttu annarra vímuefna. Henni fannst einnig sárgrætilegt hvað mörgu hjúskaparfólki fannst sjálfsagt og eðlilegt að fara makalaus í partí með vinnufélögum sínum þó það væri greinilega ljóst hvað það skapaði mikla hættu á framhjáaldi. En það er eins og tala við heila- og skilningslaust fólk að tala um slíka hluti við flest af þessu ákveðna fólki. Við könnun hefur komið í ljós að framhjáhöld hafa aukist til muna og fylgnin var greinileg á auknum makalausum partíum. Það hefur minnst

með styrk mannsins að gera, aðalorsökin er augljós; dómgreind mannsins minnkar vegna vínsins og frumhvötin ræður ríkjum.

Útkoman var eins og hún vissi fyrir, kannski heldur betri. Að þessir menn sem tala um guðaveigar og að það sé allt í lagi að drekka í hófi í áheyrn barna sinna og annarra ungmenna eru ekki sjálfum sér samkvæmir. Þetta fannst henni segja sér ansi margt um það hversu háskaleg öll vímuefni eru. Henni fannst sorglegt hversu menn í raun dýrkuðu þessi ólyfjan en reyndu að fela sig á bak við það með því að telja sér trú um að það sé allt í lagi að drekka í hófi.

Miðað við þessar forsendur taldi hún að ótrúlega margir sem þekkja áhrifin séu í raun alkóhólistar en með mismunandi mikla löngun. Sumir drekka næstum daglega, aðrir vikulega, enn aðrir einu sinni í mánuði og sumir hverjir á sex mánaða fresti og allir dá þeir vökvann sem guðaveigar. Þó að þeir þekki og viti um afleiðingarnar sem ansi oft vilja koma uppá og þeir ráða ekki við. Þó sjaldan sé drukkið og ég tala nú ekki um ef manneskjan er í tilfinninga miklu uppnámi áður en hann byrjar á drykkjunni. Og ótrúlega margir, hversu mikið eða lítið sem menn drekka, verða þannig innstilltir að þeir fremja eitthvað óheillavænlegt sem þeir annars mundu aldrei gera. Einnig er það sjálfsagður fylgifiskur, svona öðru hvoru, að gista eina og eina nótt í fangaklefa lögreglunnar.

Hún hefur oft tekið eftir því, þegar konan rétt finnur fyrir áhrifunum, þá er það algengt að hún verði tímabundið fallegr og töfrandi, meðal annars vegna þess að hún slakar betur á og þorir að sýnatilfinningar sínar en hún annars hefði gert. Trúin og sjálfsvitundin eykst tímabundið. Þessi öryggiskennd er oftlega fölsk, kynorka hennar eykst sem geislar út frá henni. En litlu síðar samfara meiri drykkju verða þær ófríðari og heimskari í orðum og atferli eins og karlmaðurinn. En því miður verður það varanlegt eftir mislangan tíma og með mismunandi hætti. Það byggist á því hversu snemma ónæmiskerfi hvers einstaklings gefur sig. En það sem henni finnst einnig sorglegt er, hversu margir töldu það ekkert tiltökumál, hvort heldur sem þeir voru undir áhrifum eða ei, þó dómgreind þeirra skerðist tímabundið vegna þessa. Henni fannst óhugnanlegt hversu víðtæk áhrif áfengið og önnur nautnalyf hafa og breyta hugafari þessa ágæta fólks til hins verra, næstum undantekningalaust. Sem kannski er ekki að furða því maður opnar ekki svo bók

eða horfir á bíómyndir að ekki séu sýnt fíkniefni í einhverju mæli með jákvæðum hætti. Jafnvel oft og iðulega í lok barnatíma þegar verið er að halda upp á góðan endi.

Eftir hennar viti og hugsjón sá hún ekki betur en að allir gerðu nægilega mikið af afglöpum þegar dómgreind hvers einstaklings á jörðu hér var í lagi miðað við þroska þeirra og skynsemi. Það kom oft fyrir þegar hún sá yndislegt fólk og jafnvel fólk sem henni þótti vænt um undir áhrifum alkóhóls að hún hugsaði: Hvernig í ósköpum hefur maðurinn efni á því að gera sér leik að því að skerða dómgreind sína vísvitandi og bjóða þar með hættunni heim sem kemur oftlega upp undir þessum kringumstæðum með þeirra eigin aðgerðum eða annarra, sem það í flestum tilfellum ræður ekki við út af dómgreindarleysi sínu?

Sóldís lauk námi í Verslunarskólanum. Lærði síðan nudd og útskrifaðist sem nuddfræðingur þegar hún var tuttugu ára. Fyrst þegar hún hóf feril sinn sem nuddfræðingur lenti hún í ýmsum furðulegum uppákomum. Fljótt eftir námið tók hún íbúð á leigu og fékk uppáskrifað frá eigandanum að hún hefði fullt leyfi til að reka nuddstofu þar með samþykki annarra eigenda íbúða þessa hús. Hún kannaði málið ekki nánar. Eftir nokkra mánaða veru þar var hún kærð til heilbrigðiseftirlitsins; Sóldís ræki nuddstofu í trássi við íbúa hússins. Litlu síðar komst hún að raunverulegri ástæðu kærunnar. Ákveðinn maður sem átti kjallaraíbúðina í þessu húsi var að reyna að selja íbúð, meðal annars vegna auglýsinga í glugga nuddstofunnar. Hann fékk eigendur annarra íbúa í þessu húsi til að skrifa undir kærana. Hún varð fyrir nokkrum fjárútlátum þar sem hún þurfti að loka nuddstofunni og fara úr íbúðinni.

Ári síðar var hún beðin að koma í sjónvarpið og segja almennt frá hæfileikum sínum, til dæmis sagði hún frá því að hún hafði rétt hryggjaliði á nokkrum nuddþegum sínum. Í einu tilfelli voru hryggjaliðirnir tveir á sömu manneskjunni. Fyrsta upphringingin sem hún fékk morguninn eftir var frá formanni stéttarfélags nuddara. Hann sagði henni með þunga í röddu að fimm félagsmenn hefðu hringt í sig fokillir yfir því sem hún hafði sagt í sjónvarpinu kvöldið áður. Hann kvaðst vera sammála þeim í öllum atriðum og hún hafi nánast gert félaginu jafnmikinn

óskunda og ónafngreindur nuddari sem notaði aðstöðu sína til að beita gróflegu áreiti við kvennuddþega.

Það fauk í Sóldísi en hún svaraði eftir sem áður kurteisilega og sagði: Ef ég hef á einhvern hátt gert þessu félagi óleik þá biðst ég afsökunar á því, en ég tek ekki eitt orð til baka af því sem ég sagði þetta umrædda kvöld. Það er einmitt það sem þú átt að gera, svaraði formaðurinn hvasst, og við í stjórninni erum að hugsa um að reka þig úr félaginu. Þá svaraði Sóldís: Ykkur er velkomið að gera það ég mun ekki sakna félagskapar ykkar, kvaddi manninn kurteislega og sleit sambandinu. Ári síðar fékk hún rukkun frá framangreindu félagi, með það sama lyfti hún upp símtólinu og hringdi í ákveðið númer og gjaldkerinn svaraði. Sóldís kynnti sig og sagði síðan við gjaldkerann: Hvernig dettur ykkur í hug að ég vilji vera í þessu fálagi eftir þá uppákomu sem þið buðu mér á síðasta ári. Víð þessi orð hennar baðst gjaldkerinn innilega afsökunar. Sóldís tók það til greina, en kvaðst eftir sem áður ekki vilja vera í þessu félagi. Þau kvöddu hvort annað með kurteisi og slitu síðan sambandinu.

Frá sautján ára aldri þar til hún lauk námi var hún í tveimur ástarsamböndum. Mennirnir yfirgáfu hana báðir af sömu ástæðu. Þeir hræddust þessar dulrænu náðargáfur sem hún hafði og áhuga hennar á slíkum málum. Henni fannst heimurinn vera að hrynja þegar slitnaði upp úr seinna sambandinu og var þó nokkurn tíma að jafna sig. Síðan hefur Sóldís ekki haft áhuga á að leggja lag sitt við nokkurn karlmann. Hún stundaði sína vinnu að kappi og forsjá við að hjálpa og lækna fólk með ótrúlegum árangri. Oftlega kom það fyrir að aðstandendur sjúklinga komu til hennar og báðu hana ásjár, að reyna að hjálpa viðkomandi sjúklingi þar sem læknar höfðu gefið upp alla von. Sumir af þeim hafa staðið upp heilir afsjúkrabeðinu og hún fékk heilmikið út úr þessu sjálf.

Sóldís var á leiðinni til pabba síns þetta kvöld og settist inn í bílinn sinn og startaði honum, en hann fór ekki í gang hvernig sem hún reyndi. Þá reyndi hún við bíl föður síns og það fór á sömu leið. Hún skildi ekkert í þessu og var mikið undrandi þar sem báðir bílarnir voru aðeins rúmlega ársgamli og veðrið svona hlýtt og yndislegt. Bifreiðin sem faðir hennar átti var af gerðinni Volvo en

bifreiðin sem Sóldís á var einnig frá Svíþjóð, af gerðinni Saab. Að lokum gafst hún upp og tók strætisvagn.

Litlu seinna, eftir að Sóldís fór út úr húsinu og hvarf fyrir hornið á ófullbyggðu ráðhúsinu, sem liggur á horninu við Tjarnagötu og Vonarstrætis, steig grannur og meðalhár maður fram fyrir bifreið sem hann hafði falið sig á bak við þegar Sóldís slökkti ljósin í húsinu um leið og hún fór út. Hann gekk rakleitt inn um garðshliðið að útidyrhurðinni þar sem Sóldís bjó, opnaði hurðina með stálþynnu. Þessi óvelkomni maður var með rauða liðaða hárkollu, rauðar augabrýr og virtist búlduleitur þar sem hann hafði troðið upp í sig tvo bleiklitaða kinnapúða sem honum fannst mjög óþægilegt að hafa. Um leið og hann opnaði dyrnar brosti hann með sjálfum sér yfir því að Sóldís hefði ekki fattað hvað var að bifreiðunum. Hann hafði tekið hamarinn úr kveikjunni á báðum bílunum. Þessi ókunni maður sem lesendur eiga eftir að kynnst betur var með stóra víða brúna tösku í hendinni sem tók töluvert í.

Þessi náungi fór rakleitt upp á loft inn í bókaherbergið og byrjaði strax að leita í bókahillunum. Rauðhöfði fann fljótt bækurnar sem hann leitaði að þar sem skipulag á öllu var gott þarna inni. Hann tók tvö sett sem voru þarna af þessum ákveðnu bókum og setti þær á gólfið. Tók síðan samskonar bækur upp úr töskunni og setti þær upp í hilluna, en hinar sem hann setti á gólfið lét hann í töskuna. Á skrifborðinu voru nokkrar diskettur í þar til gerðu veski sem hann tók án þess að kanna það nánar.

Hann hugsaði með sér að það skipti ekki nokkru máli þó að hann væri með eitthvað annað en hann hafði áhuga á því það yrði enginn til frásagnar um það. Hann setti það í töskuna, náði í aðrar diskettur og setti þær í veskið í staðinn. Síðan kveikti hann á tölvunni og þurrkaði allt út sem þar var. Leitaði síðan í skrifborðskúffunni þar til hann fann skjalabunkann, gerði það sama við þessi skjöl og hann hafði gert við aðra hluti þarna inni. Síðan fór hann um allt húsið til að kanna hvort hann fyndi eitthvað meira af þessu tagi en fann ekkert það sem rauðhaus taldi þýðingarmikið fyrir yfirmenn sína. Fór síðan út úr húsinu og gekk suður Tjarnargötu beygði til hægri við næstu gagnamót, settist inn í bifreið sína

sem var þarna skammt undan. Reif af sér hárkolluna, augnabrúnahárin og kinnpúðanna. Síðan ók hann á í brott.

Síðustu sex mánuði hafa áhyggjurnar hrannast upp jafnt og þétt hjá Sóldísi vegna föður síns. Fyrst vegna slyssins, síðan grunur um að eitthvað óhreint væri í pokahorninu. Sérlega jukust grunsemdir hennar stig af stigi þegar hún skynjaði máttuga illa krafta sem afmagnaði orku hennar og varð öflugra sem frá leið þegar hún var að reyna að hjálpa föður sínum, með djúpskynjunarnuddi og heilun. Þá skynjaði hún og sá óljóst að einhver hópur manna voru að drepa föður hennar hægt og sígandi.

Nú var einnig svo komið að hún var ekki viss lengur hvort hún lifði sjálf af út vikuna. Sóldís fann að þessi sömu samtök vildu hana einnig feiga. Það jók verulega á hræðslu og ráðaleysi hennar. Sóldís vissi ekki hvert hún ætti að snúa sér í vandræðum sínum. Hún vissi að enginn af vinum hennar, ættingjum og síst lögreglan tæki hana trúanlega því ekkert benti til annars en að faðir hennar hefði orðið fyrir slysi og upp úr því töldu lækna hans að hann hafi fengið þennan sjúkdóm þó læknum hafi fundist það gerast með óvenjulegum hætti. Ekki mundi það bæta um betur ef hún segði lögreglunni að henni stafaði hætta frá þessum sömu mönnum. En eitt er víst að ég má alls ekki láta grunsemdir mínar í ljós í návist föður míns. Hann hefur nóg á sinni könnu þó hann fari ekki að vera hræddur um mig líka, því hann hefur alltaf tekið hugboðum mínum vel og haft þau sér til viðmiðunar.

Sóldís birtist í dyrunum að sjúkrahvergi föður síns. Hún er meðalhá með ljósbrún leiftrandi augu, örugg í fasi, með smágert vellagað fagurt andlitsfall, kinnbeinahá. Ljósa hárið liggur í bylgjum niður að herðum sem hylur að mestu langan hálsinn. Ljósgráa köflótta skyrtan og brúni jakkinn sem fór henni svo vel, huldi fagurskapaðan barm hennar, granna mittið og stinnan líkamann sem samræmdi sér svo vel. Stutta þrönga svarta pilsíð kom ekki í veg fyrir að limamjúku fótleggir hennar nytu sín sem best og yndisþokkinn geislaði af henni og svo tíguleg var hún að hverri konu væri sómi af.

Þessi þroskaða og yndisfagra mæð gekk inn í sjúkrahvergið með duldar tilfinningar en bros á vörum. Hún sá að faðir hennar var vakandi og feginn að sjá

hana. Að jafnaði tókst henni aldrei að dylja tilfinningar sínar fyrir honum þar sem hann var ekki síður glöggur en hún. En nú var hann of veikburða til að taka eftir þeirri hugarkvöl sem kvaldi dóttur hans.

Þú kemur óvenju seint núna Söldís mín sagði hann þegar hún hafði kysst hann á kinnina. Mér seinkaði vegna þess að hvorugur bíllinn fór í gang svo ég tók strætisvagn hingað. Það er meira en lítið skrítið að hvorugur bíllinn skuli fara í gang, sagði Gunnlaugur. Það má nú segja svaraði Söldís og síðan töluðu þau um daginn og veginn.

Pabbi, ég tók tvö eintök af hverri bók, allar þær diskettur sem varða kenninguna þínar um stjarnlíffræðina og faldi önnur eintök í leynihólfinu í skrifborðinu og fór með hin í bankahólfid sem við höfum í Landsbankanum. Það er í sjálfu sér allt í lagi, sagði Gunnlaugur, en var einhver ástæða til þess? Nei, sjálfsagt ekki en ég gerði það nú samt, svaraði hún kæruleysislega og yppti öxlum. Honum fannst þetta undarlegt en spurði einskis og gleymdi þessu síðan. Síðan kvaddi Söldís föður sinn og kvaðst koma daginn eftir.

Söldís gekk suður Tjarnagötu og átti eftir stutta leið heim. Hún gekk eftir gangstéttinni meðfram tjörninni. Götuljósín köstuðu geislum sínum yfir götuna og eitthvað út í tjörnina þar sem lágur trjágróður liggur niður stutta brekku. Söldís sem gekk venjulega bein í baki og sjálfsörugg var það ekki núna. Hún gekk niðurlút í þungum hugleiðingum og tók lítið eftir umhverfinu eða hlýrri sjávargolunni sem lék létt og milt um vanga hennar. Unga stúlkan gekk nokkuð hratt í samræmi við hugsanaferli sitt því henni fannst sárt að missa föður sinn á svona illskettan, ljótan hátt og geta ekki brugðið við fæti.

Rétt um það leyti skynjaði hún rödd sem sagði við hana: Hægðu á þér, hjálpin er á næstum grösum. Þegar Söldís heyrði þessi orð vissi hún hvaðan þau komu, hægði strax á gönguhraðanum og var strax þess meðvitandi að einhver hjálp var í vændum, en vissi ekki hvaðan eða frá hverjum hún kæmi. Eftirtekt hennar á því sem var að gerast í kringum hana varð meiri fyrir bragðið. Hún sá mann standa á lengdar við Tjarnarbakkann og horfa út á tjörnina. Einnig sá hún bifreið sem var ekið norður götuna á móti þeim. En um það leyti sem hún gengur framhjá manningnum tekur hún eftir því að ökumaðurinn í þessum bíl sveigir skyndilega

hægri upp á gangstéttina eykur ferðina, stefnir á sig og ljósgeislar bifreiðarinnar blinda hana. Hún stirðnaði upp af hræðslu og gat engri björg sér veitt og sá dauðann á næsta leyti.

4. KAFLI

Það var sólarhring eftir að Kjartan lenti flugvélini sinni á Reykjavíkflugvelli með Steiner innanborðs þegar einkennilegur óróleiki og kvíði heltók hann þar sem hann var að elda kvöldmatinn sinn. Þegar frá leið jókst þessi óróleiki frekar en hitt og hann skildi ekkert í þessu. Þegar klukkan var langt gengin í tíu, gat hann ekki haldist við inni, slökkti á eldavélinni og ákvað að fara út að ganga til að fá sér frískt loft og vita hvort þessi kvíði líði ekki hjá.

Kjartan á heima við Sólvallagötu. Hann gekk götuna á enda yfir á Skothúsveg, síðan áfram yfir tjarnarbrúna, norður með vatninu og stansaði við tjarnarbakkann miðsvæðis frá brúnni. Hann horfði áfjölbreytt fuglalífið á vatninu ásamt ungunum sem elta mæður sínar og hafa engar áhyggjur af lífinu, en það er á annan veg farið með móðurina, hún fylgjast með ungvíði sínu. Þar eru fjöldinn allur af öndum, gæsum og máfum en það er færra af hinum fögru stóru fuglum sem bera sig að á sundi eins og tignarleg fley sem skriða eftir sjávarfletinum með vindinn í seglin. Þessi glæsilegi fugl er að sjálfsögðu álftin; meirihlutinn af þeim er með sinn vestræna hvíta lit en fáeinir eru blandaða svarta kyninu frá Ástralíu eru þess vegna svartgráar á lit.

Kjartan naut þess að vera í nærveru við dýrin, oft þegar tækifæri bauðst skrápp hann um helgar í sveitina til vinfólks síns og tók þá einstaka sinnum gott helgarfrí frá atinu í Reykjavík og naut lífsins í sveitasælunni. Alltaf einu sinni á ári sá hann um búíð fyrir vin sinn í viku eða tíu daga og stunum mánuð á meðan þau hjónin fóru í sumarfrí.

Núna leið honum mun betur, óróinn og eirðarleysið næstum horfið. Eftir stutta veru þarna ætlaði hann að leggja af stað frá tjörninni, þá kom skyndilega þessi sami órói yfir hann svo að hann snéri sér aftur að henni þar sem Kjartan taldi víst að vatnið og fuglarnir hefði svona góð áhrif á sig. En skildi eftir sem áður ekkert í því af hverju honum leið svona skringilega þar sem hann hafði enga ástæðu til að kvíða neins. Allt hefur gengið honum í haginn að undanfögnu.

Kjartan furðaði sig einnig á því af hverju hann hafði farið þessa leið því vani hans var að ganga austanvert við tjörnina í norður að enda hennar og horfa þar á

fuglalífið. Hann hafði nefnilega lesið um það, að þegar menn væru á ferðinni annars hugar, þá færu menn þá leið sem þeir væru vanastir en nú hafði hann ósjálfrátt fellt þá kenningu. Jæja, þetta sýnir einungis að maðurinn fer ekki alltaf eftir einhverjum kennireglum, hugsaði hann. Þarna stóð hann í ljósbirtunni að kvöldlagi og horfði á ljósið speglast í sléttu moldlituðu vatninu sem var þakið lífríki og gróðri.

Skáhalt niður að vatninu var lágvaxinn birkigróður og úti í miðri tjörninni voru tveir litlir varphólmar norðan við brúna, annar hólminn minni. Þarna verpa fuglarnir og unga út hnoðrum sínum og það gera kríurnar einnig. Á hverju ári gera mávarnir innrás á tjörnina og vilja taka hana með látum af kríunum en þær verjast sem endranær með kjafti og klóm og sinni rómuðu flughæfni. En um vorið fyrir tveim árum var tvísýnt um tíma hvernig færi og mávarnir ætluðu sýnilega að ná undirtökunum. Borgarbúar voru orðnir örvæntingarfullir um hag þessara snotru vængfimu fugla á tjörninni. Það var skrifað og ráðgert í blöðum hvað væri til ráða. En kríurnar svöruðu með því að taka sig á, sigra og hrekja mávanna á brott en það var einungis tímabundið. Ári síðar sigruðu mávarnir að lokum, þeir komu aftur að hausti, þegar kríurnar flugu af landi burt, settust að á tjörninni í stórum hópum í áhyggjuleysið þar sem maturinn er öruggur og vís. Þegar kríurnar komu aftur að vori snemma í maí voru mávarnir þar fyrir svo fjölmennir að kríurnar reyndu ekki að hrekja þær á brott. Nú lifa þessar tvær tegundir í sátt og samlyndi, flögrandi og syndandi á tjörninni ásamt hinum fjölmennu tegundunum.

Þegar Kjartan hafði staðið þarna góða stund tók hann eftir fallegri stúlku sem gekk meðfram tjörninni í áttina til hans. Hann sá að hún var greinilega eitthvað niðurdregin og leið sjáanlega ekki vel. Hann skaut augunum öðru hvoru til hennar, því vöxtur hennar og yndispokki var áhrifamikil sjón. Hún nálgadist hann með mjúkum, fagursköpuðum limaburði. Þegar hún var um það bil að ganga framhjá honum þá tók hann eftir bifreið sem var ekið með ofsahraða í áttina til hennar.

Sunnanvert á Tjarnargötunni var dökk Mazda bifreið. Undir stýri sat eigandinn, rúmlega tvítugur drengur með starandi augu og fjarræn, greinilega í annarlegu ástandi. Þegar hann sá þessa fögru ljóska koma gangandi inn eftir Tjarnargötunni myndaðist einskonar tómléiki hjá honum. Svo var eins og það rofaði eitthvað til í

hausamótum hans, hann varð litlu síðar ergilegur yfir að þurfa að framkvæma þessa skipun sem hann skynjaði í höfði sínu. Því samviskan hrjáði piltinn, varnarventill sálarlífsins herjaði á allan líkama hans svo hann var ekki eins viss um að hann ætt að koma þessari stúlku fyrir kattarnef. Þá sagði röddin við hann: Mundu það að tilgangurinn helgar meðalið og þér er ætlað að bjarga heiminum undan oki guðstrúarinnar sem er tilbúningur í huga mannanna. Þessi stúlka verður að hverfa af þessari jörðu því Satan vill það og þér er ráðlegra að fara að hans óskum, annars fer illa fyrir þér.

Augu hans urðu meir og meir stingandi og trylltari, andlitið varð grettið og ljótt á þessum myndarlega dreng, eftir því sem hann varð ákveðnari í að fremja þetta óhæfuverk, síðan heyrði hann í röddinni aftur: Þeir sem þykjast eða telja sig trúá eitt hvað guðlegt og halda sig fá lækningakraftinn frá guðlegum verum vaða í villu, því það er Satan sem stjórnar og ræður heiminum, þess vegna er betra að gera það sem hann vill og hafa hann góðan. Faðir hennar er að deyja vegna vilja hans, því þessi maður setur sig á háan hest upp á móti meistara okkar með því að boða einhvern sannleika um guðlegan mátt sem er ekki til. Þessi stúlka sem þú sérð mun feta í fótspor hans ef hún verður ekki þurrkuð út af þessari jörð. Þeir sem bera slíkar kjaftasögur á borð eiga ekki rétt á að lifa, það er skipun frá myrkráhöfðingjanum. Þá sagði pilturinn upphátt við sjálfan sig með trylltri röddu: Já, það vita allir skynsamir og heilvita menn að guð eða guðlegur máttur er ekki til, því að sá sem öllu ræður er Satan sjálfur. Til að geta lifað sómasamlegu lífi er aðeins eitt ráð til, það er að hafa djöfulinn góðan.

Hann steig út úr bifreiðinni og setti breitt skorið bíslönguband yfir númeraspjaldið að aftan, settist síðan aftur inn í bíllinn og beið litla stund eftir rétta augnablikinu og ók síðan af stað fyrst hægt og jók síðan ferðina. Þegar stúlkan var að nálgast manninn sem stóð við tjörnina setti hann á háu ljósina á og steig bensínjölfina í botn. Þessi kraftmikla bifreið kipptist til og var komin á feiknaferð eftir örskamma stund. Ökumaðurinn beygði skyndilega upp á gangstéttina og stefndi á stúlkuna og hann sá hana fyrir sér liggjandi steindauða annað hvort á gangstéttinni eða úti í tjörninni. Hann glotti grimmdarlega.

Þegar Sóldís var að ganga framhjá Kjartani heyrði hann í bifreiðinni og sá útundan sér að hún kom þjótandi á fleygiferð upp á gangstéttina og stefndi að þeim. Ósjálfrátt þreif hann í Sóldísi og kastaði sér með hana í fanginu út í tjörnina, þau rétt sluppu frá bílnum.

Í hræðslunni fann Sóldís að hún tókst á loft og hentist í gegnum trjágreinarnar út í vatnið og lá flöt á botninum í fanginu á Kjartani. Hann sleppti henni ekki strax. Hún barðist um í örstutta stund áður en hún gat staðið upp. Hún reisti sig upp í flýti, frussaði vatninu og drullunni út úr sér, leit með angist og hálfugluð á Kjartan, öslaði síðan upp á bakkann, horfði ráðalaus niður á sig og sá vatnið leka stríðum straumum af fötum sínum niður á götuna. Hún vissi eiginlega ekki hvað hafði gerst. Kjartan hafði þotið á undan henni upp á bakkann til að sjá hvaða númer væri á bifreiðinni. Kjartan rétt náði að sjá að þetta var dökkblá Mazda fólksbifreið og að slönguband var yfir einkennistöfum hennar áður en henni var beygt vestur Vonarstræti.

Hann leit á stúlkuna sem stóð við hlið hans og sagði reiðilega: Hverskonar fáviti er þetta eiginlega sem ekur þessum bil? Hann hlýtur að vera dauðadrukkin, svaraði hann síðan sjálfum sér. En af hverju er hann með band yfir númerinu?, sagði hann svo hugsandi. Sóldís horfði litla stund á hann og sagði síðan með andköfum: Þú bjargaðir lífi mínu, ég sá bílinn, það var engu líkara en hann biði eftir mér, hann ætlaði greinilega að keyra mig niður. Það er alla vega einhver ástæða fyrir því að bílstjórinn setti bandið yfir bílnúmerið, svaraði Kjartan henni um hæl.

Svo var eins og Kjartan áttaði sig og sagði: Fyrirgefðu ertu eitthvað meidd. Nei ég er bara drullug og blaut, sagði Sóldís og kímndi, greinilega búin að ná sér. Það var mikið gott, sagði Kjartan. En hefur þú meitt þig eitthvað?, spurði Sóldís. Nei það er allt í lagi með mig, sagði Kjartan. Þá horfði Sóldís blíðlega til hans og spurði hann: Hvernig fórstu eiginlega að því að bjarga mér? Sagði síðan með glettni: Er það vani þinn að henda stúlkum út í tjörnina? Hann svaraði um hæl: Nei, aðeins greindum og fagursköpuðum stúlkum eins og þér í þeirri von að ég fái að kynnast þeim, svaraði hann án umhugsunar og roðnaði um leið þegar hann áttaði sig á því

hvað hann hafði sagt. Það fer ekki á milli mála að þetta er áhrifamikil tilraun en ekki veit ég hver árangurinn verður hjá þér, sagði hún og þóttist setja upp snúð.

Þau horfðust í augu stundarkorn. Hún sá gjörvulegan og háan mann fyrir framan sig; herðabreiðan, niðurmjóan og vöðvastæltan. Dökkhærður, sviphreinn með blíðleg, blágrá augu. Andlitsfallið var laglegt og traustvekjandi. Henni varð hverft við yfir því sem hún skyndilega skynjaði, leit undan og það kom örlítill roði á vanga hennar. Kjartan sá yndisfagra stúlku, þó hún væri gegndrepa og ljósa hárið slétt og klístrað. En sólbrúna andlitið hennar með leiftrandi ljósblá, en dulúðug augu og geislandi bros, hún heillaði hann gersamlega. Það fór sælukenndur straumur um líkama hans. Kjartan var undrandi yfir þeim áhrifum sem hún hafði á hann og hugsaði: Þessari stúlku vil ég kynnast betur.

Hann hafði á tilfinningunni að hún gæti lesið hugsanir hans, en hann gat ekki slitið sig frá að horfa á andlit hennar fyrr en hún leit undan. Kjartan skammaðist sín fyrir þessa ósvífni, en áhrifin voru sterk á þessum tímapunkti. Hann var fljótur að jafna sig og spurði: Má ég kynna mig? Ég heiti Kjartan Ólafsson. Hún tók í hönd hans og kynnti sig líka. Síðan leit hún niður fyrir sig og sá að þau stóðu bæði í vatnspolli sem lekið hafði úr fötum þeirra af tjarnarbleytunni og drullu og sagði kímín, ég vil nú ekki standa hér í allt kvöld svona rennandi blaut, en þú mátt það ef þú endilega vilt. Nei, það gerum við ekki sagði hann, en ég er ekki viss um að nokkur leigubifreiðastjóri taki okkur upp í bílinn sinn svona útleikin.

Hann var að vona að hún kæmi með einhverja góða tillögu, taldi víst að hún ætti ekki langt heim til sín þar sem hún var gangandi. Ábyggilega ekki, sagði hún brosandí, en þess þarf heldur ekki með, við skulum koma heim til mín, ég á heima í þessari götu hérna skammt undan. Ég læt fötin þín í þvottavélina, á meðan getur þú verið í fötum af föður mínum, mér sýnist þið nota álíka númer af fötum. Þetta var nú það boð sem hann var að vonast eftir og sagði: Ég þakka þér fyrir svo gott boð en er þetta ekki mikil fyrirhöfn? Þetta er nú það minnsta sem hægt er að gera fyrir lífgjöfina, svaraði hún að bragði.

Heimili Söldísar er stórt tvílyft hvítmálað hornhús skammt frá tjörninni með vel hirtum garði. Á neðri hæðinni er tvöfaldur bílskúr og innangengt frá honum í forstofuganginn. Söldís notar hana sem biðstofu fyrir nuddstofuna sem hún starfar

við. Þar fyrir innan er gangur sem liggur samsíða biðstofunni inn í búningsklefann. Þar er salerni, sturta, og gufubað. Frá þessum gangi er einnig gengið inn í nuddstofuna. Upp á efri hæðinni beint af augum frá stigapallinum er stór stofa og á vinstri hönd eru tvö svefnherbergi. Á hægri hönd er salernið og stórt bókaherbergi, eldhúsið er innangengt frá stofunni. Þar er leðursófasett og sófaborð með fagurlegu kínversku munstri og tólf manna borstofusettt í Viktoríönskum stíl. Stórt píanó er út við gluggann. Þar eru dyr út á svalir og eru þær jafn breiðar stofunni. Nokkur málverk þekktra málara hanga á veggjum stofunnar.

Kjartan sat í einum sófastólnum í stofunni og var í fötum af föður Söldísar. Hann hafði þvegið tjarnarskítinn af sér undir sturtunni í baðherberginu á neðri hæðinni. Hann beið eftir Söldísi sem hafði farið í stóra þríhyrnda baðkarið á efri hæðinni. Eftir litla stund langaði hann í kaffi svo hann fór inn í eldhúsið og hellti upp á kaffikönnuna, fór síðan með kaffibollann inn í stofu. Hringdi síðan á lögregluna kynnti sig og tilkynnti síðan um þennan ölvaða ökumann sem hann taldi vera og hefði reynt að keyra sig og vinkonu sína, Söldísi Gunnlaugsdóttir niður. Og sagði honum síðan hvernig það atvikaðist Einnig sagði hann frá að gúmmíband hefði verið á númerspjaldi bifreiðarinnar að aftan. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvort svo hafði einnig verið með númerspjaldið að framan. Varðstjórinn boðaði þau til skýrslutöku á lögreglustöðina við Pósthússtrætið á mánudeginum klukkan tíu.

Hann settist aftur í sófastólinn og drakk kaffið í rólegheitum. Skömmu síðar sá hann skyndilega í hendi sér að það var útilokað að þessi hættulegi ökumaður hafi verið drukkinn. Þetta hefur greinilega verið fyrirfram ákveðið, hugsaði hann. En hvers vegna? Það þótti honum undarlegt og ákvað að reyna að komast að því.

Söldís sat í baðkarinu og naut þess að liggja og slaka á í mátulega heitu vatninu, það róaði hana. Hræðslan sem næstum hafði yfirbugað hana þegar hún stóð þarna frammi fyrir hættunni og beið dauðans í varnaleysi sínu, þegar Kjartan bjargaði henni með óskiljanlegum hætti. Hann hlýtur að vera óvenjulega snöggur og vogaður, því flestir hefðu bara stirðnaði upp og ekki getað gert neitt henni til hjálpar. Það kom mók yfir hana og hún fann það greinilega þarna í baðinu, að þessi ökumaður var sendur frá þessum sömu illu mönnum og eru að drepa föður

hennar hægt og sígandi. Þeir ætluðu einhverra hluta vegna að koma henni fyrir kattarnef eins og þeim var að takast með föður hennar. Hún fann fyrir óhug og hrollur fór um hana alla.

Eftir hennar hugboði var mikil óhugnaður að gerast kringum þau feðgin, en af hverju spurði hún sjálfa sig, eins og svo oft áður. Hana var farið að gruna að þessir menn væru djöflatrúar, það fannst henni í öllu falli þegar hún sá þá í fjarsýn, andlitsfallið sá hún alltaf svo ógreinilega. En ég hef grun um að þetta hafi eitthvað með kenningar hans þabba að gera. Þess vegna hafði hún falið frumritin af öllum bókum hans og skjölum í leynihólfi í skrifborði hans og önnur eintök í bankahólfi Landsbankans. Þá hafði hún ekki beinlínis gert sér grein fyrir hvers vegna það var nauðsynlegt en fann á sér að hún ætti að gera það.

Hver er tilgangurinn með þessu?, það get ég ómögulega skilið, hugsaði hún. Þegar hún fann fyrir þessum mönnum eða sá þá í fjarsýn voru þessir illvirkjar oftast að bauka eitthvað inn í einhverri hvelfingu. Þetta gengur ekki svona lengur, þetta er vonlaust ég get ekki barist ein og óstudd. Ég verð að fá hjálp einhvers staðar að, en þá verð ég líka að segja frá gruni mínum og hver myndi trúá mér, ekki nokkur maður. Það fór hræðslu og hryllingsskjálfti um hana alla og hún grét litla stund. Við það róaðist hún og værd kom yfir hana og hún þakkaði sínum sæla fyrir það að Kjartan hafði verið nógu snöggur til að bjargaði henni undan bílnum tímanlega þá brosti hún og einhver öryggistilfinning fór um hana.

Litlu síðar fann Sóldís að eitthvað illt sótti að henni. Hún var í vafa um hvort hún ætti að hleypa því að sér, en forvitni varð henni yfirsterkari þar sem hún vildi vita fyrir víst hverjir þessir illvirkjar væru. Það gæti komið að því fyrr en seinna að dulskynjunin yrði það skýr. Ef hún hleypti þessu sambandi að sér oftast en hún hefur gert fram að þessu þá fengi hún greinilegri upplýsingar svo hún gæti vitað hvaða menn þetta væru og hvar þeir væru staddir.

Sóldís slakaði á og gaf sig þarna á vald sambandsskynjunar, fyrst sá hún í þokukennndri mynd ljósbirtu frá lömpum sem hékk á veggjum og varð síðan greinilegri. Sóldís gerði sér að lokum ljóst að hún var kominn í fjarsýnissamband við mann sem var staddur í stórri og mikilli hvelfingu. Sóldís gerði sér ekki grein fyrir hversu stór hún var. Það gerði hún ekki heldur í fyrri sambandssýnum. Eftir

Því sem sambandið varð nánara við þennan mann, því meiri tilfinningu fékk hún um hugsanir hans og líkamsstyrk. Henni fannst hún vera mikið þreknari vöðvastæltari og jafnvel hærri en hún sjálf og fjaðurmögnun hans var gífurleg.

Sóldís fann fyrir vonsku mannsins, reiði, ergelsi og innri baráttu hans við að halda tilfinningum sínum í skefjum. Sýnin varð ljósari og hún skynjaði betur tólf manneskjur sem hún sá sitjandi umhverfis líkan af tjörninni og Tjarnargötunni. Þar lá einnig dúkka á bakinu og Sóldís sá greinilega að líktist henni sjálfri. Hún gerði sér grein fyrir að þrettánda maðurinn í þessari hvelfingum var sambandgjafi (draumgjafi) hennar í þessum vökudraumi. Hún greindi hann sem skapstóran og illskeyttan mann sem gat dulið tilfinningar sínar. Sóldísi hryllti við þessu sambandi þar sem henni var fullljóst í sinni vökuvitund að hún var komin í sterkt tilfinninga-, hugar- og sjónsambandi við þennan greinilega vonda mann. Hún sá þess vegna í fjarsambandinu með augum glæpamannsins allt sem gerðist þarna inni og fann jafnframt hvað bærdist í huga hans og tilfinningu. Sóldís hafði það greinilega á tilfinningunni að sambandsmaður hennar væri hægri hönd foringjans.

Djöfullinn sjálfur, hvað var þessi mannfjandi að þvælast þarna og hvernig í fjandanum tókst mannfíflinu að bjarga stelpubjábanum? Þetta er hreint ótrúlegt, sagði lítill þybbinn náungi, ljóshærður, búlduleitur. Hann horfði á sambandsgjafa Sóldísar illur á svipi eins og flestir þeir sem þarna vor staddir. Sambandsgjafi hennar forðaðist að láta sjást svipbrigði á andliti sínu, þó hann væri þungur og illur í skapi. Þetta eru fyrstu stórvægilegu mistök okkar til þessa, en það kemur dagur eftir þennan dag. Þá mega þau hvorugt sleppa, því mér segist svo hugur að þessi maður verði okkur ekki síður skeinuhættur en stúlkukindin nema við stöðvum hann líka.

Sástu hvernig náunginn leit út sem bjargaði henni?, spurði sambandsmaður Sóldísar, þann sem hafði verið í sambandi við Sverrir og stjórnað honum. Nei, því er nú helvítis ver. Sverrir einbeitti sér eingöngu að Sóldísi af svo miklum ákafa og vilja að keyra hana niður og ganga fyllilega frá henni að það var ógerlegt fyrir mig að sjá þennan brjálæðislega mann sem er svona ákaflega fljóthugaður. Þá sagði foringinn, Steiner: Eftir þessi mistök verðum við að bíða rólegir í nokkrar vikur áður en við reynum aftur að koma þessari stúlku í gröfina. Þessi drengur sem

þjargaði henni verður að fylgja henni sömu leið og gerast á þann hátt að lögreglan fái engar grunsemdir um að dauði þeirra sé óeðlilegur.

Sóldís sá þennan mann mjög greinilega. Hann var grannur, dökkhærður með yfirvaraskegg. Sóldís fann að hann hefur stálvilja og treður sennilega öllum sem hann geturum tær sér. Þá sagði draumgjafi Sóldísar: Það er rétt til getið, við ákveðum ekkert um þau mál að sinni. En þegar við látum högg fylgja kviði verður það betur ígrundað en hingað til hefur verið gert. Við vitum það núna að hún er jafn vel varin gegn dulrænum ásóknum og faðir hennar. Við höfum margoft sannreynt það með sambandstengslum við hana en án árangurs. Svo brosti hann og sagði: En það segir ekki endilega að við getum ekki með klókindum ráðið örlögum hennar og komið henni fyrir, að ógleymdum þessum hjálparamni, hver sem hann nú er. Þessi maður getur verið okkur skeinuhættur ef hann fær að lifa. Sóldís sá það að sambandsgjafi hennar brosti breitt við síðustu orð sín.

Í þann mund slitnaði sjón- og hugsanasambandið við Sóldísi sem var bæði fróðlegt og hryllilegt. Hún sat þarna í baðinu litla stund stjörf og ráðalaus. Síðan stóð hún upp úr baðinu og þurrkaði sér fyrir framan stóra spegilinn. Þá kom í ljós yndisþokki hennar og fegurð. Ávölu þrýstnu brjóstin og fallega mjúka sólbrúna húðin sem bylgjaðist eftir líkama hennar samsvaraði sér svo vel. Mildur loftstraumur frá opna baðglugganum lék létt og þægilega um líkama hennar á meðan hún þurrkaði hár sitt með hárburrku. Við það lyftist hárið upp og lá í bylgjum niður á axlir hennar. Hún klæddi sig í græna stutta ermalaus blússu með flegnu hálsmáli og svart pils sem náði rétt niður fyrir mitt læri. Þegar hún hafði klætt sig renndi hún greiðunni yfir hár sitt og málaði sig eilítið. Nú vissi Sóldís líka hvernig hún ætlaði að snúa sér í þessu máli; henni leið betur og jafnvægið var komið í sínar venjulegar skorður. Hún gekk inn í stofuna.

5. KAFLI

Þegar Kjartan leit hana augum fannst honum hún vera óvenju fögur. Þó honum hefði verið boðið að snerta hana á þessu augnabliki er vafi á að hann hefði getað hreyft sig. Honum tókst nokkuð vel á yfirborðinu að dylja hug sinn en þetta fór ekki fram hjá Sóldísi.

Augun sem horfðu á Kjartan og andlit hennar sýndi kátínu og svolitla ögrun. Hún hafði með vilja sleppt brjósthalðaranum. Hann langaði skyndilega að standa upp og faðma hana að sér. Hún settist í sófann og sagði: Ég var kannski óþarflega lengi í baði en ég vona að þér hafi ekki leiðst á meðan. Það er öðru nær ég hef bara haft það notalegt, sagði Kjartan. Ég var nú svo frakkur að hella upp á kaffikönnuna á meðan ég beið, var það í lagi? Auðvitað vertu bara eins og heima hjá þér.

Ég hafði nú reyndar annað fyrir stafni líka. Ég hringdi á lögregluvarðstofuna og tilkynnti um tilræðið. Það var rétt af þér að gera það, hvað sagði varðstjórinn? Þeir eru að leita að bifreiðinni núna, samkvæmt lýsingu minni. En hann taldi næsta víst að hún muni ekki finnast, vegna þess að ég gat ekki gefið greinagóðar upplýsingar.

En við eigum að mæta á lögreglustöðina við Hverfisgötu á móti Hlemmi næsta mánudag klukkan tíu árdegis til að gefa skýrslu. Ég sagðist mundi hringja aftur ef það passaði þér ekki. Það ætti að vera í góðu lagi. Má ég sækja þig í leiðinni, fyrst við eigum að mæta á sama tíma?, spurði Kjartan. Já, gerðu það endilega sagði Sóldís. Hún stóð upp og fór fram í eldhús og náði í meðlæti sem hún lét á sófaborðið og settist í sófann gegnt Kjartani. Það var þögn góða stund og engu líkara en þau vissu ekki hvað segja ætti. Þau drukku kaffið og fengu sér meðlæti. Kjartan var ekkert undrandi þó honum fyndist eins og einhverskonar friður og værd streymdi frá þessari undurfögru konu. Honum fannst það bara eðlilegt, það átti svo vel við hana. Hann taldi ekkert auðveldara en að sitja gegnt henni í þögninni til eilífðar og njóta nærveru þessarar blómstrandu veru.

Sóldís átti mjög auðvelt með að lesa hugsanir hans eins og áður var getið, hvort heldur sem hún horfði á hann eður ei, vissi þess vegna hvernig hann hugsaði til

hennar. Hún var enn að furða sig á þeirri undarlegu skynjun sem hún fékk við tjörnina þegar hún sá Kjartan fyrst, að hann myndi verða lífsförunautur hennar. Það hafði komið henni mjög á óvart, því að hún var alls ekki tilbúin að byrja slíku sambandi. En það hafði allavega komið henni til að roðna.

Sóldís rauf þögnina og sagði: Ég get aldrei fullþakkað þér fyrir að leggja líf þitt í hættu til að bjarga mér frá bana. Ég væri komin yfir móðuna miklu ef þú værir ekki svona óhemjunsöggur og fljótur að hugsa. Blessuð vertu, það er mér sönn ánægja að mér skuli hlotnast sú gæfa að takast að koma þér undan ökuníðingnum. Ég er bæði undrandi og dáist að hversu fljót þú varst að ná þér. Það hefðu ekki margir tekið þessu eins vel og þú gerðir. Gleymdu ekki sjálfum þér, sagði þá Sóldís, ég gat ekki séð að þetta hefði mikil áhrif á þig.

Þá sagði Kjartan: Það er greinilegt og fer því ekki á milli mála, að mér var ekki ætlað að verða fyrir bifreiðinni. Ég stóð það innarlega á gangstéttinni að hann hefði ekki getað náð í mig miðað við akstursstefnu. Mér er því hugleikið hvers vegna þessi maður vildi þig feiga. Fyrst svo er langar mig til að spyrja þig um hvort þú vitir einhver deili á þessum ökumanni? Ég hef ekki hugmynd um hver þessi maður er. En mér er þá spurn hvers vegna gerði hann þetta?

Það hef ég ekki hugmynd um, en eitt tel ég fyrir víst að hann er aðeins verkfæri í höndum manna sem telja að við feðgin séum fyrir þeim. Hvaða ertu að segja? Að einhver vilji ykkur feðgin feig? Jú, því miður er þetta satt. Kjartan horfði með undrun á Sóldísi og trúði henni vart, en gat ekki séð að hún væri að blaðra einhverja vitleysu. Sagði þess vegna: Hvaða villimenn eru þetta og hvers vegna vilja þeir ykkur feig?

Við þekkjum ekkert þessa menn. Hvernig á ég að skilja þetta? Þið eigið illskeytta óvini sem vilja ykkur feig, en hafið ekki hugmynd um hverjir þeir eru. Væri ekki sanngjarnt að þú skýrðir þetta nánar fyrir mér? Það er greinilegt að þú veist eitthvað meira en þú lætur uppi. Það er ósköp eðlilegt að þú skiljir þetta ekki, því ég er á sama báti og þú. Ég veit ekki hvað er í raun að gerast eða hvers vegna þeir vilja drepa okkur, en mín tilgáta er sú að einhverjir vilji okkur feðgin feig vegna kenningar föður míns og hugmynda minna sem er framhald af kenningu föður míns. Ég skil þetta ekki almennilega, hvers vegna eru einhverjir að reyna að koma

ykkur í gröfina út af einhverri kenningu? Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta ótrúlega langsótt. Kjartan var greinilega undrandi á svipinn.

Það gæti verið nokkuð flókið fyrir mig að útskýra það fyrir þér þar sem þú ert þannig hugsandi. Eigum við ekki að láta reyna á það?, sagði þá Kjartan. Ég veit ekki hversu æskilegt það er því það verður ekki trúverðugt í orðum svo ég verð að skýra það út fyrir þér á annan hátt. Ekki er það verra ef þú ætlar að vera með leikræna tilburði, sagði þá Kjartan og hló. Ekki ætla ég beint að gera það. En eftir sem áður ætla ég með þínu leyfi gera dálítið sem þú hefur aldrei séð eða upplifað áður, en sjálfsagt oftlega heyrt um en ekki lagt trúnað á.

Það er nú svo margt sem ég legg ekki trúnað á svo það gætu verið erfið heimatökin fyrir þig að fá mig ofan af því sem mér þykir ótrúlegt nema staðreyndir liggi ljósar fyrir. Þá sagði Sóldís: Ég get allavega lofað þér því að þetta mun koma þér á óvart, þó ekki sé meira sagt. En hvort mér tekst að sannfæra þig það kemur í ljós. Nú fer ég að verða forvitinn, sagði Kjartan og hreyfði sig svolítið til í stólnum. Hann hugsaði jafnframt, það er greinilegt að eitthvað meira vakir fyrir henni en einungis að reyna að sýna mér fram á einhverjar staðreyndir. Hún ætlar sennilega að biðja mig um eitthvað og það vona ég svo sannarlega því hún mun ekki koma að tómun kofanum ef hún gerir það.

Nú vil ég að þú látir fara vel um þig í stólnum, slakir á og bíður hins óvænta í þögninni, sagði Sóldís lágt með ljúfum hreim. Hann gerði sem hún sagði, þá fannst honum eftir skamma stund hann þrýstast meir og meir niður í stólinn og sér til undrunar fann hann einnig hlýja strauma leika um líkama sinn sem og vöktu upp vellíðan og einkennilegar tilfinningar.

Sóldís lokaði augunum slakaði á öllum vöðvum og tæmdi hugann. Smám saman magnaðist orkan í henni og umhverfis hana með hjálp stjórnanda hennar að handan. Þá varð hún enn næmari fyrir umhverfinu og fann meira fyrir Kjartani. Það undraði hana hversu tengslin voru óvenju sterk og opin á milli þeirra eftir svona stutt kynni. Kjartan gerði sér ekki beint grein fyrir því, hann skynjaði það einungis sem ást á henni.

Sóldís andaði djúpt og taktfast með augun lokuð og fylgdist með hvernig orkan hlóð hana upp og gaf henni meiri styrk og máttur hennar magnaðist til muna. Eftir

skamma stund stóð hún upp úr sófanum gekk út á mitt stofugólfíð og horfði stutta stund á hverja mynd fyrir sig sem hékk á stofuveggjunum. Hvert sinn sem hún beindi augum sínum að mynd hreyfðist hún til beggja hliða mjög greinilega í um það bil í fjörutíu og fimm gráður. Síðan settist hún í sófann aftur gegnt Kjartani sem sagði ekki orði. Hann taldi þetta vera töfrabrögð.

Núna beindi hún augunum að undirskálunum sem bollarnir sátu á. Fyrst myndaðist smá titringur á undirskálunum og lítils háttar hreyfing á kaffinu, svo hreyfðust undirskálarnar með bollunum mjög ógreinilega. Síðan mjökuðust bollastellin hægt en greinilega beggja vegna meðfram borðbrúninni út á enda vinstra megin við Sóldísi og stöðvuðust þar stutta stund. Fóru síðan af stað nokkuð hraðar en áður og fóru yfir borðið í kross yfir í hitt hornið. Síðan færðist bollastellið hans Kjartans sem var nær Sóldísi að miðju borðbrúnar hennar og síðan yfir til Kjartans. Stellið sem var Kjartans megin fór yfir borðið í kross aftur til Sóldísar og bollastellin voru komin á sinn fyrri stað.

Meðan á þessu stóð sat Kjartan í stólnum agndofa af undrun og hélt sig vera að dreyma að hún hefði dáleitt hann. En Kjartan fullvissaði sig um að svo var ekki með því að klípa í handlegg sinn. Þá hugsaði hann: Hún er afburða töframaður og gaman væri að vita hvernig hún fer að þessu. Hann fór að íhuga hvaða brögðum Sóldís beitti, fylgdist enn betur með og hafði þá um leið gaman að. Hann sá Sóldísi aðeins hreyfa höfuðið fram og til baka eða til hliðanna að öðru leyti sat hún kyrr í sófanum. Á sama hátt og hún gerði þegar hún stóð á miðju gólfi grafkyrr fyrir framan hverja mynd þegar þær hreyfðust.

Kjartan gat ekki séð snúrur í nálægð við hana eða nokkuð það sem hún hefði hönd á til að hreyfa hlutina með. Sóldís hélt höndunum í kjöltu sér með opin augun og einbeitingin var ósvikin. Litlu eftir að bollastellin voru komin á sinn stað aftur hreyfði hún sig lítils háttar og leit til Kjartans með tindrandi augum og bros á vör eins og til að ögra honum. Eftir skamma umhugsun spurði hann: Hvar lærðir þú þessi frábæru töfrabrögð. Þetta er með því albasta sem ég hef séð. Þau skipti sem ég hef séð töframenn vinna, hefur mig oft langað til að kíkja yfir umráðasvæði þeirra og sérlega aftur fyrir þá og reyna að finna út hvernig þeir framkvæma furðulegustu brögðin sín. Má ég fá leyfi til að kanna stofuna og reyna að finna út

hvernig þú ferð að þessu? Já, gerðu svo vel og gefðu þér góðan tíma, sagði Sóldís með glettni í augum.

Kjartan fór yfir alla stofuna, skoðaði sig um með athugulum augum og hreyfði til hluti en vissi ekki almennilega að hverju hann væri að leita en datt helst í hug að finna einhvers staðar falið band eða einhverskonar hjálpargagn. Hann eyddi drjúgum tíma í að leita en fann ekki það sem hann taldi að gæti haft þennan hreyfimátt á hlutina. Sóldís sat í sófanum, drakk sitt kaffi, kímði og hló öðru hvoru að honum. Kjartan hafði að sjálfsögðu gaman að þessu líka en að lokum gafst hann upp og spurði, hvernig í ósköpunum ferðu að þessu, ég get hvergi nokkur staðar fundið hjálpartæki. Þau hljóta samt að vera hér einhverstaðar, en hvar það er mér hulin ráðgáta. Reyndu ekki að grufla meir í því, sagði Sóldís og fór inn í eldhúsið með hálfan bolla af köldu kaffi sem Kjartan átti og hellti því í vaskinn. Kom aftur inn í stofu og hellti í hitakönnuna nýju kaffi og í bollann hans og síðan í sinn bolla. Kjartan settist niður og horfði á hana hljóður á meðan og hugsaði margt sem hann gat ekki leyst.

Sóldís var í sólskinsskapi og gaf honum góðan tíma til að kyngja því að hann hafði ekki fundið neitt sem benti til þess að þetta hafi verið töfrabrogð. Hún vissi að hann var eftir sem áður ekki ásáttur við þetta. Hann sat í sófanum harla undrandi og hugsaði: Hún er feikilega klók, þessi stúlka, að geta beitt slíkum undarlegum brogðum, en ég skal nú samt sjá við henni og finna út aðferð hennar. Sóldís bæði sá það og fann hvernig hann hugsaði og ákvað að ganga alveg fram af honum til að sjá hvernig viðbrögð hans yrðu.

Hún bað Kjartan að fara inn í eldhús og ná í fullt glas af vatni og setja það á endann á sófaborðinu fjærst stofuglugganum. Hann gerði það og settist aftur gegnt henni. Hann horfði á hana góða stund og sagði: Ég hef sterkan grun um að það liggi eitthvað meira en lítið á bak við þetta allt saman. Nú langar mig til að þú segir mér ástæðuna áður en við höldum lengra með þessa sýningu þína og enga undanlátssemi telja mín.

Ég vil semja við þig, svaraði hún þá, þú gefur mér tækifæri til að reyna að sannfæra þig um að ég er ekki loddari. Finnst þér ekki sanngjarnt að ég fái að hreinsa það af mér, áður en ég segi þér hver tilgangur minn er? Það gæti tekið þig

ár og daga og þá ertu kannski búinn að missa þetta góða tækifæri úr höndum þér til að kynnast mér betur og ég löngu farin á vit framtíðarinnar með þig í huga fortíðarinnar að leita gæfunnar á heppilegum stað. Þá kannski með einhverja unga fagra stúlku mér við hlið, sagði Kjartan kíminn.

Þú tekur þínar ákvarðanir sjálfur og ég læt ósagt um hvernig okkar kynni þróast þess vegna mun ég láta reyna á hvað þú gerir og halda áfram að hræra í huga þínum með óvæntum uppákomum sem að mínu viti tilheyra lífeflisfræði og er stjörnufræðilegt lögmál og dauðinn er flutningur til annarra hnatta. Svo tók hún púða sem lá á stólbakinu og henti honum brosandi í Kjartan. Síðan hélt hún áfram að tala. Þú færð tækifæri til að veða og meta það sem þú sérð eftir þínu hugviti ef þú verður ekki farinn út áður. Ef svo verður ekki neyðist þú til að reyna að beita skynsemi þinni til að leysa þetta vandamál þitt hvort ég beiti sjónhverfingu eða hugarorkunni.

Hann hugsaði djúpt um það sem hún hafði sagt og velti púðanum á milli handa sinna. Þetta hefði verið einstakt kvöld með furðulegum kvenmanni og þvítíkar tæknibrellur, eða var þetta kannski ekki sjónhverfing. Ég hef ekkert í höndunum sem bendir til þess, en ég býð rólegur því ég er viss um að það kemur síðar í ljós. Svo sagði hann: Er það ekki full langsótt að sækja lífið eftir dauðann til stjarnanna, ekki fer maður að flytja skrokkinn þangað, þegar við vitum að hann fer beint niður í jörðina og rotnar þar. Þá er nú andatrúin trúlegri þó að margt mæli gegn henni.

Ég ætla að svara þér með stuttu ágripi, ef þú nennir að hlusta. Ég er ein eyru en þér tekst ekki að sannfæra mig eftir sem áður, svaraði Kjartan brosandi. Það verður þitt mál. Efnafræðilega séð skapar kjarnsýran spegilmynd sýna, vill tvöfalda sig. Í líforkunni eru sömu eiginleikar og það sem er í efninu, þar sem þetta er allt samofið. Þegar jarðneskur dauði verður þá hverfur sálin úr líkama hans með öllu og fer á þann stað í stjarnheiminum sem honum er líkastur.

Sá framliðni skapar spegilmynd sýna eftir eigindum, með líkum hætti og eigindi kjarnsýrunnar vinnur, því líforkan er undirstaða lífsins og drífandinn. Þannig beitir hún líforkunni og eigindum til að sameinast jarðefni framlífsstjörunnar og býr til

nýjan líkama úr efninu með útlitsmynd sem sá framliðna hefur matað líforkuna með líferninu á fæðingajörð sinni.

Þú verður að fyrirgefa, Sóldís mín, ég skil þessa speki engan veginn. Það er eðlilegt þar sem þú þekkir ekki undirstöðuatriði kenningarinnar. En það gerist með svipuðum hætti og þegar menn flytjast úr einum stað í annan með hamförum á milli hnatta og landa eins og gerist oftlega á okkar jörðu.

Kjartan hlustaði á þessa nýstárlegu kenningu með undrun, því honum fannst hún fjarstæðukennd, en hann sá að Sóldís trúði því sem hún var að segja honum. Svo hugsaði hann: Þetta er kannski ekki meira en hvað annað sem menn vilja trúá. Hann svaraði þessu engu en yppti öxlum og ákvað að láta þetta liggja á milli hluta. Hann sagði þess í stað: Ef ég get gert þér einhvern greiða þá er það velkomið. Þú ert nú þegar búin að gera mér meiri greiða en venjulegt þykir, ég get varla ætlast til meira af þér. Kjartan kastaði púðanum í hana og spurði um leið: Heldurðu að ég sé eitthvað hræddur við galdranorn?

Stofan er máluð með ljósum lit svo birtan frá tveimur ljóskösturum sem eru festir í loftið endurkasta bjarmanum. Mikil og falleg ljósakróna hékk úr miðju lofti og var ekki kveikt á henni. Gólfín á efri hæðinni voru öll lögð parketi og persnesk motta var undir sófaborðinu. Stór þykk gluggatjöld voru dregin fyrir gluggana sem voru þvert yfir stofuna. Ljósín voru dempuð lítilsháttar. Hún sat í sófanum og Kjartan í sama stólnum og áður. Sóldís sagði Kjartani að setja hendurnar í kjöltu sér og snúa lófunum upp. Síðan ætti hann að hugsa til föður síns eins og hann myndi eftir honum ungum. Hann mundi nokkuð vel hvernig faðir hans leit út þegar hann sá sig sem ungan dreng leiða föður sinn í einum af mörgum gönguferðum sem þeir höfðu farið saman.

Eftir skamma stund fann Kjartan mikla slökun og ró dreifast um líkamann. Litlu seinna fannst honum eins og mjúkur og hlýr rafstraumar með vægum bylgjum rynni upp eftir handleggjum sýnum og breiðast um allan líkamann sem gaf honum mikla gleðitilfinningu með léttleikablæ. Kjartan fann hvað hann magnaðist upp af orku. En um leið verður föðurmyndin skýrari í huga hans samfara því sem mögnunin eykst. Hann hafði aldrei fundið svona einkennilega tilfinningu áður. Litlu síðar verður hann var við einhverja hreyfingu vinstra megin við sig. Hann

horfir undrandi á þegar hann sér að loftið virðist vera að þéttast í móðu og að taka á sig einhvers konar form. Reykhulan þéttist alltaf meir og útlínur á mannlíkama byrjuðu að myndast í þetta þokukennda mynd með einskonar hvirfilstraumum sem þyrlast innbyrðis hver um annan. Kjartan situr þarna og horfir á þetta agndofa og trúir vart sínum eigin augum.

Fyrst mótaðist andlitsfallið þokukennt og ógreinilegt. Honum fannst hann kannast við andlitið en kom því ekki fyrir sig fyrr en markmiðinu var náð, að skapa andlit, búk og útlími föður hans í sinn réttu líkamsmynd á þessari jörðu með því að afefnast á framlífsjörðu og koma fram í þeirri mynd sem Kjartan mundi föður sinn ungan. Krafturinn geislaði frá honum og hann var greinilega ánægður að geta komið í heimsókn til jarðarinnar og hitt son sinn. Kjartan varð fyrst agndofa og síðan ofsaglaður um leið og hann þekkti föður sinn. Pabbi, sagði hann með hálfkæfðri röddu, þetta getur ekki verið raunveruleiki. En gekk samt í áttina til hans með hikandi skrefum í útréttan faðm föður síns. Kjartan varð orða vant um stund. Hann klökknaði augnablik og tár mynduðust í augnahvörmum en þornuðu að vörum spori. Mér hlýtur að vera að dreyma. Hvernig getur þú verið hér og af hverju ertu svona ungur? Þú sem varst fullorðin og illa farinn af veikindum þegar þú lést.

Já, þú ert undrandi og spyrð margra spurninga í senn, það er ekki nema von þar sem þú hefur aldrei hugsað neitt um framlífið eða reynt að kanna það. En er það ekki venjan hjá hugsandi mönnum að kanna ókunnar slóðir áður en þeir leggja á ný mið. Það á einnig við umframlífið, til að vita fyrir víst hvernig best sé að haga undirbúningnum á jörðinni til að komast á betri slóðir. Það er betra að vita hvað maðurinn á í vændum áður en þangað er komið, sérlega ef maðurinn hefur ekki lifað sómasamlegu lífi á jörðinni. Þá væri kannski von til þess að þeir áttuðu sig og reyndu að bæta hátterni sitt, ef þeir vissu fyrir hversu ömurlegan stað í framlífi þeir hafa búið sér með lífernri sínu og sumir hverjir með manndrápum.

Þú hefur alltaf haft það fyrir reglu, Kjartan minn, að kanna landið áður en þú ferð á nýjar slóðir. Það er nú ekki svo auðvelt að gera það í þessu tilfelli, svaraði þá Kjartan. Það eina sem þú þarft er að nota skynsemina aukaáhugann, viljann og fylgja þeim rökum sem þú hefur yfir að ráða og smám saman kemst þú nær hinu

sanna því sem leitað er eftir. Þá fyrst er von til að leit þín beri árangur ef þú berð einnig skyn á því að vera sjálfum þér samkvæmur, meira er ekki hægt að heimta af einum manni.

Með þeim hætti kemurðu í veg fyrir í leit þinni að festa þig inn í þennan vanabundna hring sem of margir hafa lokað sig inn í þegar um þessa hluti er að ræða. Fyrir bragðið fara skýringar í kross hjá þessum fólki þegar það er spurt um skynnæmi manna og framlífið. Hver hugmynd rekur sig hvert á aðra og heildræn mynd næst ekki um þetta undur sem skynnæmnin gefur einstaklingnum. Þá slær viðkomandi oftlega fram einhverri tilgátu eins og til dæmis að guðs vegir séu órannsakanlegir. Hvar á ég að byrja? Ég hef ekki einu sinni grundvöll til að byggja á og vísindamenn eru ekki einu sinni komnir á sporið, spurði þá Kjartan. Það verður þú að finna út sjálfur svaraði faðir hans.

Kjartani fannst þetta allt furðulegra eftir því sem á leið og reyndi ekki einu sinni að skilja þetta, hvað þá heldur líkamninginn og vissi vart hvort hann ætti að trúá þessu. Hann sagði við föður sinn eftir nokkra umhugsun, ég skal reyna að gera það sem ég best get í þessu máli. En áhugi minn hefur ekki hingað til farið inn á þessa braut. Hvernig er að vera þarna hinum megin?

Það er gott að vera hér og við erum ekki eins og vindgustur í ljósvakanum, heldur raunverulegir menn af holdi og blóði með eðlilega þungt eins hjá ykkur. Við sjáum heyrum og finnum til með fullkomlega sama hætti og einstaklingar á jörðinni. Samfélagið hjá okkur er sem á jörðinni; mennskir, berum klæðnað, eigum okkur hífýli og ýmsa aðra hluti af því tagi. En allt er þar mun fullkomnara, líkaminn og sálarlífið er metið að verðleikum, þess vegna er hugað að ræktun þess og náungakærleika. Þó eru menn ekki allir jafnir hvorki af skynsemi eða öðrum hæfileikum þar sem þroski manna er misjafnir. Það finnst mér harla ótrúlegt, Hvernig í ósköpum má það vera þegar sálin fer úr líkamanum við dauðann?

Kjartan minn, núna vil ég svara þér á sama hátt og framliðnir svöruðu spurningu Emanuel Svedenborg þegar þeir voru að fræða hann um framlífið. Þannig segir hann frá:

„Þeir voru afar sorgbitnir yfir þeirri vanþekkingu sem ríkjandi var innan kirkjunnar um hið himneska ástand, um anda og engla, og í gremju sinni, skoruðu

Þeir á mig að fara til baka og lýsa því afdráttarlaust yfir, að þeir væru hvorki sálir án sköpulagsmyndar, né heldur eins og vindgustur í ljósvakanum, heldur raunverulegir menn í öllum efnum, sem sæju, heyrðu og fyndu til með fullkomlega sama móti og einstaklingar á jörðinni.“

Nú er orkan að þverra, Kjartan minn, viltu rétta mér vatnsglasið sem er á sófaborðinu áður en ég fer héðan. Kjartan rétti honum glasið og faðir hans teigaði vatnið sem var í því. Hann var snyrtilega klæddur í hvítri skyrtu, svörtum buxum og svörtum skóm, hann hafði ekki hreyft sig úr sporunum síðan hann líkamnaðist þarna í stofunni. Þegar faðir hans hafði teigað vatnið var eins og eitthvað brysti í huga Kjartans. Hann klökknaði og allur mótþrói hrundi eins og spilaborg. Augu hans opnuðust fyrir því að hið ómögulega var allt í einu mögulegt en samt á óskiljanlegan hátt.

Kjartan stóð með tárin í augunum og gekk tilföður síns og þeir umvöfðu hvorn annan. Svo sagði Kjartan klökkur: Þú ert dáinn en samt ertu hér. Við hjónin erum ekki dáin, Kjartan minn, aðeins flutt í önnur heimkynni og við bjuggum okkur annan yngri og betri líkama þar sem við lifðum nokkuð sæmilegu lífi á jörðinni eins og flestir jarðarbúar gera. Kjartan slepti honum og stuttu síðar varð faðir hans þvoglumæltur og sagði vertu blessaður sonur minn og líkami hans þyntist út smám saman og varð af gufukenndu efni. En formið hélst um tíma og tættist síðan úr því og hvarf að lokum.

Þegar faðir hans var farinn með þessum hætti fannst honum það jafneinkennilegt og þegar hann kom. Jafnframt myndaðist söknuður í huga hans. Kjartan stóð þarna hnugginn nokkra stund og leit síðan til Sóldísar sem sat í stólnum sofandi. Litlu seinna hreyfði hún sig og vaknaði.

6. KAFLI

Sóldís horfði á Kjartan forvitnum augum. Hún bæði sá og fann að hann var í einhverjum barningi með sjálfan sig. Vissi auðsjáanlega ekki hvernig hann ætti að taka á þessu, hann var þungbúinn og hugsandi. Þegar tilfinningar hans náðu yfirhöndinni trúði hann að þetta hefði verið raunveruleg upplifun en núna var hann ekki eins viss. Kannski voru þetta bara snilldarleg töfrabrogð, en hann gat ekki með nokkru móti séð hvernig það mátti vera, þetta virtist vera of raunverulegt til þess.

Hún brosti sínu sætasta brosi og hugsaði að best væri að láta hann einan um stund. Ég ætla að fara niður í þvottahús og setja fötin þín í þurrkarann. Þegar Sóldís kom aftur eftir góða stund sagði Kjartan alvarlega: Þetta er búið að vera það undarlegasta, forvitnilegasta og áhrifaríkasta kvöld sem ég hef upplifað og ég veit satt best að segja ekki hverju ég á að trúa. En hallast þó að þarna hafi líkamningur af föður mínum birst mér án töfrabragða þó ég skilji ekki hvernig hægt er að heimfæra það með skynsamlegum rökum. Þetta er strax í áttina, en ég vil biðja þig að láta vísindaleg rök liggja á milli hluta eins og er, því ég ætla að halda fyrirlestur í Háskólabíói um þessi máli á fræðilegum grunni. Fundurinn byrjar klukkan tíu að morgni síðasta laugardaginn í október. Þessi ritgerð mín er fyrirlestur um framhald af kenningum föður míns. Þú getur komið þangað með mér ef þú vilt og hlustað á hvað ég hef fram að færa. Ég get líka lánað þér bækur um þessar kenningar föður míns ef þú hefur áhuga á að kynna þér þetta betur.

Ég þigg það með þökkum. En nú er ég orðin forvitinn að vita: Af hverju þú leggur svona hart að þér að reyna að fá mig til að líta jákvæðum augum á þessa hlið málsins þar sem ég er þér svo ókunnugur? Ástæðan hlýtur að vera meira en lítið mikilvæg.

Þá byrjaði hún að segja honum frá hvernig faðir hennar hafði slasast og grun sinn um að þetta væri ekki venjulegt og að eitthvað óvenjulegt væri við þetta krabbamein sem hann hefði fengið út frá því. Hún sagði honum frá sjónskynjunum til undarlegra manna í einhverri hvelfingu á dularfullum stað og þessu fylgdu alltaf vond áhrif. Oftlega var þessi kraftur ómanneskjulegur sem kom til að trufla þegar hún var að reyna hjálpa föður sínum yfir þennan sjúkdómshjalla.

Hún sagði honum einnig að hún hefði ekki þann kraft sem þyrfti til að spyrna á móti þessu sterka djöfulsafla sem fylgdi alltaf þessum sýnum.

Hún lét þess einnig getið að hún hefði það sterkt á tilfinningunni að þeir hefðu fleiri morð á samviskunnni og taldi sig vita hver fórnalömbin væru. Hún sagði honum að hún hefði skynjað þennan hóp betur en áður þegar hún var í baðinu í kvöld og lýsti fyrir honum það sem hún hafði séð og heyrt. Þegar ég var í þessu ástandi var ég í sambandi viðföngjann, en að sjálfsgöngu án þess að hann skynjaði það. Ég veit það fyrir vísit, þar sem sambandsskynjanir gerast oftast þannig. Veistu nafnið á þessum föngja. Nei, ég skynjaði það ekki og félagar hans nefndu aldrei nafnið hans eða nöfn annarra sem voru þarna inni.

Hann horfði á hana stutta stund og sagði: Það var sagt eitthvað meira á þessum fundi, var það ekki? Jú, fönginn gerði það, sagði hún hikandi. Og hvað sagði hann? Hann skipaði mönnum sínum að komast að hver maðurinn væri sem hefði bjargað mér. Þarna stoppaði hún litla stund og sagði síðan hikandi: Ég er búinn að koma þér í hryllilega aðstöðu því þessi mannfjandi sagði nokkuð ægilegt. Hvað sagði hann, sem er svona voðalegt? Hann sagði að þeir yrðu að sjá til þess að þú yrðir þurrkaður út af jörðinni eins og á að gera við mig. Því þessi maður á eftir að verða okkur skeinuhættur ef hann fær að lifa. Kjartani brá ekki vitund, kannski vegna þess að hann var ekki beint trúður á þetta væri eins alvarlegt og hún taldi, en spurði samt: Hvenær á það nú að gerast?

Ég skynjaði að Steiner sagði: Það verður að bíða í nokkrar vikur þar til við leggjum til atlögu aftur svo lögreglan gruni síður hvað sé um að vera nema hún liggja vel við höggi og án gruns um morð. Hún þagnaði, horfði á Kjartan og beið eftir viðbrögðum hans.

Kjartan ígrundaði þetta litla stund, spurði svo: Hvað viltu eiginlega að ég geri? Hún horfði á hann með biðjandi augum og sagði: Mig langar til að biðja þig um að mér að leita að einhverjum sönnunargögnum sem lögreglan tæki gild til að koma þessum mönnum á bak við lás og slá og koma í veg fyrir fleiri morð. Kjartan sagði eftir nokkra umhugsun: Það er ekkert sjálfsgöðara en ég verð að tala hreint út. Það er ekki trúlegt að þarna sé um morð að ræða þar sem sönnunargildin eru engin eins og þú leggur þetta fram. Rannsóknarlögreglan hefur að engu

fjarskynjanir. Það er nú einmitt þess vegna sem ég leita ásjár þinnar og ég sýndi þér hvers ég er megnug á andlega sviðinu til að þú skiljir frekar hvers þessir djöflatrúarmenn eru megnugir þegar þeir sameina krafta sína. Þegar hún nefndi djöflatrúarmenn varð hann hugsí litla stund. Af hverju heldurðu að þetta séu djöflatrúarmenn? Ég get ekki sannað það fyrir þér, en ég hef sterkan grun um það. Ég veit hvernig þeir vinna að sínum málum erlendis þegar þeir vilja fá einhverju framgengt sem varðar við lög. Þessi aðferð þeirra hér er ekki ólík.

Ég verð nú að viðurkenna að mér finnst þetta vera orðið all sérkennilegt mál og sérlega ef það er rétt hjá þér að þessir menn tilheyra djöflatrúnni. Þá er ekki óhugsandi að ég viti hvað einn af þessum sértrúarmönnum heitir og kannski veit ég líka hvar félagsheimili þeirra er, en það þarf samt ekki að vera. Hvað ertu að segja? Það er nú meira happið ef þú veist hvor tveggja. En hvað veldur að þú telur þig vita þetta? Kjartan sagði henni að hann hafði flutt mann á milli staða í flugvél sinni, ásamt Sigrúnu flugmanni, frá Reykjavík til Akureyrar og síðan til baka aftur. Kjartan sagði henni einnig hvers vegna hann hefði dregið þá ályktun að þessi farþegi hans væri djöflatrúarmaður. Þetta er einum of furðulegt til að geta verið tilviljun, þetta sannar fyrir mér, eins og ég reyndar vissi að þú hefur verið leiddur niður að tjörninni til að hjálpa mér. Hún sagði honum ekki frá því hvað hún skynjaði rétt áður en hann bjargaði henni. Kjartani fannst þetta fjarstæðukennt og svaraði því henni á þann veg sem hann taldi bestan: Eigum við ekki að láta það liggja á milli hluta?

Sóldís lét sem hún heyrði þetta ekki og sagði þess í stað: Þessi tilgáta þín um Steiner er áreiðanlega rétt og hún kemur okkur til góða. Veistu hvernig þessi leit út?, spurði Kjartan. Já, ég veit það og hún lýsti Steiner. Þetta gæti verið lýsingin á Rubert Steiner miðað við þá kynningu sem ég hef af honum. Þá kemur mér það ekki á ekki á óvart að hann sé höfuðpaur þessa félagsskapar.

Þá sagði Sóldís: Við erum allavega komin það langt að vita hver foringinn er og ef við höldum rétt á spöðunum er ekki ólíklegt að okkur takist að afla slíkra sönnunargagna gegn þessum djöflum svo að lögreglan telji hana trúverðuga, þá fer hún sennilega að hafa afskipti af málinu. Mér þykir þú aldeilis vera bjartsýn, hefur þú kannski eitthvað meira í pokahorninu sem þú hefur ekki sagt mér frá?

Ekki beint en ég tel að það mætti finna veika punkt í skýrslunum sem við getum notfært okkur. Eins og til dæmis drengurinn sem kom hjólandi að slysinu og sá manninn sem kom fyrstur á slysastað og kraup yfir föður mínum. Það kæmi mér ekki á óvart að hann hafi séð eitthvað óvenjulegt til þessa manns sem kraup fyrst hjá honum. Lögreglan hefur aldrei haft samband við þennan pilt, sennilega vegna þess að enginn grunur um óeðlilegan dauða liggur á borði hjá rannsóknarlögreglunni.

Það vakti athygli hans þegar hún minntist á að þessi drengur á hjólinu hafi kannski séð eitthvað athugavert hjá manninum sem var að aðstoða föður hennar. Hvers vegna í ósköpum heldurðu að drengurinn hafi séð eitthvað saknæmt hjá þessum manni? Er ekki miklu eðlilegra að telja að þessi maður hafi verið staddur þarna í nágrenninu af tilviljun og komið föður þínum til hjálpar af góðvild einni saman? Það væri eðlilegt að álíta það ef ég teldi ekki að krabbameinið væri komið til skipulega af manna völdum og þessi maður er sá eini sem ég hef grunaðan um þessi óheilindi. Kjartan horfði á hana litla stund hugsí, taldi líklegt að grunur hennar byggðist á sömu forsendum sem hún hefur áður sagt. Þó að ég sé farin að trúa að hún sé mjög hæfur miðill þá get ég eftir sem áður ekki séð að þetta slys á föður hennar hafi verið gert með ásettu ráði. En þar sem ég hef lofað að hjálpa henni að komast að hinu sanna, sem er trúlegast eðlilegur dauðdagi, þá verð ég að standa við það.

Hann spurði Sóldísi: Ertu með afrit af skýrslunum? Já, ég geymi þau inni í svefnherbergi viltu líta á þau. Það gerir ekkert til þó að við yfirförum skýrslurnar, kannski sjáum við eitthvað sem lögreglunni hefur yfirsést Sóldís fór inn í svefnherbergi sitt og náði í skýrslurnar. Eftir skamma stund kom hún aftur inn í stofuna með þær og rétti Kjartani. Þegar hann hafði lesið yfir þessi fimm afrit af skýrslunum gaumgæfulega, ákvað hann að hafa sambandskynjanir Sóldísar sér til hliðsjónar því að öðrum kosti taldi hann sig ekki geta fundið neitt óeðlilegt við þetta slys. Það mætti kannski nota að einhverju leyti forsendur hennar mér til hliðsjónar og sjá síðan hvort niðurstaða þessa ólíku aðferða skarast þannig að hún vísi á meinta glæpamenn. Ef þannig fer, þá fyrst getum við fært rannsóknarlögreglunni einhverjar upplýsingar sem þeir geta unnið úr.

Sóldís horfði á hann og las hugsanir hans og sagði: Þú ætlar greinilega að vera mér innan handar þó að þú trúir því ekki að þetta hafi verið slys, ég er þakklát fyrir það. Við eigum örugglega eftir að verma þessum durgum undir uggum fyrr en seinna, sagði Sóldís með festu í röddu. Kjartan leit upp af blaðinu sem hann var að lesa, brosti til hennar og sagði: Er um nokkuð annað að ræða fyrst ég er kominn á svartan lista hjá þessum glæpamönnum. Hann las yfir skýrslurnar í þrígang.

Gunnlaugur Valgarðsson kvaðst hafa hitt Ólaf Höskuldsson eðlisfræðing á ganginum fyrir utan dyrnar á aðalráðstefnusal Háskóla Íslands á mánudegi. Sagðist Gunnlaugur hafa beðið Ólaf vin sinn fyrir nokkrum vikum að athuga fyrir sig hvort Ólafur gæti ekki séð til þess að hann fengi keypt ákveðið málverk eftir Picasso kvaðst hann hafa heyrt að þetta málverk væri kannski til sölu. Gunnlaugur segir að Ólafur sé listaunandi mikill og sé í hjáverkum listaverkasali og hafi góð sambönd um allan heim. Þess vegna teldi hann að vinur hans hafi möguleika á að hjálpa honum að fá þetta málverk. Ólafur hafði síðan lofað að kanna málið.

Ólafur sagði honum þarna á ganginum að hann væri búinn að ganga þannig frá þessu að Gunnlaugur fengi þetta málverk. Ólafur bauð honum heim til sín klukkan þrjú næstkomandi sunnudag. Hann mætti á þessum tiltekna tíma og þegar Gunnlaugur steig út úr bifreiðinni sá hann að vinnupallur hafði verið reistur við hús Ólafs fyrir ofan aðaldyrnar, sagði Gunnlaugur að hann hefði séð að einhver maður var að vinna á pallinum. En þegar hann gekk inn um garðshliðið og var næstum kominn undir vinnupallinn kvaðst hann hafa heyrt að einhver fyrir ofan hrópaði eitthvað. Þá kvaðst Gunnlaugur hafa stoppað, litið upp og það eina sem hann man eftir það var ein stóra stjarna, síðan ekki söguna meir fyrr en hann vaknaði á sjúkrahúsinu.

Ólafur Höskuldsson er efnafræðingur að mennt og kennir það fag við Háskóla Íslands. Hann kvaðst hafa setið inni í íbúð sinni á þriðju hæð við stofugluggann sem snýr að götunni og beðið eftir Gunnlaugi. Þeir höfðu ráðgert að hann kæmi heim til Ólafs klukkan þrjú þennan dag og kaupa af honum málverk eftir Picasso. Þá kvaðst Ólafur hafa heyrt óp í Hlöðveri Ingólfssyni húsasmið, sem hafði gengið í skarðið fyrir Ásmund Örlygsson verktaka, síðustu þrjá daga vegna veikinda hans. En Ásmundur hafi verið veikur í rúma viku.

Ólafur kvaðst þá hafa litið út um gluggann og sá þá Gunnlaug liggjandi til hliðar með fætuna undir vinnupallinum. Á sama tíma sagðist hann hafa séð mann koma hlaupandi yfir götuna og krjúpa við hliðina á Gunnlaugi. Hann sá einnig ungan dreng koma hjólandi þarna að um sama leyti og maðurinn sem hann vissi síðar að var Ari Fannberg framkvæmdarstjóri. Drengurinn stóð við garðshliðið en Ólafur kom að Gunnlaugi meðvitundarlausum, eftir að hafa hringt á sjúkrabifreið. Hann kvaðst aðspurður hafa tekið eftir drengnum fyrir utan hliðið þar sem pilturinn blasti við honum þegar hann kom út á stéttina. Enginn annar en unglingurinn var nærstaddur á því augnabliki. Litlu síðar kom fleira fólk. Þegar Ólafur kom að Gunnlaugi liggjandi fyrir utan dyrnar kvaðst hann hafa séð stóra sleggju liggja skammt frá vinstra megin við Gunnlaug. Skömmu síðar kom sjúkrabifreiðin.

Hlöðver Ingólfsson húsasmiður, sagðist hafa hlaupið í skarðið fyrir vin sinn Ásmund Örlygsson sem hafði tekið þetta verk að sér. En hann veiktist fyrir rúmri viku og hafði nokkrar áhyggjur af því, þar sem hann var á eftir með verkið. Þess vegna hafði Ásmundur beðið hann að vinna fyrir sig í nokkra daga þar sem Hlöðver sagðist hafa verið á milli verka. Hlöðver sagði að hann hefði verið að vinna við þakskeggið og lagt stóra þunga sleggju á vinnupallinn skammt frá sér.

Hann kvaðst hafa orðið var við að bifreið stöðvaðist fyrir framan garðshliðið og maður stigið út úr henni. Hann hafði ekki hugsað meira um það, það kom mér ekkert við, sagði hann. Hlöðver kvaðst hafa setið á hækjum sínum góða stund og var orðin þreyttur. Hann breytti um stellingu en gleymdi sleggjunni og sparkaði henni því óvart fram af brúninni á vinnupallinum. Hann kvaðst hafa hrópað varnarorð til mannsins þegar hann sá hvað verða vildi. Hlöðver sá þegar sleggjan lenti á höfði Gunnlaugs og vinstri öxl og sagði að sleggjan hefði legið vinstra megin við Gunnlaug þegar hann kom niður af vinnupallinum. Síðan sagði hann að lokum ef ég get gert eitthvað til að bæta fyrir þennan glannaskap þá hefði ég viljað gera það.

Ari Fannberg framkvæmdarstjóri Tölvuþjónustu Birtings ehf. kvaðst hafa verið í heimsókn hjá vinafólki sínu við Rimasíðu 127 sem er beint á móti húsinu þar sem óhappið gerðist. Hann kvaðst hafa verið nýsestur inn í bifreið sína og ætlaði að fara að gangsetja vélina þegar hann heyrið ópið frá húsasmiðnum sem var uppi á

vinnupallinum. Þá hljóp hann af stað og kom að Gunnlaugi meðvitundarlausum á bakinu og stór sleggja með löngu skafti lá vinstra megin við hann. Ari kvaðst hafa skoðað þann slasaða þarna á staðnum lauslega og hlúð síðan að honum réttilega eins og hann hafði lært. Skömmu síðar kom sjúkrabifreiðin, sem Ólafur Höskuldsson hafði hringt eftir.

Afrit af læknskýrslunni hljóðaði á þá leið að Gunnlaugur hefði komið meðvitundarlaus upp á Borgarspítala en vaknað upp skömmu síðar. Við rannsókn kom í ljós opið hvirfilsbeinbrot vinstra megin og heilahristingur og viðbeinsbrot sömu megin. Hann fékk að fara heim fimm dögum síðar.

Eftir lesturinn spurði Kjartan: Hverjir finnst þér grunsamlegir eða hverjir af þessum mönnum sem þarna er minnst á geta veitt okkur upplýsingar? Ég er ekki frá því að drengurinn hafi séð eitthvað óeðlilegt til Ara sem varð föður mínum til mikilla miska, þegar hann kom fyrstur að honum liggjandi í götunni. Af hverju geturðu grunað þennan Ara um slíkt athæfi. Því samkvæmt skýrslunum, virðist öllum aðilum bera saman um, að hann hafi komið fyrstur að föður þínum þar sem hann var nálægastur slysstað og hlúð að honum, annað liggur ekki fyrir. Hún horfði á hann með alvarlegum augum og sagði: Þú veist vel hvers vegna ég álít að þessi maður sé á einhvern hátt viðriðinn við að koma föður mínum fyrir kattarnefþegar hann kom fyrstur á slysastaðinn. En ég get ekki sýnt fram á það að svo stöddu. Allt í lagi við skulum þá hafa það að forsendu að það sé eitthvað óeðlilegt við dauða föður þíns. Þá er næsta víst að fleiri koma þarna við sögu miðað við þessar skýrslu.

Ég mun þá ætla að húsasmiðurinn sem var í forföllum verktakans líklegastan samstarfsmann Ara og kannski verktakinn líka þó það sé ekki beint líklegt. En Ólafur Höskuldsson liggur ekki að mínu viti undir grun ef við lítum á þetta frá þínum sjónarhóli. Hann er sá eini sem minnst á umræddan hjólreiðadreng. Þá má alveg eins setja það á kostnað þessara tveggja meintra glæpamanna að þeir séu að dylja eitthvað fyrst þeir minnst ekki í lögregluskýrslunni á þennan hjólreiðadreng sem kom þarna að.

Ég er sammála þér að það koma bara þessir tveir menn til greina af þeim sem eru tilgreindir í skýrslunni og þar að auki eru faðir minn og Ólafur mjög góðir vinir.

Þá leit Kjartan til Sóldísar og sagði: Ef við teljum þínar ályktanir nægilegar forsendur er ég ansi hræddur um að drengurinn sé í mikilli hættu. Það er ekki nokkur vafi, sagði þá Sóldís, ef það er ekki þegar orðið of seint, það er svo langt um liðið. Kjartan skrifaði eitthvað niður á blaðið, stuttu seinna rétti hann henni það og spurði: Ertu sammála því að við að byrjum á að hafa samband við þessa menn í sömu röð og skrifað er á þetta blað?

1. Heimsækja Ólaf Höskuldsson vin Gunnlaugs föður Sóldísar, til að heyra hvað hann hefur að segja um þetta mál og jafnframt að spyrja hvort hann hafi séð drenginn sem var við hliðið umræddan dag og fá að vita hvort hann þekkir eitthvað til hans.
2. Hafa uppi á umræddum pilti sem kom hjólandi að hliðinu rétt eftir að Gunnlaugur slasaðist og reyna að fá þær upplýsingar sem hann getur veitt og gera það með þeim hætti að það verði honum að meinalausu.
3. Hafa tal af Ásmundi Örlygssyni verktaka hjá Ólafi Höskuldssyni og einnig Hlöðveri Ingólfssyni húsasmið. Að síðustu reyna að kanna feril Ara Fannbergs og hafa tal af honum.
4. Hafa auga með manni nokkrum að nafni Humer Steiner. Hann er austurrískur og við teljum hann hásettan innan þessara samtaka. Þá er nauðsynlegt að athuga hvort það sé rétt ályktun. Ef það reynist vera rétt er nauðsynlegt að vita hvort þessir glæpamenn sem nefndir eru í þriðja liðnum eru á einhvern hátt í tengslum við Steiner eða aðra í samtökunum.

Jú, því ekki það. Einhvers staðar verðum við að byrja, svo er þetta ekki verri kostur en hver annar. Síðan horfði hún útundan sér á Kjartan hálf kímín og spurði ertu vanur að fá þér göngutúr niður að tjörn á kvöldin til að horfa á fuglana. Nei, það kemur sjaldan fyrir og aldrei á kvöldin, en ég var eitthvað svo einkennilega órólegur núna í kvöld, þess vegna fór ég út að ganga. Ertu þá vanur að fara suður fyrir tjörnina. Nei, ef ég geri það þá fer ég alltaf þangað sem flestir fara til að gefa fuglunum, það er að norðanverðu við tjörnina.

Finnst þér það þá ekki undarleg tilviljun að þú skulir hafa verið þarna við tjörnina á réttum tíma og á réttum stað, kvöldið eftir að þú flaugst með Steiner. Hvað áttu eiginlega við, ekki getur það komið þessu máli við þó að ég hafi flogið með þennan mann? Jú, það er ekki hægt að útiloka það. Samkvæmt kenningu þabba er til lögmál sem nefnist stillilögmálið. Ef við greinum þetta eftir því lögmáli þá samstilltist þú til mín í gegnum Steiner, þannig að þú skynjaðir ósjálfrátt að einhver var í hættu, en gerðir þér ekki grein fyrir því. Það er líklegt að þú hafir

Þess vegna verið svona órólegur, þá hefur eftirleikurinn verið auðveldari fyrir leiðbeinendur þína að leiða þig suður fyrir tjörnina og það varð mér til bjargar. Ertu virkilega að segja, að ef ég hefði ekki flogið með Steiner hefði ég ekki verið staddur við tjörnina á þessum tíma til að forða þér frá bílnum?

Já, það er mjög líklegt og alla vega var það öruggasta leiðin til að fylgjendur þínir næðu slíku samband við þig, svo að þú fengist til að fara þangað og það á réttum tíma. En ef það hefði brugðist, hefði verið reynd einhver önnur leið eða aðra leiðir til að bjarga mér. Ef það hefði allt mislukkast þyrfti ekki að spyrja að leikslökum. Samtök djöflatrúarmanna hefðu haft sigur eins og þeim er að takast með föður minn.

Mig langar til að að segja við þig lítilræði án þess að ég ætla að móðga þig; ég er ekki á þessu plani sem þú ræðir svo mikið um og þar af leiðandi skil ég ekki almennilega það sem þú ert að segja. Eigum við ekki að láta þessa kenningu liggja á milli hluta? Mér leiðist hún.

Sóldís brosti bara og sagði: Eins og ég sagði áðan hafa þessi samtök komið fyrir kattarnef nokkrum Íslendingum síðan þessi djöflahreyfing náði ítökum hér á landi. Það eru allavega þrjár manneskjur sem ég þekki til, sem að mínu viti hafa ekki dáið eðlilegum dauða. Tvær þeirra höfðu skrifað heilmikið í blöð og tímarit um kenningar föður míns, enda voru þær fylgismenn kenninga föður míns um stjarnlífsfræðina. Svo er einn mikill friðarboði íslenskur sem dó fyrir nokkrum mánuðum og ég tel einnig að þar hafi þessir glæpamenn komið mikið við sögu.

Hvaða fólk er þetta og hvernig bar dauða þeirra að?, spurði Kjartan. Annar þessara tveggja fylgismanna kenningarinnar hét Áslákur Þorsteinsson kennari í Verslunarskólanum. Hann var í sunnudagsakstri í blíðskaparveðri í Hvalfirðinum ásamt konu sinni núna snemma í sumar. Hann ók beint af augum ofan í djúpt gil í staðinn fyrir að taka beygjuna. Álitið var að hann hafi sofnað undir stýri. Ég þekkti vel þessi hjón, þau voru reglusöm og aðgætin. Þau hefðu aldrei lagt af stað illa fyrirkölluð og því síður syfjuð.

Hin manneskjan var kona og hét Lilja Eiríksdóttir, ég þekkti ekkert til hennar. Hún hafði snúið sér að ritverkum og skrifaði nokkrar bækur. Einnig skrifaði hún heilmikið í anda kenninga föður míns. Hún bjó fyrir austan, á Vopnafirði og var mikið fyrir fjallgöngur. Í einni slíkri ferð hrapaði hún niður af klettadröngum. Það

var einhver fjallgönguhópur sem fann hana liggjandi illa lemstraða og örenda nokkrum klukkutímum eftir að slysið varð.

Þriðji aðilinn hét Aðalgeir Jónmundsson; hann lét mikið að sér kveða í friðarmálum og var að mynda vakningu um alheimsfrið á Íslandi. Einn góðan veðurdag fór hann á sex tonna plastbátinum sínum einsamall út á Faxaflóa í sólskini og blíðskaparveðri. Síðar fannst báturinn mannlaus og yfirgefinn úti á miðjum flóanum en líkið fannst aldrei. Öll þessi slys gerðust núna í sumar með nokkurra vikna millibili. Og það einkennilega við þetta allt saman er að þau áttu það öll sameiginlegt, fyrir utan eiginkonu Ásláks, að reyna að byggja friðsamlegan heim en samt á sinn hvern mátann. Einn þeirra var friðarsinni og tvö með fræðilega þekkingu á stjörnulíffræði.

Kjartan lét sem hann heyrði ekki þessa setningu, „fræðileg þekking“, honum fannst það einum of öfgafullt. Hvernig gat svona skynsöm stúlka fullyrt við hann að faðir hennar vissi um það yfirnáttúrlega þar sem flestir vísindamenn vildu ekki einu sinni viðurkenna að þess konar fyrirbæri væru til.

Hann sagði því aðeins: Ég get ekki með nokkru móti séð í þessum þremur tilfellum, annað en að þarna hafi orðið hörmuleg slys og ég skil það vel að lögreglan hafi einnig dregið þá ályktun. En það er engu líkara en þú látir að því liggja að þetta óhamingjusama fólk hafi verið drepið með yfirnáttúrulegum kröftum. En ég er ansi hræddur um að það geti verið erfitt að sýna lögreglunni fram á slíkt. Þeir fylgja ákveðnum lögum og reglum til að hafa upp á afbrotamönnum. Þetta yfirnáttúrulega fellur ekki undir þeirra mælistiku. Þú þurftir ekki að segja mér það, sagði Sóldís, en ég er ekki í nokkrum vafa um það að ákveðnir aðilar voru drepnir með fjarhrifum. Kjartani varð orðfall um stund. Hún kom honum enn einu sinn á óvart. Hann gleymdi í augnablikinu því sem hún hafði gert fyrir stundu síðan eða setti það ekki í samhengi við það sem hún sagði nú. Eftir nokkra umhugsun sagði hann svo hikandi: Ekki geta menn leikið sér að slíkum málum þegar þeir vilja?

Sóldís sá að hann var orðin ráðvilltur hún horfði á hann og sagði: Ég ætti kannski að benda þér á eitt ekki ósvipað tilfelli, sem gerðist í Reykjavík fyrir rúmum tíu

árum, að því undanskildu að morðtilraunin mistókst. Hún hikaði augnablik og Kjartan beið framhaldsins.

Það voru nokkrar konur sem stofnuðu fyrsta Félag djöflatrúarmanna hér á Íslandi og hafði það aðsetur í Reykjavík. Þær hafa greinilega þjálfað sig í fjarkyngd því þær voru orðnar töluvert magnaðar á því sviði. Einhverra hluta vegna báru þær óvild til fréttamannsins Knúts Vífilssonar.

Einn daginn var Knútur farþegi í einni þotu Flugleiða innanlands á leið til Reykjavíkur. Þá var hringt á skrifstofu hans og ritari hans svaraði. Hinum megin á línunni var kona sem kynnti sig ekki en sagðist vera, ásamt þrem öðrum konum, félagi djöflatrúarmanna og sagði að þær vildu Knút feigan. Eftir tíu mínútur myndu þær sjá til þess með fjarhrifum að flugvélin sem Knútur væri í hrapaði í hafið. Korterí seinna hringdi hún aftur og sagði að tilraunin hefði mislukkast en flugvélinni hafði eftir sem áður hlekkst lítils háttará.

Knútur sagði frá þessu í sjónvarpsviðtali og bætti við að þegar hann kom frá flugvælinum inn í stigaganginn sem er neðan við skrifstofu hans kom ritari hans grátbólginn hlaupandi niður stígana og breiddi faðminn á móti honum. Knútur skildi ekkert í þessum viðbrögðum hennar fyrr en hún hafði sagt honum alla sólaröguna. En það skrýtna við þetta allt saman var að einn hreyfillinn á þessari vél stöðvaðist einhverjar sekúndur. Ég gæti sagt þér fleiri slíkar sannar sögur en læt þessa duga.

Kjartan vissi að hún var að segja satt, en það gat vel verið að þessi Knútur væri að skrökva en honum fannst það samt hæpið því þetta var þekktur fréttamaður. Kjartan fann sér til furðu að innst í hugarfylgsni hans var eitthvað sem ýtti við honum að hugmyndir hennar um þessa yfirskilvitlegu hluti væri hugsanlega réttar. En hann gat eftir sem áður ekki kyngt því að svo stöddu þar sem hann skyldi ekki undirrótina. Eða vildi hann ekki trúa þessum furðufyrirbærum sem hann upplifði þetta kvöld og voru að hans mati órafjarri allri skynsemi. Kjartan vissi eiginlega ekki í hvorn fótinn hann átti að stíga, honum fannst engu líkara en heilinn í sér væri einn hrærigrautur.

Hann gaf sér því góða stund til að hugsa áður en hann sagði eitthvað við Sóldísi. Síðan spurði hann: Ertu þá einnig að meina að þessar fjórar konur sem þú nefndir

hér áðan séu stjórnendur þessara samtaka sem þú sagðist hafa séð í hellinum í kvöld?

Nei, ég átti reyndar ekki við það, en það getur vel verið að þessar konur séu enn í þessari samkundu, ég hef ekki hugmynd um það. En eitt veit ég fyrir víst að þessi samtök eru til muna stærri, öflugri og víðtækari núna en þegar þessar kerlingar voru að reyna koma flugvélinni til að hrapa. Annars held ég að þetta hafi verið meira fikt hjá þeim frekar en að þær hafi trúað því raunverulega að þær gætu látið flugvél hrapa með hugarorkunni.

Ef þetta er eins og það kemur þér fyrir sjónir hver er þá tilgangurinn með öllum þessum morðum og morðtilraunum? Ekki trúi ég að þú haldir að það sé einungis vegna þess hvað faðir þinn hefur skrifað, er það ekki fremur langsótt?, spurði Kjartan efins. Ég ekki sagt annað en það að kenningar föður míns munu hafa afgerandi áhrif á mannkynið allt til hins betra. En ef þeir ná tilgangi sínum þá mun það gera meiri skaða en okkur gæti órað fyrir.

Það gæti verið forvitnilegt að líta í eina af þessum bókum föður þíns, sagði Kjartan. Ég skal sækja eina bókina ef þú vilt, sagði Sóldís. Já, það gerir ekkert til, svaraði þá Kjartan. Sóldís fór inn í bókaherbergið og kom skömmu síðar með eina bók í hendinni og var að fletta í henni fram og til baka á meðan hún gekk inn í stofuna. Undrunarsvipur hennar jókst með hverju skrefinu. Hún stoppaði á miðju stofugólfi og fletti enn hraðar í bókinni og las öðru hvoru í henni hálf ráðvillt, leit síðan á kjölinn á bókinni og sagði með hálfkæfðri röddu, þetta getur ekki verið. Hvað er eiginlega um að vera?, spurði Kjartan. Sóldís var greinilega of upptekin af hugsunum sínum til að geta svarað honum. Hún fór aftur inn í bókaherbergið og var þar góða stund. Kom síðan þaðan föl í andliti með nokkrar bækur í fanginu og setti þær á sófaborðið. Tók kaffikönnuna og hellti í bolla Kjartans og sagði: Fáðu þér kaffi á meðan ég fletti í þessum undarlegum bókum.

Hann fylgdist góða stund með Sóldísi fletta blöðunum og lesa öðru hvoru í hverri bókinni eftir aðra með reiðiupphrópunum. Kjartan var undrandi á þessu háttalagi hennar og teygði sig eftir einni bókinni sem hún hafði lesið í. Hann las á kjölinn og þar stóð Stjörnulíffræði eftir Gunnlaug Valgarðsson. Þetta kom honum einkennilega fyrir sjónir, því hann vissi ekki betur en að þetta væru bækurnar eftir

föður hennar. Honum fannst viðbrögð hennar undarleg og auk þess var hún greinilega miður sín þegar hún var að fletta í bókunum.

Þegar Sóldís hafði flett í öllum þessum bókum og nærri sprengt Kjartan af forvitni, leit hún loksins til hans og sagði fjúkandi ill: Veistu hvaða bækur þetta eru? Hann svaraði hikandi og vissi að reiðin beindist ekki að honum: Eru þetta ekki bækurnar sem faðir þinn skrifaði? Nei, hann skrifaði ekki allt það sem stendur í þessum bókum, þess vegna eru þetta ekki bækurnar sem hann lét gefa út. Nú leit Kjartan á Sóldísi með einkennilegu augnaráði og vissi ekki almennilega hvernig hann ætti að svara henni þar sem hann gat ekki trúað þessu. Hann hafði ekki séð betur en það stæði með skírurum stöfum nafn höfundarins sem hann vissi ekki betur en væri faðir hennar. Hann tók upp þessar fjórar bækur hverja eftir aðra og leit á kjölinn. Sagði svo varfærnislega: Ég sé ekki betur en hann sé skráður höfundur að þessum bókum, viltu ekki skýra þetta nánar fyrir mér? Þetta er of flókið fyrir mig.

Það er von að þú spyrjir, þessir fjendur leggja allt kapp á að eyðileggja hugmyndafræði föður míns. Hvernig þá?, spurði Kjartan. Það er búið að endursemjá mikilvægustu atriðin úr kenningum föður míns sem gerir þær þar af leiðindum ómerkar. Þú verður að fyrirgefa Sóldís, ég skil ekki hvað þú ert að fara, þú varst að lesa í bókum föður þíns. Þú sérð einhverja vankanta sem þér líkar ekki, sennilega í hugmyndafræðinni eða framsetningu og vilt síðan kenna einhverjum öðrum um þær villur sem finnast í bókinni. Heldurðu að faðir þinn hafi ekki verið búinn að yfirfara arkirnar áður en þær fóru í prentun og leiðrétt það sem afvega fór?

Sóldís var búin að jafna sig eftir þá spennu sem hún var í og svaraði honum rólega: Þetta eru ekki bækurnar sem faðir minn lét prenta. Það hefur verið skipt á þeim og þessum bókum og þar hafa þeir breitt öllum kennisetningum föður míns á þann hátt að það er ekki heil brú í þeim. Það er greinilega verið að dreifa þessum bókum og fjarlægja bækur hans í staðinn, jafnharðan og fræðimenn í kenningum föður míns eru fjarlægðir af þessari jörðu með þessum líka skemmtilega hætti. Þeir tóku líka allar skrifaðar arkir sem hann hefur skrifað um þessar kenningar sem lágu á skrifborðinu í bókaherberginu. Í staðinn skilja þeir eftir skrifaðar arkir

í líkingu við kenningar föður míns með breyttum áherslum sem gerir þær gjörsamlega ómerkar, eins og þessar bækur eru sem liggja hér. Þessir djöflar hafa talið dauða minn vísan og þess vegna verið vissir um að enginn kæmist að þessum skiptum.

Kjartan varð hugsí, þótt hann vildi þá gat hann ekki trúað þessu, þetta var allt svo fjarstæðukennt og þar að auki skildi hann ekki almennilega samhengið og af hverju hún væri að skrökva þessu. Hann ákvað að láta sem hann tryði þessu og sagði eftir skamma umhugsun: Samkvæmt þessu hljóta þessar aðgerðir að beinast gegn öllum prentuðum bókum og ritgerðum, sem falla undir kenningar hans. Einnig verða þeir að slátra öllu fólki sem þekkir og skilur kenningar hans. Þeir verða aldeilis að hafa sig alla við að finna þessar greinar, þær eru í hinum og þessum íslenskum blöðum og tímaritum. Ef þetta er svona athyglisvert hlýtur eitthvað af þessum greinum að hafa birst í erlendum blöðum og tímaritum. Hvernig eiga þeir að fjarlægja það allt saman? Er þetta ekki einum of fjarstæðukennt. Og hver er eiginlega tilgangurinn með þessu öllu saman?

Ég get ekki svarað því hvort þeir hafa bolmagn til að láta öll blöð og tímarit hverfa. En þegar hugmyndasmiðurinn og kennimennirnir sem aðhyllast þessa kenningu eru allir dauðir og bækurnar með hugmyndafræðinni eru afbakaðar þá verða fáir eða engir áhrifamenn sem taka mark á þessum afbökuðu kenningum þó að eitthvað muni finnast um þær í blöðum og tímaritum sem rétt er hermt eftir föður mínum. En hver tilgangurinn er veit ég ekki með vissu, hef samt sterkan grun um að þeir séu að undirbúa komu Andkrists, djöfulsins, sem djöflatrúarmenn trúa staðfastlega að muni koma til að ná völdum yfir heimsbyggðinni. Ef þessir djöflatrúarmenn komast upp með það sem þeir hafa nú þegar reynt að gera halda þeir áfram að eyðileggja þá litlu framför í lífstefnuátt sem jarðarkringlan hefur stigið.

Þú verður að fyrirgefa mér, Sóldís, en mér heyrir einhvern veginn að þú trúir því að þessi Andkristur eigi eftir að fæðast hér á jörðunni. Þá sagði Sóldís: Spádómur er ekki það sem koma skal heldur það sem mun koma ef ekkert annað er gert. Hvað áttu við?, það getur enginn komið í veg fyrir að þessi maður fæðist, ef hann þá gerir það, því ég ætla að enginn viti það fyrirfram hver hann er. Það er sjálfsagt

rétt, en samt hef ég grun um að þeir telji sig vita hver móðir hans verður. En það sem ég á við í þessu tilfelli er að ef unnið er rétt í þessum málum er möguleiki á að koma í veg fyrir að þessir Satansmenn geti skapað þann glundroða, sem þeir eru nú þegar byrjaðir að reyna koma á, svo að grundvöllur verði fyrir því að Andkristur nái völdum. Ef það tekst þá nær hann ekki þeim ítökum sem þarf til að geta náð völdum og samfara því mun að sjálfsögðu enginn vita hvort þessi Andkristur er fæddur. Ég get nú ekki annað sagt en það að þú hafir mörg svör sem ég á erfitt með að skilja og ég er ekki viss að það þurfi endilega að vera nákvæmlega eins og þú skýrir það.

Ég er ansi hræddur um að það geti verið erfitt að sanna þetta vísindalega. Já, það er erfitt eins og er, en það kemur að því að raunvísindin fara inn á þessa braut. Þegar vísindamenn sjá að skynnæmni er venjuleg líffræði og framlífið er stjörnulíffræði. Það sem gerir málið svona flókið er skynnæma fólkið. Það stendur svo fast á þeirri skoðun sinni að það sé andaheimur sem þau sjá þótt þau sjái í draumsvefni eða vökusvefni, til dæmis, fjöll, dali, ár læki vötn á engan hátt öðru vísi en er hér á jörðinni. Einnig sjá þau ýmsar tegundir af fólki og dýrum af holdi og blóði, samt draga þau þessa ályktun án þess að vilja kanna það nánar. Á meðan þessi rangtúlkun er sett fram í svona ríkum mæli af skynnæmu fólki, þá skil ég vel að raunvísindamenn hafi engan áhuga á þessum fyrirbærum.

Ég er ekkert inni í þessum málum svo við skulum venda okkar kvæði í kross; hefurðu eitthvað meira að segja mér um þessa menn sem þú telur að ofsæki þig? Samkvæmt því sem skynjun mín segir mér og þær ályktanir sem ég dreg af ýmsu þá eru þetta óþokkar sem vinna skipulega að ákveðnum stefnumálum. Meðal annars að setja á svið slys á föður mínum sem allt bendir til að verði honum að fjörtjóni og deyða vini hans sem hafa viljað kanna með vísindalegum aðferðum kenningar föður míns um stjörnulíffræðina. Og ég veit einnig samkvæmt fengnum upplýsingum við lestur blaða og tímarita um djöflatrúna að höfuðstöðvarnar eru í Teheran í Íran. Út frá henni eru skipaðar deildir í þeim löndum sem hreyfingin hefur náð fótfestu í og ég hef grun um að ekkert land sé þar undanskilið.

Kjartan, ég veit að þú trúir þessu ekki með bækurnar, komdu með mér inn í bókaherbergi föður míns. Þegar þau voru komin þangað sá hann að fullar

bókahillur voru um alla veggi frá gólfi til lofts. Hann sá hana fara inn fyrir skrifborðið sem var út við gluggann og krjúpa niður. Eftir litla stund heyrði hann smá smell. Svo stóð hún upp með diskettu í höndunum, kveikti á tölvunni og setti hana þar í. Hún bað hann að opna einhverja bókina og bera blaðsíðuna saman við tölvuskjáinn í sama kafla. Hann sá misræmið varð, agndofa og hann trúði henni. Hún sagði honum frá þeirri hugdettu sinni að fela tvö sett af þessum bókum og tvær diskettur.

Þá spurði Kjartan: Veistu hvað þessar bækur hafa verið gefnar út í mörgum eintökum? Já, ég veit það nákvæmlega því að ég hef skráð niður að beiðni föður míns nöfn og heimilisföng allra kaupenda þessara bóka. Það eru 3.120 sett. Þar af 105 erlendis hjá Íslendingum. Einnig hafa um 500 verið þýdd á ensku og dreift í Bandaríkjunum, Englandi, Ástralíu og Póllandi.

Það sem verra er þá tóku þeir einnig afritin af nafnaskrám yfir eigendur þessara bóka, en sem betur fer er frumritið í skrifborðinu, sagði Sóldís. Svo það eru hæg heimatökin fyrir þá að hafa uppi á eigendum, sagði þá Kjartan hugsandi. Sóldís nikkaði höfði samþykki. Eftir nokkra umhugsun spurði Kjartan: Áttu einhvers staðar afrit af þessari nafnaskrá? Já, hvað hefurðu í huga. Það væri kannski rétt að hafa samband við nokkra þá sem eiga þessar bækur. Þá á ég við að taka stikkprufu, hringja í nokkra tugi þeirra vítt og breitt um landið. Kanna hvernig landið liggur með því að biðja þá að lesa valdar setningar úr þessum bókum. Já, ég ætti hæglega að geta það, svaraði Sóldís.

Þá spurði Kjartan: Er einhver maður erlendis sem er virkur meðlimur? Það er aðeins einn maður fyrir utan Ísland sem er virkur, hann er Pólverji. Hann hefur fylgt kenningunni vel eftir með skrifum sínum. Hann er sá eini fyrir utan þessa fáu Íslendinga sem hafa fylgt kenningunum eftir enn sem komið er. Hvað heldurðu að þeir séu margir sem hafa skrifað um kenningar föður þíns? Sóldís svaraði honum sorgmædd: Þeir eru aðeins tveir á lífi, það er einn maður í Póllandi sem hefur breitt út þessar kenningar þar og svo ég. Ég hef einnig sterkan grun um að allir þessu virku hreinlyndu friðunarmenn sem hafa sterk áhrif í sínum þjóðfélögum séu undir sama hatti og við. Þá horfði Kjartan á Sóldísi með spurnarsvip og sagði: Þú átt líklega við að það eigi einnig að drepa þá alla? Já, ábyggilega allir

áhrifamiklir friðarboðendur á þessum hnetti eru í hættu. Þá meina ég þá menn sem boða friðinn með orðum og verki en ekki með sverðum. Djöflatrúarmenn eru sáttrir við þá menn sem telja sig boða friðinn á þann hátt að beita brögðum og vopnum, það eru menn eftir þeirra höfði. Þessir menn eru undir verndarvæng alheimssamtaka djöflatrúarmanna vísvitandi eða óafvitandi. Kjartan svaraði þessu engu og gat ekki trúað því að þarna væri um fjölþjóðlega glæpasamtök að ræða, en lét sem hann tryði því.

Sóldís sá það og sagði: Það er bæði sterk og stórhættuleg hreyfingu á bak við þessa djöflatrú hér á Íslandi og kemur víða að. Þeir eru þegar byrjaðir með skipulegum hætti að reyna að útrýma kenningum föður míns ásamt fylgismönnum hans og þeim hefur gengið allþokkalega með það. Þessir glæpamenn vilja greinilega koma í veg fyrir að kenningar föður míns nái fótfestu hér á landi og að þekkingin dreifist víða um hnöttinn. Einhverra hluta vegna virðist það valda þessum djöflum miklu hugarangri. Faðir minn og reyndar ég líka, erum fullviss um að kenningar hans séu ljósið sem svo margir hafa spáð að muni koma úr norðri og Rutenford hinn enski segir að ljósið komi frá Íslandi, Reykjavík. Ég er helst á því að þessir djöflatrúarmenn trú þessu líka. Kjartan sagði ekkert en var undrandi, þó ekki sé meira sagt, yfir þeirri sterku trú sem hún hafði á föður sínum og kenningum hans.

Eftir litla umhugsun sagði hann: Það væri gaman að vita hvað þessi ungi hjólreiðadrengur sá þennan hjálparamann vera að gera þegar hann stumraði yfir föður þínum særðum.

Þau voru bæði sest inn í stofuna aftur þegar Sóldís svaraði: Ég er nú alveg sannfærð um að hann sá eitthvað ólöglegt sem maðurinn gerði föður mínum. Þá sagði Kjartan: Það er ekki víst að drengurinn hafi gert sér grein fyrir neinu óeðlilegu þó að hann hafi séð eitthvað. En hún hallaði sér aftur að stólbakinu, lokaði augunum og naut þeirrar öryggistilfinningar sem flæddi yfir hana, slíku hafði hún ekki fundið fyrir lengi. Með þessu hafði Kjartan gefið henni þann styrk og trú að þau muni lifa þetta af og jafnvel sigra þessa óvildarmenn í sameiningu. Sóldís vissi að hún hafði kynnst og eignast samherja og vin sem mundi berjast fyrir þau bæði fram í rauðan dauðann.

Þegar liðið var langt fram á nótt sagði Kjartan: Ætli það sé ekki best að ég komi mér heim, það er svo áliðið. Jú, það er best. Við skulum segja að þetta sé nægilegt í kvöld, en ég skal keyra þig heim fyrst þú ert bíllaus. Nei, það er alveg óþarfi, ég ætla að ganga þennan stutta spotta, veðrið er svo gott. Þau kvöddust með hlýju handabandi og kossi á kinnina, síðan mæltu þau sér mót heima hjá henni daginn eftir, sunnudegi fljótt eftir hádegi. Á leiðinni heim tók Kjartan ekki eftir neinu í kringum sig, hann var svo hugsí, sá þess vegna ekki grannan lávaxin dökkhærðan mann í dökkum fötum sem var í humátt á eftir honum.

Jökull Örnólfsson var svo sannarlega upp með sér, ekki vegna þess að verkefnið væri erfitt, það gat varla verið einfaldara. Heldur vegna þess að fimmti höfðinginn hafði hringt til hans rétt fyrir hálf tólf um kvöldið sagt honum að fara strax að Tjarnagötu 1A og bíða þar fyrir utan húsið og fylgjast með því þangað til karlmaður kæmi út úr því húsi og taka vel eftir útliti hans og fylgja honum í hæfilegri fjarlægð án þess að maðurinn vissi þangað til að hann væri örugglega kominn heim til sín.

Það hafði aldrei komið fyrir áður að höfðingi hringdi beint til hans, það var venjulega Dýrfinnur Albertsson deildarforingi sem gerði það. Jökull vissi einnig að Dýrfinnur var næstur á listanum til að komast í höfðingjatölu innan íslensku deildarinnar. Hann var þegar skólaður til þess, ef og þegar einhver höfðinginn félli frá áður en hann sjálfur lægi grafinn í jörðu niðri.

Þetta merkti mikilvægt verkefni fyrir ráðið og kannski upphefð fyrir hann sjálfan. Ég ætla svo sannarlega að skila þessu verkefni vel af hendi, láta ekkert fara fram hjá mér eins og ég hef nú reyndar alltaf gert, sagði hann við sjálfan sig. Jökull hafði beðið eftir Kjartani í bílnum hinum megin á götunni. Hann var farinn að halda að hann þyrfti að hanga þarna úti alla nóttina, litlu síðar opnuðust útidyrnar og ungur maður gekk út. Í sama vetfangi renndi Jökull sér neðar í sætið svo ekki sæist til hans. Jökull sá rétt upp fyrir hliðargluggann á bifreiðinni að maðurinn snéri sér að stúlkunni sem stóð í dyragættinni svo hann skyggði á konuna. Jökull sá hana ógreinilega, enda gerði það ekkert til, þeir í ráðinu vissu hver þessi kona var. Þau töluðu eitthvað saman litla stund og vissu greinilega ekki af honum.

Jökli hafði verið kennt að taka vel eftir atferli manna og lærði nokkuð vel að lesa hug aðila sem hann var að elta og oftlega síðan hefur hann komist allnærri hugsunarferli þeirra. Jökull fylgdist vel með hverri hreyfingu Kjartans. Hann talaði við sjálfan sig í hljóði. Þessi ungi maður fór glaður og ánægður frá konunni. Það var ekki hægt að komast hjá því að sjá að hann er meira en lítið spenntur fyrir þessari konu. Fyrst í stað gekk hann léttur í lund, en núna skömmu síðar er hann ansi djúpt hugsí og ekki eins léttur á fæti. Það er greinilegt að eitthvað er að angra manninn. Það kemur varla til að gamlar áhyggjur séu að koma upp á yfirborðið núna á þessu augnabliki, það er miklu sennilegra að hugur hans sé hjá stúlkunni.

Þegar þeir nálgudust heimili Kjartans var hann léttari í spori. Hann var mjög ánægður með þetta kvöld, gömul sárindi voru skyndilega flogin út í veður og vind að mestu leyti, hann var í raun lítið eitt undrandi hvað þessi yndisfagra yngismær hafði heltekið hjarta hans, losað hann úr gömlum fjötrum og það á svo skömmum tíma. En það sem honum þótt verst var að hann gat hvorki séð né fundið að hún væri sama sinnis í hans garð. En hann taldi það segja sér eitthvað að hún kvaddi hann með kossi á kinnina um leið og hún þakkaði honum fyrir björgunina. Hann hélt alla vega í það hálmstrá.

Það er kannski ekki nema von að hann læsi hana ekki betur en þetta. Þó Kjartan sé vel gefinn og myndarlegur og að konur líta hann hýru auga, þá hefur hann alltaf verið feiminn og klaufskur í kvennamálum og þar að auki aldrei haft áhuga á skyndikynnum. Hann hafði kynnst góðri konu og giftist henni þegar hann var rúmlega tvítugur, en hún dó í bílslysi ásamt þriggja ára dóttur hans fyrir tæpum þrem árum. Fyrsta árið var honum mjög erfitt og þá reiddist hann stundum heiftarlega yfir missi sínum, því hann saknaði þeirra beggja mikið, en tíminn og áhugi hans á vinnunni fleytti honum yfir mestu sárindunum. Fyrir bragðið hefur hann litla æfingu í að skilja konur og síst í svona málum.

Hugur hans fór einnig á stjá um það sem Sóldís hafði sagt honum; flest af því þótti honum svo fjarstæðukennt að það náði engu tali. En þó stóð tvennt upp úr; það er svo augljóst að það var verið að reyna að myrða hana með því að keyra hana niður. Það er ekki hægt að vefengja, og eins er farið með bækurnar, hvers vegna var verið að skipta á þeim, er hugsanlegt að ástæðan sé eins viðamikil og Sóldís

lætur í veðri vaka? Svo má einnig segja það einkennilegt að Ólafur skuli vera sá eini af vitnunum sem minnst á þennan hjólreiðadreng. Svo er það einnig einkennileg tilviljun að Sóldís lýsti farþega mínum nákvæmlega eftir þeim manni sem hún sagðist hafa séð í miðilsástandi í baðinu og ég vil helst trúa því að hún sé að segja mér satt um það atriði. Þannig velti hann þessu fyrir sér í góða stund. Skömmu áður en hann kom að húsi sínu sagði hann í hálfum hljóðum og hló með sjálfum sér: Það einkennilega við þetta allt saman er að ég trúi þessu sem Sóldís var að segja mér í megindráttum. Þessi kona ætti að fara á þing, hún væri ekki lengi að fá sínu framgengt ef hún vildi svo við hafa.

Nú var hann kominn heim að dyrum, tók lyklakippuna upp úr vasanum opnaði hurðina og gekk inn. Jökull var ánægður og sagði við sjálfan sig: Engin vandræði. Maðurinn var svo annars hugar að hann tók ekki eftir mér, ekkert vafamál, hér á gaurinn heima.

Í hádeginu daginn eftir hringdi Dagfinnur: Sæll, er eitthvað sérstakt að fréttu frá því í gærkveldi? Nei, ekki get ég sagt það, ég beið þarna fyrir utan hjá Sóldísi til langt gengin í fjögur og það er greinilegt að þau eru að draga sig saman. Ég elti Kjartan Ólafsson heim til hans. Þetta er þó ekki Kjartan Ólafsson sem gerir út flugfélagið Fragtflug. Jú, þetta er sá maður, ég kannaði þetta áðan í gegnum símann. Reyndu að komast að eins miklu um þennan mann og þú mögulega getur og koma skýrslunni til prestsins klukkan tvö á miðvikudaginn. Jökull ákvað að segja Dagfinni ekki meira en hann komst hjá.

7. KAFLI

Um miðnætti þetta sama kvöld var Vilhjálmur Óskarsson rannsóknalögreglumaður nýháttaður og lét fara vel um sig í hjónarúminu við hlið konu sinnar og var að lesa í góðri bók. Hann er fimmtíu og sjö ára gamall, þrekinn og herðabreiður með framsettan maga. Dökkhærður og farinn að grána í vöngum, breiðleitur og vel sterkur. Vilhjálmur er gáfaður, fróður og traustur maður, seintekinn til átaka. Klókur mjög og harður í horn að taka þegar svo ber undir og fer þá stundum að mörkum laganna. Hann er matmaður og að sjálfsögðu á hann bágt með að neita sér um góðar kræsingar þegar honum bjóðast þær. Má því til staðfestingar fylgja stutt saga um það. Hún gerðist á á kaffistofunni hjá rannsóknarlögreglunni. Þeir voru með kaffisjóð og fyrir peningana sem safnaðist í hann var keypt kaffi og meðlæti.

Vilhjálmur og vinnufélagi hans voru að fá sér kaffi og kaffibrauð. Þá sagði Vilhjálmur: Viltu skera fyrir mig eina tertusneið og rétta mér hana þar sem hún er svo nálægt þér? En félagi hans rétti honum diskinn með tertunni á sem ekki hafði enn verið hreyft við og sagði: Gerðu svo vel. Þú ert aldeilis rausnarlegur og ég þakka bara gott boð, sagði Vilhjálmur um leið og hann tók alla tertuna og hló þess á milli sem hann tuggði og kyngdi. En Páll Vigfússon félagi hans horfði brosandi og forvitinn um hvort hann gæti klárað alla tertuna.

Þegar hann hafði lokið sér af með góðgætið leit hann kíminn á Pál og færði sig þétt að borðskúffunni sem var undir borðplötunni, dró hana út til hálfis jafnhliða því sem magi hans gekk inn. Þandi síðan vömbina snögglega út og skúffan þeyttist með vítiskrafti og smell í og hún lokaðist. Síðan horfði hann hlæjandi á félagi sinn og sagði svo með spekingssvip: Þetta geta þeir aðeins sem hafa vit á að troða vömb sína með miklum og góðum mat.

Síminn sem var á náttborðinu við hliðina á Vilhjálmi hringdi lágt. Hann lagði bókina á hvolf yfir magann og hann teygði sig eftir símtólinu og sagði: Þetta er hjá Vilhjálmi. Á hinum endanum á línunni var lögregluvarðstjórinn Þorvaldur Kristjánsson. Hann sagði með dimmri röddu: Góða kveldið vinur, ertu kominn upp í rúm? Já, ekki ertu að hringja í mig aðeins til að fá að vita það?, svaraði Vilhjálmur snöggt og hálf ergilegur, því að hann vissi að hann fengi ekki að lúra

Þessa nóttina. Það var ágætt, sagði Þorvaldur, þá geturðu drifið þig á lappir, því að það er komið að þinni deild núna. Hvað er svona mikilvægt að það geti rifið mig upp úr hlýju rúminu frá góðri bók um miðnætti?

Bifreið var ekið fram af Suðurbryggjunni í sjóinn, sennilega fyrir um það bil fimmtán mínútum og trúlega hefur ökumaðurinn drukknað, samkvæmt því sem Arngrímur Pétursson tilkynnandinn og sjónarvottur sagði mér í símanum. Hann sagði að ökumaðurinn hafi verið einn í bifreiðinni þegar hann ók fram af bryggjusporðinum. Arngrímur heldur að bílstjórinn hafi ekki getað bjargað sér frá drukknun. Fékkstu upp hjá honum heimilisfang og kennitölu? Já, og ég sagði honum að bíða þarna á staðnum þangað til rannsóknarlögreglan kæmi og hefði tal af honum.

Eru einhverjir frá þér komnir á vettvang?, spurði Vilhjálmur. Þeir eru á leiðinni að Suðurbryggjunni; tveir lögregluþjónar, sjúkrabifreið og Grímur kafari. Og kranabifreiðin sem á að draga bílinn upp úr sjónum er einnig á leiðinni. Gott, ég ræsi einn af mínum mönnum og tek hann með mér í leiðinni. En sjáðu til þess að sjónarvotturinn bíði eftir mér í lögreglubifreiðinni, svo ég þurfi ekki að leita hann uppi þegar ég vil hafa tal af honum.

Vilhjálmur heyrði á honum að það var eitthvað meira sem hann vildi segja honum og spurði: Er eitthvað meira sem hangir á spýtunni? Ég veit það ekki fyrir víst, en lýsingin á bifreiðinni gæti passað við aðra bifreið sem á að hafa reynt að keyra niður stúlku við Tjarnargötuna og höfum verið að leita að þessari bifreið núna í kvöld. Þá verður að hafa samband við ritara minn svo hún geti boðað þau til mín. Ég skal hafa samband við ritara þinn á morgun. Þeir kvöddust og þegar Vilhjálmur hafði lagt símtólið á spurði Katrín kona hans: Nú er eitthvað mikið á seyði fyrst þú ert kallaður á aukavakt? Hann kyssti konu sína á vangann og sagði: Það var einhver ökumaður að keyra fram af bryggjunni, lúrdú bara áfram vina mín. Nei, ég ætla að hita kaffi handa þér á meðan þú klæðir þig, sagði hún um leið og hún fór fram úr á náttkjólnum og klæddi sig í sloppinn, fór í inniskóna og gekk inn í eldhúsið. En á meðan hringdi Vilhjálmur eitt símtal og klæddi sig síðan.

Tæpum klukkutíma síðan voru þeir félagar Páll Vigfússon og Vilhjálmur komnir á vettvang. Lögreglan hafði strengt kaðal þvert yfir bryggjuna til varnar forvitnu

fólki. Kranabifreiðin var kominn á staðinn og var að hífa bílinn upp úr sjónum og slaka honum niður á bryggjuna þegar þeir komu. Annar lögreglumaðurinn stóð fyrir utan kaðalinn. En hinn lögregluþjóninn sem var með lægra númeri á einkennisjakkanum Sigmundur Bjarnason var í lögreglubifreiðinni sem var skammt innan við kaðalinn. Í aftursætinu sat Sigmundur lögreglumaður sem var að leggja símtólið frá sér þegar Vilhjálmur kom til hans.

Aðspurður sagði Sigmundur við Vilhjálmi: Það var aðeins einn maður í bifreiðinni, ökumaðurinn. Grímur kafari náði í hann, en þá var hann látinn. Þetta er þá lík af karlmanni? Já, en ég veit ekki hvað hann heitir, ég var að tilkynna Þorvaldi varðstjóra þetta í gegnum farsímamann og gaf honum einkennisnúmer bifreiðarinnar. Hann er að kanna hver sé eigandi hennar, svaraði Sigmundur. Þetta er vel unnið verk hjá þér, bíddu hér í bifreiðinni og láttu mig vita þegar Þorvaldur hringir í bílasímamann. Svo snéri hann sér að manninum í aftursætinu og spurði: Ert þú Arngrímur? Varstu sjónarvottur að slysinu? Já, svaraði hann. Viltu bíða um stund hérna í bifreiðinni, ég kem rétt strax. Síðan fór Vilhjálmur út úr lögreglubifreiðinni.

Páll Vigfússon rannsóknarlögreglumaður smellti nokkrum myndum af bifreiðinni frá öllum hliðum á meðan hún var að síga niður á bryggjuna. Hann opnaði fram og afturhurðirnar beggja megin á ólukkubifreiðinni og smellti nokkrum myndum inn í bifreiðina eftir að kranastjórinn hafði losað böndin frá henni. Síðan tók hann myndir af líkinu, sem lá í gegnblautum fötum inni ísskápnum á lögreglubifreiðinni. Þessi ólánsami dáni maður hefði verið ungur skolinnhærður myndarlegur maður. Sjúkrabifreiðin flytur ekki lík og var því nýfarinn af vettvangi svo lögreglan varð að flytja manninn í líkhúsið.

Í lokin myndað Páll vettvanginn, meðal annars bryggjusporðinn og bryggjukantinn þar sem þessir tveir þykku trébitar lágu á ská með passlegu bili fyrir hjólin. Þessir bitar voru settir í þeim eina tilgangi að eiga auðveldara með að aka fram af bryggjusporðunum í sjóinn.

Vilhjálmur og Páll skoðuðu vettvang. Þeir fundu hjólför sem voru með sama munstri og á sjóblautu bifreiðinni. Hún vísaði beinustu leið að bryggjusporðinum og á sex tommu borðin sem voru þarna staðsett á bryggjukantinum. Þeir leituðu að

bremsuförum en fundu engin. Það þarf ekki neinum blöðum um það að fletta til að sjá að hann hefur gert þetta að yfirlögðu ráði sagði, Vilhjálmur og benti á plankann. Páll nikkaði höfði til samþykkis.

Síðan fóru þeir að bifreiðinni sem stóð þarna á bryggjunni. Vilhjálmur sá strax að bíllykillinn var í svissnum. Hann opnaði hanskahólfið sá tvo gúmmíhringi, um fimm sentimetra á breidd, sem hafði verið klippt af loftslönguúr bifreið, greinilega ónotuð og sennilega ætluð sem keðjustrekkjari. En samt hafði hann tilfinningu fyrir að þetta hefði aðra merkingu. Þarna var einnig bifreiðaskírteini sem tilheyrði þessum bíl. Annað var ekki í hanskahólfinu eða inni í bifreiðinni. En í farangursgeymslunni var aðeins tjakkur, boltasveif, skrufjárn og varadekk. Vilhjálmur spurði Pál hvort hann hefði náð mynd af öllu sem var í bifreiðinni? Já, ég smellti myndum af öllum hlutum hennar innan og utan. Tókstu einnig mynd af hanskahólfinu? Já, ég gerði það einnig, svaraði Páll. Það var gott því einhverra hluta vegna finnst mér það þýðingarmikið hvernig sem á því stendur.

Þessi óhamingjusami drengurinn virðist hafa verið leiður á lífinu og framið sjálfsmorð sagði Vilhjálmur um leið og hann beygði sig yfir líkið til að leita í vösum hans. Það eina sem hann fann í vösum hans var peningaveskið sem Sverrir hafði innan á jakkavasanum. Hann opnaði veskið og sá þar þrjúþúsund krónur í seðlum og persónuskilríki ásamt ökuskírteininu. Já, það virðist vera augljóst svaraði Páll. Ég ætla nú samt að tala við sjónarvottinn og heyra hvað hann segir. Í sama mund og Vilhjálmur sleppti orðinu kallaði Sigmundur lögregluþjónn í hann og sagði að Þorvaldur væri í símanum.

Já, þetta er Vilhjálmur. Þá sagði Þorvaldur: Eigandi og ökumaður bifreiðarinnar er Sverrir Finnbogason, tuttugu og þriggja ára gamall, til heimilis að Blöndubakka 40 í Breiðholti. Bifreiðin er skráð hérna hjá mér sem dökkblá Mazda. Þetta stendur allt heima, sagði Vilhjálmur. Þá spurði Þorvaldur: Hefurðu fundið einhverskonar teygjuband í þessari bifreið sem gæti falið einkennisstafi hennar? Já, hvers vegna spyrðu að því?, spurði Vilhjálmur undrandi en kom í hug hugdetta sín að þessir gúmmíhringir hefðu einhvern annan tilgang en sem keðjustrekkjari.

Þessi Kjartan Ólafsson sem ég sagði þér frá að hefði tilkynnt um vítaverðan akstur þar sem ekið var með ofsahraða upp á gangstétt þar sem Söldís Gunnlaugsdóttir

var á gangi um og það hafi aðeins munað hársbreidd að hún hefði ekki orðið fyrir bílnum. En þessi Kjartan sem hringdi kvaðst hafa með óskiljanlegri heppni forðað henni undan bifreiðinni með því að kasta sér og henni út í tjörnina.

Aðspurður sagði hann að þessi bifreið hafi verið dökkblá Mazda með svart teygjuband yfir númerspjaldið að aftan. Hann kvaðst ekki vita hvort svo væri einnig að framan. Hann vildi kæra þetta atvik svo að ég boðaði þau bæði á lögreglustöðina við Hverfisgötu næstkomandi mánudag kl. 10 til skýrslugerðar. Mér kom í hug að þessi bifreið sem fór í sjóinn sé sami bíllinn og ég var að segja þér frá. Þá sagði Vilhjálmur: Þetta er athyglisvert. Það þarf að kanna þetta nánar. Hafðu samband við ritarann minn. Hún mun síðan senda þeim kvaðningu til að mæta á rannsóknarlögreglustöðina í Kópavogi. Já, ég geri það strax í fyrramálið. Vilhjálmur var viss um að þetta mál væri stærra en það leit út fyrir að vera.

Eftir að Vilhjálmur hafði lokið samtalinu snéri hann sér að sjónarvottinum sem sat hokinn í aftursætinu. Hann var ekki mikið eldri en tvítugur og var greinilega miður sín. Vilhjálmur spurði drenginn með sefandi röddu: Ert þú maðurinn sem hringdi í lögregluna og tilkynnti um þetta slys? Já, svaraði drengurinn lítið eitt hástemmdur. Sástu þegar ökumaður ók fram af bryggjunni? Já, og mér fannst það óhugnanlegt og var stjarfur eitt augnablik. Ég er ekki undrandi yfir því, sagði Vilhjálmur og bað hann síðan um nafnskírteinið. Maðurinn náði í veskið sitt og rétti honum skírteinið. Vilhjálmur skrifaði niður nafn hans og heimilisfang: Arngrímur Pétursson til heimilis að Sjávargötu 5, Stykkishólmi. Vilhjálmur skrifaði það neðan við minnisatriðin sem hann hafði punktað niður vettvangi. Hvað kom til að þú varst staddur hérna á bryggjunni þegar slysið varð?

Ég er háseti á togaranum Sigurfara frá Stykkishólmi sem liggur hérna við landfestar, sagði hann um leið og hann benti á bátinn. Ég var við landganginn á leið um borð þegar þessari bifreið var ekið framhjá mér að bryggjukantinum, þar sem hún stöðvaðist og bílstjórinn kom út úr bílnum og hélt á einhverju í höndunum. Þegar ég var kominn inn á miðjan landganginn stoppaði ég og horfði undrandi á þegar bílstjórinn lagði spýturnar á bryggjukantinn settist aftur undir stýri og bakkaði bifreiðinni góðan spöl inn bryggjuna og stöðvaði hana skammt innan við landganginn og beið þar litla stund. Mig var farið að gruna hvað hann

ætlaði sér að gera en trúði því samt ekki, en ákvað strax að fara til hans og tala við þennan sjúka mann. Ég var rétt kominn að bifreiðinni þegar hann gaf í og var kominn á töluverða ferð þegar bíllinn flaug fram af bryggjusporðinum. Ég hljóp að bryggjukantinum og gáði hvort ég sæi bílstjórann á sundi. Hann kom ekki upp en ég kastaði samt til öryggis björgunarhringnum sem var festur við staur, hljóp síðan um borð og hringdi úr farsíma í lögregluna. Svo sagði hann eins og afsakandi: Ég var að hugsa um að stinga mér í sjóinn og reyna að bjarga bílstjóranum en taldi það ekki óhætt þar sem ég var einsamall. Það var líka eins gott að þú gerðir það ekki, þú hefðir kannski ekki einu sinni getað bjargað sjálfum þér. Sjórinn hér við Íslandsstrendur er það kaldur, eins og þú sjálfsagt veist. Þess vegna er hættulegt fyrir þig að vera í sjónum ef enginn annar veit um það, sagði Vilhjálmur um leið og hann setti litlu skrifbókina í brjóstvasann. Hásetinn rétti þá úr sér ánægður og leit brosandi á Vilhjálmm og sagði feginsamlega: Það hefði þá verið mjög óskynsamlegt að reyna að bjarga honum með því að kasta mér til sunds eins og ég hugsaði í fyrstu? Já, það geturðu reitt þig á drengur minn. Segðu mér eitt, hvers vegna sagðir þú sjúkan mann? Þekktirðu þennan mann eitthvað? Nei, ég þekkti þennan mann ekki neitt, en ég tel að það hljóti að vera mikið veikur maður sem leggur í það að fremja sjálfsmorð. Ég vil þakka þér fyrir mjög greinagóða lýsingu og biðja þig að staðfesta hana með undirskrift þinni fyrir klukkan þrjú á morgun, hjá Rannsóknarlögreglunni við Auðbrekku í Kópavogi.

8. KAFLI

Síðdegis daginn eftir ók Vilhjálmur bifreið sinni frá líkhúsinu. Lítil, grönn miðaldra kona situr í framsætinu við hlið hans. Hún heitir Margrét Sveinsdóttir og er móðir Sverris Finnbogasonar sem hafði drukknað daginn áður í höfninni. Margrét sat hljóð og hnipraði sig saman, sorgin skerpti netta andlitsdrættina. Fjarræn augu störfðu eitthvað út í loftið og doðinn heltók hana, álagið var henni um megn. Vilhjálmur hafði sótt hana heim til hennar og farið með hana að líkhúsinu. Þegar líkgeymslumaðurinn hafði vísað henni að líkbörunum var hún á milli vonar og ótta. Eftir að Margrét hafði þekkt son sinn sem lá á líkbörunum hvítklæddur stirðnaði hún upp og varð helköld, varirnar herptust og augun þornuðu upp, hún gat ekki mælt, nikkaði því aðeins höfði.

Eftir skamma veru í bifreiðinni, byrjuðu augnhvarmarnir smám saman að vökna og tárin að drjúpa hægt niður kinnar hennar, síðan kom snökkið og gráturinn sem losaði um stjarfann. Vilhjálmur leyfði henni að gráta í friði og beið rólegur þangað til hún vildi tjá sig. Nokkru síðar sagði hún: Hérna á ég heima, og benti á blokkina sem var framundan. Vilhjálmur sveigði bifreiðinni inn á bílastæðið og lagði henni þar. Hann leit til hennar og sá að hún hafði jafnað sig lítið eitt. Þá spurði hann Margréti: Á ég ekki að koma með þér inn?, ég væri alveg tilbúinn að þiggja kaffisopa hjá þér á meðan þú ert að hringja í vinkonu þína og biðja hana að vera hjá þér einhverja stund til að létta af þér sorginni, vina mín. Jú, endilega, sagði hún lágróma og brosti örlítið gegnum társvot augun. Ég helli upp á nýtt kaffi handa okkur, sagði hún svo öllu hressari.

Þegar hún var að hella í bollann hans spurði hann: Finnst þér það ekki betra ef ég tilkynni vinnuveitanda hans um fráfalið fyrir þig? Jú, þakka þér fyrir, mér þætti vænt um það. Hver er vinnuveitandinn?, spurði þá Vilhjálmur. Hann vinnur sem lausamaður við höfnina hjá Eimskip. Stundum er engin vinna dögum saman, þá er hann að slæpast með félögum sínum. Veistu hvað þeir hafa verið að dunda sér við? Aðallega við drykkjuskap í miðbænum. Hann hefur greinilega ekki viljað ganga menntavegin? Sverrir minn rétt skreið í gegnum níunda bekk, hafði engan áhuga á að læra og hrósaði því happi þegar hann kláraði skylduna. Eftir að hann lauk námi kynntist hann þessum götustrákum sem hann kallaði félagu sína og fór

að drekka samfara því. Þessir drengir höfðu verulega slæm áhrif á hann. Lenti hann eitthvað í útistöðum við lögregluna. Já, fyrir ólæti og drykkjuskap.

Sverrir minn var mjög trúður, stilltur og góður drengur þar til hann var tólf ára. En ég sá miklar breytingar á honum fyrstu fjögur árin eftir það til hins verra. Af hverju heldurðu að það hafi verið? Faðir hans dó þegar Sverrir var tólf ára, eftir það varð þessi glaðværi trúði drengur þögull og innhverfur. Feðgarnir voru mjög samrýmdir svo Sverrir minn missti mikið þegar hann dó. Þegar frá leið gat ég ekkert tjónkað við hann eða náð til hans á nokkurn hátt. Á endanum varð hann illskeyttari og hlustaði ekki á góð ráð. Missti gömlu félagu sína, var lengi vel mikið einn og hætti að trúa á guð og guðlegan mátt, en það mátti Sverrir minn eiga að hann stundaði alltaf vinnu sína samviskulega eftir sem áður. Hvað heitir fyrirtækið og við hvað vann Sverrir sonur þinn? Sverrir vann hjá Einskip við höfnina, tók á móti gámunum. Síðan þagnaði hún og var eitthvað hugsí. Sagði síðan eftir litla stund: Mér fannst Sverrir mínum versna til muna í skapinu eftir að hann kynntist þessum einkennilegu mönnum fyrir tæpu ári. Bættust þá einhverir nýir félagar í hópinn? Margrét horfði á Vilhjálmm með ábúðarfullum svip og sagði: Nei, þeir bættust ekki í hópinn, þessir menn eru af allt öðru sauðahúsi og komu hvergi nærri drykkjufélögum hans eftir því sem þeir sögðu mér. Þessir menn komu aldrei að spyrja eftir honum, þeir hringdu alltaf fyrir sjö á fimmtudagskvöldum og klukkan hálf átta sagðist hann verða að mæta á fund, en Sverrir minn vildi aldrei segja mér hverskonar fundir þetta væru. Á hvaða aldri heldur þú að þessir menn séu miðað við það að heyra aðeins í þeim og það þú aldrei að gera grein fyrir sér? Þeir svöruðu alltaf því til að þeir væru vinir hans, þegar ég spurði hverjir þeir væru. Annar þeirra var með dimma rödd en hin röddin var hás, þeir voru báðir örugglega öðru hvoru megin við fertugt. Veistu hvað drykkjufélagarnir heita? Hún sagði honum það og Vilhjálmmur skrifaði fjögur nöfn niður í minnisbókina sína.

Ertu viss um að Sverrir hafi ekki gefið þér einhvern tímann einhverja ósjálfráða ábendingu um það hvað þeir hafa verið að bralla, sonur þinn og þessir tveir með dularfullu raddirnar? Ég veit það nú ekki beint. En þegar ég spurði Sverri um þessa menn þá svaraði hann mér alltaf þannig, að mér kæmi það nú ekkert við. En ég hef mínar hugmyndir um það hvað þeir vildu með son minn. Og hverjar eru

Þessar hugmyndir þínar, vina mín? Þeir voru örugglega að reyna að fá hann út í einhvers konar óhæfuverk, það segi ég fyrir víst þó ég hafi aldrei séð þá. Var Sverrir líklegur til að hlýðnast því?, spurði Vilhjálmur. Satt best að segja þá trúi ég því nú ekki, svaraði hún og var nokkuð þung á brúninni. Það var ekki nægilegt fyrir hann að vera trúlaus hann var líka farinn að hata allt sem hét guðlegt og þegar menn eru þannig stemmdir hafa þeir ekki margt sér til varnar.

Með hvaða hætti sýndi hann það? Eitt kveldið fyrir nokkrum vikum sátum við tvö ein við matarborðið. Þá sagði Sverrir upp úr þurru: Ég er kominn á þá skoðun að það séu sterk vond öfl sem ráða heiminum. Ekki þetta kjaftæði um guð sem þú varst að telja mér trú um þegar ég var lítil drengur. Það er heimskra manna tal og trú. Þegar ég ætlaði að mæla þessu í mót fór hann inn í herbergið sitt og læsti á eftir sér, en sagði við mig áður en hann lokaði dyrunum: Ég hlusta ekki á þessa vitleysu, því þú ert alltaf við sama heygarðshornið, það er enginn guð til. Og hvaðan heldurðu að þessi áhrif komi?, spurði Margrét og leit á Vilhjálmi með hvössum augum og það var eins og hún spýtti út úr sér orðunum, þegar hún svaraði sjálf spurningunni: Nú, auðvitað frá þessum andstyggðar mönnum.

Þá spurði Vilhjálmur: Er ekki hugsanlegt að þetta hafi síast inn í hann á mörgum árum frá hinum og þessum vegna áfallsins sem hann varð fyrir þegar faðir hans féll frá? Jú, það er rétt að vissu marki, hann missti trúna þegar faðir hans dó og engin breyting varð þar á fyrr en hann kynntist þessum mönnum. Sverrir taldi sér trú um að þessir menn væru hans bestu vinir, en það gat ég aldrei skilið. Það er mikil launung í kringum þessa menn og það boðar sjaldan gott. Aldrei fékk ég að vita nöfn þeirra þó ég spyrði þessa menn eða Sverri um það.

Höfðu þeir alltaf samband við Sverri í síma eða mæltu þeir sér stundum mót á einhvern annan hátt?, spurði Vilhjálmur. Honum var farið að finnast þetta áhugavert. Nei, þeir hringdu alltaf eftir sjö að kveldi einu sinni og stundum tvisvar í viku og þá var það á mánudögum. Á meðan hún var að segja Vilhjálmi frá syni sínum var engu líkara en hún hefði gleymt að hann væri dáinn, svo var eins og hún vaknaði upp af draumi. Hún greip fyrir munn sér og spurði: Af hverju gerði hann þetta? Ég veit það ekki góða mín, hefur hann reynt þetta áður? Hún horfði á hann með sorgmæddum augum og tárin byrjuðu að drjúpa niður kinnar hennar.

Hún hristi höfuðið ákaft og sagði: Eg hef aldrei orðið vör við að slíkt hafi hvarflað að honum. Svo tók hún vasaklút upp úr svuntunni, þurrkaði sér um augun og snýtti sér.

Vilhjálmur hafði nýlokið við kaffið úr bollanum og sagði við Margréti til að dreifa huga hennar litla stund frá syninum: Þetta er mjög gott kaffi sem þú hefur hellt upp á, ég væri ekki á móti því að fá einn bolla í viðbót. Hvað er ég eiginlega að hugsa, auðvitað færðu meira kaffi, sagði Margrét, um leið og hún stóð upp af stólnum náði í kaffikönnuna og hellti í bolla hans.

Eftir skamma þögn spurði Vilhjálmur: Hvers vegna heldurðu að þessi menn hafi ætlað að nota son þinn til óhæfuverka? Það er nú bara móðurtilfinningin sem gefur mér tilefni til þess að ætla það og er mér nægileg sönnun sagði hún lítið eitt hvasst og teygði höfuðið fram á við. Geturðu skýrt það eitthvað nánar? Hún horfði hugsandi á hann og sagði. Fyrir um það bil einum og hálfum mánuði kom hann heim frá þessum mönnum með einkennilega starandi augu og allur úti á þekju og talandi um að það væru meiri vitfirringarnir sem héldu að guð hefði eitthvert vald í heiminum. Og að einhverjir gætu læknað með hans mætti, hvernig er það hægt þar sem hann væri ekki til. Þetta er aðeins hugarburður heimskra manna. Svo horfði hann á mig með þessum óhugnanlegu stjörfu augum og sagði til viðbótar: Það gerir nú ekkert til þó að menn séu heimskir en þegar þeir ganga svo langt að reyna að telja fólki trú um að það sé hægt að sýna fram á það með einhverjum rökum þá er það einum of langt gengið. Svo sagði hann við mig háværrri röddu: Það á að beita valdi til að stöðva þetta fólk. Þá spurði ég kvíðin hvaða fólk hann væri að tala um. En hann svaraði því engu, yppti bara öxlum.

Eftir þetta var hann öðru hverju eins og í öðrum heimi virtist ekki sjá mig eða heyra í mér, alla vega ansaði hann mér ekki. Stundum upp á síðkastið kom hann fram á morgnana rauðeygður og stúrin. Þá hefur hann greinilega ekki sofið dúr þessar nætur. Því léstu ekki lækni athuga hann? Það þýddi nú ekki mikið, ég bað hann að fara til lækni en hann ansaði því ekki eða svaraði því til: Þú skilur þetta ekki mamma, ég er í sambandsástandi við hjálparmenn mína og með það fór hann venjulega. Í gærkveldi klukkan korter yfir sex hringdi ég í heimilislækninn okkar. Hann kom klukkutíma síðar. En rétt áður fór Sverrir eitthvað á bílnum. Það var

engu líkara en hann hafi vitað að ég hringdi í Axel Samúelsson lækni. Heldurðu að hann hafi séð eða heyrt í þér þegar þú hafðir samband við lækinn? Það getur ekki verið því að hann var inni í herbergi sínu og ég talaði lágt í símann. Eins og þú getur séð hangir hann á þilinu í stofunni, herbergi Sverris er næstum í hinum enda í hússins.

Vilhjálmur stakk minnisbókinni í vasann sinn um leið og hann hugsaði: Það er greinilegt að drengurinn var geðveill og það er sennilega orsökinn fyrir því að hann framdi sjálfsmorð. Þó að móðir hans vilji heimfæra þessi veikindi upp á vini hans. Trúlega hefur hann einnig reynt að keyra niður stúlkuna á Tjarnagötunni af ofstæki. Sem betur fer vissi móðir hans ekkert um þessa meintu tilraun hans til manndráps. Vilhjálmur spurði að lokum: Veistu hvort Sverrir sonur þinn hafi þekkt stúlku sem heitir, hann blaðaði í vasabók sinn og las nafnið þar, já, hún heitir Sóldís Gunnlaugsdóttir og mann sem heitir Kjartan Ólafsson? Hún er nuddfræðingur en hann er flugmaður. Ég veit ekki til þess, svaraði Margrét eftir skamma umhugsun. Ég hef trúlega ekki meira að gera hér, hugsaði Vilhjálmur og setti skrifbókina í vasann.

Stuttu síðar þegar hann hafði lokið úr kaffibollanum spurði Vilhjálmur: Get ég fengið að líta inn í herbergi hans Sverris? Já, gerðu svo vel sagði hún og stóð upp af stólnum og vísaði honum eftir ganginum inn af forstofunni og opnaði innstu dyrnar til hægri. Hérna er hans konungshöll, eins og Sverrir minn sagði stundum. Vilhjálmur gekk inn í herbergið sem var látlaus vistarvera. Skrifborð undir glugganum, nokkuð breitt rúm við vegginn gengt glugganum og náði næstum að dyrstafnum og náttborð með frekar stórum lampa á. Við innvegginn var appelsínutré í stórum potti og í öðrum pottinum var eplatré. Við útvegginn var bókaskápur með ýmiskonar spennubókum. Á veggjunum voru margar myndir af afbökðu fólki í mismunandi stærðum eftir myndlistarmanninn Alfreð Flóka.

Rétt eftir að Vilhjálmur hafði gengið inn í herbergið stóð Margrét í herbergisdyrnunum þegar dyrabjallan hringdi. Ætli þetta sé ekki Freyja, vinkona mín? Jú, sjálfsagt er þetta hún, sagði Vilhjálmur feginn og sá sér leik á borði og spurði hvort það væri ekki í lægi að hann fengi að vera einn um stund í

herberginu? Alveg sjálfsagt, svaraði Margrét um leið og hún fór til að taka á móti gestinum.

Vilhjálmur leið ekki vel í herberginu. Myndirnar fóru í taugarnar á honum, því allar þessar myndir voru þær drungalegustu eða frekar djöfullegastar sem hann hafði séð eftir Alfreð Flóka. Hann settist við skrifborðið og dró skúffurnar út hverja af annarri og kíkti á innihald þeirra. Hann fann ekkert merkilegt fyrir en hann sá ofan í síðustu skúffuna. Hann leit í myndaalbúm sem var þar. Fyrstu síðum voru venjulegar fjölskyldumyndir svo kom auð síða. En á næstu síðu sá hann stóra mynd af geithafurshausi en með kvenmannslíkama niður að mitti en þar fyrir neðan breyttist stytta í einhverskonar hringaflækju, sem Vilhjálmur taldi að ætti að tákna eitthvað. Hann horfði lengi á þessa mynd sagði síðan upphátt við sjálfan sig: Nú, þá veit maður það að drengurinn hefur sennilega verið djöflatrúar og það skýrir líka hvers vegna Sverrir hefur valið allar þessar djöfullegu myndir, hugsaði hann með sjálfum sér.

Í botni skúffunar var skrifblokk á kápu hennar var skrifað *Ósjálfráð skrift*. Hefur hann verið að fikta í þessari endaleysu? Hugsaði Vilhjálmur og ætlaði að kasta blokkinni í skúffuna aftur. En einhverra hluta vegna hætti hann við það og opnaði hana. Hún var þétt skrifuð inn í miðja bók. Á fyrstu tíu blaðsíðunum var ólæsilegt krass. Síðan komu orð og setningar á stangli sem voru merkingarlausar. Smám saman breyttist þetta og varð að læsilegum orðasamböndum með ákveðnum merkingum, sem Vilhjálmur hafði engan áhuga fyrir. Hann skildi í raun ekki í sjálfum sér að vera að fletta í þessari endaleysu. En það var eitthvað í hugarfylgsni hans sem sagði honum annað. Samt var augljóst að Sverrir hafði tilhneigingu til geðklofa. Og ef um ásetning var að ræða um meinta tilraun til manndráps og síðan sjálfsmorðs þá var það engum vafa undirorpið að veikindi hans voru aðalástæðan

Eftir sem áður hafði Vilhjálmur það svo sterkt á tilfinningunni að þetta væri eitthvað málum blandað. Þess vegna datt honum í hug að kannski fyndi hann einhverjar ábendingar í þessari blokk, kannski um þessa tvo dularfullu menn sem földu sig á bak við annan endann á símalínunni. Þess vegna hélt hann áfram að fletta og renna augunum yfir síðurnar. Því meira sem hann las því vissari varð Vilhjálmur að svartnættið í hugarfylgsni Sverris hefði náð ískyggilegum tókum á

honum. Þarna var skrifað: Satan hefur völdin, eftir skamma hríð mun hann ná yfirráðum á jörðinni, þá skapast það andrúmsloft að sá sterkari ræður og hinir verða þrælar hans.

Litlu síðar kom: Sæll Sverrir, ég heiti Warlock (Kölski, ópokki) og á heima á jörð sem er mörgum vetrabrautum frá heimkynnum þínum. Þú ert valinn til ákveðinna verka til að undirbúa komu Andkrists. Nú breyttist skriftin til muna og þar stóð: Ég ansa ekki svona vitleysu. Þarna var Sverrir augljóslega að svara. Þegar frá leið var farið inn á sálfræðilegu þætti Sverris og djúpt inn í tilfinningasvið hans, með sömu skrift og fyrr. Bæði var hann tættur niður og hafinn upp til skýjanna. Miðað við það sem skrifað var og sennilega vegna þeirra sárinda sem þessi skrif höfðu stundum á Sverrir, þá virðist hann ekki hafa skrifað dögum saman. Alltaf byrjaði hann samt aftur að skrifa ósjálfráða skrift. Þá var oftlega skrifað: Þú kemst ekki frá mér því þér mun alltaf klæja í fingurna af löngun til að skrifa ósjálfrátt, vegna þess að ég er búinn að ná tökum á þér. Þess vegna er þér fyrir bestu að hlýða mér, þá mun allt ganga þér í haginn.

Vilhjálmur taldi á öllu þessum skrifum að Sverrir væri að berjast innra með sér við tvö öfl, helstefnu og lífstefnu. Oftlega var Sverrir niðurbrotinn og greinilega höfði tárin streymt niður kinnar hans á blöðin, þegar svo var komið fyrir honum. Þá var hann dásamaður af Warlock og hafinn upp til skýjanna. Vilhjálmur sá á því sem þarna stóð skrifað að þessir sterku illu kraftar sem virtust magnast innra með Sverrir hafi að lokum sigrað og náð yfirráðum yfir honum. Samkvæmt því sem stóð þarna var hann eins og laufblað í vindi. Með breyttri skrift var þarna skrifað. Ég trúi þér og ég mun gera allt sem þú segir mér. Það taldi Vilhjálmur vera uppgjafa svar hjá Sverri. Vilhjálmur hélt áfram að lesa.

Það var skynsamlegt af þér og nú mun hagur þinn batna og blómgast. Frá og með þessum degi mun ég tengja þig við mann sem framvegis verður stjórnandi þinn, hann nefnir sig hinn vitri. Þú átt að hlýða honum í einu og öllu. Já, ég geri það. Gleymdu ekki að þú ert valinn til ákveðinna verka, vertu blessaður. Já, bless.

Nú breyttist skriftin í þriðja sinn. Sæll, ég er stjórnandi þinn og er hinn vitri maður. Síðan kom ómerkilegt og þýðingarlaust babl og óþarfar skipanir sem Sverrir virðist hafa framkvæmt. Svo var skrifað: Jæja, ertu undrandi? Þú skynjar

rödd mína og heyrir því allt sem ég segi við þig. Framvegis þarftu ekki að notast við ósjálfráða skrift til að ég nái sambandi við þig. Nú tala ég við þig og skipa þér fyrir þegar ég þarf þess með.

Með þessum orðum lauk ósjálfráðu skriftinni. Þetta hafði einkennileg áhrif á Vilhjálmm. Hann sat þögull góða stund og furðaði sig á hversu klár Sverri var að breyta um rithönd. Honum hafði skilist á móður hans að Sverrir hefði engan áhuga á bóklegum fögum eða skriftum. Svo Vilhjálmmur vissi ekki hvernig hann ætti að taka þessu þar sem hann hafði aldrei hugleitt framhaldslíf eða samband við annan heim. En var eins og flestir Íslendingar, hann bar ekki á móti því, taldi það alveg eins geta verið. Vilhjálmmur stóð hugsandi upp af stólnum. Stakk myndinni af líkneskjunni í vasann og fór inn í eldhús. Hann ákvað á leiðinni að kynna sér æviferil þeirra Sóldísar og Kjartans betur og vita hvort hann fyndi einhverja tengingu við Sverri eða djöflatrúna. Vilhjálmmur var orðin sannfærður um að það duldist eitthvað mikilvægt á bak við þetta mál sem hann vissi ekki um. Margrét bauð honum kaffi sem hann þáði ekki, þakkaði fyrir sig og kvaddi þessar tvær vinkonur og fór síðan.

9. KAFLI

Þrem mánuðum áður en Kjartan með snarræði sínu bjargaði Sóldísi frá bráðum bana, stóð Hupert Steiner innan við einn gluggann í litlu fundarherbergi og horfði út á víðáttuna sem blasti við honum þennan sólríka kyrrláta sunnudag, þetta var um eftirmiðdag í júnímánuði. Steiner beið eftir stjórnarfulltrúunum sem áttu að koma eftir um það bil hálf tíma. Hann kom alltaf svona snemma á þessa fundi, því honum fannst einstaklega gott að einbeita sér að þeim málefnum sem átti að taka fyrir í hverju sinni með því að horfa út um þennan glugga.

Félagsheimili STS er staðsett á Hengilssvæðinu í Hveradölum. Húsið er eitt þúsund fermetrar á tveim hæðum, ílangt með lágu þaki sem er málað með eldrauðum lit en veggir þess eru dökkbrúnir. En á þessari stundu taldi hann sig ekki þurfa að velta vöngum yfir komandi fundi svo hugur hans leitaði ósjálfrátt til þess tíma þegar hann fyrst kom hingað og vann að því að koma þessu félagsheimili upp.

Þegar hann kom fyrst til Íslands hafði hann fengið heimild hjá forseta höfuðstöðvarinnar, Sjöunda Takmark Samherja, að taka út það fé sem þurfa þykir úr geymsluhólfi S.T.S. í Svissneska bankanum og yfirfæra það til Íslands til að koma á stofn viðunandi aðstöðu þar. Félagar hans sex komu á eftir honum til Íslands, tveir og tveir í senn með stuttu millibili.

Þegar hann kom til landsins voru níu virkir félagar, þar af fimm konur en tuttugu voru skráðir í klúbbinn. Hann sá strax að þessir fjórir virku karlmenn í klúbbnum voru mjög efnilegir höfðingjar; engin kona hefur möguleika á að vera höfðingi, aðeins deildarstjóri. Steiner leitaði litlu síðar í hóp hinn óvirku og fann þá tvo sem vantaði, sendi þá síðan til Íran til náms, ásamt hinum fjórum. Þeir komu ári síðar útskrifaðir sem höfðingjar, þá var þetta félagsheimili fullklárað.

Stjórnarfulltrúar djöflatrúarmanna sóttu um byggingasvæði fyrir tæpum tíu árum hjá Hafnarfjarðarbæ og fengu með óskiljanlegum hætti einn hektara af landi norðan við fellið sem skíðaskálinn í Hveradölum stendur undir, á svipuðum slóðum og gamla gistiheimilið Kolviðarhóll stóð. Byggingafélagið og tölvuþjónustan Birting reisti þar félagsheimili S.T.S. að ósk stjórnarfulltrúanna.

En þeir skráðu klúbbinn undir nafninu Samtök Trygglyndra Samherja, til að leyna hinni réttu starfsemi félagsins og þóttust hafa það að leiðarljósi að byggja upp traust manna hver á öðrum með hvíld og hugleiðslu.

Þeir sögðu við ráðamenn bæjarins að þessi ákveðni staður undir fellinu væri valinn af klúbbfélögum um allan heim eftir að hafa leitað víða um lönd. Þetta væri að þeirra mati friðhelgur staður. Málið var afgreitt og síðar fengu þeir leyfi til að girða svæði af, með þeim hætti sem klúbbfélagar kæmu sér saman um. Þar sem samtökin þyrftu örugglega fullkomið næði til að stunda hugleiðslu bæði inni sem úti. Þeir lofuðu með undirskrift sinni að klúbbfélagar ræktuðu þarna fallegan garð innan girðingar þar sem tré, blóm, grasbalar og bílastæði yrðu sett upp með skipulegum hætti og malbikaðan veg frá þessari byggingu að Suðurlandsvegi. Þessir félagsmenn kváðust einnig vilja rækta innangirðingar tvöfalda samliggjandi röð af trjágróðri meðfram allri lóðargirðingunni til að fá meiri næði í garðinum. Það var einnig ætlast til þess að þetta kristilega trúarfélag greiddi allan kostnað við skolplagnir, vatnslagnir og símtaug sem yrði að grafast í jörðu en rafmagnsheimtaugin yrði lögð ofanjarðar með símastaurum. Stjórnendur S.T.S. eiga að sjá til þess að halda þessu við á sinn kostnað frá þjóðvegi. Það eru fáir sem skilja hvernig okkur tókst að fá þetta í gegn, en þeim sem trúa á Satan tekst alltaf að gera það ómögulega mögulegt. Það besta við þetta allt saman er að enginn vissi réttu ástæðuna fyrir því að við völdum þennan stað nema stjórnarfulltrúarnir hér á Íslandi, forseti samtakanna og hans nánustu í Teheran og síðar félagsmenn þegar allt varð komið í gagnið. Það var dauðasök að segja frá þeim leyndardómi.

Ástæðan er hellirinn sem við fundum með ómtækjunum okkar eftir leiðbeiningum frá forseta S.T.S. í Teheran. En það var Steiner óráðin gáta hvernig hann vissi um þennan helli sem var djúpt niðri í jörðinni og falinn með tugum metra af setbergi. Frá þessum helli mynduðust löng göng undir hnúknum, í áttina til sjávar eftir því sem biskupinn sagði mér. Í dag náðu þau nokkra tugi metra undan hæðinni, en hinn hlutinn hafði lokast vegna landsigs.

Félagshheimilið var reist skammt frá þessum göngum, á meðan unnið var við bifreiðastæðin. Eftir að húsið var tilbúið undir tréverk voru grafin þvergöng frá kjallaranum að aðalgöngunum. Við þessi verk unnu aðeins traustir félagsmenn.

Það er föst venja að prestur S.T.S.-manna sé hvorki fæddur né uppalinn fyrstu tuttugu árin í því landi þar sem hann tekur að sér stjórnina, það fylgja honum alltaf sex höfðingjar frá föðurlandi hans til þess lands sem hann er skipaður til. Á öllum fundum sem hann stjórnar situr hann alltaf við vestari enda fundarborðsins. Þeir höfðingjar sem koma með honum til landsins sitja hægra megin við prestinn á öllum fundum. Það eru þrjú ár síðan þessir sjö menn fengu íslenskan ríkisborgararétt.

Þegar höfðingjarnir voru allir mættir í setustofuna fóru þeir inn í fundasalinn ásamt Steinari og prestinum og röðuðu sér bak við stólana sem tilheyrðu hverjum og einum og stóðu þar þangað til presturinn varsestur. Þá fyrst settust þeir í drógu þeir stólana. Stólarnir eru með mjúkar sessur og háu baki sem er klætt með rauðu flaueli, en er að öðru leyti gyltur.

Sú regla er höfð á meðal þeirra að höfðingjarnir leggja fram tillögur sem síðan eru ræddar meðal þeirra og lagt fyrir prestinn í einum eða fleiri útgáfum, ef ekki næst samstaða. Presturinn hlustar á rök þeirra og tekur síðan ákvörðun eftir sínu höfði.

Maðurinn sem situr við þverborðið hægra megin við prestinn er menntaður sem byggingaverkfræðingur og er höfðinginn númer eitt innan Íslandsdeildarinnar og er aldrei nefndur annað en herra höfðingi. Hann er sérfræðingur í gangagerð og framkvæmdarstjóri S.T.S. Hann er fæddur í Austurríki. Þessi höfðingi situr við hægri hönd prestsins og er næstráðandi. En maðurinn sem situr vinstra megin við prestinn er Íslendingur og er höfðingi númer sex. Hann var kjörinn gjaldkeri og ritari djöflatrúarmanna, allir hinir höfðingjarnir tíu eru einnig nefndir eftir tölu sinni og sitja sín hvoru megin við langborð sem liggur að stjórnarborðinu. Erlendu höfðingjarnir sex sem hafa lægri tölur sitja hægra megin við prestinn en Íslendingarnir vinstra megin.

Þegar presturinn hafði tekið ýmsa pappíra upp úr skjalatöskunni sagði hann við fundarmenn: Eg boðaði ykkur á þennan aukafund (allir fundir eru boðaðir með sérstöku tákni á einni síðu Morgunblaðsins) af sérstökum ástæðum. Það er út af áhyggjum mínum vegna Ara Fannberg, framkvæmdarstjóra Birtings. Samviska Ara er að gera hann stórhættulegan S.T.S. Hvers vegna ætti hún að kvelja hann

núna frekar en endranær?, spurði tólfti höfðinginn. Það er út af þessari sprautu sem hann gaf dr. Gunnlaugi fyrir fáum mánuðum, svaraði sjöundi höfðinginn.

Nú, það er skrítið var honum ekki sagt samkvæmt skipun okkar að þetta væri svefnlyf því við vildum hafa Gunnlaug sofandi í sólarhring svo við gætum framkvæmt ákveðið verk í friði fyrir honum? Jú, honum var sagt það, en hann virðist ekki hafa trúað því og hefur undanfarið verið að leita sér upplýsinga og hann er farið að gruna ansi margt, svaraði sjöundi höfðinginn. Hvers vegna í andskotanum var þessi maður settur í þetta hlutverk fyrst það er ekki meiri töggur í honum en þetta? Honum er rétt upp í hendurnar stórfyrirtæki á svimandi háu kaupi, gegn því að hann skipti sér sem minnst af rekstri þess. Þetta er nákvæmlega eins og ég var búinn að segja fyrir, að það væri ekki hægt að teysta honum, sagði áttundi höfðinginn svolítið argur.

Byrjaðu nú ekki á þessari vitleysu aftur, Ari var langlíklegastur innan S.T.S. til að hafa möguleika á að geta náð Tinnu í hjónasængina samkvæmt vísindalegum rannsóknum og við urðum einnig að ná góðum tókum á honum. Við tókum enga áhættu með þessu. Þú veist það vel að við þurfum að hafa hana í nálægð við okkur svo hún verði til taks þegar dagurinn kemur og við vitum það einir hér á Íslandi að það eru örfáir mánuðir þangað til hinn mikli dagur rennur upp. Það munaði nú engu að við misstum hana úr höndum okkar fyrir bölvaðan asnaskap í Ara, sagði áttan. Já, en Tinna snéri dæminu við, svaraði tólfti höfðinginn.

Presturinn leit á þann sjöuna og sagði: Þú verður að sjá til þess að það verði fylgst með honum dag og nótt, ég vil helst ekki láta fjarlægja hann fyrr en dagurinn kemur, ef einhver breyting verður á honum til hins verra þá verður þú að sjá til þess að maðurinn verði drepinn og láta það líta út sem slys. Þú lætur Ásinn vita á hverju kveldi hvernig málin þróast. Já, ég sé um að þetta verði gert.

Þá er næst Söldísar-málið hvernig gengur það?, spurði presturinn um leið og hann leit á fimmta höfðingjann og þann tíunda. Það gengur hægt eins og við er að búast en samkvæmt áætlun. Við höfum náð umtalsveðum árangri við að láta Sverri skynja hug okkar en það vantar mikið upp á ennþá, að við náum fullkomnu valdi á honum.

Ari Fannberg er ekki sérlega greindur maður, en lauk samt stúdentsprófi með ágætum. Fór síðan að vinna í verslunargeiranum, fyrst sem afgreiðslumaður og vann sig upp í það að verða deildarstjóri. Hann er fjárhættuspilari, en hefur hingað til ekki lagt hættulega háar peningaupphæðir undir, virðist hafa hemil á þessu hættulega áhugamáli sínu.

Í dag er hann framkvæmdarstjóri Tölvuþjónustunnar Birtings. Hann sat þungt hugsuð við skrifborð sitt áheimili sínu að Brávallagötu 165, fimm dögum eftir fundinn hjá S.T.S. Þetta er fallett og snyrtilegt einbýlishús á tveim hæðum með stórum garði sem greinilega er í góðri umhirðu. Tinna Þorvaldsdóttir eiginkona Ara sá alfarið um garðinn. Ari hafði komið óvenju seint heim þetta kvöld og gekk inn í bókaherbergið án þess að láta konu sína vita um heimkomuna.

Tinna hafði ekki orðið vör við hann þegar hann kom inn þar sem hún hafði þá verið uppi á efri hæðinni. En hún sá strax þegar hún kom niður að frakkinn, sem maður hennar hafði verið í þegar hann fór að heiman hékk á snaganum. Tinna tók einnig eftir því að Ari hafði farið inn í bókaherbergið og lokað á eftir sér því dyrnar höfðu verið opnar þegar hún fór upp á efri hæðina. Það var líka venja hans þegar hann vildi vera í næði í bókaherberginu að hafa dyrnar lokaðar.

Henni var alveg sama þó að hún sæi hann sem sjaldnast, hjónabandið hafði alla tíð verið ástlaust, alla vega frá hennar bæjardyrum séð og ekki batnaði álitnið á honum, eftir upptöku hans fyrir þremur árum þegar þau hjónin voru í Kanada ásamt dóttur þeirra með bróðir Ara sem þá var tvítugur. Hann keppti í heimsmeistaramótinu í snóker undir tuttu og eins ára aldri og sigraði mótið. Á meðan var Ari meira og minna fullur og í spilavítinu og það munaði engu að þau yrðu öreiga en Tinna tókst með hugmyndauðgi sinni að bjarga málunum með hjálp bróður hans. En núna átti hún húsið með öllu sem í því var.

Þá vantaði ekki mikið upp á að hún skildi við hann, en hann bað hana að gera það ekki. Hún lét það eftir honum þar sem hann hefur aldrei verið vondur við hana og skaffaði henni þar að auki mikið af peningum. En hún setti það skilyrði að þau færu aldrei í hjónasæng fram og að hann yrði að hætta að spila fjárhættuspil. Hann samþykkti hvortveggja í þeirri von að konan hans kæmi í sæng til hans aftur.

Ástæða þess að Ari hafði verið meira og minna undir áhrifum áfengis og einnig argur allan þann tíma sem þau voru í Kanada og þess vegna kærulausari með spilapeningana, var sú að allt snérist um bróður hans. Ari varð afbrýðisamur því hann vissi að Tinna bar meiri virðingu fyrir Ársæli en honum sjálfum. Ari Fannberg hafði þar að auki sterkan grun um að Ársæll væri hrifinn að Tinnu þó hann reyndi að leyna því fyrir þeim hjónum.

En það sem gerði útslagið að hann lét það ekki eftir sér framvegis að spila upp á peningavar að Steiner hafði sagt honum að hann mætti ekki með nokkru móti skilja við konu sína. Þeir sæju að sjálfsögðu til þess að það yrði honum til mikilla óheilla. Hann yrði að taka öllum þeim skilmálum sem hún setti honum til að halda hjónabandinu. Þegar Steiner vissi að hjónaband þeirra var ekki í hættu lengur spurði hann, hvernig voru skilmálarnir sem Tinna kona þín lét þig undirgangast. Þá svaraði Ari Fannberg daufur í dálkinn: Ég má hvorki sænga með henni né spila fjárhættuspil. Nú, þegar ég hélt að þú værir búinn að klúðra öllu þá hefur Tinna leyst það mál sem við hefðum annars orðið að blanda okkur í. En við losnuðum hinsvegar við það vegna þess að hún hefur tekið af okkur ómakið og þú verður skilyrðislaust að standavið loforð þitt.

Þetta hafði vakið enn meiri forvitni hjá Ara, hvers vegna þeim var svo annt um að hann skildi ekki við konuna sína? Hann taldi sig vita það fyrir víst nú orðið, að Tinna var meira en lítið mikilvæg fyrir Satansmenn og hann var hreykinn af því. Hann spurði Steiner, hvers vegna er kona mín svona mikilvæg fyrir S.T.S.? Þú skalt ekki vera að velta vöngum yfir því, en þó skal ég segja þér að við viljum hafa hana tiltæka þegar við þurfum á henni að halda og það er Tinna á meðan hún er gift þér og sem betur fer tókst þér að koma í veg fyrir hjónaslit. Með því slærðu þrjár flugur í eini höggi.

Hvaða þrjú mál voru leyst með þessum samningi sem við hjónin gerðum?, spurði Ari Fannberg forvitinn. Nú, auðvitað hjónabandið og nú geturðu með góðu móti stundað fundi hjá félaginu og hún mun ekki skipta sér að því þó að þú sért lítið heima, þetta eru nú ástæðurnar, svaraði hann þurrlega.

Ari Fannberg var kaldlyndur og fráhrindandi persónuleiki, átti þess vegna erfitt með að tjá hug sinn og var eigingjarn fram úr hófi. Það hafði þau áhrif að Tinna

náði aldrei til hans og gat þess vegna með engu móti opnað hjarta sitt fyrir honum þó hún hafi reynt það í fyrstu. Eftir að dóttir þeirra fæddist lifði hún einungis fyrir hana.

Þegar hann bað hennar hafði hún sagt honum hreint út, ég segi já, og ástæðan fyrir því að ég vil giftast þér er aðeins vegna þess að þú ert þokkalega myndarlegur, forríkur og ég held að þú sért ekki slæmur maður inni við beinið. Ef þú sættir þig við þessi kjör og reynist mér þægilegur eiginmaður þá skal ég þjóna mínu hjónabandshlutverki. Hann hafði glepti við þessum bita.

Þetta kvöld fann Ari Fannberg sig kominn í dauðagildru og hugsaði til þess dags fyrir fjórtán árum sem var undirrótin að öllum hans vandræðum í dag. Þá hafði hann verið tvítugt ungmenni og litið björtum augum á tilveruna. Sérstaklega þegar hann gekk í félag djöflatrúarmanna, þá var engu líkara en framtíð hans væri örugg. Það virtist allt ganga upp hjá honum allt varð af peningum sem hann snerti á. Hann varð óbilgjarnari með hverju árinu sem leið eins og honum var innprentað hjá Satansmönnum. Þeir þurftu ekki að leggja hjartað honum til þess.

Fyrir átta árum bauðst honum framkvæmdastjórastaða hjá Tölvufyrirtækinu Birting sem var verið að stofna, þó hann væri aðeins menntaskólagentinn. Sölvi Karlsson réði hann, eftir að einn félagi hans úr klúbbnum benti honum á þetta góða tækifæri. Hann átti að nafninu til að vera eigandi fyrirtækisins vegna þess að Sölvi Karlsson kvaðst ekki mega eiga neitt.

Hann og Sölvi gerðu síðan samning sín á milli meðal annars til að tryggja báða aðila. Ari Fannberg átti að reka fyrirtækið eins og hann taldi best og heppilegast. En Margeir Ólafsson gjaldkeri gat eftir sem áður tekið fram fyrir hendurnar á honum ef svo bar undir, því það var hann sem stjórnaði fyrirtækinu í raun. Vinnutími hans var frá níu til fjögur, fimm daga vikunnar á rífandi kaupum. Eitt af hans verkefnum var að sjálfsögðu að skrifa undir mörg skjöl fyrir hönd fyrirtækisins sem Margeir Ólafsson gjaldkeri kemur með til hans fyrstu daga hvers mánaðar.

Þegar hann tók við stjórn fyrirtækisins að nafninu til sá hann að Margeir og bókhaldarinn voru félagar Satans, það voru líka þeir einu í fyrirtækinu. En hinir

þrjátíu sem unnu þar höfðu ekki hugmynd um það. Kannski þess vegna var hann ekki eins var um sig, því hann taldi sig geta treyst þessum tveimur mönnum.

Skömmu eftir að hann tók við rekstrinum auglýsti hann í blöðunum eftir einkaritara að beiðni gjaldkerans sem sá um ráðninguna. Tinna Guðmundsdóttir var ráðin, forkunnarfögur átján ára stúlka og þar að auki fær í sínu starfi. Ári síðar voru þau gift. Hún vann hjá fyrirtækinu þar til hún varð þunguð, þá hætti hún alveg að vinna þar.

Stuttu eftir að Tinnu hafði játast honum hringd Steiner í hann á skrifstofu fyrirtækisins og tilkynnti honum ákveðið, að frá og með þessum degi mætti hann aldrei mæta í klúbb Satans, nema hann fengi skipun um það frá sér. Hann var undrandi á þessari skipun mála og spurði þess vegna Steinar hvort hann væri kominn úr náðinni? Nei, síður en svo, en Tinna má undir engum kringumstæðum fá að vita að þú trúir á Satan. Meira fékk hann ekki að vita. Það var þá sem hann fór að gruna að Tinna væri mikilvæg persóna í huga Satansmanna. Hann gat ekki að því gert að hann var upp með sér og beið í ofvæni eftir því að henni hlotnaðist einhverskonar heiður frá þeirra hendi.

Margeir hafði það alltaf fyrir sið að standa yfir honum á meðan hann skrifaði undir allan þennan stóra bunka af skjölum sem hann kom með til hans. Margeir ýtti frekar á Ara ef hann ætlaði að lesa blöðin gaumgæfilega. Hann lét það ekki hafa árif á sig í fyrstu en varð kærulausari með tímanum og eftir tæp tvö ár stjórnaði Margeir fyrirtækinu alhliða. Það var einmitt þetta gáleysi sem varð honum að falli. Sölvi sást aldrei eftir að Ari hafði gert samning við hann.

Bara ef ég hefði haft áhuga á því að fylgst betur með hvað fram fór í fyrirtækinu þá væri ég ekki í þessum vandræðum. Ég sé það í hendi minni að helvítið hann Steiner sem ég treysti fyllilega, en er greinilega höfuðpaurinn í þessu samsæri gegn mér.

Svo var ég kallaður á þennan sérfund að skipun Margeirs bókhaldara og hann sagði mér að ég væri skráður eigandi fyrirtækisins. Þess vegna sögðu þeir mig bera allan skaðann. Þá varð ég stjarfur um tíma og gat ekki sagt orð áður en ég áttaði mig á að það var eitthvað óhreint í pokahorninu. Þá sagði Sigurvin við mig: Þar sem ég hef einnig verið bókhaldarinn þinn, veit ég að séreignir þínar duga

skammt upp í skuldina því þær eru litlar sem engar. Nýlegur jeppi sem þú keyptir í fyrra og nokkuð góður sumarbústaður fyrir norðan sem þið hjónin eigið, en er á þínu nafni. Svo það segir lítið upp í þær skuldir sem fyrirtækið skuldar á þínu nafni. Það segir þér svo ekki verður um villst að þú ert nú þegar gjaldþrota. Það á bara eftir að gera þig upp.

Skyndilega fauk í mig: Ekki aldeilis andskotans skepnurnar ykkar, þið hafið í sameiningu stolið undan fyrirtækinu þó ég geti ekki sannað það. En það vil ég segja ykkur að mér kemur þetta fyrirtæki ekkert við. Vegna þess að ég á ekki þetta fyrirtæki og ég get sannað það, sagði ég og tók upp úr skúffunni undirskrifað skjal af mér og Sölva Karlssyni. Þetta skjal sannar það að Sölvi Karlsson á þetta fyrirtæki. Mín vegna megið þið rífa samninginn eftir að þið eruð búnir að lesa hann. Ef þið viljið eyðileggja sönnunargögn, eins og þið eruð líklegir til að gera, þá skiptir það engu máli, þetta er einungis afrit.

Þeir litu ekki á skjalið og Sigurvin bókhaldari ýttu skjalinu til mín aftur og sagði um leið með lágri röddu og hæðnislega: Þetta bréf er marklaust því þetta nafn og þessi kennitala er ekki, til það er falsað. Falsað?, hváði ég af tilfinningahita. Já, þú hefðir átt að kynna þér málið betur þá hefði ekki verið svona auðvelt að leggja snöruna umháls þér. Þá trylltist ég af reiði reis upp og velti þunga skrifborðinu yfir þá. Þeir rétt sluppu undan því með því að velta stólunum og lágu kylliflatir á gólfinu í stólunum með lappirnar upp í loftið. Stóðu síðan upp hálf vandræðalegir þar sem ég stóð yfir þeim rauður af reiði og titrandi af angist.

Ég sá himininn hrynja yfir mig og Tinnu fara frá mér. Þó hjónabandið hafi aldrei verið ástúðlegt þá elskaði ég hana á minn sinn hátt þó ég vissi að hún hefði aldrei elskað mig, en hafur eftir sem áður reynst mér vel sem eiginkona. En þetta mun örugglega gera útslagið og átta ára dóttur mín, sem ég met meira en allt annað og fæ ekki að sjá nema af og til.

Þá tók Margeir Ólafsson til máls með þýðri en slepjulegri röddu: Það er hægt að leysa þetta mál eins og annað góurinn, ef þú tekur sönsun, án þess að þú missir eignir þínar og um leið lætur þú okkur fá frumritið af þessum samningi sem þú gerðir við Sölva. Þú getur hvort sem er ekki notað það gegn honum þar sem þú munt ekki þekkja hann aftur því hann er vel dulbúinn. Þar að auki hefur hann

aldrei komist í hendur lögreglunnar svo þeir hafa ekki fingraför hans. Þar að auki var Sölvi með hanska þegar hann skrifaði undir skjalið. Þú þarft aðeins að vinna smá verk fyrir okkur og láta fyrirtækið í okkar hendur. Þá ertu laus allra mála og fyrirtækið komið í réttar hendur aftur opinberlega.

Ég læt ykkur aldrei fá skjalið, það er sönnunargagnið sem ég hef gegn ykkur. Ég hringi strax í lögregluna og tilkynni henni þetta ódæði ykkar. Þá tók ég upp tólið. Þeir gerðu ekkert til að aftra mér frá að hringja. En Margeir sagði um leið og ég var að slá á takkana: Þú ættir að líta betur á bókhaldið, það er ekki bara að þú sért gjaldþrota, þú hefur líka svikið umtalsverða upphæð undan virðisaukaskatt og stundað töluverðan peningaþvott. Þú hefur síðust sex árin keypt tonnávís af ónýtum tölvum af fyrirtæki í Kaliforníu sem er ekki til nema á pappírnum til að fela peninga vegna eiturlyfjasölu. Svo það er eins gott fyrir þig að láta lögregluna í friði hún mun strax sjá í gegnum þig og telja þetta vera þitt síðasta hálmstrá til að reyna að bjarga þér úr þessari klípu. Þeir munu telja það víst að þú hafir fengið einhvern til að skrifa þetta bréf og viljir þess vegna ekki segja nafn hans. Ég lagði tólið á skelfdur á svipinn.

Þeir sögðu mér að það væri lítilfjörlegt sem ég þyrfti að gera fyrir svona mikinn greiða. Hvað á ég að gera?, spurði ég niðurdreginn. Dr. Gunnlaugur lendir í slysi á sunnudaginn og þú átt að sprauta í hann svefnlyfi svo hann vakni ekki fyrr en daginn eftir.

Ari Fannberg sló létt á skrifborðið sitt með báðum hnefum og sagði hljótt við sjálfan sig: Andskotans asninn ég trúði þeim að það væri svefnlyf sem ég dældi í þennan slasaða mann. Nei, það er ekki satt því að mig grunaði það nokkru áður en ég átti að framkvæma verkið, þegar ég sá aðstæðurnar og líka vegna þess að þeir afhentu mér ekki sprautuna fyrr en sleggjan hafði dottið ofan á dr. Gunnlaug. En það sem gerðist í hugarfylgsni mínu var að rökhugsunin mín eins og döggi fyrir sólu vegna hræðslunnar við að missa Tinnu og lenda í fangelsi fyrir það sem ég ekki gerði og gat með engu móti sannað mig frá. Þess vegna vildi ég trúá því að það væri satt sem þeir sögðu mér um þennan vökva sem þeir neyddu mig til að sprauta í dr. Gunnlaug.

Hann grúfði sig í hendur sínar niður á skrifborðið, snökti góða stund yfir því að hann skyldi hafa látið þá teyma sig í þessa ófæru sem hann kæmist aldrei upp úr, hún yrði frekar dýpri. Svo bölvaði hann lágt með sjálfum sér: Helvítis, djöfulsins andskotans hundarnir ykkar og morðvargar. Þetta er örugglega ekki í fyrsta skiptið sem þið sjáið um að slíkt sé gert. En þetta skulið þið fá borgað þó ég viti ekki í augnablikinu hvernig og með hvaða hætti. En núna veit ég þó fyrir víst að ég sprautaði blóðvatni blandað mergi með krabbameinsfrumum í dr. Gunnlaug, hann er komin með hvítblæði á háu stigi og á stutt eftir ólifað. Þessar upplýsingar fékk ég hjá einum hjúkrunarfræðingnum með því að segjast vera bróðir dr. Gunnlaugs og því miður þá á ég stóran þátt í því.

Þegar hann sagði þetta við sjálfan sig sá hann Tinnu konuna sína fyrir sér og hryllingsskjálfti fór um hann allan. Ari Fannberg áttaði sig skyndilega á því að henni var ætlað ákveðið hlutverk innan S.T.S. sem hann vissi ekki hvað var, en sá nú fyrst að það var örugglega eitthvað óhugnanlegt fyrir Tinnu og alla fjölskylduna. Hann sem hafði verið svo uppveðraður af þessar miklu eftirtekt á Tinnu í heimsku sinni og mikillæti. Þessir djöfulsins drullusokkar eru verri en allt það sem hann hafði kynnst.

Þá kom yfir hann eitthvað sem hann aldrei hafði kynnst áður, það var fórnarlund. Ari Fannberg ákvað á þessu augnabliki að leggja líf sitt í hættu til að komast að því hvað lá á bak við þennan mikla áhuga á Tinnu. Hann taldi sig geta komist inn í félagsheimili S.T.S. og gegnum göngin inn í hellinn og áfram inn í skjalasafnið. Ég hlýt að geta opnað safnið með því að setja stálþynnu á milli stafs og hurðar. Ari Fannberg hafði aldrei fengið að koma svo nálægt hurðinni að þessu skjalasafni svo hann hafði ekki hugmynd hvernig læsingin var. Það voru stutt bogin göng að þessari hurð inn í skjalasafnið svo það sást aldrei í hurðina frá hellinum og vörður stóð alltaf þar ef einhver var þar inni. Skjalaherbergið og göngin voru gerð af manna höndum. Ari reiknaði heldur ekki með því að hann væri undir eftirliti.

Klukkan átta um morguninn var hringt á dyrabjölluna heima hjá Tinnu. Hún fór til dyra og sá hempuklæddan prest. Hann spurði: Er Tinna Þorvaldsdóttir við, eiginkona Ara Fannbergs? Já, ég er kona hans, svaraði hún og greip fyrir brjóstið, um leið sleppti hjartað einu slagi. Hún vissi að koma hans boðaði dauða Ara. Þó

hún hefði aldrei elskað hann þótti henni vænt um hann og vildi honum aðeins það besta því hann hafði reynst henni vel að mörgu leyti og var sérlega pabbalegur. Hún jafnaði sig að nokkru leyti og bauð prestinum inn í eldhúsið setti bolla og kaffikönnu með heitu kaffi og molasykur á borðið og spurði viltu mjólk í kaffið. Nei takk, ég vil heldur svart kaffi.

Þau sátu litla stund hljóð þar til Tinna sagði: Þú ert að færa mér slæmar fréttir af manni mínum? Já, því miður, maðurinn þinn keyrði aftan á vörubílsþall á mótorhjólínu sínu. Hann sagði henni ekki að höfuðið hefði farið af.

10. KAFLI

Klukkan tíu á laugardagsmorguninn var Sóldís með nuddþega sem heitir Hilmar Gústafsson á nuddbekknum í vinnustofu sinni. Það sem háði Hilmari einna mest var að fjórði hryggjarliður í mjóbaki (lumbar) var snúinn um einn fjórða úr hring. Við þennan snúning hafði hryggjaliðurinn gengið út til hægri. Undir þessum kringumstæðum gat mænan verið í stórhættu. Þar að auki leiddi verkurinn frá mjóhrygg niður í vinstri fót. Sóldís taldi ástæðuna vera klemmda tauga við þennan hryggjarlið. Þar sem Hilmar kvaðst hafa farið samkvæmt læknisráði í röntgenmyndum og það hafði einnig komið í ljós á myndum að fjórði hryggjarliðurinn vari snúinn um fjórðung þannig að liðurinn var hálfur út til hægri hliðanna og myndaði því geil inn í hrygginn.

Vísaði læknirinn þinn þér til mín? Nei, það gerði hann nú ekki beint, en hann sagði mér að fara til nuddara mér mundi líða betur, svo ég fór til þín. Sóldís byrjaði á því að mykja upp bakvöðvana og sérlega í kringum snúna hryggjarliðinn. Eftir það hófst hún handa við að rétta liðinn. Eftir þrjú korter small liðurinn í sitt lag aftur. Hilmar hrökk örlítið við þegar hann fann smellinn.

Þá sagði Sóldís: Liðurinn var að hrökkva í sitt fyrra horf. Hvað ertu að segja, hvernig fórstu að því? Ég nota fingurna og orkuna til að slaka á vöðvanum sem togaði í liðinn. Er þetta þá allt gott og fínt. Nei, ekki aldeilis, ég þarf að mykja allt bakið mun meira og sérlega kringum fjórða liðinn svo hann fari ekki úr skorðum aftur. Einnig þarf að mykja vöðvana og eyða vöðvabólgunni sem veldur þrýstingi einnig á klemmdu taugina svo hún geti legið frí og frjáls. Hvað tekur það langan tíma?, spurði Hilmar. Það get ég ekki sagt þér með vissu, það verður bara að koma í ljós.

Síðan lagði hún lófana hægra megin við hrygginn og ofan og neðan við fjórða lið og teygði lítið eitt á vöðvunum þar til að slaknaði á þeim og lagði síðan hendurnar beggja megin við fjórða lið og hitaði þá vel með lófunum góða stund og nuddþeginn fann mikla slökun sem dreifðist um bak hans. Þetta var bæði hiti og orka sem hún gaf honum. Hilmar fann hvernig orkan flæddi um allan líkama hans og veitti honum hita og mikla vellíðan. Eftir skamma stund var hann á milli svefnis

og vöku og naut áhrifanna. Þegar Hilmar var búinn að klæða sig pantaði hann tíu tíma og fékk tíma á næstkomandi þriðjudag kl. tvö eftir hádegi.

Þegar Hilmar var að fara mætti hann konu í dyrunum sem var að koma í nuddtíma. Þessi miðaldra kona er Stella Magnúsdóttir, fjörutíu og eins árs, gift og þriggja barna móðir. Sóldís vissi að vandamál hennar voru stór, hún skynjaði það þegar hún talaði við Stellu í símann daginn sem hún pantaði tíma hjá henni. Hún er há, dökkhærð, mögur, kinnfiskasogin, föl og tekin í andliti. Það var augljóst að hún var illa haldin andlega séð komin á ystu brún. Það var mikið af stíflum í líkama hennar sem kom fram í blikinu með dökkum blettum. Sólstöðin var afmynduð og blikid umhverfis dökkt. Lítil ljósblár orkuleki kom frá liðamótum hennar og greinilegt ójafnvægi var í tilfinningahjúpnun. Sóldís sá einnig inn í móðurlíf hennar, þar greindi hún berlega að fóstur hafi verið fjarlægð. Við skaut hennar sá hún að gat var á árunni.

Vegna þess að allt sem veldur dauða eða sársauka, hvort heldur sem það er gert með vilja, óviljandi eða af fávisku, gefur frá sér grófa og illa orku sem klórar, rispar, rífur, tætir og brennir blikid eftir því hversu stór verknaðurinn er.

Stella sá einnig ófrýnilegt andlit sem þröngvar sér greinilega að henni. Þetta ófrýnilega andlit var með svart hár, hvelft enni, breiðar augabrýr sem tengdust saman með þunnum hárum ofan við stórt breitt söðulbakað nef með víðum nösum. Augun stór hvöss og dökk. Svipmótið er græðgislegt. Varaþykkur, munnstór og brosið var skakkt út í hægri munnvik og nautnalegt. Hann er með bústnar kinnar, mikið bólugrafinn í andliti, stór og vöðvastæltur, allur meira og minna krepptur. Hann reyndi að þrengja sér að Stellu, var greinilega í nokkuð sterku fjarsambandi við hana. Það var auðséð að þessi veslings maður náði samt ekki til hennar nema á einstöku sviðum. Illmennska hans hafði á engan hátt áhrif á gjörðir hennar. Þetta var látinn maður. Það leið ekki á löngu þar til hún skynjaði hvers vegna og með hvaða hætti skröggurinn náði sambandi við þessa veiku konu.

Þegar Stella var lögst á nuddbekkinn sagði hún við Sóldísi: Ég hef einu sinni lent á geðdeild Landsspítalans, það var fyrir ellefu mánuðum. Ég heyrði raddir sem stjórnuðu mér og sá allskonar sýnir. Stefán, maðurinn minn, sá til þess að ég var send á spítalann, hann hringdi í heimilislækninn okkar. Hvað varstu lengi á

spítalanum? Rúman hálfan mánuð, svo var ég í eftirmeðferð í nokkra mánuði þá var ég útskrifuð. Varstu þá laus eitthvað tímabundið við allar þessar óvenjulegu skynjanir?, spurði Sóldís. Nei, ekki alveg, raddirnar minnkuðu til muna, ég heyrri þær ekki nema af og til.

Sérðu einhverjar dularfullar sýnir ennþá? Já, heldur betur, ég sé ennþá þessa óhugnanlegu sýn af þessum ófríða og andstyggilega manni sem birtist mér öðru hverju þegar ég ætla að lifa með manni mínum. Þegar ég sé ég þennan fjanda á milli okkar hjónanna og hans stórgerða ógeðslega ljóta andlit og græðgislegt bros fæ ég alltaf svo mikinn hrylling og gæsahúð fer um mig alla. Þá gerist það alltaf að ég hrindi manni mínum með ógeði frá mér. Minnkaði þessi sýn ekkert eftir að þú komst af sjúkrahúsinu?, spurði Sóldís. Það held ég varla þá hefur það verið svo harla lítið að ég hef ekki tekið eftir því. Tekurðu meðulin þín samkvæmt læknisráði?, spurði Sóldís. Já, það geri ég alltaf með ýrtruðu samviskusemi. Þú skalt halda því áfram þó að þú sért í meðferð hjá mér, sagði Sóldís.

Það virðist enginn geta hjálpað mér að losna við þennan ógeðslega skrögg. Ég hef farið til nokkurra lækna en þeir hafa ekkert getað gert fyrir mig. Þá var það einn daginn að ein vinkona mín benti mér á þig. Heldurðu að þú getir losað mig við ófėtið, ég missi vitið ef þessu heldur öllu lengur áfram. Það er ekki gott að segja, ég vil engu lofa þér en geri mitt besta. Er hugsanlegt að ég sé að taka þetta út vegna þess að ég fór í fóstureyðingu fyrir tæpum tveimur árum? Því að við hjónin töldum okkur vera of gömul til að eiga eitt barn enn. Nokkrum mánuðum eftir það kom þessi ógeðslega ásýnd, nokkru eftir að ég heyrði raddir þessa viðbjóðs, sagði hún grátklökkum rómi. Nei, góða mín þú getur verið róleg yfir því, það er ekki ástæðan.

Við skulum fá okkur tesopa ef þú vilt og tala saman á eftir inni í stofu, þegar ég er búinn að meðhöndla þig. Nú skaltu loka augunum og reyna að slaka á og hlusta og finna hvað líkami þinn og sál er að segja þér, sagði Sóldís með lágri seiðandi röddu.

Sóldís byrjaði á því að strjúka niður eftir líkama hennar út fyrir fætur og hristi síðan hendurnar, þetta gerði hún þrisvar sinnum til að hreinsa áruna. Síðan lagði hún hendurnar yfir axlir nuddþegans. Fyrst fann Stella þægilegan hita frá lófum

hennar sem breiddist hægt og rólega út og umvafði brjóstkassa höfuð og síðan dreifðist hann um allan líkamann. Stuttu síðar fann hún fyrir orkustreymi sem rann um allan líkama hennar eins og eftir árfarvegi sem mætti líkja við lækjarnið og með undur þægilegri tilfinningu. Það slaknaði fljótlega á vöðvum og taugakerfi. Hún var í móki milli svefns og vöku. Stellu leið yndislegs vel og fann hvernig slökunin færðist um allan líkamann. Síðan varð hún vör við margt fagurt og ljósgefandi fólk bæði karla og konur sem voru umhverfis Sóldísi að starfa með henni. Þetta vakti upp hjá henni svo mikið traust, trú og unað að Stella var viss um að hún komist yfir þessi veikindi með lækningamætti sem Sóldísi var gefinn. Í lokin gaf Sóldís henni árulitina sjö og endaði á því að gefa henni ljósið. Þetta allt hjálpaði Stellu að byggja upp áruna hennar og styrkja varnarhjúpinn gegn illum aðsendum öflum.

Þær sátu í stofunni og drukku te. Sóldís sagði: Alltaf á kvöldin, þegar þú ferð að sofa, skaltu hugsa til mín, þá meina ég aðallega hitann og orkuna sem þú fannst þegar ég nuddaði þig. Þá færðu kannski samband við hjálparfólk mitt sem þú sást þegar ég var að nudda þig. Ef þú gerir það verður þú vör við einhverskonar upplifun sem gerir þér gott. Ég prófa það örugglega og held því áfram ef það gengur upp. Eins og þú veist dugar þessi eina meðferð ekki, þú þyrftir helst að koma tvisvar í viku. Það verður ekkert mál, svo ákváðu þær dagana og tímann.

Litlu síðar spurði Stella: Hvernig stendur á því að þessi ógeðslegi maður birtist mér stundum, þegar við hjónin viljum eiga mök saman? Það eru margar ástæður fyrir því, þú ert geðklofi eins og þú veist og lækarnir hafa greint þér frá.

Mig langar til að spyrja þig hvort þú hafir verið að gera tilraun til að verða miðill? Já, það gerði ég með nokkrum vinum og kunningjum. Hafði þetta fólk einhverja þekkingu á að þjálfra miðla og voru þau með ámóta skoðanir á þessum málum? Ég mundi segja hvorugt.

Þá er engin furða að þetta hafi farið illa. Ef verið er að þjálfra miðil verða setjarar að hafa þekkingu á þeim málum, annars á að láta það ógert. Þeir verða einnig að vera samstilltir en ekki með fastmótaðar mismunandi skoðanir eins og þínir setjarar hafa trúlega verið. Undir þeim kringumstæðum myndast eins konar glundroði í orkunni og varnarhjúpur þinn verður gisinn og þá er auðveldur

aðgangur að sálu þinni fyrir illa hugsandi verur frá ýmsum framlífs- og frumlífsjörðum sem sækjast í að ná tökum á óvörðum manneskjum sér til framdráttar. Þessi merkilegu líföfl má líkja við kjarnorku. Það verður að fara með aðgát og kærleikshuga. Ef það er ekki gert þá fer illa fyrir manningum.

Samfara því ertu mjög næm og hefur miðilsgáfur, en því miður hefur þú enga stjórn á sambandinu og sennilega í byrjun lítt varin af varnarhjúp þínum. Það er megin ástæðan fyrir því að þetta óheillavænlega samband kemst að þér og slík sambönd gera menn oft veika.

Þá sagði Stella undrandi: Þú ert þá ekki sama sinnis og geðlæknirinn minn. Þegar ég spurði hvort það væri hugsanlegt að ég væri andsetin, brosti hann til mín og svaraði því til að það væri fornesckjuleg hugsun og tilheyri ekki læknavísindum. Veikindi þín eru sennilega af sálrænum og líffræðilegum orsökum. Hann sagði einnig að þessar sýnir og dulheyrnir væru einungis ofskynjanir sem myndast einhverstaðar í líkama mínum á einhvern óskiljanlegan hátt og vísinda- og fræðimenn skilja ekki í dag.

Það er alveg rétt hjá honum, sagði Sóldís, það getur enginn verið andsetinn, en það er hægt að ná hug-, tilfinninga- og sjónsambandi við aðra manneskju. Þannig tel ég að sambandi þínu sé háttað við þennan illa, ráðvillta, einmana og innhverfa ljóta karl, sem var fagur ásýndum sem ungur maður. Hvað áttu eiginlega með því?, spurði Stella.

Hann fór eftir jarðneskan dauða til myrkraheims vegna illverka sinna og efnast þar í sinni mynd. Nú er þessi maður í útliti eins og hann hefur byggt upp sína sál hér á jörðinni með hugsanagangi og atferli sínu.

Þetta gæti svo sem alveg verið á þennan hátt, en ég skil samt ekkert í því hvert þú ert að fara, sagði Stella. En þessi mannskröggur sem er að kvelja mig, á hann eftir að komast á góðan stað? Já, einhvern tímann gerir hann það, þegar hann hefur áttað sig.

Stella sagði ekkert, enda trúði hún þessu ekki, vildi helst að hann brynni upp í helvíti. Hún spurði Sóldísi: Hvernig vissirðu að þessi skröggur var að kvelja mig?

Ég sá hann þegar þú komst inn. Hann náði fljótlega föstu tilfinningasambandi við þig, þó þú verðir ekki alltaf vör við hann þá skynjar hann alltaf tilfinningar þínar

eftir sem áður. Þessi skröggur hugsar einungis um að reyna að upplifa sælutilfinningar þínar og samhliða því að draga til sín lífgeisla frá þér og magna sig upp en um leið dregur hann lífskraftinn frá þér. Þannig líður honum eitthvað betur í myrkrinu.

Þá spurði Stella skelfd: Er ég þá svona vond manneskja að ill öfl geta sameinast mér og þess vegna verð ég fyrir þessari hryllilegu ásókn og viðbjóðslegu reynslu. Nei, góða mín þú þarft ekki hafa áhyggjur af því. Menn verða geðklofar vegna áhrifa ekki geðugra dáiinna manna og það hefur ekkert með það að gera, hvort að maðurinn er slæmur eða góður.

Helstu einkenni geðklofans er hræðslan við samböndin, það eru í sjálfu sér eðlileg viðbrögð en það hjálpar til að auka þau. Í kjölfar þess koma alvarlegar andlegar truflanir og skert raunveruleikaskyn. Áður en þessi einkenni komu fram hafa aðrar ástæður veikt lífhjúp þinn og hann því óvarinn fyrir óæskilegum aðsendum öflum.

Sóldís, fyrirgefðu að ég spyr þig, hvernig stendur á því að sjúkdómur minn er sambandsveiki, þegar læknavísindi halda því fram að orsökina sé sennilega líffræðileg? Það er von að þú spyrjir. Öll sambandsskynjun sem þú færð frá þessum skröggi með hugsana-, tilfinninga- og sjónsambandi myndar samskonar áreiti á líffæri þín og sál sem skilar síðan í heila þinn eins og þú sjálf hafir meitt þig eða orðið fyrir tilfinningalegu áfalli. Því öll merki sem heilinn fær og flyst frá stöfunum og keilunum sem er í auga mannsins eru þau sömu hvort heldur sem lífveran er íslenskur, danskur, rússneskur eða hveirrar þjóða sem er, eða hvaða hnetti sem er í öllum heiminum. Því heili viðtakanda kemur öllu til skila á tungumáli hans.

Sem dæmi má nefnaum áreiti vegna sambandsskynjunar þegar einn er með mikinn verk í botnlanga og annar fær samskonar verki, samanber tvíburar, og þegar búið er að fjarlægja botnlangann hjá veika manninum þá hverfur verkurinn hjá hinum tvíburanum og sá sami hafði ekki hugmynd um að tvíburabróðir hans með botnlangakast þar sem hann var í annarri heimsálfu. Hann skyldi ekkert í því af hverju hann fékk þessa verki þar sem ekkert fannst við skoðun.

Það getur vel verið að þetta sé svona, en alla veganna er þetta of flókið fyrir mig til að ég nenni að hugsa um þessi mál á þennan hátt. En í öllu falli er mér alveg sama, bara ef þú getur bætt líðan mín.

Ég get örugglega gert það, en hvort ég get lofað þér að þú losnir við þennan skratta, það get ég ekki sagt þér fyrir víst. Og áran þín er að sjálfsögðu í samræmi við þína andlegu og líkamlegu líðan. Það þarf að byggja hana upp og hún hefur lítið eitt lagast eftir þessa meðferð. Það var einnig stórt gat á blikinu við skaut þitt og móðurlíf. Hvernig líður þér þar núna?, spurði Sóldís. Tilfinning mín þar er öðruvísi, mér finnst ég ekki vera eins opin og varnarlaus eins og áður en ég kom til þín. Mér tókst að lagfæra það svolítið, en það vantar enn mikið upp á að það sé orðið gott, sagði Sóldís.

Þegar Stella var farinn settist Sóldís í hægindastólinn sem er í einu horninu í svefnherbergi hennar. Í þennan stól leyfði hún engum að setjast í til að raska ekki orkunumstrinu umhverfis hann. Þarna settist hún alltaf þegar hún var beðin að um að senda lækningakraft til einhvers sjúklings. En í þessu tilfelli að losa Stelli við það sambandsástand sem maðurinn á helstefnujörðinni hafði við hana.

Þegar hún hafði náð samband við þennan karlskrögg þá fann hún og heyrði á mæli hans að hann muni yrði erfiður viðureignar þar sem hann áttaði sig ekki á því kvað hann var að gera konunni. Hún fann strax að hann mat konur að mörgu leyti meir en karlmenn þó illur væri. Einnig gerði hún sér fljótt grein fyrir að hann hafði haft mjög sterkan persónuleika frá bernsku og allar götur síðan ásamt miklu skinnæmi og hefði náð nokkuð góðum tókum á því í heimahögum sínum. En hann hafði greinilega þjálfað þessa hæfileika til muna eftir að hann flutti yfir á þessa helstefnujörðu og beitti óspart í hagnaðar skyni með góðum árangri.

Þessa þrettán mánuði sem hann hefur verið á þessari svartnættis jörðu hafði honum fljótt lærst að afla sér enn meiri styrk með því að yfirbuga andstæðinga sína og nærast á orku þeirra. Þar af leiðandi tæki tímana tvo að losa Stelli við þennan helstefnumann. Sóldís hafði hugboð um að þessi maður kæmist fyrr en síðar til áhrifa á þessari myrku jörðu.

11. KAFLI

Það er sunnudagur, Sóldís og Kjartan standa við útidyrnar hjá Ólafi Höskuldssyni. Sóldís hringdi dyrabjöllunni. Eftir litla stund kom til dyra lítil hnyttin og vinaleg kona um fimmtugt. Þegar hún sá Sóldísi ljómaði andlit hennar og þær föðmuðust létt og snertust kinn við kinn. En hvað það er gaman að sjá þig vina, mín það er svo óvenjulangt síðan þú hefur komið. Ég læt það nú allt vera, Hugrún mín, það er ekki nema tæpur hálfur mánuður síðan ég leit inn til ykkar, svaraði Sóldís. Jæja, hvað um það, komið inn fyrir og setjist inn í stofuna. Ólafur er þar að lesa blöðin. Sjáðu þarna er uppáhaldið þitt komið, sagði Hugrún við Ólaf. Hann sat sem fastast og sagði brosandí þegar Sóldís kom til hans og kyssti hann á kinnina: Það er alltaf gaman að sjá þig stúlka mín en þú mættir nú kannski líta oftast inn. Þá hló Sóldís og sagði: Það er ekki nema rétt rúm vika síðan ég kom síðast.

Þegar þau höfðu sest í sinn hvern sófastólinn sá Sóldís að Hugrún stóð á miðju stofugólfinu og gaf Kjartani auga og leit til Sóldísar greinilega deyjandi af forvitni yfir því hver þessi fylgdarmaður hennar væri. Sóldís sá hvernig henni leið og kímdi. Hún kynnti þau og sagði þeim hvernig hann hefði bjargað lífi hennar með snarræði sínu. Þá greip Hugrún Birkisdóttir annarri hendinni fyrir hjartað settist í stól sem var fyrir aftan hana og sagði: Guð minn góður, þarna hafa forlöginn gripið inn í og bjargað þér, Sóldís mín. Hún horfði þakklátum augum á Kjartan og bætti við: Þetta er segin saga, þegar menn geta ekki látið vera að aka undir áhrifum áfengis eða yfirleitt látið alkóhólið vera þá lenda þessir blessaðir menn oftast að lokum í einhverjum óhæfuverkum. En guð blessi þig, Kjartan minn, að þér skuli hafa tekist að bjarga henni Sóldísi okkar. Það þarf meira en lítið snarræði til að geta gert slíkt og við erum í mikilli þakkarskuld við þig, sagði Ólafur.

Þetta var einungis ósjálfráð hreyfing hjá mér, svaraði Kjartani látlaust. Sóldís snéri sér að Kjartani og sagði: Eg hef verið með annan fótinn hjá þeim síðan móðir mín dó. Þau hafa verið mér sem foreldrar ásamt föður mínum. Ekki segi ég það nú, sagði þá Hugrún blíðlega. Hún kom til okkar daglega, blessunin, sem betur fer, okkur til mikillar ánægu, því við hjónin áttum aldrei börn. Gunnlaugur og Ólafur hafa verið vinir frá barnsaldri og Sóldís hefur veitt okkur hjónunum margar gleðistundir.

Hugrún fór inn í eldhús og náði í kaffi og meðlæti sem hún bar inn í stofuna. Um stund var talað um daginn og veginn á meðan þau drukku kaffið þar til Hugrún sagði við vorum hjá föður þínum í morgun. Mikið hefur honum hrakað. Já, hann á ekki langt eftir, sem betur fer, úr því sem komið er, sagði Sóldís. Já, það er rétt, sennilega er það best þannig.

Einhverra hluta vegna finnst mér þetta slys mikið grunsamlegt og ég hef þess vegna fengið Kjartan til liðs við mig. Hann ætlar að hjálpa mér að athuga betur hvernig aðdraganda að slysi föður míns var háttað.

Ólafur horfði undrandi á Sóldísi og sagði: Nú er ég hissa, á hverju byggirðu það Sóldís mín? Var þetta ekki venjulegt óhappaverk, að sleggja lenti á höfði vinar míns? Svona vilja oft slysin verða til, sagði Kjartan. Já, þetta var bara eitt af þessum óhöppum sem gerast æði oft í þessu þjófélagi okkar vegna gáleysis og lögreglan er sama sinnis. Þess vegna skil ég ekki vina mín hvernig þú getur trúað því að þarna hafi verið að gerast eitthvað annað en slys. Ég veit allt um það hvað lögreglan heldur um þetta mál, ég hef lesið lögregluskýrsluna.

Ég get ekki að því gert að mér finnst það einkennileg tilviljun að daginn áður en pabbi slasast veikist verktakinn og annar kemur í hans stað og sá hin sami slasar pabba. Þetta eru nú bara þessar venjulegar tilviljanir. En hitt er annað mál Sóldís mín fyrst þú trúir þessu svona staðfastlega þá skaltu sannfæra lögregluna um það en ekki vera að garfa í þessu sjálf þar sem þú hefur enga þekkingu á slíkum málum, sagði Ólafur.

Þá brosti Sóldís og sagði: Við Kjartan komum til að fá upplýsingar hjá ykkur um drenginn á reiðhjólinu sem kom að garðshliðinu rétt eftir að pabbi slasaðist, þekkið þið eitthvað til hans? Þá gat Ólafur ekki annað en brosað og sagði: Þú ert alltaf sjálfri þér lík, ég hugsa að Hugrún viti eitthvað um þennan dreng ég sá hann stundum vera að tala við hana. En af hverju viljið þið vita eitthvað um hann? Þá svaraði Kjartan: Sóldís telur það hugsanlegt að drengurinn hafi kannski séð eitthvað sem skiptir máli og hún bað mig um að spyrja ykkur nokkurra spurninga með ykkar leyfi. Þá tekur Kjartan lítið upptökutæki og spyr hvort hann megi taka upp það sem þau segja um þetta slys. Ólafur varð hálfundrandi og horfði á konu sína en hún snéri sér að Sóldísi og svaraði strax: Það ætti nú að vera í lagi, eða er

það ekki Sóldís mín? Mér og Kjartani þætti það nú betra, þá höfum við alla vega eitthvað í höndunum til að fylgja eftir áframhaldinu á þessari athugun okkar, Hugrún mín.

Þá sagði Hugrún: Við gerum þetta þá þannig. Annars hef ég hef ekki hugsað út í það fyrr en núna að ég hef ekki séð Arngrím fyrr en skömmu eftir slysið. Er það óvenjulegt?, spurði þá Kjartan. Já, ég sá hann hérna áður fyrr hjóla eftir götunni oft á dag og stundum talaði hann við mig hérna við hliðið og það kom fyrir að hann skrapp í búðina hérna á horninu fyrir mig. Svo þú hefur þekkt hann eitthvað að ráði? Já, ég mundi nú segja það, hann er skynugur drengur og mikill töggur í honum, mér líkar vel við hann. Hvað er hann gamall og hvar á hann heima?, spurði Sóldís. Drengurinn sagði mér að hann væri tólf ára en ég er ekki alveg viss hvar hann býr, en það er einhverstaðar hérna neðar í götunni. En ég held að hann hljóti að vera fluttur fyrst ég hef ekki séð hann hjólandi hér eftir götunni í þetta langan tíma. Minntist hann aldrei á það við þig að hann væri að flytja?, spurði Kjartan. Nei, það gerði hann ekki og það finnst mér nokkuð einkennilegt þegar ég hugsa til þess núna því að við erum það málkunnug. Þegar svo stendur á segja krakkar venjulega frá slíkum breytingum þegar maður hefur umgengist þessi börn eitthvað.

Þá snéri Kjartan sér að Ólafi og spurði: Voruð þið staddir nákvæmlega í Háskólanum þegar þið vinirnir voruð að ræða um söluna á þessu málverki sem faðir Sóldísar hafði svo mikinn áhuga á? Við vorum í aðalganginum á annarri hæð skammt frá stiganum sem liggur þvert á ganginn. Sástu einhvern í nánd sem hefði getað heyrt samtalið ykkar? Nei, ég sá engan í það mikilli nálægð að sá hinn sami hefði getað heyrt í okkur. En varðstu var við einhvern umgang þó þú hafðir ekki séð nokkra manneskju, eins og tildæmis frá stiganum?, spurði Kjartan. Nei það held ég ekki, síðan hikaði hann augnablik dró síðan seiminn og sagði: Jú, bíddu nú við, mig rámar í það allt í einu núna að mér fannst ég heyra einhvern vera að ganga upp þennan stiga en það kom enginn upp á stigapallinn svo ég taldi það hafa verið hugarburð, svo ég hugsaði ekki meira um það.

Segðu mér þá ef einhver hefði verið efst í stigaprepinu og reynt að hlusta á samtalið ykkar, heldurðu að hann hafi getað heyrt það? Það er líklegt, en þessi tilgáta þín

fellur um sig sjálfa. Það var ekki fyrir fram ákveðið að við hittumst þarna í þessum gangi svo enginn gat vitað fyrir um þetta samtal. Það er rétt hjá þér að þessi tilgáta er ólíkleg, en það er hugsanlegt að tilviljunin hafi ráðið. Réttur maður á réttum tíma gat hafa verið þarna áferðinni á þessu augnabliki og heyrt þetta samtal sem hann hafi talið verið áriðandi að heyra fyrir sig og sína og þess vegna ekki viljað láta ykkur vita að hann væri þarna staddur og læðst niður stigann aftur án þess að þið yrðuð varir við.

Nokkru síðar sátu þau Sóldís og Kjartan í bifreið hans. Hann var að fletta upp á Rímasíðu í götuskránni. Hérna er Arngrímur Torfason, tólf ára gamall að Rímasíðu 102. Kjartan setti bifreiðina í gang, snéri sér síðan að Sóldís og sagði: Mér datt dálítið í hug, við skulum gera ráð fyrir því að drengurinn hafi séð þennan lækni gera eitthvað óvenjulegt undir þessum kringumstæðum, en það þarf alls ekki að vera að pilturinn hafi dregið þá ályktun. Við skulum reikna dæmið þannig, að þessir meintu glæpamenn geri einmitt ráð fyrir því og láti þess vegna Arngrím vera.

En hvað gerist ef við förum heim til hans núna og þeir hafa einhverja hugmynd um það og gera þá ráð fyrir að hann viti eitthvað? Sóldís sagði þá strax það gæti kostað hann lífið, við skulum heldur fara heim til mín og hringja þaðan. Sóldís var þögul og mikið hugsu á leiðinni heim.

Skömmu síðar sat Kjartan við símann heima hjá Sóldísi. Hann tók upp tólið og byrjaði að slá á takkanúmerin heim til Arngríms eftir að hann hafði litið í símaskrána. En Sóldís var að fletta í götuskránni þar til hún fann Rímasíðu, þá sagði hún við Kjartan: Bíddu með að hringja augnablik, Kjartan lagði símtólið á aftur. Eftir litla stund sagði Sóldís: Hérna er drengur sem er þrettán ára hann býr á Rímasíðu 105 og heitir Magnús Bárðarson. Hann er trúlega vinur Arngríms, þú skalt heldur hringja í hann. Hvers vegna á ég að hringja í þennan Magnús?, spurði Kjartan undrandi.

Vegna þess að þú nærð ekki í Arngrím. Kjartan sagði ekkert, Sóldís gaf honum upp númerið úr símaskránni og sagði honum að spyrja Magnús hvort hann vissi hvaða drengur hefði verið á hjólinu sem stoppaði við hliðið þegar þetta slys varð. Kjartan hringdi í númerið, eftir skamma stund svaraði kona. Þá spurði Kjartan, er

Magnús Böðvarsson heima? Já, hann er heima, hver er þetta með leyfi? Kjartan sagði til nafns. Ég skal ná í drenginn, sagði móðir hans. Eftir augnablik kom Magnús í símann. Kjartan kynnti sig aftur og spurði drenginn: Manstu eftir slysinu hérna í Rimasíðunni þegar sleggjan datt ofan á manninn af öryggispallinum skammt ofar í götunni fyrir nokkrum mánuðum?

Ég man vel eftir því, Arngrímur vinur minn sá slysið og hann sagði mér frá því. Þá veistu hvar ég get náð í þennan vin þinn. Hann er dáinn. Það kom hik á Kjartan, svo sagði hann, ég samhryggist þér. Hvenær og hvernig dó blessaður drengurinn? Hann varð fyrir strætisvagni á Gullinbrúnni viku eftir slysið. Geturðu sagt mér nánar hvernig tildrög slysisins voru? Já, ég var að hjóla með honum og hann var á undan mér. Þá ók strætisvagninn fram úr mér en Arngrímur beygði skyndilega fyrir strætisvagninn og varð undir honum og hann dó samstundis, framhjólíð fór yfir höfuð hans. Þetta var svo óhugnanlegt að ég ældi, kúgaðist og grét, sagði Magnús klökkum rómi. Ég bið innilega afsökunar að ég skuli vera að spyrja þig um þetta og samhryggist þér svo sannarlega að missa góðan vin. Svo beið Kjartan litla stund á meðan drengurinn var að jafna sig. Þá spurði hann piltinn: Sagði Arngrímur þér hvað hann sá þegar hann kom á slysstað? Já, sagði Magnús skyndilega, frískari og áhugasamur. Hvað sá hann? Geturðu lýst því fyrir mér?

Grímur sagði mér að læknirinn sem kom fyrstur á slysstað hafi lagaði hann eitthvað til með því að snúa slasaða manninum á hliðina og stumra eitthvað meira yfir honum. Af hverju taldi vinur þinn að þessi maður væri læknir?, spurði Kjartan. Nú, auðvitað var hann læknir, Grímur sagði mér að hann hafi verið með sprautu í hægri hendinni og beindi henni að hálsi sjúklingsins. Manstu ekki eftir einhverju meiru sem Arngrímur hafi getað séð og sagt þér frá? Nei, hann sagði mér ekkert meira. Heldurðu að Arngrímur hafi sagt þér allt sem hann sá? Já, hann var besti vinur minn og við treystum hvoru öðrum. Fyrirgefðu að ég skuli spyrja þig svona kjánalega, en ég vil þakka þér kærlega fyrir þessar góðu upplýsingar, sagði Kjartan og lagði á.

Hann horfði til Sóldísar og sagði: Þessi Arngrímur hélt að maðurinn sem fyrstur kom að föður þínum hafi verið læknir, vegna þess að hann sá þennan mann með

sprautu í hendinni og að hann beindi henni að hálsi föður þíns. Það segir okkur einmitt það sem ég bjóst helst við, sagði þá Sóldís. Kjartan svaraði því játandi og sagði einnig frekar en að hann spyrði Sóldísi: Einhverra hluta vegna leggst það í mig að þú hafir vitað að drengurinn væri dáiinn, frekar en að þú héldir það. En það sem undraði mig mest er af hverju þú vildir ekki að við hefðum samband við foreldra Arngríms heitins. Það er nú bara vegna þess að ég taldi að þú fengir meiri og betri upplýsingar hjá Magnúsi en foreldrum Arngríms, svaraði Sóldís. Þú hefur sjálfsagt dregið þá ályktun að Magnús væri vinur Arngríms af því að hann var jafnaldri hans og bjó í næsta húsi, sagði Kjartan og horfði með spurnasvip á Sóldísi. Jú, ætli það ekki, svaraði hún og kímdi. En ég vildi einnig heldur að þú hringdir í drenginn þá komast þessir djöflatrúarmenn síður að því að við höfum talað við Magnús.

Nú fyrst er ég sannfærður um að þú hafir ályktað rétt með föður þinn um að þetta hafi verið skipulagt með þá í huga að myrða föður þinn en ekki slys. Svo sagði Kjartan til viðbótar hugsandi: En þetta dauðslys Arngríms kemur á heppilegum tíma fyrir vissa aðila. Já, alveg örugglega því þetta var morð að yfirlögðu ráði með fjarsambandi. Þessir villimenn hafa vitað að drengurinn hafi séð eitthvað til mannsins, sem kom fyrstur á slyssað, sem ekki mátti koma í dagsins ljós.

Þessi óheillatíðindi um dánardægur drengsins auka áhuga minn á þessu máli, þess vegna vil ég vita fyrir víst hvort þetta var slys eða morð, sagði Kjartan með mikilli áherslu. Eftir skamma hugsun sagði hann svo: Það getur verið ansi erfitt, þó ekki sé meira sagt, að hafa upp á meintum óvini sem hvergi lætur á sér bera nema þá í hugformi. En kannski fáum við einhverjar upplýsingar sem að gagni munu koma ef við tölum við Ásmund Örlygsson verktaka sem tók að sér viðgerð á húsi Ólafs vinar föður þíns. Hvers vegna viltu endilega fyrst hafasamband við Ásmund á undan Hlöðveri? Ef við gerum ráð fyrir meintum glæp þá er ekki óhugsandi að mér finnist það mjög ólíklegt að Ásmundur verktaki sé meðsekur. Ef hann er samsekur þá hefur hann sennilega gert sér upp þessi veikindi og þá sjálfsagt ekki treyst sér til að framkvæma verkið sjálfur og Hlöðver látinn hlaupa í skarðið fyrir hann. Ef svo er skiptir engu máli hvorn þeirra við tölum fyrst við en, ef hann aftur á móti er á engan hátt blandaður inn í þetta mál hefur Ásmundur augljóslega verið þeim þyrnir í augum og þeir orðið að fjarlægja hann um stundarsakir með

einhverjum ráðum og sennilega án þess að Ásmundur hafi grun um það. Þá finnst mér heppilegra að tala við Ásmund fyrst og heyra frá honum hvernig það atvikaðist að Hlöðver var að vinna fyrir hann þennan dag. Þá sjáum við hvaða upplýsingar við fáum hjá honum og vitum þá kannski frekar með hvað hætti spurningar okkar eiga að vera þegar viðræðum við Hlöðver, ef þú ert ekki mótfallinn þessari hugmynd.

Nei, það er öðru nær, mér líst vel á þessa tillögu, sagði Sóldís. Þú veist það náttúrlega að ef honum tekst að sannfæra okkur um að þetta hafi verið slys þá rennur tilgáta þín um samsæri í sandinn, en ef svo fer ekki þá verðum við augljóslega sammála um að Hlöðver sé sennilega á einhvern hátt viðriðinn samsæri djöflatrúarmanna. Ef svo er þá er mjög líklegt að hann tilheyrir þessum trúarflokki og verður þá trúlega að framfylgja skipun höfuðpaursins eða þeir hafa hönk í bakið á honum. Hlöðver sá örugglega til þess með vilja að sleggjan datt niður af pallinum ofan á höfuðið á pabba, sagði Sóldís ákveðin, en við fáum sjálfsagt engin önnur svör hjá honum en það sem hann hefur þegar sagt lögreglunni, en það væri ekki óhugsandi að við fengjum einhverjar upplýsingar hjá Ásmundi sem gætu gefið vísbendingar um þátt hans í þessum meinta glæp Hlöðvers, sagði Sóldís.

Kjartan nikkaði höfði, leit síðan á vasaúrið sitt og sagði, klukkan er að verða sex. eigum við ekki að slá þessu upp í kæruleysi og þú leyfir mér að bjóða þér í mat núna á einhverju veitingahúsinu. Jú, því ekki það, sagði Sóldís ánægð.

12. KAFLI

Á mánudaginn rúmlega eitt eftir hádegi var Kjartan mættur heima hjá Sóldísi. Hún var að segja honum að hún hefði hringt í gærðag vítt og breitt um landið og haft samband við ýmsa menn sem áttu stjórnufræðibækurnar sem faðir hennar hafði skrifað og bað þá að lesa nokkrar setningar í ýmsum köflum upp úr bókunum.

Þá kom í ljós að allar þessar bækur voru ekki bækur föður míns. Það hafði verið skipt á þeim og endurprentuðum bókum með þessum brengluðu kennisetningum sem gera kenningar föður míns ómerkar með öllu, eins og gert var við bækurnar mínar. Ég verð að viðurkenna það, sagði Kjartan nokkuð undrandi, að mér finnst þetta ótrúlegt ég bjóst ekki við þessu.

Þetta er ekki allt, sagði Sóldís. Ég fór snemma í morgun á Borgarbókasafnið við Þingholtsstræti og einnig í tvö útibú. Annað vestur í bæ við Grandaveg 47 og hitt útibúið er í Austurbænum, við Sólheima 27. Þar var einnig sama sagan, búið að skipta á bókum föður míns og láta í staðinn þessar endurprentuðu bækur með breyttri hugmyndafræði sem gerir þær ómerkar og með stimpli bókasafnsins. Þá þykir mér líklegt samkvæmt þessu að þeir séu langt komnir eða jafnvel búnir að skipta um þessar bækur á öllu landinu, sagði Kjartan. Já, og jafnvel víðar svaraði hún. Þá lítur þetta mun verr út, því hættan er enn meiri en ég taldi þig vera í, þar sem þú ert eina eftirlifandi manneskjan hérlendis, sem er virkur aðdáandi kenningar föður þíns.

Ég er ekki búin að segja þér alla söguna, sagði Sóldís dauflega. Kjartan horfði á hana skelfdur og sagði: Það er þó ekki annað dauðsfall? Ég hringdi í gærkveldi til útgáfustjórans í Póllands þá svaraði móðir og sagði mér að sonur hennar hafi dáið af slysförum ásamt allri fjölskyldu hans. Bátur hans sprakk í loft upp ásamt konu hans og tveimur börnum og það er ekki ennþá vitað um orsök slyssins. Hann átti þessar bækur eftir föður minn á ensku og það er sama sagan með þær eins og hér heima, búið er að endurvinnna hana með sömu brengluðu kennisetningunum og það eru örugglega ekki þær einu sem búið er að skipta um sem eru á erlendu máli. Nei, ég býst ekki við því og það verður ekki neitt sældarbrauð að eiga við þessa glæpamenn, ef okkur tekst það þá svaraði Kjartan. Við verðum alla vega að fara

gætilega og beita meiri kænsku en þeir og þá sigrum við þennan glæpalýð, svaraði Sóldís með festu.

Mér þykir þú vera aldeilis bjartsýn, samkvæmt því sem þú hefur sagt mér þá skilst mér að þessir menn hafi hver um sig þá hæfileika í óvenjumiklum mæli að valda öðrum tjóni með fjarskynjun. Já, það er svo sannarlega rétt og með samstillingu þessara djöfulóðu manna verður aflið margfalt orkuríkara en fjöldi þeirra segir til um. Mér þykir nóg um þína hæfileika á þessu sviði sem þú hefur sannað fyrir mér.

En ef það er satt sem þú heldur þá óar það mig verulega við því að þeir skuli hafa svo mikið vald til að geta magnað þetta ótrúlega mikla yfirnáttúrulega afl þegar þeir sameina sig til illra verka og að það skuli geta gengið upp sem þeir ætla sér. Ef þú ert viss um að við eigum möguleika á að sigra, þá dáist ég að þér. Kjartan, þú skalt láta það vera að dást að mér fyrir þetta. Þetta er einungis sjálfsbjargarhvöt og ég geri mér fyllilega grein fyrir að þessi óaldarlýður er stórhættulegur. En ég tel einnig að þessir ógnvaldar séu ekki frekar ósigrandi en annar glæpalýður ef við förum rétt að.

Kjartan breytti þá um umræðuefni: Í morgun gerði ég smá athugun. Ég hringdi í Hagstofuna, leit í símaskrána og einnig í tölvuna sem er á skrifstofunni minni, Steiner er skráður þar eins og ég sagði þér og hann kom til landsins fyrir ellefu árum og sex árum síðar fékk hann íslenskan ríkisborgararétt. Hann er 54 ára og býr í Hafnarfirði við Sunnubrekku 80 sem einbúi í 160 fermetra einbýlishúsi með tvöföldum bílskúr. Hann er skráður í símaskránni sem framkvæmdastjóri og á nýlegan jeppa af Mitsubishi gerð.

Veistu hjá hvaða fyrirtæki hann vinnur? Nei, það veit ég ekki, en ég tel að við þurfum að vita sem mest um hans hagi. Það getum við ekki vitað nema með því að fylgjast með honum. Það gæti orðið erfitt ef það á að bera árangur og það gengur ekki upp ef við erum bara tvö að vinna í þessu, sagði Kjartan. Heldurðu að við getum fengið þriðja manninn?, spurði Sóldís. Hún hafði það á tilfinningunni að hann hefði einhvern í huga. Það gæti vel verið að ég geti skaffað þann mann. Getum við treyst þessum manni ef hann fellst á að gera þetta?, þú veist það að við stöndum verulega illa ef hann gefst upp og þá er líklegt að hann svíki okkur í leiðinni. Ég get lofað þér því að þú færð ekki traustari manneskju en Sigrúnu, það

sem hún tekur að sér klárar hún frábærlega, það þekki ég mjög vel því hún vinnur hjá mér. Sigrún er vel gefin og sérlega góður flugstjóri, sterkari og hugdjarfari en margur karlmaðurinn en um leið mjög gætin og þar að auki sækir hún í spennu. Heyrðu, þetta er einhver svaka kvenmaður, blessaður vertu það væri gott ef við getum fengið hana og mér þætti gaman að kynnast þessari konu.

Það er einnig önnur ástæða fyrir því að ég vil fá Sigrúnu með okkur því hún er ekki síður tilvalin í það verkefni, sem ég hef í huga en annað sem hún tekur sér fyrir hendur. En þú verður sjálfsagt ekki hrifinn af þeirri hugmynd. Hvað skyldi það nú vera?, spurði Sóldís forvitinn. Ég fer fram á það skilyrðislaust vegna þeirrar hættu sem þú ert í, að ég og Sigrún verðum nokkurs konar lífverðir þínir, þess á milli sem við erum ekki að vinna á þann hátt verur þú undir vernd allan sólarhringinn. Nei, þakka þér fyrir, það verður ekki, þá get ég ekki um frjálst höfuð strokið.

Ég mátti svo sem vita að þú tækir þessu svona. Mér þykir það heldur verra þar sem ég þarf að skreppa austur fyrir fjall seinni partinn á föstudaginn og kem ekki aftur fyrr en einhvern tímann eftir miðnætti aðfaranótt fimmtudags, það verður allt í lagi með mig þennan tíma. Ég vil þá leggja fram aðra tillögu sem þú getur varla annað en fallist á, því það skerðir á engan hátt frelsi þitt. Leyfðu mér að heyra, svo sjáum við til. Ég á einn vara gsm-síma sem ég ætla að láta þig fá, þá getur þú alltaf náð sambandi við okkur hvenær sem þú þarft. Ég sé til þess að annað hvort okkar ef ekki bæði verðum alltaf til taks þegar þú þarft á að halda og ef mikið liggur við þá verður haft samband við lögregluna. Já, mér líst miklu betur á þessa tilhögun, en af hverju ertu svona viss um að Sigrún vilji hjálpa okkur? Ég þekki hana ekki rétt ef hún neitar mér um þessa bón. Þessi Sigrún hlýtur að vera meiriháttar kvenmaður, mig er nú þegar farið að langa til að sjá þessa merkilega konu. Já, hún er það svo sannarlega og við skulum vona að það verði fyrr en seinna, sagði Kjartan.

Klukkan þrjú sama dag voru Sóldís og Kjartan mætt í hús rannsóknarlögreglunnar við Auðbrekku í Kópavogi. Þau sátu inni á skrifstofu hjá Vilhjálmi Óskarssyni við skrifborði gegnt honum. Vilhjálmur var að ljúka við skýrsluna sem hann tók af þeim og bað þau að lesa hana yfir og síðan að setja nöfn sín þar undir henni til

staðfestingar ef hún væri samkvæmt þeirra sögn. Meðal annars kom fram í þessari skýrslu sem var í þríriti eftirfarandi:

Kjartan taldi fyrst, þegar hann talaði við Þorvald Kristjánsson varðstjóra í símann síðastliðið fimmtudagskvöld, að þessi umræddi ökumaður hafi verið undir áhrifum annarlegra efna. Hver var ástæðan til þess að þú breyttir um ályktun?, spurði Vilhjálmur. Mér fannst hún þá vera nærtækasta skýringin, en þegar ég hugsaði frekar um þetta síðar um kveldið þá taldi ég það óhugsandi, þar sem sveigjan var bogadregin en ekki hlykkjótt eins og hún hefði verið ef ökumaðurinn hefði verið drukkinn. Og einnig það að ökumaðurinn hafði sett teygjuband yfir einkennisstafi bifreiðarinnar sem bendir að mínu viti augljóslega á ákveðinn tilgang.

Hafið þið hugmynd um hver tilgangur hans var með þessu og vitið þið hver þessi maður er?, spurði þá Vilhjálmur og horfði á þau með skörpum en spyrjandi og rannsakandi augum og fylgdist með viðbrögðum þeirra. Nei, við höfum ekki hugmynd um það, sögðu þau bæði einu rómi. Vilhjálmur rétti þeim ljósmynd í litum af ljóshærðum manni og spurði: Vitið þið hver þessi maður er? Þau litu á myndina og sögðust hvorugt hafa séð þennan mann. Hann tók aðra ljósmynd sem var líka í lit og spurði: Kannist þið við þessa bifreið? Hún var af bifreiðinni sem fór í sjóinn, en var tekin fyrir þrem klukkutímum þar sem henni var lagt á bak við lóðina fyrir utan lögreglustöðina. Kjartan tók fyrst við myndinni og skoðaði hana litla stund leit síðan á Sóldísi áður en hann sagði: Þessi bifreið er alla vega af sömu tegund og hefur sama lit og bifreiðin sem ökumaðurinn var í sem reyndi að keyra Sóldísi niður en hvort þetta er sama bifreiðin þori ég ekki að segja um. Það væri alla vega líklegra að þetta væri bíllinn ef þú hefur séð í bifreiðinni teygjuband sennilega úr bílslöngu sem oftlega er notuð í keðjustrekkjara, þá eru kannski meiri líkur á að þetta sé sama bifreiðin. Mér sýnist teygjubandið sem huldi einkennistafina vera líkt því.

Þegar Sóldís tók við myndinni af Kjartani sá hún þennan bíl skyndilega frá myndrænu sjónarhorni koma akandi á móti sér. Hún hrökk lítið eitt við en þagði þó hún vissi fyrir víst að þetta var sami bíllinn og þá vissi hún um leið að maðurinn á myndinni sem Vilhjálmur sýndi þeim hafði verið ökumaðurinn.

Vilhjálmur sá að sjálfsögðu viðbrögðin hjá Sóldísi þegar hún tók við myndinni af Kjartani. Hann sagði þeim að það hefði verið tvö teygjubönd í hanskahólfi bifreiðarinnar. Síðan horfði hann á Sóldísi og spurði: Hvað heldur þú um þessa bifreið? Það kæmi mér ekkert á óvart að þetta væri bifreiðin meira get ég ekki sagt.

Hvað heitir maðurinn?, spurði Kjartan. Hann hét Sverrir Hermannsson og lést á föstudagskvöldið; hann ók fram af suðurbryggjunni og drukknaði. Eruð þið einhverju nær um þennan mann eftir að hafa heyrt nafnið? Þau hristu bæði höfuðið og Kjartan sagði: Ekki grunaði mig þegar ég sá þessa frétt í síðdegisblaðinu á laugardaginn að hann gæti verið sökudólgurinn.

Vilhjálmur horfði góða stund á þau og sagði síðan við Sóldísi: Þú ert dóttir Gunnlaugs Valgarðssonar prófessors og kennimanns um stjarnlíffræði, er það ekki rétt? Jú, ég er dóttir hans, svaraði hún. Núna liggur hann á Borgarspítalanum vegna höfuðáverka og viðbeinsbrots og fékk síðan hvítblæði ofan í allt saman. Og er það ekki rétt að þú sért einnig hlynnt kenningum hans og hefur lagt fram nýjar kennisetningar sem þú telur að styðji frekar kenningar föður þíns? Jú, það má segja það. Er það ekki líka rétt að þú teljir þig geta læknað fólk með einhverjum dularfullum hætti? Já, en það er ekkert dularfullt við það, svaraði Sóldís.

Vilhjálmur horfði góða stund stíft á Sóldísi svo henni fannst það hálf óþægilegt og vissi um leið að hann taldi hana vita meir en hún vildi segja. Því verr þá hafði hún engar staðfestingar sem hún gat lagt fram aðeins hugarfóstur hennar sem yrði ekki tekið gilt. Þegar Vilhjálmur hafði horft nægu sína á Sóldísi spurði hann: Ertu viss um að þú eigir engan óvildarmann sem vill koma þér í jörðina? Nei, ekki sem ég get með nokkru móti haft hönd á. Hvað meinarðu með því, að hafa ekki hönd á?, spurði Vilhjálmur og horfði stíft á hana. Þá svaraði Sóldís með annarri spurningu: Hvers vegna ætti þessi Sverrir að vilja það, þar sem ég þekki hann ekki? Hún var að sjálfsögðu ekki undrandi en jafnframt ánægð hvernig hún tók á þessu. Vilhjálmi svaraði ekki spurningu hennar, en honum fannst einkennilegt hvernig viðbrögðin voru hjá þeim ef þau vissi ekki meira en það sem fram hefur komið.

Þegar þau höfðu skrifað undir skýrsluna, sagði Vilhjálmur um leið og hann stóð upp og rétti þeim sitt hvort nafnspjaldið sitt: Ef þið vitið eitthvað meira um þetta

mál hringið þá í þessi tvö númer, annað númerið er heimasíminn minn. Síðan kvöddu þau Vilhjálmi og hann horfði á eftir þeim hugsandi.

Kjartan keyrði Sóldísi heim og fór síðan á skrifstofuna. Hún leit á símsvarann eins og venjulega þegar hún kom heim. Þá sá Sóldís að einhver hafði hringt. Hún kveikti á tækinu, á bandinu var kvenmannsrödd sem kynnti sig: *Ég heiti Fannbjörk Hallgrímsdóttir hjúkrunarfræðingur á Borgarspítalanum, klukkan er fimmtán þrjátíu, þú ert vinsamlega beðin að koma svo fljótt sem þú getur upp á Borgarspítala þar sem faðir þinn á sennilega stutt eftir.* Sóldís þaut af stað út og inn í bíl og var kominn upp á Borgarspítala stuttu seinna.

13. KAFLI

Vilhjálmur rannsóknarlögreglumaður sat góða stund við skrifborð sitt og las yfir skjölin varðandi þetta mál. Hringdi síðan í innanhússímamann og náði sambandi við stjóranum og bað um viðtalstíma sem hann fékk strax. Skömmu síðar settust þeir í sitt hvorn sófastólinn inni á skrifstofunni hjá Eggerti Jónssyni rannsóknarlögreglustóra. Vilhjálmur rétti stjóranum skýrslurnar átta sem kafarinn, lögregluþjónarnir tveir, vitnið Arngrímur Pétursson, kranamaðurinn, Sóldís og Kjartan höfðu skrifað undir, ásamt skýrslu Vilhjálms og ljósmyndirnar sem Páll Sigfússon rannsóknarlögreglumaður tók af vettvangi. Einnig var Vilhjálmur með skýrslu sem hann skrifaði eftir Margréti móður Sverris heitins ásamt ljósmynd af stytta sem var kona með geitarhöfuð sem hann tók úr herbergi Sverris. Svo rétti hann lögreglustjóranum fjórar skýrslur af drykkjufélögum Sverris. Hjá þeim kom ekkert nýtt fram og þeir þekktu ekkert til þessara tveggja dularfullu manna. Í þeim sama bunka var skýrsla tekin af verkstjóra Sverris hjá Samskip og nokkrum vinnufélögum hans. Þar var ekkert nýtt að fá, þeir sögðu hann vera skemmtilegan vinnufélag og hafi stundað vinnuna af fyllstu samviskusemi, en þeir kváðust ekkert þekkja hann utan vinnunnar.

Eggert Jónsson rannsóknarlögreglustjóri er dökkhærður meðalhár, þéttholda, skarpgreindur, grandvar og með góða hæfileika til að stjórna og skipuleggja. Mannþekking hans var óvefengjanleg, sem var meginorsök þess að hann var ráðinn í þetta starf fyrir níu árum. Þegar Eggert hafði tekið á móti skýrslunum fletti hann blöðunum og las hratt yfir í góða stund og sagði síðan: Ég les þetta yfir betur á eftir. Ég vil að þú gefir mér stutt yfirlit yfir þetta mál.

Vilhjálmur gerði það og sagði í lokin: Það er ekki margt sem vísar á Sverri og því síður einhver sönnunarbyrði. Þarna er tilgreind tegund bifreiðarinnar, litur og tvö teygjubönd sem hafa verið skorin af slöngu úr bíldekki sem ég fann í hanskahólfinu í þessari bifreið og fellur allt vel að lýsingu þessara tilgreinda skötuhjúa.

Þá sagði stjórin: Þetta gæti átt við allmargar svartar Mazda bifreiðar sem aka hér um í Reykjavík og svona teygjugúmi úr loftslöngu sem oft er notuð sem keðjustrekkjari eins og þú réttlega gafst mér í skyn. Já, það er alveg rétt en

krókarnir voru ekki í bílnum, þó það segi svo sem ekki allt. Nei, að sjálfsgöðu ekki, en svo minnst þú einnig á geðsveiflur Sverris og trúarofstæki sem þú lætur í veðri vaka að gæti hugsanlega hafa beinst að Sóldísi. Og þessi ljósmynd bendir nú til að hann hafi verið djöflatrúarmaður, það gæti svo sem staðfest það að hann hafi viljað koma þessari stúlku fyrir kattarnef.

En hvers vegna telur þú að hugur hans hafi endilega beinst að þessari stúlku frekar en öðru hugsandi fólki um dulræn vísindi. Það eru fjölmargir hér í Reykjavík sem hafa þessa hæfileika. Þar að auki, samkvæmt þinni sögn, talaði Sverrir í fleirtölu, þegar hann sagði við móður sína, að það ætti að fjarlægja svona fólk. Síðan að ógleymdu fór Sverrir heitinn að heiman um klukkan sjö að kveldi. Samkvæmt þinni sögn höfum við engar sannanir fyrir því að Sverrir hafi verið á Tjarnagötunni á þessum tiltekna tíma.

Þetta er það eina sem þú leggur fram; hæpnar tilgátur og að einhverjir tveir grunsamlegir menn sem vildu ekki láta nafn síns getið og höfðu aðeins samband við Sverri símleiðis þegar þeir boðuðu hann til sín. Er það ekki rétt skilið hjá mér? Jú, þannig lítur málið út, meira hef ég ekki í höndunum að svo stöddu. Ég veit að óvissuþættirnir eru margir, en eftir sem áður vil ég biðja þig um að ég fá að halda áfram að rannsaka þetta mál.

Hvernig í ósköpunum geturðu talið þér trú um að tengsl séu á milli þessara tveggja aðila eftir þeim upplýsingum sem þú hefur?, sagði Eggert og horfði stíft á hann, þú veist að þessar upplýsingar mundu ekki nægja fyrir dómi. Vilhjálmur horfði á móti rannsakandi augum stjórans, afslappaður, og sagði stuttu síðar: Vegna þess að það er ýmislegt sem gefur mér tilefni til að ætla að þetta mál liggi ekki svona ljóst fyrir eins og það sýnist vera. Ég verð að fá lengri tíma til að geta kannað það mál, hvort það séu tengsl á milli Sóldísar og Sverris heitins. Eftir skamma umhugsun sagði Eggert: Þú veist það, Vilhjálmur, að það er allstaðar verið að draga saman fjárveitingar innan ríkisgeirans sem annars staðar. Þessi deild okkar fór langt fram úr fjárlögum í fyrra. Ég var tekinn á beinið fyrir það hjá fjármálaráðherra og mér hótað öllu illu ef hún fer fram úr henni aftur á þessu ári. Þannig að ég er undir töluverðri pressu svo það þarf að vera fullgild ástæða til að ég leyfi meiri eyðslu til áframhaldandi rannsókna á þessu máli. Ég veit allt um

Það, hef heyrt þetta nokkrum sinnum áður hjá þér, svaraði Vilhjálmur. Ég ætla í öllu falli að lesa þessar skýrslur, svo sjáum við til. Ég hef síðan samband við þig síðar um þetta mál.

Miðvikudaginn klukkan tíu fyrir hádegi hringdi síminn hjá Vilhjálmi: Eggert hérna, komdu yfir til mín ég þarf að ræða við þig. Litlu síðar sat Vilhjálmur í sama stólnum og fyrr. En stjórninn sat í skrifborðstólnum með krosslagðar fætur uppi á skrifborðinu. Ertu enn við sama heygardshornið viðvíkjandi Sverris málið?, spurði Eggert og glotti lítillga. Engin breyting þar á, ég vil svo sannarlega fá að rannsaka þetta mál betur. Er það innsæið eina ferðina enn?, spurði stjórninn. Það má kannski segja það, ásamt öðru. Ég hef lesið yfir allar skýrslurnar sem varða Sverri Hermansson og hvergi getað ég fundið í þeim ástæðu til áframhaldandi athugunar.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir hefur Sverrir sennilega verið geðveikur á einhverju stigi og kannski má rekja það til æsku hans, vegna dauða föðurins. En það má ætla að afgerandi ástæðan sé trúlega trúarofstækið sem ruglaði hann að lokum og sjálfsagt verið orsökina að sjálfsmorði hans. Engin önnur vísbending liggur fyrir. Ekkert kemur fram í skýrslunum sem rekja má svo óyggjandi sé að þessi ákveðna Mazda bifreið hafi verið bifreið Sverris, sem ók þarna á Tjarnargötunni á þessum tiltekna tíma í veg fyrir Sóldísi. Það gæti alveg eins hafa verið einhver önnur dökk Mazda bifreið sem kemur þar við sögu. Þá sagði Vilhjálmur: Ég er ekkert undrandi á þessari afstöðu þinni, en það er ýmislegt í huga mínum sem mér þykir tengja þessa atburði saman og ég get ekki rökstutt að svo stöddu. Ég vil fá leyfi til að kanna þetta betur til að staðfesta þessa hugmynd eða útiloka hana. Þessi tvö mál leita svo á mig, að ég kemst ekki hjá því að telja hugsanlegt að það hangi miklu meira á spýtunni en það sýnist vera í fljótu bragði.

Eggert virti Vilhjálm góða stund hugsandi fyrir sér, engu líkara en hann væri að horfa í gegnum hann. Eftir skamma stund sagði hann: Það er svo einkennilegt að síðustu fimmtán árin sem ég hef þekkt þig hafa hugboð þín verið ótrúlega rétt. Og þar sem ég veit að þú munir hvort sem er ekki hætta við þetta mál heldur vinna að því í hjáverkum, þá færðu leyfi til þess. En það er komið nýtt mál upp á yfirborðið

sem hefur forgang til viðbótar við önnur mál sem þú ert að rannsaka. Hvers konar mál er það?

Eins og þú veist að sjálfsgöðu þá hafa allar höfuðstöðvar Interpol tíu undirdeildir og ein þeirra er eiturlyfjagæðing. Hverri deild ber skylda til að gefa allar upplýsingar til sinnar höfuðstöðvar og það er hún sem sendir þær áfram ef þess þarf með til einherrar undirdeildar sinnar eða annarra höfuðstöðva. Þannig tengist Interpol hverri heimsálfu og fær allar upplýsingar um þá afbrotamenn sem eru skráðir í höfuðstöðvunum. Þá veistu ekki síður að evrópska höfuðstöðin er staðsett í Lyon í Frakklandi og yfirmaður hennar er Hermann Heijerman.

En þar sem rannsóknarlögregla ríkisins er innan vébanda Interpol hafði Heijerman samband við mig í síma og sendi mér litlu síðar í telexi allar upplýsingar sem varða Íslendinginn Braga Oddsson. Hann er þrjátíu og tveggja ára gamall. Hvað gerði þessi maður af sér?, spurði Vilhjálmur.

Hollenska eiturlyfjalögreglan í Amsterdam tilkynnti Hermann Heijerman að þeir hefðu handtekið þennan Íslending ásamt fleirum í húsi einu þar í borg. Lögreglan hafði fylgst með þessu í nokkurn tíma þar sem sterkur grunur var um að þarna færi fram þökkun og dreifing á eiturlyfjum. Tuttugu og fimm vopnaðir lögreglumenn umkringdu húsið og réðust inn. Þeir náðu að handtaka alla og standa þá að verki, þar sem þeir voru að störfum að pakka inn óvenju miklu magni af kókaíni, alsælu og maríjúana.

Dreifingarstjórinn, Ítalinn frá Siracusa á Sikiley, Júníus Tacítus, var inni á skrifstofu sinni ásamt Íslendingnum þar sem Bragi Oddsson var að afhenda Ítalanum tólf milljónir króna í íslenskum peningum þegar lögreglan kom að þeim. Um leið og Tacítus sá lögregluna ætlaði hann að stinga þá af bakdyramegin. Á flóttanum skaut hann úr skammybyssu sinni og særði þá einn lögregluþjóninn í handlegginn en Ítalinn var skotinn með það sama í brjóstið og í gegnum hægra lungað, af öðrum lögregluþjóni. En Bragi sat í sínum stól stjarfur af hræðslu á meðan lögreglan var að athafna sig, þar til hún handtók hann.

Eru þá ekki líkur á að þessi Ítali sé eitthvað tengdur mafíunni? Hann er í mafíunni og þar að auki mjög bíræfingur glæpamaður sem aldrei hefur komist undir hendur lögreglunnar fyrr. Hann hefur verið eftirlýstur í mörg ár fyrir fíkniefnasölu og

sterklega grunaður um tvö morð, að sögn Heijermans. Einhverjar upplýsingar hlýtur hollenska lögreglan að hafa fengið hjá Braga sem varða Ísland fyrst forstjóri evrópsku höfuðstöðvar Interpol hafði samband við okkur sagði Vilhjálmur.

Það var ekki fyrr en Bragi hafði verið þrjár vikur í varðhaldi og yfirheyrslum dag eftir dag með ákveðnum þrýstingi og að lokum loforði um styttingu á fangelsisvist að lögreglan í Amsterdam fékk hann til að opna munn og þá komu upplýsingarnar frá honum eins og af færibaldi og það sem kemur okkur Íslendingum við er á þessa leið, sagði Sverrir.

Bragi kvaðst vera eiturfjamililiður, það er að segja, maður sem er að flytja upplýsingar, skilaboð eða peninga til ákveðins upprunalands dreifikerfisins, í þessu tilfalli er það Amsterdam í Hollandi. En fíknæfnasalarnir leituðust einnig eftir burðardýrum og helst eftir fólki sem aldrei hefur komist í kast við lögregluna til þessara verkefna. Hann kvaðst hafa kom þrisvar sinnum með þessa sömu upphæð í þetta hús þar sem hann var handsamaður og tvisvar sinnum í önnur fjögur hús. Þá spurði hollenska rannsóknarlögreglan Braga hvernig þetta hafi byrjað. Samkvæmt hollensku lögregluskýrslunum gerðist það á þessa leið.

Ég vinn sem sölumaður hjá Byggingarfyrirtækinu Glæsi og þeir eru mjög ánægðir með mig svo ég átti von á því að vera sendur til útlanda í söluferðir. Það hefur verið mikil aukavinna síðustu tvö árin, síða var tekið fyrir alla aukavinnu. Nokkrum mánuðum áður keypti ég mér Mitsubishi jeppa með afborgunum og varð strax heillaður af honum. Hann er sérhannaður fyrir fjallaferðir. Það er mitt eina áhugamál að vera uppi á fjöllum á mínum eigin jeppa. Með þessari skerðingu á aukavinnu sá ég að allri fótfestu var kippt undan mér og bíllinn yrði tekinn af mér ef ég gerði ekkert í því að reyna að selja hann.

Ég hef vanið komur mínar um skeið, aðra og þriðju hverja helgi, á næturklúbbinn Silfurstjörnuna sem er við Austurstræti. Nektarsýningarstúlkur og fíkniefnasmásalar eru oftlega fylgjandi slíkum stöðum og nærast á þeim. Ég hef orðið var við, þar sem þeir reyndu árangurslaust að fá mig sem sölumann fyrir þá. Þá ventu þeir kvæði sínu í kross og ræddu við mig um daginn og veginn. En einn þeirra reyndi of að fá mig sem sölumann eftir að ég varð vel málkunnugur honum.

Síðar komst ég að því að hans aðalstarfssvið var að leita uppi menn sem stóðu illa fjárhagslega og voru líklegir til að veiðast á öngulinn og selja fíkniefni fyrir þá á þeim forsendum að launin væru með ólíkindum há ef sölumaðurinn neytti þess ekki sjálfur. Þessi náungi heitir Pétur Frostason, hann er tveimur árum yngri en ég og hefur verið í þessu um fjögur ár. Hann er lítill dökkhærður og þrekinn, alltaf í dökkum fötum með rautt bindi, kæruleysislegur í fasi og virðist alltaf brosandí.

Mér líkaði ágætlega við hann eftir því sem ég kynntist honum betur, sérlega fyrir það hvað hann hafði léttu lund og var skemmtilegur. Við ræddum oft saman um daginn og veginn inni á þessum næturklúbb meðal annars um starf mitt, en sérlega um konur, á milli þess sem stúlkurnar voru ekki að dansa. En að öðru leyti hafði ég ekki samband við hann. Kvöldið sem ég féll fyrir ásókn Péturs var ég óvenju ergilegur þar sem ég var sérlega þurfandi fyrir mikla peninga.

Þá spurði Pétur mig hvers vegna ég hætti ekki í þessari vinnu og fengi mér einhverja betri vinnu. Þá sagði ég honum að ég ætti von á því að verða sendur í söluferðir erlendis og það freistaði mín.

Þá sagði Pétur og knúði verulega á: Blessaður vertu, komdu til okkar í aukavinnu, þá verður ekkert mál að redda þessum jeppa og miklu meira en þá munt þú vaða í peningum og þar að auki geturðu valið úr stelpunum því sumar hverjar eru fljótar að finna peningalyktina. Ég veit nú ekki hvort ég hef áhuga, það er of mikil áhætta til að taka þennan séns. Þú talar um áhættu, blessaðu vertu, þú ert nú meiri asinn, hefurðu ekki litið í kringum þig maður? Er ekki lífið ein áhætta út í gegn, ég hef nú ekki séð betur. Þú þarft ekki annað en að ganga yfir götu þá geturðu verið steindauður á því augnabliki. Það er nú allt annar handleggur, maður getur alltaf orðið fyrir slysi.

Blessaðu vertu, farðu ekki að fela þig á bak við slíka vitleysu, hvað heldurðu að þú sért að gera þegar þú ert að þvælast uppi á fjöllum í kolvitlausu veðri annað en að sækja í hættuna, því þú getur hæglega ekið fram af hengiflugi í slíkum veðurofsa og blindhríð eins og þú hefur stundum verið að segja mér frá. Ekki mæli ég því í mót að það gæti hent, en öryggisútbúnaður minn er góður og við erum oftast á þrem bílum í slíkum leiðangri svo við erum nokkuð öruggir. Blessaðu vertu, þarna sérðu, nú skaltu grípa gæsina fyrst hún gefst, þar sem þú

verður ennþá öruggari ef þú kemur til okkar. Hvernig í ósköpunum má það vera? Nú auðvitað vegna þess að þá geturðu bætt útbúnaðinn og haft jeppann þinn alltaf í fullkomnu lagi. Svo get ég lofað þér því að það sem er komið í vanskil af greiðslu af jeppanum þínum verður greitt fyrir þig sem fyrirframgreiðsla upp í það sem þú selur.

Við þessi orð hans vaknaði áhugi minn til muna, mér þótti þetta freistandi tilboð ef það stæðist í raun, sem síðar kom í ljós að gerði. Eftir nokkra umhugsun sagði ég án mikillar sannfæringar: Þetta er nú einum of áhættusamt fyrirtæki; ég get lent í margra ára fangelsi ef ég verð gripinn við þessa ólögulega starfsemi. Það skal ég segja þér, vinur minn, að þessi vinna sem ég er að bjóða er ekki meiri áhætta frekar en annað í þessu ömurlegu lífi. Þú þarft ekki annað en að horfa á sjálfan þig í spegli og hvað sérðu? Ég ætla ekki að segja það, því þú bæði finnur það og sérð það best sjálfur. Ég viðurkenni það að mér líður ekkert vel.

Ég fullyrði og get sagt þér það að þessi vinna gefur þér tækifæri til njóta lífsins eins og best verður á kosið því launin eru há og allar þínar áhyggjur hverfa. Maður verður sko að að hafa einhverja peninga handbæra til að létta sér upp úr þessu volæði. Þú ert hérna á jörðinni til þess að lifa lífinu og skemmta þér maður, það er ekki hægt nema að hafa mikla fjármuni og þá færðu hjá okkur. Fyrir eða síðar kemur maðurinn með ljáinn og þá ertu svo sannarlega dauður og grafinn og þá veistu minn kæri vinur að þá er orðið of seint að ætla sér að lifa lífinu. Því að guð og djöfullinn eru ekki til, þú ert það skynsamur að þú ættir að vita það. Jæja, þetta má svo sem vel vera, ég skal alla vega íhuga málið en nú ætla ég að fara heim. Vertu blessaður. Nei, heyrðu viltu bíða augnablik? Pétur tók upp penna og blað, skrifaði eitthvað á það og rétti mér. Ég leit á það, þarna stóð Grettisgata 160, opið alla daga eftir kl. 19. Hvað er þetta?, spurði ég. Þetta er bækistöðin okkar og biljarðstofa. Við komum þarna oft í viku og spilum snóker en á þriðjudags- og föstudagskvöldum spilum við bridds í fundarherberginu okkar sem er inn af biljarðstofunni. Þar ræðum við málin og fógetinn gefur okkur skipanir frá yfirboðurum okkar á milli þess sem við erum að spila. Geymdu miðann, þú ert velkomin þegar þú vilt slást í hópinn, en ef þú kjaftar frá því sem ég hef sagt þér þá færðu ekki að lifa lengi.

Einum og hálfum mánuði síðar tók ég ákvörðunina og það kom ekki af góðu þar sem ég fékk hótun um að bíllinn minn yrði tekinn af mér ef ég ekki greiddi ákvílandi skuld. Þetta var í miðri viku, ég beið til föstudagskvölds svo ég væri viss um að geta hitt Pétur. Þegar ég hafði spilað snóker góða stund við nokkra drengi kom Pétur úr einu herberginum og tók á móti mér glaður í bragði og sagði að fógetinn vildi hafa tal af mér. Ég fór inn í eitt herbergið á eftir honum. Þar sá ég mann sitja í bakháum rauðum stól skammt frá öðru briddsborðinu

Þessi karlmaður er hár, ljós skolhærður, munnstór með stórt kónganef, augun smá, axlarsiginn og vel feitur og dimmraddaður. Hann kynnti sig sem fógetann og var aldrei kallaður annað. Hann spurði: Ertu ákveðinn í að ganga í félag með okkur? Ég svarað strax að ég hefði áhuga á því. Það er gott, okkur vantar fjórða mann á annað borðið. Það var lítið talað þetta kvöld og þegar það var gert þá einungis um spilin.

Ég undi mér vel þetta kvöld, þeir tóku mig strax í hópinn þessir sex menn sem þarna voru inni. Það var samt ekki fyrr en eftir síðasta spil sem fógetinn sagði upp og ofan af því hvernig þetta gengi fyrir sig

Drengirnir sem hér eru vinna allir að meira eða minna leyti í dreifingu á fíkniefnum til fíkniefnasalanna. Og þeir taka um leið á móti peningunum frá sölumönnum fyrir síðustu afhendinguna. Viku síðar afhenti Pétur mér efni til dreifingar og allar götu síðan.

Aðspurður sagði Bragi afhendinguna ganga þannig fyrir sig að hann væri sóttur í einhverjum bíl, en það væri sjaldan sami bíllinn. Síðan væri ekið góða stund um bæinn, þegar talið væri víst að enginn hafi elt, var alltaf skipt um bifreið og síðan var ekið þangað sem Pétur beið eftir mér og það var jafnan utandyra. Viðskiptin fóru aldrei fram á sama stað og ég hef ekki tölu á hversu oft þau fóru fram.

Ég var ráðinn milliliður og tók þess vegna á móti peningum frá sölumönnum um leið og ég afhenti efni. Sölumennirnir eru margir (Bragi gat gefið upp mörg nöfn á sölumönnum, sem fylgir þessari skýrslu). Afhendingin fer fram hér og þar um bæinn og starf okkar var einnig fólgið í því að ná í sem flesta nýja sölumenn.

Bragi gaf upp nöfn allra dreifingaaðilana og þeir heita: Hlynur Ásgrímsson, Pétur Frostason, Haraldur Finnbogason, Svanhildur Örlygsdóttir og Særún Harðardóttir,

En fógetinn sem stjórnaði þessu liði á heima á efri hæðinni. Hann er einnig með fornbókaverslun í öðrum endanum á húsinu.

Mér gekk vel að fá nýja sölumenn til að auka tekjur mínar og græddi á tá og fingri. Ég náði í fleiri nýja sölumenn en þá sem ég missti í fangelsi. Að ári liðnu og vel það vaknaði ég einn morguninn við að síminn hringdi. Fógetinn var á hinum endanum og sagði með sinni dimmu lágu röddu: Nátthrafninn vill finna þig, hann hringir í þig þegar ég slít sambandinu. Hver er nú það?, spurði ég. Það er sjálfur fíkniefnakóngur Íslands. Hver er það og hvað vill hann mér?, spurði ég forviða og utangátta því ég hafði aldrei heyrt hans getið.

Það veit enginn með vissu hver maðurinn er eða hvernig þessi maður lítur út. Hann er hinn dularfulli eiturlyfjakóngur sem ræður sennilega yfir 70 prósent af fíkniefnamarkaði landsins.

Ég vara þig við; þú spyrð hann einskis og gerðu orðalaust það sem hann biður þig um, þá farnast þér vel. Þú ert greinilega einn af þessum útvöldu. Hann ætlar þér ákveðið verkefni. Þar með lagði hann á. Litlu síðar hringdi síminn. Ég var bæði spenntur og lítið eitt kvíðinn þegar ég svaraði símanum. Röddin var þíð en ákveðin þegar hann sagði: Nátthrafninn hér, við hvern tala ég? Braga Oddson, svaraði ég hjáróma.

Þú sagðir fógetanum fyrir nokkrum dögum að þú værir að fara til Hamborgar í næstu viku á vegum fyrirtækis þíns og yrðir þar kannski í hálfan mánuð, er þetta rétt með farið? Mér brá ónotalega og varð hræddur um að Nátthrafninn ætlaði að refsa mér fyrir að fara í þessa viðskiptaferð og koma einnig í veg fyrir að ég færi til Þýskalands. Það þótti mér verst þar sem ég hafði hlakkað svo mikið til að fara þessa ferð og fannst það vera mikill heiður fyrir mig að yfirmenn mínir skyldu treysta mér einum í þessa ferð.

Ég þorði ekki að vinna gegn hagsmunum Spaða-Ássins þar sem ég vissi að afleiðingarnar gætu orðið ískyggilegar fyrir heilsu mína. Þess vegna sagði ég lágróma að ég gæti sennilega hætt við að fara ef hann vildi svo. Þá sagði hann: Þetta ferðalag þitt til Þýskalands er mjög æskilegt, þar sem þú getur einnig notað þessa ferð okkur til framdráttar. Hvenær áttu að mæta á Keflavíkurflugvelli? Næstkomandi fimmtudag klukkan hálfátta um morguninn, ég fer með Flugleiðum.

Þá sagði hann við mig: Þú átt að mæta klukkan fjögur á miðvikudaginn á Umferðamiðstöðina og ná þar í tösku sem er í pakkageymslunni á þínu nafni, og fara með hana inn salernið í Perlunni. Þar er maður með samskonar tösku og þú. Þið skiptið þar um tösku þegar enginn er þar inni og þið talist ekki við.

Þennan umrædda dag klukkan fjögur náði ég í töskuna og reyndi að opna hana í bílnum mínum en hún var kyrfilega læst. En taskan sem ég fékk í staðinn inni á salerni í Perlunni var ólæst og tóm. Í botni töskunnar var bréfmiði og þar stóð að ég ætti að setja einhver ómerkileg skjöl í hana og setja hana í farangurstöskuna sem ég færi með til Þýskalands.

En það stóð ýmislegt annað á miðanum sem ég átti að gera þegar ég hefði afgreitt þau mál sem mér var ætlað að vinna fyrir Birting hf. í Þýskalandi. Ég átti ég að fljúga þaðan til Amsterdam. Síðan átti ég að fara inn á aðalkaffistofuna í flugstöðinni, þar bíður maður eftir þér. Á borðinu sem hann situr við er áberandi hvítt spjald með upphafsstöfunum S.S. og fyrir neðan það eru tölustafirnir 113. Þessi maður fer með þig á ákveðið hótél, þar dvelur þú þar til kona hringir í þig og segir þér hvar þú átt að hitta mann klukkan átta við hóteldyrnar. Hún mun lýsa fyrir þér hvernig hann er í útliti. Þegar hann kemur farið þið saman í leigubíl að ákveðnu veitingarhúsi, þar stansið þið í þrjú korter og drekkið kaffi. Þá fer maðurinn í burtu en þú ferð inn á salerni og þar muntu sjá mann með sömu tösku og þú fórst með inn á salernið í Perlunni. Þú segir við þennan mann: „Kærleikurinn er það sem lifa skal fyrir“. Hann svarar, „Já, himnagjöfin er alltaf best“. Síðan skiptið þið um tösku þegar enginn tekur eftir. Þá hefur þú fengið sömu töskuna aftur með tólf milljónunum í.

Um leið og þú ferð út úr veitingarhúsinu mætir þú ljóshærðri, lágri konu. Hún segir þér hvert þú átt að fara um leið og þið mætist í dyrunum. Þegar þú hefur afhent peningana færðu efnið. Þar verður þér sagt hvar og hverjum þú átt að afhenda töskuna með efninu í og færð í staðinn sömu töskuna og blaðaruslið var í. Þar sem þú átt alltaf koma fljúgandi með sömu tösku til baka og þú fórst með yfir hafið.

Alltaf þegar ég fór í þessum erindagerðum voru tölustafirnir og upphafsstafirnir á spjaldinu breytilegir á hverjum tíma og það var aldrei sama fólkið sem gaf mér

upplýsingar um hvert ég ætti að fara og hverjum ég ætti að afhenda peningatöskuna.

Ég var sendur á þriggja mánaða fresti á vörusýningu eða í öðrum erindagerðum til að kaupa eða selja fyrir fyrirtækið. Þá fór ég alltaf til Þýskalands, Hollands eða Englands og ferðin tók yfirleitt hálfan mánuð, en í hvert skipti eyddi ég þremur dögum í Amsterdam til að afhenda peningana og taka á móti eiturlyfjum og losa mig síðan við það til ákveðins aðila sem selflytur það áfram þar til sendingin kemst á ákvörðunarstað í Reykjavík.

Það er greinilegt að höfuðpaurarnir virðast hafa einhverja örugga flutningaleið sem lögreglan og tollheimtumenn hafa ekki fundið og samkvæmt skýrslunni virðist Bragi ekki hafa hugmynd um hvernig peningarnir og eiturlyfin eru flutt á milli og hann þar að auki ekki spurður að því hvernig sem á því stendur. Nei, greinilega ekki, þar sem það kemur hvergi fram í þessari skýrslu, en Heijerman sagði mér samkvæmt því sem Bragi sagði þeim virtist hann ekki heldur vita hvar og hver afhenti Pétri eiturlyfin sem Bragi fær hjá honum.

Bragi kvaðst einu sinni hafa spurt Pétur hvar hann fengi efnið, þegar hann vildi svara þessari forvitni sinni. Þá svaraði Pétur: Komdu ekki með spurningar um það sem þér kemur ekki við, það er betra fyrir okkur báða að þú vitir sem minnst um það.

Þá sagði Vilhjálmur: Við höfum þá loksins staðfestingu á því hver kemur þarna við sögu, þó við getum ekki sannað það að svo stöddu. Það er Arnleifur Ólafsson sem alltaf er nefndur fógetinn. Hann fékk sjö ára fangelsi fyrir fíknæfnasölu fyrir tíu árum, en var sleppt eftir tvö ár gegn því að hann segði til um aðra fíkniefnasala og væri friðhelgur með sína sölu. Samkvæmt lögum má ekki sleppa nokkrum fanga fyrir en hann hefur afplánað tvo þriðju af fangelsisdómnum en honum var sleppt miklu fyrir. Það væri kannski sök sér ef hann hefði getað, eða það væri kannski réttara að segja viljað segja til um höfuðpaurana. En það gerði hann ekki, þessir menn sem hann kjaftaði frá hafa yfirleitt verið peningalausir eiturlyfjaneytendur. Og núna síðustu fimm árin eftir að hann keypti þetta, fyrirtæki þá þykist hann vera hættur og reynir að telja okkur trú um að hann lifa heiðarlegu lífi með sína biljarðstofu og fornbókasölu.

Þessi játning hans Braga gefur okkur gott tilefni til að fylgjast betur með fógetanum. Það var nú líka aðalástæðan fyrir því að ég bað þig að koma yfir á skrifstofu mína, sagði stjórninn. Á loksins að fara að gera eitthvað?, það er tími til kominn, þó fyrir hefði verið. Mig hefur lengi grunað að fógetinn hafi ekki sagt skilið við fíkniefni, eins og ég hef oft sagt við þig.

Ég veit það, en fíkniefnadeildin vildi ekkert gera í málinu og það var farið eftir því, þar sem tölur á sölumönnum hafa aukist, en ekki í samræmi við þá aukningu af eiturlyfjum sem komið hefur inn á markaðinn. Síðustu fimm árin hefur magnið aukist með hverju árinu samfara því sem eignir fógetans hafa margfaldast. Það kæmi mér heldur ekki á óvart að hann hafi einhverja hugmynd um hver þess Nátthrafn er, þó hann segði Braga annað, sagði Eiríkur. Það er með ólíkindum hvað fíkniefnalögreglan hefur horft framhjá fógetanum og piltum hans því ég er sannfærður um að þeir eru í kafi í eiturlyfjasölu, sagði Vilhjálmur.

Ég er sammála því að þetta fór allt úr böndunum eftir að það var samþykkt á þingi fyrir nokkrum árum að gefa lögreglunni heimild til að greiða fyrir upplýsingar, í einhverjum mæli, ef það leiddi til sönnunar um sekt og handtöku á fíkniefnasöllum. En það verður að viðurkennast að sú aukning varð, en það var ekki meiningin að það yrði gert með þessum hætti eins og því hefur verið framfylgt undanfarin ár. Það hefur ekki farið fram hjá mér hvernig að þessum málum hefur verið staðið og það er ekki til fyrirmyndar, svaraði Vilhjálmur.

Þá sagði Eiríkur: Eitt klúðrið er að síðan fíkniefnalögreglan hefur haldið verndarhendi yfir fógetanum og piltungum hans, gegnt því að hann segi frá andstæðingum sínum er málið í raun furðulegt. Svo er annað að stjórnámálmenn hafa ekki ennþá tekið á þessu, þar sem ekki voru til reglur um samskipti á milli lögreglu og uppljóstrara þrátt fyrir að lögreglan hafi ítrekað óskað eftir því.

Sem betur fer var eitthvað gert í þessu í lokin. Ég hef verið að kanna í skjöl frá síðustu fimm árum. Þá kom í ljós hversu algengt það hefur verið að skýrslur sem innihéldu upplýsingar um alvarleg brot, jafnvel stóran innflutning eða dreifingu fíkniefna hafa verið lagðar inn í þennan skjalaskáp til geymslu. Án þess að nokkur rannsókn hafi verið gerð vegna anna við aðrar rannsóknir, fjárskort eða mannfæð. Ekki batnaði það þegar í ljós kom að fleiri kíló að ýmsum tegundum eiturlyfja

hvarf úr geymsluhólfi lögreglunnar með dularfullum hætti og enginn þóttist vita hvernig það hafði getað gerst. Það einkennilega við þetta allt saman er að það sem hvarf var hluti af því sem var tekið af fógötanum hérna fyrir á árum. Já, þetta er lögreglunni til mikillar armæðu, en sem betur fer á að fara taka á þessum málum.

Þá sagði Vilhjálmur: Já, ég veit af því og það hefði mátt gerast fyrr, þá hefði veldi Arnleifs ekki komist í það horf sem það er nú innan þessa eiturlyfjárs sem ég hef grun um að hafi haslað sér þar völl síðustu árin. Fyrir sjö árum þegar fógötinn var handtekinn og játning hans lá fyrir þá var hann ómerkilegur einfari, eiturlyfjasölumaður og sá um innflutning á sextán kílóum af hassi og þrem kílóum af LSD sem hann ætlaði að selja og dreifaum landið. Að mínu mati var hann stærsti sölumaðurinn þegar það samkomulag var gert að honum yrði sleppt gegn því að hann vísaði á keppinauta sína, sagði Eiríkur. Þá sagði Vilhjálmur: Það eru engin lög til í landinu sem leyfa lögreglunni að vinna með þessum hætti. Þetta er hreint glapræði og fógötinn hefur aldeilis notað tækifærið og matað krókinn fyrir þennan Spaða-Ás, hver svo sem hann er.

Þar sem þetta mál fór í gegnum hendur mínar skrifaði ég skýrslu og mótmælti þessu samkomulagi lögreglunnar við fógötann. Á þeim forsendum að þessir sölumenn sem lögreglan hefur verið að taka eftir ábendingu fógötans, voru þess ekki umkomnir að hafa efni á að skaffa alla þessa peninga sem þarf til að geta keypt þetta mikla magn eiturlyfja sem smyglað hefur verið inn í landið. Ég sagðist telja miklu líklegra að fógötinn væri stærsti aðilinn en þar virðist ég ekki hafa farið alveg með rétt mál. Samkvæmt þessu virðist fógötinn vera einhverskonar leppur fyrir Náttfráfninn og stjórnar sölumönnunum hann. Í öllu falli virðist það hafa verið rétt hjá mér að það sé einhver eða einhverjir efnaðir menn sem fjármögnuðu fíkniefnin, en þessari skýrslu var stungið hljóðlega undir borð.

Það má nú með sanni segja að þessi kenning þín var rökstudd að nokkru leyti þegar Arnar Ögmundsson, blaðamaður hjá Vikutíðindum, skrifaði grein um þetta mál fógötans fyrir tveimur árum. Hann gat einnig um hugmyndir þínar. Greinin vakti mikil viðbrögð og hneykslan hjá lesendum á því hvernig að þessu máli hefur verið staðið eins og þú kannski manst. Samfara þessu var gerð könnun um hvort fíkniefnalögreglan ætti að greiða fyrir slíkar upplýsingar og 70% aðspurðra vildu

það. Þá sagði Vilhjálmur: Ég man vel eftir þessu en það var lítið gert, sem betur fer höfum við undirskrifaða skjalfesta staðfestingu frá þessum Braga, sem er að vísu ekki annað en líkleg ábending, um það að Arnleifur sé blandaður meira eða minna í mafiuna ásamt þessum leyndardómsfulla yfirmanni hans Nátthrafninum. Hvað á þetta heimskulega aðgerðaleyfi að ganga lengi?

Það getur nú einnig verið hugsanlegt að þetta sé tilbúningur hjá Braga til að bjarga sjálfum sér frá margra ára fangelsi, sagði stjórninn. Ég veit það vel, að það er hugsanlegur möguleiki, sjálfsbjargarhvöt hefur ekki verið þessum mönnum til trafala, en það er komið að okkur að sannprófa það, sagði Vilhjálmur. Þá sagði Eggert: Það er nú ein af ástæðunum fyrir því að þú ert hérna. Ég vil að þetta verði kannað til hlítar meðal annars með því að fara yfir öll gögn sem við höfum um starfsemi fógetans og fylgst verði sérstaklega með þessum milliliði Pétri Frostasyni og hinum piltungunum einnig að kanna þetta fyrirtæki sem Bragi vann hjá. Þú átt að stjórna rannsókninni. Fæ ég frjálssar hendur um mannaval og að ráða því hvernig ég stend að verkinu?

Þú færð það á meðan þú heldur þig réttu megin við lögin, sagði stjórninn ákveðinn. Hann tók fæturna ofan af skrifborðinu, reisti sig upp í stólnum og sagði: Ef stærsti markaðsdreifingaraðili fíkniefna landsins er þessi Spaða-Ás hefur þú líklegast upp á honum gegnum fógetann. Hann er þá milligöngumaðurinn eða einhverskonar deildastjóri markaðsdreifingarinnar og notar þá biljarðstofuna sem skálkaskjól. Þá er þetta sennilega mun stærra mál en við höfum getað látið okkur dreyma um og tala nú ekki um ef mafían er blönduð inn í þetta. Ef þessi Nátthrafn er til þá skal ég ná honum, sagði Vilhjálmur.

Eiríkur ýtti pappírurum sem voru á skrifborðin yfir til Vilhjálms og sagði: Hérna eru öll skjölin sem varða Braga Oddsson. Þú skalt boða Ingólf Snorrason, yfirmann fíkniefnadeildarinnar til þín, gefa honum allar þær upplýsingar sem við höfum um þetta mál og segja honum að nú verði hann og undirmenn hans að venda kvæði sínu í kross frá þeirri lögleysu að halda hlífðarskyldi yfir fógetanum.

Segðu Ingólfi jafnframt að fylgjast með honum og þessum ungu piltum hans, sem þykjast nota salarkynni hans sem tólmstundahús dag og nótt.

Það á einnig að fylgjast með þeim mönnum sem tengjast þessum piltungum og ljósmynda þá alla. Það má ekki undir neinum kringumstæðum handtaka nokkurn mann fyrir en þú gefur skipun um það. Því ég vil ná öruggum sönnunargögnum sem tryggja það að fógetinn og þessi maður sem kallar sig Nátthrafninn fái að dúsa í margra ára fangelsi.

Já, ég skal koma þessu til skila. En ég skil ekki hvers vegna þú biður mig um þetta þar sem ég hef ekkert yfir fíkniefnadeildinni að segja. Það væri miklu árangursríkara að þú gæfir honum þessar fyrirskipanir sjálfur. Þá sagði Eiríkur ég hef fengið leyfi hjá dómsmálaráðherra að hækka þig í tign upp í yfirrannsóknarlögreglumann Interpol á Íslandi. Þar með ert þú yfirmaður fíkniefnadeildarinnar og allra annarra glæpadeilda. Þetta var gert til að framfylgja þeim óskum mínum að bein tengsl verði á milli mín og fíkniefnadeildarinnar.

Eiríkur beið eftir einhverjum viðbrögðum frá honum, en þau voru engin. Hann var í raun ekkert undrandi því hann hafði aldrei séð það til Vilhjálms að hann hefði metnað til frama innan lögreglunnar. En eftir sem áður var áhugi hans fyrir starfinu óumdeilanlegur og starf hans árangursríkt.

Eins og þú veist hefur eitt hrjád mig nokkuð lengi; það eru þessi dauðsföll við höfnina og ekki síst nú síðustu þrjú árin því þau hafa aukist til muna. Þá sagði Eiríkur: Þú ert sem sé ennþá við það heygardshornið að sum af þessum dauðsföllum hafi verið sett á svið sem slys, að það hafi verið framin þarna við höfnina nokkur morð sem hefur farið fram hjá okkur. Þú og þinn næstráðandi hafa verið að flækjast þarna niður við höfn í sjálfboðavinnu að ykkar eigin ósk, vegna þrákelkni þinnar um að þú hafir rétt fyrir þér, annar ykkar í dulargervi sem róni en hinn liggur einhversstaðar í leyni.

Hann horfði rannsakandi á Vilhjálms augnablik áður en hann sagði: En ég hef ekki orðið var við neinn sönnunargögn frá þér. Satt mun það vera en er það ekki nokkuð óvenjulegt hvað margir eru sagðir hafa drukknað við höfnina? Þegar sumir þeirra hafa í lifandi lífi aldrei pissað í saltan sjó og sjaldan komið nálægt höfninni, að sögn aðstandanda. Sumir voru undrandi hvað þessi skyldmenni þeirra hafi verið að gera þarna við höfnina. Svo er það einnig grunsamlegt hvað lítið

alkóhól þessir menn höfðu innbyrt, samkvæmt því áttu þeir að geta komið í veg fyrir að þeir dyttu í sjóinn, nema þá að einhverjir aðrir hafi komið þar við sögu.

Varla hafa þeir verið að fremja sjálfsmorð, því ef svo hefði verið, hefðu þeir synt út fjörðinn eins og venja þeirra er sem það ætla sér. Svo kemur þriðja undrunin að mínu viti og það er hversu margir höfðu dauðrotast við að rekast utan í skip eða bryggju í fallinu og þar af leiðandi var ekkert vatn í lungum þeirra. Svo mér er farið að þykja það sanngjarnt að ég og félagi minn fáum að vinna í þessu máli á fullu kaupi og það í næturvinnu. Þú ert svo viss í þinni sök svo að það mætti segja mér að þú hafir þetta einnig sterkt á tilfinningunni að eitthvað af þessum dauðsföllum við höfnina séu morð? Já, það má segja það. Við skulum sjá hvað ég get gert í þessu máli fyrir þig.

14. KAFLI

Það getur aldrei farið á annan veg í þróunarferli einstaklingsins, en að lífstefnan sigri að lokum vegna þess að guðleg eigindi eru í lífeindunum sem vill að gera efnið líkt sér. Það er einmitt vegna áhrifamáttar þessa guðlega neista sem fyrirfinnst í hverjum einstaklingi, sem gerir honum skiljanlegt og kleift fyrir eða seinna að feta í lífstefnuátt. Annað hvort gerist það hér á jörðu eða einhvern tíma í framlífinu.

Þessi undursamlega kveikja lífsins sem kemur frá lífverum á öðrum hnöttum með lífgeislanum og dreifist í allar áttir um alheiminn vetrabrauta á milli með óútreiknalegan hraða. Bæði til þess að kveikja líf þar sem ekkert líf er og til að reyna að hafa áhrif á þróun lífsins geymir í sér upplýsingar um guðlega eiginleika og allar aðrar orkueindir svo hún geti sameinast efninu. Lögmál náttúrunnar hefur áskapað efnaorkunni og líforkunni þeim eiginleikum að geta sameinast svo mögulegt sé að mynda lífveru því án efnis verður ekkert líf. Það skýrir hvers vegna líforkan hefur þá eiginleika, að vilja breyta öllu efninu í sig og sameinast efninu þegar aðstæður eru fyrir hendi á viðkomandi frumlífsjörðu (en þær eru ótölulegar margar). Þær reyna að skapa spegilmynd sína eða í raun frummynd sína. Það er hún sem kemur af stað allri starfsemi lífsins.

Það þýðir í raun að lífeindin hefur meðal annars í sér það mynstur og þá orku sem þarf til að koma af stað vinnslu hjá kjarnsýrunni til að hún geti tvöfaldað sig, að bú til spegilmynd sína. Samkvæmt því segir það okkur að frummyndin kemur frá því guðlega sem líforka og hún hefur þá alla þætti sem frummyndin hefur. Líforkan hefur þá sköpunarhæfileika að geta sameinast efninu og myndað nýtt líf á jörðinni þegar aðstæður leifa. En eiginleikar hennar eru svo margþættar að hún getur myndað mismunandi tegundir af lífverum. Það fer eftir því hvernig sameindirnar hafa raðast niður og þá verður einnig að vera nægilega mikið magn af nauðsynlegum sameindum á hverjum stað til að líforkan geti myndað líf. En að lokum verða allar lífverur að guðlegum verum vegna frummyndarinnar.

En þegar slíkt undur verður að líf getur myndast hafa réttu sameindir safnast á réttum stöðum í marga hópa af ýmsum gerðum og stærðum eftir aðstæðum og á misunandi stöðum á hnettinum. Þá verða til allskonar líftegundir í mismunandi

lífsformi í hverri sameindarkeðju fyrir sig, ef og þegar líforkunni hefur tekist að sameinast þessum efnum verður ekkert sem getur stöðvað framþróun lífsins.

Með þeim hætti breytist frummyndin hér á jörðinni í að verða margar frummyndir, eins og til dæmis maður, hundur, ljón, fíll o.s.frv., eins og kenning Platós segir til um.

Sameindirnar gætu hafa myndað hópa í tjörnum og pyttum þar sem uppgufun hefur verið mikil og mikið magn borist með aðrennsli. Einnig gæti það hafa gerst í heitum uppsprettum neðansjávar frekar en að þær hafi safnast saman við sjávarsíðu.

Vegna einstæðra hæfileika líforkunnar frá lífverum á öðrum hnöttum, sem berast með lífgeislanum til að sameinast efninu tekst sennilega oftast ef ekki alltaf að mynda lífið þegar aðstæður eru fyrir hendi eins og gerðist hér á þessari frumlífsjörðu. Þá myndast lífið að lokum í því formi samkvæmt eðli og mynstri lífeindarinnar miðað við þá efnistöku sem var til staðar að mynda einhverskonar líf. Þess vegna þróuðust þessar fjölbreyttu líftegundir á þessari jörðu.

Lífið hér á jörðinni hefur einnig getað myndast með þeim halastjörnum sem koma í snertingu við lífvænlegar jarðstjörnur sem þeytast fram hjá jörðinni okkar. Þá eru þær líka hlaðnar af lífefnum. Við snertingu sólargeislans bráðna ísboltarnir og geimrykið dreifist síðan með veðri og vindum, blandast venjulegu veðurkerfi og rignir niður til jarðarinnar og einnig með loftsteinum sem losna frá halastjörnunni.

Allar dýrtegundir hafa þess vegna í líforku sinni þessa guðlegu eiginleika sem sköpuðu allt líf. En vegna eðlislögmála þróunarferla verður alltaf einhver dýrtegundin annarri fremri að nálgast því að verða guði lík.

Þegar einhver lífvera gefur upp öndina er sálin oft tímabundið fyrir ofan líkamann sinn og fylgist með umhverfinu. Það gerist aðeins ef heilinn er virkur og þá er það djúpt inn í miðju hvelinu og aðrir hlutar heilans eru í kyrrstöðu. Þá er hann í vökuvitund við orkuhjúp sinn sem sendir heilanum upplýsingar um það sem lífeindirnar nema í umhverfi sínu og heilinn les úr merkjum þeirra.

Það hefur oftlega komið fram við rannsókn á læknisfræðilegum dauða, að þegar sjúklingurinn vaknar upp frá dauðum, hefur hann getað sagt læknum hvað henni hafi verið að gera þegar þeir voru að reyna að vekja hann til lífsins.

Í mörgum tilfellum gerist það einnig á annan hátt. Hann sér með augum einhvers lifanda sem er umhverfis þennan deyjandi mann og er að reyna að bjarga honum til lífsins, það kallast sjónsamband. En viðkomandi sambandsgjafi, það er lækurinn eða einhver annar sem er í þessari stofu hefur í flestum tilfellum ekki hugmynd um að hann sé sambandsgjafi dauðvona mannsins frekar en flestir aðrir sambandsgjafar.

Dauðsjúki maðurinn getur fyllst með ferðalagi sínu til framlífsjarðar sinnar á meðan sálin er ekki farin úr líkamanum. Það er vegna þess, að orkuhjúpur hins deyjandi manns með öllum sínum lífeindum er á þessu ferðalagi. Og þessi orkuhjúpur skynjar umhverfi sitt og sendir heilabúi viðkomandi sjúklings svo lengi sem einhver virkni er í heilanum.

En samfara þessari skynjun og vegna þess finnst honum hann sjálfur vera á þessu ferðalagi, það er að segja að honum finnst að sálin sín sé í þessu ferðalagi en það er ranghermt hjá honum á meðan hann deyr ekki. En ef og þegar hann deyr þá sameinast sálin þessum orkuhjúp og myndar síðan nýjan líkama á framlífshnetti að útliti eins og hans innri maður er og þar sem fólkíð er honum líkast.

Sálfarir gerast einmitt með þessum hætti sem framar greinir. Sálin fer aldrei úr líkama einstaklingsins á meðan hann er lifandi hvorki í þessum heimi né framlífi. Það er aðeins lífgeislinn sem fer um loftin blá og er alltaf í tengslum við sálina með þessum gefnum upplýsingar. Þessi sama orka veitir öllum öðrum mönnum og dýrum sem móttækilegir eru, allar þær upplýsingar sem lífeindirnar hennar hafa í sér.

En í sumum tilfellum staðsetur geislinn sig, þéttist þar í orkuhjúp og verður smám saman að fullkomnum líkama. Á sama tíma gerist það að viðkomandi missir meir og meir af orku sinni og efni yfir í hinn hjúpinn þar til hún fer niður fyrir fimmtíu prósent, þá fyrst færast sálin yfir í þennan hjúp sem verður þá hans líkami og þar þéttist hann í fullkominn líkama samfara því sem hinn leysist upp og hverfur, þetta kallast hamfarir, að afefnast á einum stað og myndast á öðrum stað. Á lífstefnujörðu deyr enginn, þegar þroski einstaklingsins hefur náð ákveðnu marki

afefnast hann þar og flyst yfir á betri framlífsjörð og efnast þar aftur í enn fegurri mynd.

Á lífstefnujörðum hefur allt það mannkyn sem þar er náð þeirri hæfni að geta svifið um loftin blá ef svo ber undir. Það gerist þannig að lífgeislinn frá mannum hefur þann kraft að yfirvinna aðdráttarafl jarðar með orkumögnun sinni. Margir hafa upplifað slíka skemmtireisu í svefni gegnum draumgjafa. Það gerist einnig í miðilssvefni eða vökudraumi þar sem undirrót þeirra sambanda gerist eftir sama lögmáli. Einnig eru til vísar að slíku dæmi þar sem jógar hafa leikið það eftir með því að lyfta sér upp um nokkur fet með líforkunni einni saman.

Síðan kemur annað stigið, það eru þessi margumtöluðu göng sem dáinn maður virðist fara í gegnum þegar hann flyst yfir á aðra framlífsjörð. Sennilega verður enginn var við þau ef allt heilahveli líksins er í algerri hvíld. Þá veit hann ekki af sér þar til hann vaknar í nýjum heimkynnum. En margir sem hafa dáðið læknisfræðilegum dauða og komið til lífsins aftur, tala gjarna um þessi göng sem þeir kváðust hafa farið í gegnum.

Þessi umtöluðu göng hafa sína skýringu. Hugsum okkur járnbrautarlest sem ekur framhjá ljósastaurum. Því hraðar sem lestin fer er eins og það styttest á milli stauranna þar til þeir sýnast samfeldir. Á sama hátt myndast þessi göng þegar sálin fer með ómælanlegum hraða í gegnum lofthjúpin á leið sinni til annarra stjarna. Frumeindir hennar og loftstraumur sýnist vera samfeldur veggur. Þegar það gerist fer það ekki á milli mála að það hefur líffræðileg áhrif á heilabú mannsins. Þá sýnir hann sömu viðbrögð þegar hann fer í gegnum lofthjúpin með þessum ógnarhraða. Þá finnst honum lofthjúpurinn til allra hliða vera sem veggur.

Þessi tilfinning kemur einnig fram hjá mannum á tilraunastofu þegar hann er inn í hermi sem er látinn snúast með miklum hraða þá finnst honum hann vera að fara í gegnum göng.

Sóldís sat við sjúkrabeð föður síns, hann var búinn að vera rænulaus í rúman sólarhring og það var liðið langt að miðnætti þegar síðasta andvarpið kom. Þá klökknaði hún, setti olnbogana á hné sitt og grúfði hendurnar fyrir andlitið um leið og tárinn runnu úr hvörmum hennar.

Gunnlaugur fann skyndilega að hann var fyrir ofan líkama sinn, alveg uppi undir lofti. Það var aldeilis orðin breyting. Allir verkir og vanlíðan horfin eins og döggi fyrir sólu. Einnig fannst honum yndislegt hvað hann var léttur, frjáls og hamingjusamur að vera laus við þennan hrörlega líkama sem tilheyrði honum fyrir stuttu síðan.

Hann sá dóttur sína sitjandi hokna í stólnum litla stund en reisti sig við þegar Birtingur Arngríms læknir kom inn í stofuna, gekk að rúmi hans og lagði hendi yfir augu gamla líkama hans og lokaði þeim. Honum fannst það mikið leitt að sjá dóttur sína svona hrygga yfir andlátinu sínu. Faðir hennar sá hana standa upp og kyssa gamla hrukkóttu ennið sem var hans áður. Þá hugsaði hann til hennar: Ekki vera hrygg, elsku dóttir mín, nú fyrst líður mér vel en við eigum örugglega eftir að heyrast áður en langt um líður. Vertu blessuð, mín kæra því nú ætla ég að yfirgefa þig. Sóldís skynjaði það sem faðir hennar hugsaði, leit upp og brosti og sagði í hljóði, bless pabbi. Með það fór faðir hennar.

Gunnlaugur sveif upp til himins með þeim ógnarhraða að ljósið verður sem snigilshraði miðað við þann ógnarhraða sem hann upplifði. Hann sá bláleitan hnöttinn hverfa á augnabliki. Á sama tíma skynjaði Gunnlaugur að hann var komin inn í þessi umtöluðu og merkilegu göng sem hafa svo mikla leyndardómshulu yfir sér og þau virtust vera óendanlega löng. Nú vissi hann fyrir vísit hvers eðlis þau voru og það kom honum ekki á óvart þar sem hann gerði sér grein fyrir að hann þaut í gegnum himingeiminn, efni loftsins sinnum hraði hans mynduðu þessi göng og það var engu líkara en það væri togað í hann af óendanlegu afli. Eftir tiltölulega skamma stund sá hann stórt skært ljós sem nálgadist hann óðfluga. Hann þóttist vita að þetta ljós væri vetrarbrautin sem hann stefndi til og þar sem nýju heimkynni hans væru staðsett í. Litlu síðar vissi hann ekki meira af sér.

Þegar hann vaknaði lá hann í sjúkrarúmi á framlífshnetti í nýjum líkama sem fagur ungur maður. Þessir guðlegu eiginleikar í hverri sál höfðu myndað líkama hans þarna í sjúkrarúminu samkvæmt eðli sínu og mynstri sem fæðing og líferni hans hefur skapað honum á gömlu jörðinni. En vegna þess að sjúkdómur hans hafði tekið svo mikla orku frá honum myndaðist hann á þessu sjúkrahúsi og í því

rúmi sem hann vaknaði í til að eiga auðveldara með að fá heilbrigðan líkama og sál.

Gunnlaugur var varla vaknaður þegar hann sá unaðslega veru í konu líki standa við rúmstokkinn. Í fyrstu varð hann furðu lostinn og hugsaði: Hún er svo lík Söldísi dóttur minni en samt öðruvísi. Ég hef haldið fram að þessu að dóttir mín væri sú vænsta og fegursta stúlka sem ég ætti eftir að sjá, enda var hún eftirmynd móðir sinnar sem ég hef aldrei getað gleymt. En þessi kona var engri lík, líkamsvöxtur hennar, hæð, línur og þroski var sem ein órjúfanleg heild ásamt djúpvitru, skynugu augum hennar. Það geislaði frá henni slíkur yndisþokki og fegurð sem kærleikurinn einn getur skapað. Klæðnaður hennar var samkvæmt því, ekki til að dylja líkamsvöxt hennar, heldur til að auka á yndisþokka hennar sem ljósa hárið og dökkbláu augun bætti um betur.

Hann sá þetta allt í sjónhendingu og skynjaði á sama tíma ástúðina sem skein frá broshýru andlitinu og björtu augunum. Hann var fljótur að átta sig á því hver þetta var. Gunnlaugur varð í einu orði sagt ofsaglaður og hún ekki síður nema viðbrögð hennar voru á hægari nótunum. Hann reisti sig upp og fann fyrir smá svima en lét sér það í léttu rúmi liggja. Hún settist á rúmbríkina og þau féllust í faðma og þrýstu hvort öðru að sér himinglöd og hann varð grátklökkur af gleði með tárin drjúpandi niður vangann, hann réði ekki við það með nokkru móti.

Eftir þónokkra stund ýtti hún honum hægt og blíðlega frá sér og þau horfðu hvort á annað í kyrrþey, dreymandi, broshýr og hamingjusöm og gátu varla slitið augunum hvort af öðru. Þar til hún átti frumkvæðið og sagði: Ég vil kynna þig fyrir ungum manni. Hann heitir Gunnfáni Gunnlaugsson, fimmtán ára gamall. Þú hefur að sjálfsögðu aldrei séð hann áður en átt eftir sem áður þátt í getnaði hans eins og ég. Gunnlaugur leit þá fyrst til hægri. Út við gluggann stóð hár dökkhærður karlmaður vel limaður og snéri baki í þau. Þegar þessi bráðmyndarlegi maður gekk til þeirra að rúmgaflinum sá Gunnlaugur að hann var keimlíkur konunni sinni og ekki ósvipaður einhverjum sem hann kannaðist við.

Gunnlaugur skildi ekki almennilega hvað hún var að fara og horfði á Maríu með spyrjandi augum. Hann leit svo á, þrátt fyrir þennan langa aðskilnað að hún væri ennþá konan hans. Einnig var hann undrandi á hvað þroska hennar og vitsmunum

hafði fleygt ört fram. Honum fannst hann vera barn í samanburði við hana. Þá kom skyndilega deyfð og einhvers konar afturhvarf yfir hann þar sem hugur hans sagði honum að hún muni finnast hann ekki samboðinn sér lengur. Þess vegna varð hann undrandi að svona skynug og góð kona skyldi reyna að sannfæra hann um svo augljósa ósannsögli.

Hann leit aftur á konu sína með spurnarsvip og síðan á þennan unga mann. Að hans mati var maðurinn greinilega skarpgreindur fulltíða maður þó hann væri aðeins fimmtán ára, að hennar sögn. Hann gat ekki trúað því vegna hversu þroskaður hann var. Gunnlaugur sagði við konu sína: En ég á engan son, aðeins indæla stúlku og það með þér eins og þú veist. Hún brosti til hans og sagði: Þennan dreng áttum við fyrir löngu, eins og þú sérð fer það ekki á milli mála. Þá leit Gunnlaugur aftur til piltsins og áttaði sig á því að þessi kunnugleiki sem honum fannst vera var vegna þess að Gunnfáni var áþekkur honum sjálfum og það undraði hann mikið.

Hann bæði sá og skynjaði að þau vildu gefa honum þann tíma sem hann þarfnadist og biðu þolinmóði. Eftir að hafa velt vöngum í nokkurn tíma sagði hann: Þú verður að fyrirgefa mér, elsku María mín, ég á erfitt með að skilja þetta. Viltu ekki skýra þetta nánar fyrir mér? Það er einfalt, sagði María brosandí um leið og hún setti lófa sinn í hendi hans. Ertu búinn að gleyma því, elsku hjartað mitt, að ég misst tólf vikna gamalt fóstur? Það fluttist hingað fyrir tæpum sextán árum, þroskaðist í barn og síðan í þennan myndarlegan karlmann samkvæmt eðlis- og líffræðilegu lögmáli. Þú þekkir það best sjálfur. En það er einn munur á að vaxtarhraði mannsins hér er mun meiri en á gömlu jörðinni vegna þess hversu mögnuð líforkan er hérna og þar að auki þekkjast ekki veikindi á þessari jörðu. Þar með var margt skrafað milli þeirra, meðal annars um fjölskyldulíf. Því verður ekki sagt frá hér þar sem það kemur þessari sögu ekki við.

Eftir nokkurn tíma vildi Gunnlaugur fara framúr og spurði: Eru til einhver föt sem ég get fengið að láni? Nei, þú verður að liggja hér til morguns til að auka orku þína, því þú varst svo orkulaus þegar þú komst hingað. En þú munt verða undrandi á einu, það er hversu skýr þú verður í fyrramálið. Hvað ertu að segja? Á ég að skilja það þannig að ég verði eitthvað vitrari en ég var áður? Já, það má

segja það þó þekking þín aukist ekki alveg samfara því, þá þarft að sjálfsögðu að læra meira til að svo verði eins og þú auðvitað veist. En það sem er að gerast núna er að líkami þinn heilinn og orkubrautirnar eru að hreinsast. Í fyrramálið verður þetta allt komið í lag svo það verður mun auðveldara fyrir þig framvegis en áður að vinna eða læra það sem hugur þinn hrífst af og einnig munt þú verða forviða yfir því hvað skynnæmi þitt hefur aukist frá því sem áður var.

Samband þeirra hjóna varð strax svo náði að hlýjan, ástin og vináttan til hvors annars var ekki síðri en þegar hún var best hjá þeim á gömlu jörðinni. Áður en María og sonur þeirra fóru kunnngjörði hún honum: Ég kem hingað á endurhæfingarstöðina á morgun skömmu áður en þú útskrifast. Síðan getum við ef þú vilt tekið okkur góðan tíma og skoðað okkur um í borginni rabbað saman og notið útilífsins. Síðan sýni ég þér hvar heimilið okkar er því við búum að sjálfsögðu saman eins og áður eða er það ekki?, sagði hún glettin. Jú, auðvitað sagði Gunnlaugur og fannst eins og þungu fargi væri af sér létt og hlakkaði verulega til morgundagsins. En hér verður ekki sagt frá hvernig feðgarnir nálgudust hvorn annan að öðru leyti en því að þegar frá leið og þeir þekktust betur urðu þeir mjög nánir vinir.

Það var óhætt að segja að það voru orð að sönnu sem María hafði sagt að hann yrði undrandi á breytingunni. Gunnlaugur var meir en forviða, hann var furðulostinn og óumdeilanlega ánægður að fá að upplifa aðra eins skynjun sem var eins og skemmtilegasta bío mynd. En það besta og yndislegasta af þessu öllu saman var vissan um að þessi breyting á hans andlega og líkamsgervi var einungis byrjunin og lítið brot af því sem koma mundi á þroskabraut hans á komandi árþúsundum. En upplifunin var slík sem hann aldrei áður hafði kynnst nema þá kannski í sínum bestu og fegurstu draumum. En í þessu tilfalli var hann raunverulega vakandi og fylgdist betur með því sem var að gerast og hafði meiri stjórn á öllu sem þarna fór fram eftir því sem frá leið.

Gunnlaugur fann meira og betur til þess hvernig slaknaði á allri spennu. En orkurásirnar opnuðust hver af annarri og hreinsuðust að fullu, virkni heilans margfaldaðist, friður og kærleikur umvafði hann allan. Honum fannst hann vera meira vakandi og eftirtekt sín ólýsanleg. Gunnlaugur hafði verið talinn mjög

gáfaður og skarpur náungi á fæðingarjörð sinni. En hvað var hann nú miðað við það? Hann skynjaði og sá óhemjustóra borg með fögrum byggingum og snyrtilegum velhirtum görðum. Svo litlu síðar sá hann ýmist innan húss eða utan, glaðleg, hamingjusöm, frísk vel sköpuð börn og unglunga á öllum aldri í skóla, leik eða íþróttum. Einnig sá hann velskapað andlitsfrítt fólk bæði konur og karla í vinnu eða veita sér ánægju við eitthvað annað utan eða innan hús.

Það sem vakti mesta furðu hans og ómælda ánægju var að hann skynjaði hvern einstakling sem hann hafði sambandi við á nákvæmlega sama hátt og hann væri að lesa sjálfan sig og það einnig að hann gat flutt sig á milli manna eins og honum þóknaðist. Hafði þess vegna fulla stjórn á því að loka fyrir sambandið og opna á það aftur eins og hann vildi. Svo allt í einu skynjaði hann allt fólkið í borginni í sama vettvangi.

Nú skildi hann enn betur að kenning hans um þróun lífsins, að gera alla að einum og einn að öllum, var svo sannarlega rétt eins og margt annað sem hann lét fara frá sér á gömlu jörðinni um framlíf. Að hver einstaklingur, fjölskylda, bær, borg, land, þjóðfélag, hnöttur og vetrabraut í alheiminum hefur hver um sig hjúp sem tengist hverju öðru og nær þannig sambandi með lífeindunum hvert við annað. Það er óeiningin sem gerir slík hugsambönd ókleif, þar sem kærleikurinn, vitneskjan og skilningur verður að vera til staðar. Að ógleymdum minningunum, sem er undirstaðan fyrir hvern einstaklingsin til að geta þróað vitsmuni sína og kærleika sinn. Annars þarf hann alltaf að byrja upp á nýtt þegar hann flytur yfir á nýja hnetti. Það segir sig sjálft að öll hömlun um minningu lífverunnar veldur alltaf töfum. Þetta hugsaði Gunnlaugur þess á milli sem hann var ekki í skynjunarsambandi.

Hámarkið var þegar hann skynjaði á þessu augnabliki að hann var í sambandi við konu sína sem var stödd inni í húsi sínu og að þar var framtíðarheimili hans. En þar var unaðsleg tilfinning og tilhlökkun og ekki var það síðra að finna þessa djúpu vináttu og elsku sem hann fann í huga hennar. Það var honum sem himnasæla.

Þegar gott, yndislegt, skynsamt, skilningsríkt lífstefnufólk skynjar upplifanir og tilfinningar hver annars er það þeim eðlislægt að hjálpa hvert öðru ef þess þarf,

Það er þeirra hagur að öllum líði vel. Þetta var Gunnlaugur einnig að hugsa á meðan hann lá þarna í rúminu. En það kom að því að hann syfjaði og skömmu síðar sofnaði hann vært og var sem nýr maður þegar hann vaknaði að morgni.

Morguninn eftir stóðu hjónakornin fyrir utan endurhæfingarstöðina og héldust í hendur hamingjusöm yfir endurfundinum og hlökkuðu til framtíðarinnar sem beið þeirra. Hann leit yfir borgina og þekkti hana samstundis frá kveldinu áður þegar hann skynjaði hana. María leit brosandis til hans og sagði: Hún er eins og þú sást hana í gær. Já, sagði hann, og hér á ég svo sannarlega heima.

Endurhæfingarstöðin er fögur stórkostleg bygging og mikil um sig marmaralögð og máluð þannig að hún félli sem best inn í umhverfið. Hún gnæfði yfir fögru, litskrúðugu og snyrtilegu milljónaborgina. Á hárrí aflíðandi hæð með víðáttumiklum velræktuðum skrudgarði með sinni fjölbreytni sem er augnayndi. Trén skörtuðu sínu fegursta og sum þeirra báru vel þroskaða ávexti drjúpandi á hverri grein. Grasbalarnir eru staðsettir þar sem best á var á kosið. Fuglarnir kvökuðu og syngja eftir sínu lagi og tegundum því fjölbreytnin er mikil eins og flugurnar sem suða í blíðviðrinu og settust á blómin til að ná í fæði og bera frjókorn á milli blóma sem lifa á ljóstillífun og á gróðurmoldinni.

Baksvíðið er fjallið í nokkurri fjarlægð gróðri prýtt til tinda með tærum lækjum kiðandi og hjalandi niður hlíðarnar og mynda sumstaðar fagra fossa. Nokkrir sameinast í einn farveginn allir enda þeir í ánni sem rennur lygn gegnum borgina, sem liggur á víðáttu miklu sléttlendi. Að öðru leyti er fjallahringur í mikilli fjarlægð. Áin rennur í hafið sem er skammt undan borgarmörkun með ógrynni af fisktegundum og öðrum sjávardýrum.

Fjölbreytni landdýranna er ekki síðri og mun fjölbreyttari en hér á jörðu en lifa eftir sinni tegund á grösum, berjum og ávöxtum og afkvæmi þeirra nutu lífsins óhrædd eins og foreldrarinnir.

Ástalífið og getnaður mannfólksins á þessari unaðslegu framlífsjörð gerist á sama hátt og við þekkjum. En fullnægingin er ólýsanlegra betri vegna þess að andlegt og líkamlegt ástand þeirra er mun fullkomnara og fólk er betur í stakk búið til að þekkja og nema þarfir sínar og makans. Þungunartími konunnar er mun styttri og

hún verður orkumeiri, henni líður mun betur ef eitthvað er og fæðingin skapar mikla vellíðan.

Þar að auki hefur þetta góða fólk, einmitt vegna þessa, getu til að svífa um loftin blá eins og fuglinn fljúgandi þegar það vill svo við hafa, á þeim hraða sem hugur þeirra segir til um.

María og Gunnlaugur héldust í hendur, hamingjusöm yfir endurfundinum og hlökkudu til framtíðarinnar. Þau gengu léttstíg eftir hallandi gangstígnum með fjölbreytta blómahafið beggja vegna. Gróðurilmurinn fyllti vitund þeirra, lognbliða sólskinið vermdi þau ásamt kærleiksástinni sem umlukti þessi hamingjusömu hjón.

Gunnlaugi fannst hann svífa í himneskum unaðsdraumi. En það var á annan veg farið með Maríu, hún lyftist upp um fet frá jörðu og sveif nokkra metra fram á við, slík var gleði hennar og kærleikur að hún átti í innri baráttu við að halda sig við jörðina.

Ef Gunnlaugur hefði á þessu tímaskeiði verið búinn að ná þeirri getu að svífa um loftin blá, sem varð tiltölulega litlu síðar hefi ekkert aftrað honum frá því að fylgja konu sinni eftir. Þá hefðu þau bæði svifið með hraða viljans, eins og fuglinn fljúgandi um himinhvolfið hönd í hönd. Þau hefðu stefnt þangað sem hugur þeirra vildi. Með mjúkum léttum beygjum og dansandi í hringi syngjandi af gleði og hamingju og gnótt af hrifnæmi.

Hálfum mánuði síðar voru Gunnlaugur og María stödd hátt uppi í gróðurríkri fjallshlíðinni á Gullna fjallinu. Þar var margmenni þar sem tilhlökkun og kærleiksfriður lá í loftinu. Litlu ofar en ekki allfjarri fjallstindinum voru stórar og mikilfenglegar, fagrar, samfelldar byggingar í grísk- rómverskum stíl. Þessar glæsilegu byggingar er orkumiðstöð og skóli fyrir ákveðinn landshluta. Hún eru þó nokkuð stærri en venja er á þessum hnetti, vegna þess að hnattráðið, sem á skipað tólf mönnum, er þarna einnig til húsa.

Þetta eru kjörnir menn úr þeim hópi manna sem eiga í raun að vera fluttir til fullkomnari heimkynna en vegna góðvildar hafa þeir frestað því um fimm ára skeið. Eftir þann tíma yfirgefa sex af þeim þennan hnött og sex aðrir taka við.

Allir þurfa að auka þekkingu sína, næmni og kærleika til að komast á áframhaldandi framfarabraut til fullkomnari hnattar. Skólinn er venjulega heppilegasti og skilvirkasti staðurinn til þeirra þarfa.

Nokkru fyrir neðan hæðina er grænn grasbali þar sitja manns í lótusstöðu í sex röðum. Þessir menn eru aðal þátttakendur í þeirri dýrðlegu uppákomu sem allir bíða eftir. Skömmu eftir að allir höfðu komið sér fyrir sást í fjarska, langt ofar öllum skýjum hreyfing í loftinu sem þéttist og stækkaði og lýsti æ meir og betur frá sér. Það var engu líkara en ný sól væri á lofti. Fólkið fékk í fyrstu ofbirtu í augun að horfa í þetta skæra stóra ljós. Það nálgast hægt og sígandi, litlu síðar fylgdi hljómfögur tónlist og yndisfagur söngur.

Eftir því sem ljósið nálgast jörðina samlagast fólkið ljósinu og sá þá móta fyrir mannverum í þessari miklu birtu og holdlegir þættir þeirra urðu skýrari eftir því sem nær dró. Þá sáu þau að þarna var á ferðinni bæði konur og karlar í ljóshafi lífgeislans, sem margar á frumlífsjörðum nefna ljósverur sem lentu mjúklega og með yndisþokka á jörðinni.

Þá kom í ljós að þetta mikla ljóshaf sem sást koma svífandi af himnum ofan og umlék þessar guðlegu verur var engin hnöttur aðeins ljósið sem geislaði út frá þessu fullkomna fólki sem lýsti upp stórt svæði umhverfis sig sem dagur væri. Þessi tilkomumikla, árifaríka sjón og magnandi kærleiksstraumur sem umvafði áhorfendur var svo stórfengleg að þeim fannst þeir skynja alheiminn allan í einu. Það var engu líkara en vitund þeirra væri hlaðin eilífri visku.

Um leið og ljósverurnar snertu jörðina hófu sextíu menn röst sína og sungu eitthvað á þessa leið:

Á hæðunum grænu eru hamingjulið
af hugnæmum mönnum sem vilja þann frið
að guðirnir komi sem geislandi ljós
og gyðjurnar fögru sem ilmandi rós.

Því heimsóknin kemur með himneskri ró
frá hnettinum mikla og afefnast þó
og eindirnar þéttast af öflugum mætti
sem almættið veldur með dýrlegum hætti.

Og hljómfagur söngur af himninum bláa
frá hamfaraverum og meistara háa
þeir svífa í ljósi og sveima að hæðum
sannfróðir menn af guðlegum gæðum.

Í geislandi ljósi sem gestrisnir menn
með gullbúið hjarta þeir kyrja í senn
að heimurinn verði eitt hamingjuból
á hnöttunum öllum sem hrífandi sól.

Á hæðunum grænu eru hamingjulið
um hamfaraferð og syngjandi um frið
að heimurinn verði sem hamingjugnótt
með himneskum verum við förum í nótt.

Eftir langan yndislegan dag yfirgáfu þessar guðlegu verur hnöttinn og fluttu með sér mennina sextíu og svifu með þau upp til himna, hurfu ásýndum með því að leysast upp í lífeindir og mynduðust litlu síðar aftur á guðlega hnettinum sínum, sem er í margra vetrabrauta fjarlægð. Það eru nýju heimkynnin þeirra.

15. KAFLI

Miðvikudagsmorguninn klukkan hálf tíu vaknaði Jökull við það að dyrasíminn hringdi látlaust og hætti ekki fyrr en hann drattaðist framúr og inn á ganginn. Svefnþrúkkinn, ergilegur og bölvandi yfir þessu ónæði hugsaði hann: Ef sá sem er fyrir utan hefur ekki frambærilega ástæðu til að hamast svona á dyrabjöllunni fær hann það óþvegið. Hann breytti um tóntegund þegar hann heyrði hver var í símanum, það var móðir hans.

Var ég að vekja þig, Jökull minn? Varst þú á næturvakt í nótt? Hún vissi ekki hvað hans rétta starf var, taldi hann vinna hjá einhverju kristilega félaginu sem var starfrækt skammt frá Sandskeiðinu og stundum að hann væri næturvörður þar og hún var mjög ánægð yfir því að hann hafði breytt um líferni.

Jökull hefur alla tíð verið góður við móður sína og oft skrökvað að henni til að hún vissi ekki hverskonar líferni hann hafði valið sér. Það hafði því verið mikið áfall fyrir hana þegar Jökull hafði verið handtekinn fyrir þjófnað. Hún hafði verið mjög ánægð þegar Jökull fór að vinna hjá þessu trúaða fólki. Þegar hann opnaði dyrnar sá hann móður sína standa fyrir utan hálfskelfda og þar að auki var hún móð. Jökull hleypti móður sinni strax inn fyrir, lokaði dyrunum og spurði undrandi: Hvað hefur komið fyrir, mamma mín? Í hvaða klípu ertu búinn að koma þér, elsku drengurinn minn?, spurði hún andstutt.

Ég veit ekkert um hvað þú ert að tala, ég var að vinna í nótt, sofnaði ekki fyrr en klukkan var að ganga sex og er varla vaknaður, og nú er klukkan rétt að verða níu. Sestu hérna í sófann mamma mín, slakaðu svolítið á og segðu mér síðan þegar þú ert búin að jafna þig um hvað málið snýst.

Það hlýtur að liggja mikið við, mamma mín, fyrst þú kemur svona hlaupandi heim til mín í staðinn fyrir að hringja. Hvers vegna hringdirðu ekki frekar? Vegna þess að ég mátti það ekki. Hver þykist ráða því?, spurði Jökull, forviða og reiður. Það hringdi einhver maður til mín núna rétt áðan og sagði: Ég verð að ná sambandi við Jökul son þinn fyrir ellefu í dag. Þá bauðst ég til að segja honum símanúmerið þitt. Þá sagði hann: Ég veit símanúmerið hans, en af ástæðu, sem ég vil ekki segja

þér, má ég ekki segja Jökli þessi skilaboð í gegnum símann, en ég vil biðja þig um að koma til hans þessum skilaboðum sem ég ætla segja þér frá hér og nú.

Hvers vegna má hann ekki hringa í þig?, spurði móðir hans hálftrandi af áhyggjum. Hvað er eiginlega um að vera? Ertu búinn að koma þér í eitt klandrið enn? Ég er ekki í nokkrum vandræðum í sambandi við lögregluna ef þú átt við það. Vertu nú alveg áhyggjulaus mamma mín og segðu mér hvað þessi einkennilegi maður vill mér. Það var eins og móður hans liði eitthvað betur. Hún sagði: Hann sagði, farðu heim til sonar þíns og segðu honum að ef hann hafi einhvern áhuga á því hvernig fer fyrir Sóldísi verði hann að hitta mig núna í dagstundvíslega klukkan tíu á veitingahúsinu Fantasía, sem er á Laugaveginum rétt vestan við Hlemm. Hvað heitir þessi maður og hvers vegna hringdi hann ekki í mig? Hann vildi ekki nafngreina sig og vildi ekki segja mér það, en ég þekkti hann þetta var gamall leikfélagi þinn og vinur. En hvaða stúlka er þessi Sóldís? Þú hefur aldrei minnst á hana við mig.

Jökull var hugsí litla stund. Honum fannst þessi skilaboð sem vinur hans þurfti að koma til hans undarlega dularfull. Það er best að ég fari og athugi þetta mál, sagði Jökull við sjálfan sig. En svaraði móður sinni þannig: Þetta er aðeins stúlkukind sem þarfnast hjálpar og ég ætla að veita henni þá hjálp sem mér er framast unnt. Það var greinlegt að þetta var móður hans mikið gleðiefni. Hún strauk honum um kinnina og brosti blítt til hans og sagði: Jæja vinur minn, það er gott að heyra. Hann brosti blíðlega til hennar og sagði: Hefurðu fengið þér eitthvað? Það er kaffi á könnunni og eitthvað í ísskápnum sem þú getur nartað í á meðan ég er að klæða mig. Nei, ég mátti ekki vera að því, ég þaut strax út eftir símtalið. Við skulum þá bara slaka á og fá okkur morgunmat og kaffi á eftir, sagði Jökull.

Á tilteknum tíma sat Jökull í einum básnum á veitingahúsinu Fantasía. Hann var að drekka sinn annan kaffibolla þegar Brynleifur Hildibrandsson, fimmti höfðingi, kom inn og settist á móti honum, heilsaði honum brosandí og Jökull tók undir meira en lítið undrandi.

Þeir voru jafnaldrar og höfðu verið góðir vinir fá barnsaldri. Þegar þeir voru fjórtán ára gamlir fluttu foreldrar Brynleifs frá Reykjavíkur norður á Húsavík og þeir sáust örsjaldan eftir það, en töluðu því oftár gegnum síma. Þeir söknuðu

vináttu hvor annars nokkuð lengi eftir að þeir voru aðskildir og skömmu eftir að hann flutti til Reykjavíkur gekk hann í djöflatrúarsöfnuðinn. Þá sáu þeir mun oftast og endurnýjuðu vináttuna innan safnaðarins. Það var Brynleifur sem kom honum inn í samtökin, eftir það máttu þeir ekki hafa samgang utan safnaðarheimilisins.

Jökull horfði forviða á Brynleif og sagði: Erum við ekki að brjóta gegn lögum safnaðarins. Jú, að sjálfsgöðu, en vorum við ekki vanir að brjóta lögin í gamla daga og taka þá áhættu sem því fylgdi ef okkur fannst það svara kostnaði? Jú, það gerðum við og höfðum gaman af. En svarar þessi áhætta kostnaði miðað við þá áhættu sem tekin er?

Brynleifur horfði á Jökul með alvarlegum svip og sagði: Ég býst nú frekar við því og tel næsta vísst að við fáum að vera í friði hérna á þessum stað fyrir félagsmönnum. Þess vegna verðum við ekki teknir til bæna. Athugaðu það að áhættan er mun meiri mín megin en hún verður hjá þér. Þess vegna vil ég undirstrika það að ég er ekki að leiða þig í gildru. Jökull horfði á sinn gamla vin og sá að þetta var honum alvöru mál, en hvort hann treysti honum fullkomlega var hann ekki viss um þar sem hann var einn af höfðingjum djöflatrúarmanna. Það var dauðadómur fyrir höfðingja að brjóta lögboðna stefnu þeirra og sérlega ef um trúnaðarmál var að ræða. Þess vegna spurði hann: Ætlar þú með þessu að brjóta þau lög safnaðarins sem kemur þér í gröfina. Já, það er ekki um annað að ræða meðal annars vegna þess að ég veit að þér er ætlað starf sem þú hefur ekki velþóknun á. Ég hef nú þegar látið þá teyma mig einum of langt og það sem verra er, sjálfviljugur. Samviska mín þolir ekki meira. Þess vegna mun ég gera allt sem í mínu valdi stendur til að hjálpa mínum besta vini. Málið er þannig vaxið að á síðasta fundi gaf presturinn sjötta höfðingjanum skipun um að skaffa menn til að leggja gildru fyrir þig og fá þig með þeim hætti að vinna verk sem þú munt ekki hafa velþóknun á þó ekki sé meira sagt. Það fór kaldur straumur um líkama Jökuls að sjá þessi einbeittu augu sem horfði á hann og svipbrigðum sem fylgdu orðum hans til að reyna að sannfæra hann um staðreynd málsins.

Jökull horfði á hann litla stund með sínum athugulu augum og trúði vini sínum svo sannarlega að honum væri hætta búin ef hann fylgdi ekki ráðum hans. Jökull

spurði vin sin: Hvað áttu nákvæmilega við með þessu? Samtökin eru með fjöldamorð á samviskunni, ásamt innflutningi á eiturlyfjum og peningabvotti. Ég á einnig þar stóran hlut að máli þar sem ég er fimmti höfðinginn þessara samtaka okkar.

Flest af þessum morðum hafa verið framkvæmd af dauðasveitum sem fremja morð eftir skipun stjórnarinnar með hefðbundnum aðferðum svo sem með því að rota viðkomandi mann og sprauta síðan vínanda eða einhverju eiturlyfi í æð fórnarlambins áður en þeir henda manninum í höfnina á milli skips og bryggju. Í flestum tilfellum hefur það verið talið af lögreglunni að viðkomandi hafi fallið af slysi í sjóinn vegna of mikillar ölvunar eða eiturlyfjanotkunar. En stundum var slegið of fast og viðkomandi maður dó undan högginu. Þá kom drukknun ekki til greina en þeim var samt hent í sjóinn upp í von og óvon um að lögreglan teldi að þeir hefðu dauðrotast í fallinu. Það hefur gengið upp til þessa þó að Vilhjálmur rannsóknarlögreglumaður hafi grun um annað þó hann gæti ekki sannað það.

Í öðrum en mun færri tilfellum notum við hugarorkuna til drápa. Þá kemur stjórnin aðeins við sögu með sameiginlegri hugarorku okkar og beinum henni að dauðadæmdu persónunni til að hún drepist. Það hefur alltaf gengið upp að tveimur manneskjum undanteknum. Í öðru tilfallinu urðum við að láta það líta út sem slys og síðan að sprauta krabbameinsveirum í manninn til að hann dræpist. Í hinu tilfallinu hefur það ekki gengið upp ennþá hvernig sem við höfum reynt. Þess vegna átt þú að koma þar við sögu ef ekki verður búið að koma Sóldísi fyrir kattarnef fyrir miðjan nóvember.

Þitt fyrsta verk verður að öllum líkindum að drepa Sóldísi, það fer eftir ýmsu. Ef og þegar þú hefur afgreitt hana þá ertu kominn í þann vítahring sem þú sleppur ekki úr. Jökull hlustaði og horfði á sinn gamla vin með athygli. Jökull sá á Brynleifi að honum var þetta í raun mikið hjartans mál og sá það einnig greinilega í augum hans að þessi hugrakki maður var ekki laus við að vera hræddur, ekki einungis um sjálfan sig heldur líka um sinn gamla vin. En hann reyndi að leyna því fyrir honum. Jökull endurtók: Á ég að drepa Sóldísi? Já, það gæti farið svo og þú veist að það er dauðadómur ef þú bregst neikvætt við. Þú veist einnig að allir þeir morðingjar innan samtakanna fá verulega góð laun að með töldu nýju

einbýlishúsi og nýjum bifreiðum eftir vali sem þú munt geta sýnt með lögmætum hætti á skattskýrslu. En það er annað sem þú kannski veist ekki, að það er föst regla að ef þessir morðingjar komast undir lögreglu hendur, er enginn áhætta tekin af samtökunum. Þeir eru drepnir af félögum fanganna við fyrsta tækifæri ef samtökin hafa einhvern smágrun um að viðkomandi morðingi segi frá. Hvers vegna veita þeir mér þennan vafsama heiður? Þú hefur reynst samtökunum vel, framkvæmt þau verk sem þér hafa verið falin af samviskusemi og einurð, skilað þeim frábærlega vel.

Þarna sat vinur hans öðru megin við borðið og virtist sallarólegur. En þegar Jökull horfði aftur í augu hans sá hann sama flöktið og fyrr. Það var ekki laust við að Brynleifur fyndi meira en lítið til óryggis ef það var þá ekki smá einkenni af hræðslu. Það sagði honum meira en nokkuð annað. Jökull lét sem hann hefði ekki tekið eftir þessu og spurði, hvaða möguleika höfum við ef við snúumst gegn þeim. Ég myndi heldur spyrja hvað möguleika við hefðum ef við gerum það ekki, sagði Brynleifur hvasst. Ég er sokkinn upp fyrir háls í þennan ósóma og á litla sem enga viðreisnar von, en ef þú neitar þeirri skipun að fyrirkoma Sóldísi ef þeir telja að þess þurfi með, sem ég tel næsta víst, þá átt þú ekki langa lífdaga eftir.

Jökull var eins og vinur hans ekki í nokkrum vafa um að hann mundi hunsa þá skipun, hvað sem væri í boði og hverju sem honum yrði hótað ef það kæmi niður á þeirri manneskju sem honum væri annt um. Það var eins og Brynleifur læsi hugsun Jökuls og sagði þess vegna við hann: Þú kæmist ekki hjá því að myrða Sóldísi þar sem þú yrðir látinn velja á milli móður þinnar og fórnarlambins. Jökull spurði vin sinn: Hvers vegna ertu svona viss um þetta? Það er nú þegar búið að skrásetja þig sem fyrsta tilvonandi morðingja með hefðbundnum vopnum, fyrir þessi Satan samtök hér á landi, sem við illum heillum gengum í. Þeir þekkja tilfinningar þínar um að þú yrðir að öllum líkindum tregur til að fremja morð svo þeir í ráðinu ásamt mér hafa þegar ákveðið að hafa móður þína í bakhöndinni ef þú skyldir neita. Ég varð að sjálfsögðu að samþykkja þá tillögu til að falla ekki í þá gryfju að ég mæti ekki samtökin minna en vináttu þína. Þess vegna er ekki um að ræða annað fyrir okkur en að nota það tækifæri sem ég fékk í dag til að komast í skjalasafn samtakanna án þess að hafa annan í eftirdragi til að fylgjast með.

Hvernig í ósköpunum getur það gengið upp?, það þarf tvö lykilkort og það er aðeins presturinn sem hefur það og höfðingjarnir. Það er svo sannarlega rétt hjá þér og það er líka öllu flóknara. Það fær enginn að fara þangað inn nema með samþykki prestsins og því aðeins að presturinn fari með í skjalaherbergið sem er staðsett í hellinum eða presturinn lánar sitt kort einum af þessum sex íslenskum höfðingjum þá verður hinn höfðinginn að vera einn af þessum sex austurrísku höfðingjum, sem komu með honum til landsins, annars lánar presturinn ekki kortið sitt og enginn kemst þá í skjalasafnið.

Ég hef beðið í marga mánuði eftir tækifæri til að komast yfir þetta lykilkort hjá prestinum án hans vitundar en slíkt tækifæri kom aldrei fyrr en í morgun. Þá gerðist sá einstæði atburður að presturinn varð kærulaus þegar forsetinn okkar hringdi frá Indlandi og þurfti að ræða mikilvægt málefni við hann. Á sama tíma og presturinn tók upp tólið rétti ég honum lykilkortið sem ég og höfðingi númer tíu höfðum fengið hjá honum til að komast í skjalasafnið að beiðni hans til að ná í skjöl í sambandi við Sóldísi. Einhverra hluta vegna stakk hann ekki þessu lykilkorti í innri vasa sinn sem venja hans var heldur stakk hann kortinu undir skjalabúnt sem var næst veggnum og ég rétt sá í hornið á kortinu.

Er þá ekki hugsanlegt að þetta sé gildra fyrir annan hvorn ykkar? Ég held ekki, mér datt það sama í hug en svo taldi ég mig sjá að presturinn gerði þetta í hugsunarleysi. Hvers vegna ertu svona viss um það? Vegna þess að litlu seinna leggur hann tólið á og er greinilega ekki sama um það sem biskupinn sagði við hann.

Það óvenjulega gerðist eftir að presturinn lagði símtólið á gaffalinn að hann sagði við mig um leið og hann stóð upp frá skrifborðinu í óspurðum fréttum djúpt hugsandi og engu líkara en hann væri að létta af sér einhverju þungu fargi: Biskupinn er með skilaboð frá forsetanum, hann er ekki ánægður hvað það gengur djöfullega að drepa Sóldísi. Og hann sagði einnig: Ef það gengur ekki í næsta skipti með óhefðbundnum aðferðum þá verður það að gerast með hefðbundnum morðvopnum og að taka þá áhættu sem því fylgir. Vegna þess að hún verður að deyja, annars náum við ekki þeim völdum sem við ætlum okkur. Og hugmyndafræði þeirra feðgina mun sigra.

Þegar presturinn hafði sagt þetta þá leit hann á klukkuna og sagði: Nú, hver andskotinn, klukkan er rétt að verða níu, ég er að verða of seinn, það er fundur hjá mér í litla salnum með fyrsta og öðrum höfðingja, ég verð að fara upp núna strax. Þið skrifið í bókina eins og venja er nöfn ykkar tíma og hvaða skjöl þið náðuð í fyrir mig í skjalaherbergið. Þar sem ég hef ekki tíma þá eigið þið að tilkynna vörslumanninum að við verðum á þessum fundi í rúma tvo og hálfan tíma og að hann eigi að tilkynna Jökli að mæta hér í síðasta lagi klukkan ellefu. Með það fór hann með skjölin undir hendinni. Þegar hann gekk út úr herberginu og lokaði hurðinni teygði ég mig eldsnöggt í lyklakort prestsins sem lá undir skjölunum áður en höfðinginn var búinn að snúa sér að skrifborðinu.

Jökull trúði vini sínum en sagði eftir sem áður með sterkri og ákveðinni röddu: Á ég að segja þér, minn gamli vinur, ég lægi nú aldeilis í súpunni ef þú værir útsendari þeirra og værir að leggja þessa gildru fyrir mig. Allt í lagi, ef þú heldur það skaltu fara til prestsins og tilkynna honum þetta sem ég var að segja þér og þá veistu líka hver sannleikurinn er og í hvað hættu þú hefur þá komið mér. Jökull var í raun með þessu að prufa Brynleif, þar sem hann varð að vera viss í sinni sök um að hans gamli vinur væri ekki að svíkja hann. Eftir nokkra umhugsun sagði hann: Ég slæ til, hvað viltu að ég geri?

Jökull sá það greinilega hvað Brynleifi létti við þetta svar. Hann fór með hægri höndina í jakkavasann sinn og rétt Jökli tvö plastkort og sagði: Ég ætlast til að þú farir inn í skjalasafnið í hellinum og takir myndir af þeim skjölum sem eru í skáp fimm í annarri hillu í hólfi H og D síðan ferðu í skáp átta í hólfi sem er merkt S. Þetta eru mikilvæg skjöl sem eiga að bjarga mér að nokkru leyti úr þeim ógöngum sem ég lét ráðið teyma mig í og ekki síður myndu þessi skjöl koma þér frá þeirri klípu sem ráðið ætlar að veiða þig í. Þú átt fund með prestinum klukkan ellefu þrjátíu fyrir hádegi í dag. Þess vegna er vissara fyrir okkur báða að þú leggir af stað nú þegar heim til þín því tilkynningin er trúlega komin í símsvarann þinn svo þú hafir örugglega nægan tíma til að ganga frá þessu. Jökull var rétt kominn heim þegar gsm-síminn hringdi og vörslumaðurinn tilkynnti honum um fundinn með prestinum.

Þennan sama miðvikudagsmorgun klukkan sjö lagði Kjartan bifreið sinni skammt fyrir utan stóra einbýlishúsið hans Steiners. Hann ætlaði að fylgjast með honum einhvern hluta morgunsins. Öll ljós voru slökkt þegar hann kom að húsinu, en það leið ekki á löngu þar til að hann sá að ljós tendruðust í húsinu. Jæja, karlinn er þá vaknaður, ég ætla þá að biðin verði ekki löng, það er sennilega bara morgunmaturinn sem hann gleypir í sig svo kemur hann út úr húsinu, sagði Kjartan við sjálfan sig þar sem hann sat undir stýri með aðra öxlina á hurðinni og fylgdist vel með húsinu. Hann ætlaði ekki að láta Steiner sleppa fram hjá sér.

Eftir þrjá stundarfjórðunga sá Kjartan að Steiner gekk út úr húsinu og inn í bílskúrinn. Litlu síðar ók hann Range Rover bifreið sinni út úr heimkeyrslunni og austur eftir einstefnugötunni. Hann ók bifreið sinni áfram sem leið lá út úr bænum og beygði til hægri inn Suðurlandsveginn, síðan áfram upp á Sandskeið og fram hjálitla kaffihúsinu. Skammt vestan við Þorlákshafnar-afleggjarann beygði hann af þjóðvegnum til vinstri og ók sem leið lá að samkomuhúsi einu sem var við fjallshlíðina. Kjartan vissi ekki betur en að þetta væri samkomuhús fyrir einhvern sértrúarflokk sem trúði á það góða, en vissi ekki hvaða trú hann tilheyrði. Hann varð þess vegna undrandi, sagði við sjálfan sig: Hvað er þessi djöflatrúarmaður að gera á þessum stað? Hann ók framhjá þessum afleggjara og lagði bifreið sinni við Skíðaskálann og hringdi í upplýsingar úr gsm-símanum.

Þar fékk hann þær upplýsingar að þetta félagsheimili tilheyrði trúarhreyfingu sem nefnir sig Samtök Trygglyndra Samherja. Þá spurði Kjartan stúlkuna: Veistu hvaða trúarflokki þessi samtök tilheyra? Viltu hinkra augnablik?, síðan sagði símastúlkan: Ég veit það ekki fyrir víst, en eftir mínum heimildum eru þetta kristileg samtök. Kjartan þakkaði fyrir sig og lagði símann frá sér og hringdi síðan í hagstofuna. Stúlkurödd kom í símann og sagði með þýðri röddu: Góðan daginn hagstofan. Já, góðan daginn, ég heiti Kjartan Ólafsson, mig langar til að fá upplýsingar um hvaða sértrúarflokki Samtök Trygglyndra Samherja tilheyra. Augnablik, ég skal athuga það. Kjartan beið nokkra stund áður en konan kom aftur í símann. Það eina sem við höfum á skrá hérna hjá okkur um þennan sértrúarhóp er að þau tilheyra kristilegum samtökunum S.T.S. Hann þakkaði fyrir sig og lagði símtólið niður, og sagði við sjálfan sig: Hvað er þessi maður eiginlega

að gera þarna í þessu heiðvirða kristilega trúarsamfélagi, djöflatrúarmaðurinn sjálfur?

Hann fór út úr bifreiðinni og gekk upp brekkuna við endann á fjallshlíðinni, djúpt hugsandi yfir veru Steiners í þessu kristilega húsi. Hann fór nægilega hátt upp hlémegin við kambinn til að sjá yfir tveggja metra háa stálnetsgirðingu sem er umhverfis garðinn. Innan við girðinguna var samfeld röð af þriggja metra háum grenitrjám meðfram girðingunni innanvert. Kjartan var það hátt upp í hlíðinni að hann sá vel yfir allan garðinn og hússkipanina ágætlega. Hann taldi sig vera í nægilegu góðu skjóli viðbrúnina á fjallshlíðinni svo að hann sæist örugglega ekki frá húsinu.

Garðurinn sem Kjartan taldi vera um það bil einn hektara á stærð, er afgirtur með tveggja metra þéttriðnu stálneti rúmlega tveggja metra hátt og sterkbyggðu hliði úr stálgrindum. Hann er blómum skryddur ásamt trjárunnum og eitt og eitt tré á stangli hér og þar. Húsið er byggt nálægt fjallshlíðinni hinum megin við fjallið þar sem Kjartan lá í tæplega tvö hundruð metra fjarlægð. Bifreiðastæði var til hliðar við húsið og á bak við það.

Þetta stóra hús er á tveimur hæðum látlaust, nánast jafnhliða og flestir gluggarnir í stærri kantinum. Anddyrið snéri að þjóðveginum, sex víðar tröppur í hálfmána og breið stétt fyrir framan. Hann sá einnig nokkra ljóskastara á húsinu og götuvita í garðinum. Það er kjallari undir húsinu, allavega undir þeim hluta hússins sem hann sá, en þar voru gluggarnir mun minni, en á efri hæðunum.

Þarna sem Kjartan lá í skjóli við hæðarbrúnina sá hann aðeins tvær bifreiðar í stæðinu fyrir framan húsið, bílinn hans Steiner og nýlega Volvo bifreið. Kjartan hafði ekki legið þarna nema í tæpan hálf tíma þegar nýleg Renault bifreið kom frá Reykjavík og stöðvaði við hliðið augnablik. Kjartan taldi að hliðið væri fjarstýrt því litlu síðar opnaðist það sjálfkrafa og bifreiðin rann í hlað. Grannur maður, miðaldra steig út úr bifreiðinni og gekk inn í húsið. Kjartan bölvaði með sjálfum sér yfir því að hafa ekki verið það glöggskyggn að taka með sér kíkin og myndavélina. Skömmu síðar kom maður sem var þéttari á velli út úr húsinu og settist inn í Volvoinn og ók bifreiðinni í átt til Reykjavíkur.

Það kæmi mér ekki á óvart að þessir tveir menn ynnu þarna sem húsverðir. Þá eru sennilega vaktaskipti hjá þeim á þessum tíma. Ég fer nú að hallast að því að þessi Steiner vinni þarna. Þá er alveg öruggt að þessi maður vinnur engin undirmálsstörf hann hefur náð sér í einhverskonar yfirmannsstöðu hjá þessu kristilega félagi. Hann leikur þarna greinilega tveimur skjöldum og mér þætti fróðlegt að vita í hvaða tilgangi það er gert. En upp úr klukkan hálf níu rann hver bifreiðin af annarri í hlað. Kjartan taldi bílanna vera tólf og jafn margir ökumenn.

Litlu síðar fór Kjartan að velta vöngum yfir öllum þessum ljóskösturum sem voru á húsinu og ljósastaurum sem var raðað skipulega um garðinn. Tilgangurinn var augljóslegur; það mátti hvergi falla skuggi á húsið eða í garðinn þegar myrkt verður. Þeir hafa greinilega varann á og vilja ekki að nokkur óviðkomandi maður geti falið sig í skugga garðsins, sennilega er húsið eins þjófheld og mögulegt er að meðtöldu því kvað garðurinn er vel afgirtur. Þetta er kannski óvenju mikil aðgæsla en það þarf alls ekki að liggja neitt óhreint á bak við það. Þetta sagði hann við sjálfan sig einmitt vegna þess að öll þessi aðgæsla lagðist þungt í hann, þó að þetta hús lægi afskekkt. Slík aðgæsla er ekki venja í kringum kristilegan söfnuð á Íslandi.

Eftir góða stund leit Kjartan aftur á klukkuna þegar Fíat bifreið rann í hlað og einn snaggaralegur náungi kom út úr henni og gekk inn í húsið. Þá byrjaði Kjartan aftur að velta vöngum yfir því hvernig fer svona hugsandi maður með þennan hvassa, dulúðuga og ekki laust við illúðuga einstrengilegan svip að ná þetta langt í kristilegu samfélagi eins og að minni hyggju hann virðist hafa gert. Þar sem Steiner ber það greinilega ekki með sér á nokkurn hátt það kristilega hugafar eða það traustvekjandi útlit sem nauðsynlegt er fyrir slíka persónu. Og það verð ég að segja að ég er svo undrandi yfir þessu að ég er orðlaus. Ég get ekki að því gert að mér finnst á einhvern hátt þetta ekki geta komið heim og saman, það er óþverrallykt af þessu. Þessi grimmyndi maður og þetta kristilega félag eiga engan hátt samleið. Kjartan ákvað að fylgjast með þessu húsi litla stund enn.

Hann fór skömmu síðar að bifreiðinni og ók til borgarinnar. Á leiðinni var hann að hugsa hvað Steiner væri eiginlega að gera á þessum stað. Ég sem taldi alveg víst að hann væri djöflatrúarmaður, en hann er það kannski ekki. Ég dró í öllu falli

Þá ályktun strax þegar ég vissi að hann var að sækja þetta stóra líkneski sem djöflatrúarmenn hafa sem goð sitt. Hvers vegna var hann að sækja líkneskið ef hann er ekki í tygjum við Satansmenn? Hann sótti þetta líkneski ásamt hinum kössunum einmitt vegna þessa að hann er djöflatrúamaður. Þessi sending hefur verið meir en lítið þýðingarmikil svo að hann sá um þetta sjálfur.

Þegar hann var langt kominn til borgarinnar og hættur að hugsa um þetta kom skyndilega upp í huga hans: Það skyldi þó ekki vera að þetta séu í raun samtök djöflatrúarmanna og dylja það einhverra hluta vegna á bakvið þetta kristilega félag. Nei, fjandakornið það er of langsótt.

16. KAFLI

Þetta var Jökull sem Kjartan hafði séð ganga inn í anddyri Félagsheimilis djöflatrúarmanna því að sjálfsögðu var þetta bækistöð þeirra. Steinar sat inni á skrifstofu sinni við stórt og þunglamalegt eikarborð. Skrifstofan er nokkuð stór og þarna er leðursófasett og viðamikíð sófaborð. Jökull settist í annan leðurstólinn þegar Steiner bauð honum þar sæti um leið og hann stóð upp frá skrifborðinu og settist sjálfur í hinn stólinn.

Jökull opnaði töskuna og tók upp úr henni skýrsluna sem hann hafði gert um Kjartan og rétti prestinum. Hann las hana gaumgæfilega lagði blöðin síðan frá sér og sagði, ég vil að þú segir mér í smáatriðum það sem þú veist um Kjartan frá barnsaldri og settir ekki í skýrsluna. Jökull vissi æði margt um hann og einnig um Söldísi, því Jökull þorði ekki annað en að kynna sér líf hennar þar sem hann taldi víst að hann yrði einnig spurður um það líf. Jökull sagði í meginatriðum allt það sem hann vissi um þeirra líf frá barnsaldri til dagsins í dag og sagði síðan meðal annars að Söldís og Kjartan hafi heimsótt Ólaf Höskuldsson vin Gunnlaugs föður Söldísar. Steiner leyfði Jökli að segja frá öllu sem hann vissi um skötuþjúin og Sigrúnu án þess að grípa inn í, þó að hann hafi rannsakað þau öll niður í kjölinn, aldrei að vita nema Jökull hafi komist að einhverju sem kannski hafði farið framhjá honum, en svo var ekki.

Þegar Jökull hafði sagt allt það sem hann mundi eftir um þessar þrjár manneskjur til viðbótar við það sem stóð í skýrslu hans, vonaðist hann eftir að presturinn segði sér hvers vegna þær voru svona mikilvægar manneskjur að það þyrfti að fylgjast með þeim. Hann gerði það ekki, í staðinn rétti Steiner honum opið umslag og sagði um leið. Þú átt að fara aftur heim til Söldísar þegar hún er ekki heima og láta þessa hljóðnema á heppilega staði sem þú velur. Jökull hvolfdi úr umslaginu í lófa sinn, þetta voru litlir nemar lítið stærri um sig en skyrtuhnappa en nokkru þykkari, einn þeirra var mun minni. Er það ekki meiningin að ég eigi að láta minnsta hnappinn í símtólið. Jú hinir hljóðnemarnir þrír ná rödd mansins í meiri fjarlægð, allt að fjórum metrum. Nú er þessum fundi lokið svo þú mátt fara. Jökull stakk umslaginu í jakkavasann, stóð síðan upp og spurði um leið: Veistu hvort

naturvörðurinn hafi orðið var við úrið mitt eftir gleðifundinn um helgina, ég hef grun um að ég hafi gleymt úrinu mínu þar því ég trúi ekki að ég sé búinn að týna því.

Hvað, tókstu einnig af þér úrið?, sagði hann í spurnartón og hálf glottandi. Já ég geri það venjulega þegar ég háttá mig, fötin mín voru rétt hjá styttunni svo úrið mitt hlýtur að vera einhverstaðar rétt hjá líkneskinu. Verður það í lagi að ég fái að fara inn í hvelfinguna litla stund til að athuga þetta. Jú ætli ég verði ekki að leyfa það, en þú verður að vera snöggur að finna úrið þitt þar sem þú veist að það þykir ekki æskilegt að það sé aðeins einn maður á ferli í hellinum. Ég fæ kannski í leiðinni að nota tækifærið og hugsa til Satans hjá líkneskinu til að auka kraft minn einhverja stund, sagði Jökull einungis til að fá lengri tíma til að athafna sig.

Steiner fór í veskið sitt og rétti síðan Jökli græna plastkortið að dyrunum að undirgöngunum og sagði um leið: Ég hef þegar stillt inn á lykilinn svo þú getur opnað dyrnar. Jökull fór niður í kjallara og gekk eftir ganginum endilöngum að bakhliðinni. Gangurinn er rúmir tveir metrar á breidd og teppalagður rauðu þykku teppi. Hann er í miðju húsi og nær gaflanna á milli.

Jökull beygði sig niður þar sem gangurinn endaði við gaflinn á húsinu næst fjallshlíðinni, tók teppið upp á þriggja metra kafla. Gekk síðan til baka að hurðinni sem er gegnt breiða stigaganginum upp á næstu hæð, setti græna plastkortið í lyklakassann. Þá opnuðust dyrnar ýtti síðan á hnapp sem var við dyrakarminn á bak við hurðina inni í herberginu lokaði síðan þessum dyrum aftur. Þetta varð að gerast innan fimm sekúndna frá því að þrýst var á hnappinn, annars opnaðist ekki gólfíð við enda gangsins niður í undirgöngin sem liggja inn hellinn. Gólfplatan seig þrjátíu sentimetra niður og síðan gekk platan undir gangagólfíð.

Jökull gekk niður steintröppurnar sem voru fimmtíu talsins, síðan eftir ganginum um það bil áttatíu metra sem hallaðist inn í fjallið að þvergangi. Það var greinilegt að tröppurnar og þessi gangur að þverganginum var gerður af mannavöldum.

Þessi þvergangur var annars eðlis, myndaðist af óhemju miklu eldgosu fyrir mörg þúsund árum þegar meirihlutinn af þessu svæði var skógi vaxinn og að mestu sléttlent. Eitt sinn sem oftár á Íslandi rifnaði jörðin skyndilega á hengilsvæðinu. Í margra tugi kílómetra svæði og gaus skelfilega miklu gosi og hlóð upp Reykjanesfjallgarðinum á mörgum árum. Sumstaðar myndaðist fyrst

þunnfljótandi hraun sem storknaði á yfirborðinu og myndaði helluhraun. Síðan hlóðst yfir það, en hraunið rann í göngum undan hallanum og tæmdist að lokum. Á öðrum enda hans hafði myndast heljastór hellir.

Eftir þessum þvergangi sem fór ekki á milli mála að var gerður af náttúrunnar hendi beygði Jökull til hægri en á vinstri hönd um sextíu metra frá þverganginum voru göngin hrugin. Jökull gekk á annað hundruð metra fram göngin og var á brattan að sækja en hann gekk framhá mörgum stuttum þvergöngum, sem höfðu verið þiljuð af og notuð sem geymslur, hver hurð var úr stáli. Hann kom inn í stóran helli sem er allur raflýstur eins og göngin. Hellirinn var úr grágrýti þéttur og þurr með rafmagnsloftræstingu.

Enginn í veröldinni veit af þessum helli nema Satansmenn á Íslandi og allir prestar S.T.S., ásamt biskupi. Þeir vita sem er hvað það kostar að kjafta frá. Steiner fékk þessar upplýsingar frá forsetanum í Teheran og hann fékk þær aftur á móti frá Warlock sem býr á jörðu sem nefnist Svartheimaland sem er land myrkranna og er í órafjarlægð í annarri vetrabraut en jörð okkar tilheyrir.

Þessi hellir sem Jökull er kominn inn í er heilagur staður fyrir Satansmenn. Hann er heljar mikill um sig; vítt til veggja og með hárrí hvelvingu. Inni í þessum salarkynnum eru fóðraðir samantengdir stólar með rauðu áklæði. Þarna er pláss fyrir sex hundruð og tuttugu manns. Það er tveggja metra breiður gangur beggja megin við bekkjaröðina að hellisveggjunum. Steyptur steinpallur, af manna völdum, sem nær þvert yfir hellinn sem er einn og fimmtíu á hæð, tíu metra breiður og átján metra langur. Uppi á pallinum miðjum en út við vegginn er líkneski af framangreindum geithafri með kvenmannslíkama og fórnarstallur fyrir framan. Beggja vegna við líkneskið er öfugur kross úr tré með kvenmannslíkneski úr postulíni festur við krossinn og höfuðið snýr niður með fætturna í lóttusstöðu.

Jökull gekk nokkur skref til hægri í átt að pallinum síðan aftur til hægri inn í göng að þykkum stáldyrum. Hann opnaði hana með báðum plastkortunum. Jökull gekk inn í lítið herbergið þar sem skjalasafn S.T.S. er geymt. Þarna voru átta skjalaskápar úr þykku stáli, allir merktir með tölustöfum og læstir með þjófheldum lásnum.

Steiner skaffaði sínum mönnum öll bestu og fullkornustu tæki og tól sem nauðsyn krafði til að geta þjónað því hlutverki sem ætlast var til af þeim. Að sjálfsögðu var ekki ætlast til þess að þau yrðu notuð gegn þeim sjálfum eins og Jökull var að gera.

Jökull gekk beint að þeim skápum og skúffum sem vinur hans hafði sagt honum að fara í og var ótrúlega fljótur að opna þennan erfiða lás á skáp fimm með þeim verkfærum sem hann hafði alltaf á sér. Þar sem hann vissi að þessi skjöl voru í annarri hillu var hann ekki lengi að finna þau. Jökull tók upp úr vasanum úrið sitt, sem var einnig hannað sem digital-myndavél. Hann myndaði skjölin sem voru í hólfi D og H. Þetta merkilega úr sem er einnig myndavél getur tekið allt að eitt hundrað svarthvítar myndir og er þægilegt að flytja þær inn í tölvur með innrauðum geisla.

Síðan opnaði hann hólfi sem var merkt Sóldísi, hann leit í það en hólfið var tómt og hann lokaði þessari skúffu. Hann gaf sér þó tíma til að líta aftur á skjölin sem voru í hólfi H. Þessi skjöl tilheyrðu einhverri Tinnu, hann leit hratt yfir þau og var ekki hrifin yfir því sem hann sá.

Jökull hafði heyrt þetta nafn nefnt á fundi og sá að hinn sami var strax þaggaður niður. Jökull spurði vin sinn, höfðingjann, hvaða kona þetta væri. Hann hafði sagt við hann: Ef þú ætlar ekki að koma þér í vandræði þá er heillavænlegast fyrir þig að gleyma þessu. Það var eitthvað meira en lítið leyndardómsfullt við þetta nafn. Hann lokaði síðan öllum skúffum og læsti þeim og smellti lásnum á eftir sér á skjalaklefanum. Gekk síðan að styttunni lagðist á hnéð fyrir framan hana eins og í bæn. Þetta hafði honum alltaf fyndist óþægilegt að gera, en það var skylda að ákalla djöfulinn þegar menn komu inn í hellinn svo það var orðinn vani hjá honum.

Hann hafði ekki verið lengi í þessari stellingu, þegar hann heyrði að einhver var að koma. Jökull leit við, og sá að þetta var húsvörðurinn, sem var hár og herðabreiður og heljarmenni að burðum. Jökull stóð upp gekk á móti honum. Þegar þeir nálguðust hvor annan sagði vörðurinn: Ég sé að þú hefur fundið úrið. Jökull hrökk örlítið við, þakkaði sínum sæla fyrir að hann kom ekki fyrr. Jökull vissi sem var að hann hefði ekki þurft að kema hærur sínar oftast ef húsvörðurinn

hefði komið að honum inni í skjalasafninu. Já, ég fann það, úrið var í litla skotinu undir fórnarstallinum. Jæja, það var nú gott og blessað, sagði vörðurinn um leið og hann horfði hvasst í augu hans. Jökull var sakleysið uppmálað og horfði á móti. Jökli létti stórum og gat dulið það, hann var sannfærður um að presturinn hafi fengið einhverskonar eftirþanka um að þetta liti ekki alveg eins vel út hjá honum í hans augum sem skyldi. Þess vegna hafði hann sent húsvörðinn til að kanna aðstæður. En Jökull taldi sig hafa sloppið fyrir horn og létti stórum, en annars mundi hann komast fljótlega að því fullkeyptu ef svo væri ekki.

Þeir urðu samferða inn á skrifstofu Steiner og húsvörðurinn sagði honum að bíða þar eftir prestinum. Það var eins og hann reiknaði með að hann næði tímanlega inn á skrifstofuna svo hann gæti skilað á sinn stað lykilkorti Steiner undir skjalabúntinu út við vegginn á miðju skrifborðinu. En þegar Jökull var í þann mund að stinga kortinu inn í skjalabunkann brá honum óneitanlega í brún því hann hafði gleymt að biðja vin sinn um nánari lýsingu á hvar og hvernig lykilkortið hafði legið. Hann hikaði augnablik og stakk lykilkortinu í bunkann næst veggnum sem hann taldi í öllu falli næst því að vera á réttum stað. Hann settist síðan í annan sófastólinn og fletti tímaritum sem lágu á sófaborðinu. Jökull beið um það bil tuttugu mínútur áður en presturinn kom.

Steiner kom nokkuð ánægður af þessum sex manna höfðingjafundi. Það hefur stundum komið fyrir áður að höfðingjar fyrir neðan töluna sex væru ekki boðaðir á fund ef það þótti ekki æskilegt og þessi fundur var einn af þeim. Það voru tvö þýðingarmikil mál á dagskrá að skipun biskups. Hið fyrra var það vandamál að einræðisherrarnir á þessari jörðu og merkir eiturfja- og mafúforingjar ásamt vopnasmyglurum sem kynnu í raun sitt fag væru að tapa tölunni.

Hann lét þess einnig getið að þeir í höfuðstöðvunum væru ekki þar ánægðir með þennan frjálslýnda prest sem væri við stjórnvölinn á Indlandi. Hann hefur meiri ítök á innbúunum en góðu hófi gegnir. Samafara því sem ofsatrúarmenn eru að tapa fylgi og þurfa þar að leiðandi koma honum í líkkistuna. Það er sama sagan með þá í Ísrael það er að segja bókstafstrúarmennina þeir eru heldur ekki þar ánægðir með gang mála. Því margir þeirra vilja stríð og halda Gasasvæðinu fyrir sig og höfuðpaurar þeirra hafa beðið okkur um fjármagn. Svo er það einnig sama

sagan með ákveðna hópa innan Palestínumanna, þeir vilja helst þurrka út Ísraelsmenn og hafa einnig beðið okkur um fjármagn.

Á öllum þessum stöðum höfum við góða nýsna, áhrifamenn sem róa öllum árum að því að spilla hverskonar samlyndi eða samningum þeirra á milli sem koma á borð hjá þeim. Þegar hátíðinni miklu er lokið og allt komið í það horf sem við viljum á Íslandi verður allt kapp lagt á að mynda eins mikla óreiðu í þessum ofangreindum löndum og mögulegt er. Því það er undirrótin að okkar veldi að koma á stað illindum á milli bókstafstrúarmanna úr sérhverjum trúarflokki, því það er auðveldasta leiðin að koma þeim í hár saman og rífi hver annan í sig. Þessi málefni voru rædd fram og til baka.

Að þessu loknu bjuggust fundarmenn við að presturinn mundi slíta fundinum þar sem ekkert annað hafði verið á mælendaskrá. Í staðinn fyrir að ljúka fundinum sagði Steiner: Það er eitt annað þýðingarmikið mál eftir. Biskupinn var að spyrja mig um það í morgun hvers vegna þessi vandræðagemlingur hún Sóldís væri ekki þegar dauð. Hann spurði hvort við værum ekki menn til að ljúka þessu litla verkefni af, það þolir enga bið. Hann sagðist senda aðra menn í okkar stað ef við getum ekki gengið frá henni eða gert hana óvirka á einhvern hátt fyrir hátíðina. Þá yrðum við sendir til Indlands og lækkaðir í tign þar. Þar sem við værum greinilega ekki hæfir til að stjórna þessum undirbúningi sem þarf fyrir þessa miklu hátíð sem í framtíðinni muni gerbreyta valdahlutfalli hér á jörðu okkur í hag.

Það er eitt mikilvægt atriði sem ég verð að segja ykkur frá, ég sagði ekki biskupi hversu mikið við teljum að Sóldís viti um okkar hagi. Því ef ég hefði gert það hefðum við ekki fengið fleiri tækifæri og við sex sem hér erum værum í fyrramálið á leiðinni til höfuðstöðvanna á Indlandi. Þar biði okkar svo mikil vandræði að við sæjum sennilega ekki næsta dag á eftir.

Steiner horfði yfir hópinn þungur á brún og sagði: Sá sem gengur út núna og hringir í biskupinn heldur sínum titli en mun aldrei komast ofar í tign, þetta vitið þið. Eins og þið vitið veit enginn símanúmerið þar nema prestarnir og þeir sem eru titlaðir ofar. Þess vegna mun ég gefa þeim manni sem gengur út símanúmerið hjá biskupnum á blað, til að biðja um heimflutning.

Steiner leit yfir hópinn með hvössum svip og fullri vissu um að enginn gengi út. Þeir gerðu sér örugglega grein fyrir að þeir mundu aldrei komast að símanum ef þeir færu einir út úr fundarsalnum. Þeir vissu að húsvörðurinn beið þeirra, þetta tryggðartröll, og sæi til þess samkvæmt skipun Steiners að þeir kæmust aldrei að símanum.

Steiner sá að enginn hreyfing var á mönnum hans sagði hann: Við vitum nú þegar að skötuþjúin þrjú eru að fara austur fyrir fjall. Jökull á að fylgjast með þeim þar. En við sex verðum í hellinum og sjáum til þess með hjálp Jökuls að Sóldís komi ekki til baka nema í líkkistu. Síðan sagði hann þeim með hvaða hætti það ætti að gerast.

Steiner sat skamma stund í þögninni inni á skrifstofunni sinni gengt Jökli og hugsaði um fundinn. Jökull beið rólegur þar sem hann þekkti siði og reglur djöflatrúarmanna, meðal annars það að presturinn átti alltaf fyrstur að taka til máls. Eftir nokkra stund byrjaði Steiner að spyrja Jökul hvað hann hafði verið lengi félagi djöflatrúamanna hvernig honum líki það. Jökli til undrunar, því hann vissi ekki betur en það væri til heil skjalamappa um allt hans líf í safni þeirra og ári áður var hann spurður spjörunum úr um þetta sama mál. Hann svaraði eftir sem áður öllum spurningum hans af kostgæfni, hversu ánægður hann væri í þessum félagsskap. En í raun og sérlega eftir að hann talaði við vin sinn var hann frekar orðinn fráhverfur djöflatrúnni í heild sinni. Hann reyndi að svara spurningum Steinars í orðum og háttum á sem mest sannfærandi hátt að hann væri sanntrúaður Satans maður. Presturinn stóð upp og sagði: Það kemur fljótlega að því að þú fái stórvægilegri verkefni. Jökull lét sem hann væri hugfanginn yfir þeirri upphæfð sem hann ætti í vændum. Síðan kvöddust þeir og Jökull gekk út léttur í lundu því þetta virtist hafa gengið upp hjá honum og vini hans í sambandi við myndatökuna.

Eftir að Jökull var farinn settist Steiner við skrifborðið, þá fyrst mundi hann eftir lykilkortinu þegar hann kom auga á það inn á milli blaðanna í bunkanum. Skyndilega sagði hann í hálfum hljóðum: Nei, og hver andskotinn, ég hef ekki sett kortið mitt í veskið í morgun þegar ég tók við því af höfðingjanum. Svona afgangur mega ekki koma fyrir mig aftur þó að það hafi í sjálfu sér verið í lagi í þetta sinn.

Hann teygði sig í lykilkortið þá fannst honum staðsetning þess eitthvað óeðlileg miðað við hvernig hann sat þegar hann talaði við biskupinn í símann. Hann stillti stólinn og hélt á símtólinu eins og hann taldi sig hafa verið þegar hann stakk lykilkortinu í bunkann. Það stóð ekki heima hvernig kortið lá inni í þessum skjalabunka. Hann hafði ekki möguleika á að stinga kortinu á þennan stað eins og kortið var núna miðað við hvernig hann sat þegar hann talaði við biskupinn.

Presturinn tók upp símtólið og hringdi í Dýrfinn Albertsson foringja. Dýrfinnur svaraði strax og kynnti sig. Þetta er presturinn, svaraði Steiner, þú átt nú þegar að sjá til þess að skaffa menn sem Jökull þekkir ekki og það strax, síðan sendir þú þá að Rauðavatni við Suðurlandveg. Þeir eiga að bíða þar eftir Jökli, ef þeir mæta honum ekki áður, og fylgjast með honum þar til annað verður ákveðið. Þú átt einnig að senda aðra tvo menn heim til hans og bíða þar fyrir utan í einkabíl sínum eftir Jökli þar til hann kemur, til öryggis ef hinir eftirlitmennirnir hafa tapað af honum.

Menn sem bíða fyrir utan hús Jökuls í hæfilegri fjarlægð eiga að vera með innrauðan kík til að fylgjast með honum innandyra. Ef hann verður ekki þar eftir skamma stund verðið þið að leita að honum og einnig verðið þið að leita að fimmta höfðingja og fylgjast með honum á sama hátt þar til ég gef aðra skipun.

Dýrfinnur varð meira en lítið undrandi yfir þessum fyrirmælum. Það var ekki nýtt að sjá um eftirlit á Jökli og hans líkum þó hann væri mjög traustvekjandi maður innan hreyfingarinnar. En að hafa eftirlit með höfðingja var nýmæli. Þó svo væri datt honum ekki til hugar spyrja um ástæðuna fyrir því. Hann sagði aðeins: Ég sé um þetta og ég gef þér skýrslu í gegnum síma um leið og eitthvað gerist. Já, þannig vil ég hafa það, sagði presturinn og lagði símtólið á. Hann var reiður en sýndi það á engan hátt. Steiner sat í stólnum við skrifborðið góða stund og hugsaði hvernig hann ætti að koma að þessu máli ef grunur hans væri réttur. Það tók hann ekki langan tíma. Hann tók símtólið upp aftur og hringdi í flugstjóran á einkaflugvél Satansmanna og sagði við viðmælandann: Hafðu allt til reiðu fyrir kvöld svo þú getir lagt af stað á innan við klukkutíma þegar farþegarnir koma. Farþegarnir?, spurði flugstjórinn. Já, það verður höfðingi þrjú, eins og ákveðið var

á fundinum í morgun, en það gæti farið svo að höfðingi fimm fari einnig með. Flugstjórinn sagði: Vélín verður tilbúin þegar þú vilt.

Eftir rúman hálf tíma hringdi Dýrfinnur og sagði prestinum að Jökull hefði farið í tölvuna sína, síðan gekk hann að fjöggra manna sófanum og faldi eitthvað fyrir innan tauið á baki sófans, sennilega diskettu. Síðan hringdi hann í Steiner að jafnaði á hálf tíma fresti með litlar sem engar upplýsingar. En tæpum fjórum tímum síðar var honum sagt að Jökull hefði farið út og síðan inn á matsölustaðinn Kaffisetrið. Þar beið fimmti höfðinginn. Skömmu síðar rétti Jökull honum lítið umslag. Dýrfinnur gat ekki á sér setið og sagði: Hvernig stendur á því að þessir menn hittast á almannafæri þegar það er vitað mál að þeir mega það ekki?

Þá svaraði Steiner, Það er góð spurning, en þú lætur mig vita þegar þeir ganga út úr kaffihúsinu og eru komnir í hvarf hver frá öðrum. Þegar Steiner fékk vitneskju um það sagði hann Dýrfinni: Það á að fylgjast með Jökli stanslaust í tvo daga. Hann á einnig að sjá til þess að diskettu sem Jökull faldi eigi að fjarlægja og setja aðra tóma í staðinn. Þetta verður gert, svaraði Dýrfinnur. En heyrðu, þeir eru að ganga út núna. Það er gott þú átt einnig að láta fylgjast með fimmta höfðingja þar til að hann kemur hingað til mín.

Síðan hringd presturinn í fimmta höfðingjann og sagði honum að hann ætti að fara til höfuðstöðvana á Inlandi með bréf ásamt sjötta höfðingja, með einkaflugvélinni sem færi í kvöld. Þegar fimmti höfðinginn heyrði þetta varð hann bæði öruggur og uppnæmur. Þar sem álíka ferðalag þýddi oftlega einhverja upphæð. Hann hugsaði með sér að ekkert hafi komist upp. Hann sagði við Steiner: Ég verð þá að skreppa heim og ná í farangur. Já, farðu strax og komdu svo beint hingað í félagsheimilið.

Vinur Jökuls fór beint heim grandalaus, vissi ekki að það voru tveir menn í bifreið fyrir utan húsið, sem fylgdust með honum með innrauðri kvikmyndavél. Þeir sem njósnuðu um fimmta höfðingjans sáu hann líma umslagið sem hann fékk hjá Jökli undir botninn á eldavélinni.

Þegar fimmti höfðinginn mætti í félagsheimilinu inn á skrifstofu hjá biskupnum afhenti Steiner honum bréf sem hann átti að færa biskupi þegar hann væri kominn

á áfangastað ásamt höfðingja númer þrjú. En hann vissi bara ekki að með þessu bréfi var einnig annað bréf sem sagði frá svikum hans.

Fimmti höfðinginn fékk að vera á námskeiði í mánuð með öðrum höfðingjum sem allir voru hærra settir en fimmti höfðinginn að læra til prests. Svo þetta leit mjög vel út fyrir þann fimmta og taldi það víst að hann hafi verið valinn í það hlutverk. En eftir þennan mánuð fannst hann dauður í húsasundi við eina götuna í Teheran stunginn í bakið.

17. KAFLI

Sama milda veðrið hefur verið síðustu tvo dagana eftir að suðaustan rok með beljandi rigningu stóð yfir í heila fjóra daga. En þennan fimmtudag, seinni partinn höfðu Sóldís, Kjartan og Sigrún mælti sér mót á veitingarhúsinu Astró. Hann er í hornhúsinu við Lækjargötu 2.

Kjartan situr við eitt borðið úti við gluggann innst í salnum þar sem útsýnið er út á Lækjargötuna og upp Bankastræti. Þar er umferðin samfeld og mikið af gangandi vegfarendum eins og alltaf er á þessum tíma og flesta aðra daga. Kjartan er að lesa blöðin á meðan hann bíður eftir Sóldísi og Sigrúnu. Þær komu litlu seinna með stuttu millibili.

Skömmu síðar kom Jökull Örnólfsson þarna inn hann hafði farið inn í íbúð hennar við fyrsta tækifæri þegar hún var ekki heima og sett hlustunartæki í símtólið og í krikann undir sófaborðinu og undir eldhúsborðið og einnig undir mælaborðið í bíl hennar. Hlustunartæki þessi voru ekki stærra en nálarauga og nam tal manna greinilega í fjöggra metra fjarlægð. En móttökutækið var í bifreið hans sem hann lagði á Tjarnagötunni skammt frá húsi Sóldísar.

Jökull hafði einnig fylgst með Sóldísi undanfarna daga í ýmsu gervi án þess að hún yrði vör við, enda hefur slíkt atferli ekki hvarflað að henni. Núna leit Jökull út sem gráhærður gamall maður með fáeinar djúpar hrukkur á enni og kinnum. Falski hökutoppurinn var rauðleitur með gráum slikjum. Eins fölsku breiðu augabryrnar. Jökull stóð stutta stund rétt innan við dyrnar og leit yfir salinn, hann var í dökkum buxum, rauðleitum kuldajakka með tæki á höfði og í eyrum sem hann setti á sig rétt áður en hann gekk inn eins og hann væri að hlusta á útvarp. En í vinstri vasanum á jakka sínum var hann með segulbandstæki í staðinn fyrir útvarpið.

Hann leit á borðið sem Sóldís sat við og gekk að fremsta borðinu sem var lengst frá þeim. Klæddi sig úr úlpunni þá kom í ljós að hann var í dökkum jakka með hálsbindi og bindisnælu eins og ljónshöfuð, þar var hljóðnemi. Jökull settist þannig að hann sá vel til þeirra, stillti hlustunartækið sem hann hafði í eyrunum á meðan svo hann heyrði vel í þeim. Hann las í Morgunblaðinu og virtist hafa allan

hugann við það og beið jafnframt eftir afgreiðslu á kaffinu. Jökull hafði ekki auga með Páli Vigfússyni sem kom inn í kaffistofuna rétt á eftir honum frekar en öðrum gestum sem voru þarna inni enda hafði hann ekki hugmynd um að Páll var rannsóknarlögreglumaður. Páll settist skammt frá þeim hjúum og hafði auga með Jökli.

Vilhjálmur hafði beðið Pál að keyra framhjá húsi Sóldísar og fylgjast með hvað gerðist þar. Páll taldi það tímasóun en gerði það samkvæmt skipun. Hann sá báða bílana í innkeyrslunni sem tilheyrðu eiganda hússins og dóttur hans. Hún er sennilega heima, sagði Páll upphátt við sjálfan sig. Hann lagði bifreiðinni á bílastæðinu norðan við ráðhúsið, en þó þannig að hann kæmist strax út á götuna aftur ef þess þyrfti með. Á þessum stað hafði hann einnig gott sjónarsvið suður Tjarnagötu að þessu ákveðna húsi gegnum framrúðuna.

Páll tók upp bílasímann og hringdi í númerið hjá Sóldísi. Eftir fáeina hringingar var svarað: Nuddstofa Sóldísar. Fyrirgefðu, þetta er rangt númer, sagði Páll og lagði á. Hann þurfti aðeins að bíða í eina og hálfu klukkustund þar til Sóldís kom út og gekk norður götuna meðfram tjörninni. Páll sá fullorðinn mann rauðskeggjaðan fara út úr einni bifreiðinni skömmu eftir að hún gekk fram hjá honum öðru megin götunnar. Hann gekk í sömu átt og hún en hinum megin við Tjarnargötu. Páll sá fljótt að þessi dularfulli maður var að elta stúlkuna í hæfilegri fjarlægð og hefur sennilega fylgst með henni í nokkurn tíma. Sóldís beygði inn Skothúsveginn til hægri það gerði sá rauðskeggjaði einnig. Páll taldi líklegt að hún hefði einhverja nasasjón af eftirförinni þar sem hún var oftlega fyrst í stað að líta við, en ókunni maðurinn gekk í hægðum sínum eftir sem áður og lét sem hann tæki ekki eftir henni.

Þegar Sóldís gekk norður fyrir hornið á Lækjargötunni og í hvarf, fór Páll út úr bílnum og stikaði greitt að Lækjargötunni hægði þá á sér. Sá þá þennan dularfulla mann skammt undan en kom hvergi auga á Sóldísi. Hann taldi víst að hún væri ekki langt undan í fólksmergðinni. Litlu síðar sá hann þennan eldri mann fara inn í veitingahús á horni Lækjagötu og Austurstrætis. Þegar Jökull gekk inn í veitingahúsið leit hann í kringum sig, sá Sóldísi og vini hennar í samræðum við eitt borðið. Þá settist hann við annað borð skammt frá þeim. Hann sá hvar þessi eldri maður sat við eitt borðið með útvarpstæki í eyranu og virtist hlusta á músík

þar sem hann sló létt á borðplötuna í takt við það sem hann hlustaði á. En Páll vissi að þetta var hlustunartæki og í hvaða tilgangi það var gert. Honum fannst þetta orðið meira en lítið forvitnilegt.

Þau ræddu frekar lítið yfir kaffibollanum og meðlætinu, þá einungis um daginn og veginn. Það kom Sóldísi á óvart að Sigrún var ekki stórgerð miðað við hvað hún átti að vera sterk. Að máltíðinni lokinni þurrkaði Kjartan af vörum sínum með munnþurrkunni og sagði um leið: Sóldís, ég hef sagt Sigrúnu í stórum dráttum frá öllum málavöxtum, og dró ekkert undan hversu ótrúlegt sem það lítur út fyrir að vera. Þá sagði Sóldís um leið og hún leit til Sigrúnar: Ég er viss um að ástæðan fyrir því að þú komst á þennan fund var gagngert af forvitni, en ekki vegna þess að þú tryðir þessu. Já, það máttu svo sannarlega bóka, ég taldi í fyrstu að það væri ráðlegt að hringja í Landsspítalann og panta tíma á geðdeild fyrir Kjartan, sagði Sigrún kímin.

En ég trúi því staðfastlega að þið hafið farið í það saman í tjörninni, þó að mér finnst það ólíkt honum Kjartani, svo gaut hún augunum kímin á Kjartan og sagði: Er það ekki hálf einkennilegur staður til þess arna og fyrst þú valdir nú þennan stað? Hvers vegna lá þér svona svakalega á að þú gafst hvorugu ykkar tíma til að fara í sundföt? Svo finnst mér þetta vera, þó ekki sé meira sagt, sérkennilegur sundstaður og heldur gróf aðferð sem þú notaðir. Ef miðað er við hvernig þú dásamaðir dömuna í mín eyru það var engu líkara en húnværi komin af himnum ofan.

Kjartan eldroðnaði því hann hafði ekki búist við þessu frá félaganum sínum. En þá skelltu þær uppúr og hláturinn hljómaði um salinn. Þegar Kjartan hafði jafnað sig og litarafturinn komið í sitt fyrra horf sagði hann: Ég vissi ekki að ég væri svona skemmtilegur maður, en fyrir alla muni látið mig bara vita stúlkur mínar þegar þið hafið fengið nægju ykkar af að hafa gaman af mér. Þá er kannski von til þess að við getum einbeitt okkur að öðru og meira áriðandi málefni.

Þær horfðust í augu og vissu á þessu augnabliki að þeim líkaði nokkuð vel hvor við aðra og að þær báru ákveðnar tilfinningar til Kjartans hver með sínum hætti og gerðu sér grein fyrir að engin samkeppni yrðu þeirra á milli.

Kjartan beygði sig eftir skjalatöskunni sem hann hafði haft með sér, hún stóð á gólfinu við hlið hans. Hann lagði hana á borðið, opnaði hana og tók upp úr henni gsm-ferðasíma og rétti Sóldísi um leið og hann sagði: Hérna er síminn sem við komum okkur saman um að ég lánaði þér í öryggisskyni, þú verður að lofa mér því að ganga alltaf með hann á þér og hafa kveikt á honum. Já, ég skal alltaf ganga með þennan síma á mér hvert sem ég fer, en hvernig virkar hann? Þú færð símanúmer Sigrúnar og mitt birt hérna á skjánum með því að ýta á þennan takka svona. Svo er hérna takki sem þú átt að þrýsta á í neyðartilfelli þá færðu beint samband við lögregluna. Svo kenndi hann henni alla þá möguleika sem gsm-sími hefur.

Þegar Sóldís hafði lært á farsímamann sagði hún við Sigrúnu: Áður en þú tekur ákvörðun um að vinna með okkur þá verðurðu að gera ráð fyrir að þú sért að leggja þig í stórhættu jafnvel í dauðann. Þetta er ekkert gamanmál, það er full alvara sem liggur á bak við þetta allt saman. Það er rétt ályktað hjá þér að ég kom mikið til vegna forvitni. Síðan bætti hún við eftir smá hik: Ég var einnig undrandi yfir því hvernig þér tókst að sannfæra Kjartan um þá einkennilegu andans dulúð sem virðist liggja á bak við þetta, eins og hann sagði mér söguna.

Það fannst mér meiriháttar, því hann hefur alla tíð ekki viljað viðurkenna slík fyrirbæri og er stundum óþarflega þrár og stendur fast á sínu. Þó hef ég oft en einu sinni orðið vör við skynnæmi hjá honum. Svo ég hugsaði þegar hann var að segja mér þetta, að þessi stúlka sem gat gert slíkt hlyti að vera fögur, skýr og nokkuð mikið klár í kollinum fyrst hún gat komið honum í skilning um slík fyrirbæri. Þar að auki hefurðu heillaði hann alveg upp úr skónum. Þarna greip Kjartan fram í og sagði lítið eitt argur: Sigrún, er ekki komið nægilegt af þessari vitleysu.

Þetta allt vakti áhuga minn á að ná tali af þér og fá að heyra söguna af þínum vörum. Það er velkomið, sagði Sóldís og sagði henni hvernig landið lá. Sigrún hlustaði og horfði á hana með athygli. Hún fylgdist með svipbrigðum hennar og henni hryllti um leið við þeim ósköpum sem þessi föngulega kona hefur orðið að ganga í gegnum. Sóldís þurfti ekki að spyrja hvernig henni litist á þetta, svipur hennar sagði meira en orð fá lýst.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þú ert að segja satt. En fyrst þessir menn eru svona hættulegir og með þessa miklu andlegu hæfileika, hvernig geturðu trúað því að við þrjú höfum möguleika á að sigra þá? Eins og ég sagði við Kjartan er ég sannfærð um að ef við förum rétt að eigum við töluverða möguleika. Ég mundi alls ekki þiggja þessa hjálp frá ykkur, þó að hún byðist ef ég teldi ekki að líkurnar væri okkar megin, þó annað sýnist í augnablikinu. Svo er það eins augljóst og ég sit hér að einsömul á ég engan möguleika, ég ligg í valnum eftir stuttan tíma ef ég fæ ekki stuðning frá ykkur.

Þá sagði Sigrún: Ég er ekki alveg sammála þér, því mér finnst hættan gífurleg, en ég get ekki verið þekkt fyrir að láta ykkur tvö ein um að berjast við þessa glæpamenn svo ég slæ til. Ég þakka þér innilega fyrir og ég vil þá leggja það til að við þrjú verðum í návist hvert annars eins oft og mögulegt er þegar við erum ekki að vinna á meðan þetta gengur yfir eins og Kjartan hefur mælt til við mig, sagði Sóldís. Það var samþykkt samhljóða.

Það kæmi mér ekki á óvart að þessi Hupert Steiner væri einn af fyrirmönnum glæpahóps, alla vega ber hann þann persónuleika með sér. Kjartan ákvað að svo stöddu að minnast ekki á eftirförina sem hann fór í gærmorgun þar sem hann hafði í raun enga ákveðna staðfestingu á grunsemdum sínum. En sagði þess í stað: Mér þykir verulega vænt um að þú hafur tekið þessa ákvörðun, það munar svo sannarlega um þína hjálp.

Ég hef séð til þess að það verði ekkert flogið á föstudaginn og um helgina. Hvers vegna ekki?, spurði Sigrún. Það er brúðkaupsveisla hjá dóttur vinafólks míns sem búa á Þjórsárökrum fyrir austan fjall með nautgripa-og hrossarækt. Giftingin og veislan fer fram á Ísafirði og ég lofaði þeim fyrir nokkru að sjá um búið fyrir þau á meðan. Ég fer í kvöld og kem ekki fyrr en mánudagskvöldið. Þau reyndu að fá mann í minn stað, þegar ég sagði þeim að ég ætti erfitt með að gera þetta. Það hefur ekki gengið, sem ég reyndar bjóst við og gerði því ráðstafanir strax að þið komið austur og verðið þar mér til samlætis yfir helgina ef þið hafið áhuga. Það væri ekki verra að þið verðið mér samferða á eftir. Ég verð þá rórrí um þinn hag Sóldís.

Nei, heyrðu nú Kjartan, sagði Sigrún hvað ertu að hugsa? Hvers vegna sagðirðu okkur þetta ekki fyrr? Við getum ekki farið svona í hvellinum, við þurfum nú til dæmis að skipta um föt. Við leggjum þá bara af stað austur fyrir háttinn, sagði þá Kjartan vandræðalegur. Það verður örugglega gaman, en ég kemst ekki fyrr en seinni partinn á laugardaginn, ert þú ekki tilbúin að koma líka?, spurði Sóldís Sigrúnu. Jú, auðvitað kem ég líka, það er greinilegt að þannig hefur Kjartan hugsað og óskar eftir að ég geri og ég hef örugglega gaman að því, sagði Sigrún. Eru ekki tamdir hestar á þessum bæ sem við getum fengið lánaða til að ríða út?, spurði Sóldís áhugasöm.

Það vantar , það eru bæði til viljugir og rólegir hestar. Ég er ekki vön hestum, en ef ég fæ rólegan og þægan hest sem fer aðeins fetið þá er ég viss um að ég hefði gaman af því að fara í útreiðatúr, sagði Sigrún. Þú ert greinilega óvön hestum, sagði Sóldís. Já, bæði hestum og sveitalífi yfirleitt, ég er borgarborn í verunni. Ég er alvön hestum frá því að ég var í sveit á unglingsárum mínum svo ég vil helst hafa hestinn sæmilega viljugan, sagði Sóldís og brosti. Það er gott, þá er þetta ákveðið og ég hef þá minni áhyggjur af þér Sóldís. Ég legg af stað skömmu eftir að ég fer héðan og býst við ykkur seinni partinn á laugardaginn. En það hefði verið öruggara ef þið hefðuð komið með mér núna eða strax í fyrramálið.

Hvar er þessi bær?, spurði Sóldís. Á Þjórsárökrum við Þjórsá og er í holtunum í Rangárvallasýslu. Þið akið yfir Þjórsárbrú og fram hjá bænum Þjórsártúni, síðan akið þið áfram austur fyrir hólinn sem Þjórsártún liggur á og beygið síðan strax til vinstri við fyrsta afleggjara. Síðan haldið þið áfram framhjá Króki og áfram þar til þið komið að bænum Þjórsárökrum sem liggur skammt norðanvið hólinn og ekki langt frá ánni.

Sigrún, mér þætti vænt um að þú fylgist vel með Sóldísi þangað til þið farið austur fyrir fjall, ég vona að Sóldís sé ekki mótfallin því, sagði Kjartan og leit spurnaraugum til hennar. Þá brosti Sóldís og sagði: Þú gefst aldrei upp, þess vegna kom ég með þá tillögu áðan áður en þú komst með hana. Ég er líka viss um að okkur Sigrúnu verður vel til vina. Þá brosti Sigrún vinalega til Sóldísar og nikkaði höfði.

Kjartan leit á vasaúrið og sagði: Klukkan er langt gengin í sex, þið verðið að afsaka mig, ég verð að fara. Ertu að fara austur fyrir fjall núna strax?, spurði Sóldís. Já, gömlu hjónin bíða eftir mér og leggja svo af stað norður þegar ég er kominn. Hvers vegna fara þau svona seint af stað? Sigbrandi, bóndanum á Þjórsárökum, þykir betra að keyra norður að kvöldi til, þá er minni umferð. Þau eiga sumarbústað einhversstaðar í Eyjafirðinum og fara beint þangað. Kjartan leit til þeirra um leið og hann var að fara og spurði: Þið komið örugglega í sveitina á laugardaginn, er það ekki? Jú við komum sögðu þær báðar í kór og brostu til hans. Eftir þetta samtal stóðu þau upp og fóru út.

Jökull hafði fylgst með samtalinu og varð niðurdregnari eftir því sem á leið. Þó hann væri eigingjarn, sjálfumglaður og fégjarn var hann eftir sem áður ekkert illmenni. Hann sat þarna kyrr góða stund og hugsaði aftur í tímann: Ég hef verið beðinn fyrir nokkrum vikum að fylgjast með Sóldísi án þess að hún vissi um. Fór heim til hennar þegar hún var ekki viðstödd og tók bækur frá henni og setti aðrar bækur í staðinn um sama efni, en sennilega með einhverjum breytingum. Að sögn Sóldísar reyndi Sverrir að keyra hana niður en Kjartani hafði með snarræði tekist bjargað henni. Nóttina eftir drukknaði Sverrir með því að keyra í höfnina. Ég hafði þekkt Sverri í rúmt ár. Þó ég hafi ekki verið beint góðkunningi hans sá ég að drengurinn var upp á síðkastið ekki alveg heill á geðsmunum. En aldrei var ég varð við sjálfsmorðshugleiðingar hjá honum svo þessi frétt um dauða hans kom mér á óvart.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið bendir margt til að Sverrir hafi verið sefjaður af Satansmönnum þegar hann reyndi að keyra Sóldísi niður. En vegna þess að það mistókst var hann látinn fremja sjálfsmorð með því að telja honum trú um að hann væri að gera eitthvað annað. Djöfullinn sjálfur, þó ég trúi því að það borgi sig að hafa Satan góðan með tvöfeldni og ýmsum illum þáttum til að ná mínum framgjörnum draumum blanda ég mér ekki í morð, svo langt geng ég ekki. Síst af öllu vil ég sjá þessa yndisfögru snót liggja einhversstaðar úti á víðavangi liðið lík.

Skömmu síðar fór Jökull og Páll á eftir honum Hann elti Jökul vestur Austurstræti, inn í Morgunblaðshöllina. Páll beið litla stund gekk síðan inn í

anddyrið að lyftunni og sá að hún var á leið upp. Jökull tók af sér dulargerfið á leiðinni upp á áttundu hæð ekki vegna þess að hann héldi að einhver elti hann, þetta var venjuleg varúðarráðstöfun hjá honum. Hann fór úr jakkanum og snéri honum við og tók af sér skeggið og hárkolluna. Nú var hann ljóshærður í ljósbláum jakka. Hann fór úr lyftunni á áttundu hæð og gekk niður á fimmtu hæð og beið þar eftir lyftunni.

En Páll beið niðri og litlu síðar kom lyftan niður á fyrstu hæð eftir að hafa stöðvað á fimmtu hæð. Hár ljóshærður, ungur maður gekk út úr henni sem ókunnur maður fyrir Páli. Eftir honum kom öðru hvoru fólk frá efri hæðunum út úr lyftunni, en ekki sá sem hann taldi sig vera að bíða eftir. Að lokum gerði hann sér grein fyrir því að þessi dularfulli maður hafði stungið hann af með því að vera í dulargerfi og sennilega látið sig hverfa beint fyrir sjónum hans. Hann fór fýldur á stöðina og gerði skýrslu um þetta.

Jökull gekk til baka inn Austurstrætið og upp Bankastræti og síðan til hægri inn Ingólfsstræti. Settist inn í gamlan Willys jeppa, nýuppgerðan, sem hann var með þennan daginn í keyrslu þar sem hann hafði þrjá bíla til umráða.

Þegar Jökull var sestur inn í bílinn hringdi hann í prestinn. Það hringdi þrisvar sinnum áður en símtólið var tekið upp og Brynleifur ritari svaraði: Sjöunda Takmark Samherja. Gefðu mér samband við prestinn hvar sem hann er. Brynleifur hafði fengið ákveðnar skipanir um það og gaf honum strax samband: Þetta er Jökull. Ég vona að þú hafir góðar fréttir að segja mér, ég hef fylgst með Sóldísi núna síðustu fjóra dagana, eins og þú hefur beðið mig um, en ekki haft erindi sem erfiði fyrir en nú. Er það eitthvað markvert. Ég mundi segja að það vekti áhuga ykkar, ég fékk loksins tækifæri til ná samtali hennar og Kjartans upp á bandið á einni kaffistofunni og þriðja manneskjan var þarna einnig til staðar sem hefur bæst í hópinn. Það var nú verra, hvaða manneskja er það? Þau nefndu hana Sigrúnu og hún vinnur sem flugmaður hjá Kjartani.

Gastu verið það nálægt þeim að hlustunartækin næðu svo skýru samtali að það heyrir greinilega á spólunni. Já, það tókst bærilega. Komdu strax með hana hingað uppeftir, ég hef samband við þig á morgun.

Daginn eftir hringdi Steiner í Jökul Örnólfsson og sagði: Þú átt að fara í kvöld austur fyrir heiði og fá þér herbergi á hótelinu á Selfossi, sem við erum búnir að panta fyrir þig á þínu nafni. En snemma í fyrramálið áttu að koma þér fyrir á góðum stað einhvers staðar skammt frá þessum bæ þar sem þú getur fylgst vel með fólkinu á Þjórsárökrum án þess að þú sjáist. Þú felur bílinn þinn svo að það sé tryggt að þau verði ekki vör við hann. Þarna verður þú að vera frá sólarupprás til sólarlags, þann tíma sem þau eru þarna fyrir austan, ég verð í beinu sambandi við þig. Þessi ákvörðun var Jökli síður en svo á móti skapi.

18. KAFLI

Bærinn Þjórsárákrar er stutt frá Þjórsártúni að norðan og skammt frá bökkum Þjórsár að austan. Íbúðarhúsið á Þjórsárökrum er eitt hundrað og áttatíu fermetrar ásamt bílskúr. Húsið er vinkilbygging með flestum þægindum. Útihúsið er löng og breið bygging fyrir tuttugu og fimm hross. Frá áramótum til vors eru alltaf fimmtíu folöld og tuttugu kálfar inni í húsum. En nautpeningurinn frá veturgömlu til tveggja ára er allt árið inni í húsum þá er þeim slátrað. Nautpeningurinn er aðskilinn frá hrossunum með þili. Allar byggingar eru úr steinsteypu, þökin máluð með ljósgrænu og veggir beinhvítir, umhverfið snyrtilegt og til fyrirmyndar. Bústofninn er fjögur hundruð hross og sjötíu holdagripir.

Þjórsá er straumþung, nokkuð breið og hættuleg yfirferðar fyrir mann á sundi, en þar sem hún er mjóst er straumþunginn gífurlegur. Nokkrir vaskir menn hafa reynt að þreyta þar sund, örfáir hafa komist yfir lifandi. En þessi mikilfenglega jökulá aðskilur Árnessýslu að vestan og Rangársýslu að austan. Á þessu svæði á árum áður varð vart við tvær tröllkonur, þær eru taldar vera systur og bæði miklar um sig og stórar. Þær gátu stokkið yfir Þjórsá án mikillar fyrirhafnar þar sem hún var mjóst. Enda er sá staður á ánni sem er nokkuð austar við Þjórsárákra, nefndur Tröllkonuhlaup. Bóndi einn, Jón að nafni, átti að hafa hlaupið undan annarri systurinni, þá hafði hin stokkið yfir ána til að ná í stóran pott systur sinnar til að sjóða mat úr Jóni. Önnur bjó í Búrfelli og hin í Bjólufelli.

Allar slíkar sögur, hvort sem þær heita trölla-, drauga- eða álfasögur og hvað eina sem allflestir kalla hindurvitni eða sögur um Lagarfljótsorminn eru mannverur eða dýr frá öðrum hnöttum. Ef hann er þá ekki einhver missýning, trjádrumbar eða eitthvað annað ámóta eins og stundum hefur komið í ljós um ofangreindar sögur þegar þær hafa verið rannsakaðar. En það segir ekki að allar sögurnar séu hindurvitni.

Í öllum tilfellum eru þetta skynjanir til annarra hnatta þegar viðkomandi aðilar sjá þessar sýnir þegar þeir fara inn í þann orkuhjúp sem tröll, draugar og álfar hafa myndast á jörðu hér til að ná sambandi við okkur Tellusbúa. Í fæstum tilfellum hafa þessar verur myndast hér með hamförum en oftast gerist það með sambandssýn.

Það má líkja svona sambandi við hlutskyggni, því orkuhjúpurn sem viðkomandi hnattabúar, í þessu tilfalli óvenju þrekið og hávaxið fólk að okkar mati, sem við köllum tröll, hafa skapað í þessu tilfalli á suðurlandsundirlendinu tröllkonur. Það er vegna þessa að þetta fólk hefur hlaðið þetta svæði af orku frá þeim og samsvarar þeim og er hlaðið af upplýsingum um þá. Þegar skynnæmir menn fara inn í þennan orkuhjúp skynja þeir til skyldra hnatta sem þessi orkuhjúp segir til um og sú mynd fellur inn í landslagið sem skynnæmi maðurinn er staddur í. En í ofanskráðu tilfalli komu tröllkonurnar hingað á jörðina með hamförum. Það er að segja afefnast í heimkynnum sínum og myndast á jörðinni skamma tíma í senn. Oftlega eigum við jarðarbúar þátt í að hjálpa þessu fólk, sem er í raun frá öðrum hnöttum, að mynda þessa hjúpi vegna andlegra skyldleika okkar við þá. Kannski einnig vegna annarra ástæðna, þetta gerist venjulega óafvitandi hjá okkur jarðarbúum. En stundum kemur það fyrir að það sé gert af yfirlögðu ráði af einhverjum jarðarbúa eða búum, þá oftlega í illum tilgangi. En þeir hinir sem skapa þessa orkujúpa víðsvegar um landið gera það óafvitandi eða vitandi í einhverjum tilgangi.

Í sumum tilfellum afefnast þessar verur af sinni jörðu og myndast hér á jörðu í allri sinni fullkomnun, þá sjá ekki aðeins skyggnir menn þessa verur eða verða varir við þær, líka þeir allir sem eru í sjónmáli við þá. En þessar verur hverfa jafnharðan aftur eftir einhvern tíma til sinna heimkynna og efnast á sinni jörðu aftur.

Það gerist líka, og sennilega oft en almenningur gerir sér grein fyrir, að skynnæmir jarðarbúar afefnist af einu landinu og myndist á öðru landi eða í annarri sveit. Því til staðfestingar eru til mörg dæmi um að skip og menn hafa afefnast af einum staðnum hér á jörðu og myndast á öðrum stað á þessari jörðu og farið aftur á sinn fyrri stað eftir stuttan tíma.

Hjónin á Þjórsárökrum voru að leggja síðustu hönd á undirbúning fararinnar vestur á Ísafjörð sem er á vestfjarðarkjálkanum vestanvert við Ísfjarðadjúp. Þau bjuggust við Kjartani á hverri stundu. Bóndinn á Þjórsárökrum, Sigbrandur Víglundsson er hár, grannur, langleitur með grátt en þykkt hár og stuttklipptur. Mikill áhugamaður um hesta og ágætur tamningarmaður. Konan hans, Stella Þorgrímsdóttir, er lítil þybbin og búlduleit, létt á fæti og ekki síðri tamningamaður

en Sigbrandur maður hennar. Þau eru bæði af léttasta skeiðinu, jafnaldra sjötíu og fjögurra ára. Stella og Sigbrandur hófu búskap sinn á Holtahofi á Kjalarnesi, tóku við kúabúi af Þorgrími föður Stellu við fráfall hans og voru þar í tíu ár þar til þau fluttu að Þjósárökrum. Það átti ekki vel við þau kúabúskapurinn, en það var hrossarækt sem átti hug þeirra beggja. Það er ekki heppilegur staður að vera með stóðhross á Kjalarnesi. Þess vegna keyptu þau jörðina Þjósárakra.

Sigbrandur var kjörinn hreppstjóri eftir fjöggra ára búsetu á Kjalarnesinu. Þetta var á þeim tíma þegar mjólkurbrúsarnir voru við lýði og þeir fluttir á brúsapallana við Þjóðveginn sem mjólkurbílnir fluttu síðan í bæinn, það er til Reykjavíkur og í Mjólkursamlagið við Laugaveg. En það fyrirtæki er ekki til lengur.

Þegar Sigbrandur hafði verið í þessu embætti í rúm tvö ár gerðist það um sumarið að það hvarf einn og einn tómur mjólkurbrúsi af brúsapallinum á Holtahofi, en þeir voru merktir einkennistöllum Sigbrands. Honum tókst ekki að hafa uppi á brúsunum fyrr en það fór að líða að hausti. Það var í byrjun september, þá var reiðmaður ríðandi á hesti sínum í hlíðinni á Esjunni norðan við Tíðarskarðið þegar jörðin allt í einu gaf sig undir einum hófi hestsins og maðurinn pompaði niður í djúpa holu. Þegar hann aðgætti þessa holu sá hann að þarna var niðurgrafið lítið jarðhýsi fyrir eimingartæki. Maðurinn fór til Sigurbrands hreppstjóra til að tilkynna honum að hann hefði óvart og óvænt fundið brugghús í fjallshlíðinni norðan við Tíðarskarð.

Þegar Sigbrandur kom á staðinn ásamt einum bónda sem bjó þarna í sveitinni sáu þeir að þarna voru margir fimmtíu lítra mjólkurbrúsar og flestir fullir af landa. En honum brá ónotalega þegar félagi hans sagði við hreppstjórann, þarna er eitthvað sem þú átt. Þá sá hann að allir brúsarnir voru merktir honum. Það tók Sigbrand nokkra stundað átta sig á því hvernig hann skyldi bregðast við þessu. Þrír menn úr sveitinni voru fljótt grunaðir og einn þeirra tók á sig sökina. Þessi ákveðni maður var handtekinn og sat inni í einhverja mánuði.

Skömmu áður en Kjartan kom að bænum gelti Kátur, hundurinn á heimilinu. Stella leit út um eldhúsgluggann og sagði: Þetta er bíllinn hans Kjartans sem er að renna í hlað. Það er gott þá getum við farið að leggja af stað, sagði Sigbrandur þar sem hann sat við eldhúsbordið og var að borða nýbakað brauð með kaffinu. Litlu

síðar gekk Kjartan inn bakdyramegin og inn í eldhúsi. Sæl verið þið, sagði hann og kyssti Stellu á kinnina, hún tók undir það og faðmaði hann að sér. Það var gott að þú gast komið Kjartan minn, við héldum um tíma að við gætum ekki komist í brúðkaupveisluna hennar Hugrúnar minnar, það var illa gert af okkur að leggja svona hart að þér að koma, þú veist nú hvernig Sigbrandur er. Þetta verður hið besta mál.

Þá hló Sigbrandur og sagði: Já, er ekki gott að vera komin í sveitina, það er nú mun betra að anda að sér töðuilminn en allan þennan koltvísýring sem kemur frá bílunum. Sestu hérna við borðið og fáðu þér kaffi og borðaðu af heimabakaða brauðinu sem kona mín bakaði, það er enginn sem bakar eins gott brauð og hún, svo þarf ég að tala við þig um áriðandi mál. Hvað er nú það? Hefur eitthvað komið upp á? Já, ein holdakýrin, hún Dimma mín, hafði ekki fengið á réttum tíma og ég vissi ekkert um það, svo þegar fjandans bolinn á næsta bæ handan við ána slapp einhverra hluta vegna út hjá þeim, gerði holdanautið sér lítið fyrir og synti yfir ána, riðlaðist á holdakúnum okkar og gerði Dimmu kálf, það er kýrin sem hafði ekki fengið. Ekki hefur það verið vont mál. Nei, það var í sjálfu sér ágætt þar sem ég vissi ekki að hún hafði gengið upp, en það sem er verra að hún á að bera fljótlega eftir helgi en það gæti orðið fyrr og það er vandamálið.

Það ætti að vera í lagi, ég skal fylgjast með henni, samkvæmt nafninu hlýtur hún að vera dökkbrún. Já, og einlit, þriggja vetra, þetta er fyrsti kálfurinn hennar sagði Sigbrandur. Það er svo hlýtt úti ennþá að það þarf varla að setja kálfinn og kúna inn, eða finnst þér það? Nei, það ætti svo sem ekki að væsa um þær úti í þessari blíðu. Þá verður þetta ekkert vandamál, því þú hefur nú kennt mér ýmislegt gegnum árin þegar ég var sumardrengur hjá þér, sagði Kjartan. Já, það var ekki af þér skafið, þú stóðst þig vel og þú bjargaðir líka nokkrum lömbum við burðinn þegar ég var með kindurnar, en nú hef ég losað mig við skjáturnar.

Þetta verður ekkert vandamál, Sigbrandur. Þið getið þess vegna farið áhyggjulaus norður og ef eitthvað kemur uppá fæ ég aðstoð á Hóli hjá vini þínum eins og venjulega. Skömmu síðar lögðu hjónin af stað norður.

Daginn eftir fór hann tvisvar út í haga á traktorunum til að fylgjast með Dimmu og hann taldi í síðara skiptið sem var að kveldi til að hún mundi sennilega bera

daginn eftir. En það var erfitt að sjá það þar sem hún var ljónstygg og því ómögulegt að nálgast hana, þá hljóp hún í burt og það var engu líkara en hún skeiðaði eins og stóðhestur.

Morguninn eftir sá hann ekki betur en hún væri langt komin að burði, sennilega mundi það gerast seinni partinn í dag. Síðar um daginn fór Kjartan aftur að líta eftir beljunni. Þegar hann nálgast holdagripina sá hann Dimmu hvergi. Þá vissi Kjartan strax að kýrin hefði farið eitthvert afsíðis til að bera og fann hana fljótlega í einni lautinni þar sem hún hafði lagst niður. Í hæfilegri fjarlægð og beint fyrir aftan kúna beygði hann sig niður og skreið í áttina til hennar eins nálægt og hann þorði til að styggja ekki kúna og lagðist niður til að fylgjast með henni í gegnum kíkinn. Hann taldi næsta víst að það væri stutt síðan sóttin byrjaði. Hann fylgdist með henni í gegnum kíkinn og sá að opnun á leghálsi var mikil. Eftir góða stund sá Kjartan að það var eitthvað óvenjulegt að, hún þyrfti greinilega aðstoð hann sá ekki betur en að kálfurinn snéri öfugt.

Eftir nokkra umhugsun mat hann dæmið þannig að ef hann færi að sækja hjálpyrði kálfurinn dauður þar sem það tæki töluverða stund og svo var það alls ekki víst að nokkur væri heima á Hólum þá þyrfti hann að leita annað og það tæki enn lengri tíma. Hann ákvað að sjá um þetta einn.

Kjartan læddist hljóðlega til baka að traktorinum og náði þar í þumlungsbreiðan spottahátt á annan metra. Læddist hljóðlega sömu leið til baka. Hann fékk ekki að nálgast hana, enda hafði hann ekki búist við því. Um leið og beljan sá hann reis hún upp og tók á rás. Það var svo sem auðvitað Dimma mín að þú þyrftir að taka á sprett en ekki hleypurðu hratt svona á þig komin, sagði Kjartan upphátt og hljóp á eftir henni góðan spöl áður en hann náði henni. Stökk á hana og greip um hálsinn á kúnni og setti handleggina um hálsinn og hélt með hægri hendi um vinstri úlnlið sinn sem var einnig undir hálsinum hinumegin frá. Hann beitti gleiðu fótunum lítið eitt upp á við, þannig hékk hann á henni þar sem hún valhoppaði. Kjartan hossaðist upp og niður samfara dýfunum þar til kýrin var orðin það þreytt að hún gat ekki meir og stoppaði, það var um það bil eftir eitt hundrað metra sprett.

Þá notaði Kjartan tækifærið sem hann var að bíða eftir. Hann renndi sér hálf boginn með bakið undir hálsinn og snéri rassinum að hægri kjálkanum og renndi

vinstri hendinni og vinstra fæti undir hálsinn meðfram hægri kjálkunum, beygði sig um leið í hnjáliðunum og fór með vinstri höndina á ennið rétt ofan við vinstra augað og síðan með hægri höndina á kjálkann gegnt vinstri hendi rétt ofan og aftan við vinstra augað hans. Á sama tíma renni hann vinstri fæti og öxlum á miðja hægri kjálka holdakýrinnar. Á sama tíma hefur höfuð kýrinnar sveigt nokkuð upp til vinstri.

Síðan færir Kjartan axlirnar hægt og sígandi nær og nær hægri nösinni og snýr þá meir og meir upp á háls kýrinnar þar til höfuð hennar er komið í vinkel upp á við miðað við skrokkinn. Nú voru hæg heimatökin að snúa beljuna niður yfir á hægri hliðina. Kjartan hélt holdakúnni þannig niðri með því að halda höfðinu spenntu með vinstri hendinni á meðan hann hnýtti framfæturna saman og annan afturfótinn. Þegar það var afstaðið gat hann aðstoðað kúna við burðinn.

Hann fór inn í hana og fann þá að fæturnir komu á undan eins og hann reyndar hafði þegar séð því afturfæturnir stóðu lítið eitt aftur úr henni. Það er engin furða Dimma mín hversu erfilega þetta gekk hjá þér, en nú ætla ég að reyna að breyta því sagði hann við kúna. Hann reyndi að toga í kálfinn þegar hún rembist, það gekk erfilega en með því að beita lagni og miklum átökum hafðist það eftir góðan tíma. Loksins fæddist þessi stóri kálfur, sem var sprelllifandi kvíga og hún stóð upp eftir litla stund. Kjartan færði kálfinn svo að Dimma gæti karað hann og leysti síðan fætur hennar, skömmu síðar fór hann heim.

Daginn eftir fór Kjartan til að líta eftir þeirri nýbornu og sá fljótlega Dimmu í nautgripahjörðinni en hvergi kálfinn. Hann hóf leit að kálfinum og fann hann skömmu síðar töluvert frá hjörðinni hálf dauðan af sulti. Það var greinilegt að hann hafði ekki sogið móður sína. Hver andskotinn þetta var verra, nú verð ég að koma Dimmu einhver veginn heim, ég get það ekki einsamall.

Hann snéri við að býlinu og hringdi þaðan að Hóli og spurði eftir Pétri. Yngsti sonur hans kom í símann og sagði: Pabbi og mamma eru ekki heima, þau fóru til Reykjavíkur og koma ekki fyrr enn seint í kveld. Kjartan kvaddi og lagði á, þetta var nú verra kálfurinn verður dauður þá nema ég fari með hann heim og gefi honum mjólk í pela. Kannski ég reyni fyrst að kom kúnni einnig heim og sé til hvernig gengur. Hann fór aftur á traktornum út eftir en í þetta sinnið með kerru

aftan í. Hann margreyndi að láta Dimmu þefa af kálfinum og setti hann síðan í vagninn, og ætlaðist til að Dimma elti, en ávallt eftir að hafa elt kerruna skamman spöl hljóp hún til baka í nautgripahópinn.

Þá tók Kjartan það ráð að fara með traktorinn og kerruna að réttinni, sem var um eitt hundrað metra í burtu frá þeim en um tæpan kílómetra frá húsunum. Þetta er stórgriparétt á þriðja metra á hæð úr sterkum viði með eins metra grindum sem hólfa réttina í tvennt, annað hólfíð er miklu minna. Hann bar kálfinn inn í litla hólfíð í réttinni og Dimma elti. Kjartan lokaði hólfinu, náði í múl til að múla hana, eftir nokkrar tilraunir setti Dimma hausinn í klofið á honum og þeytti Kjartani hátt yfir grindverkið og stökk síðan yfir grindverkið og reif það niður. Fjandakornið, þetta gengur ekki á þennan máta, ég verða að gera þetta á annan hátt. Litlu síðar fór Kjartan að bóndabýlinu og náði í verkfæri og smíðaði litla vaff-lagaða rétt út frá einu horninu, tók síðan kálfinn og beljan elti að þessu hólfu. Kjartan kom því svo við að beljan bakkaði inn í hólfíð. Þá lokaði hann því og tókst að lokum að múlbinda holdabeljuna þarna. Þá bakkaði hann kerrunni að hólfinu og batt endann á múlnum í kerruna og setti kálfinn aftarlega í hana, en það gekk ekki í fyrstu atrennu því beljan margrak hausnum í Kjartan áður en það tókst. Síðan dró hann beljuna heim í gerðið sem er fyrir utan fjósið og hesthúsið.

Það gekk með ólíkindum vel að koma Dimmu inn í fjós og í eina lausa básinn. En það var öllu verra þegar Kjartan var að reyna að kenna kálfinum að sjúga því þá tók Dimma upp á því að sparka, sprikla og dansa eins og hún framast gat í básnum. Kjartan þorði ekki að reyna að hefta hana, bæði vegna þess að hann var ekki alveg viss um að hann gæti það slysalaust og einnig var hann hræddur um að kýrin mundi brjóta sig í látunum. Með þolinmæði og þrautseigju tókst Kjartani að kenna kálfinum að sjúga beljuna slysalaust. Nú taldi hann víst að þrautin væri unnin og hann laus allra mála við þessa erfiðu belju, en það var svo var sannarlega ekki.

Þegar kálfurinn hafði drukkið nægu sína fór hann aftur fyrir beljuna og þrælfesti annan framfótinn á milli flórrimla. Kjartan stóð klofvega yfir kálfinum, hokinn á hlið við Dimmu á meðan hann var að reyna að losa þann litla, en eitthvað hefur beljunni verið í nöp við Kjartan, hún gerði sér lítið fyrir og sló öðrum afturfætinum næstum í beina línu út frá hryggnum og klaufin lenti á vörum

Kjartans, en einhverjum sekúndum áður varð hann var við tilburði hennar og stökk undan högginu og yfir á grindurnar hinumegin. Kjartan slapp frá dauða eða kjálkabroti en með sprungna vör.

Á þessu sama augnabliki komu Sóldís og Sigrún þarna að og stífnuðu upp við að sjá þetta óhapp og töldu víst að hann væri illa slasaður, en hann stóð upp með það sama og sagði: Nú, þið eru komnar, ég bjóst ekki við ykkur svona snemma. Þær svöruðu þessu engu en spurðu báðar: Ertu ekki illa meiddur? Nei, það er allt í lagi með mig, mér tókst að komast undan högginu. Hún er kolvitlaus og stórhættuleg þessi belja, það ætti að drepa hana á stundinni áður en hún gerir einhverjum mein, sagði Sigrún. Kjartan svaraði þessu engu gekk að kálfinum og sneri rassinum næstum fast að beljunni. Ertu kolvitlaus, ætlaðu að láta beljuna gera alveg útaf við þig fyrst henni tókst það ekki áðan?, sagði Sóldís skelfd. Hún getur ekki slegið svo hættulega fast þegar ég er svona nálægt henni og sný rassinum í hana, svaraði þá Kári rólega og tókst á endanum að losa kálfinn í friði fyrir Dimmu og færði hann fremst í básinn. Þær sögðu ekkert en horfðu hvor á aðra undrandi.

Hann kímdi lítið eitt um leið og hann sagði: Eigum við ekki að fara inn og fá okkur eitthvað í svanginn, ég er alla veganna glórhungraður og er þar að auki búinn að gera það sem ég þarf í bili, sagði Kjartan um leið og hann lagði hægri lófann á hvirfil sinn og dró hann hægt fram á ennið, sem er kækur hjá honum undir vissum kringumstæðum. Með það fór þau inn í íbúðarhúsið, stúlkurnar settust við eldhúsborðið á meðan Kjartan lagði gómsætt lambalæri á borðið, eftir að hann hafði hitað það upp frá því í gærkveldi.

19. KAFLI

Daginn eftir lá Jökull með kíkí í hendinni uppi á hæð í lágri laut, gegnt bugðunni á ánni. Áin teygir sig nokkuð langt í austur að Þjóðveginum. Hann hefur varla bært á sér síðan um morgunsárið í stilltu veðri með þokubökkum. Jökull fylgdist með fólkinu á Þjórsárökrum og var einnig öðru hvoru að líta beggja megin yfir hæðina og norður yfir ána sem er nokkra ferkílómetra sléttlendi grösugt og þúfótt. Hann var hræddur um að það sæist til hans ef hann sæti uppréttur í lautinni þegar þau kæmu skyndilega út úr húsinu eða litu út um gluggann. Jökull hafði séð þau fara í fjósið um níuleytið og koma þaðan út fjörutíu mínútum síðar og fóru þaðan út og síðan inn í hesthúsið. Þau voru þar góða stund áður en þau komu þaðan út og gengu beint inn í íbúðarhúsið. Hann varorðin hundleiður og ergilegur yfir þessari aðgerðarleysi, en reyndi að halda limum sínum á hreyfingu öðru hvoru til að stífna ekki upp. Jökull leit á úrið í eitt undraðasta sinn og fannst mínútan vera heil eilífð, klukkan var rétt byrjuð að ganga tvö. Skömmu síðar sá hann Sóldísi, Sigrúnu og Kjartan fara inn í hesthús og vera þar stundarkorn. Komu síðan þaðan út með þrjá hesta í reiðtygjum. Þau riðu norður troðninginn samsíða með ánni að bugðunni sem liggur í norðvestur en héldu stefnunni áfram í norður. Jökull þekkti það vel til hesta að hann var fljótur að sjá að þetta voru ásjálegir klárhestar.

Eins og allir landar vita hafa íslenskir hestar fimm ganga, þeir eru: tölt, skeið, brokk, stökk og gangur. En klár hestur hefur brokk-tölt og skeiðar ekki eða mjög lítið, svo eru einnig til skeið-tölt og mörgum þykir sérlega ánægjulegt að láta gamminn geysa og renna á skeiði á sléttum ís.

Þegar þau voru komin það langt úr augsyn að hann taldi óhætt að rétta úr sér þá loksins lét hann verða af því. Hann hefur verið að velta vöngum frá því að hann kom að ánni kvaða brögðum foringinn muni beit til að fyrirkoma þessari saklausu yndisfögru dís. Hann varð mjög reiður af þessari tilhugsun.

Ef ég get með einhverjum hætti komið í veg fyrir það skal það verða gert, þó án þess að setja mig í lífshættu þann vara ætlaði hann þó að hafa á. Reiði hans var algjör og hann var nú þegar farinn að hugsa sér til hreyfingar að ganga úr þessari samkundu eftir að hann las ljósmynduðu skýrslurnar af öllum þeim morðum sem frammámennirnir í þessari hreyfingu á Íslandi höfðu fyrirskipað. Og ekki síður

varð honum um og ó þegar hann sá hvað átti að gera við einhverja fagra rós sem heitir Tinna og var útvalin til að geta barn með djöflinum hvernig svo sem það átti að gerast. Hann taldi þá hugmynd hreina endaleysu. En Jökull var ekki í neinum vafa um að það átti að gera eitthvað óhugnanlegt við þessa Tinnu.

Þar sem mér er ómögulegt að skilja hvernig þeir ætla að drepa Sóldísi, gerir það mér mun erfiðar fyrir til að geta hjálpað henni. Kannski hefur áin einhverja þýðingu hún á sennilega að vera einhverskonar dauðagildra. Þá kemur þessi spurning með hvaða hætti á að koma henni í ána. Jökull leit enn einu sinni yfir svæðið og gat ekki séð nokkra manneskju í nánd eða nokkurn skapaðan hlut á ferð eða flugi sem ætti að fremja þann dularfulla verknað.

Jökull hafði sofið vel nóttina áður, mætti inn á Hótel Selfoss klukkan átta í gærkveldi. Fékk lykilinn að herbergi 204, opnaði það og gekk inn, setti um leið upp spjaldið sem hékk innanvert á hurðinni sem á stóð: Ónæðið ekki. Þarna lá hann í rúminu til klukkan tólf á miðnætti, breytti útliti sínu á þann hátt sem hann aldrei hafði gert fyrr. Læddist niður stigann án þess að nokkur sæi hann, þó það hafi kannski ekki skipt nokkru máli með þetta útlit. Hann skildi bílinn sinn eftir og settist þess í staðinn inn í bifreið, sem hafði verið lagt þarna skammt frá fyrr um daginn af félögum hans og hann hafði lykil af. Jökull kom þess vegna átta klukkutímum áður á tiltekinn stað en honum hafði verið sagt að gera. Hann vissi af gamalli reynslu ef eitthvað mikið lá við fyrir hagsmuni hreyfingarinnar þá var njósnað um njósnara þeirra. Hann taldi sig oftast hafa orðið varan við þá. Presturinn treysti undirmönnum sínum ekki betur en þetta, en Jökull gat ekki séð að nokkur maður hafi elt hann.

Núna gekk hann frjálst rétt neðan og sunnan við kambinn í austur á hæðinni og leit öðru hvoru yfir til að fylgjast með svæðinu þeim megin. Hann hafði ekki komið auga á nokkurn mann nema fólk sem bjó á báðum sveitabæjunum sem voru þarna skammt undan. Hann taldi víst að þetta fólk sem þarna var mundi ekki skipta sér af málum Sóldísar eða honum þó það sæi hann þarna á ferli. Hann ætlaði samt að fylgjast með þessu fólki. Jökull gekk til baka á fyrri stað ánægður.

Jökull hringdi úr gsm-símann, Steiner svaraði og spurði strax: Hvað er að fréttu? Þau voru að leggja af stað og ríða á þrem hestum meðfram ánni og eru fyrir

skömmu farin fram hjá bugðunni og stefna í norður. Virðist þér þau ætla að halda eitthvað áfram í þessa átt spurði Steiner. Já, mér sýnist það. Jökull, þú bíður þarna þangað til þau koma til baka, passar að þau sjái þig ekki og lætur mig vita þegar þau koma til baka og nálgast bugðuna á ánni, síðan ferðu niður á Selfoss á hótelið og bíður þar á kaffistofunni þar til ég hringi í þig. Ég geri það, sagði Jökull. Þá slökkti Steiner á símanum. Hvern fjandann ætla þeir að gera, hugsaði Jökull um leið og hann slökkti einnig á sínum síma.

Þennan sama morgun vaknaði Sóldís hress og endurnærð snemma morguns eins og venjulega, hún reis strax úr rekkju af tilhlökkun. Það var nýbreytni fyrir hana að koma í sveitina, það hafði hún ekki gert síðan á unglingsárum sínum. Hún fór inn í eldhús og þar var Kjartan fyrir og var búinn að dekka og koma morgunmatnum fyrir á borðið fyrir þau þrjú; brauð, egg, kornflex, hafragraut og ýmiskonar álegg.

Kjartan sat við borðið að skófla í sig hafragrautnum þegar hún kom inn í eldhúsið, skömmu síðar kom Sigrún. Eftir morgunmatinn fóru þau í fjósið til að gefa nautgripunum og nokkrum hestum sem voru í hesthúsinu.

Stúlkurnar voru undrandi yfir hversu róleg og blíð nautin voru og vildu jafnvel láta klóra sér. Sóldís lét það eftir sér að gera það þeim til geðs í stutta stund. Síðan hjálpuðust þau við að gefa gripunum og sópa undan þeim og fóru síðan inn í hesthúsið. Þar inni voru aðeins þrjú hross sem Kjartan hafði náð í út í haga daginn áður, þau voru tamin. Þær spurðu báðar hvaða hest þær ættu að fá? Kjartan benti á rauðan hest og sagði við Sigrúnu þessi hestur er mjög þægur, traustur og verulega öruggur, þýður töltari, ég ætla þér hann. Er mér óhætt að klappa honum, spurði Sigrún. Sá rauði vill það örugglega. Sigrún teygði sig yfir jötuna og strauk yfir snoppuna á hestinum.

Þessi rauðskjótti er stilltur og mjög taumspakur klárhestur og viljugur, ég reikna með að hann sé góður fyrir þig. Hvað heitir hann?, spurði Sóldís. Léttfeti, svaraði Kjartan. En minn?, spurði þá Sigrún. Þá benti Kjartan á höfuðið á hestinum og sagði: Þú sérð að það er eins og hvítur hálfmáni á enni hans, þess vegna er hann kallaður Máni.

Þegar Sigrún sá að Sóldís fór í básinn til Léttfeta rólega og óhikað og snerta lendar hans fyrst og strjúka honum frameftir að höfði, þá gerði Sigrún slíkt hið sama við sinn hest. Skömmu síðar benti Sóldís á þann brúna sem var í innstabásnum og sagði: Þú verður þá á þessum brúna, hann líka klárhestur. Já, og hörkuviljugur en ekki alveg eins taumspakur og þinn þar sem hann er ekki alveg fulltaminn.

Þær gengu um hesthúsið á meðan Kjartan var að gefa hestunum. Þegar Sóldís kom að einum lokuðum bás sem jarpur hestur var inn í sagði hún með lágri upphrópun: Svakalega er þessi foli fallegur, hann hlýtur að vera graðhestur, sagði Sóldís. Já, og það voru boðnar í hann tíu milljónir í vor, en Sigbrandur vildi samt ekki selja hann. Þá hlýtur hann að fá eitthvað mikið fyrir hestinn í leigu yfir árið sagði Sóldís.

Skömmu síðar fóru þau út úr hesthúsinu. Á leiðinni yfir hlaðið að íbúðarhúsinu fann Sóldís skyndilega fyrir sérkennilegri kvíðatilfinningu sem hún kannaðist vel við og vissi að boðaði aldrei gott. Þegar hún var næstum komin að útidyrhurðinni var eins og gripið væri um maga hennar, snúið upp á og hún fór í keng, en um leið skynjaði Sóldís sig fljóta niður eftir ánni ósjálfbjarga og Kjartan syndandi skammt frá henni, síðan hvarf sýnin.

Þar sem Kjartan var á eftir stúlkunum sá hann þetta og spurði: Ertu að verða eitthvað veik. Nei nei, það er ekkert, sagði hún og þau fóru inn íbúðarhús. Þegar inn var komið var Sóldís óvenju alvarleg, gekk að einum glugganum og horfði upp á hæðina en sá engan, en skynjaði eftir sem áður að ókunnugur maður væri í beinni línu einhvers staðar ofarlega í brekkunni og biði eftir einhverju, hvers vegna vissi hún ekki almennilega. Hún gat ekki fundið að hugsun hans væri neikvæð, svo það gæti varla stafað nein hætta frá honum. En hvers vegna finnst mér hann blandast inn í þessa hræðilegu skynjun sem ég fann áðan? Hvað er maðurinn eiginlega að gera þarna?

Kjartan sá að það var eitthvað meira en lítið sem angraði Sóldísi og sagði þess vegna við hana: Ég veit að það er eitthvað að angra þig, segðu mér hvað það er. Sóldís hikaði svolitla stund og sagði: Ég skynjaði eitthvað ógnvekjandi við ána, þess vegna vil ég ekki að við förum yfir hana. Nei, það var aldrei ætlunin, sagði Kjartan. Jæja, þá verður þetta sennilega allt í lagi, sagði Sóldís. Hún taldi að þetta

væri viðvörðun um að þau ættu ekki að fara yfir ána. En hún fann samt eftir sem áður þessa kvíðatilfinningu ennþá og sagði þess vegna við sjálfa sig: Ég get ekki ætlast til þess að við hættum við að fara í reiðtúrinn einungis vegna magakvíða. Ég verð bara að hafa öll skynfæri mín opin og fylgjast vel með þá verður þetta allt í lagi, sagði hún við sjálfa sig. Hana grunaði ekki að menn Satans væru á eftir henni í þetta sinnið, kannski vegna þess að hugur hennar var allur um hestaferðalagið sem var í vændum og hún vildi ekkert frekar en njóta þess sem best.

Í hellinum upp á sviðinu gegnt líkneski djöflatrúarmanna var presturinn Steiner ásamt höfðingjunum tólf. Allir sátu þeir í rauðum stólum með háu baki í bogadreginni línu, fyrir framan altarið nema tveir þeirra sem voru að slátra grís til fórnar Satans, honum til dýrðar. Þegar höfðingjarnir tveir höfðu lagt grísinn á hliðina á altarið, skar annar þeir hann á háls og blóðið úr honum flaut yfir atarið. Presturinn og höfðingjarnir tólf sátu og sungu ömurlegar vísur um dráp með lágri þungarokktónlist í bakgrunni.

Eftir nokkra stund náðu þeir sambandi við tvær tröllvaxnar systur, sem eiga heima í sömu heimkynnum og tröllasysturnar tvær sem fyrr var getið, en óvíst er að það séu sömu systurnar. Þegar sambandinu var náð kyrjuðu þeir: Þið komið með hamförum og efnist við tröllkonuhlaup í Þjórsá og drepjið Sóldísi, drepjið Sóldísi, drepjið Sóldísi. Þið drekkið henni, drekkið henni, drekkið henni. Í Þjórsánni, í Þjórsánni, í Þjórsánni.

Jökull sá þau koma ríðandi á hrossunum og nálgastárbugðuna, hann leit í síðasta sinnið yfir svæðið í gegnum kíkinn áður en hann tilkynnti um komu þeirra að bugðunni, sem nefnist Tröllkonuhlaup, og sá engan aðkomugest. Þess vegna skyldi hann ekki þýðingu þeirra upplýsinga sem hann veitti Steiner, þegar hann tilkynnti honum að þau nálguðust árbugðuna á reiðskjóttum sínum. Jökull trúði því ekki að einhver lægi þarna í leyni án þess að hann vissi um það með byssu til að skjóta Sóldísi á færi og þar að auki hefðu þeir þá ekki þurft á hans hjálp að halda með þessum hætti. Þegar hann sá að Sóldís, Sigrún og Kjartan voru farin að nálgast þetta svæði hringdi hann í Steiner og tilkynnti hvar þau voru stödd. Taldi næsta víst að Steiner væri að leggja fyrir hann einskonar próf, þess vegna væri það engin hætta þó hann léti Steinar vita hvar þau voru stödd.

Sóldís og Kjartan voru í sérlegu góðu skapi hlógu og skemmtu sér, undu þessarar samverustundar og tóku ekkert eftir því að Sigrún hafði dregið sig frá þeim til að leyfa þeim að vera tvö saman, hún var þar af leiðandi nokkuð fyrir aftan þau. Nú áttu þau ekki langt eftir að bænum. Sóldís gleymdi allri hættu og var því ekki eins gætin sem hún hafði annars verið svo hún tók ekki eftir því sem var á næsta leyti fyrir en of seint.

Jökull leit aftur yfir svæðið og beindi síðan kíkinum að bugðunni. Þá sá hann sér til furðu einkennilega bólstra sem virtust vefja upp á sig og þéttast ört hans megin við ána og rétt innan við bugðuna hjá Tröllkonuhlaupi. Hver fjandinn er nú þetta?, sagði hann upphátt við sjálfan sig. Eftir skamma stund sá hann móta fyrir tveimur mannslíkömum sem þéttust fljótlega og urðu að tveim tröllvöxnum óásjáleghum konum í árásarhug. Jökull varð næstan stjarfur af undrun sem var hrolli blandin, því hann vissi hvað þetta þýddi og gat ekkert gert þeim til hjálpar.

Sóldís og Kjartan riðu á léttu tölti samhliða en Sigrún hafði haldið í við hestinn sinn í bakaleiðinni, enda vissi hún að þau tækju vart eftir því þar sem þau höfðu sleppt öllum áhyggjum, töluðu um allt og ekkert og nutu þessara samverustunda þar sem sólin hafði brotist gegnum skýin og yljað þeim. En það var líka annar ylur sem streymdi á milli þessara tveggja sálna og ekkert komst að nema þau tvö. Kjartan reið næst ánni. Þau tóku ekki eftir hættunni fyrir en hestarnir fældust og hlupu stjórnlaust af stað.

Kjartani tókst að koma í veg fyrir að hestur hans hlypi út í ána og tókst að lokum að stilla sinn hest, en skildi ekkert í því hvaðan þessar ferlegu og árásargjörnu kerlingar komu. Þegar hann hafði stillt hestinn sinn sá hann ekki kerlingarnar meir og gleymdi þeim um leið þegar hann sá hest Sóldísar stingast fram af háum bakkanum niður í straumþunga ána og heyrði angistaróp í Sóldísi sem hljóðnaði um leið og hún hvarf undir yfirborð árinna með hestinum. Blessuð skepnan reif sig upp á yfirborðið með Sóldísi á bakinu og reyndi að bjarga sér. Straumelgurinn dró bæði hestinn og Sóldísi aftur í kaf, eftir skamma stund reif hesturinn sig enn upp á yfirborðið en þá sást ekki til Sóldísar. Kjartan reið niður með ánni og Sigrún á eftir. Skyndilega hrópaði Kjartan: Þarna er hún komin upp! Hann sá hana fljóta

niður eftir ánni að reyna að bjarga sér á sundi. Vanlíðan Kjartans var óbærileg og ekki síður Sigrúnar þegar þau flengriðu meðfram ánni. Þegar Kjartan hafði barið hestinn áfram með fótstokkunum komst hann fram fyrir Sóldísi þar sem hún var að berjast við að halda sér uppi á yfirborðinu en hringiðan dró hana öðru hverju í kaf aftur og hún var að verða kraftlaus. Kjartan stökk af baki og stakk sér í ána nokkru neðar við Sóldísi og tókst að synda út í ána miðja, en um leið fljóta með straumnum. Hann náði í höndina á Sóldísi þegar hún rétti hana til hans um leið og hún fór fram hjá, þar sem honum tókst að spyrna lítilsháttar á móti straumnum og hægja þannig á sér.

Kjartan greip þéttingsfast um úlnið hennar og hélt í hana dauðahaldi á meðan hann var að ná björgunartaki á henni. Síðan reyndi hann að synda með hana í land. Oft sukku þau í kaf en oft tókst honum líka að halda höfði hennar upp úr þó hann sykki undir yfirborðið. En stundum lentu þau í hringiðju vatnselgsins sem greip þau heljartaki og dró þau í kaf. En einhvern veginn tókst Kjartani alltaf að brjóta sig úr þessum djöflatökum. Í eilífðartíma voru þau í ánni að berjast fyrir lífi sínu. En í huga Sigrúnar, sem var ær af hræðslu um þau tvö, hafði Kjartani, með ofurkrafti að hennar mati, tekist að rífa sig upp á yfirborðið með Sóldísi í fanginu. Þau nálgudust árbakkann fljótt niður með ánni í straumkasti hennar og bylgjulátum. Að lokum tókst Kjartani með óskiljanlegum hætti að skrönglast með herkjum og ódrepanði lífsþrá upp á lágan klett sem skagaði út í ána og allt þrek hans var næstum búið og hann hálf meðvitundarlaus. En Sigrún stökk af baki, þar sem þau komu að landi, því hún hafði fylgt þeim eftir á hestinum. Skreið niður að árbakkanum og tók Sóldísi úr höndum hans þar sem þau lágu við vatnsborðið á steini. Sigrúnu var ekki í kot vísað, hún teygði sig niður til Sóldísar og lyfti Sigrún henni meðvitundarlausri án mikilla áreynslu upp á háan bakkann en lét Kjartan eiga sig. Hún sá strax að hver sekúnda var dýrmæt ef Sóldís ætti lífi að halda.

Hún byrjaði á lífgunartilraunum á Sóldísi með það sama. Eftir örskamma stund jafnaði Kjartan sig og sá þá að Sigrún var einnig að hjartahnoða Sóldísi. Hann reif sig upp og gerði blásturaðferð á henni milli þess sem Sigrún hjartahnoðaði. Angist þeirra var mikil og var barist upp á líf og dauða við að bjarga Sóldísi. Að lokum komst hún til meðvitundar úr dauðadáinu, hún kúgaðist og hóstaði góða stund

áður en hún jafnaði sig. En feginleika Sigrúnar og Kjartans verður ekki með orðum lýst.

Jökull lá flatur á sama stað þarna uppi á hæðinni og fylgdist með þessu öllu saman gegnum kíkin. Hann var spenntur og á milli vonar og ótta, einnig furðu lostinn yfir dirfsku og þreki Kjartans við að berjast við heljarafli vatnselgsins og sigra hann með Sóldísi í fanginu. Jökull skildi nú fyrst hvað yfirmenn hans réðu yfir miklum öflum og hversu drápsfýsnin þeirra þótti sjálfsögð fyrir málstaðinn. Enda vissi hann eftir að hann las skjölin hvaða áhrif Sóldís átti að hafa á stefnumörkun þeirra.

Jökull vonaði af fyllstu alvöru að þeim tækist að lífga hana við. Honum létti til muna þegar hann sá hana hreyfa sig og rísa upp skömmu eftir að hún kastaði upp vatni. Hann hafði gaman, hló lágt og glotti síðan þegar hann hugsaði: Einhverjir verða nú ekki ánægðir í dag.

Jökull skreið aftur á bak niður hólinn að norðanverðu þangað til hann var kominn í hvarf. Gekk að bifreið sinni sem var þó nokkurri spöl í austur frá hólnum og ók að hótelinu á Selfossi sem er við ána og sat þar í nærri tvo tíma. Á tilsettum tíma settist hann aftur inn í bifreiðina og beið eftir hringingu í gsm-síma frá þessu glæpahyski sem honum fannst nú orðið yfirmenn sínir vera.

Jökull svaraði og Steiner sagði með öruggri vissu og leyfði sér jafnframt að brosa og talaði í líkingamáli: Jæja, loksins varð af því að tíkin var drepin og hundurinn anaði beint út í dauðann svo við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þeim lengur. Það hlakkaði í Jökli að lægja í honum rostann og átti erfitt með að dylja ánægjuna og svara með glaðbeittum rómi, en hann vissi sem var að sá tilfinningahljómur mundi leiða hann beint í gröfina, hann yrði ekki eins erfiður viðfangs eins og Sóldís og Kjartan.

Hann gerði sér upp vonbrigði og hryggð þegar hann sagði: Ekki fór það svo, þessu var klúðrað, hundkvikindið og tíkin hlupu sprellifandi í burtu. Hvað ertu að segja?, það getur ekki verið, sagði Steinar hvasst og átti mjög erfitt með stilla skap sitt. Því miður tókst þeim að rífa sig úr fangbrögðunum. Steinar gat ekki stillt tilfinningar sínar betur en það, eftir að hafa fengið þessar upplýsingar, að það varð þögn í góða stund áður en hann náði tókum á sér og kvaddi því næst með rólegri röddu og lagði símtólið á.

Þegar Sóldís hafði jafnað sig stóð hún upp en var hálf ringluð fyrst í stað, öll voru þau þungt hugsi, kvíðin og þögul. Kjartan náði í hestana sem voru skammt frá þeim, en hesti Sóldísar hafði tekist að bjarga sér og haft vit á því að synda yfir á hinn árbakkann þar sem hann var mun lægri og var að bíta þar.

20. KAFLI

Þau sögðu lítið á leiðinni að sveitabýlinu en hugsuðu því meir. Kjartan teymdi undir Sóldísi en Sigrún teymdi sinn hest. Þau voru frekar þungstíg með álút höfuð. Sóldís hafði sest á sinn hest fyrir fortölur hinna, hún hafði sagt þeim að hún gæti alveg eins gengið eins og þau. Kjartan hafði ekki verið í skapi til að ansa því. Sóldís fór eftir þessari beiðni vegna þess að hún fann sig ekki vera manneskju til að geta gengið eftir að vera nýsloppin úr greipum dauðans hún þar sem hún titraði og skalf ennþá eftir volkið.

Sóldís bæði sá það og fann hversu heiftarlega reiður Kjartan var út í sjálfan sig að hafa ekki getað komið í veg fyrir að hún færi í ána. Hann reyndi að leyna því en gat það ekki frekar nú en venjulega, þar sem blóðið ólgaði í æðum hans. En hún vissi það sem Kjartan hafði ekki einu sinni grun um, að þessar ógnarlega stóru óásjállegu kerlingar, sem birtust þeim þarna óvænt og hurfu jafn skyndilega og þær komu, voru gestir frá öðrum hnöttum, það var hún ekki í nokkrum vafa um. Hún var einnig ekki í vafa um hverjir það voru sem hjálpuðu þessum skessum að birtast þarna við ána. Núna fyrst var hún verulega hrædd, ekki einungis vegna þessarar ógnarhættu sem hún var ný sloppin úr. Beygur hennar var mun meiri vegna þessara skelfilegra krafta sem þessir djöfullegu menn höfðu yfir að ráða. Þessi ægilegi máttur að þeir virtust geta stjórnað þessari orku næstum að vild sinni. Það var meira en ógnvekjandi, það var martröð í huga hennar.

Vegna þess að Kjartan hafði verið hræddur um að Sóldís mundi deyja þarna í ánni hafði hann engan tíma til að hugsa um sjálfan sig en nú braust spennan út sem hafði myndast þegar hann barðist í ánni. Hann vissi bara ekki við hvað eða hvern hann ætti að vera reiður nema þá helst sjálfan sig að geta ekki komið í veg fyrir þetta. Hann var líka meira en lítið undrandi yfir þessum furðulegum skessum sem birtust skyndilega fyrir framan þau. Hann trúði þessu vart, en varð að gera það því þau höfðu lent í ánni einmitt vegna þess.

Þegar í hlað var komið nokkru síðar setti hann hestana inn og gaf þeim. Hesturinn hans Kjartans titraði ennþá lítils háttar eftir áreynsluna og fælnina. Kjartan klappaði honum, kembdi og talaði við hann og gerði það sama við hest Sigrúnar.

Hann fór inn og klæddi sig í þurr föt. Fór síðan inn í stofu og sagði við stúkurnar: Ég ætla að sækja Léttfeta yfir ána.

En þá var Sóldís komin upp í sófa og umvafin hlýrri mjúkri dúnsæng sem Sigrún hafði náð í og sagði henni að liggja þarna í ró og næði þangað til hún væri búin að jafna sig því það væri langt í land að svo væri eins og hún væri á sig komin núna. Hún hafði lagst upp í sófann þegjandi og hljóðalaust og komin í náttföt af gamla mannum. Sóldís var dauðfegin að hjúfra sig undir sængina. Þegar hún var búin að koma sér fyrir undir sæng sagði Sigrún: Ég ætla að hita kakó handa okkur og vita hvort ég finn ekki eitthvert góðgæti. Með það í huga fór hún fram í eldhús.

Á meðan Sigrún var í eldhúsinu fór Sóldís að hugsa um hversu hrædd hún hafði verið og viss um dauða sinn þegar hún var að berjast fyrir lífi sínu í ánni. En þegar hún sá hvað Kjartan barðist hetjulega og synti rösklega í straumnum í átt til hennar án þess að hugsa um sjálfan sig, vissi hún að enn einu sinni væri hann bjargvættur sinn og tækist að koma henni lifandi burt frá hættunni. Hún hafði því lagt allt sitt traust á hann, allur máttur hennar og kraftur var þorrinn, það hefði varla mátt tæpara standa. Hún fann að tárin runnu niður vanga sína hún þurrkaði þau með sængurhorninu. Smám saman slakaði hún meir og betur á og fann til syfju og meiri ró, sem oftlega vill vera fylgifiskur mikillar spennu. Ekki síður var það vegna þeirrar öryggistilfinningar að hafa þessa traustu og góðu vini hjá sér.

Hún hugsaði sérlega með hlýhug og elsku til Kjartans, fann það nú sem aldrei fyrir að hún elskaði þennan mann. Hún hafði að vísu gert sér grein fyrir því þegar hjartað hennar hafði slegið örar þegar hún hafði riðið við hlið hans síðasta spölinn að heimreiðinni áður en þessi hryllingur gerðist.

Kjartan reið á hesti Sigrúnar, þar sem hann hafði ekki fælst, suður eftir að brúnni og síðan í norður og náði Léttfeta strax, klappaði honum, gældi við hann og talaði til hans honum til hughreystingar. Hann létti einnig á hjarta sínu um hug sinn til Sóldísar, þó blessuð skepnan skildi minnst af því sem hann sagði. Það er svo margt dulúðugt sem gerist umhverfis Sóldísi að ég efast um við þrjú ráðum við þessa glæpamenn. Þá fer það ekki nema á einn veg. Veistu það að frá minn hálfu sé ég hálf í hvoru eftir að hafa beðið Sigrúnu um að hjálpa okkur þar sem henni bíður bara dauðinn.

Svo hefði ég aldrei átt að biðja þær að koma í sveitina. Það er eins og annað, maður getur alltaf sagt svona eftir á og þá hefði þetta að sjálfsögðu aldrei komið fyrir. En það kemur annað til ég hefði ekki verið öruggur um þær einar í borginni.

Ég ætla að segja þér það, sem þú veist að sjálfsögðu ekki, ég elska þessa stúlku, en það er stóri galli á gjöf Njarðar; Sóldís elskar mig ekki, hún vill aðeins vera vinur minn. Þú veist það að sjálfsögðu ekki hver skoðun mín er að þessu leyti. Auðvitað veistu það ekki, en ég skal segja þér hver hún er: Vinátta getur sjaldan verið á milli gagnkynja ef ástin er ekki með hjá báðum aðilum. Því annar verður oftast ástfanginn og sá sem er það ekki telur hinn aðeins vera vin sinn, þá fer það alltaf á þann veg að hann notfærir sér þann ástfangna á einhvern hátt, en venjulega er það gert óafvitandi. En í þessu tilfelli, á milli mín og Sóldísar er svolítið óvenjulegt. Því hvað gerir ekki manneskjan til að reyna að bjarga lífi sínu. Hún leitar alltaf ásjár til þess sem hún treystir og telur að geti bjargað henni. Það ætla ég að láta þig vita að ég mun leggja líf mitt í sölurnar fyrir hana þó hún vilji ekki verða mín núna, en ég lifi enn í voninni.

Kjartan reið síðan heim á Léttfeta með Mána í taumi og fór með báða hestana í hesthúsið. Hann var þarna góða stund, talaði með sérstaklega lágri róandi röddu við hestana sem fældust, klappaði þeim, kembdi og gaf þeim heytuggu.

Sóldís sat í sófanum í stofunni og var búin að klæða sig en Sigrún sat gegnt henni, þær drukku kakó og biðu eftir Kjartani. Þær höfðu ekki minnst einu orði á nýliðinn atburð. En Sigrún spurði, meira til að segja eitthvað en að vilja fá svar: Hvað ætli Kjartan sé að gera?, hann hlýtur að vera búinn sækja hestinn. Kjartan er að dunda sér inni í hesthúsi og er reiður sjálfum sér, þungt hugsí vegna þess að hann kennir sjálfum sér um hvernig fór, því að hann bað okkur að koma hingað. Svo hefur hann samviskubit yfir því að hafa blandað þér í þetta mál.

Af hverju sér hann eftir því? Það er vegna þess að nú er hann hræddur um þitt líf líka. Hann þarf þess nú ekki, ég tók þessa ákvörðun þegar mér var boðið og það er einungis ég sem ber ábyrg fyrir því. Þar að auki get ég bjargað sjálfri mér eins og hingað til. Þess vegna er það jafn asnaleg hugsun og það að hann skuli kenna sjálfum sér um slysið sem varð í dag. Enginn mannlegur máttur hefði getað komið í veg fyrir það, svaraði Sigrún. En áttaði sig svo um leið og spurði undrandi en

hvernig veistu hvað Kjartan er að hugsa? Sóldís svaraði síðustu spurningunni ekki en sagði: Kjartan veit vel að ég var ekki síður í hættu í Reykjavík, svo þessi ásökun hans á sjálfan sig stendur ekki lengi yfir.

En það sem hann veit ekki er að þetta var ekki slys, þessir manndjöflar sem eru að reyna að koma mér fyrir kattarnef voru þarna að verki. Sigrún leit með vantrúuðum augum á Sóldísi og sagði: Hvað ertu að segja, Sóldís mín? Þetta getur bara ekki verið rétt hjá þér og hvernig í ósköpunum á það nú eiginlega að gerast?

Á þessu augnabliki kom Kjartan inn í stofuna. , það er bara ilmandi kakólykt og dekkad borð og ég sé að þú ert komin á ról og búin að ná þér eftir volkið, sagði Kjartan um leið og hann settist við sófaborðið. Sóldís hellti í bollann hans. Já, mér líður mjög vel og þessar veitingar eru einungis Sigrúnu að þakka og hún þakkaði mér undir sæng, þess vegna er ég svona hress núna.

Þakka þér fyrir Sigrún, því ég er alveg glórhungraður. Svo byrjaði hann að háma í sig kaffibrauðið með kakóinu og þær horfðu brosandí á hversu lystugur hann var. Þegar hann hafði etið sig saddan hallaði hann sér aftur í leðursófastólinn. Það sem í raun undrar mig mest við þessi ósköp í dag er að þessi fyrirbæri skuli einmitt birtast á þessu augnabliki þegar verst skyldi. Er það ekki venjan þegar eitthvað kemur fyrir?, sagði Sóldís. Jú, að sjálfsgöðu en þetta er meira en lítið óvenjulegt. En ég hef alltaf haldið að þessar sögur um tröllskessusystur sem fóru fjöllunum hærra um sveitina og áttu að hafa búíð í sin hverju fellinu hérna nærri væru þjóðsögur. Eftir því sem ég best veit hefur enginn í sveitinni frá því ég var barn séð þessar skessur, þó lengra aftur í tímann væri leitað. Svo ég taldi alveg víst að enginn fótur væri fyrir þeim. En hvers vegna í andskotunum þurftu þær að sanna tilvist sína á þessu augnabliki og endilega á þessum stað.

Ég veit að þér finnst þetta vera ótrúleg tilviljun, en hvernig yrði þér við ef ég segði að þetta væri ekki óhapp? Hvað áttu eiginlega við?, spurði Kjartan undrandi og Sigrún beið spennt eftir framhaldinu. Þessir hryllilegu menn sem vilja koma mér sem lengst út í hafsauga, voru þarna að verki. Að sjálfsgöðu vilja þeir núna að þið fylgið mér þangað. Það er gjörsamlega útilokað, þessu trúi ég ekki, sagði Kjartan ákveðinn. Nei, það gerir ekkert til, við skulum ekki ræða það nánar, sagði Sóldís. Kjartan, er það ekki svolítið umhugsunarefni hvað þetta er einkennileg tilviljun?,

sagði þá Sigrún. Jú, ég get ekki borið á móti því, þess vegna vil ég að við höldum hópinn eins og hægt er. En það verður að vera á hreinu að Söldís má aldrei vera ein, annað hvort ég eða Sigrún verðum alltaf að vera í návist Söldísar allan sólahringinn á meðan þetta stendur yfir og helst við öll þrjú þegar við mögulega getum.

Um sunnudagskvöldið voru þær komnar til Reykjavíkur. Kjartan var komin í borgina kvöldið eftir, en á leiðinni stansaði hann hjá Skíðaskálanum.

21. KAFLI

Þennan sama eftirmiðdag og Kjartan var á leið til Reykjavíkur, voru þrjár vikur síðan Vilhjálmur var settur aðstoðaryfirlögreluþjónn, næstráðandi Sverri, sem nú var yfirlögreluþjónn. Þetta voru viðamestu breytingar á löggæslumálum í áratug með þessum nýju lögreglulögum.

Hann hafði mest með það að gera að aðstoða lögregluumdæmin við rannsókn brota, kærur vegna brota lögreglumanna í starfi, landráð, brot gegn stjórnskipun og æðstu stjórnvöldum ríkisins. Hann hafði einnig með fíkniefnadeildina að gera

Á þessum tíma hefur fíkniefnadeildin, samkvæmt skýrslum frá þeim sem komu daglega til Vilhjálms, haft samfellda vakt dag og nótt yfir fógetanum og piltum hans, en ekki orðið neins vísari. Flestir piltarnir hans mættu reglulega þriðjudagskvöld og fimmtudagskvöldklukkan klukkan 8 að kveldi í salnum á neðri hæðinni í húsi hans og dunduðu sér þar eins og saklaus börn við tafl, brids og snóker og fóru klukkan 12 á miðnætti.

Vilhjálmur hafði svo sem reiknað með þessum viðbrögðum frá fógetanum og piltum hans að leika þann leik að vera sakleysið uppmálað svona fyrst í stað á meðan öldurnar gengu yfir að þeirra mati. Hann var því ekkert að gera veður út að því vegna þessa. Beið rólegur því hann var sannfærður um að fógetinn eða Spaða-Ásinn gerðu einhver mistök sem gæfi honum einhvers konar bendingu um að það væri samband þeirra á milli.

Eftir sem áður koma stórar sendingar og aldrei sem nú af eiturlyfjum sem tollgæslan hefur fundið hjá burðarmönnum. Sennilega að einhverju leyti vegna þess að tollgæslan hefur verið eflað til muna. En að öðru leyti vegna þess að eiturlyfjakóngarnir erlendis hafa aukið magnið til landsins og fjölgað burðarmönnum. Engin tengsl hafa fundist á milli þessara burðarmanna og fógetans eða Spaða-Ássins.

Vilhjálmur sat hugsi við skrifborð sitt þegar hann hafði lesið skýrsluna frá Páli Vigfússyni aðstoðarlögrelumanni hans. Í fyrra skiptið sem hann las skýrsluna hafði hann farið til yfirmanns síns með það eitt í huga að fá að endurvekja rannsóknina á Sóldísar málinu og fékk það.

Hann taldi það alltaf þakkarvert þegar heppnin fylgdi honum, það hafði einmitt gerst í þessu tilfelli þegar Vilhjálmur sendi Pál af einstakri tilviljun þennan ákveðna dag til að fylgjast með Sóldísi. Páll hafði hitt svo einstaklega vel á að sjá spæjara, sem fylgdist með Sóldísi og sérlega fyrir það, hvað hann hafði mikinn áhuga á því að upplýsa sigum hagi hennar með því að nota hlustunartæki. Þessa tæknihlíð hafði hann aldrei vitað til að leikmaður á Íslandi hafi notað fyrr.

En það er samt víst að það er ekki alltaf hægt að fá allt í einu, þó að hann hafi verið heppinn í þessu tilfelli þá var óheppni sem fylgdi á eftir, Páll missti af drjólánum svo hann vissi hvorki hver þessi náungi var eða hvort hann væri á eigin vegum eða sendur af einhverjum, þetta þarf ég að fá að vita. Svo var eitt til sem kannski skiptir engu máli, að Páll gat ekki gert skýrsluna strax svo hann gæti skilað henni til mín seinnipart föstudagsins vegna rútuslyss í Elliðaárbrekkunni þar sem Páll var kallaður á staðinn. Lögreglan var að elta drukkinn mann undir stýri þegar sá ölvaði beygði skyndilega fyrir rútna og lenti á fyrrgreindum bíl. Ölvaði maðurinn dó samstundis og rútan valt á hliðina með þeim afleiðingum að sex ökumenn óku bifreiðum sínum hverri aftan á aðra. Það þurfti að flytja tuttugu og þrjá á sjúkrahús, þar af dóu fjórir.

Mig undrar það stórlega að stjórnendur lögreglunnar hafi ekki tekið eftir hvað ökumenn hennar nota oft rautt ljós og sírenu mun oftast en nauðsyn krefur. Það hefur oft á tíðum skapað mikla hættu og hefur margsinnis valdið stórtjóni, jafnvel dauða vegna þessa sem annars hefði ekki orðið.

Ég hefði ætlað það vera eina leið til að stemma stigu við þessum óhöppum ef meiri hugvitsemi væri notuð af eftirleitarmönnum. Það mætti til dæmis með stjórnun fylgjast með brotamanni og beina honum í ákveðna átt eftir því sem við á, þá helst út úr borgar- eða bæjarhverfi. Það verður að vera í samráði við aðra lögreglubílstjóra, en vera þó alltaf í hæfilegri fjarlægð þegar ökumaður hefur ekki sinnt stöðvunarmerki lögreglunnar. Þá á ég að sjálfsögðu við að um leið og lögreglan verður vör við óhlýðni viðkomandi ökumanns þá hægir ökumaður lögreglunnar frekar á sér þegar brotamaður ætlar að flýja undan henni. Því mér þykir sennilegt, þegar viðkomandi flóttamaður verður var við að lögreglan hægir á sér þá telji hann frekar að lögreglan ætli ekki að elta sig og hægir þess vegna

frekar á sér. En eftirleitarlögreglan notar sem minnst sírenuna og rautt ljós eftir því sem lögin segja til um.

En lögreglan sem eltir ökuþórinn mun segja stjórnstöðinni til um hvar brotamaður er staðsettur hverju sinni og hún síðan stjórna aðgerðum þannig að lögreglan sjáist á ákveðum stöðum og beina þannig brotamanni þangað sem hún vill. En þetta kostar að sjálfsögðu góða skólun.

En því miður virðist erfitt að koma lögreglumönnum í skilning um þetta, og sérlega ökumönnum lögreglunnar þar sem þeim finnst þetta sjálfum svo spennandi þangað til óhappið gerist.

En það var í raun annað sem hvíldi á Vilhjálmi á þessu augnabliki. Hann hafði það á tilfinningunni að betra væri ef skýrslan um Söldísar málið hefði verið komin á borðið til hans föstudagsmorguninn. En það er ekki allt eins og best verður á kosið.

Vilhjálmur hafði hringt í Pál gegnum innanhússímann og boðað hann til sín strax, eftir að hann talaði við yfirmann sinn, sett honum það verkefni að fylgjast með Söldísi og sérlega leggja mikla áherslu á að hafa upp á þessum manni sem hefur trúlega fylgt henni sem skugginn undanfarna daga. Og komast að því hvers vegna þessi maður elti hana, hver hann er og hver stendur á bak við hann ef það er einhver.

22. KAFLI

Það er ein ákveðin skínandi ljósblá stjarna í himinhvolfinu í svo mikilli órafjarlægð að hún sést ekki frá frumlífsjörðinni Tellus með sterkasta stjörnuháði sem vísindamenn þar hafa yfir að ráða. Hún sæst ekki heldur þó styrkur hennar væri margfaldaður. Þessi umrædda stjarna er um það bil hundraðfalt stærri en sólin okkar. Hún hefur þrettán fylgihnetti sem þjóta um himingeiminn eftir ákveðnum brautum og snýst umhverfis þessa bláu sól í mismunandi fjarlægðum.

Hnötturinn sem er fjórði í röðinni frá þessari bláu sól hefur bundinn snúningshraða, sem þýðir að sama hliðin snýr alltaf að henni. Hnötturinn er svo nálægt þessari blágeigslandi stjörnu að yfirborð hennar sem að sólinni snýr er það heitt að mennskur maður getur á engan hátt lifað þar.

En það er öðru máli að gegna með bakhliðina, þar er súrefnið og ósonlagið í hæfilegu magni til að mannlíf geti þrífist þar ásamt ýmsum dýrategundunum. Þetta myrkvaða land er margfalt stærra en jörðin okkar. Þessi jörð er til tölulega ung en hefur eitt gríðarlegt djúpt og stórt haf með mörgum mismunandi stórumeyjum. Á þessari jörðu eru heilu slétturarnar með litlum eða engum gróðri, einungis gamalt eða nýrunnið hraun. Þarna eru djúpir, grunnir og breiðir dalir. Sumstaðar eru lækir, vötn, straumharðar og lygnar ár af öllum gerðum, litlar, breiðar, djúpar og grunnar. Í þessu myrkalandi eru einnig gríðarlega breiðar jökulár því þarna eru nokkrar geysimiklar jökulbreiður á efstu fjallstindunum sem eru nokkur þúsund metra frá sjávarmáli.

Mesti hluti landsins er grýtt jörð með jurtagróðri sem þrífst best í myrkrinu. Þarna vaxa einnig risasveppir sem dreifist um mörg hundruð ferkílómetra á nokkrum stöðum, af öllum gerðum og stærðum, sumir þeirra geta orðið tugi metra á hæð og bolurinn samsvarandi því. En vítt og breitt í þessum skógum dreifast tvær tegundir af þessum risasveppum, sem eru kjötætur og vaxa ýmist í hópum eða einir sér innanum hinar tegundirnar sem eru meinlausar. Önnur tegundin er með sogskálar fremst á greinunum og þessi tré geta teygst sig eftir bráðinni. En hin tegundin af þessari óhugnanlegu sveppaætt er með slímuga þykka, teygjanlega kvoðu á berkinum og vefur sig utanum bráðina þegar einhver festist í henni.

Vei þeim sem komast í snertingu við þessar sveppategundir. Oft heyrir kvalavein í skepnum og ekki síður mönnum sem eru að þvælast þarna í skóginum. Þá eru það venjulega þrælur sem eru á flótta undan eftirreiðarmönnum og þeirra síðasta hálmstrá til að sleppa frá þeim er aðfara inn í skóginn. En það kemur æði oft fyrir að þeir fara úr öskunni í eldinn, lenda í klóm ætisveppanna.

Hitamismunur er þarna sem annars staðar ásamt roki og rigningu, þokan fylgir oftlega logninu, en snjórinn nær ekki niður fyrir miðjar fjallshlíðar. Eldsumbrot eru víða og íkveikjur í gasuppsprettum og glóandi hrauni frá spúandi eldfjöllum sem renna niður í gjárnar sem eru í stuttum, mjóum eða breiðum sprungum þar sem gasuppsprettur eru. Sumar gjárnar geta verið margra kílómetra langar og kemur það fyrir að brýr af náttúruvöldum hafa myndast yfir gilum og aðskilja þannig eldhafið. Eldslogarnir teygja sig hátt til himna, þetta er eina birtan fyrir mannfólkið sem þarna býr og hefur til að lýsa sér.

Þetta er ein af mörgum mismunandi illum framlífsjörðum. Þangað fara aðeins þeir sem hafa hagað sér eins og óbótamenn á frumlífsjörðum sínum. En sumir koma frá enn verri framlífsjörðum en þessari framangreindu þar sem þeir hafa bætt sig eitthvað lítils háttar, dáið kvalafullum dauða og dregist síðan til þessara jarðar því hún er þeim líkust. Í sumum tilfellum, sem er miklu fátíðara, falla menn frá betri framlífsjörðum vegna gjörðar sinnafara á verri stað og sem samsvarar hugarfari þeirra.

Þó vonskan sé mikil hjá allflestum sem þarna búa hefur þetta fólk yfir svo miklu hugarafli og þekkingu að ráða að engin véltækni fær að standa þar stundinni lengur. Hún er þegar eyðilögð með hugaraflinu einu saman af andstæðingum. Því síður fær nokkurt vopn að vera í friði, það er eyðilagt jafnharðan. Sverðið, öxin, boginn og atgeirinn, ásamt allskonar tegundum af dálkum og hnífum eru því einu vopnin sem fá að vera í friði og með þeim er barist af heift og illgírni ef þeir ráða ekki hver við annan með hugaraflinu. Vonskan er svo mikil hjá allflestum að þeir nota hugarafli sitt einungis sér til framdráttar og reyna að knýja andstæðinginn til undirgefni og nota þá sem orkulind með því að draga til sín líforku þeirra svo lengi sem þeir lifa. Það gera þeir til að magna sjálfa sig. Oftlega tekur sá sem sigrar, andstæðingi sinn sem þræl. Að sjálfsögðu kemur það einnig fyrir að sigurvegarinn drepur óvin sinn og þá deyr hann venjulega á mjög svo kvalafullan

hátt. Sá hinn sami fer yfir á annan hnött sem er honum skyldastur ef sú breyting hefur orðið á hugarfari hans, að hann eigi ekki heima lengur á þessum hnetti. Annars rísa þeir aftur upp til lífsins þarna á þessum sama volæðishnetti. Þá eru kvalirnar hjá þessum aumingja manneskjum sem vakna á þessum stað aftur til meðvitundar ólýsanlega á meðan sárin eru að gróa. Það tekur venjulega ekki mjög langan tíma.

Það verður getnaður hjá þessu framlífsfólki eins og hjá öðrum lifandi verum og syndir feðranna lenda því á börnunum þar sem annars staðar. Þau fæðast í sama volæðinu og foreldrarnir hafa skapað sér. Þau læra og þekkja ekkert annað en að berjast og verjast með illskunni. Þarna fæðast að sjálfsögðu afkvæmi allra dýrategunda sem þarna búa og hefur þróast þarna í þessu volaða myrkraríki sérstakt hestakyn sem svipar til íslenska hestsins, með alla þá ganga sem íslensku hestarnir hafa. En þeir eru í eðli sínu grófgerðari og villtari en þeir íslensku. Þetta eru þörfustu skepnurnar og þær einu sem mannskepnan þarna metur meira en búnt af mannlífum, fara því sumir þeirra þokkalega með þá.

Sem betur fer eru til börn, sem þarna fæðast sem guðlegur geisli hefur náð til og hjálpað þeim að þroska sig frá hinum. Það sem oftast hefur bjargað þeim frá því að samlagast hinum er félagsskapur sem nefnist Bræðralag vonarinnar. Þarna er hópur manna sem hefur áttað sig og þar af leiðandi bætt líf sitt til muna. Þeir mynduðu þennan félagsskap til að hjálpa sjálfum sér og öðrum út úr versta ósómanum. Þeir fela sig í hellum og hafa útibú þar, nokkurs konar sjúkraheimili og öll þægindi til að koma fólki á réttan kjöl eins og aðstaða leyfir á slíkum stöðum.

Alla sem tilheyra þessum félagsskap á skilyrðislaust að handsama og koma með í höll keisarans og færa honum fangana. Að launum fá þeir sem það gera inngöngu í hirð hans og búa í höfuðborg þessa lands í betra atlæti en þekkist annarsstaðar í þessu landi. Þetta þykir að sjálfsögðu eftirsóknarvert að mati flestra landsmanna. Það fá ekki aðrir að búa í höfuðborginni en hermenn keisarans, ráðgjafar, konur þeirra, fylgikonur og börn ásamt þrælum.

Þessi umræddi keisari vildi strax í upphafi veldis síns nefna sig Warlock (Kölski) og því nafni hefur hann haldið um það bil í fjögur hundruð ár. Hann gerði þetta til að allir tryðu því að hann væri sá djöfull sem stjórnaði alheiminum. Þetta er á

vissan hátt stjórnkænska hjá honum til að eiga hægara með að hræða fólk á sitt band og undiroka það svo að hann geti lifað á orku þeirra og máttur hans og megin aukist og eflst.

Hann veit sem er að á meðan hann getur drukkið af þessum orkulindum sem mannskepnan veitir honum verður hann sterkari, máttugri og þá getur einhver síður tekið völdin af honum eins og hann tók völdin af fyrrum keisara. Sá hafði ríkt þarna í rúm sjö hundruð ár af djöfulmóði. Þessi fyrrum keisari er enn undir hælum hans og kvelst meir en nokkur annar í þessu ríki. Það verður svo lengi sem það tekur hann að gera sér grein fyrir að skynsamara sé að hverfa frá helvegi. Það kemur alltaf að því fyrr eða seinna hversu vondur sem maðurinn er að hann áttar sig og breytir um lífsstíl og hverfur frá helstefnunni og fer í lífstefnuáttina.

Stundum sat keisarinn í þungum þönkum í háseti sínu og horfði áfólkið sem var að skemmta sér. Þarna voru bæði kynin og sum þörin voru í hörku samförum innanum hina. Þetta var fólk sem hann hafði valið og treysti best til að framfylgja öllum þeim illvirkjum sem hann skipaði þeim að gera og stundum gott betur. Warlock hafði það fyrir reglu til að hafa þessa fylgjunauta sína góða, að uppfylla óskir þeirra á meðan það kom honum og keisaraveldi hans til góða.

En hann treysti þeim ekki frekar en hýenum. Það hefur alltaf komið fram á nokkra ára fresti að einhver úr þessum innsta hring hefur reynt að svíkja hann þegar hann telur sig vera það sterkan og magnaðan með góða bakjarla, en það hefur alltaf mistekist og hópur manna sem hefur fylgt þessum forustumanni hefur fallið í þrælagryfju keisarans.

Þarna sat Warlock í háseti sínu, horfði yfir hópinn og las þá í kjölinn til að kanna hvort einhver væri í slíkum hugleiðingum, þetta gerði hann á hverjum degi. Það skal engum takast að undiroka mig. Þá verð ég líka að halda þessum lýð í járngreipum, en ef einhver svíkur mig þá krem ég þann sama undir járnhælum mínum. En því er helvítis verr, þá kemur það of oft fyrir að þeir deyja frá mér úr stíu minni og það sem ekki er síður vont að það grisjast einnig alltaf eitthvað úr hirð minni hér í borginni og út um allt land. Vegna þessara helvítis heimsku manna sem kalla sig Bræðralag vonarinnar. Það verður að útrýma þeim því þeir

eru alltaf að stela einhverjum mönnum frá mér. Ég verð aldrei öruggur á meðan þeir eru við lýði.

Svo eru það þessar andskotans ljósverur sem alltaf eru að koma inn í mína heilögu keisarahöll. Fara í hvert sinn með einhverja af mínum mönnum beint fyrir framan augunum á okkur, án þess að við getum rönd við reist. Ég má þakka fyrir ef þessir djöfulsins ljóssins menn hjálpa ekki einhverjum til að ná völdunum af mér. Þannig hefur Warlock hugsað síðustu tvö hundruð og fimmtíu árin. En það sem bætir þetta allt upp er að ég fæ alltaf nýja menn sem hafa lent á glapstigum á frumlífsjörðum sínum og koma hingað til mín til að styrkja veldi mitt.

Því er helvítis verr að hér ganga sögur ljósum logum um einhvern aðkomumann sem nefnir sig Tígriskló og á að hafa sigrað marga minna manna með vopnaburði og hugarorkunni. Heimildirnar of margar til að vefengja þær svo ég hef séð til þess að hann verð handtekinn og séð fyrir honum til fambúðar.

Þessi maður sem nú er keisari þessa myrkraríkis fæddist og ólst upp á jörðinni Tellus fyrir rúmum fjögur hundruð árum, komst fljótt upp á lagið að stjórna fólki vegna einstæðra forustuhæfileika og með óhugnanlegri grimmd. Hann var sérlega vel gefinn, skarpskyggn og tileinkaði sér strax að læra sem mest á sem skemmstum tíma. En hernaðarlistin var honum hugljúfust og hann náði þar fljótt æðstu metum. Þarna gat þessi óþokki otað sínum tota með þeim hætti sem hverjum manni hefði orðið til vansæmdar. En hann gat alltaf framkvæmt illvirkin með þeim hætti að það var eins og hann kæmi þar hvergi nærri.

Þegar hann var þrjátíu og fimm ára gamall náði hann öllum völdum í sínu landi og lagði undir sig þó nokkur lönd, mergsaug þau með skattheimtu og valdi sér það kvenfólk sem hann vildi. Venjulega með skipun frá honum urðu menn að færa honum eiginkonur sínar og dætur honum til næturgamans í þakklætissemi fyrir góðvild hans, ef þeir ekki fóru að þessum óskum hans þá einfaldlega lét hann drepa þá en naut konunnar eða dætra eftir sem áður.

Á fimmtugsaldri var hann myrtur af helsta ráðgjafa sínum og lenti í þessu myrkraríki. Eftir nokkra ára dvöl þar og margar hryllilegar upplifanir náði hann völdum af fyrrum keisara með ótrúlega mikilli kænsku. Hann stjórnar þessu ríki sínu með heiftúðugri grimmd.

23. KAFLI

Fyrir tæpum tólf mánuðum hafði Tígurinn vaknaði í kolniðamyrkri. Hann stóð upp og teygði úr sér og athugaði hvort hann væri einhversstaðarbrottinn og þakkaði sínum sæla að svo var ekki. Hann sá einhverja þúst skammt frá sér, gekk að henni og brá ónotalega þegar hann sá ógreinilega í þessu svarta myrkri hversu ljótur þessi maður var. Tígurinn skynjaði eftir sem áður strax að þetta var flugstjóri hans sem var að vakna upp úr rotinu eftir flugslysið sem þeir lentu í. Hann taldi víst að vinur sinn væri svona illa lemstraður þar sem líkami hans var svo ótrúlega þrúttinn. Svo sannfærðist hann um að þetta væri skynvilla sem stafaði af þessari miklu dimmu sem hann hefði sjaldan eða aldrei kynnst áður.

Þegar vinur hans var komin með fulla rænu spurði hann, hvernig líður þér ertu óbrotinn. Vinur hans stóð upp og þreifaði á sér öllum og hreyfði alla skanka og svaraði, Já ég er óbrotinn, en samt er ég eitthvað óvenju stíður. Við erum aldeilis hólpnir, heppnin virðist fylgja okkur eins og venjulega. Við hljótum að hafa hrapað fleiri hundruð metra niður fjallshlíðina sem flugvélin lenti á. En mikið djöfull munaði litlu að við slyppum upp fyrir tindinn. Svo hikaði flugmaðurinn augnablik og bætti við, trúlega eru hinir fimm dauðir. Það er mjög sennilegt og það er alltaf illt að missa góða menn, en það er eitt annað sem angrar mig líka. Nú hvað er það spurði flugstjórinn. Hvernig í ósköpunum stendur á því að þessi færi loftskýtamaður gat feilað sig svona með hæðapunktinn. Hann er alvanur að fljúga í svona mikilli þoku sagði foringinn. Ég skil það ekki mér dettur helst í hug að það hafi verið fiktað eitthvað við tækin. Mér datt það sama í hug, en ef svo skyldi vera þá hef ég góða menn til þess að leita uppi þann djöful, sem hefur séð um það. Þegar við erum komnir heim. Sá andskoti skal aldeilis ekki fá að kemma hærurnar meir. En við erum líka fjandanum heppnari að ekkert ólöglegt er í vélinni núna sagði foringinn og brosti kaldhæðnislega, þá hefði tjónið fyrst orðið verulegt.

Ef við þá finnumst, að venju er svart kassinn ekki í flugvélinni að þinni skipan og ekki er það á bætandi að þetta er gríðarlega víðáttumikið skógarsvæði og mest af því ókannað. Við bíðum hér í rjóðrinu við þennan klett þar til birtir. Þá förum við og leitum að áhöfninni og hættem ekki fyrir en við finnum mennina annað hvort

lifandi eða dauða. Brjótum síðan allar reglur með því að koma okkur í burtu frá flugvélarbrakinu þar sem ég er sammála þér um það að hún finnst aldrei. Við finnum örugglega eitthvert þorp þar sem við getum tilkynnt vinum okkar hvar við erum.

Að sjálfsögðu ályktuðu þeir sig vera á sinni gömlu fæðingarjörð, óbrotinir en eitthvað bólgnir og marðir. Þar sem þeim fannst báðum, þó þeir hefðu ekki orð á því, að líkami þeirra vera öðruvísi en þeir áttu að venjast. Eitthvað stirðari, þreknari, og þeir voru til muna þyngri í hreyfingum, einkennilega samanhnyttir eins og þeir gætu ekki rétt almennilega úr sér en þeir voru ekkert að velta vöngum yfir því. Það var að sjálfsögðu eðlileg orsök þar sem þeir höfðu lent í flugslysi og sloppið ótrúlega vel frá því.

Þeir voru heldur ekkert undrandi eða fannst það óeðlilegt, þar sem þeir skynjuðu strax hver hinn var, þó hvorum sýndist hinn vera undarlega ljótur og krepptur þar sem þeir sáu mjög óljóst hvor annan í þessu mikla myrkri. Þeir þökkuðu bara sínum sæla að hafa sloppið lifandi úr þessu háskalega flugslysi og voru ekkert að velta vöngum yfir öðru að sinni.

Eftir nokkra viðdvöl þarna við klettinn eftir að þeir vöknudu úr dáinu fóru að vakna einhverjar ónotalegar grunsemdir hjá Tígrinum. Hann fór að skoða á sér hendurnar þó að hann sæi þær óljóst þá sá hann og fann einnig að þær voru eitthvað öðruvísi en venjulega. Þess vegna fór hann að þreifa með höndunum yfir andlit sitt. Honum varð sannarlega ekki um sel, en vildi ekki trúa þessu í fyrstu sem hann fann og skynjaði. Kinnarnar voru bústnari og grófgerðari, nasirnar breiðar, þandar og uppbrettar og nefið sem fjallgarður. Þykkar breiðar augabryr lágu djúpt inni í augntóftunum. Varirnar þykkar, munnurinn víður og stór, tennurnar óvenjubreiðar, skakkar og skældar, eyrun stór og útstæð. Hann hætti að kanna þetta nánar þar sem þetta var yfirþyrmandi áfall. En hann var eftir sem áður ótrúlega fljótur að jafna sig og átta sig á því hvar þeir vinirnir voru niðurkomnir.

Hann sagði við vin sinn og undirmann, við skulum safna saman þessum sprekum sem liggja hérna og kveikja upp eld. Þeir skriðu þarna á fjórum fótum og tíndu saman greinastubba og hríslur, kubbuðu þær í sundur sem voru of stórar. Þeir náðu fljótlega að safna saman góðri hrúgu af spreki.

Finnst þér ekki þessar greinar skrítnar viðkomu spurði flugstjórinn svolítið undrandi, en vinur hans svaraði þessu engu, þar sem þetta féll vel inn í þá hryllilegu uppgötun sem hann taldi sig hafa komist að. Nú vantar bara eldfærin, sagði foringinn. Þeir leituðu í öllum vösum en fundu ekki kveikjara sína, það var ekki meira en hann hafði búist við. Þá sagði flugstjórinn kæruleysislega, jæja það gerir ekkert til við bíðum bara í myrkrinu þar til birtir. Já ef það gerir það þá, sagði Tígriskló um leið og hann beygði sig niður og gramsaði í hrúgunni.

Hann fann góðan klofinn klump, braut síðan þægilega stóra og granna grein af einni hríslunni og stakk henni í raufina á klumpnum. Reitti síðan töluvert af grasi sem hann setti ofan á klumpinn umhverfis greinina. Hann sneri henni á milli handa sinna um leið og hann þrýsti henni niður góða stund, þar til neisti myndaðist og síðan glóð við núninginn. Hann blés í glóðina og fékk góðan eld til að kveikja í hrísahrúgunni. Eftir litla stund skíðlogaði í dyngjunni og þá birti upp gott svæði umhverfis þá. Skyndilega kom undrunar- og hryllingssvipur áflugmanninn og hann sagði hvasst, hver ert þú eiginlega sem þykist vera yfirmaður minn. Þú veist vel hver ég er, skoðaðu hendur þínar og þreifðu á andliti þínu því þú ert ekki síður ljótur en ég, sagði hann með rólegri röddu en í skipunartón. Ósjálfrátt gerði flugmaðurinn það, hryllingssvipurinn og hræðslan sem kom á hann bætti ekki þetta ljóta andlit. Flugmaðurinn var sem lamaður og gat ekki mælt um tíma. Að lokum sagði hann með titrandi röddu, segðu að mig sé að dreyma. Því miður er það ekki svo gott. En af hverju erum við svona útlítandi og hvar erum við eiginlega. Við erum sennilega í víti í landi djöfulsins, þó við höfum aldrei trúað á það þá virðist það nú samt vera, útlit okkar er þá trúlega í samræmi við lífern okkar og hugsanir. Þar sem við erum margfaldir morðingjar eins og þú veist erum við sennilega að taka afleiðingum af gjörðum okkar hér.

Hvað erum við þá dauðir og verðum við þá hér að eilífu, spurði flugmaðurinn sinn gamla æskuvín og frænda. Já sennilega verðum við útskúfaðir að eilífu en mér finnst við vera sprelllifandi en gamli líkaminn okkar er dauður og við fengum þennan í staðinn. Hvernig fengum við þennan líkama og fluttumst hingað er mér hulin ráðgáta og ætla ekki að reyna að leysa hana. En fyrst við erum komnir á þennan stað megum við örugglega búast við drápfýsnu fólki eða sem vill undiroka okkur. En við mætum með króki móti bragði og komum í veg fyrir að einhver

troði okkur um tær. Þess vegna verðum við eins og venjulega að berjast fyrir því að ná undirtökunum, það gerum við með því að vinna alltaf saman eins og við höfum alltaf gert.

Þá reyndi flugmaðurinn að brosa sem líktist meira grettu en brosi, þar sem hann var ekki farinn að sætta sig við örlög sín og sagði, þú ert alltaf sjálfum þér líkur hvað sem á gengur viltu aldrei gefast upp. En nú verðurðu að gera þér grein fyrir því að þú hefur ekkert í djöfulinn að gera. Hver segir að andskotinn sé til. Þú varst nú enda við að segja það. Þú hefur hingað til getað hugsað, láttu ekki hræðsluna gera þig að hugsunarlausum asna. Nú skal ég segja þér í eitt skipti fyrir öll að við erum hérna í líkama og á einhverri andskotans jörðu, eins og þú getur sjálfur séð og fundið, þess vegna er enginn Satan til eða einhver andaheimur. Þess vegna geturðu bókað það að íbúarnir hérna eru í svipuðu líkamsástandi og við. Ef þeir ætla sér að koma okkur á kné þá er ekkert um annað að gera en takast á við þá og ná undirtökunum.

Eftir nokkra umhugsun sagði flugmaðurinn, mér líst ekkert á þetta, það besta sem við getum gert er að breyta um lífernir, ef við gerum það heilshugar þá komumst við kannski héðan. Þá svaraði foringinn alvarlega og hvasst, fyrst við gátum ekki gert það á fæðingarjörðu okkar þó að systur okkar og mæður reyndu allt til að kenna okkur góða siði. Við önsuðum þeim ekki þar sem við vildum peninga og mikil völd. Við breytum varla um stíl í þessu ókunna landi.

Mér líkar ekki hvernig ég er út lítandi og ætla að reyna að breyta um lífernir þó það verði erfiðara á þessum stað en á heimajörð okkar því ég vil komast héðan. Ef það er rétt sem í biblíunni stendur að Jesú fyrirgefi öllum ef maðurinn kemur til hans af heilum hug, þá vil ég gera allt til að nálgast hann. Þetta var í fyrsta sinnið frá því flugkafeinininn var barn, sem hann talaði um þessi mál af heilum hug.

Foringinn horfði á frænda sinn þar sem þeir sátu upp við klettinn í rjóðrinu. Hann skildi vel vin sinn að hann skyldi vilja skipta aftur um ham og vera eins fagur og þeir frændur höfðu verið áður og notið mikillar kvenhylli. En að hann gæti vent kvæði sínu svona í kross eins og hann var að tala um því trúði hann engan veginn og svaraði honum því engu. Þeir sátu þegjandi góða stund.

Flugstjóranum leið óneitanlega illa og var þurr í munni og kverkum og var verulega þyrstur. Hann heyrði í lækjarnið, stóð upp og sagðist ætla að fá sér vatn að drekka í læknum sem hann heyrði í. Foringinn svaraði þessu engu. Flugmaðurinn leitaði að nokkrum þægilegum greinum sem hann setti í knippi á meðan hann tróð sinu og greinarbútum inn á milli. Vafði síðan utanum knippið nokkrum sveigjanlegum greinum og batt fyrir. Þá var komin ákjósanlegur vöndur til að kveikja í og nota sem blys. Flugmaðurinn hafði ekki gengið langt þegar hryllingurinn gerðist, foringinn horfði á en gat ekkert gert.

Þegar flugmaðurinn kom að einu trénu þá sér foringinn að ein greininn sveigir sig niður og vefur sig utan um flugmanninn og sígur sig fasta við hann. Síðan kom hver greinin eftir aðra og vafði sig utan um hann allan og lyfti honum upp. Tígurinn var varla staðinn uppþegar flugmaðurinn hvarf inn á milli greinanna. Hann hljóp að trénu til að reyna að hjálpa honum, en þá beygði grein sig niður eftir honum og reyndi að vefja sig um handlegg hans. Tígurinn gat með naumundum losað sig með því að kasta sér aftur á bak. Þegar hann sá að hann gat ekkert gert varð hann miður sín litla stund á meðan hann gekk til baka varlega og hafði augun opin þar til hann kom að eldinum og settist við klettinn. Hann hallaði sér að klettinum og andlit hans var meitlað af grimmd á meðan hann heyrði tryllt hræðslu og hvalafullu ópinn í vini sínu og frænda, sem heyrðist í langan tíma áður en hann gaf upp andann.

Þegar þessi óhamingjusami maður hafði jafnað sig eftir að hafa horft á vin sinn bjarglausan hverfa inn á milli trjágreinanna með óskiljanlegum hætti í furðulega trjátegund sem hann hafði aldrei áður vitað að væri til á sinni guðsgrænni jörðu. Eftir litla stund sagði Tígrisklóin við sjálfan sig, ég vona að honum verði að ósk sinni og fari á betri stað. Undir þessum kringumstæðum ákvað hann að bíða birtunnar ef hún kæmi þá nokkurn tímann. Hann taldi víst miðað við þær trjátegundir sem voru í rjóðrinu umhverfis hann að öll trén væru ekki kjötætur svo hann ákvað að læra að þekkja í sundur kjötætutrén frá hinum.

Það var hans eina von til að komast lífs af út úr þessum hrollvekjandi skógi. Eftir nokkuð langa viðdvöl þarna undir trénu sofnaði hann. Þegar hann vaknaði hafði ekkert birt upp svo hann beið enn í langa stund þar til að hann áttaði sig á því að

Það myndi alls ekki birta og varð meira en lítið undrandi yfir því hvað trjágreinarnar voru ótrúlega þéttriðnar svo engin birta komst í gegn eða kom kannski engin sól upp.

Hann bjó til fjóra kyndla, hengdi þrjá á sig og kveikti í einum þeirra. Núna sá hann nægilega langt frá sér til að þekkja í sundur mannætutrén frá hinum. Hann horfði vel yfir umhverfið áður en hann þorði að hreyfa sig um set og sá þá eftir tiltölulega stuttan tíma að þetta voru ekki nein venjuleg tré, þau líktust einna helst sveppum og væru ótrúlega sver að ummáli en hann sá ekki hversu há þau voru þar sem greinarnar huldu útsýnið til himinsins og lögun þeirra var einnig mismunandi. Rétt áður en hann ákvað að fara að leggja í hann þá taldi hann bæði öruggara og heppilegra að útbúa sér einhverskonar vopn svo hann gæti aflað sér fæðu og varist ef á þyrfti að halda. Þá sá hann mikið af flögum úr tinnu hjá klettinum.

Hann lagði strax til atlögu við að útbúa sér egghvassan axarhaus og beittan hníf með því að fleyga tinnuna. En það tók mikið lengri tíma en hann gat órað fyrir og kostaði marga svitadropana og þrotlausa þrautseigju til að geta náð sæmilegri lögun og skarpari egg á þessi vopn svo þau nytust honum. Það tókst áendanum. Hann vafði sveigjanlegum greinum um handfangið á hnífnum og fann góða grein sem hann hnýtti fasta við öxina. Síðan prófaði hann hvort tveggja á nokkrum greinum og þessi vopn reyndust bara nokkuð vel.

Nú stefndi hann að læknum í nokkuð góðu skapi, gekk síðan niður með honum þar sem hann taldi víst að hann fyndi götuslóða eftir dýrin sem komu þangað til að fá sér að drekka. Þá taldi hann sig öruggari fyrir þessum helvítis mannætutráám.

Hann þurfti ekki að fara langt þegar hann sá aðra tegund af kjötætutré sem sprautaði límkenndri kvoðu utan um fórnardýr sitt og blessuð skepnan kvaldist, en þessa dýrategund hafði hann aldrei séð áður. Þetta dýr hafði óvenju breiðan og stóran kjaft með langar og breiðar vígtennur og stærð hans var á við kálf. Dýrið reyndi hvað það gat í örvæntingu sinni að brjótast um til að losa sig en gat sig hvergi hreyft.

Það eina sem Tígurinn gerði var að virða tréð fyrir sér til að þekkja slík tré aftur svo hann lenti ekki í þessari hryllilegri gildru sjálfur. Hann átti síðar eftir að sjá mörg fórnarlömb, bæði menn og margskonar dýrategundir mismunandi mikið

tærðar upp eftir kvoðuna og ekki ósjaldan lítið eftir af holdi og beinum sem hafði morknað niður af ensími sem var í efnakvoðunni. Oftlega kom það fyrir að lífsmark var með þessum dýrum og mönnum sem upplifðu hryllilegt andlegt álag samfara miklum sársauka sem entist í óratíma áður en dauðinn sótti að.

Hann var fljótur að finna hversu þrek hans var mun meira en á fæðingarslóðum hans, handleggirnir voru óvenju langir og vöðvamiklir fæturnir voru sverir og vöðvastæltir. Líkami hans var allur í hnyklum og hann var krepptur í baki. Hann var þyngri á sér og þess vegna ekki eins snar í snúningum og áður. Stöku sinnum hugsaði hann til fyrri heimkynna sinna með söknuði.

Þá hafði hann verið talin með glæsilegustu mönnum, eftirsóttur af fögrum og ekki síður ríkum konum sem hann notfærði sér oftlega til að klekkja á einhverjum þriðja manni sem hann taldi vera fyrir sér. Hann bætti um betur til að styrkja og fegra líkama sinn með daglegu skokki, lyftingum og byrjaði snemma að kynna sér og þjálfabardagalist, fyrrum víkinga ánægjunnar vegna og enginn sem hann barðist við hafði roð við honum. En þjálfunin í skotfimi var honum lífsnauðsyn til að geta varist óvinum sínum. Hann drap miskunnarlaust þegar hann taldi það nauðsynlegt, en síðar lét hann undirmenn sína um slíkt þegar hann tók við af læriföður sínum og frændamaðrífuforingjanum.

Þessi maður var tvískiptur af því leyti að hann gat verið ótrúlega góðviljaður og gat því hjálpað bágstöddum af vorkunnsemi. Þegar hann var ungur að árum stofnaði hann glæpagengi sem hann stjórnaði af skynsemi og kænsku. Hann reyndist alltaf trúr mönnum sínum, vinum og skyldfólki, en beitti miklu harðræði við þá sem sveik hópinn. Í fyrstu var aðalstarf þeirra fólgið í því að hóta stórum og smáum fyrirtækjum ránum og gripdeildum ef þeir greiddu honum ekki ákveðið gjald, en í staðinn mundi Tígursgengið verja þá fyrir öðrum glæpaflokkum. Síðar stjórnaði hann eiturefnasölunni í borginni sem frændi hans lét átölulaust því hann taldi það vera lærdómríkt fyrir hann. Enda fylgdist strákur vel með þessum frænda sínum þegar hann fór með honum í viðskiptaferðalag um heiminn.

Það leið ekki langur tími þar til hann og flokkur hans hafði lagt undir sig heimaborg hans með því að hrekja í burtu aðra flokka eða sameina þá undir sína stjórn. Þetta var góður undirbúningur fyrir þá framtíð sem beið hans. Hugarefli

hans, gáfur, og óútreiknaleg kænska ásamt þeirri mannvonsku sem hann sýndi þeim er gerðu á hans hlutvar slík að óvinum hans stóð svo mikill stuggur af honum, að fáir þorðu að gera honum mein.

Hann bar höfuðfat með uppstoppuðum tígrisfæti, sem hann hafði fundið einhversstaðar þegar hann var ungur og vildi frá þeim degi að hann yrði aldrei nefndur annað en Tígurinn.

Þegar Tígurinn tók við af frænda sínum þá aðeins tuttugu og fimm ára gamall stjórnaði hann einu viðamestur á eitrefna- og vopnasölumarkaðinum sem gerðist á vorum hnetti þar til yfir lauk. Tígurinn var fimmtíu og fimm ára þegar hann fór með vinum sínum og flugstjóra í þotu sinni og hún lenti á fjallstindi í mikilli þoku.

Í þessu myrkraríki og óhugnanlegu skógarflæmi ráfaði hann í nokkrar vikur eftirtroðnum götuslóða sem skógardýrin höfðu myndað. Þegar Tígrisklóin kom að krossgötuvaldi hann þá leiðina sem hann taldi að lægi til sjávar eða að einhverju þorpínu ef slíkt væri til í þessu volaða landi. Stundum lá slóðin í stórum sveigum og krókum en virtist þó alltaf stefna í sömu átt ef hann var þá ekki áttavilltur.

Tígriskló hugsaði oft um vin sinn, saknaði hans oft og velti vöngum yfir hvar hann væri niðurkomin, hvernig honum liði og hvort hann hefði lent á betri stað eftir seinni dauða hans, það vonaði hann innilega.

Þá kom upp í huga hans einstöku sinnum hvort það borgaði sig ekki í raun og veru að temja sér góðvild. Ástæðan fyrir þessari undarlegu breytingu var vegna þess að hann komst stundum óvænt í hugsunar- og sjónsamband við vin sinn þar sem hann var niður kominn eftir seinni dauða sinn. Og það fór ekki á milli mála að vinur hans var greinilega kominn á betri stað. Þar var bæði mun bjartara um að lítast og gróðurinn meiri en í þessu svartheimalandi.

Fyrst hristi hann höfuðið og sagði við sjálfan sig, sá sterki vinnur alltaf en smám saman varð breyting á hugafari hans sem varð til þess að hann vildi bæta sig. Þá fór Tígriskló að segja við sjálfan sig hverskonar hugsunargangur er þetta ég er margfaldur morðingi og get engan veginnbætt fyrir það sem ég hef gert. Þess vegna verð ég að berjast fyrir tilveru minni úr því sem komið er, ég hef ekki um neitt annað að velja.

Hann var með blysi í hendinni sem þjónaði honum í þrennum tilgangi, að lýsa honum vegaslóðina, hjálpa honum að þekkja í sundur kjötætutréna frá hinum hættulausu og síðast en ekki síst fældi ljósið þessar grimmúðugu, lipru, kjafstóru og ótrúlega ófrýnilegu skepnur af allskyns tegundum stórum og smáum. Sum dýrin voru með löng trýni en önnur með flöt trýni. Öll voru þau sem hann sá rófulaus með mjög útstæð augu. Hann sá einnig þrjár tegundir með einhverskonar loppur beggja megin neðarlega á bógnum sem náðu ekki alveg niður á jörðina þegar þau stóðu á sínum fjórum fótum.

Stundum fannst honum eitt og eitt dýr læðast á eftir sér góðan spotta til þess að reyna að hremma hann. En sum þeirra lágu í skjóli stutt frá slóðinni eða uppi í trjánum. Þegar hann nálgast þau horfði þau á hann með gráðugum augum drógu undir sig fæturna en lögðu ekki í hann þar sem dýrin fældust eldinn svo hann slapp ávallt fram hjá þeim. Oftlega kom það fyrir að einhver þessara skepna hirtu bráðina, sem hann hafði lagt gildru fyrir sér til matar, með ótrúlegri mikilli hugkvæmni og kænsku sem nálgast kannski mannsvit.

Þegar hann komst að lokum út úr þessum skógi varð hann svo feginn að hann setti það ekki fyrir sig þegar hann komst að þeirri staðreynd að sólin kom aldrei upp í þessu landi. Tígriskló sá stundum tungl á lofti, þá kom nokkuð góð skíma sem birti upp landið. Hann fór að telja það sem dagmál og svaf þá á nóttunni. Oftast varskýjað og mikil þoka vegna uppgufunar á því landsvæði sem hann gekk um. Þá sást tunglið að sjálfsögðu ekki þegar það kom upp en eftir sem áður kom samt smá skíma svo fyrrum mafíuforingi gat séð það vel fram fyrir sig að hann taldi sig ekki þurfa á blysi að halda lengur.

Á þessum mánuðum sem hann var á ferðalagi á þessu endalausum og gróðursnauda landi hitt hann fólk á förnum vegi að vega hvert annað eða á göngu og ríðandi á hestum í friði og spekt. Hann kom í þorp og borgir þar sem annað hvort voru steinkumbaldar eða hellar sem fólk þjó í. Oftast voru þessar íbúðir höggvar inn í klettabelti. Í sumum tilfellum voru húsín í þessum óþrifalegu borgum og byggðum úr steinsteypu. Þá var venjulega ein gríðarmikilhöll sem bar af í hverri borg, en allt var þetta illa haldið og hrörlegt. Í þessari höll bjó landstjórinn.

Fyrir utan eina borgina sá Tígriskló helsærða menn eftir einhverja orrustu og aðra menn sem voru að hjúkra nokkrum af þessum mönnum og flytja á brott en aðra létu þeir í friði þó helsærðir væru. Hann náði tali af einum af þessum hjálparmönnum og spurði hvers vegna þeir hjálpuðu ekki öllum þessum særðu mönnum, Þá svaraði sá hinn sami strax stutt og laggott það er tilgangslaust. Hvað meinarðu með því. Hinn horfði á hann og svaraði hægt og rólega við getum ekki flutt þessa menn á bækistöð okkar því þeir hafa ekki betrubætt sig og munu því síðar, ef við gerðum það, segja til okkar og okkur yrði tortímt, með það fór hann.

Þessi góðvild mannanna hafði djúpstæð áhrif á hann og Tígurinn fann hægt og róglega einkennilegar breytingar í fari sínu sem hann áttaði sig ekki á í fyrstu. Síðar fann hann að hatrið til mannanna var ekki eins djúpstætt og áður. Hann nam hvergi staðar nema til að sofa og forðaðist vopnaða menn í fyrstu. Fyrrum mafiuforingi fann sér til undrunar, að ef svo vildi til að hann mætti vopnlausum mönnum sem sýndu honum ójafnað og reyndu að undiroka hann með hugarorku sinni þá sigraði hann þessa menn alltaf með því að setja á þá herfjötra. En þá gerðist alltaf honum til furðu að hugarorka hans magnaðist til muna í hvert sinn sem hann sigraði andstæðinga sína.

Á þessum hnetti var enginn karlmaður maður með mönnum ef þeir voru vopnlausir, en þrælur og aðrir undirmálmenn voru það undantekningarlaust svo þetta voru ekki í raun stórvægilegir sigrar sem hann vann. Með þessum hætti þjálfaði hann sig og styrkti þar til hann taldi sig vera hæfan til að berjast við hermenn.

Það gerðist óvænt að hann sá einn daginn vopnaðan reiðmann sem var á glæsilegum fjörugum hesti með þræl sinn hlaupandi á eftir. Þessi riddari nálgæðist hann ódum. Tígurinn faldi sig á bak við stóran klett því að hann taldi að reiðmaðurinn hefði ekki komið auga á hann. Síðan kannaði Tígurinn afl sitt á reiðmanninum úr þessari fjarlægð á meðan hann var að nálgast hann. Hann horfði á riddarann og einbeitti huga sínum að honum og skipaði riddaranum að draga fæturna frá síðu hestsins. Sér til óblandinnar ánægju þá gerðist það að fætur reiðmannsins færðust hægt og sígandi frá síðu hestsins um það bil tuttugu sentimetra og hélt fótum hans þannig þó reiðmaðurinn reyndi að streitast á móti.

Eftir litla stund kom hræðslumerki í andlit hans og hann fór að líta í kringum en sá engan mann.

Þegar reiðmaðurinn nálgadist Tígurinn gekk hann fram fyrir klettinn til hermansins og sagði hvasst, ég vil að þú stöðvir hestinn þinn og farir af baki. Reiðmaðurinn reyndi að berjast á móti þessum lamandi krafti sem þyrmdi yfir hann, en réð ekki við þessi hughrif frá Tígrinum. Þá ætlaði hann að draga sverð sitt úr slíðri en gat það ekki vegna máttleysis. Að lokum fór hann nauðugur viljugur af baki og spurði Tígriskló með miklu yfirlæti og reyndi að bera sig vel, hvað viltu mér grjónahaus. Ég vil fá vopn þín, sverðið, öxina, skjöldinn þinn og hestinn. Ég held nú ekki svaraði hann um hæl og gerði sig líklegan til að draga sverð sitt úr slíðri sem var við beltisstreng hans, en það tókst ekki betur til en svo að sverðið datt úr hendi hans þegar hann dró það úr slíðrinu, þá gaf riddarinn sig fullkomlega og afhenti honum hest sinn og vopn.

Tígurinn varð undrandi að maðurinn reyndi ekki að berjast á móti honum með meiri hörku en hann gerði, þar sem hann virtist ekki þesslegur maður að vilja gefast upp við fyrsta mótlæti. Þegar riddarinn hafði afhent Tígrinum hest og vopn sín þá skein út úr andliti hans allt í senn grimmdin, hræðslan, ósáttfýsin og þrælsóttinn þegar hann spurði Tígurinn, má mér hlotnast sá heiður að vita nafn sigurvegara míns. Ég nefni mig Tígurskló og gakk þú nú í burt frá mér með þræl þinn sagði hann um leið og hann steig á bak á þessum glæsilega viljuga rauðskjótta hesti.

Þetta var alveg ný upplifun fyrir Tígurinn og sjálftraust hans margfaldaðist. Hann hugsaði, af hverju drap ég ekki þennan mann?, ég hefði einhvern tíman gert það.

Á þessu tímabili var hann farinn að hugsa með eftirsjá hvernig hann hafði hagað sér sem mafíuforingi, ég hefði sjálfsagt lent á bjartari stað ef ég hefði verið betri maður. Þannig var hann farinn að hugsa á þessum mánuðum og enn hélt hann áfram í nokkra mánuði og hafði ekki hitt nokkurn einstakan hermann sem Tígurinn gat ekki yfirbugað án vopnavalds. Ef þeir voru tveir eða þrír beitti hann vopnfimi sinni og sigraði jafnframt. Ef þeir voru fleiri forðaðist hann þá sem hann framast gateða flýði undan þeim á sínum frábæra hesti.

Það leið ekki á löngu þar til Tígriskló varð greinilega var við að hann var orðinn þekktur og frægur fyrir frækilega vopnfimi, hugrekki og hugarefli og fór mun hraðar um landið en fuglinn fljúgandi og einstakir hermenn forðuðust hann. Hann varð einnig var við það að sumir þeim herflokkar sem tókst að koma að honum óvörum, höfðu fengið skipun um að hertaka hann lifandi. En þrælur og aðrir undirmálmenn hræddust Tígurinn ekki þar sem þeir vissu að hann lét þá í friði.

Það leið ekki á löngu þar til að frægð hans barst hraðar um allt myrakraheimslandið en vindurinn að Tígriskló væri margra manna maki af burðum hreysti, vopnaburði og fyrir magnaða hugarorku. En hann þótti grunsamlega hjálpsamur við minnimáttar af þeim sem voru orðnir hræddir um hag sinn. Þeir hinir sem vildu njóta styrks hans og megi voru undirmálmenn og margir höfðingjar, yfirforingjar og hershöfðingjar sem voru að leita eftir foringjaefni töldu að Tígriskló væri maðurinn sem gæti fellt keisarann af stalli. Að svo komnu máli vissi Tígriskló ekkert um þessa menn sem höfðu þennan áhuga á honum og hélt áfram sína leið.

Stundum kom það fyrir að hann hjálpaði undirmönnum eða þrælum ef hann sá höfðingja þeirra vera að kvelja þá. Það fór aldrei nema á einn veg, hann drap þessa höfðingja og sagði þrælunum að koma sér burtu. En hann komst fljótt að því að flestir þeirra lifnuðu við aftur og sárin gréru fljótt.

Það var annað sem gerði hann svolítið ergilegan, það var kvenfólkið sem hann sá þarna. Hann hafði enga löngun eða lyst á þessum kvenkyns kreppi trýnum og skrapatólum eins og hann kallaði þessar konur, þó hann væri ekkert betri sjálfur bæði að innræti og útliti. Enda taldi hann sig ekki þurfa þeirra með. Hann hafði nú þegar náð hugar og líkamlegu sambandi við mun fallegri konu á fæðingarjörð sinni og naut kynlífsins í gegnum eiginmann hennar.

Þetta var kynferðislegt vökusamband sem hann náði oftlega, þegar þessi kona var að lifa með manni sínum. Þá sá hann hana fyrir sér og fann svo greinilega að hann var inni í henni því hann upplifð í þá nautn og ánægju sem fullnæging gefur. En það sem honum þótti verst var að stundum og oftast síðustu mánuði hrinti hún mannum sínum skyndilega ofan afsér með hryllingi. Þá slitnaði alltaf sambandið við þessa yndislega fögru kynmögnuðu konu, sem honum fannst vera þó hún væri

orðin illa farin af hans völdum. Tígrinum fannst það bæði vont og óþægilegt að hún skyldi gera sér þetta að henda manni sínum svona hastarlega frá sér.

Ekki batnaði það þegar þessi Sóldís hafði samband við hann og fór að skipta sér af þessu sambandi sem hélt í honum lífinu á þessari ömurlegu jörðu. Að lokum gat hún gert honum grein fyrir að hann væri í raun að nauðga þessari saklausri konu og gera henni mjög illt. Með hennar aðgerðum og loforði um að hún skyldi hjálpa honum að hitta þá konu sem væri í takt við hans hugsun og í þeim heimahögum sem tilheyrði honum þá tókst Sóldísi að lokum að telja hann á að sleppa tökum á konunni. Hún sagði honum einnig að sennilega muni hann komast til áhrifa í þessu svartnæturlandi ef hann hefði hug á því að breyta um líferni til hins betra. Þetta voru svo sem ekkert meiri upplýsingar en sjálfsálit hans hafði sagt honum en hvort hann breytti um líferni það var annað mál.

Smám saman slitnaði sambandið við þessa konu þá hugsaði hann til frumlífsjarðar sinnar þegar hann var mafíuforingi. Þá fékk hann venjulega, þá konu sem hann vildi og ef þær sviku hann á einhvern hátt lét hann drepa þær.

Þessi frægi riddari hélt stanslaust áfram og flestir voru farnir að hræðast hann nema þeir menn sem sáu foringjaefni í honum og höfðu hug á því að koma nýjum stjórnanda til valda á þessari myrkraheimsjörðu. Þeir hafa í áraraðir verið að leita að foringja sem hefur þá eiginleika sem þarf til að geta stjórnað þeim mýmörgum herfylkjum sem hafa sameinast um að ráða niðurlögum á keisaranum sem nú er við stjórn ef foringinn finnst. Nokkrir ákveðnir menn sem eru í yfirstjórn þessara herfylkja hafa fylgst með Tígrinum með áhuga í fjarlægð undanfarna mánuði. Tígurinn varð einnig var við að riddaraforingjar hjálpuðu honum að komast undan herflokkum sem voru undir beinni stjórn keisarans ef þeir voru einhvers staðar í nálægð. Þeir sömu sögðu honum að það væri þó nokkur stór hópur af mönnum úr öllum stéttum sem vildi koma keisaranum frá og spurðu hvort hann vildi taka að sér að stjórna þeim til sigurs. Hann kvaðst vilja hugsa málið.

Nú fyrst vissi Tígurinn hvert hann vildi fara hann stefndi til borgar keisarans þó hann vissi, af sögn manna sem hann talaði við, að það væri keisarans skipun að handsama hann. Tígurinn vildi kanna hverskonar maður þessi keisari væri.

Einn daginn í tunglsljósi kom hann að djúpu breiðu gili. Tígurinn heyrði að einhver kallaði á hjálp neðan úr þessu gljúfri. Hann sá móta fyrir manni í botni gilsins. Hann kallaði til hans, ertu mikið særður. Nei, en ég kemst ekki upp, fyrir alla muni hjálpaðu mér. Tígurinn var með langt reipi sem hékk á króki á hnakknefi hnakksins. Hann kastaði reipinu niður til mansins og sagði honum að kippa í kaðalinn þegar hann mætti draga hann upp. Maðurinn gerði það og Tígurinn dró manninn auðveldlega upp á gilsbakkann. Maðurinn þakkaði Tígrinum ekki fyrir björgunina, en sagði þess í stað, þú skalt vera þakklátur guði að hafa fengið þann heiður að hjálpa guðsmanni hans.

Tígurinn horfði forviða á þennan undarlega mann og taldi hann ruglaðan og ákvað að haga sér samkvæmt því. Tígurinn hneigði sig djúpt spurði hver þessi háverðugi guðsmaður væri. Ég heiti Ómení og er æðsti klerkur spámansins Múhameðs og Allah er guð minn og ég er æðsti stjórnandi lands míns og nafngreindi landið.

Jæja hugsaði Tígurinn, þú ert þá kominn hingað, ekki undrar mig það með öll þau morð sem þú hefur á samviskunni vegna bókstafstrúarofstækis þíns. Tígurinn taldi Múhameðstrú hvorki síðri né betri en önnur trúarbrögð, en hann hefur aldrei þolað bókstafstrúarmenn talið þá vera ótrúverðuga öfgamenn og oftlega voru þetta glæpamenn eins og hann sjálfur. En munurinn á honum og þeim var að Tígurinn viðurkenndi að hann var glæpon, en það gerði þessi tegund af bókstafstrúarmönnum ekki, þeir töldu sig vera heilaga og yfir aðra hafna.

Tígurinn hugsaði, þú hefur skipað mönnum þínum að drepa menn fyrir að tala óvirðulega um guð þinn og það kæmi mér ekki á óvart ef þú hefur einnig látið drepa menn með köldu blóði, ef þeir hafa á einhvern hátt verið fyrir þér en dæmt þá fyrir guðlast. Ég er sannfærður um það ef guð er til þá er hann guð allra manna, en ég stórefa að hann sé til. Ef svo er karl minn þá mun hann örugglega ekki vilja láta drepa börn sín og síst fyrir einhverja trúarvillu, þess vegna ertu hér niður komin karlbjani. Tígurinn vissi að það þýddi lítið að segja þetta við klerkinn.

Hann spurði þess í stað, ertu búinn að vera lengi ofan í þessu gili. Ekki veit ég það fyrir víst en ábyggilega í nokkra mánuði og ekki veit ég hvernig ég lenti þar. Hvar varstu staddur áður en þú lentir í þessu gili. Ég var fárveikur og bjóst við dauða mínum svo þegar ég vakna er ég sprellifandi ofan í þessu gili, en hef greinilega

fengið einhver ólukkans útbrot um allan kroppinn því ég er eitthvað svo krumpaður. Gæti það verið að þú sért staddur í helvíti. Talaðu ekki svona við guðsmanninn þetta er guðlast og þú munt hljóta verra af svona tali, vík frá mér þú djöfulsins trúvillingur. Tígurinn sá að það þýddi lítið að tala við þennan bjálfa sem var enn svo fastur í sínu trúarofstæki svo hann gekk þögull á brott.

Spádómur Sóldísar rættist skömmu síðar þegar hann bjargaði Fríðu frá þremur nautnasjúkum glæpamönnum sem ætluðu að nauðga henni. Þetta hafði í raun gerst á einkennilegan máta. Hann hafði skyndilega beygt af leið sinni, því honum fannst hann ætti að ganga niður fyrir hæðina sem var framundan og inn í rjóður sem var skammt fyrir neðan. Þá heyrði hann heiftúðugar stunur og formælingar með grátstaf úr barka kvenmanns, sleppið mér andskotans heilalaus, djöfulóðu, punghugsandi skíthælar. Þá sagði einhver maður, hættu þessum helvítis leikaraskap, djöfulsins graða tussan þín þegar við ætlum að gera þér glaðan dag. Þá hljóp Tígurinn í gegnum rjóðrið svo hratt og hljóðlega sem hann möguleg gat til þess að reyna að bjarga þessari stúlku tímanlega.

Þegar hann kom inn í rjóðrið sá hann konuliggjandi á jörðunni og tveir karlmenn héldu henni niðri. Hún braust um svo best sem hún gat, vatt sig og sparkaði á meðan sá þriðji, sem var greinilega foringinn, gerði sig líklegan til að klæða konuna úr buxunum en um leið bölvandi og ragnandi yfir þessum mótþróa í henni. Hún var orðin útkeyrð af þreytu og háflömuð eftir hnífsstungu sem foringinn hafði veitt henni í hægra lærið til að lama hana. Tígurinn tók sverðið úr slíðrinu hljóp með siguróp á vörum þegar hann nálgadist mennina, sem snéru baki í hann til að stöðva þá. Þeir litu upp um leið og hann hjó hausinn af öðrum og stakk sverðinu í gegnum hinn. Áður en foringinn hafði áttað sig tók hann til fótanna í ofboði að hesti sínum. Bæði vegna þess að hann hafði engan tíma til að beita sverði eða exi svo þótti honum líka þessi stóri og þrekmikli aðkomumaður ekki árennilegur til að berjast við með vopnum eða með öðrum hætti. Þar að auki grunaði hann strax hver maðurinn væri því það var ekki venja í þessu stóra ríki að riddarar færu að skipta sér af þegar menn vildu fá sér á oddinn.

Hann þeysti hesti sínum á braut, rétti hnefann út í loftið um leið og hann kallaði á sinni þeysireið öskrandi illur, þetta verður ekki gleymt við munum sjást síðar

undir öðrum og betri kringumstæðum fyrir mig en ekki þig. Tígurinn horfði á eftir honum og lét sem hann heyrði þetta ekki og snéri sér að stúlkunni. Hún var staðin upp en tyllti hægra fætinum létt á jörðina. Tígurinn var ánægður yfir því sem hann sá, því þetta var fegursta kona sem hann hafði séð í þessu óþverra landi. Hún stóð gengt honum einbeitt og skapmikil þessi stælta, kvenlega kona sem var svo örugg í fasi og bar það greinilega með sér að vera kattliðug og vel gefin. Hann sá einnig að hún var með stórt sár ofarlega á lærinu sem blæddi mikið úr, hún hélt á dálki í hendinni.

Þegar hann var að nálgast hana beindi hún hnífnum í átt til hans og sagði með hvössum rómi, komdu ekki nærri mér. Hann stansaði og spurði undrandi, hvað er að og hvers vegna otarðu hnífnum að mér. Þú skalt ekki halda að þú fái að ríða mér þó þú hafir hrakið þessa helvítis ódráttunga í burtu. Tígurinn varð hvumsa litla stund yfir þessari hvassyrta orðagusu, spurði undrandi, hvers vegna í helvítinu dettur þér þessi vitleysa í hug kona góð. Góði vertu ekki að gera þér upp þessa undrun, þið hugsið ekkert um annað en að komast upp á sem flestar konur. Þið gangið að því vísu að við leggjumst hlýðnar strax á bakið af þakklæti, ef við ekki gerum það reynið þið að taka okkur með valdi. Sem betur fer tekst ykkur það ekki alltaf, láttu mig vita það góði. Þið eruð bölvaðir drullusokkar allir til hópa þessir bölvaðir karlmenn.

Þegar hún hafði lokið sér af settist Tígurinn niður þar sem hann stóð, horfði á stúlkuna, brosti út að eyrum geislandi augum og sagði, þú ert frábær stúlka svo sannarlega eftir mínu höfði og þar að auki ert þú sú fegursta kona sem ég hef séð í þessu myrkralandi. Þess vegna vil ég ekki láta þér blæða út, leyfðu mér að hjálpa þér að stöðva blæðinguna. Þetta, kom henni í opna skjöldu og öll vörn hennar hvarf sem döggr fyrir sólu og hún seig niður á jörðina vegna þess að henni leið illa af blóðleysi og lá við yfirliði, þar sem skapið hélt henni ekki lengur á fótunum. Ósjálfrátt fékk hún traust á þessum ókunna björgunarmanni. Enn hana grunaði það sama og foringjann sem flúði og spurði, ert þú þessi Tígur sem allir tala um og keisarinn vill fanga, honum er greinilega ekki sama um þitt frjálsræði og hvernig þú ferð með menn hans.

Já ég geng undir því nafni og látum það liggja á milli hluta góða mín við skulum frekar hugsa um að binda um sárið. Hún svaraði honum með þægilegri röddu en áður, fyrst þú endilega vilt gera að sári mínu þá máttu svo sem gera það. Bætti síðan við með hvassari röddu, þú skalt ekki láta þér koma það til hugar að reyna að koma mér að óvörum ég sleppi ekki hnífnum og beiti honum þá hiklaust á þig. Hann horfði á hana brosandí og hugsaði, þetta er sko kvenmaður sem varið er í og merkilega falleg miðað við það sem sést í þessu bölvaða myrkralandi. Ég verð að fara rólega að henni ef ég á að geta unnið hana.

Þau töluðu saman í góða stund eftir að hann hafði gert að sárum hennar. Viltu segja mér hvað þú heitir og á hvaða ferðalagi þú ert ef það er ekki þér á mótí skapi. Þá hefði ég helst viljað fylgja þér þangað þar sem ég tel ekki óhætt að skilja þig eina eftir svona illa særða. Það gæti verið langur krókur ef þú ert á annan leið. Ég fer í þessa átt og benti í austur. Ég bý hjá móður minni í borg Lúðvíks í um það bil tvö hundruð og fimmtíu km. fjarlægð héðan og benti í sömu átt.

Ég heiti Fríða, hef ekki hugmyndum hver faðir minn er eins og algengt er með þá sem fæðast hér þó það sé ekki regla. Hann hváði undrandi ertu fædd í þessu myrkraríki. Já og ég hef aldrei séð þessa sól sem margir hafa sagt mér frá sem á að birta heila landið það hlýtur að vera stórkostleg sjón. Já ég hef í raun aldrei kunnað að meta það fyrir en ég kom hingað, sagði Tígurinn dauflaga. Á hvaða leið ert þú, spurði Fríða. Mér var sagt af manni sem ég mætti á förnum vegi að ef ég stefndi ávalt í austur kæmi ég að lokum að mjóu en margra kílómetra löngu eldhafi og ef ég færi eftir götuslóðanum myndi ég breiða glufu þar sem steinbrú er yfir gilið og í nokkra km fjarlægð og hinum megin við þetta eldhaf væri höfuðborgin.

Hvað ætlar þú að gera í borg keisarans? Ég veit það nú varla sjálfur en ég hef áhuga á að sjá þennan mann. Þá er eins gott fyrir þig að gera keisaranum allt til geðs ef þú ætlar að lifa af því þar búa einungis jámenn hans eða þrælur. Og ég er illa svikin ef þú getur það, mér virðist þú ekki vera þannig maður að þú getir skriðið fyrir einum eða neinum. Þess vegna ráðlegg ég þér að fara ekki þangað, ef þú gerir það þá getur ekki farið öðruvísi en illa fyrir þér. Ég er góður leikari ef þess þarf með góða mín og ég hræðist ekki keisarann.

Þú ert kannski ekki í meiri hættu þar en hér. Af hverju segirðu þetta, spurði Tígurinn undrandi. Það versta sem gat komið fyrir þig, var að úrhakið hann Skeggrótur komst undan áðan, þar sem hann er undir verndarvæng keisarans. Þar að auki hefnigjarn fjandi sem gefst aldrei upp. Hann hættir aldrei fyrr en hann hefur gert andstæðing sinn að þræli. Nú ert þú hans verstí óvinur því þú gerðir lítið úr honum þar sem hann þurfti að flýja undan þér áðan. Jafnframt örvar það hann enn frekar að koma þér á kné vegna þess að keisarinn hefur fyrirskipað að handsama þig hvenær sem næst til þín. Hvers vegna hefur keisarinn fyrirskipað mönnum sínum að fanga mig ég hef ekki gert honum neitt til miska.

Hún horfði litla stund á hann og sagði, á ég að trúá því að þú vitir það ekki. Ég get ekki ímyndað hvers vegna hann vill setja á mig fjötra. Það er vegna þess að þú hefur niðurlægt hermenn hans með því að sigra þá bæði með vopnfimi þinni og setja á þá herfjötra. Þar að auki er honum ekki orðið sama þar sem fjöldi manna eru farnir að líta á þig sem tilvonandi foringja fyrir ákveðna hópa sem hafa það að markmiði að koma keisaranum frá. Hann svaraði þessu engu, yppti einungis öxlum því hann hafði heyrt þetta áður.

Þau áttu samleið að heimahögum hennar og voru rúma viku á leiðinni, hann hafði áður miðað daginn við þörf sína á nætursvefni miðað við tunglshvarf og þegar hann vaknaði taldi hann vera komin nýr dagur og það virtist passa við íbúa þessa auma lands. Aðra viðmiðun hefur hann ekki haft þar sem hann þekkti ekki stjörnuheiminn frá þessari jörðu og því síður vissi hann hversu langt árið var.

Hann spurði Fríðu um ýmislegt sem hann taldi sig þurfa að vita m.a um árstíðirnar og þær hættur sem væru framundan. Fríða sagði honum að árið hjá þeim væri fjögur hundruð þrjátíu og tveir dagar og mánuðirnir þrettán og átta dagar í vikunni. Á þessum tíma kenndi hún honum með því að teikna á jörðina hvaða stjörnuþyrping kæmi upp við sjóndeildarhring í norðri fyrir hvern mánuð og fyrir hverja viku. Einnig sagði hún honum að þegar ein stjörnuþyrping kæmi upp í norðri og settist í suðri væri komin hálfur sólarhringur en tunglið gefur okkur birtuna.

En hvað með klukkur. Já, klukkur ég hef oft heyrt talað um slíkt, einnig um eitthvað sem heitir vélar og rafmagn. Ég sá einu sinni rafmagnsljós í einu þorpinu

hérna skammt undan en það var eyðilagt eins og allt annað með hugarorkunni. Það er svo mikið hatur á milli þorpa og borga svo þeir eyðileggja hver fyrir öðrum allt sem heitir vélvænt.

Hver er þessi Lúðvík sem borgarnafnið er dregið af. Hún heitir borg Lúðvíks vegna þess að hann stjórnar henni núna, áður hét hún borg Finix. Hann missti borgina í hendur Lúðvíks fyrir fimmtíu árum og hefur verið þræll hans síðan. Þó að Lúðvík sé slæmur þá er hann mun skárri en sá fyrrnefndi var. Í hverju er sá munur fólgin aðallega. Hann leyfir ekki eins mikla grimmd eða eilífar erjur eins og hinn vildi helst hafa það. Ég hef heyrt að keisarinn sé ekki velánægður með Lúðvík eins og hann stjórnar borginni því hann vill hafa sem mest af hatri og erjum í landinu á því þrífst hann best. Þess vegna vill hann Lúðvík burt og fá Skeggrót í hans stað.

Á þessum tíma kynntust þau vel og það voru farin að myndast sterk tengsl á milli þeirra og heit ást. Á þriðja degi lifðu þau í fyrsta sinn kynlífi saman og fundu fljótlega að þar voru þau fullkomlega samstíga.

Tæpum sólarhring eftir að Fríða fór frá honum lagðist Tígurinn til svefnisalsæll í litlu rjóðri þar sem hann taldi sig öruggan. Hann hugsaði um þetta yndislega samband hans við Fríðu og einnig hvernig hann ætlaði að haga ráðum sínum þegar hann kæmi í borg keisarans. Það hafði verið ákveðið á milli þeirra skötu hjúa að hittast aftur þegar hann kæmi tilbaka eftir að hann hafði seðjað forvitni sína um hvernig aðstæður væru í þessari höfuðborg og kynnt sér þá möguleika sem hann hefði til að koma ár sinni vel fyrir borð.

Það var nauðsynlegt að hann gæti með einhverjum ráðum tryggt sér þá aðstöðu að komast í náðina hjá keisaranum án þess að hann vissi hver hann væri til að finna hans veikleika og vinna sér fylgismenn þar. Þá fyrst ætlaði hann að fara til baka til Fríðu eins og þau höfðu talað um og sjá til hvort hann teldi það tímabært að taka að sér þetta tilboð að leiða þennan hóp manna til sigurs á móti keisaranum. Með þetta í huga sofnaði hann sæll og ánægður. Skömmu síðar vaknaði hann með andfælum við komu Skeggrótar og hermanna hans. Þeir tóku hann til fanga eftir frábæra vörn og fluttu hann til borgar Lúðvíks í þennan voðalega helli sem er undir kastala hans.

Hvert borghverfi og þau héruð sem tilheyir þeim hafa slíkan helli og höfðingjar hverrar borgar nota fangana sem orkulindir til að magna sjálfa sig upp. Það hefur engum tekist að sleppa þaðan á annan hátt en að hverfa burt af þessari jörðu með dauða sínum og stundum gerist það með hjálp frá ljósverum ef viðkomandi manneskja hefur bætt sig það mikið að hún eigi enga samleið með íbúum þessara hnatta.

Tígurinn hafði talið sig vera þarna í öruggu skjóli þegar Skeggrót foringi Lúðvíks landstjóra kom að honum óvörum með tíu af undirmönnum sínum, fangaði Tígurinn, járnaði hann og þeir bundu fyrir augu hans. Þeir vildu ekki horfast í augu við Tígurinn töldu það ekki óhætt þar sem Skeggrót foringi þeirra hafði lýst fyrir þeim því ógnarvaldi sem Tígurinn hefði á hugarorku sinni.

Tígurinn fann að það var meira en skyldurækni við keisarann sem Skeggrót hafði leitað hann svona fljótt uppi. Það var einnig vegna þess ofsafengna haturs sem hann bar til hans og vildi ekkert frekar en að ná sér niður á honum fyrir þá hneisu sem hann taldi sig hafa orðið fyrir.

Enda sagði foringinn við Tígurinn, nú skalt þú fá að dúsa í forðabúri landstjórans og þaðan sleppurðu aldrei og getur því framvegis ekki blandað þér í málefni sem þér koma ekki við. Þá sagði Tígurinn glottandi ég hef sjaldan haft eins mikla ánægu af nokkru verki sem ég hef gert eins og þegar ég kom í veg fyrir að þið þrír nauðguðu henni Fríðu, því þó ég sé illur maður þá geri ég mér grein fyrir því að það á ekki að umgangast konur þannig. Hvað þykist þú eiginlega vera með þínar asnalegu fyrirlitlegu skoðanir, konur eru fæddar til að njóta þeirra hvort sem þær vilja það eða þykjast ekki vilja það. Þeim finnst hvort tveggja jafn spennandi og æðislega gott heimski haus.

Þegar Tígurinn svaraði honum ekki byrjuðu tveir undirmenn foringjans að sparka í hann þar sem hann lá varnarlaus. Skeggrót skipaði honum að segja sér hvar Fríða væri, en þegar ekkert svar kom og foringinn var farinn að finna til máttleysis. Hann varð hræddur og sagði við einn af mönnum sínum, sæktu hestinn hans og hjálpið honum á bak og sexmenn verða að ríða á undan honum en fjórir menn fylgja honum eftir og berjið hann öðru hverju með flötu sverðinu til að draga

máttinn úr honum þar sem þessi grjónahaus er stórhættulegur. Foringinn reið í farabroddi.

Tígrinum datt ekki í hug að svara þeim eða eyða kröftum við að brjótast um, heldur tók á móti spörkum þeirra og sverðshöggum með karlmennsku. Tígurinn vissi að ef hann hefði hitt þennan foringja skömmu eftir að hann kom til þessa lands fyrir tæpum tólf mánuðum hefði Skeggrót án vafa lagt hann að velli með hugarafli sínu. En hann hafði haft þá skynsemi að reyna ekki við sér sterkari menn á meðan hann var að styrkja sig af lífefli.

Fyrsta skipti sem hann var í skjóli kletta og fylgdist með þegar tveir andstæðinga börðust með mætti líforkunnar, en annar þeirra var með sverð í hendi. Að lokum sigraði sá sterkari fjandmann sinn, þann sem var með sverðið og hann féll á fjórar fætur og játaði sig sem þræl hans. Að sjá varnarlausan mann sigra vopnaðan andstæðing með þessum hætti hreif Tígurinn óskaplega. (Þetta nefnist á Tellusi að fara í herfjötra, það er gegn vilja sínum) Tígurinn hafði æft sig sig stöðugt eftir þetta eins og framar greinir og var nú þegar það sterkur að hann hafði ekki enn mætt manni sem hann réði ekki við með þessum hætti.

Hann var fluttur inn í heljarstóran helli undir höll keisarans með mörgum litlum innhellum, sem lokaðir voru af með sterkbyggðum hlöðnum veggjum og rammbyggðum hurðum og voru notaðir sem klefar fyrir allt að þrjátíu manns og allir sváfu þeir á beru steingólfinu. Einnig var einhver hluti af stórhellinum hólfaður af á sama hátt í sama tilgangi. Það var forðast eins og heitan eld að láta þessa menn hafa eitthvað að gera þá er mun auðveldara að brjóta þessa menn andlega niður. Það auðveldar landstjóranum að magna sig af líforku þessara hundruð manna sem eru lokaðir þarna inni.

Einu sinni eftir hvern svefntíma var föngunum sleppt í einn stóran innhelli sem var lýstur upp með blysum eins og aðalhellirinn. Aðallega gert í þeim tilgangi að æsa upp í þeim illskuna, enda var ósamlyndið með eindæmum og menn slógust þarna af heift. Fangaverðirnir sáu einnig til þess með skipulegum hætti að æsa upp í þeim vonskuna.

Tígurinn hélt sig alltaf utan við þetta og hinir fangarnir lögðu ekki í hann því þeir fundu að hann dró kraft frá þeim ef þeir ætluðu eitthvað að ybba sig við hann. Þeir

létu þess vegna manninn í friði. efldi hann sig og magnaðist á þeirra líforku eftir sem áður. Frá þessum stað hafði enginn sloppið og allir töldu það ekki vera hægt en Tígurinn ætlaði að fella þá kenningu.

Landstjórinn bjó í gríðarstórri höll á klettsnös hátt upp til fjalla fyrir ofan hellinn þar sem fangar hans og lífmagnarar voru staðsettir. Flestir þessara manna sem voru í hellinum höfðu verið hraustumenni og miklir hermenn en ekki leiðitamar landstjóranum og honum skeinuhættir þá lét hann fanga þá og hafði þá sér til andlegs viðurværis. En þessi landstjóri hafði stórt og mikið áhugamál sem var að kollvarpa veldi keisarans, hann beið aðeins eftir tækifærinu. Hann vissi einnig sem var að margir höfðu reynt, en höfðu ekki erindi sem erfiði, lentu þess í stað í kjötkötlum keisarans í sálfræðilegri merkingu.

Þegar Tígurinn hafði verið þrjár vikur í hellinum og komið var miðnætti eftir tímatali í svartheimslandi, þá var miðdagur á Tellus. Kjartan lá í hlíðinni fyrir ofan skíðaskálann og horfði á þetta dularfulla kristilega hús sem Kjartan er næstan vissum að er í raun bækistöð djöflatrúarmanna.

Hann sá aðeins eina bifreið standa fyrir utan húsið og það var samskonar bifreið og Steiner átti. Hann leit í vasabók sína og sá þá að þetta var hans bifreið. Nú taldi Kjartan sig ekki þurfa að grufla meira í því af hverju Steiner var þarna og hvers vegna húsið var varið svona vel. Djöflatrúarmenn sigldu þarna undir fölsku flaggi og það væri fróðlegt að vita hvað fælist þarna innan veggja.

Kjartan hafði af ráðnum huga tekið með sér ljósmyndavélina sína þegar hann fór frá Reykjavík á leið austur í sveitina fimmtudagskveldið. Þegar hann hafði verið þarna stutta stund og fylgst með húsinu sagði hann við sjálfan sig: Það er best að ég taki nokkrar myndir af þessu dularfulla húsi. Hann færði sig eins neðarlega í hlíðina og ákjósanlegast var svo hann næði sem bestum ljósmyndum af húsinu og sérlega undir þakskeggið því þar gætu veið faldar ljósmyndavélar. Hann var eftir sem áður í þeirri hæð að hann náði að ljósmynda ofan við þéttriðið girðinganetið og upp fyrir trjátoppna.

Kjartan var ekki vel ánægður með þessa afstöðu þar sem hann taldi sig ekki ná nægilega góðum myndum undir þakskeggið frá þeim stað sem hann var. Hann gekk því meðfram fjallshlíðinni hálfboginn og vonaðist að það sæist ekki til hans

frá húsinu þennan stutta kafla sem var frá hálsinum og niður fyrir efri brún ágirðingu. Kjartan gekk meðfram hliðinni og bak við húsið og stillti sig þannig að hann náði góðum myndum af gaflinum. Lengra þorði hann ekki að fara því þar var bersvæði og hraunkambar. Hann gekk því sömu leið til baka, fíkraði sig á bak við hálsinn og lagðist þar niður þar sem hann var áður.

Skömmu eftir að hann hafði náð eins góðum myndum af gaflí hússins eins og hann vildi hafa þær kom hver bifreiðin eftir aðra með stuttu millibili í hlað. Kjartan taldi tólf bíla fyrir utan bifreið Steiner. Hann náði að smella nokkrum myndum af þeim þremur öikumönnum sem síðastir voru að hverfa inn fyrir dyrnar. Síðan skrifaði Kjartan niður í vasabókina einkennisnúmerin á þeim bílum sem hann gat lesið á númeraspjöldin. Hann náði ekki að sjá einkennistafina á fjórum bílum.

Kjartan taldi það vera í lagi og var ánægður með vel unnið verk, gekk í hægðum sínum til baka niður hálsinn í átt að skíðaskálanum þar sem hann hafði lagt bifreiðina. Þegar inn í bifreiðina var komið tók hann spóluna úr setti hana ofan í annan sokkinn sinni og lét nýja spólu í og smellti síðan tíu myndum af skálanum og landslaginu tók filmuna úr og lagði myndavélina í framsætið. Settin spóluna í jakkavasann. Þetta var varúðarráðstöfun þar sem hann taldi filmuna vera mikils virði. Því ef einhver hefur séð til hans býst hann við að sá hinn sami vilji ná í hana. Með þessu móti gerði hann honum erfiðara fyrir. Kjartan ók síðan sem leið lá til borgarinnar.

Kjartan var ekki svo heppinn að sleppa óséður, Steiner hafði staðið í fundaherberginu á annarri hæð og horft í góða stund út um þennan eina glugga, sem var á hliðinni sem snéri að fjallshlíðinni þar sem hann var að bíða eftir fundarmönnum. Þá sá hann mann koma ofan frá hálsinum hálfboginn og ganga niður hliðina. Þá greip hann í stóran og mikinn standkíki sem er alltaf staðsettur við þennan glugga, þaðan sem útsýnið er frábært. Hann vildi vita hver þetta væri og af hverju þessi skrattakollur væri að sniglast þarna, því það var greinilegt að hann var að laumast þarna um. Hann stillti kíkin á hálsinn og beið rólegur þangað til hann birtist þar aftur. Það leið ekki á löngu þar til maðurinn kom til baka. Steiner þekkti Kjartan strax og var ekki vel ánægður og sagði við sjálfan sig: Hvern fjandann er maðurinn að gera þarna? Steiner þurfti ekki að bíða lengi

uns hann sá hvers kyns var. Hann er að taka ljósmyndir af húsinu, andskotans maðurinn, og hann er einnig að smella myndum af stjórnarmönnum sem eru að koma. Steiner reist sig upp frá kíkinum og stóð hugsí litla stund. Það má draga þá ályktun af þessari miklu forvitni hans, að hann hefur komist að hver hin raunverulegu samtök eru sem reka þetta félagsheimili.

Síðan beygði hann sig niður að kíkinum aftur og fylgdist með honum litla stund. Djöfullinn sjálfur, það eru fjórir menn búnir að snúa sér í áttina til hans eins og þeir séu að stilla sér upp fyrir myndavélina þetta er of mikið af því góða. Ef ég hefði ekki fengið ákveðna skipun frá biskupinum um það hvernig þessi mál skuli unnin hefði ég skotið hann núna strax á færi með rifflinum mínum með hljóðdeyfinum og síðan skipað einhverjum af undirmönnum mínum að sækja líkið og láta það síðan hverfaásamt þessum ólukkans ljósmyndum. Steiner stóð þarna við gluggann djúpt hugsí, fór síðan inn á skrifstofu og hringdi eitt símtal. Allir stjórnarfulltrúarnir voru sestir í sína ákveðnu stóla umhverfis fundarborðið þegar hann dró forsetastólinn undan borðinu og settist í hann.

Eftir að Kjartan hafði lokið þessu verki sínu leit hann á úrið og sá að klukkan var fjörutíu og fimm mínútur genginn í sex. Nú, er hún orðin svona margt, ég næ aldrei fyrir sex með filmuna í framköllun. Jæja, ég fer með hana í fyrramálið, eða bið Selmu að fara með hana.

Síðan ók hann sem leið lá til borgarinnar. Þegar þangað var komið fór hann beinustu leið til í flugfélagið Friðarfuglinn, fyrirtæki sem hann átti og starfrækti. Það var til húsa við austurendann á flugstöð Flugfélag Íslands.

Kjartan drap á bifreiðinni steig út úr henni. Þá varð hann var við einhver mann með svartan hatt, sem gekk þvert fyrir afturenda bílsins. Í grandaleysi sínu athugaði hann þennan mann ekkert betur og skellti aftur bílhurðinni, um leið sá hann eina stóra stjörnu og vissi ekki meira af sér.

Þegar hann rankaði við sér, hálf dasaður og eitthvað ruglaður, nuddaði hann hægri lófanum á gagnaugað þar sem honum verkjaði og sagði við sjálfan sig: Hvað, var ég ekki komin út úr bílnum? Af hverju sit ég þá hérna? Og hvað kom eiginlega fyrir mig? Smám saman fór að rofa til í hausnum: Jú, ég var komin út og ætlaði að fara að læsa hurðinni. Kjartan fann að höndin var eitthvað blaut og horfði síðan á

blóðuga höndina. Hver fjandinn, ég hef verið sleginn í hausinn og sennilega rændur.

Kjartan sá strax að þessi forlata og dýra myndavél sem hann átti lá á farþegastólnum opin og filman lá þar einnig sundurtekin. Síðan gáði hann í sokkinn og spólan var þar sem hann setti hana honum létti ósegjanlega. Kjartan gáði einnig í peningaveskið, þar var allt óhreyft. Hann varð ekkert undrandi og sagði við sjálfan sig: Fyrst filman varð eyðilögð hef ég fengið staðfestingu á því að þessir menn eru í raun og veru eitt glæpagengi.

Selma beið eftir Kjartani eins og um var talað þeirra á milli, en hann ætlaði að vera kominn klukkan sex svo henni var ekki alveg sama og Kjartan hafði lokaðan gsm-síma. Hún tók þess vegna vel á móti honum þegar hann kom og spurði strax forviða: Hvað kom fyrir? Þú ert blóðugur á höfði og hendi. Þetta er ekkert til að gera veður út af, ég rak mig á bílhurðina, en ég hélt að þú værir farin því að klukkan er að verða sjö, sagði hann um leið og hann fór inn á salernið til að þrífa blóðið. Rétt strax kom Selma með plástur og sagði: Leyfðu mér að skoða þetta. Kjartan settist þegjandi á baðkarsbrúnina og leyfði henni að gera það sem hún vildi, hann vissi að hún mundi ekki gefa honum það eftir. Þegar hún hafði skoðað þetta, hreinsað, klippt frá sárinu og fest plásturinn sagði hún: Það hefur komið smá bólgukúla og opnast lítill skurður, það er betra að hafa þennan plástur.

Kjartan, nú vil ég að þú svalir forvitni minni. Hvað viltu fá að vita Selma mín? Vertu ekki eins og sakleysið uppmálað, það er eitthvað dularfullt um að vera í kringum þig núna. Hvers vegna dettur þér það hug?, sagði Kjartan og setti upp undrunarsvip. Það þýðir ekkert að setja upp þennan svip, ég vil vita hvers vegna þú fékkstu annan mann fyrir Sigrúnu, þú sagðir mér aldrei ástæðuna fyrir því þegar þú hringdir heim til að segja mér frá þessari undarlegu breytingu. Nei, það gerði ég ekki, en Sigrún þarf að vinna fyrir mig annað verk. Mér þætti það verulega fróðlegt að vita hverskonar vinna það er sem þú hefur í handraðanum sem Sigrún hefur metið meira en flugið. Því ég veit ekki betur en hún vilji ekkert gera annað en að fljúga, sagði Selma og horfði með forvitni og einbeitni á Kjartan. Hann svaraði henni engu en spurði: Flaug Hans Karlsson til Ísafjarðar í morgun? Já, hann kom í morgun og flaug vestur.

Kjartan fór inn á skrifstofuna sína þegar Selma birtist í dyrunum, hún hafði elti hann þangað inn því Selma ætlaði ekki að leyfa honum að sleppa svona létt án þess að svara henni. Hún sagði þegar hún var rétt komin inn fyrir dyrnar: Það er eitthvað sem þú ert að bralla sem ekki má kom fram í dagsins ljós, fyrst öll þessi launung er. Kjartan var rétt sestur þegar hún kom á eftir honum. Hann leit á Selmu litla stund hugsandi og sagði að lokum: Selma mín, mér hefur alltaf verið óhætt að segja við þig það sem mér býr í brjósti, en núna er betra fyrir þig að vita sem minnst. En eitt ætla ég þó að segja þér: Það verður töluverð breyting í þessu fyrirtæki um stundarsakir, Sigrún verður til húsa að Tjarnagötu 1b. En ég mun mæta á skrifstofuna eins og venjulega. Ef ég verð ekki heima að næturlagi þá verð ég í húsinu við Tjarnagötu 1b, eins og Sigrún. Þú getur náð í okkur í þetta símanúmer. Hann skrifaði niður á blað símanúmer og rétti henni. Ef einhver hringir í mig hingað á skrifstofunni þá færðu hjá þeim nafnið og símanúmerið og segir viðkomandi að ég muni hringja í þá við fyrsta tækifæri. Hvað er eiginlega að gerast?, spurði hún með óttasvip. Það er ekki umtalsvert, hafðu engar áhyggjur af því Selma mín.

Selmu leist ekkert á þetta og varð meira hrædd um hag þeirra eftir því sem hún talaði lengur við Kjartan. Hún var ekki í nokkrum vafa um það lengur að þessi Sóldís Gunnlaugsdóttir var búin að koma þeim í einhver vandræði.

Selma hafði að sjálfsögðu ekki getað hamið forvitni sína, þegar hún komst að því að Kjartan var spenntur fyrir þessari stúlku. Hún var ekki í neinum vandræðum með að fá upplýsingar um hana, hvar hún ætti heima og hver hún væri. Selma var bara ánægð með þá vitneskju sem hún hafði um hana. Þetta samtal og líka það sem Kjartan þagði yfir varð til þess að henni stóð ekki á sama og fór skyndilega að vera illa við þessa stúlkukind sem bauð greinilega hættunni heim fyrir Kjartan og Sigrúnu. Það var greinilegt eitthvað dularfullt og óæskilegt í kringum þessa manneskju. Selma varð skyndilega reið og spurði því örlítið hvasst: Eruð þið í einhverju klandri út af þessari stelpu? Hana langaði til að nefna þessa stúlkukind gæs, en gerði það ekki.

Þegar Kjartan sá að hún var eitthvað hrædd bæði um Sigrúnu og sig og ekki laus við að vera reið, sagði hann: Það er best fyrir þig að vita sem minnst um þetta mál

Selma mín. Selma gekk áhyggjufull, sár og þungstíg inn í skrifstofuna sína, sat þar hljóð og aðgerðarlaus. Það átti hvort sem er að vera búið að loka þessar skrifstofu fyrir góðri stundu.

Litlu síðar fór Kjartan fram þar sem Selma sat í kápunni sinni þungbúin. Selma ég vona að þú fyrirgefi mér og ég vil ítreka það við þig að það er öllum fyrir bestu að þú vitir sem minnst um þetta mál, sagði Kjartan. Þess vegna vil ég biðja þig um að spyrja mig ekki meira um þetta. Það er eitt sem ég má til með að segja við þig og get ekki leynt þig því. Sóldís er í mikil hættu, ég og Sigrún ætlum að hjálpa henni eins og við höfum bolmagn til og að sjálfsögðu erum við ekki að gera neitt ólöglegt. Hvers vegna látið þið þá ekki lögregluna um þetta? Svo þurftir þú ekkert að segja mér að þetta væri ólöglegt, ég vissi það nú, svaraði Selma um hæl. Ég get ekki sagt þér hvers vegna, en það er fullkomin og gild ástæða til þess og spurðu ekki meira um það. En ég þarf að biðja þig um eitt atriði og gera það skjótt ef til þess kemur.

Hún horfði á hann og sagði: Þú veist að ég mun gera það. Þá sagði Kjartan blíðlega: Ef þú heyrir ekki í mér eða Sigrúnu í síðasta lagi klukkan tíu á hverju einasta kvöldi skaltu hafa samband við þennan mann hérna. Svo skrifaði hann á blað nafnið hans, rétti henni miðann og sagði: Þarna er nafnið hans og símanúmerið, bæði á skrifstofunni og heima hjá honum. Hún tók við blaðinu undrandi þegar hún sá hver maðurinn var; Vilhjálmur Óskarsson rannsóknarlögreglumadur. Þá hváði hún: Ef eitthvað kemur upp á, þá á ég að hringja í annað hvort númerið? Við skulum vona að þess þurfi ekki með, en ef til þess þessi kemur þá er ég í miklum vandræðum og kannski Sóldís og Sigrún einnig. Þú segir Vilhjálmi að ég hafi skjöl undir höndum sem hann verður að ná í þar sem þau tilheyra Sóldísar-málinu. Hvar eru þessi skjöl?, spurði Selma bæði kvíðin og forvitin. Ég opnaði nýtt bankahólf í Búnaðarbankanum og endurskoðandinn minn er sá eini fyrir utan mig sem hefur lykil að þessu hólf. Hann á að afhenda Vilhjálmi rannsóknarlögreglumanni lykilinn ef hann biður um hann.

Selma varð hálfölluð af hræðslu að hlusta á það sem Kjartan var að segja henni. En hún reyndi að bera sig vel og sagði: Þið eruð í stórhættu. Þá brosti Kjartan til

hennar og sagði: Það er ólíklegt, þetta er bara varúðarráðstöfun sem við þurfum aldrei að nota. Eftir nokkurt hik sagði Kjartan hugsandi: Það er svolítið meira sem ég þarf að segja við þig og þú mátt ekki gleyma. Og hvað er það?, spurði hún kvíðin. Þegar ég hringi í þig og segi við þig: Hæ hæ, þetta er Kjartan, þá hringirðu umsvifalaust í Vilhjálmi því þá er því þá er ég einhverja hluta vegna neyddur til að tilkynna mig þetta kvöldið. Eins og þú veist þá heilsa ég aldrei með hæ. Síðan leit hann á klukkuna og sagði: Klukkan er að ganga átta. Það er fyrir löngu komin lokunartími, ég skal loka, við sjáumst í fyrramálið.

Selma þekkti Kjartan vel og vissi þess vegna að hann hefði aldrei sagt svona við sig nema vegna þess að þau þrjú voru í raun í lífshættu. Þegar Selma var sest inn í bílinn sinn þá hugsaði hún um það sem Kjartani hafði sagt við hana og hún var viss um að hún yrði á nálum hvern einasta dag um að og þetta væri dagurinn sem hún yrði að hringja í Vilhjálmi rannsóknarlögreglumann.

Kjartan fór af skrifstofunni til Péturs Óskarssonar kunningja síns sem hafði það sér til gamans að stunda ljósmyndun og framkalla sjálfur fyrir örfáa vini og kunningja. Sjaldséður er hvítur hrafni, hvað kemur til að þú lítur við hjá mér núna?, sagði Pétur brosandí. Ég er með filmu sem ég vil að þú framkallir fyrir mig og þú verður að halda því algjörlega leyndu.

Þegar Sóldís opnaði fyrir Kjartani sagði Sóldís: Þú kemur á réttum tíma í heitt hangikjöt. Þú sagðir mér fyrir austan fjall þegar ég spurði þig, hvort þú vildir heldur heitt eða kalt hangikjöt, að þér væri næstum sama, en heitt hangikjöt þætti þér geysilega gott. Já, það er alveg rétt, þú ert gull af manni, sagði Kjartan um leið og hann settist við borðið. Sóldís brosti og sá til þess að standa þannig við borðið að Kjartan varð að snertan hana til að komast að sætinu.

Hvað, varstu að meiða þig?, spurði Sigrún. Já, ég var bæði sleginn og rændur. Hann sagði þeim síðan hvað hafði gerst. Þetta er alveg eins og Sóldís sagðist sjá fyrir rúmum klukkutíma, en hún lýsti þessum atburði betur fyrir mér en þú gerir, sagði Sigrún. Hvað meinarðu?, Sóldís var ekki þarna nálægt svo hún hefur ekki getað séð það sem gerðist þegar ég var rændur. Hún gerði það nú samt. Sóldís stóð hérna við eldhúsbordið og gekk að eldavélinni þegar hún skyndilega hrópaði upp: Nei nei nei, ekki þetta. Svo þagði hún nokkra stund og starði út í loftið og þó

ég reyndi að tala við hana svaraði hún mér ekki. Jæja, þetta er ekki svo alvarlegt. Sagði mér síðan að svartklæddur maður með svartan hatt sem var dregin niður á ennið hafi læðst aftan að þér með trékylfu í hendi slegið þig í höfuðið og gripið þig um leið og þú misstir meðvitund, setti þig inn í framsætið farþega megin og tók bók og filmuna sem þú varst að tala um, upp úr sitt hvorum jakkavasanum. Svo bætti Sóldís við: Þetta er örugglega sami maðurinn og var upp á fjallinu þarna í sveitinni.

Einhvern vegin hef ég það á tilfinningunni að þessi maður sé frekar með okkur en móti þó hann hafi gert þetta. Þá finnst mér þetta vera einkennileg hjálpsemi, en eitt er þó víst að þeir eru að fela eitthvað sem ekki má koma fram í dagsljósið ég hafði það þó upp úr krafsinu. Þarna fengum við líka staðfestingu á því að þessir mannhundar eru raunverulega glæpamenn, svo það er ekki allt svo illt að það boði ekki eitthvað gott, sagði Kjartan.

Þau töluðu lítið um þetta mál meðan þau voru að borða, en nutu þess betur að borða þetta ilmandi heita hangikjöt með kartöflum, hvítri sósu, rauðkáli, súrsuðum gúrkum og grænum baunum. Þegar þau luku við matinn gengu þau frá í eldhúsinu í sameiningu, settust síðan inn í stofu og drukku nýuppáhellt kaffi og töluðu fyrst um daginn og veginn.

Eftir góða stund breytti Kjartan um umræðuefni og sagði þeim frá varúðarráðstöfunum sem hann hafði sagt Selmu; að þau ættu að segja hæ hæ, við hana aðeins í því tilfelli þegar hún ætti að hringja í Vilhjálmi. Svo verður það best fyrir okkur að við þrjú höldum hópinn eins mikið og unnt er eins og við höfum komið okkur saman um. En það má aldrei koma fyrir að Sóldís sé einsömul. Annað hvort okkar, Sigrún eða ég, verðum alltaf að vera í návist við hana sagði Kjartan og horfði á Sigrúnu. Síðan leit hann á Sóldísi og sagði með áherslu við þrjú verðum skilyrðislaust að passa upp á að svo verði alltaf það er eini möguleikinn til að við komumst af.

Þá brosti Sóldís, ekki vegna þess að hún þurft að hafa þau á eftir sér við hvert fót mál sem hún færi, heldur vegna þess að hún sá og fann hvað Kjartani var mikið umhugað um hana. Þú getur alveg treyst því Kjartan, að ég mun standa við það og ég vil einnig að þið verðið ekki ein á ferð, ykkur er ekki síður hætta búin en mér.

Kjartan svaraði þessu engu því hann varð að sjálfsgöngu að hugsa um fyrirtækið sitt og sagði þess í stað: Það er annað sem ég verð að vara þig við. Áttu við nuddþega mína? Já, ég er hræddur um að þú megir ekki bæta við nýjum nuddþegum sem þú þekkir ekki. Einhver af óvinum þínum gæti læðst að þér að án þess að við gætum nokkuð gert fyrr en það er um seinan. Þú þarft ekki vera hræddur um það Kjartan, ég finn strax hvernig manneskjan er sem hringir í mig og ég veit oftast hvað er að henni um leið og ég heyri í henni.

Já, auðvitað, þú máttir svo sem vita það Kjartan, sagði Sigrún kímín og bætti svo við: Mig langar að leggja svolítið til málana. Við Sóldís höfum talað heilmikið um þetta vandamál og ég skil ekki ennþá hvernig við eigum að geta barist gegn þessu yfirnáttúrulega afli sem þessir glæpahundar hafa yfir að ráða og hvernig í ósköpum eigum við að geta sannað á þá einhvern glæp.

Það er nú vandamálið, ég hef hugsað mér að láta þessi meintu morð liggja á milli hluta eins og er, en leggja meiri áherslu að tala við Ásmund Örlygsson verktaka og Hlöðver Ingólfsson húsasmið. Báðir þessir menn unnu hjá Ólafi Höskuldssyni, Hlöðver tók við að gera við húsið eftir að Ásmundur veiktist samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslunni. Við þurfum að vita hvort hann veiktist raunverulega og síðan að athuga hvort þeim ber saman. Þá fyrst finnst mér tími komin til að hafa samband við Ara Fannberg framkvæmdastjóra. Einnig þarf ég að komast inn í bækistöð þeirra og reyna að finna eitthvað sem er saknæmt á þá. Samkvæmt því sem við teljum okkur vita þá er ekki ólíklegt að þetta hyski hafi margskonar skýrslur sem þeir hafa ekki áhuga á að óviðkomandi sjái sem gæti komið sér vel fyrir okkur.

Sem betur fer þá tókst þessum manni sem rotaði mig áðan ekki að ræna nema annarri filmunni því ég faldi hina í öðrum sokknum sem ég var í. Hann varð ekki var við filmuna þar sem ég var í uppháum bússum og voru samskonar myndir á báðum filmunum. Hvers vegna datt þér í hug að fela aðra filmuna?, spurði Sigrún undrandi. Mér fannst það bara öruggara. Ég tók nokkrar myndir af félagsheimili þessara glæpamanna og náði einnig andlitsmynd af fjórum meðlimum. Kannski var ég rændur þess vegna. Hvers vegna tókstu mynd af félagsheimili þeirra?, spurði Sigrún. Það var aðallega vegna þess að mig grunar að það séu myndavélar

undir þakskegginu á húsinu, alla vega sýndist mér það í gegnum kíkin. Þá líst mér ekki á að þú komist inn í húsið, fyrst svo er, sagði Sigrún.

24. KAFLI

Þegar allir fundargestir höfðu komið sér fyrir við fundarborðið tók Steiner, til máls. Ég segi þennan hundrað tuttugasta og annan félagsfund settan. Fyrsta mál á dagskrá er undirbúningur og skipulag hins tilkomumikla hátíðardags. Dagurinn sem verður minnistæður á meðan mannkyn lifir á þessari jörð. Á nákvæmlegu réttu tímaskeið mun Satan barna Tinnu og Andkristur fæðist níu mánuðum síðar.

Nú fáíð þið fyrstir manna að vita hvenær þessi mikli dagur verður. Forseti okkar og biskuparnir hafa legið á þessum upplýsingum þar til fyrir hálfum mánuði. Þá var mér tilkynnt þetta bréflaga frá forsetanum. Þessi dagur er 13. desember, 1999 klukkan 13.13.

Fimmti biskupinn og prestar frá þeim löndum sem trúarhreyfing okkar hefur náð fótfestu í, sem eru eitt hundrað og níu lönd. Þeir verða boðaðir til að mæta í hellinn okkar hér undir fellinu fyrir tólf á hádegi 13. desember. Nákvæmlega klukkan tólf þennan tiltekna mánudag byrjar undirbúningsathöfn fyrir komu Warlock og á sekúndunni þrettán mínútur yfir þrettán verður getnaðurinn að takast svo að rétta sáðfruman hitti rétta eggíð.

Hvernig er mögulegt að vita þetta svona nákvæmlega? Ég verð að segja það að ég sé enga vitglóru í þessu, sagði tólfti höfðinginn. Presturinn horfði stingandi augum á efamanninn. Höfðinginn kiknaði undan augnaráði hans og horfði dreyrrauður niður á borðið eins og lítill skömmustulegur drengur. Hann sagði með höstum rómi: Haf þú engar áhyggjur af þessu, gerðu aðeins það sem þér er skipað að framkvæma. Satan sér um þessa hlið á málinu og við eigum aðeins að skipuleggja komu hans svo getnaður geti orði á réttum tíma. Níu mánuðum síðar mun hinn mikli eldur, Andkristur fæðast eins og spáð hefur verið fyrir mörgum öldum. Tuttugu og fimm árum síðar mun hann ná yfirráðum á vorri jörð með aðstoð Warlock djöfli okkar sem við trúum og treystum á.

Hvers vegna fá íslenskir höfðingjar og deildarstjórar að mæta á þennan tilkomumikla fund þegar prestar frá öðrum löndum fá einungis að mæta? Það er gert meðal annars til að veða upp á móti þeim fjölda aðkomupresta sem mæta hingað til Íslands. Aðalástæðan er að þessir Íslendingar sem verða boðnir eru

einstaklega næmir og gott að hafa þá með því nokkrir þeirra eru betri en margir presta sem er í okkar hópi. Það eru ótrúlega margir Íslendingar sem hafa þennan hæfileika. Það er búið að velja tólf presta, þá bestu setjara sem völ er á. En miðillinn verður sá þrettándi í hópnum og það er fimmti biskupinn. Þessir þrettán menn sitja í hálfhring fyrir framan styttna.

Fjöldi meðlima sem hingað koma samkvæmt skráningu, er eitt hundrað þrjátíu og tveir ásamt þrettán sérvöldum eiginkonum úr hópi prestanna. Þær eru einstaklega fagrar og þokkafullar. Þær fengu að velja þrettán presta úr þessum hóp fyrir utan eiginmenn sína og eiga að vera í hópsamförum á sviðinu til að fá sterka og góða samstillingu við Satan svo hann geti birst okkur á sviðinu af fullum krafti. Þessar tuttugu og sex manneskjur eiga að þjóna þessu mikilvæga hlutverki með einurð og af mikilli nautn þar til Warlock kemur með hamförum frá heimsríki sínu og birtist okkur í allri sinni dýrð við altarið sem er tileinkað Satan og honum til dýrðar.

Presturinn leit yfir hópinn og spurði: Hafið þið einhverjar spurningar? Þá rétti höfðingi tólf upp höndina og spurði: Veit Tinna hvaða hlutverki hún hefur að gegna hérna hjá okkur og er hún tilbúin að leggja sig fram við þetta? Eins og er hefur hún enga hugmynd um þetta. Eru fleiri spurningar? Hvernig á þá að framkvæma þetta?, spurði sami höfðinginn. Ég er búinn að skipuleggja hvernig ég fæ hana til að gera þetta, það mun ganga upp og þið fáið að vita þetta tímanlega. Þá sagði höfðingi númer átta: Þar sem þetta mál er útkljáð langar mig að vita hvort það sé rétt sem ég hef heyrt að mikil fjölgun hefði orði í hreyfingu okkar hafi á síðustu mánuðum?

Já, aukningin er um þrjú prósent, hreyfing okkar er alltaf að vaxa. Síðustu tölur sem ég fékk í gær frá Íran sína að nú er hreyfingin í eitt hundrað og níu löndum og félagsmenn er í hverju landi allt frá tuttugu upp í sex þúsund þrjú hundruð og sjötíu meðlimi. Úr hverjum hópi er nú þegar búið að velja þá presta sem til þarf í hverju landi. Meðlimir í hverju landi fyrir sig halda svipaða hátíð á sama tíma og hér á Íslandi og einbeita huga sínum til þessarar eyju til að Warlock birtist í sinni mögnuðustu mynd. Það er dauðasynd ef einhverjum verður á að koma í veg fyrir þennan tilkomumikla getnað.

25. KAFLI

Tinna Þorvaldsdóttir, eiginkona Ara Fannbergs heitins og fyrrum framkvæmdarstjóra, er fædd á Egilsstöðum sem er eitt fegursta bæjarstæði á landinu. Þessi fallegi bær liggur í botni dalsins og hið víðfræga Lagarfljót rennur í gegnum bæinn til sjávar, þar sem Lagarfljótsormurinn á að hafa sést mönnum til undrunar. Þarna ert lávaxinn skógur frá dalbotni upp á fjallstinda og Hallormstaðarskógur sem er stærsti skógur landsins og prýðir umhverfið til muna og gerir dalinn fegurri.

Tinna flutti frá Reykjavík að Miðási á Egilsstöðum í foreldrahús mánuði eftir lát eiginmanns síns. Hún var svo heppin að húsið sem foreldrar hennar misstu, þegar þau urðu gjaldþrota, var til sölu á sama tíma og hún leitaði sér að húsnæði og var hún því ekki sein á sér að kaupa það. Í dag eru sex mánuðir síðan hún flutti frá Reykjavík. Hún naut lífsins sem aldrei áður í heimahögum og syrgði mann sinn lítið sem ekki. Eins og áður hefur komið fram giftist hún til fjár og náði aldrei að elska manninn sinn þessi níu ár sem þau áttu samleið í hjónabandi. Hún hefur aldrei séð eftir að hafa átt náði samband við hann þar sem þau áttu ágætlega saman kynferðislega, en þetta samband skapaði henni þá hamingju að hún eignaðist með honum gullfallett og indælt stúlkubarn sem er á níunda árinu. Þessari stúlku var gefið nafnið Kristín Mjöll.

Hún er nánast eftirmynd móðir sinnar í útliti að öðru leyti en því að hún er mjög ljós á hörund. Efniviður hennar er blendinn frá móður og föður. Kannski mætti heldur segja að hún líktist frekar föðurbróðir sínum honum Ársæli Fannberg, en föður sínum, sem Kristín Mjöll dáist að eins og lítil frænka getur gert. Enda heyrðust gleði- og hrifningar ópin hátt í Kristínu Mjöll þegar Kári tvítugur að aldri sigraði heimsmeistarakeppnina í snóker undir tuttugu og eins þegar hann var nýorðin tvítugur.

Heimsmeistaramótið var haldið í Kanada fyrir þrem árum. Það var ekki við það komandi annað en hún fengi að fara með á þetta mót. Hún sagði foreldrum sínum sér til framdráttar að Ársæll hafi oft og iðulega sagt sér að hún væri lukkufrænka sín og hvernig á þá Ársæll frændi að geta sigrað mótið ef ég fer ekki með. Foreldrar hennar gáfust þá upp fyrir henni og það var ákveðið að þau þrjú færu

með Kára. Þá hoppaði hún af kæti og sagði staðfastlega, fyrst að ég fæ að koma með vinnur Ársæll og verður heimsmeistari.

Kristín Mjöll var ljósið í þessu hjónabandi og kannski var það hún sem hélt hjónabandi þeirra saman. Kristín Mjöll saknaði föður síns mikið því hann hafði stundað föðurhlutverk sitt með ágætum og Tinna hafði aldrei talað um Ara Fannberg á neikvæðum nótum í hennar áheyrn enda átti hann það ekki skilið að hennar mati. Hann hafði séð vel um heimilið og reynt að gera sitt besta eins og hann var maður til. Tinna hafði einungis lifað fyrir dóttir sína frá því að hún fæddist og sérlega síðustu þrjú árin.

Ársæll hafði hjálpað henni að flytja og koma sér fyrir í húsi foreldra sinna og var hjá henni í hálfan mánuð og hefur síðan komið til þeirra þrisvar sinnum og verið yfir helgi og það gladdi Mjöll geysilega mikið og kannski ekki síður Tinnu því henni fannst gott að hafa Ársæl í námunda við sig. Fyrir viku kom hann til þeirra í heimsókn og það hafði verið ákveðið að hann eyddi þessu sex vikna sumarfríu sínu á heimili þeirra.

Það var síður en svo að það væri Ársæli á móti skapi að þiggja svo gott boð, þar sem hann gat ekki lengur talið sjálfum sér trú um að hann bæri aðeins tilfinningu til Tinnu sem mágur. Hann vissi sem var að hann bar heitar og miklar tilfinningar til hennar og vonaðist eftir að hann næði ástum hennar með tímanum. Ársælli taldi sig einnig hafa tekist að fela þessar tilfinningar til hennar fram að þessu og vildi ekki láta hana vita af því fyrr en hann teldi að hún bæri sama hug til hans.

Að sjálfsögðu var Tinna fyrir löngu síðan búin að sjá hug hans til hennar. Hún hafði ákveðið snemma eftir lát Ara að hugsa ekki um karlmenn og láta dóttur sína ganga fyrir öllu, en Tinna hafði alltaf fundið til mikillar ástúðar til Ársæls þar sem hann var alltaf rólegur, traustvekjandi og góður drengur. Núna upp á síðkastið fann hún að tilfinningar hennar til hans voru nánari en hún upphaflega hafði viljað og það ruglaði fyrirætlun hennar.

Viðhorf hennar til lífsins breyttist eftir að Kristín Mjöll fæddist, að vísu í smáum skrefum. Hún fór að sjá villu sína um það að sá sterkari lifði af en þeir aðrir sem ekki gætu bjargað sér mættu deyja drottna sínum. Þessi hugarfarsbreyting gerði það að verkum að hún fjarlægðist manninn sinn enn meir og síðustu þrjú árin fyrir

dauða hans hafði Tinna neitað að sængað hjá manni sínum og því síður leitað á aðrar slóðir.

Síðustu árin komst hún ekki hjá því að bera bræðurna saman. Þeir voru að mörgu leyti keimlíkir í útliti. Báðir háir, myndarlegir og ljóshærðir, hægir, seinir til reiði og upphaflega báðir raungóðir. Þegar Ari Fannberg kynntist djöflatrúnni fór eigingirninn og peningagræðgin að magnast í huga hans og ekki bætti víndrykkjan það eða spilafíknin sem mjög oft er fylginautur fíkniefna.

Ársæll var sjálfum sér samkvæmur og mat manngildið meira en flest annað og taldi fjárhagsstöðu manna liggja á milli hluta ef innrætið væri gott. Ari Fannar breytti öðruvísi, hann talaði oftlega gegn sinni innri sannfæringu ef hann sá sér fjárhagslegan hagnað í því. Svo hafði hann þann djöful að draga vera alkóhólisti og spilafíkill og það skemmdi með tímanum það góða sem bjó í honum.

Tinna fæddist eins og viðöll á þessari undarlegu og óróasömu jörðu. Hún er nær því að vera helvíti þar sem dráp og önnur óþverraverk eru í ómældu magni stunduð af mönnum og oftlega af sjálfum stjórnvöldum. Þó má vel sjá að ef línurit er dregið annarsvegar góðleikinn sem er uppávið og hinsvegar árþúsund, þá kemur í ljós tröppugangur á línuritinu. Oftast fellur línan niðurá við þegar við erum komin á toppinn að vitsmunum og tækni. Þá er eins og við ráðum ekki við tæknina og oftlega förum við að nota hana til ills. Þá hrapar línurit góðvildarinnar mismunandi mikið niður þar til við áttum okkur og förum þá hægt og sígandi upp á við aftur og venjulega enn hærra en áður þangað til við missum áttir aftur.

Stærsta orsökinn fyrir þessum stórvægilegu glæpum sem hrjád hafa mannkynið á þessari voluðu jörð er líklegast sá þáttur sem nefnist sefjun og hefur dáleiðandi áhrif. Það er trúarofstæki og múgsefjun. Síðan koma þessi skaðlegu efni, eiturlyfin og alkóhólið. En að síðustu kemur ágirndin og afbrýðisemin og það eitt sér getur valdið manndrápum. En fyrrgreind nautnalyf eru hættulegust og skaðust til að eyðileggja manninn þar sem dómgreind mannsins skerðist til muna og menn geta orðið drápsmenn einungis vegna inntöku á slíkri ólyfjan.

Eiturlyfi eru kannski ekki hættulegust þar sem þau vara manninn fljótt við og eyðileggja manneskjuna og drepa á stuttum tíma. En þeir sem tala og skrifa um ágæti alkóhólsins eða auglýsa þesskonar vörur svo ekki sé minnst á þegar þeir

dásama þessi lyf sem einhverskonar guðaveigar og láta jafnvel börn heyra, eru komnir á hættulega braut. Flestir gera sér ekki grein fyrir því hvað þeir eru að gera mannkyninu illt með slíku framferði.

Mannkynið hér á jörðu væri mun betur sett ef manneskjan vaknaði upp af vondum draumi og ynni gegn þessari skaðsemi af heilum hug. En ekki láta sér detta það í hug að það sé einhver lausn að reyna að kenna fólki eða unglingum að drekka vín. Það er hrein fjarstæða því það veit enginn fyrirfram hver verður alkóhólisti. Það er nánast undantekningarlaust að sá sem þykist kunna að drekka vín lendir oft en viðkomandi tjáir sig um í of mikilli drykkju og jafnvel í miklum vandræðum vegna þessa, hann forðast að tala um það og reynir að halda því leyndu.

Um áttatíu prósent þeirra sem drekka vín lenda á einhvern hátt í ógöngum vegna þessa. Fræðum afkvæmi okkar og gerum ýrtruðu tilraunir til að hætta sjálf og vera börnum okkar til fyrirmyndar, að öðru leyti tekst okkur aldrei að yfirvinna þessa ógn. Það er annað atriði sem ekki er síður áriðandi, látið börn ykkar eða unglunga aldrei nokkurn tímann heyra að sá maður sé fanatískur sem ekki drekkur vín og vinnur að heilindum gegn drykkju og eiturlyfjum. Það sorglega er að flestir sem drekka vín eru á þeirri skoðun. En hafa menn gert sér grein fyrir því, að sá maður er talinn vera fanatískur sem fylgir ekki meirihlutanum burt séð frá því hvort hann hafi rétt eð rangt fyrir sér.

Enginn af okkur jarðarbúum höfum efni á að missa úr lífi okkar neitt af þeirri litlu dómgreind sem okkur hefur tekist að þróa með okkur á þessum fimm til tólf milljón árum frá því að mannlífið myndaðist. Við höfum sýnt það og sannað að við þurfum ekki vísvitandi að gera okkur heimska og hjálparvana með því að nota nautnalyf við gerum of mikið af því þó að við séum allsgáð.

Tinna fékk nafn sitt vegna hörundslitar síns sem er lítið eitt dekkri en gerist og gengur með Íslendinga. Hennar eðlilegi litaraft var ekki það dökkt að hún velti vöngum yfir því. Móðir hennar sagði Tinnu aldrei hver væri líffræðilegur faðir hennar, þau hjónin töldu það best fyrir hana að vita ekki það rétta strax, síðan dróst það alltaf.

Faðir Tinnu sem nú er dáinn var indverskur illvirki sem rændi móður hennar, nauðgaði og hélt henni í gíslingu þar til hún hafði fætt barnið og hún vissi aldrei hvar hún hafði verið geymd. Allan þann tíma var hún neydd til skrifa falleg bréf til móður sinnar og skálda heilu sögunar um það skemmtilega sem hún væri að gera í þessu landi. Þegar þeim mæðgum var sleppt var henni hótað, að ef hún segði frá þessu eða léti barnið frá sér yrðu þær báðar myrtar ásamt móðurömmu barnsins. Ásta Lilja móðir Tinnu þorði aldrei að segja nokkrum manni þennan hræðilega sannleika. En sagði manni sínum að þetta hafi verið vondur maður og bullaði upp einhverja sögu sem hún taldi að hann mundi trúa.

Ástu Lilju Garðarsdóttur var fyrstu mánuðina illa við dóttur sína og vildi helst ekki sjá hana, en Tinna vann að lokum hjarta hennar og ást með fallegu barnsbrosi sínu og fjöri. Ásta giftist stjúpfoður Tinnu honum Valdimari Ægissyni einu og hálfu ári seinna. Á fyrstu árum hennar var fjárhagsstaða fjölskyldunnar með ágætum, Valdimar rak sitt eigið fyrirtæki með mikilli hagsýni og fáum en góðum starfkröftum. Ásta Lilja var heimavinnandi húsmóðir, hugsaði um fjölskylduna og heimilið af mestu alúð og hjónin lifðu ánægð með barni sínu og veittu henni kristilegt uppeldi svo Tinna hafði sína barnslegu trú á lífinu og mönnum á fyrstu uppvaxtarárum sínum.

Þá vissi hún ekkert um eða þekkti þennan ómanneskjulega heim sem sumir af þjóðþegnum mannkynsins ræktuðu með sér og lá við bakdyrnar hjá Tinnu og biðu hljóðir þangað til tími þeirra kom. Þessir ógnvekjandi örlagavaldar hennar ætluðu sér að leiða hana í ysta myrkur hyldýpisins sem síðar kemur fram. Það eru einmitt þessir örlagavaldar hennar sem tengja Tinnu við söguvið Sóldísar.

Þegar Tinna var tólf ára kom fyrsta áfallið í lífi hennar. Fyrirtækið fór smá saman halloka í samkeppninni og fjölskyldan varð gjaldþrota. Þetta var erfitt tímabil og lagðist þungt á hana. Tíu mánuðum síðar kom Tinna að fósturföður sínum látnum sitjandi undir stýri. Bifreiðin gekk í lausagangi og slanga var tengd við púströrið inn í bílinn.

Þessi óvænti dauðdagi kom þeim mæðgum mjög á óvart. Valdimar hafði aldrei sýnt þess merki að hann væri líklegur til að fremja þess konar óhæfuverk eða að hann væri þess konar maður að geta gert fjölskyldu sinni þvífíkan grikk. Enda

fullyrti hún við lögregluna að það lægi eitthvað annað á bak við þetta en sýndist. Eftir ýtarlega rannsókn og þrýsting Ástu var komist að þeirri niðurstöðu sem upphaflega var álitid að um sjálfsmorð hafi verið að ræða, Ásta trúði því aldrei á meðan hún lifði.

Mæðgurnar voru harmi slegnar og það tók sinn tíma fyrir þær að jafna sig og sárt ör stóð eftir.Æskuheimili Tinnu fór undir hamarinn svo þær urðu að flytja í þriggja herbergja leiguíbúð sem Ásta réði vel við eftir að hún fór út á vinnumarkaðinn.

Hún hafði einungis grunnskólamenntun en komst í vinnu á saumastofu á nokkuð góðu kaupi þar sem hún var alvön að sauma föt á sig og Tinnu. Þessi vinna dugði fyrir húsaleigu, fötum og lifibrauði. En þessi skyndilega og mikla breyting sem hafði orðið á lífsmáta þeirra mæðgna reyndi mikið á þær og sérstaklega á Tinnu. Hún átti til að segja við móður sína að hún hataði guð.

Þrem árum síðar þegar Tinna var fimmtán ára þá lá móðir hennar banaleguna.Hún flutti til móðursystur sinnar og var búin að missa alla trú á það sem hét guð.Hún var farin að telja sjálfri sér trú um að ef einhver hefði völd á jörðinni þá væri það frekar sá illi sem réði þar öllum ráðum.Hún sem hafði trúað á það góð sem barn og farið með bænirnar á hverju kvöldi. Hún breyttist hægt og sígandi með árunum og varð að lokum trúlaus. Þar að auki heyrði hún á uppeldisárum sínum að guðs vegir væru órannsakanlegir, einhverra hluta vegna væri guð að reyna manneskjuna. Þá spurði hún sjálfa sig, hvers vegna lagði hann meir á suma svo voru aðrir sem lifðu í vellystingum og misstu enga af ættingjum sínum fyrr en á gamals aldri og allt gekk upp hjá sumum hvort heldur sem það voru illar eða góðar manneskjur.

Þetta varð ekki til að auka traust hennar á guðstrúnni, á sautjándá árinu var hún orðin beisk út í lífið, frek og framfærin og gat stundum orðið ansi illskeytt. Missti sjálfsvirðinguna að því leytí að hún veitti sér mun meira, en hún annars hefði gert, af holdsins lystisemdum til að njóta ástarinnar og skipti ótemmilega um rekkjunauta næstum eins og flestir þeir karlmenn sem bera enga virðingu fyrir sjálfum sér. Tinna túlkaði þetta þannig að hún væri frjáls kona, hefði sama valfrelsið og karlmaðurinn að þessu leytí sem öðru.

Hún gat vel viðurkennt það fyrir sjálfri sér að innra með sér fann hún fyrir leiða eða skömm eftir því sem karlmennirnir urðu fleiri sem hún lagðist með. Alla vegagat hún ekki viðurkennt það fyrir öðrum hversu margir elskhugarnir væru. Hún var það skynsöm að leita ekki á náðir nautnalyfja þar sem hún gerði sér grein fyrir að það mundi aðeins gera illt verra.

Karlmaðurinn telur það yfirleitt vera mikinn heiður og mikill manndómur að komast yfir sem flest kvenfólk. Kveðja síðan þegar þeir hafa fengið sitt, þá skiptir engu máli hvernig sálarlíf konunnar verður á eftir. En því miður er konan farin að herma þennan sama leik eftir, eftir að konan fór að ganga í fótspor karlmannsins að þessu leyti til að sína sjálfstæði sitt. Ekki bætti það um betur þegar þær byrjuðu að drekka svona ótemmilega vín eins og margar konur gera í dag. En munurinn á kynjunum er eftir sem áður sá að karlmaðurinn hælir sér af þessum sigrum sínum og ef hann segir ekki satt um fjöldann sem hann hefur lagst með þá bætir hann heldur við. En konan leitast heldur við, þegar hún segir frá, að minnka það helst um helming og kannski meira. Það er vegna þess að sjálfsvirðing hennar fyrir líkama og sál er mikið meiri en karlmannsins, þó hún leggist undir hina og þessa karlmenn af ýmsum ástæðum oftlega er það vegna þess að hún er að sækjast eftir hlýju, ekki endilega kynlífinu. En það gerist oft þegar konur drekka alkóhól þá eykst kynhvöt hennar og deyfir dómgreindina sem verður til þess að hún lætur frekar líkamsþarfir sínar stjórna sér, sem hún aldrei mundi leyfa sér að gera undir öðrum kringumstæðum þegar dómgreind hennar er í lagi.

Þetta breytir með tímanum hugsunarhætti konunnar ekki síður en karlmannsins og gerir það að verkum að hún verður kærulausari þó hún sé ódrukkinn, en innra með sér finnst henni þetta ekki eins og það ætti að vera þó kynlöngun hennar sé ekkert síðri en karlmannsins svona almennt, en hún nýtur kynlífsins mun betur en karlmaðurinn. Það má líkja þessu að nokkru leyti við karlmann, sem verðu miður sín, þegar hann er tekinn í fyrsta skipti í varðhald vegna óspektar af víndrykkju. En þegar það endurtekur sig nokkrum sinnum þá finnst honum það aðeins vera óþægilegur fylkinautur víndrykkjunnar og hann sættir sig við að nokkru leyti.

Það hryggði frænku Tinnu hvað systurdóttir hennar hafði breyst mikið frá því að móðir hennar dó úr trúuðu og blíðlyndu stúlkunni í þessa frekjudrós og

tilætlunarsömu manneskju. En frænka sá í gegnum hana og sá þetta var sjálfbjargarviðleitni hennar til að halda höfði. Einnig báru bækurnar sem Tinna las þess vitni að hún var leitandi manneskja og vildi trúa. En hún gat hvergi brúað guð til mannsins í þessum bókum og fann þess vegna ekki það guðlega hjá sér. Enn sem komið var lét hún stjórnast að nokkru leyti af eigingirni og framhleyfni, en góðleikinn sem bjó í brjósti hennar kom eftir sem áður fram þegar á reyndi.

Tinna lét sér nægja að klára skólaskylduna og byrjaði að vinna um vorið, sem hún varð sautján ára í fataverslun. Hún unni starfi sínu við afgreiðsluna, sýndi þar sinn innri mann hjartahlýu og þjónustuvilja sem hún hafði í raun að bera. Áhugamál hennar samræmdust starfinu vel þar sem hún vildi vera svo glæsilega klædd að það yki fegurð hennar og tign. Tinna veitti sér það í ríkum mæli eins og fataskápar hennar sögðu til um. Slíkan munað hafði hún ekki getað leyft sér fyrr en hún fór að vinna í þessari kvenfatabúð þar sem hún fékk vel launað fyrir starf sitt.

Þegar Tinna hafði unnið þarna í rúmt ár var það í byrjun september að hún kom úr vinnu að kveldi þreytt en ánægð. Hún opnaði póstkassann eins og venjulega. Í þetta sinn sá hún óvenjulegt bréf sem var stílað til hennar. Aftan á bréfinu stóð á ensku Heilsu og hugræktarstöðin hf., San Francisco, California. Tinna átti ekki von á neinu bréfi frá Bandaríkjunum og síst af öll frá heilsuræktarstöð. Hún fór inn í eldhúsið og opnaði bréfið forvitin og ekki laus við spenning, dró bréfið úr umslaginu. Þá varð hún vör við að það datt einhver miði á gólfið. Hún beygði sig eftir honum og leit á hann.

Þegar hún sá hvað þetta var trúði hún vart sínum eigin augum. Tinna æpti upp greip fyrir munn sér með fingrunum um leið og hún lét sig falla niður í stólinn við eldhúsbordið og horfði, dolfallin litla stund á þennan ótrúlega miða. Sagði að lokum við sjálfa sig, þetta hlýtur að vera einhver misskilningur. Þetta var flugfarseðill til San Francisco, hann gildi frá og með tuttugasta september fram og til baka með gistingu, uppihaldi og æfingum í hugræktarstöðinni í einn mánuð. Tinna opnaði bréfið með hálfum huga og litla von um að þetta gæti verið rétt. Hún las það hratt yfir.

Þegar hún loksins áttaði sig á að þetta bréf var til hennar og enginn draumur þá breiddist bros yfir allt andliti hennar, augun urðu geislandi björt, hún fann

ánægjustraum breiðast um líkamann. Tinna lagði bréfið varlega frá sér á eldhúsborðið eins og það væri brothætt, hún las bréfið aftur hægt og rólega. Það hljóðaði á þessa leið.

Fröken Tinna Valdimarsdóttir.

Ég sem undirrita þetta bréf fyrir hönd Heilsu og hugræktarstöðvarinnar Sjálfstyrkur í San Francisco í Kaliforníu tilkynni hér með að stjórn félagsins hefur ákveðið að gefa einum unglingi frá norðurlöndunum á aldrinum sextán til tuttugu og eins árs, frímiða til æfinga í þeirri grein sem viðkomandi aðili hefur löngun til að þjálfa sig í og og við höfum upp á að bjóða. Þessu fylgir að sjálfsögðu frítt uppihald og gisting á hóteli fyrirtækisins í þennan tíma ásamt flugfermiða fram og til baka þér að kostnaðarlausu.

Heilsu og hugræktarstöðin er í San Joaquin-dalnum skammt utan við Fresno og nær yfir þrjú ferkílómetra landsvæði. Stöðin hefur yfir að ráða öllum fullkomnustu tækjum og bestu salarkynnum sem völ er á í dag ásamt fimmtíu metra sundlaug. Einnig góðum og hæfum kennurum í líkamsrækt og hugrækt.

Við fengum upplýsingar um nöfn og heimilisföng allra sem voru á þessum aldri í hverju landi. Síðan var dregið úr þessum nöfnum og þú varst sú heppna í þínu landi. Með vinsemi og virðingu sendum við þér þetta bréf til að tilkynna þér að nafn þitt var dregið úr pottinum. Nú vonum við sem erum í stjórninni að sjá þig bráðlega.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Heilsu og hugræktarstöðvarinnar Sjálfstyrkur

San Francisco, California,

Frankie Washington.

Tinna sat á eldhússtólnum til hliðar við borðið með hendurnar um bréfið í kjöltu sér og horfði dreymandi út í loftið. Brosið endurspegladi hug hennar sem var víðs fjarri og hún sá fyrir sér þennan draumastað. Tinna vissi nákvæmlega hvaða grein hún ætlaði að velja ef það væri til boða. Djassballettinn var hennar líf og yndi. Fyrir fimm árum byrjaði hún í dansskóla.

Hún tileinkaði sér fljótlega þessar mjúku og fallegu hreyfingar sem tilheyrðu dansinum og var fljót að ná góðum árangri. Hún hefur stundað þetta þrisvar í viku alla götur síðan. Dansaði og sveif um salinn lipur og léttfætt eins og fiðrildi og unun var að sjá.

Átján dögum síðar beið hún á flugstöðinni í Kaliforníu eftir hjónum sem héldu á spjaldi með nafni hennar. Litlu síðar sá hún miðaldra hjón með þetta spjald. Tinna

gekk til þeirra og kynnti sig, það gerðu þau einnig. Maðurinn sem var auðsjáanlega austurlandabúi talaði ensku með erlendum hreim. En konan bar einkenni þess að vera frá suðurbandaríkjunum samkvæmt framburði hún var greinilega eiginkona mannsins þar sem hún bar eftirnafn hans.

Eiginmaðurinn var hár og grannur, dökkur yfirlitum og rólegur í fasi, hvasseygður sérlega myndarlegur og hafði fallett andlit, en bar með sér mikinn þótta. Hann virti hana fyrir sér rannsakandi augum og Tinnu fannst hann vera ánægður með það sem hann sá. Það var öðru vísi farið með Tinnu, í einu orði sagt þá kunnir hún afar illa við þennan mann, henni fannst hann varhugaverður.

Eiginkonan hans var ólík honum, lítil og nett, ljós yfirlitum og greinilega skaprík. Hún var með þunnar herptar varir hnarreist og vel vaxin. Bláu hreinlyndu augum hennar bættu það upp. Þau geisluðu til hennar af velvild. Tinna sagði strax við sjálfa sig þegar hún sá hana, þessari konu vil ég kynnst nánar. Hún komst síðar að því að þau voru skilin að borð og sæng fyrir nokkrum árum og lifðu sínu lífi hver án afskipta hins.

Þau fylgdu Tinnu á hótelið og skömmu síðar sýndu þau henni húsakosti og leiksali heilsuræktarstöðvarinnar. Þá fékk hún vissu fyrir því að hún gat innritað sig á einum staðnum í djassleikfimi og það gerði hún strax og gat byrjað daginn eftir.

Tinna stundaði dansinn á hverjum degi af samvisekusemi og naut þess að hreyfa líkama sinn í takt við hljómfallið. Hún kynntist fljótlega jafnöldrum sínum, skoðaði sig um og skemmti sér með þeim. Tinna hafði aldrei haft eins mikla ánægju af lífinu eins og þegar hún var þarna. Þegar frá leið sá Tinna að þessir krakkar sem hún hafði kynnst voru djöflatrúar. Henni fannst það svo sem allt í lagi og margt í þeirri trú fannst henni vera skrítið og einnig athyglisvert. Þau reyndu að vekja áhuga hennar á þessari trú. Það heillaði hana sérlega að hver væri sinnar gæfu smiður, þess vegna hlyti sá sterkari alltaf að sigra og hina ætti að undiroka. Þannig hefur hún í öllu falli kynnst lífinu og ætlaði sér að berjast fyrir því að vera alltaf sú sterka. En eftir sem áður var eitthvað sem hélt henni frá því að ganga í þennan félagskap þó kunningjar hennar legðu nokkuð hart að henni að gerast félagsmaður.

Nokkrum dögum áður en Tinna átti að fara aftur til Íslands settist hún fyrir framan arininn á viðkunnanleg setustofu sem stjórn trúarfélagsins hafði fyrir sig. Hún snéri bakið að hurðinni. Vaktmaðurinn hafði sagt henni að einn yfirmaðurinn vildi ræða við hana áður en hún færi til Íslands. Hún var búin að vera þarna góða stund og leið vel. En var eftir sem áður undrandi yfir því hvers vegna kennari hennar hafði vísað henni þarna inn og sagt henni að bíða þar til einn stjórnarmeðlimurinn kæmi. Síðan hafði hann sagt með festu, þú átt að fara í einu og öllu eftir því sem þessi maður segir. Henni var ekki sagt hver þessi maður væri. Hún beið forvitin og lítið eitt spennt og átti sér einskis ills von.

Þegar Tinna hafði setið þarna inni í um það bil í tuttugu mínútur, flett blöðum og drukkið ávaxtarsafa heyrði Tinna smell í læsingu á hurðinni. Hún snéri sér við og sá að maður var komin inn í setustofuna. Það var sá sami og tók á móti henni á flugvellinum ásamt konu sinni. Tinnu varð hverft við þegar hún sá hver þetta var því einhverra hluta vegna var henni ekkert um það að vera í návist hans einsömul í lokuðu herbergi. Hún stóð þess vegna upp og bjóst til að fara. Sæl vertu, sestu aftur vana, sagði hann um leið og hann benti á stólinn. Ertu búin að bíða lengi eftir mér. Stundarkorn, svaraði Tinna um leið og hún settist fremst á stólinn. Má ég bjóða þér ávaxtadrykk mér til samlætis, við skulum svo ræða saman um áriðandi málefni. Um hvaða málefni er það, spurði Tinna um leið og hún rétti manninum glasið sitt hálfreg því henni langaði til að ganga strax út úr herberginu um leið og hún sá þennan mann.

Hann tók við glasinu hennar gekk að skenkbordinu og snéri baki í hana á meðan hann var að hella í glösin og sagði við hana, ekkert liggur á væna mín við höfum nægan tíma. En það hef ég ekki þar sem ég á að mæta annarsstaðar eftir litla stund svarði hún honum um hæl. Hann ansaði þessu engu. En af einhverri ástæðu fylgdist hún sérlega vel með þegar hann var að hella í glösin. Tinnu varð ekki um sel þegar hún tók óljóst eftir því að maðurinn setti eitthvað efni í annað glasið, sem var ábyggilega ætlað henni. Grunur hennar staðfestist um það því hann rétti henni þetta glas. Hún lét sem ekkert væri og tók við glasinu og setti það óhreyft á borðið. Fyrst kom henni það til hugar að láta glasið falla á gólfið eins og hún hefði misst það. En þá mun hann færa henni annað glas með sama efninu í svo þessi hugmynd féll um sjálfa sig.

Veskið hennar var á litlu borði nokkrum skrefum fyrir aftan manninn. Tinna bað manninn að rétta sér veskið. Hann varð að snúa baki í Tinnu meðan hann rétti sig upp úr stólnum og teygði sig í veskið hennar, á meðan notaði hún snör handtök og skipti á glösum. Hún dreypti á glösum þegar hann rétti henni veskið. Hún þakkaði honum fyrir og tók vasaklút upp úr veskinu og snýtti sér. Síðan töluðu þau um daginn og veginn á með þau kláruðu úr glösum og þá stóð Tinna upp og ætlaði að fara. Þá bað hann Tinna að staldra við því að hann væri ekki komin að því málefni sem þau þyrftu að ræða svo hún settist aftur í stólinn.

Síðan sagði maðurinn, móðir þín hét Ásta Lilja og er látin fyrir þrem árum er það ekki rétt. Tinna jákkaði því. Síðan fór hann að tala um fortíð hennar svo Tinna varð meira en lítið undrandi, var ekki sama hvað maðurinn vissi um fortíð hennar. En á sama tíma tók hún eftir breytingu á honum til hins verra, hann ókyrrðist augun urðu blóðhlaupin og græðgisleg. Hann fór að sýna henni dult sem ljóst kynferðislega hegðun.

Tinna varð skyndilega hrædd og áttaði sig um leið á hvað þessi viðbjóðslegi maður hafði ætlað henni að drekka. Hún stóð snögg upp og hálf hljóp að hurðinni, greip í húninn á hurðinni og ætlaði að svipta henni upp, en hún var harðlæst.

Maðurinn gekk til hennar með hægum ákveðnum skrefum með ógeðslegu glotti og því líkri fýsn sem hún aldrei hafði áður séð og sagði við hana, þú færð ekki að fara út úr þessu herbergi fyrr en þú leyfir mér að ríða þér. Hún lamaðist af skelfingu í litla stund, en náði styrk sínum áður en hann gat snert hana. Tinna smaug sér framhjá honum og heimtaði að hann opnaði hurðina eða færði henni lykilinn. Ég held nú ekki góða mín á meðan þú lætur svona, en um leið og við höfum notist skal ég með ánægju opna fyrir þér hurðina, en fyrr ekki. Það skal aldrei verða að þú fái snert mig með þínum viðbjóðlegum höndum þitt bölvada ónáttúrulega mannvikyndi.

Þarna hlupu þau um hringinn í kringum sófaborðið og hornsófann, hann trylltur af æsingi og löngunar til hennar. Tinna var yfirmáta hrædd, en hafði eftir sem áður það mikið vald á líkama sínum að geta yfirunnið doðann sem fylgir venjulega slíkri hræðslu svo skynsemin komst að til að huga að ráði til að losna frá þessum djöfli. Ekkert lauslegt var í stofunni til að kasta í manninn. Þá tók hún eftir stórum

skörungi við arininn og fór þangað þegar hún taldi sig vera það langt frá honum að hún gæti haft tíma til að rífa skörunginn af króknum og beindi honum að mannum og sló til hans áður en maðurinn kæmist að henni. Hún hitti hann oftlega með flötu járninu og pikkaði í hann víðsvegar í kroppinn og særði hann þó nokkuð. Nú var hún öruggari, rólegri og hafði betra vald á andardrættinum. Þess vegna gat hún fyrst núna æpt hátt með skerandi röddu á hjálp og bjóst þess vegna við að einhver kæmi fljótlega. En maðurinn glotti bara enn meir og virtist ánægðari. Það var engin furða hann vissi að enginn mundi opna, þó einhver heyrði einhverja skræki, þar að auki mundi hún bara þreytast á öllum þessum ópum. Þess vegna hafði hann engar áhyggjur, því högginn og stungurnar voru ekki svo afgerandi sárar. Hann beið því rólegur eftir góðu tækifæri til að afvopna þessa skapmiklu fegurðardís því sigurveðlaunin voru þess virði.

Skyndilega sá Tinna að dyrnar opnuðust, þá magnaðist öryggistilfinningin og hún slakaði á þar sem hún reiknaði með að maðurinn mundi snúa sér frá henni, en þess í stað stökk hann á hana sigri hrósandi og Tinna sá aldrei hver það var sem opnaði dyrnar því hún skall með höfuðið í steinvegginn og missti meðvitund.

Eftir góða stund vaknaði hún ringluð og áttaði sig ekki á hvar hún var eða hvað lá ofan á henni. En þegar hún hafði náð fullri rænu létti henni til muna en hryllti við þar sem kjóllinn hennar var alblóðugur og maðurinn sem lá á hliðinni þvert ofan á henni var steindauður með skörunginn stunginn í brjóstið og út um bakið. Þetta var skörungurinn sem hún hafði haldið á. Tinna gat hvorki hreyft sig né komið upp hljóði litla stund. Skyndilega losnaði um spennuna, hún greip með báðum höndum um höfuð sér, öskraði og grét á víxl í góða stund.

Þegar hún loksins hafði jafnað sig velti hún mannum af sér, stóð upp og sá þá að dyrnar voru opnar. Hún hljóp inn í fatageymsluna, opnaði skápinn sinn tók það til sem hún átti þar og fór síðan út hrædd og með hrylling í huga. Hún laumaðist með húsum þar til að hún kom inn á hótelið, fékk lykilinn, tók lyftuna upp á þrettánda hæð og hálf hljóp inn ganginn að herberginu sínu og lokaði á eftir sér og hallaði sér að hurðinni og vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Litlu síðar hringdi hún á flugstöðina og pantaði far til Íslands með Flugleiðum og var svo heppin að fá far með næstu vél. Rúmum klukkutíma síðar var flugvélin að taka á loft og Tinna sat við einn

gluggann Henni létti mikið þegar hún sá flugvöllinn hverfa sjónum hennar. Þá fyrst slakaði hún á með hálflokuð augun og hugsaði, ég er á leiðinni heim. En skömmu síðar leitaði hugur hennar ósjálfrátt í aðra átt, til heilsuræktarstöðvarinnar þar sem náunginn lá dauður í blóði sínu og hryllingurinn altók hana. Enginn var í húsinu þegar hún gekk þar út með kápuna sína utan yfir blóðugum kjólinn. Snemma um morguninn var hún komin heim.

Tveim árum síðar var þetta hryllilega óhapp hætt að angra hana og hún gat lifað venjubundnu lífi.

Tinna kynntist eiginmanni sínum Ara Fannberg átján ára gömul. Það gerðist þannig að kona ein sem var vinnufélagi hennar spurði hana hvort hún vildi koma með sér í tölvunámskeið sem átti að byrja eftir viku, Tinna kvaðst vera til í það. Þegar leið á námskeiðið komst hún að því að þessi stúlka var djöflatrúar. Eftir það hélt Tinna henni frá sér. Hún lauk prófi með ágætiseinkunn. Skömmu síðar var hringt í Tinnu frá Reykjavík og maðurinn sagði til nafns, ég heiti Ari Fannberg og er framkvæmdarstjóri hjá tölvufyrirtækinu Birting. Síðan spurði hann hvort hún hefði ekki verið að útskrifast sem tölvufræðingur og fengið ágætiseinkunn. Hún kvað svo vera og spurði hvernig hann vissi það. Þá svaraði hann, við hjá þessu fyrirtæki leitum að vinnukröftum á ýmsum stöðum m.a. hjá skólayfirvöldum og höfum síðan samband við viðkomandi manneskju sem við höfum áhuga á. Ertu að leitast eftir að ráða mig í vinnu hjá ykkur. Já það var hugmyndin ef þú hefur áhuga. Ég veit nú ekkert um það hvort ég vilji flytja til Reykjavíkur, launin verða þá að vera góð ef ég geri það.

Þegar Ari Fannberg heyrði áhugaleysið hjá henni sagði hann, ég hugsa að þú munir verða ánægð með launin því við munum borga þér vel en væri ekki hugsanlegt að þú vildir sofa á þessu fram í vikulok. Síðan erum við tilbúnir að greiða flugfarið fyrir þig fram og til baka hvort sem þú ræður þig hjá okkur eða ekki. Tinna fannst þetta eitthvað einkennilegt og spurði, hvers vegna hafið þið svona mikinn áhuga á að fá mig í vinnu hjá ykkur. Það er ósköp eðlilegt, þú fékkst það góða einkunn og skólastjórinn þinn sagði að þú værir mjög fær þínu fagi, við sækjumst eftir slíku fólki. Eftir litla umhugsun sagði Tinna, allt í lagi ég skal hugsa máli, en hvar er þetta fyrirtæki staðsett í borginni. Hann sagði henni það og bætti

síðan við, haf samband við Margeir Ólafsson yfirgjaldkera hann mun gefa þér allar upplýsingar og sýna þér fyrirtækið.

Tinna hringdi í skólastjórann nafngreindi sig og spurði, hefur einhver Ari Fannberg haft samband við þig og spurt um mig. Já hann er framkvæmdarstjóri hjá tölvufyrirtækinu Birting í Reykjavík og ég gaf þér góð meðmæli. Þekkirðu eitthvað til þessa fyrirtækis. Ekki annað en það að þetta fyrirtæki hefur starfað í um það bil tíu ár og hefur ágæta afkomu. Ég þakka þér kærlega fyrir, síðan lagði hún símtólið á. Hún hugsaði um þetta alla vikuna. Síðan sló hún til og skrapp í borgina fyrst hún þurfti ekki greiða fargjaldið og notaði tækifærið til að hitta ættingja sína og vini sem hún átti þar.

Þeir buðu henni gott kaup, góða aðstöðu og þægileg vinnuskilyrði svo hún réði sig til þeirra. Tinna líkaði starfið vel og kunni ágætlega við yfirmanninn sinn sem var Ari Fannberg. Hún hafði ekki starfað lengi hjá honum þegar hann fór að bjóða henni út. Tinna neitaði honum í fyrstu. Hann gafst aldrei upp svo hún lét til leiðast að lokum og fór út með honum. Henni þótti hann ágætur fylginatur, þar að auki var hann stór og myndarlegur. Hálfu ári síðar giftust hún honum þó aðallega fyrir það hversu efnaður hann var og óniskur á peninga. Henni þótti í og með vænt um manninn sinn en elskaði hann aldrei. En Ari Fannberg aftur á móti elskaði konuna sína á sinn eigingjarna hátt.

Tinna er íðilfögur, tíguleg og vel gefin og kemur sér vel við alla þá sem hún vildi. Ari Fannberg notfærði sér þessa eiginleika hennar sérlega þegar hann taldi sig hafa hag af því. Þau áttu ágætt kynlíf saman og komu vel fram hvort við annað. Það angraði Tinna síður en svo þó hann væri lítið heima og hún forvitnaðist ekkert um útivistir hans sem voru oftlega vegna spilafýsnar sem Ari Fannberg virtist ráða við að nokkru leyti. Í öllu falli lagði hann ekki það mikið undir að það kæmi niður á heimilinu í þau skipti sem hann tapaði í spilum. Ari Fannberg var nokkuð glúrin spilamaður og tapaði sjaldan.

Tinna vann í þessu fyrirtæki sem einkaritari Ara Fannbergs þar til hún varð þunguð af dóttur þeirra. Þegar Kristín Mjöll fæddist breyttist veröld Tinna og allt snérist um hana, henni fannst hún í fyrsta skipti sjá ljósið og birtuna í veröldinni

og hafa eitthvað til að lifa fyrir. Þrem árum áður en Sóldís og Kjartan hittust í fyrsta sinn var Kristín Mjöll fimm ára gömul vel gefin, sæt og mikill fjörkálfur.

Þá var föðurbróðir hennar sem heitir Ársæll Grímur Fannberg tuttugu ára og nýorðinn Íslandsmeistari í snóker sem gaf honum rétt til að keppa þá um sumarið á heimsmeistaramóti unglunga í Kanada þann fimmta águst eftir einn mánuð.

Ársæll hafði lokið menntskólanum um vorið með ágætum, hafði sama metnað þar sem í snóker. Hann var bókhneigður með afbrigðum þess á milli sem Ársæll var ekki að læravar hann við æfingar að undirbúa sig undir mótin. Stundum hélt hann mæðgunum selskap í heimahúsi þeirra. Þau fóru í kvikmyndahús eða á kaffihús, því eiginmaðurinn hafði sjaldan tíma fyrir mæðgurnar.

Ársæll hafði frá ungum aldri ákveðið að neyta aldrei vímuefna né spila fjárhættuspil, slapp þess vegna við það líferni sem alltið er fylginatur slíkra nautnalyfja, að deyfa vísvitandi dómgreind sína svo viðkomandi einstaklingur gerir sig oftlega að fífla með atferli sínu og oftlega gerir það hann að verri manni. Sem edrú maður hefur hann sloppið við þess háttar leiðindi sem er fylginatur þess, en gerði sín glappaskot samkvæmt eðli sínu og var sjálfum sér samkvæmur. Hann var mikið ólíkur bróður sínum að innræti þó þeir væru keimlíkir í útliti. Fyrst þegar Ársæll var að læra snóker kom það sér illa fyrir hann að vilja ekki spila snóker upp á peninga þar sem það var venja á milli manna sem gátu eitthvað. Hann hafði engan áhuga á því líkum ósóma og æfði sig bara því meira einn. Það dæmi snérist nokkuð fljótt við þar sem hæfni hans kom snemma í ljós, þá vildu allir fá að spila við hann eftir hans nótum þar sem peningar voru ekki í boði.

Tinna, þessi dökkhærða fagurskapaða snót var sátt í sínu hjónabandi, hún var fjárhagslega örugg og gat veitt sér flest það sem hún vildi. Ari Fannberg var góður við hana þegar hann var heima og hún vissi að hann elskaði hana á sinn hátt þó hann gerði ekki mikið til að rækta sambandið.

Frá því að Ársæll var fimmtán ára hafði þróast vinarsamband milli hans og Tinnu og Kristín Mjöll hændist fljótlega að honum. Eftir að hún hafði aldur til fór hún með honum á flest mót sem Ársæll tók þátt í á Íslandi. Stundum var Tinna með, Ari Fannberg hafði sjaldnast tíma til þess. Alltaf þegar Ársæll sigraði á móti, sem var æði oft og Tinna var ekki með gat dóttirin ekki beðið með að tilkynna það

móður sinni þegar heim var komið, heldur hringdi strax frá mótstað himinlifandi yfir sigri frænda síns og venjulega hoppandi við símann af spennings og talaði mikið.

Svo var farið heim til Kristínar Mjallar, þar beið dekkjað borð og haldin var veisla fram ákvöld, þetta var venjulega besti tími þeirra allra og stundum naut Ari Fannberg þess með þeim þegar hann taldi sig hafa tíma til þess.

Í júlí þegar Kristín Mjöll var fimm ára hafði Ársæll Grímur Fannberg unnið alla andstæðinga sína í landskeppni í Reykjavík sem gaf honum þau réttindi að keppa fyrir hönd Íslands í Vancouver í Kanada á heimsmeistaramóti pilta í snóker til tuttugu og eins árs aldurs. Á þessum tíma var Ársæll tvítugur og Tinna tuttugu og fimm ára.

Ari Fannberg og Tinna tóku þá ákvörðun að fara með Ársæli til Kanada, en skilja litlu dúlluna eftir í pössun. En sú stutta var aldeilis ekki á því að samþykkja það, hún horfði alvarlega á móður sína og sagði með mikilli áherslu, Ársæll frændi hefur oft og mörgum sinnum sagt við mig, veistu það Kristín Mjöll þú ert sannarlega lukkufrænka mín, ég vinn oftast mótið þegar ég veit að þú ert á horfa á þegar ég er að leika á stórmótum. Mamma viltu ekki að Ársæll vinni. Jú auðvitað ástin mín ég vil ekkert fremur. Þá sérðu það elsku mamma mín að ég verð að koma með svo Ársæll verði heimsmeistari, ekki viltu koma í veg fyrir það. Kristín Mjöll var ekki það skyni skroppin að hún hafi ekki vitað að Ársæll hafi einungis sagt þetta til að gleðja litlu frænku sína, svo hún gerði þessa tilraun sem hún vonaði að yrði sér til hagsbóta og fengi kannski að koma með. Tinna gat ekki annað en hlegið og féll fyrir henni tók hana í fang sitt og sagði, þú byrjar fljótt að bjarga þér litli snillingurinn minn það er sennilega best að ég leyfi þér að koma með svo þú getir séð til þess að frændi þinn verði heimsmeistari. Þar með fóru þau öll fjögur til Vancouver í Kanada.

Á þessu heimsmeistaramóti pilta í snóker kom Ársæll verulega á óvart, hann sigraði hvern andstæðinginn eftir annan og mæðgurnar styrktu hann til dáða, en bróðir hans var sjaldan á áhorfendabekkjunum með konu sinni og dóttur. Ari Fannberg hafði lítinn tíma til þess hann stunda sitt áhugamál af mun meira kappi en venjulega, sem var drykkja og fjárhættuspil. Þá daga sem Ársæll var ekki að

keppa slakaði hann á í samvistumvið mæðgurnar að skoða borgina. Ari Fannberg var sjaldan með, þar að auki þorði hann ekki láta konu sína vita hvað hann var búinn að eyða miklu af eignum þeirra í póker. Ari Fannberg hélt áfram við þessa iðju og taldi sér alltaf trú um að geta unnið allt aftur, sem hann var búinn að tapa. Málið var að hann vann alltaf eitthvað inn en tapaði jafnharðan meiru. Hann bar sig mannalega þegar Tinna var í nálægð og stærði sig alltaf við konu sína ef hann græddi einhverja smápeninga miðað við þá fúlgju sem hann tapaði. Tinnu grunaði ekki að maðurinn hennar væri að leiða fjölskyldu sína út á ystu nöf.

Ársæll vann heimsmeistaratílinn eftir erfiða en jafna keppni, gleði þeirra þriggja stóð sem hæst ásamt öðrum gestum eftir að verðlaunaafhendingin fór fram og Ársæll hampaði gullinu, en litla frænka hans grét hljóðlega af gleði og móðir hennar átti bággt með sigaugnahvarmar hennar vöknuðu. Hótelrekandinn hélt þessa veislu verðlaunahöfunum þremur til heiðurs, hann gerði mikið til að hafa hana sem tilkomumesta.

Þegar leið að miðnætti fór Tinna með dóttur sína í háttinn. Þau tóku lyftuna upp á tíundu hæð og fóru inn í íbúðina sem var miðsvæðis á ganginum. Þá sá Tinna Ara Fannberg sitjandi á rúmstokknum hálf dauðan af drykkju haldandi utan um flöskuna í klofinu, þvaðrandi um það að allt sé búið og ekkert sé um annað að gera en að drepa sig. Þó hún spyrdi hvað væri að svaraði hann því engu. Tinna sagði dóttur sinni að fara í háttinn og loka á eftir sér. Hún háttaði manninn sinn kom honum undir sæng og sagði honum að fara að sofa sem hann gerði litlu síðar. Tinna svaf lítið um nóttina, hún þóttist vita að eiginmaður hennar hefði tapað miklum peningum.

Herbergi Ársæls var beint á móti íbúð þeirra hjóna. Skömmu eftir hádegi gekk hann út úr herbergi sínu, þá sá hann sér til undrunar að tveir beljakar stóðu á ganginum beggja megin við dyrnar að íbúð bróður hans. Hann sá einnig að það mótaði fyrir einhverju undir handarkrika þeirra og grunaði strax að þeir bæru á sér byssur. Hann spurði, hvað eruð þið að gera hér fyrir utan dyrnar hjá bróður mínum og mágkonu. Þeir hvorki svöruðu honum né litu á hann og horfðu beint framundan sér þvert yfir ganginn.

Ársæll bankaði á hurðina hjá þeim hjónum og Tinna opnaði fyrir honum. Hann sá strax á svipnum á mákonu sinni að eitthvað meira en lítið var að, en spurði, eftir að hún var búin að loka dyrunum, hvað eru þessi menn að gera hérna fyrir utan. Þá svaraði hún hæðnislega og horfði um leið á Ara Fannberg, segðu bróður þínum hvað þú hefur verið sniðugur og klár þessar síðustu vikur og hvers vegna við erum í hálfgerðu fangelsi.

Þegar Ársæll kom inn fyrir sá hann strax hvað bróðir hans var illa fyrirkallaður, greinilega eftir mikla drykkju kvöldið áður og einhverju öðru ekki góðu sem hefur fylgt því. Hann horfði til bróður síns með spurnaraugum og beið. Ari Fannberg var niðurlútur í einni taugahrúgu og nuddaði höndunum saman og átti greinilega mjög erfitt með sjálfan sig eða að segja honum hvaða glappaskot hann hafi gert. Að lokum kom það hægt og sígandi.

Við erum öreiga, ég veðsetti alla eignina að lokum í fjárhættuspilinu, ég trúði alltaf að ég næði til baka því sem ég tapaði. Það er ekki mögulegt að þú hafir getað það því Tinna á helminginn á móti þér, ekki nema hún hafi skrifað undir viðurkenningarskjal að þú mættir leggja hennar hlut undir og ég veit það fyrir víst að það hefur hún aldrei gert.

Þá sagði Tinna með nístandi háði, já þú skalt spyrja snillinginn að því hvernig hann fór að leggja minn hluta undir. Ársæl grunaði strax hvað bróðir hans hafði gert, horfði á hann með kvíðablöndum svið og vildi ekki trúa hugdettu sinni, en sagði samt, þú hefur þó ekki falsað rithönd hennar. Ari Fannberg krepptist allur saman en svaraði engu. Tinna svaraði fyrir hann þegar hún sá að hann vildi ekki svara, hann gerði það þessi helvítis asni og er aldeilis búinn að koma sér í úlfakreppu því ég viðurkenni ekki þessa undirskrift og ætla þar að auki að skilja við þennan mannskratta því ég ætla að reyna að bjarga einhverju af eignunum svo ég geti skaffað dóttir minni viðunandi heimili.

Ársæll reyndi að halda ró sinni þar sem þetta sló hann verulega illa. Hann sagði við bróður sinn hvernig gastu gert þetta. Þú hefur hingað til getað haldið þér í skefjum og hætt tímanlega þó þú hafir tapað tiltölulega hárrí upphæð, hvað kom eiginlega yfir þig. Ég hef grun um að þetta hafi verið gert að yfirlögðu ráði því að þessir þrír menn unnu greinilega saman skipulega að því að gera mig öreiga, en ég

gerði mér ekki grein fyrir því fyrr en það var of seint. Fyrst og fremst féll ég fyrir þeirri aldagömlu gryfju þeirra að tapa fyrir mér viljandi og vinna sjaldan. Þar að auki komu þeir fram gagnvart hvor öðrum sem ókunnir menn, það villti um fyrir mér.

Ég taldi þá auðvelda bráð, en komst að því of seint að því að þeir voru vinir. Þá var ég einnig búinn að tapa heilmiklum peningum svo ég varð að leggja mikið undir til að eiga von að ná þeim aftur. Þá fyrst rann upp ljós fyrir mér, að þeir voru mun betri pókerspilarar en ég. Þeir eru snillingar á þessu sviði, höfðu greinilega leikið þetta oft áður. Hvaða menn eru þetta spurði Ársæll reiður, og hvernig gastu látið leika svona á þig þú ert nú enginn nýliði í póker. Þá sagði bróðir hans dauflega, ég var of öruggur með sjálfan mig. Og meira og minna drukkinn, sagði Tinna hæðnislega, en svaraðu bróður þínum og segðu okkur hvaða menn þetta voru.

Allir þessir þrír spilafélagar mínir eru frá Íran og einn af þeim er Asíumeistarinn í snóker. Þá fölnaði Tinna upp og snéri sér undan svo bræðurnir kæmu ekki auga á hana, hún hafði stundum séð hann á vappi í kringum sig og vera að gefa sér auga. Hún þóttist ekki þekkja hann. Hann var einn af djöflatrúar drengjunum sem var með henni í heilsuræktarstöðinni í Kaliforníu. Núna var hún ekki í vafa um að þessi aðför að manni hennar var gerð til höfuðs henni. Þeir ætla aldrei að gefast upp við að koma henni í þessa djöflahreyfingu. Það var greinilegt að þeir ætluðu að koma með húsið þeirra færandi hendi á silfurskál ef hún vildi ganga í hreyfinguna. Nú var hún ekki lengur reið út í manninn sinn því hún vissi að hann var enginn maður til að verjast klækjabrögðum þessara villidýra.

Tinna settist í armstól sem var undir glugganum, hún ætlaði ekki að segja bræðrunum frá grunsemd sinni um ástæðuna fyrir þessari aðför að manni hennar. Þeim kom ekkert við hvernig unglingsárin hennar höfðu verið. Hún sat hugsli litla stund og bölvaði af reiði í hljóði og sagði síðan við sjálfa sig, þeim skal ekki verða kápan úr þessum klæðum. Skyndilega breiddist bros yfir andlit hennar og hún sagði eftir góða umhugsun. Ég hef eina tillögu sem gæti komið þeim í koll. Hverskonar hugmynd er þetta, spurði Ársæll áhugasamur og bróðir hans leit upp úr volæði sínu með vonarglampa í augum. Tinna stóð upp úr stólnum af ákafa og

sagði, við getum trúlega beitt króki á móti bragði. Hvað áttu við sagði Ari og það var eins og vonarneisti birtist í svip hans og einhverskonar líf jókst í sálartetrinu. Hann þekkti konu sína það vel að ef einhver væri klók þá væri hún það.

Tinna sagði, við sköpum okkur aðstöðu til að ná eignunum aftur af þessum svínum með ögrun. Þar sem slík áskorun er venjulega of mikil freisting fyrir þessa menn til að falla ekki í þá gryfju. Og hvernig ætlarðu að fara að því að ögra þeim, spurði maður hennar gapandi af undrun og með vantrúaður á svip og sökk í eynd sína aftur. Hún horfði á Ársæl og spurði, hvað veist þú um getu Asíumeistarans í snóker. Ég veit heilmikið um getu hans eins og annarra slíkra manna, því það verður maður að gera eins og í öllum öðrum íþróttum ef maðurinn vill ná einhverjum árangri.

Gætir þú lagt hann ef þú mundir keppa við hann. Það er ómögulegt að segja hann er nokkuð góður. Þú vilt þá kannski meina að þú hefðir möguleika til að vinna hann. Það gæti vel verið með nokkurri heppni, en hvað er að grassera í kollinum á þér núna Tinna mín. Ég ætla að tala við þjóninn sem sér um okkar borð niðri í sal. Hann er mikill áhugamaður um veðmál og miðað við hvernig hann talar þá þekkir hann flesta veðmangarana það ætla ég að notfæra mér. Og hvernig þá spurði Ársæll. Mér ætti að vera það nokkuð auðvelt að koma því í kring af þú værir tiltækur að heyja einvígi við Asíumeistarann í snóker. Hvernig í ósköpum ætlar þú að koma því í kring með það í huga að ná húsinu aftur, við verðum að eiga peninga til að veðja á móti, sagði Ari Fannberg verulega áhugasamur.

Bara á þessu hóteli er fjöldinn af olúfurstum sem veit ekki aura sinna tal og er þar að auki tilbúið að leggja þá í spennandi veðmál. Ég ætla að stinga þessari hugmynd að þessum þjóni á þann hátt að hann telji hugmyndina koma frá sér. Svo bíðum við róleg þar til að það verður talað við þig og þú læst ekki vera tilbúinn strax vegna þess að þú hefur aldrei spilað fjárhættuspil. Svo að lokum lætur þú tilleiðast gegn því að Asíumeistarinn leggi húsið undir.

Þú segir við veðmangarann að þú gerir þetta aðeins með tveimur skilyrðum. Að einhver eða einhverjir leggi fram það fé sem þig vantar á móti Asíumanninum og ef þú sigrar fáir þú húsið, en ef þú tapar þá greiðir þú ekki þetta fé til baka sem

lagt var undir fyrir þig. Ef þetta gengur upp er þetta engin áhætta fyrir okkur aðeins gróði ef þú vinnur og þá átt þú húsið. En um leið fer ég fram á að við fáum að vera í húsinu þar til dóttir mín er orðin tvítug ef þú nærð því aftur. En þessi upphæð verður örugglega aðeins dropi í hafið af þeim peningum sem lagt verður undir.

Þá sagði Ársæll og var svolítið sár, þú veist það hvað mér er illa við öll veðmál þú spyrð mig ekki einu sinn hvort ég vilji gera þetta. Hún horfði á Ársæl skömmustulega, greip fyrir munn sinn og sagði fyrirgefðu Ársæll minn ég gleymdi mér alveg vegna áhuga á því að ég hafi kannski fundið leið út úr þessum kröggum. Og í þetta eina sinn bið ég þig um þennan stóra greiða það gæti allavega leyst okkur mæðginin úr þessum vanda sem maður minn kom okkur í. Þar að auki kemur þú í veg fyrir að þessir hundar komist upp með þennan svínshátt ef þú vinnur kvikindið. Þetta er ekkert mál ég var bara lítið eitt sár, en ég geri það samt með einu skilyrði. Ekkert mál vinur minn settu skilmála þína fram og ég mun uppfylla þá ef ég hef eitthvað með það að segja. Þú getur það, ég geri þetta ekki nema húsið verði skrifað á þig sem séreign svo bróðir minn geti ekki endurtekið þessa vitleysu og ef þú ætlar að andmæla þessu geri ég þetta ekki.

Þetta gekk allt upp, eftir æðislega jafna og spennandi keppni vann Ársæll og lögfræðilega var gengið frá húseigninni sem séreign Tinnu. En Asíumeistarinn og vinur hans sem voru að sjálfsögðu í djöflatrúarhreyfingunni og áttu að ganga frá hlutunum þannig að Tinna og fjölskylda hennar yrðu öreiga af fyrrgreindum ástæðum sem Tinnu grunaði. Asíumeistarinn og vinur hans höfðu enga heimild til að taka þessa áhættu að keppa við Ársæl í snóker svo Tinna næði húsinu aftur. Þrem vikum síðar fundust þeir báðir drukknaðir um hundrað metra í hafi út frá einni baðströndinni í Frakklandi.

25. KAFLI

Jörðin Tellus, fæðingarjörð söguhetju okkar, tilheyrir þeim hópi frumlífsjarða sem ekki eru komnar lengra í þróunarbrautinni en svo að glæpir eru ennþá fylgifiskur mannkynsins á þessari vesölu jörð sem er við útjaðar vetrarbrautarinnar. Þar á meðal eiga nautnalyfin stóran þátt ásamt alkóhólinu og er lítið betra að því leyti að þeir sem eru undir slíkum áhrifum, missa ekki síður dómgreind sína og fremja oftlega þessi almennu brot vegna þessa að frummaður einstaklingsins ræður þá að miklu leyti ríkjum. Þá er auðveldara fyrir ill öfl að blanda sér þar inn í. Því miður þarf ekki nautnalyf fyrir suma einstaklinga til að fremja allskonar ódæði vegna illsku þeirra af einhverjum ástæðum. Til dæmis vegna afbrýðissemi og skyndihugdettum af einhverjum toga og svo ekki síður í einstökum tilfellum þegar menn veikjast af brjálsssemi. Ekki má gleyma þeim sem æsa til uppþota sem leiðir oftlega til stríðs og dauða. Dómsmorð er ein hliðin á glæpum í þeim tilgangi að leysa ákveðin vandamál sem viðkomendur telja sig ekki geta leyst á annan hátt. Það sorglega við þessa lausn er það sem liggur oftast á bak við dómsmorðið, það er hefndarhugur sem er allíð fylginatur þess og er þess vegna einnig einn anginn af helstefnunni sem er ríkjandi á þessari jörðu.

Þó má sjá smá framfarir á Tellus í lífstefnuátt, ef lítið er aftur í tímann um eitt þúsund ár með því að setja upp línurit þannig að góðmennskan er lóðrétta línán en lárétta línán eru árin. Þá kemur berlega í ljós að við erum á uppleið til góðmennskunnar þar sem vitneskjan, þekkingin og skilningurinn hefur aukist í viðkomandi löndum. Þar er mun sjaldnar barist innbyrðis á banaspjótum en áður var gert. En það kemur alltaf eftir sem áður uppsveiflur og síðan niðursveiflur einhver árin en yfir heildina erum við á uppleið. En svo kemur annað sem vegur eitthvað á móti það eru tækniframfarir á eyðingarvopnum sem gefur þann möguleika að færra fólk getur drepíð fleira fólk en áður.

Þetta styður líka þá hugmynd sem Sókrates setti fram í heyranda hljóði á torgi einu í Aþenu, eftir því sem maðurinn veit meira þess betri verður hann, ef hann verður það ekki þá hefur hann ekki vitað nægilega mikið.

Það gefur til kynna að trúin og skynjun mannsins dugar ekki ein sér til að skapa góðvild á jörðu hér, vegna þess að mannum er áskapað að nota þá greind sem

hann hefur með því að skilja, hafna og velja. Það eru sumir sem geta trúað í blindni og það leitt getur leitt þá afvega ef öfgamenn hafa áhrif á þessa bókstafstrúarmenn. En þeir eru mun fleiri sem verða að skilja hlutina til að geta trúað. Þess vegna er nauðsynlegt að greindin, þekkingin, viskan og skynnæmi mannanna fylgjast alltaf að.

Trúin hefur áskapað sér ótrúlega mörg trúfélög með mismunandi áherslum og spámönnum, þar að auki hefur myndast klofningur innan mismunandi kirkjudeilda. Samt fer það ekki á milli mála að hugmyndin á bak við þessi trúfélög byggist á kærleikanum. En meinið er að kirkjudeildir og aðrir trúarhópar hafa mismunandi mikið rétt fyrir sér. Það er vegna mannlegs misskilnings, þekkingarleysis á efninu og sambandstruflana, sem sami guðinn eða kannski guðlegu verunnar eru að reyna að koma til skila en það mistekst og brenglast. Trúarbrögðin verða því jafn mörg og spámennirnir.

Warlock notar því hvert tækifæri sem hann getur til að skilningurinn verði sem minnstur og ruglingurinn sem mestur á milli trúarhreyfinga. Þá á hann auðveldara með að skapa sem mesta úlfúð á milli bókstafstrúarmanna og það magnar djöfulæðið í mannum. Warlock hefur það fyrir sið þegar hann hefur lausan tíma að setjast í keisarahásætið. Þar magnar hann til enn meiri illvirkja. Vegna þess að undir keisarastólnum er lífslindin hans eins og að framan er getið. Þegar hann situr í stólnum nær hann besta fjarsambandi við þegna sína í Svartheimslandi og Satansmenn á öðrum hnöttum ásamt ýmiskonar glæpamönnum og saklausum borgurum sem verður eitthvað á og eðlileg dómgreind þeirra skerðist. Þá er frumeðli mannsins nærtækast. Warlock notfærir sér þennan vanmátt þeirra og á þá auðveldara með að fá viðkomandi til að fremja ýmiskonar glæpi sem þeir hefðu aldrei gert undir eðlilegum kringumstæðum. Þar til viðbótar hefur Warlock sterk ítök á fimm frumlífsjörðum sem hann hefur náð af öðrum svökölluðum kölskum. Það var fyrir um það bil eitt hundrað árum þá voru þessar jarðir sem hann hafði vald á sex, fyrir utan Tellus.

Hann missti smám saman ítök á þessari jörðu á löngum tíma. Hann gat ekki komið í veg fyrir framþróun íbúanna. Þeir beindu huga sínum og greind æ meira að viskunni og tæknivæðingar háþróuð og kærleikurinn því meiri sem skynsemi

mannsins jókst og fólkið er dag frá degi að auka sín guðlegu sambönd. Þeir lærðu það einnig samhliða að skynnæmið væri mannum jafn eðlislæg og aðrir þættir sem tilheyra mannum.

Þegar þeir komust að þessari niðurstöðu var ekkert eðlilegra en að kanna þess konar hugmyndafræði með sömu aðferð og eðlislögmál jarðarinnar segir til um. Það táknað með öðrum orðum að eðlisfræðin, náttúrufræðin, líffræðin og framlífið nær til stjarnanna. Þegar þessi sannindi komu í ljós rak hvað annað fram á við og sýndi meðal annars að vissan væri ólíkt betri en óvissan þar sem það gerði mannkyninu grein fyrir að hver væri sinnar gæfu smiður þegar framlífið væri annars vegar eins og með allt annað. Þá fyrst fór fólk að hugsa sinn gang, þá fyrst náði kærleikurinn meiri og meiri fótfestu á þessari jörðu.

En hinum ljóta var það vel ljóst, ef hann tæki ekki af skarið myndi hann einnig missa jörðina Tellus úr höndum sér. Hann hugsaði með sér skælbrosandi þar sem hann sat í sínu lífhleðslu keisarasæti, ég hef nú þegar undirbúið góðan jarðveg til að breyta framrásinni mér í hag á þessum hnetti. Þar er unnið að fullum krafti af mönnum mínum að vinna mér fylgi með þrælsóttu til Satan og koma öllu í það horf sem þarf svo allt gangi upp þann 13. desember þegar ég mæti í húsi mínu á Íslandi.

Svo glotti hann af hugsun sinni með sitt ljóta tröllslega andlit og sagði í heyranda hljóði: Það þýðir ekki að setja mér stólinn fyrir dyrnar, það hafa margir reynt og hefur í öllum tilfellum mislukkast og ég hef gjörsigrað þá. Þá hafði hann í huga Tígriskló, sem hann taldi með réttu að hefði haft smá möguleika gegn honum. Hann taldi að sjálfsögðu að Tígriskló væri nú þegar búinn að tapa orrustunni.

En það er þessi Sóldísar-drusla og fylgispöku þrælar hennar sem gætu orðið eitthvað til trafala. En foringjar mínir eru það vel fræddir um gildi líforkunnar og vita þess vegna hversu þýðingarmikið það er fyrir þá að vinna vel fyrir mig að þessum málum. Þá fá þeir þátttöku í lífmögnun þessara heimsku manna sem á Tellus búa og skilja ekki gildi þess að sá sterki verður alltaf að ráða.

Fljótt eftir að Gunnlaugur faðir Sóldísar kom til nýju heimkinna sinna skynjaði hann hvað stóð til hjá guðlega ráðinu á framlífslandi hans. Þeir voru að skipuleggja gagnsókn gegn Warlock með fjarhrifum til Sóldísar og féлага hennar

og að sjálfsögðu einnig til annarra á þessari jörðu í þeirri von að hún beri tilætlaðan árangur. Að lokum var ákveðið að senda mann til beinna aðgerða gegn Warlock undirheimakeisara. Strax og Gunnlaugur frétti það bauð hann sig fram sem sjálfboðaliða að fara til Svartheimslands og vinna að því verkefni sem til þurfti svo mannkynið á jörðinni Tellus yrði ekki fyrir þeirri ógn sem að henni stöðjaði ef ekkert yrði að gert.

Gunnlaugur ráðið ákvað einnig að sameina alla krafta sína að þessu verkefni eftir öllum þeim sambandsleiðum sem til væru í þeirri veiku von að skilningur manna og vitneskja á Tellus ykist. En því miður kemur það oftast fyrir en ekki að maðurinn meðtaki boðin ranglega vegna misskilnings, meðal annars vegna fastheldni á barnstrúnni og andatrúnni sem er þar ríkjandi.

Þessi hugsunarháttur er svo ríkjandi hjá fólki og ekki síður hjá þeim sem eru skynnæmir að það meðtekur ekki einu sinni það sem það bæði sér og heyrir, að framlífsfólk búi á venjulegum hnetti og sé í eins líkama og jarðarbúar. Samt sem áður afneitar það því, og segir oftlega í skrifuðum handritum og bókum að um astraljörð og astrallíkama sé að ræða. Sumir hverjir skrifa undrandi að dána fólkið viti ekki að það er í andalíkama, samanber Swedenborg.

Gunnlaugur hafði gengið í gegnum mikinn lærdóm á ýmsum sviðum, til að mynda í að þekkja sjálfan sig og ná tökum á hugsana-, tilfinninga- sjónflutningi og móttöku, ásamt að skilja hugsanir annarra með betri hætti en hann áður hafði gert. Það er að segja að kunna að sálgreina manneskjur og leysa vanda þeirra. Það var farið ýtarlega í saumanna á þessum málum. Í lokin var Gunnlaugur réttur einskönar spegill eða kannski var það líkara tölvuskjá sem hann horfði í og hægt var að stilla um himinhvolfið sem hann hafði löngun til. Þessi spegill nam lífeindirnar sem eru í lífgeislanum. Hann átti að þjálfa sig í að sálgreina rétt þá manneskju eða dýr sem birtist í speglinum.

Það skiptir engu máli hvaða tungumál menn tala eða hverskonar táknumál dýr og menn nota vegna þess að heilinn tekur á móti öllum þessum táknum og skilur þau sem lífeindin ber með sér. Heilinn breytir síðan boðunum í það mál eða tákni sem viðkomandi einstaklingur skilur. En skilningur á boðunum fer eftir sem áður alltaf samkvæmt þekkingu og vitsmunum einstaklingsins.

Þar að auki var Gunnlaugi kennt að ná tökum á þeim hæfileika sínum að geta magnað upp orku sína það mikið að hún yfirvann aðdráttaraflið á framlífsjörð sinni. Þá gat hann svifið um loftin blá eftir vild sinni og þar að auki afefnast þegar hugur hans girntist og stjórnað því að fara hamförum.

Að aflokinni kennslu um þennan nýstárlega vísidóm var Gunnlaugur talinn hæfur til að taka þetta verkefni að sér. Með hamförum fluttist hann með lífgeislahraða til Svartheimslands. Skömmu síðar efnaðist hann þar uppi á hæð einni. Hann leit yfir dalinn og sá hrygga konu nokkru neðar í hlíðinni. Hann vissi þegar hvaða kona þetta var þó hann hefði aldrei séð hana áður.

Gunnlaugur gekk niður brekkuna þar sem hann hafði vitað fyrir að máttur hans til að svífa var ekki fyrir hendi á þessum stað vegna þeirra neikvæðra afla sem höfðu safnast saman á þessari jörðu. Gunnlaugur yrti á konuna með því að spyrja hana: Fríða, hvers vegna ertu þú svona hrygg Fríða hrökk við og gapti af undrun þegar hún sá þennan undursamlega fagra mann standa við hlið sér svona bjartan yfirlitum. Henni varð orðavant stutta stund. Fríða hafði aldrei séð slíkar verur en oftlega heyrt um þær talað. Og frá betri mönnum heyrði hún fagnar sögur um þá, en frá hinum illskeyttu heyrði hún aðeins illmælgir um þá.

Þegar hún hafði áttað sig og fékk málið aftur varð gleði hennar svo mikil að brosur hennar ljómaði um allt andlit hennar, enda fann hún kærleikann streyma frá þessum manni. Hún gleymdi í augnablikinu sorg sinni og reisti sig upp, gat ekki ráðið við forvitni sína og spurði: Hvernig gastu vitað hver ég er?

Við vitum ýmislegt sem kannski flækist fyrir ykkur, en hingað er ég kominn til að gleðja þig. Þá varð hún sorgmædd aftur og sagði: Hvernig ætti ég að geta verið glöð þegar ég fæ aldrei að sjá unnusta minn frammar? Ekki skaltu vera svona viss um það, margt getur farið á annan veg en ætlað er. Ég er hingað kominn meðal annars til að hjálpa ykkur. Þú færð að sjá hann eftir skamma stund. Að þessum orðum sögðum leystist hann upp og hvarf. Hún stóð eftir undrandi og ráðalaus en um leið bar hún ótakmarkað traust til bjarta mannsins settist aftur niður og beið vongóð. Um leið var Fríða undrandi á sjálfri sér að trúa orðum hans því hún vissi sem var að enginn hafði sloppið frá svo óhugnanlegum aðstæðum sem Tígriskló var

í nema þá að gefa upp öndina og vakna á sama staðnum til lífsins aftur eða flytjast burt af þessari jörðu með því að deyja eða sá hinn sami væri sóttur af ljósverum.

Keisarinn og hans menn voru ekki eins hrifnir og Fríða var. Þeir létu það berast að verur þessar rændu þessu fólki einungis sér til hagsbóta sem lifibrauð. Það passaði ekki við þær sögusagnir sem hún hefði einnig heyrt, að björtu mennirnir og ljósverurnar kæmu frá hinum góðu stöðum til að flytja þessa menn á betri stað þar sem sólin var.

Flestir þeirra sem töldu sig vita betur hvaðan ljósverurnar komu. Þær voru framlífsfólk frá góðum hnöttum sem höfðu náð slíkum árangri á framfarabraut að þau töldust vera guðlegar verur í huga margra ábúanda frumlífsjarða og framlífsjarða. Vegna þess höfðu nokkrir hugsandi menn á slíkum stöðum áttað sig og reynt þar af leiðandi að betrumbæta sig. En þeir sem aldrei höfðu trúað á slíkt í fyrra lífi voru undir sama hatti og Warlock vildi. Satan var fyrir þeim ápreifanlegri og trúverðugri og því sá eini sem þeir gátu trúað á. Svo voru aðrir af framlífsmönnum sem höfðu mannyfirráð og nutu þess best þegar undirmenn þeirra kvöldust sem mest og vildu því engar breytingar sem tæki þessa nautn af þeim, en töldu sig hafa hugmynd hvaðan ljósverurnar komu og afneituðu því með sjálfum sér því það hentaði þeim best. Enda voru þeir undir sama keisarans hatti svo hugsun þeirra, líferni og framkvæmdir voru samkvæmt því. Flestir af þeim ábúendum sem fæðst höfðu í Svartheimslandi vissu ekki hverju þeir áttu að trúa eða vildu ekki trúa að góðir heimar væru til.

Það voru alltaf einhverjir að boða að ljósverurnar væru himneskar og vildu hjálpa öllum sem vildu þiggja hjálp. En keisarinn reyndi að þagga niður í sögusmettum sem hann nefndi svo, með því að færa þessa menn sem töldu sig þetta vita í dýflissu sína ef hermenn hans náðu í þá. Fríða hefur viljað trúa þessum sögusögnum og varð þess vegna ekkert hrædd þegar hann birtist henni og hún sá þessa björtu veru í líkama af holdi og blóði eins og hún er sjálf en til muna fegurri. Ekki í einhverjum andalíkama eins og henni hefur stundum verið sagt. En nú var hún ekki lengur í vafa um að þessir menn væru bjargvættir heimsins og hún fengi að sjá Tígriskló eftir skamma stund þegar hún sá Gunnlaug hverfa skyndilega sjónum sínum.

Gunnlaugur birtist síðan jafn skyndilega inni á skrifstofu Gústa greifa. Þessi stofa er hornherbergi í höll hans á gríðarstórri hæð þar sem hún gnæfir yfir borginni. Greifanum varð óneitanlega hverft við þegar Gunnlaugur birtist svona skyndilega fyrir framan skrifborð hans enda átti hann ekki von á slíkri heimsókn. Hann var fljótur að jafna sig og sagði: Mér er mikil forvitni á að vita hvers vegna slíkur maður sem þú kemur í híbýli mín. Það er ekki vani ykkar að spyrja um leyfi þegar þið krækið í þræla mína og veiðið þá í burtu.

Miðað við þann óhugnað sem ríkir hérna hjá ykkur ert þú ekki barnanna verstur. Þú ert komin hingað frá sömu jörðu og Tígrískló og ert það fróður um framlífið að þú veist vel að við tökum engan gegn vilja sínum með okkur. Við hjálpum þeim sem vilja hjálpa sér sjálfir að komast burt á betri stað. Þið reynið að koma í veg fyrir það, með ykkar gríðarlegu mögnun svo að fólk getur varla dáið hérna. Þið haldið þeim í herfjötrum. Svo við verðum að sækja þá sem það vilja og hjálpa þeim að komast yfir á betri stað. En ég er ekki hingað komin til að fræða þig um það sem þú veist.

Ég bjóst nú ekki við því og ekki reikna ég með að þú sért kominn til sækja mig þar sem ég hef engan áhuga á að flytjast um set. Það eru feikna margir ábúendur hér sem hafa sameinast og eru tilbúnir að taka völdin af keisaranum, en það sem hefur komið í veg fyrir það er að ykkur vantar leiðtoga sem þið verðið sáttir við og getur komið því í framkvæmd. Ég hef aldrei verið í vafa um að þið fylgist vel með, ekki síður en keisarinn okkar sem er full grimmur að okkar mati. Þú hefur greinilega Tígrískló í huga eins og við vorum farnir að gera okkur vonir um, en sú von brást því hann er kominn í dýflissuna hjá mér og þaðan kemst hann ekki út nema því aðeins að honum takist að sálga sér, sagði Gústi greifi.

Ég næ honum út og þú undirbýrð jarðveginn fyrir hann og við munum aðstoða ykkur svo framarlega sem við getum, en þið verðið þá líka að bæta kjör manna frá því sem nú er. Með það hvarf Gunnlaugur jafn skyndilega og hann kom og birtist hjá Tígrískló.

Það furðulega gerðist þó að Tígrískló hefði verið í þessari dýflissu í fjórar vikur þá hafði skynnæmi hans eflst. Hann vissi að eitthvað myndi gerast sem hefði áhrif á að hann slyppi út úr þessum hryllingi. Það gerðist þegar Gunnlaugur birtist honum

ásamt hinum þrælunum, sumir hverjir öskruðu upp dýrslega en þorðu ekki að ráðast á hann. Komdu með mér, Fríða bíður eftir þér. Tígriskló vissi hver þessi bjarti maður var og fylgdi honum strax. Þeir gengu í gegnum veggina þar sem líkamsvefir þeirra leystust upp jafnharðan sem þeir komu að þeim og mynduðust strax aftur hinum megin við þá.

26. KAFLI

Eitt kvöldið í heimahúsi Sóldísar sagði Kjartan við þær vinkonur: Ég hef verið að grennslast fyrir um feril Ara Fannbergs og hann er æði skrautlegur. Síðan sagði hann þeim að hverju hann hafi komist. Og bætti við: Ég hef loksins náð sambandi við Ásmund Örlygsson, verktaka Ólafs sem er vinur föður þíns heitins. Hann sagðist geta tekið á móti okkur annað kvöld ekki seinna en átta. Ásmundur kvaðst þurfa að vakna snemma á morgnana. Það var tími komin til, hvar hefur hann verið allan þennan tíma?, spurði Sigrún. Hann kvaðst hafa verið að reisa tvö einbýlishús sem voru nákvæmlega eins á hvort sinni lóðinni, en hlið við hlið í uppælingu. Það voru bræður sem báðu hann að sjá um þetta.

Kvöldið eftir sátu þau inni í stofu hjá Ásmundi og drukku kaffi. Eftir stutt samtal um dagsins önn sagði Kjartan: Ég sagði þér í símanum að okkur væri forvitni á að vita frá þinni hendi hvað það var sem gerði það að verkum að Hörður var að vinna uppi á þaki á hússins hans Ólafs þegar Gunnlaugur slasaðist. Það varst þú sem tókst að þér að gera við þakið fyrir Ólaf, er það ekki rétt með farið? Ásmundur horfði með meðaumkvum til Sóldísar og sagði: Jú, það er rétt og ég samhryggist þér og mér finnst þetta mjög leitt. Þetta var meira klaufa-óhappið hjá Herði og það er ekki líkt honum.

Ég hef þekkt Hörð í nokkur ár og séð til hans við vinnu, hann er venjulega gætinn, laginn og vinnusamur, þess vegna kemur mér þetta slys á óvart. Ég bað hann að klára þetta litla sem eftir var þegar ég fékk svo skæða matareitrun og bjóst við að liggja í nokkra daga.

Hvernig atvikaðist það?, spurði Kjartan. Það gerðist þannig að við Hörður hittumst á förnum vegi og hann bauð mér kjúkling í veitingahúsi sem ég þáði. Um kvöldið var ég fárveikur bæði með uppköst og niðurgang. Daginn eftir kom Hörður í heimsókn til mín. Hefur hann komið í heimsókn til þín áður? Nei, það hefur hann ekki gert. Bauðstu honum að koma daginn eftir þegar þú varst í veitingarhúsinu? Nei, það gerði ég ekki einkennilegt að hann skyldi koma svona óboðinn strax daginn eftir og einmitt þegar þú varst veikur og þar að auki skilst mér að þú hafir ekki þekkt hann svo mikið.

Nei, ég var einungis þakklátur því það kom sér svo vel þar sem allt var tómt og tappalaust og hann bauðst til að fara í apótekið og fá eitthvað stemmandi og síðan í matvörubúðina svo ég hefði eitthvað að borða þegar ég fengi matarlystina. Skyndilega hikaði hann og sagði: Já, ég verð að viðurkenna það, þegar þú minnst á þetta, þá fer það ekki hjá því að þetta er óvenjulegt. Svo horfði hann á þau þrjú með alvarlegum svip og ekki laust við ótta í augum þegar hann spurði: Er eitthvað gruggugt við þetta allt saman?

Þá svaraði Sóldís: Við vitum það ekki fyrir víst en við viljum kanna málið. Mér fannst þetta ekkert skrytið þá. Ég lá þarna illa haldinn og Hörður birtist og vildi allt fyrir mig gera þá fannst mér þetta svo kærkomin hjálp og almennilegt af honum að ég þáði það með þökkum. Litlu seinna æxlaðist það þannig að ég bað hann um að klára fyrir mig þakið þar sem ég bjóst ekki við að vera vinnufær líkt því strax. Enda stóð ég ekki upp úr rúmi fyrr en eftir viku. Ég vildi að ég hefði ekki beðið hann um þetta því nú er ég komin á þá skoðun að það sé eitthvað grunsamlegt við þetta allt saman. Ég trúi því nú samt ekki að það hafi verið með vilja gert að slasa föður þinn.

Það er eitt að lokum sem okkur langar til að vita, sagði Kjartan, þekkir þú það vel til Harðar að þú vitir hvaða félagi hann umgengst mest? Ég get varla sagt það, en þó veit ég það að Hörður fer mjög oft um helgar að spila tennis í Tennishöllinni og þar spilar hann mest við Finnboga Grímsson. Veistu meiri deili á honum? Nei, þau veit ég ekki.

Nokkru seinna voru þau komin inn í bílinn og Sóldís sagði þegar Kjartan horfði með spurnarsvip á hana: Hann er ekkert við þetta riðinn. Ég er einnig viss um það, svaraði hann. Þá spurði Sigrún: Hvaða upplýsingar reiknarðu með að fá hjá þessum Finnboga? Það veit ég ekkert um, en kannski eitthvað annað en það sem Hörður segir okkur. Og ég reikna frekar með að það verði lítið meira en það sem í skýrslunni stendur. En það verður ekki verra að ég tali við þennan Finnboga.

Þrem dögum síðar stóðu þau þrjú fyrir utan útidyrnar heima hjá Herði Ingólfssyni. Kjartan hringdi dyrabjöllunni og litlu síðar opnaði lítill og grannur maður dyrnar. Góðan daginn, er Hörður Ingólfsson heima?, spurði Kjartan. Já, hvað viljið þið honum? Getum við fengið að ræða við hann? Jú, ætli það ekki, hann stendur hér

fyrir framan ykkur og hvað viljið þið mér? Þá leit Kjartan til Sóldísar lítið eitt kíminn. Svo hún svaraði til að reyna að milda manninn og byrjaði á að kynna þau þrjú. Hvað viljið þið mér?, spurði hann aftur en var hvassari í orðum og greinilega alls ekki tilbúinn að bjóða þeim inn fyrir dyrnar.

Ég er dóttir Gunnlaugur Valgarðssonar heitins sem varð fyrir þeirri óheppni verða undir slaghamrinum sem datt ofan af vinnupallinum. En lengra komst hún ekki því hann greip fram í fyrir henni, setti í brýrnar með flöktandi augu. Hann spurði með hvössum skrækum rómi: Eruð þið á vegum lögreglunnar eða hvað? Nei, það erum við ekki, svaraði Sóldís kurteislega. Ég er nú þegar búinn að gefa rannsóknarlögreglunni fullnaðarskýrslu um þetta mál og hef ekki meira um það að segja. Hann lagði aftur dyrnar fyrir framan nefið á þeim.

Samkvæmt viðbrögðum Harðar lítur málið sem snýr að honum ekki út fyrir að vera hans óskastaða, sagði Sóldís um leið og þau þrjú gengu í átt að bifreið Kjartans. Ég læt þess getið hvernig viðbrögð hans voru í skýrslunni sem ég geri og nú fer ekki á milli mála við hvern við þurfum að ræða næst. Það er náttúrulega við þennan Finnboga, svaraði Sigrún, en hvaða skýrslu ert þú að tala um?, spurði Sigrún undrandi. Ég geri alltaf stutta skýrslu um hvert atvik sem ég hef blandað mér í viðvirkjandi þetta mál og fel þær á góðum stað sem ritarinn minn veit hvar er.

Ef hún heyrir ekki í mér fyrir ellefu á kvöldin veit hún að eitthvað hefur komið fyrir mig eða okkur, þá mun hún afhenda lögreglunni þær. En af hverju að fela þessar skýrslur? Hvers vegna ferðu ekki með þær til lögreglunnar? Það yrði þýðingarlaust, lögreglan mun varla taka þær gildar, þær sýna ekki nægilega fram á staðreyndir málsins þar sem sannanir vantar að svo komnu máli og ég vona að það verði breyting á fyrir en seinna.

Það gæti kannski breytt einhverju okkur í hag, ef og þegar rannsóknarlögreglan fær þessar skýrslur í hendurnar þó sönnunarbyrðin verði frekar bágborinn ef við hverfum sporlaust, þá vekja þessar skýrslur vonandi lögregluna til umhugsunar og hún notar hana sér til hliðsjónar við rannsókn málsins. Þá verða þessar skýrslur kannski okkur til bjargar.

En ef okkur tekst að safna að okkur sönnunargildum skýrslum sem ég vona að verði fyrir en seinna þá höfum við pálmanna í höndunum til að stoppa þessa óþverra og koma þeim í fangelsi.

27. KAFLI

Hjá rannsóknarlögreglunni sat Sverrir á skrifstofu sinni og var nokkuð ánægður með samstarf tollgæslunnar og eiturlyfjagæslunnar, þeir hafa náð meira magni af allskyns tegundum fíkniefna en nokkru s inni áður og það er augljóslega vegna samstarfsins.

Að öðru leyti var Sverrir sáraóánægður þar sem hann var einnig með skýrslur á borði hjá sér frá heilbrigðisstofnunum sem tóku að sér fíkniefnasjúklinga og frá þeim öðrum sem unnu að hjálpastörfum viðvíkjandi fíkniefnum. Þar kom í ljós að fíkniefnasjúklingum var að fjölga og það sagði honum þau sorglegu tíðindi að innflutt magn eiturlyfja er alltaf að aukast þar sem markaðurinn virðist vera ótæmandi.

Þó var eitt atriði sem gaf honum byr undir báða vængi því það hafa komið ábendingar frá örfáum föngum við yfirheyrslu að rannsóknarlögreglan væri að nálgast Spaða-Ássinn. Þar sem nokkrir fangar hafa gefið það upp að fógetinn væri stærsti skipuleggjandinn að dreifingu eiturlyfja hér á landi með aðstoð sex meðsveina sinna sem sjá um að koma efninu til sölumanna sem lögreglan vissi um þegar. Það stóð heima við ábendingu Interpol. En það mikilvægasta var að fógetinn var þá eftir allt saman, eins og Vilhjálmur hefur alltaf haldið fram undir stjórn Spaða-Ássins. Með þessar upplýsingar í farteskinu hafði Sverrir lagt á ráðin og sagði mönnum sínum, meðal annars að fylgjast mun betur með fógetanum og meðsveinum hans.

Núna síðustu daga hefur eiturlyfjalögreglan getað tengt hann við eiturlyfjamarkaðinn með svo sterkum líkum að saksóknarinn gæti ákært hann og meðsveina hans, en það var ekki meiningin að handsama þá fyrir en fógetinn óafvitandi vísar lögreglunni á höfuðpaurinn.

Það er nóvemberkvöld, suðaustan rok og rigning sem Reykvíkingar þekkja svo vel á haustmánuðum og einstöku sinnum á vormánuði. Þetta kvöld nálægt miðnætti sátu tveir lögregluþjónar, Snjólfur Steingrímsson og Friðrik Sturluson, í einkennislausri bifreið á vegum rannsóknarlögreglunnar skammt frá aðalinnganginum að biljarðstofunni sem fógetinn átti og rak. Þeir voru

óeinkennisklæddir og biðu rétt sunnan við hús fógetans og fylgdust með mannaferðum þangað inn og smelltu myndum af þeim sem þeir vissu að voru í tengslum við undirheimanna eða af þeim sem grunsamlegir þóttu. Þetta fimmtudagskveld voru fáir á ferli og það átti að loka stofunni samkvæmt lögum klukkan tólf á miðnætti.

Lögregluþjónarnir tveir voru kaldir og pirraðir á að hanga inni í kaldri ómerktri lögreglubifreiðinni í þessu líka ómennska veðri, það var engu líkara en helt væri úr fötu og rokið barði rigninguna á gluggana, afturrúðan á bifreiðinni var áveðra. Enda lögðu þeir bifreiðinni þannig að myndatökumaðurinn gæti fest það á filmu, sem hann vildi mynda, þá opnaði hann hliðarrúðuna lítið eitt í hvert sinn.

Þarna sátu þeir fram yfir lokunartíma og höfðu náð góðum myndum af nokkuð grunsamlegum mönnum en sennilega ekki af höfuðpaurnum sem nefnir sig Spaða-Ásinn. Allir þeir menn sem myndatökumaðurinn hafði smellt myndum af voru farnir. Friðrik myndatökumaðurinn gerði það sem þeir höfðu ákveðið að skipta vaktinni á milli sín. Hann ætlaði að sofna eða dotta í fjóra tíma á meðan Snjólfur ökumaðurinn vaktaði staðinn. Það liðu varla meira en þrjú korter þegar Snjólfur hnippiti í Friðrik rétt um leið og hann setti bifreiðina í gang og sagði: Þarna fer fógetinn á jeppanum sínum út úr bílskúrnum og beygir í norður. Þeir eltu hann vestur í bæ í ákveðinni fjarlægð og voru vissir um að fógetinn hafi ekki orðið var við þá. Hann beygði inn í innkeyrsluna við ákveðið einbýlishús austarlega á Seltjarnanesi. Hringdi þar dyrabjöllunni, dyrnar opnuðust og fógetinn gekk í bæinn.

Lögreglan beið þarna góða stund, þá gekk lotinn skeggjaður maður með staf út um aðaldyrnar. Það gerir ekkert til þó að þú takir mynd af þessum manni, sagði Snjólfur. Skyndilega reisti hann sig við í bílstjórasætinu og fylgdist betur með manninum þar til að hann settist í bílstjórasæti Volvó bifreiðarinnar sem var við hliðina á jeppa fógetans og keyrði af stað. Snjólfur setti bifreið sína í gang og elti.

Hvað ertu að gera?, sagði Friðrik, þetta er ekki fógetinn. Jú, þetta er nú einmitt hann, skal ég segja þér, þarna er hann dulbúinn. Kannski hann hafi grunað að við eltum hann áðan þó á ég erfitt með að trúa því. Friðrik hringdu í gsm-símamann og hafðu samband við varðstjóran okkar og gefðu honum þessar upplýsingar.

Snjólfur var með lægra númer en Friðrik og tók þess vegna ákvarðanir um gerðir þeirra og bar ábyrgð á þeim að nokkru leyti.

Vilhjálmur kom inn á skrifstofuna á sínum venjulega tíma að morgni klukkan hálf átta, þá hringdi síminn hann tók upp símtólið: Hrollur lögregluvarðstjóri hér, jæja, hefur eitthvað skeð í nótt? Já, heldur betur og það var einungis fyrir sérlega góða aðgæslu, eftirtektarsemi og hversu mannglöggur lögreglumaðurinn er sem var á vakt í gærkvöldi að hann þekkti fógetann dulbúinn.

Friðrik og félagi hans tilkynntu mér að þeir hefðu elt fógetann í bifreið sinni rétt eftir miðnætti að Öldugötu 89 í Vesturbænum. Hann fór þaðan rúmum hálf tíma síðar í dulbúningi austur í bæ alla leiðina upp á Höfða að vöruskemmu fyrirtækisins Tölvuþjónustan Birtingar. Þar var fyrir Sigursveinn Örlygsson, bókhaldari fyrirtækisins, sem hleypt Fógetanum inn í skemmuna.

Hvernig dulbjó fógetinn sig? Hann var hokinn með staf, svart skegg og með þykkar svartar augabryr. Hann hélt á stórri og mikilli skjalatösku og það get ég sagt þér að það var fróðlegt að kanna innihaldið eftir að við sendum lögregluna á þá og handsömuðum. Og hvað var í töskunni? Hún var full af fimm þúsund króna seðlum. Það munar ekki um það, og sjálfsagt hefur átt að koma þessum peningum í umferð ólöglega með einhverjum hætti. Já, en það var einnig annar maður þarna á staðnum þegar lögreglan kom inn í skemmuna, hann heitir Margeir Ólafsson og er framkvæmdarstjóri fyrirtækisins.

Vilhjálmur lifnaði allur við og sagði: Erum við kannski að komast í eitthvað feitt, er vinnan okkar loksins farinn að bera einhvern árangur? Já, kannski er lukkan með okkur núna, sagði varðstjórinn og var kampakátur.

Hvaða lögregluþjónn var svona glöggur að þekkja manninn svona dulbúinn og það á haustkveldi? Hann á skilið að fá einhverja upphefði fyrir þessa framúrskarandi eftirtektarsemi og mannþekkingu. Þennan lögregluþjón þekkir þú vel. Nú, þessi maður er þá líklegast hann Snjólfur okkar, hann hefur sýnt svipuð tilþrif. Þú hittir naglann á höfuðið. Það var ágætt því það liggur umsókn frá mér um beiðni til að flytja hann inn á rannsóknardeild mína að honum óforspurðum.

Hvernig var staðið að verki? Það var Friðrik sem tilkynnti okkur að beiðni Snjólfss hvað um var að vera hjá þeim. Ég sendi einn lögregluþjón með víkingasveitinni

eftir filmunni sem Friðrik tók af fógötanum dulbúnum. Síðan fengum við sérfræðinga til að skoða hana þar til að þeir voru fullvissir um að þetta var fógötinn þá fyrst létum við til skaras skrifa og víkingasveitin réðst til inngöngu inn í skemmuna eftir minni fyrirskipun og þeir handtóku alla þá sem þar voru inni.

Þetta eru góðar fréttir, þú hefur að sjálfsgöðu séð um að enginn af þessum mönnum hafi náð að tala sig saman eftir að þeir komust undir lögreglu hendur? Það er alveg ljóst að þeir hafa engan veginn getað það. Í lögreglubifreiðinni sátu tveir úr víkingasveitinni á milli þeirra þriggja þar að auki setti ég þá í einangrun.

Þessa sömu nótt hringdi hægri hönd prestsins, höfðingi númer eitt, í rauða síma Steiner. Hann svaraði símanum svefndrúkkinn: Það verður að vera meira en lítið áriðandi fyrst þú hringir á þessum tíma og hvað þá heldur í rauða símann. Já, ég hef slæmar fréttir að segja; víkingasveit lögreglunnar handtók þrjá af okkar mikilhæfustu mönnum og settu hald á þessar þrjátíu miljónir sem fógötinn kom með til að afhenda Margeiri og Sigurvini bókhaldara sem hann átti að yfirfæra sem löglega peninga með kaupum á ónýtum tölvum í Hollandi og viðtakendurnir þar, eins og þú veist, áttu að nota þessa peninga til að kaupa þetta heróín og e-töflur sem við vorum búnir að panta.

Steiner lét á engu bera hversu hverft honum varð við, en spurði með sinni rólegu röddu eftir litla umhugsun: Hvernig vildi þetta eiginlega til? Eftir því sem uppljóstrarinn sagði mér þá gerðist það þannig, og hann sagði prestinum hvernig það gekk fyrir sig.

Þetta er vont mál, en það er þó eitt jákvætt það er ekki mögulegt að tengja þetta fyrirtæki við okkur þar sem Margeir Ólafsson er skráður fullgildur eigandi Birtings. En þú gerðir annan samning ykkar á milli að hann stjórnaði þessu sama fyrirtæki sem leppur þinn því þú ert skráður sem eigandi fyrirtækis. Og þessi samningur er aðeins til í einriti og geymist í skjalahvelfingunni okkar. Svo er annar samningur til í einriti og geymist á sama stað, þar ert þú sagður leppur þessa sama fyrirtækis sem er í raun í eigu djöflatrúarmanna S.T.S., sagði Steiner. Já, þannig mun það vera.

Hvað telur þú, getum við treyst þessum þremur föngum að þeir segi það sem þeir eiga að segja lögreglunni? Já, það er ekki nokkur vafi þeir eru nokkrir af

traustustu mönnum okkar. Þeir munu reyna að þráast við að segja sem minnst svo lengi sem það getur gengið, síðan mun fógetinn gefa sig og viðurkenna sig sem foringja að fíknaefnadreifingu og að lokum mun hann fara fram á lækun á fangavistinni, ef hann segði fyrir dómi hver væri Spaða-Ásinn.

Þá munu öll spjót beinast að Margeiri Ólafssyni, framkvæmdarstjóra Birtings og þá fyrst viðurkennir Margeir fyrir dómi að hann sé Spaða-Ásinn, eins og fyrir hann hefur verið lagt og allt mun liggja ljóst fyrir hvernig fyrirtækið hefur verið starfarækt og mun taka marga góða menn með sér í fallinu. En þeir muna allir fá sína góðu uppbót fyrir það sem fyrir þá var lagt. Annars mun ég sjá til þess að þeir falli í valinn. Þá sagði Steiner: Ef allt bregst liggur þú í súpunni þar sem þú ert Spaða-Ásinn. Já, og fæ sérlega háa greiðslu á meðan ég sit inni.

28. KAFLI

Annan laugardaginn sem Kjartan mætti í Tennishöllina benti afgreiðslumaðurinn honum á að Finnbogi væri að spila tvenndarleik með kærustu sinni á einum vellinum. Hann settist inn á kaffihúsið og fylgdist með parinu. Það var greinilegt að þau voru betri en mótspilararnir og voru þar að auki mjög góð í þessari íþrótt, það fór ekki hjá því þó að þekking hans á íþróttin væri ekki mikil.

Eftir lok keppinnar, sem þau unnu með yfirburðum, þurrkuðu Finnbogi og stúlkan hans svita af andlitum sínum með handklæði sem lá á stól utan við völlinn komu síðan að veitingaborðinu. Þjónninn benti honum á Kjartan og þau gengu bæði til hans. Kjartan stóð upp kynnti sig um leið og þau tókust í hendur og Kjartan bauð þeim síðan sæti.

Viltu þú ræða eitthvað við mig?, spurði Finnbogi með forvitnislegu augnaráði. Já, ég kemst ekki hjá því. Ég er að forvitnast um slys sem faðir Sóldísar Gunnlaugsdóttir varð fyrir þar sem hún er ekki ánægð með það að lögreglan skuli telja málið leyst. Ertu þú einhverskonar leynilögreglumadur?, spurði Finnbogi og var lítið eitt hæðinn. Nei, það er ég ekki, starf mitt er að reka flugfélagið Friðarfugl. Eigum við ekki að tala saman í fullri alvöru þar sem Sóldís Gunnlaugsdóttir telur að það sé að sér vegið. Fas hans breyttist og hann sagði: Ég biðst afsökunar, en hvers vegna viltu ræða við mig? Mér er tjáð af Ásmundi Örlygssyni húsameistara og verktaka að þú munir þekkja mann sem heitir Hlöðver Ingólfsson og er húsasmiður.

Já, ég þekki Ásmund og hef allt gott af honum að segja, en ég mun ekki veðja um of á Hlöðver. Hvað meinarðu með því? Ég vil ekki segja að hann geri allt fyrir peninga en það er æði margt sem hann gerði fyrir þá. Er eitthvað sérstakt sem þú hefur í huga? Ég veit það ekki alveg fyrir víst, en eitthvað gerði hann fyrir tveggja daga vinnu og fékk greiddar fyrir það fimmtán hundruð þúsund ef eitthvað er að marka það sem hann sagði mér eitt kvöldið, draugfullur. En þegar ég spurði hann út í þetta tveim dögum seinna hressan og með sjálfum sér, vildi hann ekkert kannast við þetta og fór undan í flæmingi og kvaddi mig snarlega. Ertu viss um að þú hafir tekið rétt eftir? Já, ég var ekki líkt því eins drukkinn og hann. Ef

lögreglan kallar í þig, værirðu til í að endurtaka þetta fyrir hana? Já, það skal ég gera með ánægju. Kjartan þakkaði honum kærlega fyrir þegar þau fóru.

Þegar heim kom sagði hann stúlkunum hvað þeim Finnboga fór á milli. Nú höfum við loksins eitthvað til að byggja á, sagði Sóldís. Já, vina mín nú erum við komin af stað og næst á dagskrá er að tala við Tinnu. Það er aldrei að vita nema hún komi okkur á óvart, sagði Sóldís.

Daginn eftir sat Jökull við tölvuna sína, starði á skjáinn með angist og hvítur sem nár, augasteinninn þaninn. Honum fannst himininn hrynja yfir sig. Það hefur einhver frá samtökum Satans fundið leyniorðið og komist inn á skjalið þar sem ljósmyndirnar voru geymdar af skjölunum sem hann tók í óleyfi frá samtökunum og þurrkað það út. Hann vissi hér og nú að svikin höfðu komist upp sennilega strax eftir að hann fór frá prestinum með allar þær upplýsingar sem hann hafði myndað.

Það fór eins og hann hafði í og með búist við þegar hann áttaði sig á því að þeir vinirnir höfðu báðir gleymt því hversu áriðandi það var að Jökull vissi hvar í bunkann hann átti að setja lykilkortið. Þar sem Steiner var alveg sérlega skarpskyggn, þess vegna fór næstum ekkert framhjá honum.

Hann vissi einnig á þessu augnabliki að vinur hans var ekki sendur til höfuðstöðvanna í Teheran til metorða eins og hann hafði talið víst, þetta var hans feigðarför. Jökull var ekki í vafa um að presturinn væri búinn að sjá sæng hans upp reidda. En Jökull var næstum viss um að presturinn léti ekki myrða hann fyrr en eftir svörtu messuna mánudaginn 13. desember þar sem hann þurfti tilfinnanlega á honum að halda fram að þeim tíma.

Þessi yfirmáta hræðsluspenna stóð ekki lengi yfir, Jökull jafnaði sig fljótt. Hann hafði þann eiginleika í þau fáu skipti sem hann spilaði rangt út að það væri til einskis að velta sér upp úr útspilinu í einhverju volæði. Nú þarf ég verulega að nota heilabúið til að komast lifandi frá þessu. Þar af leiðandi tókst honum smám saman að slaka á og lokaði augunum og kyrjaði með lágri röddu: Nú verð ég að passa þau spil sem ég hef á hendi eins og sjáaldur augna minna og spila aðeins þeim réttu út.

Þetta gerði hann góða stund þar til sjálfstraust hans var komið aftur. Stóð upp og ákvað fastlega að reyna að leysa sig úr þess klípu sem hann var kominn í á þann

hátt sem hann hafði getu og skynsemi til og einnig að taka því sem að höndum bæri eins og karlmaður. Eftir þessar hugleiðingar hugsaði Jökull að það fyrsta sem hann yrða að gera væri að láta sem hann tryði því ennþá að þeir bæru fullt traust til hans. Síðan kæmu dagar og svo kæmu ráð.

Tæpri viku eftir það, föstudaginn tíunda desember að kveldi, þremur dögum fyrir veisluna sem djöflatrúarmenn bíða eftir með óþreyju sátu Sóldís og vinir hennar í eldhúsinu að borða steikt lambalæri sem Kjartan hafði eldað í íbúð sinni. Að tillögu Sigrúnar hafa þau í öryggisskyni síðustu tvo mánuði haft það fyrir vana að sofa aldrei í sömu íbúðinni og sváfu þar af leiðandi til skiptis í íbúð Sóldísar, Kjartans eða á heimili Sigrúnar. Þau höfðu það fyrir reglu að kasta tening upp á það í hvað íbúð þau ættu að vera í það sinnið og hversu lengi. Sigrún kom með þessa tillögu nokkru eftir að Kjartan bjargaði Sóldísi upp úr ánni og hún var strax samþykkt. Eftir matinn vaskaði Kjartan upp en vinkonurnar fóru inn í stofu á meðan. Það hafði orðið þegjandi samkomulag milli þeirra þriggja að íbúðareigandinn ætti að skaffa matinn, sjá um að elda og vaska upp.

Þegar Kjartan kom inn í stofu og hafði hreiðrað um sig í leðursófanum rétt við hliðina á Sóldísi rétti hún honum hönd sína sem hann greip fegins hendi, þannig héldust þau í hendur góða stund í þögninni. Þar til Kjartan sagði: Ari Fannberg varð fyrir slysi fyrir nokkrum mánuðum. Nú? Hvernig vildi það til?, spurði Sóldís. Slysið vildi þannig til að hann var á mótorhjóli á mikilli ferð og ók undir vörubílsþall.

Hvaðan fékkstu þessa frétt?, spurði Sóldís. Tinna ekkjan hans sagði mér það. Ég spurði hana hvort hún vildi taka á móti okkur og svara nokkrum spurningum. Hvenær getur hún tekið á móti okkur?, spurði Sóldís. Seinni partinn næsta laugardag, en það var ekki heiglum hent að fá upplýsingar um heimilisfang Tinnu Þorvaldsdóttir því hún hafi flutt til Egilsstaða með dóttur sína eftir slysið. Hvers vegna var það svona erfitt? Það var kannski ekki beint erfitt, en hún var ekki í símaskránni þar sem hún hefur leyfinúmer svo ég þurfti að fá upplýsingar á manntalsskrifstofunni.

Eftir nokkra þögn sagði hún: Ég hef enga trú á því að þetta hafi verið slys hjá Ara Fannberg. Þarna hafa Satansmenn blandað sér inn í eins og það annað sem þeir hafa komið nálægt þegar þeir vilja drepa með fjarskynjun og lögreglan hefur talið

Það vera slys, sagði Sóldís um leið og hún lagði höfuð sitt upp að öxl Kjartans stutta stund. Þá tók Kjartan utan um mitti hennar og hallaði höfði að henni og hún rétti honum varir sínar, gaf honum stuttan ástríðuþungan koss, ýtti honum frá sér brosandí en augu hennar og bros sýndi hug hennar til hans.

Laugardagsmorguninn voru þau að taka sig til í íbúð Sóldísar á leið til Egilsstaða og fór ekki hjá því að þau nefndu þennan kaupstað nokkrum sinnum áður en þau fóru. Þau lögðu af stað út á flugvöll rétt eftir hádegi og voru kominn á loft rétt um eitt. Kjartan var kaftinninn.

Ársæll hafði hringt í Tinnu föstudagsmorguninn og spurt hana hvernig stæði á ef hann kæmi í heimsókn um helgina. Þú veist að þú ert alltaf velkominn og Kristín Mjöll spyr oft eftir þér, hún stendur hér við hliðina á mér hoppandi af spenningi og vill fá að tala við þig.

Ársæll, ertu að koma? Nú? Kemurðu ekki fyrr en klukkan tíu í kvöld? Geturðu ekki fengið frí í vinnunni og komið með fyrstu vél? Já, ég veit það að þú þarft að vinna, en ég taldi bara að þú gætir fengið frí í vinnunni. Það er svo langt síðan þú komst síðast, nú eru bara tveir mánuðir síðan, en mér finnst það svo langt síðan að þú varst hér síðast. Þú hefur bara einu sinni komið síðan við fluttum hingað austur að Egilsstöðum. Já, ég veit að það er dýrt að fljúga og sérlega ef það er gert með stuttu millibili. Já, ég veit það að þú hringir tvisvar og stundum þrisvar í viku, en það er miklu skemmtilegra þegar þú kemur í heimsókn, sagði Kristín Mjöll ólundarlega. Síðan lifnaði hún öll við og sagði: Ég veit hvað þú getur gert, húsið okkar er svo stórt að þú getur bara flutt til okkar og ekkert að vera í Reykjavík, þú getur bara vel verið hérna hjá okkur á Egilsstöðum.

Þá tók Tinna símtólið af henni og spurði: Hvaða vél ætlaðu að taka? Þá bíð ég eftir þér á vellinum klukkan 22. Þá heyrir í Kristínu Mjöll: Ég fer líka með þér, mamma.

Tinna fann ekki síður fyrir tilhlökkun en dóttir hennar, hún vissi nákvæmlega hvaða hug Ársæll bar til hennar og hún hefur aðeins sýnt honum sömu væntumþykju og áður en hún missti manninn sinn. Hún vildi ekki viðurkenna fyrir sjálfri sér fyrr en núna að hún var í raun hrifin af honum þegar hún fann hversu glöð hún hafði verið þegar Ársæll sagðist vera á leiðinni til þeirra það

hafði fór hlýr hamingjustraumur um allan kropp hennar. Hún brosti með sjálfri sér yfir því hvað hún hafði verið treg að vilja viðurkenna að hamingja hennar byggðist ekki einungis á að lifa með dóttur sinni það var einnig hann Ársæll sem tilheyrði lífi hennar. Hún fann hvað hann snerti djúpt við hjartarrótum hennar. Þetta var í raun í fyrsta sinn sem hún var ástfangin, Tinnu fannst það vera sæludraumur og óendanlegur yndisauki.

Seinnipart laugardags sátu þau fimm í stofunni hjá Tinnu, drukku kaffi og fengu sér meðlæti og ræddu fyrst um dagsins önn. Þar til Kjartan sagði: Ég biðst afsökunar ef þér finnst við koma með óþægilegar spurningar þar sem maðurinn þinn, Ari Fannberg, kemur við sögu. Þetta er ekkert mál og afsökunin er svo sannarlega tekin til greina. Ef ég get eitthvað hjálpað til þá er það sjálfgefið frá minni hendi. Ég skil samt ekki hvernig það má vera því hann kom fyrstur að þessu slysi og hjúkraði slasaða manninum með því að setja hann í réttar stellingar og hann setti líka nýja jakkann sinn undir höfuð hans.

Þá spurði Kjartan: Sagði Ari Fannberg þér frá sjónarvottinum sem kom rétt á eftir honum að garðshliðinu og hefur sennilega séð þegar slysið varð? Nei, hann minntist ekkert á það, svaraði hún. Þessi ákveðna persóna varð fyrir strætisvagni tveimur dögum síðar og dó samstundis. En samdægurs og Gunnlaugur slasaðist sagði drengurinn vini sínum að maðurinn þinn hafi haldið á sprautu og sprautað einhverju í Gunnlaug heitinn, sem lá þarna slasaður, hann var faðir minn, sagði Sóldís. Síðar fékk ég þessar upplýsingar hjá honum.

Tinna roðnaði lítið eitt í andliti og varð reið þegar hún svaraði: Þessu trúi ég ekki því maðurinn minn gat aldri hugsað sér að deyða nokkra skepnu og því síður mannveru. Þá sagði Sóldís: Fyrirgefðu vina mín, miðað við þær upplýsingar sem Kjartan hefur aflað sér um Ara Fannberg þá er það mjög ólíklegt. En það sem mælir á móti því eru orð drengsins og við sjáum enga ástæðu til að rengja drenginn að svo komnu máli. Svo við teljum kannski líklegt að maðurinn þinn hafi haldið að efnið í sprautunni hafi verið skaðlaust, en því miður hefur það sennilega ekki verið þannig.

Þá sagði Ársæll: Ari bróðir minn hefur enga ástæðu til að gera slíkt, ég veit ekki til þess að hann hafi þekkt þennan Gunnlaug heitinn. Þá spurði Kjartan: Ert þú

ekki þessi Ársæll Fannberg sem sigraði á heimsmeistaramótinu í snóker sem var haldið í Kanada fyrir þremur árum? Jú, það er rétt, mér tókst að hafa það að lokum. Kjartan leit til Tinnu og spurði hana: Fóruð þið hjónin og dóttir ykkar með honum? Já, það gerðum við, en hvers vegna ertu að spyrja að þessu?

Eftir minni athugun hef ég komist að því maðurinn þinn tapaði einbýlishúsi ykkar í hendurnar á Indverjum í fjárhættuspili á meðan Ársæll var að keppa á heimsmeistaramótinu í snóker. Ársæll mágur þinn náði eignunum aftur eftir spennandi snókerkeppni sem byggðist á veðmáli með sigri mág þíns. Ari Fannberg var spilafíkill, sagði Kjartan. Tinna varð fól í vöngum en Ársæll svaraði og varð reiður: Hvað kemur það þessu máli við? Við biðjumst enn einu sinni afsökunar, þetta mál er miklu alvarlegra en þið hafið ímyndað ykkur. Hvers vegna er lögreglan ekki að rannsaka þetta máli?, spurði Tinna. Lögreglan hefur lokið málinu þar sem hún telur að það hafa verið óhapp þegar slaghamarinn datt ofan á föður minn. En þar sem við komum öðruvísi að málinu getum við ekki komist hjá því að vera á annarri skoðun og teljum okkar hafa nokkuð góð rök fyrir því og við erum að kanna þessa hugmynd okkar betur.

Þið eruð með öðrum orðum að gera því skóna að bróðir minn sé einhver morðingi. Nei, ekki í þeirri merkingu heldur eins og Sóldís var að segja við ykkur áðan. Málið er að við vitum að fyrirtækið sem hann var skrifaður fyrir er mjög óvænt komið úr hans höndum. Og þar til viðbótar var mjög einkennilegt, sem gerðist við nafnabreytinguna á þessu fyrirtæki, sem virðist skila hagnaði, að það kemur hvergi fram greiðsla til Ara Fannbergs svo ég tel mjög líklegt að hann hafi aðeins verið leppur fyrir þetta fyrirtæki.

Hvernig hefur þú komist að öllum þessum upplýsingum?, spurði Tinna. Þú þarft ekki vera neitt hissa á því þar sem fyrirtæki mitt gefur mér samband við aðila á æðstu stöðum og sumir hverjir eru góðvinir mínir. Ég á því hæg heimatökin að fá ýmsar upplýsingar sem mig vanhagar um.

Finnst ykkur það ekki þægileg aðstaða fyrir ákveðna aðila að innan við viku frá því að hann missir vinnuna deyr Ari Fannberg af slysförum, eins og allir þeir sem eitthvað hafa getað sagt okkur hvernig dauða Gunnlaugs bar að í raunveruleikanum, sem við gátum haft tal af ef þeir væru lifandi og viljað tjá sig

um það málefni? Þá spurði Tinna: Ertu að gefa í skyn að maðurinn minn hafi verið myrtur? Sóldís svaraði: Við teljum að vel gæti hugsast að svo sé, eða þá að hann hafi viljandi ekið undir vörubílspallinn af einhverjum ástæðum. Maðurinn minn hegðaði sér ekki á þann hátt eða gaf mér nokkurt tilefni til að álíta að hann fremdi sjálfsmorð, þetta var einungis venjulegt slys. Það getur vel verið að svo hafi verið, en okkur er farið að finnast þessir dauðdagar vera ótrúlega grunsamlegir. Tinna og Ársæll voru þögul eins og þau væntu þess að hann héldi áfram.

Varð einhver breyting á honum eftir að hann kom að slysi Gunnlaugs? Þá sagði Tinna: J, skömmu eftir fór að bera á taugaveiklun hjá honum sem ágerðist og nokkrum dögum eftir að hann missti stöðu framkvæmdarstjóra og varð atvinnulaus þá var hann mjög órólegur og greinilega reiður út af einhverju sem hann vildi ekkert tala um.

Veistu hvort hann hafi aðhyllst sértrúarsöfnuði? Já, ef við nefnum það svo, hann var djöflatrúarmaður. En hvað með þig, ert þú í þessum söfnuði? Nei, hann lagði hart að mér að ganga í söfnuðinn en ég hafði engan áhuga. Augu hennar flöktu svolítið. Það sá Kjartan og horfði með rannsóknaraugum á Tinnu litla stund, og sagði síðan: Mér sýnist að þér sé, einhverra hluta vegna, mjög illa við þessi samtök. Er það nokkur furða?, sagði hún með reiðitón, það lá við að ég lenti í klóm þessara vitfiringa. Hvað áttu við með því?

Hún var þögul góða stund, sagði síðan frá bréfinu sem hún fékk frá Kaliforníu og því sem hún lenti í þar, en sleppti að segja frá því þegar hún drap manninn. Þá tóku þau sem í stofunni voru eftir því að það var engu líkara en Sóldís starði í gegnum Tinnu með angistarsvip. Tinnu fannst þetta bæði skrítið og óþægilegt og horfði spurnaraugum á Sigrúnu og Kjartan og ætlaði að fara að segja eitthvað, en Sigrún setti fingur fyrir munn sinn svo Tinna lokaði munninum aftur forviða.

Eftir skamma stund vaknaði Sóldís af vökudraumi sínum og horfði á Tinnu og kærleikur skein frá andliti hennar og sagði eftir litla stund: Þú hefur reynt mikið um daga þína Tinna mín og lifir í þeirri trú að þú hafir fyrirkomið illum manni, en svo er ekki vina mín, konan hans læddist aftan að honum rétt eftir að hann rotaði þig og bjargaði þér frá svívirðu.

Það eina sem Tinna gat gert var að gráta í fangi Ársæls. Þegar hún hafði jafnað sig sagði hún þeim allt af léttu. Eftir nokkra þögn spurði Sóldís: Hvað fannst þér sérlega eftirtektavert við þennan Indverja þegar þú sást hann fyrst? Mér leist ekkert á hann og löngu eftir að ég kom heim afhenti frænka mín mér bréf sem móðir mín fékk frá Kaliforníu. Það kom fram í bréfinu að maðurinn sem skrifaði það var fæddur Indverji og bar sama nafn og þessi viðbjóður. Hann kynntist móður minni í Kaliforníu og móðir mín varð ólétt af stúlkubarni eftir þennan mann og hún fæddist sama dag og ár og fæðingadagur minn er. Þegar ég bar saman rithöndina á bréfinu til mömmu og undirskriftinni á bréfinu sem ég fékk frá Kaliforníu þá var það sama rithöndin. Þá vissi ég að þessi hryllilegi maður var faðir minn.

Sóldís hneigði aðeins höfði til samþykkis og sagði: Það er eitt sem ég verð að segja þér, að djöflatrúarsamtökin eru á bak við þetta allt saman og þau hafa leitt okkur saman. Þeir vilja koma mér fyrir kattarnef, en ætla þér eitthvað annað hlutverk sem ég veit ekki hvað er. En þar sagði hún ekki satt, hún vissi nákvæmlega hvað það var, en gat ekki sagt henni það þar sem það var verra en dauðinn. Allar þessar upplýsingar skynjaði hún áðan.

Tveim dögum síðar flaug Kjartan ásamt vinum sínum yfir Egilsstaði á leið til Reykjavíkur með Tinnu ásamt Margréti Mjöll dóttur hennar og Ársæli. Eftir töluverðar umræður féllust Tinna og Ársæll á að besta lausnin til að reyna halda lífi og bjarga Tinnu frá hryllingi væri að þau héldu öll hópinn.

29. KAFLI

Hálfum mánuði síðar, sunnudaginn 12. desember rétt fyrir klukkan þrjú sátu Kjartan, Sigrún, Tinna og Ársæll framarlega í stærsta ráðstefnusal Hótel Sögu. Dóttir Tinnu kom ekki með, hún var í gæslu hjá móðurfrænku sinni. Sætin voru öll fullskipuð og allir biðu eftir að Sóldís Gunnlaugsdóttir kæmi fram á senuna og gengi að púltinu til að halda framsöguræðu sína um erindi sem hún nefndi Nýtt líf.

Þarna voru einnig mættir tveir frá Satanssöfnuði; Steiner og Dagfinnur, en það voru fjórir menn sem fylgdu þeim að skipan prestsins. Þeir eru báðir rúmlega einn og níttíu á hæð, kraftalegir í vextinum, stórskornir í andliti og svipljóttir og kölluðu ekki allt ömmu sína. Jökull var þarna einnig en á sínum vegum. Hann kom snemma og settist í eitt hornið þar sem lítið bar á honum og hann gat fylgst með öllum sem inn í salinn komu. Steiner og hans menn mættu undir það síðasta og komu meðal annars til að flækja þessar kennisetningar sem hún bæri fram á þessum fundi þegar fyrirspurnirnar stæðu yfir. Þar sem honum var farið að finnast þessi stúlka farin að flækjast ansi mikið fyrir sér, þó ekki sé meira sagt.

Jökull sá þegar Steiner settist miðsvæðis í salnum og rétt á eftir honum kom Dagfinnur Albertsson ásamt fjórum sverum ófrýnilegumnáungum sem létu sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Þessir fimm menn settust á fimmta bekk. Samfylgdarmenn Dagfinns höfðu ekki hugmynd um að hann var félagsmaður S.T.S. en reiknuðu með að hann væri áhrifamaður og skipuleggjandi fyrir einhvern sterkan aðila sem greiddi vel fyrir þau verk sem þeim var ætlað að gera. Enda hafa þessir fylgdarmenn Dagfinns oftlega unnið fyrir hann allskonar fólksuverk meðal annars að drepa.

Biðin varð ekki svo ýkja löng þar til Sóldís kom fram litlu eftir að allir gestirnir voru búnir að koma sér fyrir í sætunum. Sóldís gekk að púltinu leit brosandi yfir hópinn og kynnti sig áður en hún hóf fyrirlesturinn. Um leið og Sóldís gekk fram á sviðið hvíslaði Dagfinnur að foringja þessara manna sem sat við hægri hlið hans: Þetta er konan. Bifreiðarnar sem þið eigið að nota standa sitt hvoru megin við bifreið Kjartans sem Sóldís og Tinna komu með. Þú veist örugglega hver Tinna er. Já, þú bentir mér á hana áðan. Þetta má ekki bregðast. Engin hætta á því,

við vitum nákvæmlega hvernig vinna skal verkið og við munum ekki bregðast þér frekar en endranær.

Þegar Sóldís hafði litið yfir hópinn litla stund fékk hún óþægilega tilfinningu í magann og fölnaði upp, hún vissi að einhver hryllingur var í aðsigi. En hún tók sig á og hóf lesturinn:

Nýtt líf.

Fyrir ármilljónum varð undursamleg og um leið óskiljanleg atburðarás, sem varð til þess að líf gat kviknaði hér á jörðu. Ekki er það síður merkilegt í hversu margbreytilegar myndir lífið kynkvíslaði sig bæði til lands og sjávar. Það er einnig ótrúlegt, þó ekki sé annað meira sagt, að eitt efni skuli hafa geta orðið eitthvað allt annað, eins og til dæmis lífvera. Fyrst svo er mögulegt, er það þá ekki einnig ótrúlegt ef þessi jörð sé sú eina í alheiminum sem líf hefur getað myndast á? Ef svo er, þá þarf það ekki endilega að vera í öllum tilfellum að lífverurnar þar hafi þróast og þroskast á sama hátt á öðrum jörðum, ef við höfum kenningu Darwins til hliðsjónar. Ef við tökum einnig okkur til hliðsjónar kenningar dr. Gunnlaugs náttúrufræðings, jarðfræðings og stjörnulíffræðings, má gera ráð fyrir að markmið lífsins sé að breyta efninu í sína mynd, þó það taki oftlega mismunandi langan tíma eftir mismiklum krókaleiðum en að lokum ná því marki sem eiginleikar lífsins segir til um.

Enda hefur þetta undursamlega fyrirbæri sem lífið er vakið mikla tilhneigingu og um leið sterkan vilja hjá sumum hugsuðum og vísindamönnum að leggja allt sitt af mörkum til að leysa þessa furðulega gátu. Það hefur enginn árangur verið í sjónmáli eins og komið er í dag. Það er hugsanlegt að ástæðan sé sú að aðferðafræðin sem þeir hafa unnið eftir sé röng. Ég tel það næsta víst, fyrst lífið myndaðist hér á þessari jörðu, að líf hafi einnig myndast víða á öðrum hnöttum í , þó vísinda- og fræðimenn hafi ekki fundið það ennþá.

Flestum ef ekki öllum sem lesa þessa grein mun trúlega ætla að ég taki aldeilis stórt upp í mig, þó ekki sé meira sagt, þegar ég tel mig geta komið fram með nýja hugmynd sem opnar kannski þekkingarleiðina að þessari ofangreindu stóru spurningu sem frægum og þekktum vísindamönnum hefur ekki tekist að finna. Að einum manni undanteknum, það er Íslendingurinn og jarðfræðingurinn dr. Gunnlaugur. Með kenningu hans að leiðaljósi og þróunarferli kenningar Darwins og með mínu hugaflugi mun ég leiða lesendur á braut sem ég tel farsælasta til að finna þá aðferðafræði sem til þurfti svo það verði mögulegt að leysa þessa gátu.

Dr. Gunnlaugur telur að hin óendanlega fullkomna verund leitist við að hrinda af stað hinu ófullkomna efni með því að framleiða sig í henni og vinni eftir það eins og aðstæður leyfa til að breyta efninu í sig .Þegar hin fullkomna verund hefur einu sinni tekist að framleiða sig í efninu þá er ekkert sem getur stöðvað hana. Hún getur ekki annað en unnið þrotlaust að því í óendalegar árbúsundir að þroska sig í efninu og gera hana að spegilmynd sinni. Samkvæmt kenningu dr. Gunnlaugs er maðurinn lengst kominn í þróunarbrautinni hér á þessari jörðu til að nálgast það að líkjast guðlegum verum.

Til að skilja þetta betur mun ég hér rétt tíunda kenningar dr. Gunnlaugs. Undirstöður kenninga dr. Gunnlaugs eru byggðar á vísindalegum forsendum sem þekktar voru á hans tíma í líffræði, jarðfræði, náttúrufræði og stjörnufræði. Með það að leiðarljósi komst hann að þeirri niðurstöðu að draumur er alltaf vökulíf annars manns, gerandans sem hann kallaði draumgjafa, sem væri venjulega á öðrum hnetti en stundum hér á jörðinni og síðan komst hann að því að framlífið væri einnig á öðrum hnöttum og að upplýsingar á milli draumgjafa og gerandans bærisk með lífgeislanum. Áran er staðbundin hluti af lífgeislanum, vegna þess að hann sá það með sínum rannsóknum að það hlyti að vera eitthvað sem flytur þessar upplýsingar á milli frá einum stað til annars. Þá kom einnig í ljós að það skiptir ekki máli hvort sambandið er á milli manna, dýra eða hluta og að hugsana-, tilfinninga-, sjón- og miðilssambönd, ásamt dáleiðslu, sem komu af sama meði og draumasambandið.

Allar lífverur og allt efni hefur orkuhjúp umhverfis sig sem vísindamenn hafa alla tíð fram á miðja þessa öld afneitað þar til að Kirlian-ljósmyndataækni kom til sögunnar og sýndi fram á annað en vísindamenn höfðu haldið blákalt fram.

Það voru gerðar margar athuganir með þessa ljósmyndataækni með því að mynda karl og konu undir mismunandi álagi og bæði þegar þau voru sjúk og aftur þegar þau voru heilbrigð, þá sást greinilegur munur á árunni og engin undantekning með það að áran var mikið fölarí en þegar hún var heil heilsu. Það kom einnig sláandi munur þegar ljósmynd var tekin með framangreindri tækni af ósködduð laufblaði, þá bar einna mest á ljósblárrí útgeislun umhverfis laufblaðið, en þegar skorið var af laufblaðinu breyttist liturinn í orkunnri við sárið til muna og liturinn varð með rauðleitan blá. Síðan var heilari látin leggja hönd sína yfir laufblaðið við sárið í einhverja stund, þá varð aftur breyting á orkunnri umhverfis þetta sama sár, rauði liturinn varð til muna ljósari í árunni. Hversu oft sem þetta var endurtekið komu alltaf svipaðar ljósmyndir fram við tilraunir á manneskjum með þessari sömu tækni. Það sást alltaf sama ofangreinda breyting í líforkunnri þegar hún var heilbrigð eða sjúk, litirnir breyttust í samræmi við það eins og framan greinir, samkvæmt því er efnið í raun litur.

Annað athyglisvert fyrirbæri verð ég að nefna hér; það er þessi sérkennilega efnaorka sem myndar útgeislun og hjúp umhverfis ólífræna efnið sem þessi sama ofangreinda Kirlian-ljósmyndataækni hefur ítrekað sýnt fram á að sé fyrir hendi. Það hefur komið í ljós við annarskonar athuganir að það eru til skynnæmir menn sem hafa þá hæfileika að vera hlutskyggir. Þeir geta lesið að nokkru eða miklu leyti hverskonar lífi ákveðin óþekkt manneskja hefur lifað aðeins með því að halda á einhverju sem þessi sama persóna hefur borið á sér einhvern ótilgreindan tíma. Þeir vísindamenn sem eru í vafa um að það sé mögulegt geta auðveldlega komist að því með tilraunum þar sem tæknin er fyrir hendi.

Ef það reynist svo að vísindamenn komist að þessari sömu niðurstöðu að sumir skynnæmir menn hafi hæfileika í hlutskyggni þá má greinilega draga þá ályktun að líforkan og efnaorkan tvínna sig saman og að það er virkni á milli lífvera og ólífrænlega efna. Það segir okkur um leið að þessi framangreinda og sérkennilega efnaorka sem flytur upplýsingar frá efninu til lífverunnar hefur samskonar innvið og líforkan nema að því leyti að eiginleikar hennar eru til muna fullkomnari og það bendir um leið til þess að þessar tvær orkur hafa að miklu leyti sameiginlega

eiginleika innbyggða í sér og vilja greinilega sameinast hvor annarri. Það sem aðskilur þessar tvær framangreindu orkur er án nokkurs vafa að eiginleikar lífsorkunnar eru mun fleiri, magnaðri og fullkomnari.

Ef við lítum svo á að það megi draga þá ályktun að ljósmyndataekni Kirlians og hlutskyggni sé ekki véfengjanlegt þá liggur það ljóst fyrir að:

1. Allar lífverur hafa líforkuhjúp með litrofi umhverfis sig og líforkan umvefur holdið allt utan sem innan og er breytileg eftir tilfinningaástandi einstaklingsins og heilbrigði
2. Allar tegundir efna og minnstu agnir, hversu smáar sem þær eru, hafa einnig orkuhjúp sem umvefur þær utan sem innan, jafnvel kjarninn og elektrónan hefur slíkan orkuhjúp þar sem hvoru tveggja er í efninu.
3. Líforkan hefur þá eiginleika að breytt efninu sig með því að hafa vilja og getu til að sameinast efninu.
4. Líforkan hefur lækningamátt.
5. Það er orkusamband á milli lífvera og ólífrænna efna.

Eins og að framan greinir er fjölmargt sem bendir til þess að líforkan og þessi sérkennilega ólífræna efnisorka hafi sameiginlega eiginleika og myndform til að geta tengst saman sem einskona sameindir og víxlað þar af leiðandi upplýsingum sín á milli. Ef þessar framangreindu kenningar og hugmyndir þykja frambærilegar samkvæmt vísindalegum hefðum væri það ekki úr vegi að vísindamenn hefðu einnig sér til hliðsjónar önnur athyglisverð fyrirbæri sem tilheyra náttúrunni og nefnast hamfarir.

Þegar hamfarir gerast afefnast manneskjan og myndast á öðrum stað. Þetta er ekki algengt fyrirbæri, en gerist þó oft hjá skynnæmu fólki og yfirleitt óvænt þegar það er eitt í kyrrð með sjálfu sér. Einnig hefur þetta fyrirbæri gerst meðal hóp manna þó það sé mun sjaldgæfara. Það eru til staðfestar sagnir um að heilt herskipi hafi horfið frá bryggju svo skyndilega að varla varð á auga fest með mönnum og músum í nokkrar mínútur og sást skyndilega á öðrum stað í margra kílómetra fjarlægð í nokkrar mínútur áður en það hvarf þaðan aftur að fyrrnefndri bryggju. Það voru mörg vitni að þessu. Einnig hafa hlutir horfið og myndast aftur á sama stað.

Þetta gerist of oft til að leyfa sér að leiða það hjá sér en því miður hafa málin þróast hjá vísindamönnum í dag í þá átt að þeir vilja ekki leggja nafn sitt við rannsóknir á slíkum fyrirbærum þar sem þeir telja sig ekki geta haft hönd í bagga um það hvernig og hvenær skal byrja og hefja rannsókn. Ástæðan er augljós að vissu marki því þessi fyrirbæri gerast venjulega óvænt og þá hefur ekki verið mögulegt að endurtaka þessi fyrirbæri eftir pöntun eins og fræðimenn þurfa að geta gert. En því er ekki alltaf þannig farið því það eru til skynnæmir menn, ekki sjónhverfingamenn eða skynnæmir svindlarar sem vilja sýnast meiri en þeir eru, sem geta þetta bæði leynt og ljóst og sumir hafa það að atvinnu sinni að sýna slík fyrirbæri opinberlega með heiðarlegum hætti.

Með þessa skynnæmu menn í hugaverður einfalt fyrir vísindamenn að rannsaka getu þeirra og vinsa úr svikarana en láta þá ekki hafa neikvæð áhrif á sig frá heiðalegum

skynnæmum mönnum sem hafa átt mjög erfitt uppdráttar til að sanna sig vegna þessara óheiðarlegu sjónhverfingamanna sem segja sig aðra en þeir eru.

Mér er spurn: Hafa einhverjir vísindamenn vilja og þor til að gefa sig í það opinberlega að rannsaka þessa framangreindu skynnæmu menn? Er kannski meiningin að hunsa þessi ofangreindu, náttúrulegu fyrirbæri sem er ekki síður nauðsynlegt að þekkja til að auka visku manna til framþróunar eins og ég mun reyna að sína fram á hér að neðan?

Hver lífvera hefur að sjálfsögðu sál sem kastar geislum sínum frá sér, en engum hefur tekist að sanna hvernig eða hvar hún er. En ég ætla að leyfa mér að koma með getgátu um það. Aristóteles taldi að sálina væri að finna í allri lífverunni sem einhvers konar lífsafl hennar. Ég er sama sinnis, hún umvefur hverja eind í lífverunni hvaða nöfnum sem hún nefnist og er að formi og stærð eins og líkaminn er hjá hverri lífveru að ytri húð. Ef einhver missir handlegg eða fótlegg þá hefur viðkomandi, sérlega fyrstu árin, tilfinningu fyrir töpuðum limum eins og þeir væru til staðar. Það kemur einnig fram á mynd sem orkumynstur af útlínum af þessum tapaða lim með ljósmyndataekni Kirlians.

Ástæðan er sú að líkami hvernar lífveru byggist eftir ákveðnu líforkumynstri sem er frummynd hvernar lífveru. Hún berst með móðueggi og sæði föður við getnað þar sem allar frumur frá foreldrum eru lifandi sálir. En hvernig verður sálin til?

Eðlisfræðingar vita í dag að tilvera okkar stafa vegna umhverfisbrota, þegar andöreind myndast í milljarða vís þá verða til milljarða öreinda og ein í viðbót. Vegna þessa umframefna í ótrúlegri orkusprengingu varð upphaf alheimsmyndunar, þar sem þessi umframeind hafði í sér massa.

Þessi uppgötvun eðlisfræðinganna um myndun nýrra umframefna í ótrúlegri orkusprengingu fellur ágætlega, að mér virðist, að kenningu minni, Sóldísar Gunnlaugsdóttir, um það hvernig sálin myndast, stækkar og þroskast samhliða fóstrinu. Eggið hefur að sjálfsögðu orkuhjúp sem umvefur það eins og allar aðrar frumur, en það er einnig heildarhjúpur sem umvefur fóstrið og allar lífverur.

Við getnað verður frumuskipting og þá myndast hiti, brennsla og tvær frumur verða til og hver fruma með sinn orkuhjúp. Við frumuskiptinguna myndast hiti sem magnar upp orkuna og hún verður meira en tvöföld, það myndast ein öreind eða kannski fleiri í viðbót, það er umframorka. Þessi umframorka leitast ávalt við að sameinast efninu og er þar með orðin ófullkomin sál þessara tveggja fruma.

Síðan stækkar form sálarinnar og magnast samfara fóstrinu og það gefur tilefni til að telja líklegt að líf geti lifað undir ófullkomnum formerkjum. En þegar þessar ófullkomnu sálir renna saman í eitt við getnað hefur frummyndin í heild sinni nálgast það enn frekar að vera guði líkastur eins og eiginleikar þess segir til um. Þar af leiðandi heldur líforkumynstrið sig alltaf í sama formi meðan veran er lifandi hér á jörðinni þó einhver limur fari af þar sem form sálarinnar hvorki breytist né hverfur við limamissi.

Ef um einhverjar verulegar stökkbreytingar er að ræða í fóstri breytist einnig form sálarinnar samkvæmt því. Þegar veran deyr og flyst til annarra hnatta skapar hún úr

efni viðkomandi jarðar jarðneskan líkama eftir sínu líforkumynstri og sínu innræti sem hefur gífurleg áhrif á framhaldslíf viðkomanda.

Þessi hugmynd um líforkumynstur sálarinnar, sem ég mun skýra betur hér á eftir, getur vel komið heim og saman við frummyndakenningu Platós með þeirri undantekningu að það er aðeins ein frummynd til. Vegna aðstæðna á frumlífsjörðum verða mismunandi efnasamsetningar og efnahvörf sem gera það að verkum að svo fjölskrúðugt líf kviknar á hverri frumlífsjörðu og virðist þróast hver í sína átt. Þá sýnist það einungis að frummyndirnar séu margar, eins og Plató hélt fram. Að ein frummynd væri til af fíl önnur af hesti, þriðja frummyndin er af ljóni, sú fjórða af kind, og svo framvegis.

Miðað við kenningu dr. Gunnlaugs um verundina mun kenning Platós um margar frummyndir vera byggðar á hreinum misskilningi. Þarna er aðeins um mislangar krókaleiðir lífsins í þróunarbraut sinni að sama marki að reyna mynda sig eftir þessari einu frummynd sem er guði líkust. Það þýðir að verundinn hefur aðeins eina frummynd um lifandi veru og eiginleika sem vinnur látlaust í því að breyta efninu í sig að sig, að verða guði líkast. Öll dýr merkurinnar verða það að lokum og það munu að eilífu verða til nýjar og nýjar frumlífsjarðir sem nýtt líf kviknar á og þróast samkvæmt eðli sínu í sömu átt og að framan greinir.

Nú fyrst get ég farið að koma að því að skilgreina hvernig lífið myndaðist hér á jörðinni. Ég minnst á það hér að framan að það sé með ólíkindum að dautt efni skuli geta breitt sér í lífveru og það dularfulla er að blanda þeirra lífrænni efnasambanda sem finnst í lífverunni er steindauð. Samkvæmt atferlafræði vísindamanna eins og hún liggur fyrir núna hafa þeir enga undirstöðu til að skilja hvernig líf gat kviknað á þessari jörðu. Að þeirri einni undantekningu að vísindamenn eru farnir að telja það einna líklegast að lifandi frumur hafi komið með loftsteinum til jarðarinnar og hafi síðan æxlað sig hér á jörðinni og þróast í það sem nú er á milljónum ára. Það getur svo sem vel verið að svo hafi verið að einhverju leyti og þá aðeins í litlum mæli. Ég tel miklu líklegra að lífið hafi kviknað hér á jörðu með lífgeislanum hægt og sígandi eins og ég mun skýra nánar hér að neðan.

Það eru tvö ólík orkustreymi sem hver lífvera gefur frá sér. Það er hitaorka sem líkaminn framleiðir við efnahvörf og líforkan sem er í raun lífið sjálft. Ef hún væri ekki til staðar væri sálin heldur ekki til. Líforkan eða lífgeislinn öðru nafni er það sem er nefnt heilagur andi í Biblíunni. Lífgeislinn og sálin eru samanofin eins og sál og líkami eru sameinuð; hvorugt getur verið án hins. En samt er lífgeislinn og sálin tvær aðskildar einingar sem svara til sólarinnar og geisla hennar.

Það er margt sem bendir til þess að í lífgeislanum er mikið magn af lífeindum sem hafa í sér geymdir það er upplýsingar um allt efni í lífverunni og tilfinningalífi hennar ásamt allri þekkingu sem áunnist hefur og einnig með aðsendum upplýsingum. Hlutverk lífgeislans ásamt lífeindunum er meðal annars að senda og taka á móti fjarhrifum, svo sem hugsana-, sjón- og tilfinningaflutningum, ásamt dáleiðslu-, drauma- og miðilsamböndum. Áran, sem ég kalla hér eftir lífeindarhjúp, er umhverfis veruna og sýnir hlutverk sitt óyggjandi með Kirlian-ljósmyndatækni þar sem litróf lífeindahjúpsins er breytilegt eftir hugsunarhætti og heilbrigði lífverunnar. Hún hefur því einnig hlutverki að gegna að flytja efni lífverunnar á milli staða við hamfarir. Á

sama hátt flyst sálin á milli hnatta við dauða lífverunnar. Lífgeislinn fer með óendalegum hraða um allan himingeiminn, það er enginn mælieining til sem getur fest hönd á hraða þess. Lífgeislinn berst frá líkama verunnar með allar sínar upplýsingar sem geymast í lífeindunum í allar áttir á sekúndubroti um veröldina og sá hluti hennar stansar hjá þeim sem tekur á móti upplýsingaflæðinu.

Eins og að framan greinir, þá minnst ég á að líforkan og allt það efni sem er til staðar til að geta mynda líf, vill sameinast hvert öðru eins og sjá má á líkamsgerfingjum sem hafa fundist og á því lífi sem finnst hér á jörðunni nú. Þá er ég að segja að verundin eftir að hún varð til, ef hún hefur þá ekki alltaf verið til, leitast við að gera efnið að sér sem er guði líkast. Með þeim hætti og aðstæður voru fyrir hendi streymdu lífgeislar hingað til jarðarinnar frá öðrum hnöttum. Sennilega skiptir það engu máli frá hvaða lífveru lífgeislinn kemur, þær geta verið frá ýmsum frumlífsjörðum og framlífsjörðum bæði frá góðum og slæmum mönnum, dýrum eða öðrum lífverum vegna þess að það er guðlegar eiginleiki í þeim öllum og er því áskapað þegar líf hefur myndast að breyta efninu í sína mynd.

Ég minnst hér að framan á hvað það er mikilvægt fyrir vísindin að fræðimenn rannsaki og skilji svokallaðar hamfarir, þá á ég við það þegar líkami afefnast og líkannast á öðrum stað eða hlutir afefnast og myndast á öðrum stað, kannski í órafjarlægð og hverfa þar og myndast síðan aftur á fyrri staðnum. Þá kemur spurningin: Hvers vegna tel ég það svo mikilvægt?

Að sjálfsgöðu er það ekki mikilvægt nema jákvæð niðurstaða náist við þessa rannsókn hjá þeim fræðimönnum sem taka þessar framangreindu hamfarir til athugunar. Ef svo skyldi fara verður mun auðveldara að skilja hvers vegna elektrónan hefur þennan fylgdraug á annarri braut samsíða sér, sem vísindamenn hafa hingað til ekki getað skýrt með fræðilegum rökum.

Miðað við þær forsendur sem ég tilgreini hér að framan bendir það tvímælaust til að orkan vinni alltaf samkvæmt eigindum sínum að vilja framkalla spegilmynd sína eins og ég mun skýra betur hér að neðan.

Vegna ógnarhraða elektrónunnar umhverfis kjarnann er það hugsanlegur möguleiki að ákveðinn togkraftur hafi myndast í upphafi á orkuhjúp elektrónunnar svo að meirihluti af orkuhjúpnunum dregst aftur fyrir stefnu elektrónunnar. Kannski hefur þessi hraði hjálpað lítilsháttar til fyrir elektrónurnar að tvöfalda sig, gera spegilmynd sína.

Ég tel næsta víst að efnið eitt og sér, þar á meðal elektrónan, hafi ekki þá eiginleika sem þarf til að geta tvöfaldað sig fyrr en lífeindin hafi sameinast henni í það minnsta að einhverju leyti. Slík fyrirbæri eru ekki algeng hér á jörðu en þegar það gerist kemur það venjulega mönnum á óvart.

Lögmál náttúrunnar er að allar lífverur hafa lífeindahjúp umhverfis sig og hópur af lífverum sem eru samstillti. Einnig hefur hver borg lífeindahjúp um sig og hvert land sem landsmenn hafa skapað og þar að auki er einn lífeindahjúpur yfir öllum hnettinum sem hefur sína eiginleika frá hverri veru sem fæðist hefur á þessari jörðu. Þannig umvefjast og sameinast allir þessir hjúpar og tengjast hvert öðru. Þess vegna er þýðingarmikið fyrir hverja mannveru á þessum hnetti að lifa sómasamlegu lífi þar

sem öll góðverk og öll illverk hafa áhrif á hvern jarðarbúa með mismiklum hætti eftir næmleika lífverunnar.

Samkvæmt þessari hugmynd er óhjákvæmilegt fyrir efnið að sameinast að einhverju leyti lífeindunum þegar aðstæður leyfa og þá hefur það kannski í öllum tilfellum möguleika til að gera spegilmynd sýna að nokkru eða öllu leyti þegar og ef um slíka sameiningu er að ræða.

Eins og fram hefur komið hafa lífeindirnar einar það áhrifavald á elektrónurnar að geta tvöfaldað orkuhjúp sinn og kannski hefur þessi gífurlegi hraði, sem elektrónan fer umhverfis kjarnann, einhver áhrif á þessa tvöföldun.

Þannig tel ég að þessi dularfulli skuggi hafi myndast og fylgi elektrónunum samsíða á næstu braut við hana. Vegna þessara eðliseiginleika líforkunnar; að breyta efninu í sína mynd, að skapa spegilmynd sýna.

Samkvæmt framangreindum forsendum tel ég næsta augljóst að það liggi hér frambærileg fræðileg rök fyrir því að lausnin sé fundin hvað varðar þessa dularfulla skugga sem fylgja elektrónunni samsíða á annarri braut.

Þegar Sóldís hafði lokið framsöguræðunni sagði hún: Nú er komið hálf tíma kaffihlé, eftir það vona ég að þið komið með fyrirspurnir sem ég mun svara eftir bestu getu. Þremur korterum síðar voru allir komir í sætin sín aftur og komin á kyrrð og ró þá, fyrst kom Sóldís að púltinu.

Hún svaraði öllum spurningum málefnalega þó oftlega væri spurt út fyrir framsöguræðu hennar. Sumar spurningarnar voru til þess gerðar að snúa út úr í þeim eina tilgangi að ómerkja hugmyndafræðina. Þar voru fremstir í flokki djöflatrúarmenn og ofstækistrúarmenn í ýmsum trúarflokkum, bæði kristnum og múhameðstrúar og öðrum slíkum hópum. En flestar voru spurningarnar af vitrænum toga spunnar, sérlega frá þeim örfáu fræðimönnum sem þarna voru viðstaddir, en það var aðeins einn af þeim sem sagði: Það er vel hugsanlegt að þessi hugmyndafræði sé á jákvæðu nótunum og mér finnst hún eftirtektarverð. Sérlega sú hugmynd að þessi leyndardómsskuggi sem hvílt hefur yfir elektrónum og fylgir þeim á annarri braut sé hluti af orkuhjúp elektrónunnar sem hefur losnað frá efninu að nokkru leyti. Það væri mjög ákjósanlegt að allar þessar hugmyndir sem hér hafa komið fram verði kannaðar til hlítar með viðurkenndum rannsóknaraðferðum.

Að lokum fékk eldri kona orðið, Sóldís sá strax að hún var með miðilsgáfu. Hún byrjaði á þessa leið: Ég get ekki orða bundist af hneykslun hvernig þú talar, í þau

skipti sem spurningar koma inn á skynnæmi þína segir þú alltaf: Ég gerði þetta og ég gerði hitt. Er það ekki einum of mikill hroki að eigna sér þennan eiginleika þar sem guð hefur valið þig sem verkfæri sitt, eins og alla aðra sem hafa þessa hæfileika?

Sóldís horfði á konuna litla stund blíðlega og sagði: Mér finnst vænt um að fá tilefni til að ræða þann misskilning að guð taki einhvern fram fyrir annan. Þá sagði konan: Þar sem þú vilt halda slíku fram, að það sé misskilningur sem allur þorri skynnæmra og skynsamra manna hafa haft í hávegum, er mér það óskiljanlegt hvernig þú getur með hreinni samvisku haldið slíku guðlasti fram og vil að þú skilgreinir það hér og nú.

Segðu mér eitt, kona góð, átt þú ekki þrjú börn? Jú, og hvernig gastu vitað það og hvað koma börnin mín þessu máli við? Þar sem þú ert miðill og hefur þann skilning að því leyti til þá þarf ég ekki að skýra það fyrir þér hvernig ég veit hvað þú átt mörg börn. En seinni spurningunni mun ég svara með glöðu geði og þá með annarri spurningu: Vildir þú hafa þann hæfileika að geta gefið aðeins einu barni þínu meiri hæfileika en öðrum börnum þínum? Nei, sem betur fer og það fær enginn, guði fyrir að þakka er það engum mannlegum mætti gefið. Það fer ekki hjá því á svari þínu að þú vilt ekki gera upp á milli barna þinna og ég tel að flestir foreldrar séu sama sinnis, þeir munu ekki vilja fá þennan rétt. Og þá langar mig að spyrja þig annarrar spurningar: Hvers vegna heldur þú þá að guð vilji gera upp á milli sinna barna? Dettur þér í hug að guði þyki ekki jafn vænt um okkur öll og leitist þess vegna ekki eftir að draga mannfólkið í ákveðna dilka? Konan svaraði þessu engu.

Þá hélt Sóldís áfram: Þetta er ekki svona einfalt, allir eiginleikar okkar byggjast á genum og áunnum hæfileikum það skiptir ekki máli hvort maðurinn, í orðsins fyllstu merkingu, er sjómaður eða flugmaður og allt þar á milli og að sjálfsögðu er skynnæmnin þarna meðtalin. Hún er einnig fengin með ofangreindum hætti. Ég held því blákalt fram að ekkert af þessum hæfileikum er hvorki metinn meira né minna í huga almættisins. Vegna þess að hver einstaklingur hefur það að bera sem enginn annar hefur og gerir hann að einstaklingi. Guð reynir svo framast sem hann getur eins og móðir reynir við börn sín, að kenna þeim góða siði. En ef

börnin hlusta ekki eða á einhvern hátt skilja ekki það sem hún er að segja, þá er erfitt við að eiga. Á sama hátt reynir guð að ná til okkar.

Það fer ekki á milli mála að hver einstaklingur hefur ýmislegt til brunns að bera sem skilar alltaf einhverju mikilvægu til mannkynsins. En vegna þess að við höfum þá eiginleika að geta valið og hafnað förum við oftlega okkar eigin leiðir, hlustum á það sem við viljum og högum líf okkar eftir hugsunarhætti hvers og eins.

Þegar Sóldís hafði svarað þessari konu sá hún margar hendur á lofti, hún valdi konu sem veifaði ákaft. Hún sagði: Mér er ómögulegt að koma því heim og saman hvernig sálin getur myndað nýjan líkama á einhverri frumlífsjörðu þegar líkami hins dána er settur í gröfina. Hvernig getur þá nýr líkami myndast úr engu?

Það verður ekkert úr engu frekar en mótun vetrarbrautar okkar. Þá mynduðust flókin efnasambönd úr gasskýi sem þéttist að lokum í það form að vera vetrarbraut. Slíkt efnasambandsferli myndar sálin úr lofttegundum á viðkomandi framlífsjörðu samkvæmt lífefnamunstri lífeinda verunnar með óreiknanlegum hraða. Með líkum hætti gerast hamfarir hér á jörðu.

Að svo sögðu máli sleit hún þessum fundi. Vinafólk Sóldísar sátu ennþá í sætum sínum þó allt fólkið væri farið og beið eftir henni sem kom eftir þó nokkra stund. Þá gengu þau saman út að bifreið Kjartans og töluðu saman um það sem gerðist á fundinum. Þegar þau voru að nálgast bílinn fékk hún yfirþyrmandi velgju í magann. Hún horfði á bílana tvo sem voru beggja vegna við bíl Kjartans en sá engar mannaferðir og engar aðrar bifreiðir í nánd á bifreiðaplaninu. Hún leit aftur fyrir sig og sá fjóra menn vera að nálgast þau. Hún sagði snöggt: Við skulum flýta okkur að bílnum. Það spurði enginn hvers vegna, þau sáu hversu fól hún var og hálfskokkuðu að bifreiðinni. Er þau komu að bifreiðinni heyrðu þau í mönnunum rétt fyrir aftan þau og um leið var þrifið bæði í Sóldísi og Tinnu og hnífi þrýst að vinstri síðu þeirra beggja. Kjartan og Sigrún ætluðu að rjúka í þá en sú hugsun komst ekki lengra þegar þau sáu að tveir af mönnunum beittu hnífum að stúlkunum.

Jökull fór strax út þegar fundi lauk og var viss um að hvorki presturinn, Dagfinnur né glæpamennirnir fjórir hefðu séð hann. Hann þekkti þessa menn sem voru í fylgd með Dagfinni og vissi þess vegna að Sóldís og vinir hennar væru í mikilli

hættu. Hann ók bifreið sinni einn lítinn hring og lagði henni síðan á bak við kirkjuna gekk að hótelinu, en var samt í hvarfi við dyrnar sem gestir Sóldísar gengu út um.

Jökull var einnig á góðum stað þar sem hann gat séð bifreið Kjartans. Það var auðvelt að finna bifreið hans þar sem flestir gestirnir voru að tínast í burtu. Að lokum voru allir bílarnir farnir nema bifreið Kjartans. Það leið nokkur stund, þá sá hann þau koma og hina fjóra á eftir þeim. Hann fylgdist með því sem gerðist og bölvaði í hljóði yfir því hversu máttvana hann var að geta ekkert gert þeim til hjálpar.

Foringi ræningjanna sagði við einn undirmann sinn: Leitaðu á þeim. Hann gerði það og fann ekkert sem þeir þurftu að vara sig á nema gsm-símana, þeir voru teknir af þeim og settir í skottið án þess að slökkva á þeim. Að þessu loknu opnaði hann aðra afturhurðina á bílnum sem var næst þeim og sagði stúlkunum að setjast í aftursætið eftir að hann hafði sett handjárn á þær. Síðan settist annar hnífamaðurinn inn í þennan sama bíl við hliðina á Tinnu með kutann við háls hennar og sagði við Sóldísi: Ef þú ætlar að nota eitthvað af þessari dularfullu orku þinni gegn okkur getur þú gengið að því vísu að stúlkan mér við hlið mun slasast mikið og einnig þessir þrír vinir þínir. Sér grefur gröf þó grafi, var það eina sem Sóldís sagði. En krafturinn frá orðum hennar var slíkur það nísti hann í merg og bein og það fór hrollur um hann. Honum fannst þetta líkara en þetta væru spádómsorð.

Vinir stúlkanna sem stóðu fyrir utan bílinn handjárnaðir þorðu sig hvergi að hreyfa þar sem þeir vissu ekki hvað þá myndi gerast. Örvæntingin skein úr andliti Kjartans, Sigrúnar og Ársæls, kuldahrollur dreifðist um líkama þeirra, vitandi það að þau yrðu að standa þarna aðgerðalaus meðan þessir glæpahundar færu með báðar stúlkurnar þangað sem erfitt yrði að finna þær og kannski aldrei.

Hvert ætlið þið að fara með þær?, spurði Kjartan með ótrúlega rólegri röddu og hélt í sér þeirri trylltu reið sem hann bar í brjóst sínu. Þegar stórt er spurt verður fátt um svör. En þið skulið hafa ykkur hæga svo ekkert komi fyrir skjáturnar, sagði foringinn. Síðan settist hann undir stýrið á bifreiðinni sem var næst honum og sagði við skúrkana, sem stóðu sinn hvoru megin við þá áður en hann lokaði hurðinni: Þið handjárnid þau við grindina sem er fyrir aftan baksætið. Það verður

eins gott fyrir þau að hlíða eins og lömb, annars kemur eitthvað fyrir þessa vandræðagemlinga sem sitja hér aftur í hjá mér.

Þeir gerðu sem foringinn skipaði þeim án nokkurra vandræða frá félögunum þremur og settust síðan í fram sætið. Síðan var ekið af stað á eftir bifreiðinni sem foringinn stjórnaði. Félagi foringjans sagði: Það er ekkert vit í því að skilja bifreið Kjartans þarna eftir á planinu. Það verður ekki gert, Dagfinnur sér um það. Það verður þá eins gott að hann láti ganga almennilega frá bílnum svo hann fyrir fullt og allt. Já, það skulum við vona.

Hnífamaðurinn hélt á hnífnum með báðum höndum á milli læra sinna. Það fór eitthvað í taugarnar á Tinnu og hún sagði þó hrædd væri: Geturðu ekki tekið þennan helvítis hníf frá augum mínum, við gerum varla mikið handjárnúð fyrir aftan bak. Hann svaraði henni engu en hnífnum hélt hann á sínum stað og fylgdist með. Sóldís var ekki síður hrædd en Tinna en sagði samt sem áður hæðnislega: Þessir aumingjar eru augljóslega drulluhræddir við okkur. Það kom drungalegt grimmdarhljóð úr barka hnífamannsins. En þær hölluðu sér hvor að annarri og fundu styrk hvor hjá hinni.

En vinir þeirra í hinni bifreiðinni hugsuðu ránsönnunum þegjandi þörfina og vonuðust til að þeim byðist tækifæri til að bjarga sér og stúlkunum út úr þessum vanda sem þau voru komin í.

30. KAFLI

Mannrán er í raun einstakur viðburður á þessari eyju þar sem brimið brotnar á strandlengjunni allt í kring um landið frá Atlantshafinu þar sem Golfstraumurinn ber hitann frá suðurhöfum til landsins og hefur þar af leiðandi afgerandi áhrif á loftslag. Margur maðurinn til forna hefur skilað fábærum söguheimildum um samfélag Íslendinga og annarra Norðurlandabúa.

Þessir mannræningjar sem sennilega eru þeir fyrstu í sögu lands óku í allskonar krókaleiðum til að fullvissa sig um að enginn elti þá í ljósaskiptunum. Þegar þeir voru sannfærðir um að enginn elti sagði foringinn þeim að aka beinustu leiðað húsi Péturs Haraldssonar þar sem fógetinn kom út í dularklæðum fyrrum. Bifreiðinni sem stúlkurnar sátu í var ekið beinustu leið inn innkeyrsluna inn í tvíbreiðan bílskúr sem bílstjórinn opnaði með fjarstýringu. Þar inni var lítil sendiferðabifreið, en bifreiðinni sem var með hina fangana þrjá var lagt við innkeyrsluna og þar biðu þeir.

Þegar fyrri bifreiðin var komin inn fyrir var bílskúrsdyrunum lokað af einum af þessum þremur útsendurum djöflatrúarmanna sem þar voru fyrir og biðu eftir föngunum. Deildarforinginn var hár, grannur og ljóshærður, en hinir báðir voru dökkir yfirlitum og þreknir og nefndir Gústi og Ari, en það væri ekki þeirra réttu nöfn.

Ræningjarnir sem voru í fólksbifreiðinni gerðu það sem þeim hafði verið fyrirskipað, þeir hreyfðu sig ekki út úr bifreiðinni á meðan útsendarar Satans sáu um að gera það sem þeim hafði verið fyrir lagt. Gústi og Ari opnuðu afturdyrnar beggja megin á bifreiðinni og drógu hvor sína stúlkuna þjösnalega út úr henni. Tinnu var nánast kastað inn í gluggalausan lítinn sendiferðabíl sem var afþiljaður frá stýrishúsinu með krossviðarpili og með gluggakytru á, síðan var hurðinni skellt aftur. Hún settist á annan bekkinn. Hún var næstum ómeidd en svolítið flumbrúð á vinstra fæti. Gústi dró Söldísi til deildarforingjans sem fór með hana út í hornið á skúrnum bak við sendiferðabílinn og otaði hnífi að hálsi hennar á meðan fólksbifreiðinni var ekið út og hinni bifreiðinni var síðan ekið inn í bílskúrinn.

Fangarnir þrír: Sigrún, Ársæll og Kjartan voru losuð frá grindinni og þau dregin út úr bílnum. Kjartan spyrnti á móti og hugðist berja frá sér en sá sig um hönd þegar hann sá hnífinn við háls stúlkunnar sem hann elskaði. Kjartan horfði á þann sem var með hnífinn með nýstandi augum um leið og handjárn var smellt á úlnlið þeirra beggja fyrir aftan bak. Síðan var þeim ýtt þjösnalega inn í sendibílinn, Sóldísi var sagt að setjast í framsætið þar var annað járníð á handjárninu læst við handfangið.

Seinni fólksbifreiðinni með mannræningjunum tveimur var einnig ekið út úr bílskúrnum eftir að fangarnir þrír voru teknir úr honum. Síðan var báðum þessum stolnu bifreiðum með fölsku númerin ekið á löglegum hraða á afvikinn stað, en ræningjarnir létu sig hverfa í sitt hvora áttina eftir að hafa þurrkað öll verksummerki utan sem innan á bílunum.

Þegar búið var að læsa fangana inni í sendiferðabílnum settust útsendarar Satans niður við borðið sem var út við eitt hornið og fengu sér kaffisopa. Eftir skamma stund spurði Gústi: Hvað eigum við að bíða hér lengi? Fram að miðnætti. Hvers vegna getum við ekki farið strax?, spurði þá Ari. Presturinn okkar vill tryggja örugglega að það verði ekki hægt að bendla hreyfinguna við þetta rán ef einhver vitni hafa verið að því. Og ef ránsmönnum hefur ekki tekist að stinga þá af. Sem sagt, við eigum þá að liggja í súpunni ef lögreglan tekur okkur glóðvolga með fangana. Deildarforinginn leit á þá báða og sagði: Hafði þið ekki svarið hreyfingunni eið að taka að ykkur áhættuverk ef þess þarf með og skellinn einnig?

Þið eruð alla vegana hálaunaðir fyrir það. Þess vegna verður það dýrt spaug fyrir ykkur ef þið standið ekki við gerðan samning. Þeir svöruðu þessu engu þar sem þeir vissu að þetta var rétt með farið. Annars þurfið þið ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu, þeir sem rændu þeim fá mesta skellinn ef upp um okkur kemst, við munum sleppa vel frá þessu. Lögfræðingurinn okkar mun sjá um það. Klukkan tíu byrjuðu gsm-símarnir sem teknir voru af Sóldísi og vinum hennar að hringja öðru hvoru.

Deildarforinginn hringdi í Steiner og sagði honum að símarnir hjá viðkomandi fólki væru alltaf að hringja frá sama númeri. Frá hvaða númeri er hringt? Númerið er skrifað á Selmu Ásmundsdóttur, bókhaldara. Þetta er skrifstofudaman hans Kjartans, sagði þá presturinn. Hvað viltu að ég geri? Segðu Kjartani að hringja í

Þetta ákveðna númer og sjáðu til þess að hann segi ekkert sem getur vakið grun hjá viðkomanda að þau séu í hættu. Ég sé um að passa örugglega upp á að hann segi ekkert sem kemur okkur í vandræði.

Selma bókhaldari sá um flesta hluti innan fyrirtækisins ef Kjartan var ekki nærstaddur og var orðin mjög óróleg þar sem hún sat heima í stofu við hlið mansins síns að horfa á spennynd. Hún hafði ekki eirð í sér að fylgjast með myndinni sem Selma hefði undir öðrum kringumstæðum fylgst með af áhuga.

Klukkan var vel rúmlega tíu að kveldi og Kjartan var ekki ennþá farinn að hringja og hún hafði minnst á það við manninn sinn nokkrum sinnum síðasta klukkutímamann og reynt að hringja í öll númerin sem Kjartan hafði gefið henni upp, en enginn hafði svarað. Maðurinn hennar skildi ekki þennan óróleika og sagði þess vegna: Kjartan er nú fullorðinn maður, þú þarft ekki að hafa áhyggjur af honum eins og hann væri ungbarn þó hann hringi ekki á tilteknum tíma.

Ég verð að segja þér leyndarmál sem Kjartan bað mig fyrir. Hann leit á konu sína undrandi og hváði: Leyndarmál? Hvað áttu við? Selma sagði manni sínum það sem hún vissi og sagði að lokum: Ég verð að hafa samband við þennan Vilhjálm lögreglumann, eins og Kjartan bað mig um. Ég er orðin verulega hrædd vegna þess að hann hefur alltaf hringt á mínúttunni tíu eins og hann sagðist gera. Það gæti verið einhver eðlileg orsök sem hefur tafið hann vina mín, hinkraðu einhverja stund enn, hann hringir örugglega rétt bráðum. Nei, Kjartan er stálminnugur og væri örugglega búinn að hringja. Hún stóð upp til að hringja, þá hringdi síminn.

Þarna sérðu, núna er hann að hringja. Lengra komst hann ekki því hann sá hvað Selma fölnaði upp. Hæ hæ, þetta er Kjartan, er ekki allt eins og blómstrið eina? Hvar ertu og hvað er eiginlega um að vera? Nú, standast ekki tölurnar? Þú getur borið það við skjalið sem ég sagði þér frá. Um hvað ertu eiginlega að tala? Þetta er þá allt í lagi og ég kveð núna. Selma varð svo skelfd að hún titraði innra með sér þegar hún lagði á og fingurinn skalf sem hún notaði til að pikka á tölurnar. Vilhjálmur svaraði svo til strax og nafngreindi sig.

Selma gerði það einnig með titrandi röddu og sagði Vilhjálmum það litla sem Kjartan hafði sagt henni um þetta mál og um hvarf Kjartans og fjögurra vina hans. Og einnig að hann hefði hringt rétt áðan. Þá er þetta allt í besta lagi fyrst hann

hringdi, sagði Vilhjálmur öflugur. Nei, það er ekki í lagi, hann gaf mér það hættumerki sem Kjartan sagðist mundu gera ef hann væri í klandri og ég er viss um að hin fjögur eru það einnig. Og hvaða hættu merki er það? Hún sagði honum það og bætti við: Svo þvældi hann einhverja vitleysu, greinilega til að villa um fyrir einhverjum. Nú fékk Vilhjálmur áhuga og spurði: Hvað sagði hann? Hún endurtók það sem Kjartan hafði sagt.

Veistu hvaða skjal Kjartan var að tala um? Þar gæti verið einhver ábending. Já, auðvitað, þetta eru skýrslur sem hann er búinn að skrifa um allar þær upplýsingar sem Sóldís og Kjartan höfðu safnað að sér í sambandi við þetta mál sem hann sagði að væri svo leynilegt að ég mætti ekkert vita um. Hvar eru þær?, spurði Vilhjálmur með hvellum rómi. Hann lagði hverja skýrslu inn í bankahólf í Búnaðarbankanum við Hlemm eftir að hann skrifaði þær. Þá spurði hann: Hvar er lykkillinn að þessu bankahólfi? Ég veit ekki hvar aðallykillinn er, Kjartan felur hann einhvers staðar en ég veit hvar varalykillinn er, hann er hjá endurskoðandanum sem Kjartan hefur. Hvar voru þessir vinir þínir síðast þegar þú vissir? Selma sagði honum það og hvenær ráðstefnunni átti að ljúka.

Vilhjálmur heyrði greinilega að Selma var verulega hrædd um Kjartan og yfirmann sinn, svo hann bað hana að reyna vera rólega þar sem hann væri næsta viss um að þau myndu fljótlega. En hafðu hægt um þig og láttu sem allt sé í lagi, farðu í vinnuna á eðlilegum tíma, þá eruð þið ekki í neinni hættu ef svo hefur farið að þeim hefur verið rænt. Þá fyrst fór Selma að gráta og maður hennar tók símtólið af henni og talaði við Vilhjálmi og hann sagði: Ég mun senda tvo rannsóknarlögreglumenn til að fylgjast með ykkur til öryggis, þó ég telji að ykkur sé engin hættu búin.

Vilhjálmur hugsaði sig um nokkra stund áður en hann tók ákvörðun hvað gera skyldi. Hann taldi næst víst að Sóldís, Kjartan og vinir þeirra væru í mikilli hættu. Hann sá til þess að lögreglan og Slysavarnafélagið Landbjörg hæfu leit strax. Síðan hafði hann samband við þann sem var með varalykil að bankahólfinu og fékk hann skömmu síðar. Hafði svo strax samband við dómsmálaráðherra og eftir miklar fortölur var hann komin með í vasann skipunarbréf frá ráðherra um að bankastjóri Búnaðarbankans við Hlemm hleypti honum þar inn ásamt Páli

Sigfússyni til að komast í bankahólf Kjartans Ólafssonar. Bankastjórinn var ekki þar ánægður að þurfa að gera þetta og fór með hangandi hendi niður í bankann með lögreglumönnum tveimur.

Á miðnætti settust bílstjórinn og deildarforinginn inn í stýrishúsið á sendiferðabílnum en Ari settist aftur í hjá föngunum. Síðan var ekið út úr bílskúrnum og beinustu leið út úr borginni á löglegum hraða og síðan áfram eftir Suðulandsveginum sleitulaust að Félagsheimili S.T.S. Bifreiðin var ekki stöðvuð fyrir en við garðshliðið. Bílstjórinn ýtti á fjarstýringuna, þá opnaði vörslumaðurinn hliðið. Hann var í litilli kytru niðri í kjallara. Gústi ók bílnum inn í bílskúrinn sem er á bak við félagsheimilið og rennihurðin lokaðist strax á eftir honum.

Enn gerðist það aftur þegar út úr bifreiðinni var komið að Sóldís var dregin afsíðis af Ara með hnífinn við háls hennar á meðan hin fjögur komu úr skápnum á bifreiðinni. Þá sagði deildarforinginn við þá félagu um leið og hann benti á einn undirmann sinn: Þið eltið Gústa með tveggja metra bili frá honum og Ari eltir þá með sama bili. Sóldís gekk á eftir honum og foringinn fór síðastur úr bílskúrnum inn í annað herbergi með hnífinn tilbúinn og þaðan inn í breiðan gang. Kjartan hafi allan tímann verið að bíða eftir einhverri smugu til að þau gætu sloppið frá þessum Satanshundum og hugsaði með beiskju: Þeir eru greinilega varir um sig þessir helvítis hundar, þeir útiloka alla möguleika fyrir okkur að komast undan.

Þau horfðu undrandi á þegar Gústi dró hluta af teppinu fram ganginn og eftir skamma stund seig hluti af gangplötunni niður og færðist síðan inn undir gólfið. Þau sáu að kjallarinn var upplýstur, þá sagði Ársæll meira en lítið undrandi: Hverskonar glæpa og leynistarfsemi er eiginlega þetta kristilega félag og hvers eigum við að gjalda að okkur sé rænt? Þið komist að því fyrir en seinna og pillið ykkur niður stigann.

Þau gengu góðan spöl áfram niður ganginn síðan til hægri inn þverganginn sem var einnig upplýstur með rafmagni. Áfram var farið eftir þessum tilkomumikla gangi sem var á fimmta metra á hæð með fögrum litskrúðugum hraunmyndum sem hraunelfa hafði myndað eftir gos. Þau voru of þungt hugsu til að geta dáðst að þessari fegurð, semrafljósið lýsti upp og myndaði einnig skugga uppi við loftið með draugalegu ívafi. Þau hefðu ekki verið í vandræðum með að gleyma sér ef

öðruvísi hefði staðið á. Eftir þó nokkuð langa göngu og áður en að hellinum kom stoppaði hópurinn fyrir framan hurð sem læst var með renniloku.

Þeir opnuð hurðina og kveiktu á lítilli týru með slökkvara sem var á ganginum. Það var ein breið dýna á gólfinu upp við vegginn. Nú beitti einn glæponinn hnífi að hálsi Tinnu og foringinn skipaði Sóldísi, Sigrúnu og Kjartani að ganga þarna inn sem þau gerðu án þess að mögla. Síðan var annað járníð tekið af úlnliðnum þeirra og smellt á hringina sem var á endanum á þremur fingurbreiðum keðjum sem festar voru við vegginn.

Á meðan á þessu stóð sagði Kjartan öflugur: Er ekki nægilegt að loka okkur hér inni, þarf að festa okkur við keðjur líka? Foringinn skælbrosti og sagði: Ef það er ekki gert þá verðið þið ekki í neinum vandræðum með að brjóta upp hurðina. Það segir eftir sem áður ekki að þið getið sloppið frá okkur en þið munuð trufla skemmtiatriði sem verða á morgun. En frá þessum keðjum losnið þið ekki þar sem þetta eru nýjar stálkeðjur. Þegar Ari var búinn að festa Sóldís, Sigrúnu og Kjartan við keðjurnar þrjár var hurðinni skellt aftur og læst með rennilokunni. En Tinna og Ársæll voru lokuð í öðrum klefa töluvert innar með sama hætti. Síðan opnaði einn þeirra lúguna á hurðinni hjá Tinnu og sagði: Þið fáið næringu í fyrramálið og getið losað ykkur við þarfir ykkar ef þess þarf með. Fór síðan að hinni hurðinni, opnaði lúguna og sagði það sama við hin þrjú.

Öll voru þau niðurdregin og sátu á dýnunni hljóð og hugsuðu það sama, það var deginum ljósara að þau áttu ekki afturkvæmt þaðan lifandi. Mannræningjarnir höfðu enga tilburði í þá átt að fela andlit sín eða koma í veg fyrir að fangarnir þekktu leyndardóma þessarar grafhvelfingar. Og lögreglan mun aldrei geta látið sér detta það til hugar að slíkur staður sem þessi væri til í námunda við þetta kristilega félagsheimili.

Í örvinglan og yfirþyrmandi þögninni sem hræðslan skapaði og sem var að yfirbuga þær grúfðu þær sér upp að öxl Kjartans. Hann tók um hendur þeirra og kyssti þær á hnakkann. Kjartani leist satt að segja ekkert á blikunna og hafði ekki hugmynd um hvernig þau ættu að komast út úr þessum vandræðum. Þetta voru nýjar keðjur sem þau voru fest við og engin leið að losa sig frá þeim. En rólegur var hann eins og hans vandi var þegar hættan var mest. Hann var sjálfur undrandi

yfir þessum hæfileikum sínum þar sem hann hafði oftlega skammast sín fyrir hvað hann hafi óþægilega oft verið að æsa sig yfir litlu sem engu, sem betur hefði verið ógert.

Eftir nokkra stund róuðust þær báðar við að finna þennan frið sem streymdi frá honum og veitti þeim styrk. Sigrún dáðist að þessum eiginleikum Kjartans þar sem alltaf var hægt að treysta á hann þegar mikið lá við. Hún minntist þess núna að Kjartan hafði sagt henni eitt sinn, hvenær það reyndi fyrst á þennan hæfileika þá tvítugur að aldri.

Hann var í rútu sem var ekið á vegg í svissnesku ölpunum. Það var mikið írafár á bílstjóranum og flestum farþegunum þar sem bílstjórinn gat ekki opnað hurðina. Flestir ef ekki allir töldu að eldur væri komin í rútna, miðað við írafárið og óhljóðin frá farþegum. Kjartan taldi það einnig þar sem rauðleitur blær umlék rútna. Kjartan kvaðst þá skyndilega hafa orðið hræddur en það stóð ekki yfir nema rétt augnablik. Þá fann hann hlúa orku eins og árstraum bylgjast niður líkama sinn sem byrjaði á hvirflinum. Friður og ró kom í staðinn fyrir hræðsluna og hann gat hugsað rökrétt. Kjartan kvaðst hafa verið svo sallarólegur þegar hann fór úr öðrum skónum og braut hliðarúðuna með honum, þar sem hann sat við gluggann og hreinsaði hann svo enginn skæri sig sig sem þar færi út. Hugsaði heim og kvaddi fólkið sitt í huganum rétt áður en hann kallaði upp kvenfólkið fyrst. Vék svo frá glugganum og ætlaði ekki að fara út í fyrsta lagi fyrr en síðasta konan væri farin út. Hann kvaðst hafa verið viss um að bíllinn spryngi þá og þegar. Svo minntist Sigrún þess að Kjartan hafði hlegið þegar hann sagði henni lok sögunnar. En það hlægilega við þetta allt saman var að bíllinn var ekkert að brenna, það myndaðist svona mikill reykur sennilega frá púströrinu eða einhverju öðru sem bylgjaðist öðru megin við rútna og þessi rauði litur hefur sennilega verið ljósinn eða biðljósinn frá nokkrum bílum sem komu þarna að og blandaðist reiknum og myndaði rauðleitan blæ sem eldur væri að brenna.

Sigrún sagði með daufri röddu: Við losnum aldrei héðan lifandi, það er vonlaust að láta sig dreyma um að lögreglan eða björgunarmenn geti fundið okkur hér í þessari leynihvelfingu hún er svo vel falin. Þá sagði Kjartan: Það versta sem við getum gert er að gefa allt upp á bátinn þar sem við erum ekki dauð úr öllum æðum

ennþá. Það getur vel verið að við fáum tækifæri sem við getum notfært okkur. Við skulum þess vegna ekki örvænta.

Þá rétti Sóldís Kjartani varir sínar og gaf honum, ljúfan, ástríðufullan koss með þeim ljóma í augum sem hún bar til hans svo honum hitnaði öllum. Síðan hvíslaði hún að honum: Ég vil að þú vitir það ástin mín, ég elska þig og vissi það að ég mundi falla fyrir þér frá fyrsta degi sem við kynntumst.

Klukkan var rúmlega tvö þessa nótt og Vilhjálmur var inni á skrifstofu sinni hjá rannsóknarlögreglunni og Páll sat gegnt honum. Þeir höfðu nýlokið við að lesa skýrslur Kjartans. Hvernig lýst þér á þetta?, spurði Vilhjálmur. Hér er talað um einhverja yfirnáttúrulega hluti sem ég hef enga trú á og dregur töluvert úr gildi skýrslunnar. En það eru fimm atriði í þessum skýrslum sem mér þykja eftir sem áður athyglisverð, það er drengurinn sem var á hjólinu, sem er sagður í þessari skýrslu að hafa sagt vini sínum að Ari Fannberg hafi sprautað einhverju í þennan Gunnlaug. Svo er athyglisvert sem verktakinn tjáir þeim í þessari skýrslu. Einnig eru móttökur húsasmiðsins frekar hastarlegar þegar Kjartan og vinkonur hans komu til að fá upplýsingar hjá honum. Það gæti styrkt hugmyndir þeirra að hann hafi átt sök á veikindum verktakans, en það þarf alls ekki að vera. Og að síðustu er hvarf Sóldísar og vinar hennar sem ýtir undir sterkar grunsemdir um að eitthvað sé óhreint við þetta mál. Það fer ekki á milli mála að við þurfum að taka þetta mál upp að nýju.

Ég er sammála þér með það og við verðum að kalla til skýrslugerðar þetta tiltekna fólk sem nefnt er í skýrslunum hans Kjartans strax í fyrramálið og vita hvað kemur út úr því. Á annan hátt fáum við ekki leitarheimild að félagsheimili Samtaka Trygglyndra Samherja.

Eftir stutta umhugsun segir Vilhjálmur við Davíð Zófanússon, sem er tölvusnillingur og orðinn ritari og aðstoðarmaður Vilhjálms: Athugaðu þarna í tölvunni þinni hvort þessi Ari Fannberg sé sá sami sem seldi fyrirtækið Birting fyrir sex mánuðum til Margeirs Ólafssonar, sem er trúlega Spaða-Ásinn og eiturlyfjabarón Íslands. Hann er nú skráður eigandi og framkvæmdarstjóri Bygginga- og tölvuþjónustunnar Birtings.

Já, kennitala og heimilisfang passar, þetta er sami maðurinn, en það er fleira sem er athyglisvert hér í tölvunni; Ari Fannberg dó daginn eftir að hann seldi fyrirtækið og er eftir sem áður skráður eignarlaus þegar dánarbúið var gert upp, konan hans er skrifuð fyrir húsinu og það eru rúm þrjú ár síðan.

Þetta er áhugavert, hvað varð þá af peningunum sem Ari Fannber fékk fyrir fyrirtækið og er kannski eitthvað grunsamlegt við dauða Ara Fannbergs?

31. KAFLI

Klukkan rúmlega átta um morguninn var Jökull á leiðinni í bifreið sinni til skrifstofu Vilhjálms yfirrannsóknarlögreglumanns. Hann ætlaði að segja honum allt sem hann vissi um Sóldísarmálið og leiðbeina honum og mönnum hans inn í leynihellinn. Jökull ók í ótal króka til að villa um og stinga af eftirleitarmenn sína sem hafa njósnað um hann síðan svik hans komu upp á yfirborðið.

Hann taldi sig vera búinn að stinga þá alla af, en varaði sig ekki á því hversu margir þeir voru núna síðust dagana þar sem presturinn vildi vakta Jökul sérstaklega þar til hátíðardagurinn væri liðinn öryggis vegna. Hann treysti honum engan veginn og þar að auki taldi Steiner ekki heppilegt að láta drepa Jökul fyrr en hin mikla hátíð væri afstaðin.

Jökull var viss um að enginn elti sig lengur, hann stefndi í Kópavog, beygði austur Auðbrekku. Skammt á eftir honum var gömul hvít Lada bifreið, sem beygði rétt á eftir bíl, þeir voru tveir í þessari bifreið. Sá sem sat í farþegasætinu var að tala við Dagfinn í gsm-síma. Hann leggur bifreið sinni á planinu fyrir utan Rannsóknarstofu Ríkisins og ætlar greinilega að hafa samband við yfirvaldið. Þá sagði Dagfinnur: Og hver andskotinn, þú verður að ganga frá honum áður en hann kemst inn. Ég geri það. Jökull steig út úr bifreiðinni og gekk örfá skref, á sama tíma stöðvaði Lada bifreið gegnt honum og hliðarrúðunni á framdyrunum var rennt niður og skammbyssu með hljóðdeyfi var beint að Jökli í hjartastað.

Jökull fékk einhverja tilfinningu í bakið, brot úr sekúndu áður en fyrsta skoti af þremur var hleypt af og leit því aftur fyrir sig til hægri og þessi hreyfing skipti sköpun. Maðurinn sem skaut Jökul umsvifalaust í bakið taldi sig hafa drepit hann þar sem hann var frábær skytta og sagði við bílstjórann: Þetta er frágengið. Bifreiðinni var ekið umsvifalaust í burtu og hvarf fyrir næstu beygju.

Nokkru eftir að Jökull var skotinn og lögreglumaður fann hann meðvitundarlausan fyrir utan lögreglustöðina, stóð Vilhjálmur út við gluggann inni á skrifstofu sinni. Klukkan var rétt um ellefu fyrir hádegi og hann hafði nýlokið við að lesa skýrslurnar sem hann tók vegna Sóldísarmálsins. Þær stóðu heima við skýrslur Kjartans að því undarteknu að Hlöðver kvaðst hafa verið argur út í Sóldísi og

félaga hennar þar sem það lá í loftinu að þau voru að ásaka hann um að hafa slasað föður hennar vísvitandi. En það var fjarri sanni enda hafi hann ekkert vitað hvaða maður þetta var fyrr en eftir slysið. Vilhjálmi þótti það súrt að þurfa að sleppa Hlöðver Ingólfssyni því ýmislegt kom fram sem benti til að ekki væri allt með felldu, en dugði ekki til að setja hann inn.

Hann var einnig sannfærður um annað, að Jökull sem var skotinn hér fyrir utan var á einhvern hátt blandaður í mál Sóldísar. Þetta mál virtist vera viðameira en honum hafði til hugar komið. Vilhjálmur hafði fyrirskipað að halda þessari morðtilraun leyndri um stundarsakir, þar sem hann hafði fengið upplýsingar frá skurðlækni sem annaðist Jökul að honum væri hugað líf.

Vilhjálmur hafði til öryggis sent tvo óeinkennisklædda menn á Landsspítala til að koma í vega fyrir að óviðkomandi menn kæmust inn á gjörgæsludeild þar sem Jökull lá ennþá meðvitundarlaus. Samkvæmt upplýsingum frá skurðstofunni hafði eitt skotið snert gollurshúsið hægra megin en hin tvö skotin hægra lungað. Læknirinn hafði einnig sagt honum að Jökull muni hugsanlega vakna upp úr hádegi þó væri það alls óvíst.

Vilhjálmur hafði einnig fengið leitarheimild hjá dómsmálaráðherra til að kanna heimili Sóldísar, Kjartans og Sigrúnar en taldi þarflaust að láta athuga heimili Tinnu. Hann hafði sent Pál og Davíð ásamt þrem öðrum rannsóknarmönnum á vettvang, þeir voru nýkomnir þaðan og það sem fannst í íbúð Sóldísar var athyglisvert, þó ekki sé meira sagt. Davíð fann í eldhúsinu hljóðnema af fullkornustu gerð og annan í stofunni undir sófaborðinu í einum krikanum.

Klukkan var að verða tíu sama morgunn, Sóldís og vinir hennar voru löngu vöknud og biðu örlaga sinna í klefa sínum ósjálfbjarga eins og Tinna og Ársæll gerðu í sínum klefa. Þeim hefði liðið hörmulega, en styrkur þeirra fólst í faðmi hvort annars þar sem þau tjáðu tilfinningar sínar með ástarjátningum. Sem betur fer vissi hvorki Tinna og því síður Ársæll um það sem beið hennar því það var verra en kvalafullur dauði ef ekkert kæmi henni til bjargar, en það leit aldeilis ekki vel út.

Sigrún spurði meira sjálfa sig en vini sína: Hvers vegna voru Tinna og Ársæll aðskilin frá okkur? Það hlýtur að vera einhver mikilvæg ástæða fyrir því þar sem plássið er nægilegt fyrir okkur öll hér í þessu gímaldi. Þá sagði Sóldís: Tinnu er

ætlað ægilegt hlutverk í hugmyndafræði þessara djöfladýrkenda. Hvers vegna ertu svona viss um það?, spurði Sigrún.

Ég hef bæði séð og skynjað ýmislegt sem gerist hér í hellinum og núna síðast í morgun þegar ég vaknaði, það er hræðileg upplifun sem henni er ætlað að ganga í gegnum og hún á að lifa með næstu tuttugu árin ef þetta gengur upp hjá þessum djöflum. Hvað á að gerast og hvenær?, spurði þá Kjartan. Líklegast einhvern tímann eftir hádegi og þá fyrr en seinna.

Sóldís og félagar hennar sátu á dýninni upp við vegginn þögul og ekki laus við að vera hrædd og hugsuðu með viðbjóði og reiði til þessara djöflatrúarskratta. Þau biðu þess sem verða vildi með hugrekki og jafnaðargeði. Eftir langan hugsanaferil þeirra í þögninni kom upp í huga Sóldísar þjóðráð sem væri fjarstæðukennd hugmynd í huga flestra jarðarbúa, en hún taldi það ekki vera. Það var í hennar huga vel hugsanlegur möguleiki sem vel mætti reyna á.

Sóldís byrjaði að nudda með tveimur fingrum, hægt og rólega með einbeitni, keðjuna sem tengdi handjárnin saman. Kjartan horfði undrandi á það sem hún var að gera og einnig hversu áhugasöm hún var við þetta verk. Hann spurði: Hvað ertu að gera, Sóldís mín? Hefur þú heyrt talað um Uri Geller sem setti bilaðar klukkur í gang hjá fólki út í bæ þegar hann var í sjónvarpssal og fólk beygði skeiðar eða skar þær í sundur með þessari sömu aðferð sem ég er að gera þegar það var að horfa á þáttinn hans? Já, ég veit um það því ég sá þáttinn. En komst ekki upp um svik í sambandi við hann?

Það er rétt það sönnuðust á hann svik. Því miður er það svo með marga að mikið vill meira og margir freistast til að þykjast geta gert það sem þeir ráða ekki við og kemur þeim alltaf í koll fyrr en seinna. Þegar hann var í sjónvarpinu datt skeiðin í sundur hjá mér. Ég gerði þetta öðru hverju að gamni mínu í nokkra mánuði, það var ekkert vandamál, skeiðarnar fóru alltaf í sundur svo hætti ég þessu, hafði ekki lengur áhuga þar sem ég sá að þetta þjónaði engum tilgangi.

En núna getur það ráðið úrslitum ef ég ræð við þetta, þar sem þessi keðja er mun þykkari en teskeið. Hvorki Kjartan né Sigrún höfðu trú á að hún gæti þetta og hugsuðu aðeins að hún hefði þó eitthvað fyrir stafni á meðan. Sóldís hélt ótrauð áfram með ótrúlegum áhuga og þolgæði.

Eftir rúman klukktíma datt keðjan í sundur og hún var laus frá veggnum en annað járníð var ennþá fast við úlnið hennar. Vinir hennar ætluðu ekki að trúa sínum eigin augun og það munaði engu að þau æptu upp, hjartaslátturinn örvaðist, áhugi þeirra og lífsgleði magnaðist þar sem þau sáu von sína glæðast til muna. Sóldís hófst handa strax við handjárn Sigrúnar. Á meðan heyrðu þau mikinn umgang frammi á gangi og að farið var framhjá hurðinni að klefa þeirra. Þau heyrðu að þetta fólk talaði á ýmsum tungumálum.

Hvað er um að vera þarna fram á gangi?, það er engu líkara en fólkíð sé að fara á einhverja ráðstefnu, hvíslaði Sigrún undrandi. Það er stór hellir undir þessu fjalli, þangað er fólkíð að safnast saman og kannski eigum við að koma þar við sögu, en ekki ef ég fæ að ráða, sagði Sóldís og var öryggið uppmálað.

Rétt fyrir hádegi voru allir gestir komnir í sætin sín þarna í hellinum, tilhlökkunin var gífurleg í hverju andliti því mesti viðburður allra alda átti að gerast klukkan þrettán með tilheyrandi undirbúningi. Þrjú hundruð og einn valinn prestur og tólf höfðingjar sem tilheyrðu íslensku hreyfingunni.

Einn biskupinn af þessum fimm sem höfðu verið skipaðir biskupar var lægst setti biskupinn. Hann átti að setja hátíðina og stjórna henni. Forsetanum þótti ekki ráðlegt að senda alla stjórnina á einn og sama stað, öryggis vegna. Þessi biskup sat hægra megin við hásetið, en Hupert Steiner sat vinstra megin.

Á öðrum öfuga krossinum sem er hægra megin við altarið var Tinna bundin. Hún var í svörtum serk einum klæða, að framan var málaður rauður öfugur kross með naktri fagurri konu þar sem andlit hennar geislaði af kynferðislegri löngun með kreppt hné og lærin dregin í sundur með opin kvensköp og munaðarfulla fýsn. En Ársæll var bundinn við krossinn sem var vinstra megin við altarið. Hann var í svörtum kyrtli einum fata. Framan á þessum kyrtli var einnig máluð mynd en þar var nakinn nautnafullur karlmaður með liminn í fullri reisn.

Þrír menn höfðu komið inn í klefa þeirra með þessa kyrtla og þeim sagt að berháttu sig. Ef þau gerðu það ekki sjálfviljug þá mundu þeir rífa af þeim fötin. Þau sögðu bæði í einu: Við háttum okkur sjálf, en ekki fyrr en þið farið út. Og út með ykkur í hvellinum, sagði Ársæll öskuillur. Þeir hrökkluðust út og skildu kyrtlana eftir þar sem þeir vissu að annars kæmi til átaka og þá sæist örugglega á

Tinnu, en það mátti ekki gerast. En meiningin hjá þeim hafði verið að niðurlægja þau bæði með því að afhenda þeim ekki kyrtlana fyrr en þau hefðu berað sig, en sú hugmynd brást.

Þegar þau höfðu klætt sig í kyrtlana og sáu myndirnar á þeim kiknuðu þau af álaginu og drógu óhugnanlegar ályktanir um það sem þeim var ætlað að ganga í gegnum. Tilhugsunin drap allar tilfinningar þeirra og þau létu teyma sig eins og dauðan hlut.

Áður en fyrsta atriðið byrjaði sprautaði biskupinn Tinnu með rohypnol sem virkar svipað og svefnlyf en viðkomandi getur staðið uppréttur og veit lítilsháttar af sér öðru hverju og verður eins og viljalaust verkfæri fyrir hvern sem ætlar að leika sér með honum.

Vanlíðunin var óskapleg þegar þau skildu hvað var í vændum og þau trylltust af bræði og létu fúkyrðin fjúka miskunnarlaust með hæðni og fyrirlitningu. Þar til þau skynjuðu að það var einmitt það sem þessir menn vildu að þau yrðu sem reiðust og hatrið sem mest það var engu líkast en þeir nærðust á því. Tinna reyndi að berjast á móti lyfinu um leið og hún fann fyrir áhrifum þess en réði ekki við það hún missti næstum alla skynjun var varnalaus og tók því sem að henni var rétt.

Á mínúttunni tólf komu fram á sviðið naktir, vel vaxnar mannverur á aldrinum frá þrítugu til fertugs. Sex giftir karlar, sjö prestkonur og menn þessara kvenna eru staddir þarna í salnum. Þau byrjuðu strax að eðla sig saman, hver með öðrum, með lágum þungarokksundirleik og gestirnir umluðu taktfast undir með lágri röddu háfluktum augun og fóru í einskonar trans.

Á vissum tímaskeiðum stóð biskupinn upp með framréttri hendinni og hélt á öfugum svörtum krossi með tvær samfastar rauðar styttur af karli og konu í samförum. Biskupinn sönglaði lágt eftir hljómfallinu í hvert sinn sem hann stóð upp:

Í sigurgleði minni mun Satan birtast mér
í fullum skrúða riðlast hann á Tinnu hér
svo hann geti skapað Andkristinn þinn
stjórnandann og fengið allan alheiminn sinn.

Það leið ekki korter þegar orkuhnoðri myndaðist og þéttist smám saman í keisarastólnum og mannsmynd myndaðist sem varð skýrari með hverri sekúndu sem leið. Þannig var haldið áfram þar til Warlock fluttist með hamförum frá heimkynnum sínum og myndaðist í þennan keisarastól sem honum var ætlað í þessu tilefni. Hann var í blóðrauðri blússu og svörtum víðum buxum.

Allan þann tíma sem Satan stóð við urðu prestarnir að vera í sínum vökutransi og kyrtja muldrandi: Satan, Satan, bjargvættur heimsins, vertu hjá oss. Á sama hátt varð samfarahópurinn að stunda sýna iðju taktfast til að magna hrynjandann og orkuna svo Satan hefði fullan kraft til að geta gefið heiminum son sinn Andkrist.

Þessi ljóti illskeytti og illþefjandi maður sem er allur krumpaður og knýttur og trölí líkastur, getur varla talist í mansmynd sem vonska hans og glæpaferill hafði við dauða hans skapað honum þennan líkama í myrkraheimslandi.

Það er ekki ofsagt að mönnum var brugðið sem þarna voru inni og bjuggust þeir ekki við slíku mannlegu skrímsli sem þarna birtist þeim. Satan fann það strax og hló líka þessum hrossahlátri svo drundi í hellinum og bergmálaði óhugnanlega. Hann þagnaði skyndilega, horfði yfir hópinn og sagði með þrumandi röddu: Styrkur minn er ekki fólgin í fegurð og tepruskap heldur þeirri sálarorku sem ég hef skapað sjálfum mér til að yfirvinna alla sem ekki vilja hlíða mér í einu og öllu! Síðan hélt hann skipunarræðu með hvaða hætti þeir ættu að skipuleggja undirbúninginn fyrir keisaratöku Andkrists á frumlífsjörðu sinni þegar hann hefur aldur til:

Það á að krýna hann tuttugu og þriggja ára gamlan í forsetahöll S.T.S. þar sem hann mun alast upp, ganga þar menntavegin og þjálfast undir handleiðslu bestu kennara sem völ er á í öllum þeim greinum sem til þarftil að stjórna þessari jörðu bæði andlegum og líkamlegum greinum sem er mér að skapi. Hann mun verða undir sterkum áhrifum frá mér og skynja hug minn og vilja. Það mun taka Andkrist þrjú ár að ná yfirráðum á þessari jörðu. Þá munið þið í fyrsta sinn upplifa réttlátt samfélag. Þá mun sá sterkari og skynsamari ráða ríkjum en lítilmagninn deyr eða verður þræll ykkar.

Eftir þessa spádómsræðu þagnaði hann stutta stund, leit síðan til Tinnu með gráðugum augum og sagði með ófrýnilegu glotti: Fögur er meyján og greinilega

sköpuð til undaneldis, enda er hún best til þess fallin vera barnsmóðir mín. Síðan horfði hann til Ársæls sem réð varla við sig af sorg og hatri þegar hann vissi hvað þetta mannskrímsli ætlaði sér með konuna sem hann elskaði meir en nokkur orð fá lýst, tárin streymdu niður kinnar hans. Satan var glottandi af ánægju og hrifnæmi yfir hatri Ársæls og sagði grimmdarlega: Þetta líka mér vel og enn betur þegar hatrið hefur þróast í ykkur báðum vegna kynsvalla hennar með mér, síðan þér og svo nokkrum öðrum af nöktu körlunum sem hér eru á senunni þá næ ég líka mun betur tókum á sálarlífi ykkar og á þá auðveldara með að stjórna ykkur.

Hvar er bekkurinn sem við Tinna eigum að njótast á? Hann er hérna uppi við þilið, sagði Steiner og skipaði einum nakta manningnum að draga bekkinn fram á gólfíð sem hann gerði. Hann hafði verið á fullu ofan á einni konunni eins og allir hinir sex, samkvæmt dagskrá.

Nakti maðurinn losaði hana frá krossinum og teymdi Tinnu viljalausa að bekknum, hún vissi hvorki í þennan heim né annan. Maðurinn lagði Tinnu, þessa fögru konu sem átti að verða leikfang djöfulsins, á bekkinn og festi hana með leðurbelti yfir mittið og handleggir hennar voru festir fyrir ofan höfuð og krækt var beggja megin í bekkinn. Þegar hann var búinn að þessu gekk hann til sinna góðverka að þjóna einni konunni, eins og áður.

Þegar þetta var gert sagði Satan: Nú fer að líða að dýlegheitunum og ég get farið að leika mér inni í henni góða stund áður en sæði mitt fyllir skaut hennar. En þið haldið áfram að kyrja eins og áðan og biskupinn á að söngla þessa dýrlegu vísu öðru hvoru í takt við ykkur, hún verkar svo ansi skemmtilega og nautnalega á mig, sagði Satan með ógeðslegum grettum og með slefuna framan í sér af girnd.

Allar áhyggjur sem hann hafði í Svartheimslandi voru gleymdar tímabundið vegna tilhlökkunar og spennings að fá að njóta slíkrar fegurðardísar sem hann hefur ekki getað nálgast í hundruð ára.

Síðustu þrjár vikurnar hafa áhyggjur keisara Svartheimslands aukist dag frá degi vegna töku Tígrisklóar og manna hans á meira en helmingi keisaradæmisins. En Satan varð, þó það væri óæskilegt, að yfirgefa heimkynni sín á þessu stigi málsins og láta næstráðandi sjá um stjórnun landsins á meðan hann eyddi nokkrum

klukkutímum á jörðinni Tellus til að geta Andkrist með Tinnu. Ef hann gerði það ekki á þessu rétta augnabliki þá mundi Andkristur aldrei fæðast.

Rétt um það leyti sem fyrrgreind veisla stóð sem hæst og Satan að nálgast það að njóta Tinnu hringdi annar lögreglumaðurinn, sem var á vakt á Landsspítalanum. Þá var Vilhjálmur niðursokkinn við annað verkefni eftir að honum tókst að hrinda frá sér ergelsinu sem vakti upp hug hans þegar ekkert haldbært kom upp við skýrslugerðirnar í morgun. En hann lifnaði heldur betur við þegar hann tók upp símtólið og lögreglumaðurinn í símanum sagði: Jökull Örnólfsson er vaknaður og hann segist vera með dýrmætar upplýsingar um Sóldísi og féлага hennar sem varða líf og dauða þeirra ef hann komi ekki tímanlega á sjúkrahús og tali við sig.

Vilhjálmur stóð snögg upp frá borðinu og sagði við Davíð sem var að vinna við tölvuna: Farðu niður og settu bílinn í gang, ég og Páll komum rétt strax. Þegar Vilhjálmur og Páll voru komnir inn í lögreglubifreiðina keyrði Davíð bílinn í hasti með rautt ljós og sírenuna niður að Landsspítala. Þegar þeir höfðu rætt við Jökul hafði Vilhjálmur samband við víkingasveit lögreglunnar.

Víkingasveitin var mætt á tilteknum stað svo fljótt sem auðið var og síðan var ekið beinustu leið á hraðri ferð Suðurlandsveginn að samkunduhúsinu sem nefnt er undir fölsku flaggi Samtaka Trygglyndra Samherja. Ökumenn gerðu eins og Vilhjálmur hafði skipað að aka aðeins með rautt ljós en nota sírenuna í ytrustu neyð.

Krypplingurinn sem var nánast skrímsli líkast stóð upp og gekk til Tinnu sem lá varnarlaus á bekknum í skikkjunni einni klæða milli svefns og vöku og vissi varla í þennan heim né annan. Þar af leiðandi mun Tinna taka því sem að henni er rétt ef og þegar hún finnur til örvunar.

Hann dró fætur hennar í sundur út fyrir bekkinn svo þær námu við gólfið svo berháttaði hann sig. Reisin hans var ekki félegri en líkaminn hans, allur bólugrafinn og krumpaður. Þegar Ársæll sá hvað verða vildi öskraði hann af hatri og viðbjóði og sagði meðan tárin streymdu niður kinnar hans: Þú skalt ekki voga þér að snerta hana, helvítis skrímslakvikindið þitt. Álagið sem lagt var á blessaðan drenginn var það mikið að hann kastaði upp og kúgaðist heil ósköp. En um leið þakkaði hann guði fyrir að Tinna vissi ekki af sér og bað guð um að hún dæi. Hann kiknaði í hnjáliðunum, hékk í böndunum og grét.

Skrímslalíkið skælbrosti slefandi af kynferðislöngun til þessarar fögru meyjar um leið og hann naut hatursorkunnar sem streymdi til hans frá Ársæli. Það seinkaði nokkuð til athafna því hann vildi njóta áhrifanna sem magnaði hann upp. Eftir skamma viðstöðu beygði hann sig yfir Tinnu og ætlaði að fletta hana klæðum en var þá var truflaður með óvæntri uppákomu.

Sóldís og vinir hennar tveir birtust í hellinum og hún kallaði upp: Þú ógeðslega manndýrs kvikindi, ef þú snertir hana drep ég þig! Satan leit upp, enn skælbrosandi og sagði: Ertu komin, dísin mín, til að leggjast undir mig þegar ég er búinn að fylla Tinnu af sæði mínu? Hann horfði á Sóldísi með gnístandi augum og taldi sig geta dregið allan kraft frá henni og vilja. Hann sagði með lágri en drynjandi og seiðandi röddu: Leggstu á hné, vina mín, skríddu til mín, afklæddu þig og hafðu þig tilbúna hér við hlið mína.

Krafturinn var svo mikill að bæði Kjartan og Sigrún misstu nær allan mátt og hreyfingar þeirra voru þunglamalegar og mjög hægar. Afmögnunin skall svo óvænt og skyndilega á Sóldísi að hún kiknaði í hnjáliðunum svo annað hnéð snerti gólfíð og síðan hitt hnéð. Hún barðist gegn því að skríða af stað af öllu afli og hafði ekki afl til að reisa sig upp. Ánægjan og sigurvissan skein út úr augum djöfulsins.

Kjartani og Sigrúnu, sem sáu hvað var að gerast, hryllti við svo sársaukinn rann þeim til rifja og þau reyndu sem þau gátu til að hjálpað vinkonu sinni en vegna magnleysis þó reiðin syði í þeim dugði hún skammt til að losna úr þessum herfjötrum. Ársæll hafði risið aftur upp af einhverjum vonarneista þegar hann sá Sóldísi birtast svona skyndilega. Honum hvarf allur máttur aftur þegar hann sá þá niðurlægingu sem Sóldís átti einnig að lenda í. Þetta var of mikið fyrir hann til viðbótar við þann yfirþyrmandi sársauka og hræðslu um hag Tinnu, hann missti meðvitund.

Sóldís skreið eitt skref, og annað til, og þrjú skref til viðbótar, það lak af henni svitinn vegna áreynslunnar. Ekki bætti um betur þegar hræðslan kom skyndilega yfir hana þá missti hún enn meira mótstöðuafli og skreið hraðfara í átt til Warlock. Þar sem vinir hennar tveir náðu ekki til Sóldísar vegna magnleysis reyndi Kjartan það eina sem kraftar hans leyfðu; að kalla í hana með angist og lágri röddu: Láttu þetta kvikindis-mannslíkishræ ekki yfirbuga þig, ástin mín.

Þegar hún heyrði varnaðarorð mannsins sem hún elskaði, yfirvann hún skyndilega hræðsluna sem hafði yfirbugað hana augnablik, þá fyrst gat hún stöðvað sig. Og á þessu augnabliki ákallaði hún guð, Jesú og föður sinn sér til hjálpar. Það var eins og við manninn mælt; hún fann hita og kærleiksstraum með magnandi mætti gefa sér slíkan kraft að hún reif sig upp og horfði í augu dýrsins með slíku gneistandi orkustreymi að Warlock kiknaði óvænt niður á hnén og honum var brugðið. Hann öskraði af reiði og reif sig upp á fæturna aftur.

Þannig gekk þetta sitt á hvað þar til Sólsís hafði betur og hann féll að lokum niður á bakið. Fyrst reyndi hann að reisa sig við en gat það ekki með nokkru móti, þá leystist hann skyndilega upp og hvarf. Á meðan þetta stóð yfir fannst Sigrúnu og Kjartani að þetta hefði staðið yfir í heila eilífð, en þetta tók aðeins tíu mínútur. Á sama tíma heyrðu þau einhvern umgang langt innan úr ganginum sem lá að hellinum en reiknuðu með að það væri þeim ekki til hagsbóta.

Sóldís gekk í átt að pallinum þar sem biskupinn reisti sig upp af stólnum og réð ekki við sig af reiði og sagði: Takið helvítis tussuna og vini hennar og komið með þau til mín. Prestarnir risu á fætur og voru hálf hræddir við þennan mátt sem Sóldís hafði. En nokkrir þeirra ætluðu að grípa í Sóldísi og vini hennar, þá rétt hún fram hendurnar í áttina til þeirra með snöggum hreyfingum og sendi til þeirra þvílíka orku að þeir köstuðust frá henni til beggja hliða jafnharðan og einhver reyndi að nálgast hana.

Vinir hennar gengu á eftir henni í forundran og þegar upp á pallinn var komið gerði hún það sama við biskupinn svo hann settist hastarlega í stólinn aftur og hún sagði við hann með hvössum rómi: Sitt þú þarna kyrr, skrattakollur. Steiner var ekki síður undrandi en aðrir sem voru þarna í salnum. Hann var eftir sem áður bæði reiður og leiður yfir því hvernig fór hann sagði ekki orð eða gerði tilraun til að hreyfa sig upp úr stólnum. Hann gat ekki annað en dáðst að þessari stúlku sem tók svona kröftuglega fram fyrir hendurnar á þeim og eyðilagði í einu vettvangi alla framtíðardrauma hreyfingarinnar.

Biskupnum varð svo hverft við þegar hann hlammaðist í stólinn að hann sagði ekki orð um stund. Á þeim tíma losaði Kjartan Ársæl sem var að ranka við sér frá krossinum. Hann hálfhljóp að bekknum sem Tinna lá og hjálpuðust þau Ársæll og

Sigrún að losa ólarnar af henni. Ársæll kyssti þessa fögru hálf meðvitundarlausu konu á varir og andlit og talaði til hennar ástarorð. En Sóldís og Sigrún fóru bæði til Kjartans, ekki laus við að vera hrædd og þau héldust í hendur þögul og vonlaus þar sem þau bjuggust við dauða sínum og vana sinna á næstu mínútum.

Prestarnir höfðu allir fært sig að senunni og lokuðu öllum undankomuleiðum. Þegar biskupinn var búinn að jafna sig varð hann ær af reiði, ekki aðeins vegna þess að hátíðin fór í vaskinn, það var einnig vegna þess að þegar hann kæmi heim yrði hann sviptur öllum tignum fyrir það að geta ekki varist skemmdarstarfsemi Sóldísar.

Þar sem biskupinn þorði ekki að hreyfa sig úr stólnum sat hann kyrr og gargaði upp með skrækum skipandi rómi: Takið þessi tíkarhyski höndum og til að bæta lítils háttar fyrir gerðir þessara tíkartussu verðum við að fórna þeim fyrir altari Satans!

Þá birtist Vilhjálmur, aðstoðarmenn hans tveir og þrjátíu vopnaðir menn úr víkingasveit lögreglunnar. Vilhjálmur kallaði upp: Það verður ekkert af því, karl minn, nema þú viljir sjálfur fara í eldinn. Nú féll biskupinn saman, hann vissi að dagar hans voru taldir. En Vilhjálmur sagði þremur af mönnum sínum að standa vörð við skjalageymsluna en sjálfur gekk hann í átt að pallinum með aðstoðarmönnum sínum og fimm menn úr víkingasveitinni gengu á eftir þeim með hlaðnar skammbyssur. Prestarnir viku frá til að hleypa þeim upp á pallinn, en gleði vinanna fimm yfir að sjá þessa kærkomnu lögreglumenn verður ekki með orðum lýst.

Vilhjálmur kallaði strax eftir sjúkrabifreið handa Tinnu, svo benti hann á biskupinn og Steiner og sagði við lögreglumennina sem voru uppi á pallinum: Ég vil að þið handjárníð þessa tvo menn og farið með þá út í bíl og það fer enginn héðan fyrr en lögreglan hefur fengið nöfn heimilisföng, kennitölur og vegabréf frá erlendum gestum sem hér eru inni. Síðan sagði hann við foringja víkingasveitarinnar, sem hafði komið með honum upp á pallinn: Sjáðu um að koma öllum skjölum sem eru inni á skjalasafninu hérna niðri í hellinum inn í stóra sendiferðabílinn. Sjáðu einnig til þess að ökumaður hans verði kyrr inni í stýrihúsi bifreiðar sinnar til að fyrirbyggja að bílstjórinn viti hvað í skjölunum er. Ég skal

sjá um það, svaraði fyrirliðinn um hæl og snéri sér að undirforingja sínum og sagði: Farðu í þetta verk og veldu þá menn sem þú þarft.

Vilhjálmur snéri sér að Sóldísi og vinum hennar tveimur og sagði með spurnarhrem: Hér hefur greinilega gengið meira en lítið á, þið fjögur eru bæði föll og tekin í andliti. Hann leit til Ársæls sem kraup hjá Tinnu með tárin í augum og sagði: Ég held að þið þurfið öll á áfallahjálp að halda. Þá svaraði Sóldís: Álagið er búið að vera ansi mikið hjá okkur, en það sem Ársæll varð að ganga í gegnum var mun verra og sem betur fer veit Tinna ekkert sem gerðist hér og það sem henni var ætlað að lenda í.

Þið komið á morgun á skrifstofuna til mín eða eins fljótt og þið mögulega getið til að gera skýrslu frá byrjun til enda um þetta mál. Þið megið engu sleppa hversu fjarstæðukennt sem það er. Þá spurði Kjartan: Hvernig vissirðu að við vorum hér. Það er maður sem heitir Jökull sem vísaði okkur hingað, það var gerð tilraun til að kála honum, en sem betur fór mislukkaðist það og hann sagði mér stórfurðulega sögu í stuttu máli. Hann sagði mér einnig hvernig ég ætti að finna ykkur og að það varðaði líf ykkar ef ég kæmi of seint.

Hálfum mánuði síðar seint að kveldi voru Sóldís og Kjartan uppi í rúmi nakin og alsæl af hamingju eftir fyrsta ástarkveldið þeirra. Tinna, dóttir hennar Kristín Mjöll og Ársæll fóru snemma um morguninn til Egilsstaða og vinirnir fylgdu þeim út á flugvöll. Það var óneitanlega mikið skemmtilegt að sjá hvað Kristín Ósk var yfirmáta ánægð og kát að mamma hennar og Ársæll náðu saman og greinilega ástfangin upp fyrir haus. Og ekki síður fyrir það að Kristín Ósk margsagði á leiðinni út á flugvöll að nú væru þau ein fjölskylda og hún gæti kallað Ársæl pabba sinn.

Sóldís sagði við Kjartan, þar sem þau lágu í rúminu þétt saman og hann að fitlaði við hár hennar: Steiner var ekki aðeins forstöðumaður, prestur Satanskílkunnar og á bak við öll morðin sem ég nefndi við þig upphaflega, hann stjórnaði líka stærsta eiturlyfjamarkaðinum í gegnum þennan Austurríkismann sem var höfðingi númer eitt í þessari S.T.S. hreyfingu og hann var þessi Spaða-Ás sem lögregla var að leita svo mikið eftir. Þá sagði Kjartan: Það er óhætt að segja að þessi skjöl sem voru í hellinum flettu aldeilis ofan af glæpaverkum þeirra sem komu að þessu máli

og meðal annars liggur fyrir hjá saksóknara stórvægilegur peningavottur sem forstjóri tölvuþjónustunnar Birting sá um og var á vegum Spaða-Ássins. Þessir peningar voru notaðir til að kaupa eiturlyfin sem síðan voru flutt til landsins.

Hringur Pálsson saksóknari hringdi í mig fyrir hádegi í gær og bað mig að koma á skrifstofuna sína klukkan tvö eftir hádegi. Þar sýndi hann mér greinagóð skjöl sem sýndu hvernig skipulega var gengið fram í að framkvæma þjófnaðinn á bókum föður míns og settar í staðinn endurskrifaðar bækur með rangtúlkuðum forsendum með mikið skrumskældu kenningarferli. Og ritgerðin endaði með þessum orðum: Nú höfum við gengið tryggilega frá að kennisetningar dr. Gunnlaugs þar sem þær hafa verið gerðar ómerkar með því að allar bækur hans sem prentaðar hafa verið á Íslandi hafa verið fjarlægðar að fullu og lent í bréfatætaranum. Í þess stað eru komnar endurskrifuðu bækurnar sem prentaðar voru í höfuðstöðum okkar á Indlandi. Frá og með þessum degi getum við unnið í friði og rólegheitum í öruggri vissu um að Satan muni sigra hér á jörðu. Þar sem við getum haldið áfram að ota bókstafstrúarmönnum hver á móti öðrum til illvirkja sem munu skaða trúarbrögð þeirra og munu beina fólki frá því að trúa á einhvern guð.

En verður ekkert gert til að leiðrétta þetta?, spurði Kjartan. Jú, saksóknarinn sagði mér að bækur föður míns yrðu endurprentaðar á kostnað þeirra sem að þessu stóðu. Veistu hvenær málið verður dómtekið? Eftir tvo eða þrjá mánuði, sagði Vilhjálmur þar sem þetta er svo viðamikilið mál og við eigum að sjálfsögðu að mæta sem vitni, sagði Kjartan.

Við skulum ekkert vera að hugsa um þetta núna, ég veit um miklu betra verkefni sem þú vilt snúa þér að núna. Það fer ekkert á milli mála og mig langar líka, sagði hún og Kjartan lét ekki segja sér það tvisvar.

Sigrún kynntist manni nokkru síðar sem var á sama reki og hún, hann var ættleiddur til Íslands frá Filippseyjum, átta mánaða gamall. Hann var orðin jafn ljós og frumbyggjar, kannski vegna þess að hann forðaðist sólina meira en aðrir Íslendingar. Sóldís tók eftir að sumum Asíubúum sem hafa verið langdvölum á Fróni var eins farið.

Hún fór að velta þessu fyrir sér og kynna sér bækur þar sem fræðimenn telja að sólin og hitinn sé ástæðan fyrir þessum litarmun á mannfólkinu. Hún taldi þetta

styðja þá kenningu sem margir fræðimenn halda fram að fyrir sextíu þúsund árum hafi enginn svartur maður verið til.

Þegar hitnaði á suðurhveli jarðar lifðu aðeins þeir sem gátu myndað vörn gegn hitanum með því að dökkna nægilega mikið, en hinir dóu drottni sínum. Þróun lífsins byggist þar af leiðandi meðal annars á þessari aðlögun eftir aðstæðunum sem lífverunni hefur verið áskapað. Þess vegna finnst Sóldísi það alveg út í hött að gera mismun á kynþætti eftir litarhætti.

Sóldís var næstum viss um það að ef fólk með svartan litarhátt byggi hér á Íslandi í einhver hundruð ár og ætti aðeins afkvæmi sín á milli á þessum tíma þá kæmi að því að afkvæmi þeirra bæru sama litarhátt og frumbyggjar Frónar. Hún var ákveðin í því að skrifa ritgerð og halda fyrirlestur um það síðar meir.

Tígriskló og menn hans hafa undirbúið og skipulagt undirróður með svo mikilli kostgæfni og svo miklum árangri að hann hafði stóran hluta fólksins með sér á öllu Svartheimslandi og hafði jafnvel ítök innan keisarahallarinnar. Vegna þess meðal annars að það fréttist fljótt og vel að Tígriskló hafði sýnt það með verkum sínum aðloforð um betra lífi sem hann hét mönnum á Svartheimslandi ef hann kæmist að sem keisari var trúverðugt í huga manna.

Þar af leiðandi var auðvelt fyrir Tígriskló að ná völdum í Svartheimslandi og setjast í háseti hins fallna keisara á meðan hann bjóst við að geta frjóvgað Tinnu á frumlífsjörðu sinni.

Þegar keisarinn kom til baka hafði hann misst svo mikinn kraft við að berjast við Sóldísi, að hann hafði litla mótstöðu gegn Tígriskló þegar heim kom. Hann hafði enga burði til að berjast gegn honum. Allur mannskapurinn sem hann hafði talið vini sína á meðan hann skaffaði þeim það sem þeir vildu, snérist umsvifalaust gegn Warlock þegar þeir sáu getuleysið hans gegn Tígriskló og sviku hann. Fyrrum Satan lenti í gryfjunni undir keisarastólnum.

Styrkur hans hafði verið fólgin í lífslindinni sem hann fékk frá föngum sínu og orku þegna sinna vegna undirgefni þeirra. Hann tærðist upp á nokkrum vikum í syndagryfju sinni og dó. En vegna illsku sinnar, glæpaverka og vonsku fluttist

hann til mun verri staðar í djúpan helli sem hann kemst ekki út úr þar sem orka illmennsku hans samræmist orkunni þarna. Þar hafa myndast sálarlausir líkamningar frá mönnum sem hugsa til hans með hatri og viðbjóði vegna þessa hversu illa þessi fyrrum Satan kom fram við þá. Þar kemur einnig við sögu hans eigin sál sem vill rífa sig úr viðjum illskunnar, en hann hlustar ekki á sína eigin sál þar að leiðandi verður hann fastur þarna.

Þessir sálarlausu líkamningar sækja að honum og kvelja hann með margfalt meiri sárindum andlega og líkamlega en hann kvaldi hvern einstakling. Þar til hann hefur áttað sig og skilið sinn eigi þátt í veru sinni þarna. Þegar hann sér sjálfan sig í réttu ljósi og vill betrumbæta sig mun hann losna þaðan burt og flytjast á betri staði sem samræmist hans hugsunarhætti og eðli.

Á þessum forsendum sigrar það góða alltaf. Guð er allt og í öllum og vinnur látlaut að því að umbreyta mannum í guðlega veru.